b. Tavastaland, fyrir austan Finnland sialfst og við Kyriálabotn; þar er kaupstadr sá á nesi nokkru, er Helsingsfors heitir; þar er heimili 4000 innbúa og gód hofn, er 2 virki veria. Framundan hofn þessari er rammbygdr kastali, er Sveaborg heitir, á 7 klettaeyum; þar eru 2 gódar hafnir og eru þar siáfarhamrar sem múrar á báda vegu; eru þar sett 1,100 fialstykki til varnar; þar er herbuhús mikit, skipabygging og 2 dokkir. Kastalamenn eru 5000 at tolu. Nokkut frá sæ er Tavastahús við stoduvatn, ásamt kastala heim er Krónuborg (Kroneborg) heitir.

c. Nyland (Kymenagardslén), fyrir austan Tavastaland; þar er kaupstadr sá við sæ, er Lovisa heitir; þar er stærn innsiging á hofnina, hvoria virki hat, er Svarthólmr nefnist, ver. Borgo er þar og forn kaupstadr og biskupsstóll við samnefnda á.

d. Austrbotn, er liggr nordr med Helsingiabotni austanverdum frá Finnlandi sialfu. Þar er Kristinarstadr syðstr, þá Vasa, þar er slot hat er Krosshólmr heitir, þá Jacobsstadr, þá Gamli Carlabýr (Carolina antiqva), þá Ula edr Uleaborg nordast við Ulaelfu, er rennr úr vatni því, er Ula-Trask kalladist. Í ollum þessum stodum, samt

Digitized by Google

Brahestad og Nýa Carlstad, á sömu strond, er allmikil kaupverslan; en fiolmennust er Uleaborg.

e. Kyriálaland (Karelen), liggr austr af Austarbotni; þar er stadr er Kvopio heitir vid vatn nokkurt, og Cajanaborg vid Ula-träsk anstanverdt, í landbygd þeirri, er fyrrum Cajanaland kalladist.

f. Savolax kalla menn nordasta hlut Finnlands, alt nordr til Lappmerkur og er þat bædi nokkr hluti Vestrbotns, Torneár- og Kemi- edr Kimi-Lappmerkr; þar er Torneá vid Torneá-elfu, er nú markar landamæri Svia og Rússa. Þat er nordasti kaupstadr í Evrópu (65° 50' 50").

g. Alland edr Allandseyar, svo kalla menn eyaflokk mikinn í Eystra-Salti edr Allandshyfi, í Helsingiabotns mynni, þar skemst er millum Finnlands og Sviarikis, og liggia þær 6 milur undan Sialandsströndum í Svíþiód, og kalla menn nú þat sund Allandshaf, en sundit imillum eyanna og Finnlands Vattuskipti. Eyar þessar eru 80 at tolu og eru þær allar samt 13 ferh. m. á stærd; en lýdrinn, sem byggir þær, er 13,000; og leitar hann sér einkum uppeldis af fiskiabla og selaveidum. Hin stærsta af eyunum er Alland (Åland), hún er 5 milur á lengd og 3 á breidd; þar er forn kastali, er Kastalahólmr (Castelholm) kallast. Lemland, Ekruey og Lumpara

Digitized by Google

land eru minni eyar medal heirra. Hogland er ey nokkr í Kyriálabotni.

Finnland géta sumir fróðir menn til at á eldstu tíðum heitit hafi Jótland (máské Jatunheimr) og hafi þar búit Jótar, er bygðu Norðurlond þá Odinn kom at austan; en síðan hafi landit verit kallat Qvænland og at lyktum Finnland, eptir at Finnar hofðu flæmt Jóta á brott. Fyrir austan land þetta lá Kyriálaland (Karelen) nádi þat alt frá Kyriálabotni nordr eptir til Gandvikr og nordr med henni vestanverðri.

b. Unnin lond frá Pólinalandi.

Mestan hluta ens forna Pólinalands hafa Rússar undir sig brotit; hefir því riki þrisvar sinnum deilt verit medal ýmsra landshofðingia nl. 1772, 1793 og 1795; hlaut þá Rússa einvaldr 7 jarlsriki, auk Kúrlands og Semgallen. At hofðingiafundinum í Vínarborg (1815) var hertugadæmi þat, er Varschau heitir, selt Rússakeisara til eignar og umráða á hendr.

Londum þessum er, sem Rússaveldi, skipt í 9 jarlsdæmi, er taka nafn af þessum stöðum: a. Witebsk edr Polozk (þat er nokkr hluti ens forna Hvíta-Rússlands). b. Móhileff (einnin nokkr hluti Hvíta-Rússlands, hvorttvegia unnit 1792). c. Minsk (nokkr hluti af Littáen). d. Wolynsk (partr af litla Polen). e. Kam-

Digitized by Google

enetz-Podolsky (somuleidis nokkr hluti af litla Polen). f. Wilna (nokkr hluti af Littáen). g. Grodno (einnin partr af Littáen). h. Mietau (hit forna Kúrland (Curlandia, Curonia), er um lánga æfi var hertugadæmi kallat, og Semgallen (Semigallia) og i. Bialystok (hin forna Podlachia).

Medal stada þeirra, hvorra nafn jafnframt jarlsdæmum þessum, eru talinn, má þessa merkasta kalla: Witebsk og Polozk, þat eru kaupstadir tveir, bádir vid Dúná og liggr hinn fyrri lengra frá sæ med 11,700 inbúum; í bádum eru Jesuita-félog. Mohileff, vid Nepur, liggr sunnar; þar er heimili grisks og kathólsks erkibiskups, Jesuita-félags og 12,300 innbúa. Minsk og Pinsk vid Pina, eru kaupstadir tveir og heimili Jesuita-félaga. Bhrinn Pinsk er umkringdr af flóum og forædum; þar eru 4500 innbúar, sem eru skinnarar gódir; flytst þadan því hit besta rússleder í ríkinu. Í jarlsdæminu Volynsk er lítill stadr er Romanóva heitir; þar er skóli fyrir heyrnar- og málsleysinga, og eru ei fleiri þvílíkir skólar í Rússaveldi. Kamenez, þar sitia biskupar 2, er annar kathólskr, en annar armenianskr. Wilna vid á Skiplæga, er Wilia heitir; þat er allmikil borg, en eigi fögr; var hún fyrrum höfudstadr í stórher-

Digitized by Google

tugadæmi því, er Littáen (Littauen) kalladist; þar er biódskóli, 40 kyrkiur, tvegga biskupa setr, hofgardr (hvorn stórhertuginn syrrum bygdi) og heimili 21,000 innbúa, af hvorium 5000 eru Júdar. Í þessu jarlsdæmi er stadr nokkr litill skamt frá Krovno, er Fridensberg heitir, og liggia markir stórar umhverfis; þar er nafnvogat klaustr syrir 24 Camaldulensa; þat er prýdilig bygging, sem nær eintómis er af marmara gierr. Þar vardveitast einhvor hin fágiætustu og merkustu málverk. Fyrir sunnan Vilna er stadr sá er Grodno heitir, vid á þá er Niemen kallast; þar eru 2 hofgardar og 5000 innbúar. Medan riki Polinalands konunga stód, var þridia hvert þiódþing haldit í Grodnó. Sunnar í sama jarlsdæmi og vid ána Búg liggr litill bær er Brzese heitir; þar er stóll grisks biskups, hofgardr og gydinga-háskóli, sækia Júdar þángat úr ollum londum Evrópu til mentunar. Vestar er Bialystok, fagr bær vid Bialá; þar er hofgardr svo skrautligr, at ei er maki til í því landi. Fyrir nordan Vilna er Mitta (Mietau) í Kúrlandi enu forna; þar er háskóli, stiornuturn og 12,400 innbúar. Skamt frá bænum er skrautligr hofgardr, er syrrum var heimili enna kúrlendsku hertuga. Vid Eystra-Salt liggr Vindá (Vin-

Digitized by Google

dau) og sunnar á strondinni Libá (Liebau); bádir þessir stadir standa vid einsnefndar smá-ár.

Skiringargr. Hit forna Kúrland, er liggr vid Eystra-Salt fyrir sunnan Lettland og hinn lifléndska flóa, hófst til hertugadæmis 1561, þá oddviti Sverdriddara, Kettler at nafni, hræddr fyrir yfirgángi þeirra Rússana, ssaladi sér Liftand Polínalands kóngi, en gjordist hertugi yfir Kúrlandi og Semgallen og undireins lénsmadr fyrrnefnds konúngs; sór svo framm í 234 ár at hertugar rédu fyrir landinu, uns þat ásamt nokkrum hluta Polínalands skeyttist vid Rússaveldi 1795, og hinn sídsti hertugi var sviptr nafnbót og léni.

c. Lond þau, er Rússar hafa unnit af Tyrkium.

Eignarrétt þessara landa hafa fridar samníngar í Kutschuk-Kainardgi 1774, í Galatz 1791 og í Bukarest 1812 gjordt loggildan. Nú á dögum eru lond þessi greind í 4 jarlsdæmi, er taka nafn af höfudstodunum í hverju þeirra, og er þá fyrst at telja: a. Jekatarinoslaff (fyrrum lond enna saporógiskn Kósakka), nordr af Ellipalta. b. Cherson edr Nikolajeff, vestar vid Svartahafit nordanverdt og imillum Nepur og Nyvár; lond þau er liggja at nordanverdu vid Svartahafit kolludu menn í forntíd ýmist Kúsariki, Kúsaland edr Kúsara-

Digitized by Google

land; þar var Andvarafoss. c. Simferopol, þat er nes þat, er gengr í sudr úti Svartahaf; er þat allvidlendt og tengir eydi nokkurt þat hit nyrdra vid megiulandit; þat kalladist fyrrum Krim edr Tauria (Krímskagi; Chersonesus taurica), þartil heyrir og hin krimsku edr nogaisku heidalsnd og nes þat er Taman kallast; og d. Bessarabia, þat land liggr vid Svartahafit nordvestanverdt imillum Dunn og Nyvár, samt nokkr hluti lands þess, er fornmenn kalludu Blakkamannaland, er nú á dogum heitir Moldá, og skilr þar áin Prút lond Rússa og Tyrkia. Í nefndum jarlsrikium eru þessar borgir merkastar:

Jekatarinoslaff vid Nepur, er Katrin 2r lét húsa 1784. Sunnar, vid hit asóffka haf nordanverdt er allmikill kaupstadr, er Taganrok heitir; þar er kaupskapr mikill, skipabygging, herskipa-lega og heimili 6000 innbúa. Austar er Assof, merkr stadr á eyu í Vánagvisla-mynni med 3800 innbúum. Þann stad tók Petur hinn mikli med hervskildi frá Tyrkium 1696, hvarir fengu hann aptr 1711, en 1774 vann Katrin 2r hann undir sig at fullu.

Cherson er allmikill stadr vid Nepur (bygdr 1778) med 22,000 innbúum; hann er greindr í 4 hluti, er kallast Festing, þar er slot, herthahús og kanónusteypa; Herskipa-

ráðsstaðr, með skipasmiðinum; hinn grísku Forskaðr og Hermannastaðr. Vestar er Nikolajef, á tángunni millum anna Bug og Ingul; þar er hofn og herskiparáð yfir þeim hluta flóta Rússa, er þeir halda í Svartahaf. All-langt frá se er Elizabetgarðr við Ingul, er Elizabet drottning lét gjora 1754. Við Limen stendr staðr sá, er Otskakof heitir, þar var til 1788 rambygðr kastali; vestar við vog nokkurn af Svartahafi er kaupstaðr mikill, er Odessa kallaðr, bygðr 1795; þar er ágæt hofn, sem skipt er í 3 minni, og með því at þar er alt megin samankomit varnings nærliggiandi jarðarðema, er þar bánki, kaupmanna-samkunda, austrlendsk kaupmanna-búð, margskonar verkstaðir og afarmikil kornverslun; þar eru 36,000 innbúar.

Á Krim er Simferopól höfuðstaðr með 1800 innbúum. Á sudaustr strond neðst hessa er kaupstaðr sá, er Kaffa heitir (fyrr. Theodosia), þar er frihofn og er þar samankomit ógrynni rússisks og Austrlanda varnings; einnin er þar forngripahirsla, urtagarðr mikill og bibliufélag. Til 1783 sátu þar höfðingiar þeir, er Kanar hétu og kendir vóru við Krim; nú eru þar 5000 innbúar (fyrr. 30,000). Kaffa var á miðri alda-øld, þá Genúamenn áttu stað þenna, einhver hinn merkasti kaupstaðr í nord-

Digitized by Google

allra heims, stuttist þá þángat og þaðan Indía-varningr; en 1474 unnu Tyrkiar staðinn og rirnadi þá skiótt velsæmd hans og blómi. Austar og norðar er Jenikala (Panticapæum) við sund þat, er kendt er við stað henna, er liggr gagnvart Fanagoria á nesinu Taman, fyrir handan Asofs-móðu mynni. Baktsisarai var um lánga æfi heimili áðurtédra Kana; þar er hofgarðr mikill, 3 mahómetsk bænahús og saffíansmakara-verkstadir; Bærmenn eru 7000 at tolu og eru þeir allir Tartarar at ætt og uppruna. Sebastopol, þar er hofn fyrir herskip, hverri annari betri við Svartahaf. Perekop heitir litill bær í eyðinu, er fyrr er getit.

Ena nógaiscu heiði byggia, auk rángiarna Tartara, ódámargra Rússa, Kósakka og þýðskra, 18 nýlendumanna flokkar eða hyski sem eru Mennonitar at trú, og idka fiárrækt.

Öll þessi 3 síðastnefndu jarlsriki kallast áfamt Nýa-Rússland; nokkr hluti jarlsdæma þeirra, er kend eru við Katrinarleif (Jekatarinoslaw) og Kerson, heyrdi fyrrum Litla Rússlandi til.

Í Bessarabia, er Tyrkiar afstóðu Rússum 1812, eru þessir staðir: Bender, þat er ramliga umgirdr staðr við Nyvá, með 20000 íbúðum. Skamt þaðan er þorp þat, er Varnitza heitir, þar hafdist Karl 12ti við frá

Digitized by Google

1709 til 1713. Kili (Kilia nova) vid Dunna armynni nordanverdt. Akkierman (Bialogardr) vid Nyvár-mynni; þar eru 20 000 innbúar. Jsmail, er sterk festing vid Dunnar ósá, med 10,000 innbúum. Rússum heyra einnin eyar þær til, er liggia í ósum Dunnar nordanverdum, imillum Kili og Jsmail; en hverki mega þeir byggia þær né gióta þar hervirki. Innbúar lands þessa eru enir budskakisku Tartarar, er hafa somu trú og Tyrkiar, og lifa af akuryrkiu og fiárrækt.

Í enu forna kana-dæmi Kasan, er 1552 og 1554 skeyttist vid Rússaveldi, eru 5 jarlsriki, sem kend eru vid a. Viætska (nordast). b. Kasan sunnar, þá c. Simbirsk, þá d. Pensa og syðst e. Saratoff, fyrir austan Veroneск og Tamboff; all liggia jarlsdæmi þessi í rod hvort nordr af odru fyrir austan Stóra-Rússland og vid landamæri nordr- og austr-álfu heims; þar eru þessir stadir: Viætska, vid einsnefnda á, er sídan rennr í Volgá; þar er biskupssetr og hemili 9000 innbúa. Sunnar stendr Kasan vid á þá er Kasanka heitir; þat var fyrrum hofudborg í samnefndu Kanadæmi. Þar er biskupsstóll, hiódskóli, 2 háskólar, herskiparád, sem sett er flotanum í enu Kaspiska hafi og siglingunni á Volgá til forráda,

Digitized by Google

allmargir og ymiskonar verkstadir, einkum til skinna tilreidslu, og heimili 18,000 innbúa, er hafa kaupskapar mök hvínær vid alla Rússa. Haustit 1815 brann mikill hluti stadar þessa. Í jarls dæmi þessu finnast morg aurmál og eptirstodvar frá heim tidum, þá Tartarar bygdu þar. Simbirsk er allmikill stadr vid Volgá, med 11,000 innbúum, samt Stavropól, þar búa skirdir Kalmúkkar. Pensa vid einsnefnda á hefir 5000 innbúa. Sumar liggr Saratoff vid Volga, med 8000 innbúum; og Sarepta syðst í þessu jarlsdæmi, er Hernhúttar bygdu 1765. Langsetis med Volga eru nær 100 nýlendr, er Þýdskir og Svejzarar hafi numit, og segia menn þeir séu 40,000 at tolu. Í sídstu tídu jarlsriki eru virkiagirdingar til landvarnar gjordar móti umstakkandi stigamonnum; þar eru donskir Kósakkar settir til landvarnar.

Til þess hluta Rússaveldis, er í Evrópu liggr, heyra lond þau, er liggia bádumegin vid Vanaqvísl (hit forna Vanaland edr Vanaheimr, Asaland edr Asaheimr) og Svartahafit; byggir þau nú þjód sú, er Kósakkar kallast; lond þessi eru ei greind í jarlsdæmi sem annarstadar er sídvenia til í Rússaveldi.

1. Land enna Donsku Kósakka liggr imillum jarlsdæma þeirra, er lýst eru vid

Digitized by Google

Katrinarleif, Voroneſk, Saratoff og hinn oſ oſſka fiærd; þat er 3600 ferh. milur á ſtærd, en manntalit er 319,000 Kóſakka, medal hvorra eru 40,000 vopnfærra hermanna; þar er flatlendi mikit og frióſſamr jardvegr í náud vid ár og elfr, en þá frá heim dregr, vidlendar heidar; þar er blid og þægilig vidurátt.

Kósakkar *) hafa til ſama ættſtofns kyn ſitt at rekia og Rúſsar, og hafa þeir því ſomu trú og túngumál; en í háttum og ſtiórnſemi eru þeir Rúſſum ólikir. Kósakkar eru bardagamenn miklir, hugdiarfir og hradir í ferdum og þolgódir í leidángrum og vosferdum; þeſs ámillum eru þeir þúnglifir og drykkfeldir. Þeir beriaſt ávalt á heſti og eru reidmenn rakkir; þeir eru frier fyrir ſkattalúkningum og ýmſum álogum, er adrir Rúſsar mega ſæta; en ſkyldir eru þeir at gripa til vopna, þá Rúſsakeiſari bódur út leidángr; ſá þeir at eins mála, þá þeir beriaſt utan takmarka lands ſins; litt ſkeyta þeir um akuryrkiu, og leggia fremr ſtund á gardarækt og vínyrkiu og at alá upp heſta góda; þeir idka og brennuvíns-brenſlu, og tilreida einnin húsblas og kaviar. Oſtmir eru þeir til handverka eda liſta, hafa því útlendingar, er búa ámedal þeirra, og þeir kalla Gosti (géſti) þá idiu, ſamt kaupverſlun og akuryrkiu. Kaupeyrir Kósakka er: heſtar, ſláturſéuadr, húdir og ſkinn, tólkr,

*) Ordit er dregit af Kasak, er á tartariſku þýdir léttvopnada ſveit manna.

kaviar, húsblas, reftar, aldini og vinfaung. Hvat húsakynni Kósakka snertir, eru þau annarveggja einstök og strial hús og gardar edr viggirdt þorp, er þeir kalla Stanizer, af hverjum ei eru færri enn 113 í landi þeirra og er yfir hvort þeirra settr höfdingi sá er Ataman edr Hetmann kallast, og eru þeir allir undirmenn ens æðsta höfdingia, er Kósakka-Hetmann heitir. Hs udþorpit í landi þessu heitir Zerkast, þat stendr á 7 milna löngri og 3 milna breidri eyu í Wanagvistum og samanstendr af 11 viggirdtum þorpum; þar er atsetr yfirhetmannsins, herthahús, nægtabúr og heimili 15,000 innbúa, medal hverra eru 150 tartarisk húsbændur med börnum og skylduhiúum, er búa útaf syrir sig og likiast Kósakkum í háttsemi, en hafa haldit trú sinni og tungumáli. Med því at þar er lop óheilnæmligt sakir yfirgangs vatna, reisa nú Kósakkar bæ, 1 milu þadan vid nefnda elfu, er þeir kalla Ný-Zerkast, og flytia þángat jafnódum og búin eru húsinn.

2. Kósakkar vid hit Svarta-haf austanverdt, er einniu kallast enir Zernomorisku Kósakkar; þeir eru eptirstodvar af enum Saporógisku Kósakkum, er bjuggu vid Nepur og fluttust þadan 1775 med því þeir vóru fullir ráns og ójafnadar og vóktu þar óeyrdir. Land þat, er þeir nú byggia, er 1017 ferh. m. á stærd, hvers innbúar eru 80,000 at tölu og er 4 partr þeirra til vopnaburdar settr. Mikill

Digitized by Google

hluti lands þeirra er heidi og sléar; þó er þat vida grasugt, er því qvikfiárrækt hofud-atvinna vegr landsmanna; þeir eru at háttum og allri hegdan likir enu donsku Kósakkum.

Skíringargr. Tveir eru hofud-attar stofnar Kósakka: 1. þeir Malorossisku í Litla Rússlandi, til hvestra þeir zernomoriska og slóbodiska Kósakkar hafa kyn sitt at rekja; og 2. þeir Donsku, frá þeim eru komnar margar kynqvíslir, nl. þær grebenska, terelska, volgiska, astrakanska, órenbyrgska, úralska og síberiska. Medal Kósakka telia menn 800,000 vopnfærra hermanna, er ávalt eru búnir til víga og leidángra.

II. Rússariki í Asía.

Þat er allr þridiúngr Austrálfu heims og nær frá 55° til 208° í austr og vestr, en frá 40° til 78° í út og sudr; þat er nærhæfis 273,000 ferh. m. á stærd. Marghátlat er ásigkomulag þessa vídlenda ríkis og fiolbreyttir landskostir og andkannar. Hit sydra og vestra er hlýlig vidrátt og gnæg gródska; hit nyrdra og eystra er mesta hluta árs ins þeli í jordu og snæbyngsli; þótt vida séu þar stoll og stallgardar, má þó lond þessi fremr ýfir hofud flatlendt enn fiollótt kalla; allvída eru þar vídlendar heidar (Stepper) fullar saltvatna og saltkelda.

Digitized by Google

Rússariki á Austurlöndum er skipt í 8 jarlsdæmi, sem kend eru við merkustu stadi í hverju heirra og heita svo: a. Astrakan, at nordvestanverdu við hinn kaspiska sió; var þat tartariskt kóngsriki til 1554. b. Georgievsk, sunnar við sama sió (hit forna Kákasía; í fornøld Albanialand). c. Tiflis, sunnar fyrir vestan tédan sió, er hit syðsta jarlsdæmi í Rússaveldi; þat er mestr hluti Georgiu og Gurdschistan. d. Orenborg, fyrir nordan Astrakan; þat skiptist í 2 landsálfr, sem kendar eru við Orenborg og Ufa. e. Perm, enn þá nordar, er 2 landsálfr kendar við Perm og Katrinarborg. f. Tóbolsk (16,813 ferh. m. á stærd med 447,000 innbúum); þat liggr fyrir austan 3 síðst talinn jarlsdæmi og nær frá takmorkum ríkisins hit syðra til Jsahafs nordr. g. Tomsk (68,570 ferh. m. á stærd med 352,000 innbúum), fyrir austan Tóbolsk; þat nær eins langt í út og sudr; og austast h. Jrkutsk (126,460 ferh. m. á stærd med 430,000 innbúum), er þat allra jarlsdæma vídlendast og striálbygdast í Rússaveldi, og nær þat til siáfar hit nyrdra og eystra. Prið síðst talinn jarlsdæmi kalla menn oll samt Siberia, er menn meina at hafi tekit nafn af fornum bý, er Sibir hét. Land þetta er alt megin þeirra

landa, er Rússar eiga í Austr-álfu heims og brutu þeir þat undir sig á miðri 16 öld; hafa þeir ávalt síðan látit Kósakka vería landit móti Tartörum og öðrum ránglornum nábúum. Þángat senda Rússa-einvaldar útlæga afbrotamenn og þykir óvíða í heimi útlegðarstaðr verri eða leiðari; með því hvergi er ast kulda og frosta svo mikit sem í landi þessu, er þat og at líkindum, þar land þetta liggr svo útarliga á síðu heimskringlunnar og hafþök af ísi eru fyrir nordan þat, samt gnótt salts er hvervetna í jarðveg þess. Þó er þar ei hvervetna landslag né kostir og andkannar með sama hætti; eru þar sumstaðar allgóð bygðarlog, en viðast er landit grœðafátt og graslitit, einkum hit nyrðra við útsœinn, hvar gróðska þverrar og með öllu er óbyggiandi. Sá hluti lands þessa, er liggr fyrir vestan ána Jeniséi, er austr-hlutanum miog ólíkr, hvar fleiri eru fiöll, jarðvegr snaudari og miklu óbliðari veðuráttr; þar eru einnin ýmsar dýra- og grasa-tegundir, er ei finnaſt fyrir vestan ána.

Merkustu borgir í þessum parti Rússaveldis eru:

Astrakan (Adschotarckań), á eyu í Volga, 7 mílr frá Volgumynni. Þar er ætsetr grísks og armenisks biskups, tartarisk fest-

Digitized by Google

ing, herskiparáð, skipabygging, 56 kyrkiur og mahómezk bænahús, margir og margskonar verkstadir, hvar menn sérilagi tilreida saffian og rússleðr, kaupstapr svo góðr, at hvergi er jafnmikill í þeim hlutá tíkisins (yfir 2000 sölubúdir) og heimili 30,000 innbúa; en ásamt aðkomumonnum og þeim er þángat sækja til fiskifánga, 70,000. Nordar er stadr sá, er Uralsk heitir, við Ural (fyrr. Jaikskoigarðr); þat er víggirðr hofudstaðr enna úralsku Kósakka með 15,000 innbúum. Auk Kósakka búa í þessu jarlsdæmi 12,000 Kalmúkka hyski.

Í Georgievsk eðr Kákasía er, auk Georgievsk, stadr sá, er Kislar heitir, við ána Terek, er rennr í hinn Kaspiska sió, ei allángt þaðan; þar er samankomit ógrynni varnings frá londum þeim, er liggia umhverfis Kákasus; þar eru 9000 innbúar.

Tiflis, er allmikill kaupstaðr við á nokkra skiplæga, er Kúr heitir og rennr í hinn Kaspiska sió; þar eru 18000 innbúar og er helmingr þeirra Ermlendíngar at ætt. Í Mzcheta er múnkalifi og heimili grisks biskups, er kallaðr Catholikos. Furstadæmit Imirete ásamt Mingrelia fyrir nordan og Gurjel fyrir sunnan þat, og við Svartahafit austanverðt, er fyrr naut verndar og varnar Rússa, eru nú sam-

Digitized by Google

tengd keisaradæminu. Eptir sáttmála þeim, er Rússa-keisari og Persa-konúngr sömdu sín imillum 1813, gjordist hinn fyrri eignarmadr ýmsra landa fyrir vestann hinn Kaspiska sjó, er heita Dagheſtan og Lesghiſtan, samt Kurdiſtan edr Skirvan; þar er Derbent (hit lokada port) vid hinn Kaspiska sjó med 4000 innbúum. Sunnar vid sama sjó er Baku, þar er hin besta hofn vid sjó þenna.

Fyrir nordan Astrakan er Orenborg vid Ural; þar er vopnahús þeirra, er settir eru til landvarnar vid ena órenbyrgsku herverkiagirding og einhvor hinn merkasti útlegdarstadr, hvar 1000 útlægar eru í hoftum og haldi. Þar eru 21,000 innbúar, er reka kaupskap mikinn vid Kirgisa og Buckara. Nordar er Ufa vid samnefnda á, med 5500 innbúum. Skamt þadan gefr at líta tóftir af fornum tartariskum stad.

Til jarlsdæmis þessa telia menn en kirgisisku Heidalond, er liggia fyrir austan ána Ural og í landnordr af enum Kaspiska sjó; þjód sú, er þar byggir, kallast Kirgiskæsakkar; þeir eru ránsamir, en ei miklir bardagamenn og flakka þeir vídsvegar med hiardir sínar. Þeir hafa hald og traust af Rússakeisara, en lúka honum þó einga skatta. Hofdingium þeirra, er Kanar heita, sendir hann giafir í matvælum og klædum til vingunar, at ei veki

Digitized by Google

þeir óspektir og ræni nágranna-löndinn. Lángsetis med landamærinni eru smávirki gjörr til varnar móti þeim.

Perm er stadr vid á þá, er Kamá heitir, en fyrr. Kunni. Austar er Katrinarborg, þat er bergstadr og heimili þeirra, er hafa forráð fyrir námum og bergverkum, í Perm og Siberia, á hendi, samt 6000 innbúa. Fyrir nordan Permstad er Solikamsk vid Kúma; þar er allmikil kaupverslun, med því þar liggr þiódvegr imillum Siberia og Rússlands. Þar eru og: Nischnei-Neviansk med 10,000 innbúum, er gjöra piátur-varning mikinn; Novo-Ussolio, þar eru saltsuduverk mikil, og flytiast þadan árliga 1,500,000 vættir salts; austast í þ jarlsdæmi þessu er stadr sá, er Irbizt heitir; þar er markadr mikill á ári hverju, er varir í hálfan mánud.

Um þetta svid meina ýmsir fródir- menn at riki þat verit hafi, er vída finnst getit í fornsögum, og Glæsisvellir kalladist, þar var Grund hofudborg; sunnar var Odáinsakr, þá Hundingialand, er nádi allángt vestr eptir, hérnamegin fiallgards hins mikla; þá Tartaraland og þá Tyrkland hit forna, báðumeginn vid nyrðri hluta ens kaspiska siáfar; en fyrir nordan Glæsisvelli, kölludu menn Jotunheim og Jotnaland (þar vóru Ut-

Digitized by Google

gardar og Geirraudargardr), þá Risaland nordar og Smámeyaland nordast vid haf.

Í Siberia er Tóbolsk (Tobolium) mest allra borga og fiolmennust; hún er 445 milr fyrir austan Petursborg og stendr hún þar sem ár þar, er Tóbol og Irtisk heita, renna saman og Obsliót verdr af. Þar er erkibiskupsstóll, festing, lystispilahús og geymslubúr afarmikillar grávoru og safala, er goldin er keisara í landskuldir; bœarmenn eru 17000 at tolu, medal hvorra teliast allmargir útlagar. Austar er Omsk, þar er fángelsi fyrir 1000 útlaga. Þadan liggr einlœg hervirkiagirding til Tóbolsk, 72 milr á lengd, til varnar móti Kirgisum; vid hana stendr Ischim. Bereseff, nordarliga vid Obsliót, og Pelymsk, sunnar, eru hardir útlegdarstadir; í enum fyrri stad deydi hinn frœgi Menschikoff fursti 1731 í útlegd, og í enum sídari dvaldi hinn nafnkunni hersoringi Munnich í 20 ár. Tomsk, er allmikill stadr vid ána Tom, þar sem hún rennr í Ob; þar eru 12,000 innbúar. Jeniseisk vid Jenisei; þar er markadr mikill á áru hvoriu og sœkir þángat fiolmenni úr allri Siberia. Kolyvan er lítill stadr vid Ob; nálœgt honum eru gull- og silfrnámur.

Irkutsk liggr 859 milr frá Petursborg

Digitized by Google

við ána Irkut, og 9 mílr frá Baikalsjó; þar er erkibiskupsstóll, varnarvirki, klæda-vefstadir og mikill kaupskapr við Kínamenn, Buckara og Mongóla; þar er 16,000 innbúar. Ockotsk heitir kaupstadr við ósinn, er Ockota rennr í hinn ockotska hafsbotn; þar er hofn og skipabygging og er þar kaupeyrir Kamtskadala sérílagi á bodstólum. Á landamæri millum Kínaríkis og Rússaveldis er kaupstadr sá, er Kiackta heitir; þar er verslun mest millum Rússa og Kínamanna.

Skagi mikill gengr í sudr úti hit Kyrra haf fyrir austan hinn ockotska hafsbotn, er Kamtskatka er kallaðr; hann er 150 mílr á lengd og 4000 f. m. á stærð, en innbúar landsins eru 3000 at tölu og kallast þeir Kamtskadalir; land þetta er fiallótt, en ei er þar kuldi svo mikill sem jafnnordarliga í Síberíu; þar eru eldfiöll og tídir jardskiálftar. Rússar brutu landit undir sig 1706 og hafa þeir ávalt verit harðir við Kamtskadali og látit þá sæta afarkostum; Kamtskadalir eru kristnir at kalla; en mjög eldir eptir hiá þeim af heidindómi. Höfudbiargræðis vegr þeirra er fiskiafli og veidar; þeir aka í sledum med hundum fyrir og eru þeir því skagamönnum þessum dýra þarfastir. Á sumri tídum hafa Kamtskadalir lagt stund á

akuryrkiu; þeir gialda grávoru og safala í skatta og landskuldir. Þar er hýr sá, er Bolscheretskoi heitir, þar er hofn; og Peturs- og Pálshofn (Awatschahavn), austanfiamm á skaganum; þar er góð skipalega.

Við Rússariki í Asíu eru margar eyar nálægt ströndum; en allar eru þeir eyaklasar úbygdir, er liggia fyrir nordan Siberia, t. d. framm undan Lenu- og Janasfljóts mynni, samt Biarnaeyar edr Krosseyar framundan Kolymasfljóts ósum. Í Beringssundi er ey sú, er Imaglin heitir; þar eru 500 innbúar. Í Kyrrahafi má fyrst telia enar sindovsku eyar í enum anadyrska flóa; þær eru klettóttar miog og flestar úbygdir. Sunnar liggia St. Matthæi og Preobrantskenia, bádar alllángt undan landi. Frá Kamtskatka liggia 40 eyar í biúgri rod yfir nordasta hluta Kyrrahafs til skaga þess á Ameriku vestrstrond, er Alaska heitir; þær kalla menn enar aleutisku eyar (imill. 50° og 57°), og eru þær allar samt 348 ferh. m. á stærd; á þeim eru hamrar miklir og fioll, er ástundum giósa eldi. Eyamenn eru miog ósidadir, en eru þó kristnir at kalla; þeir lifa á veidiskap og fiskiafla; hofdingiar þeirra kallast Tonjons. Eyum þessum skipta menn í 3 flokka, kallast þær sem nærst liggia landi hit vestra, Sasignaneyar, medal þeirra er Beringsey (55° 56°), þar deydi kapteinn Bering (danskr at ætt) 1741, og Koparey. Þær sem liggia midsvegar í

Digitized by Google

hafinu eðr fiærst londum, eru kendar við Kao og Negho, einnin kallaſt þær enar andre-anovſku eyar; á þeim eru eldfiöll og vellandi vatn; en þær nærſtar eru Ameriku, kallaſt Kavalang- eðr Refa-eyar; þadan kemr grá vara mikil og tóuſkinn. Í ſudr frá höfdanum Lópatka liggia 25 eyar í rod hvor ſudr af annari allt til eylands þeſs, er Japan heitir; þær kallaſt enar kúrilſku eyar, og eru þær allar ſamt 146 f. m. á ſtærd; þær eru þeim alevtiſku miog áþekkar og vidaſt giædalitlar; á þeim eru 9 eldfiöll og eru þar því optſinnis jardſkiálftar. Avalt eru þær huldar þoku og ímillum þeirra eru raſtir og ofugſtreymi ſvo mikit, at óvída má á þeim lenda. Nokkrir eru eyamenn ſkirdir af rúſſiſkum kriſtni-bodurum; en margir eru gneiſtar heidninnar á medal þeirra.

Á nordvæſtr-ſtrond Veſtrálfunnar hefir hit rúſſiſka-amerikanſka kaupverſlunar-félag numit land (18,000 f. m. á ſtærd med 6000 innbúum) og reiſt 4 kauptún, hvorra meſt er byr ſá, er Kevſgeren heitir, við einsnefnda á; þaradauki hefir þat gjört þar 10 varnarvirki; en litt ſkeytir þat um annr not eðr giædi nýs lenda þeſſara, enn gráſkinnin.

Árit 1807 lagdi téd félag undir ſig ey land allmikit í enum ockotſka hafsbotni veſtan verdum, framm undan Amurfliótsmynni, er Sachalin eðr Sagalia heitir, búa þar Tartarar hid nyrdra, en Japaneſar hit ſydra og hafa þeir hvortveggiu fiærnt á brott ſmáþiód

Digitized by Google

þá, er Ainos heitir, sem er einkar góðlynd og meinlaus. Sundit milli eyar þessarar og megin innlands segia menn sé ófert.

Með því hit viðlenda Rússaveldi liggr bæði undir enum temprada og kalda himinvægi, er þat audrádt, at ymisligt er þar loptslag og veðrátt, og hafa menn þat fyrir satt, at meira sé af frosta í jafnnordlægum londum hit eystra, enn í vestrlondum þess. Rússar, er ritat hafa um landaskipun, skipta riki þessi í 4 svæði eptir mismun loptslags og veðra: nl. a. hit sudlæga (frá 43° til 50°); þar er skammr vetr og blidr og hlý sumur. Þar vaxa vínber og melónur sjálfkrafa; einnin þrífast þar ilfaldar. b. hit midlendska (frá 50° til 57°), þar er fríðssemi gnægust, landskostir bestir og jarðvegr mest yrktr í allu Rússaveldi. c. hit nordlæga (frá 57° til 67°), þar eru vetrarnaudir miklar, frost svo biturt á vetrum, at ástundum frýs þar qvikasilfr, og d. hit nordasta (arktiske) edr allr jadar ríkisins, er liggr fyrir nordan hiólgaddshring enn nyrdri (frá 67° til 78°); þar er afl kulda og frosta svo geysiligt, at hvergi er jafnmikit á heim hluta heimskringlunnar, er menn kannat hafa og hvar mannsfólkit byggir. Lengd dægra í Rússlandi er mjog margbreytt, sem likligt er; lengstr dagr í Astrakan er 15 stundir, í Kóla 2 mánudir og á nýu Zemlin, 3 mánudir. Þar upplýsir nordrljóst langar vetrar nætur.

Málmarikit í Rússlandi er einkar audugt; finnst þar gull við Katrínarborg, silfr í enum

Digitized by Google

kolyvansku fiollum, koyar í Ural- og Altai-fiallgordum og ógrynni jarns, samt qvikasilfr, arsenik, zink, álún og salt, er menn bædi grafa úr námum og brenna af salt-vatnum og keldum (árl. nærhæfis 10 millióna vætta), saltpetr, brennusteinn, steinkol, marmari, krít og nafhta vid hinn Kaspiska-sió, ymsir gimsteinar og marmaglas á Solovetskoi og fl. Hvervetna (utan nordast) vaxa allskonar kornsegundir, einkum í Lifiandi og mittlands, ógrynni hors og hamps; badan flytst og timbr, tiara, hik, terpentína, vöttaska og tóbak frá Ukræne; sudurlanda ávextir vín, olía og bómull frá Georgia, Tauria og Astrakan; mikill gnægd lækninga- og litunarjurta, t. d. rhabarbur, saffran, krap o. s. fr. Hestar eru har fleiri enn í nokkru odru landi í heimi; í Ukræne er hestaeldi mikit; hirdarhiódir í Sudur-Rússlandi hafa stód morg, ef har einn ríkr bóndi medal Kalmúkka 3 til 4000 hesta, en fialdgiæf er sú fátækt eins bónda, at færri eigi enn 50, og eru heir hiódum hessum eins harfir og til sömu nota og hreindýr eru Lapplendingum. Í Eyshlu eru hestar minstir í Rússaveldi. Villihestar ganga á heidunum í Sudr-Rússlandi. Margr er har nautpeningr, en bestr er hann í Volhynia og Podolia. Saudfé er har afarmargt, einkum eru hirdarhiódir af hví audugar (60 milliónir). Par er og villifé (Argali, Mufflon) saudfé med feitiráfur, tamdar og villi-geitr (Bezóargeitin) villinaut, tamdir asnar á Tauria, villiasnar í Mongólínu og vid hinn kaspiska-sió; úlfaldar, hreindýr,

Digitized by Google

bædi tamdir og villir hit nyrdra, hundar, af hvorium menn telia 15 kyn edr tegundir og eru þeir ymsum þiódum þar en þorfustu heimdýr. Gleþsandi villidýr eru þar: birnir, úlfar, hyenur, skakalar og fl. dýr þau, hvorra skinn er dýrmætr kaupeyrir, eru þar bædi refar (svartir, móraudir, bláleitir og hvitir), otrar, maurdýrnir, savalir, hermelinar, bisrar og eikornar; skinn þessara dýra kalla menn grávöru edr gráskinn, hirtir, antilopar, harir, moskusdýr, vinrsvin og fl. Ákmikill er þar fiskiafli bædi í Eystra-Salti og Svartahaf; en í Ísa- og Kyrra-haf fánga menn hvali, rostunga, selión, sækálfa og seli bædi í útsæum og enu miklu stöduvötnum, í hvorium er stor veidi mikil, samt í stórám og stórelfum. veidist einkum saldgiæst fiskakyn, er beluga kallast og styrian, tilreida menn af sundmaga hennar og hrognum sundmagalim og kaviar.

Med því Land þetta er svo geysimikit at vidáttu og í því búa margar þiódir, sem eru litt sidadar og laust bundnar vid almennar reglugiordir, er þat ei í lósa lagit vendiliga at skora á, hvorsu margt sé mannfolkit í Rússaveldi; en þat hafa menn fyrir satt at ei sé þat færra, enn hérumbil 45 millionir, nl. 37 mill. í Evropa og 8 í Asía. Í Rússaveldi eru margskonar þiódir og ei færri en 100 at tolu, eru þar margar undarligar og af ymsum ættstofnum komnar; medal hvorra menn telia: 1. ena slavisku þiód, af henni eru Rússar stálfir (stóru Rússar) og Kósakkar (litlu Rússar)

Digitized by Google

komnir, samt Pólakkar. b. hin finnska þiód, hennar afkomendur eru enir eginligu Finnar, Lappar, Eystir, Liflendingar og Lettar, sem eru blandingr af báðum þiódum, samt Permiar (Biarmar) í Perm, Mordvínar, sem eru deildir í 3 ættboga: Moskanar, Erfanar og Karatæar í Ufa; Surjenar og Vogular í Perm og Tóbólsk; Votjekar og Zeremisser í Ufa, Zuvaskar í Ufa og Tóbólsk, Ostiakar (Uschtiæk, á tartarisku: stamandi) í Tóbolsk; þeir eru greindir í 3 ættbálka og eru þeir obisku þeirra merkastir. c. Tartarar vid Kákasusfiall og Ob, þeirra ættmenn eru Baskirar í Ufa og Perm, Kirgisar, mittlands Jakútar í Irkutsk, Turkomenn, Zerkasar, Georgiar, Bukarar í Tóbolsk og Irkutsk, Mestkerjekar í Ufa, Kirgiskæsakkar og Televtar edr enu hvitu Kalmúkkar í Kolyvan. d. en mongólska þiód, til hennar telia ýmsar þiódir ættir, t. d. enir eiginnligu Mongólar, af hverium eru 7 ættbogar í Irkutsk, Kalmúkkar, er skiptast í 4 hofudættir: Koskótar, Sóangarar, Derbetar og Torgotar, er allar búa á heidilondunum vid Volga, Búratar eru heidingiar í Irkutsk fyrir sunnan Bækalsió e. enar kásasisku þiódir: Zerkasar, Georgiar í Tiflis og Astrakan, Karakalpakar, Aralar, Turkestanar og Lesghir. f. enar mandskúrisku þiódir: Túngúsar í Austr-Siberia, þeir deilast í Skóga- og Heida-Túngúsa, og þeir fyrri skiptast aptr í 4 ættqvíslir, er kendir eru vid hesta-, hreina-, fiska- og hunda-, eptir idn hvers þeirra og afnotkun tédra dýra; ættfólk

þessara eru Lamutar við hinn Ockotska hafsbotn. g. hin samojedska þjóð (Smámeyalendingar), er byggia norðr-jaðar Rússaveldis fyrir austan Gandvik og í jarlsdæmunum Tóbolsk og Tomsk; kallast sú þjóð ymsum nøfnum, t. d. Sojetar, Túbinzar, Koibalar og Karakassar, og h. þjóðir þær, hvorra upphof og ættarstofn menn ei gioria þekkia; til þess má telia Jukagira í Irkutsk nordast, Zakska austar, við Beringssund, Korjakar nordr af enum Ockotska hafsbotni, edr við hinn penskinkiska fiord Olutorar austar, Kamskadalir, Kúrilir og Aleutar, hverntveggu eyamenn. Auk þessara þjóða, er nú eru taldar og sem mæla yfir 40 túngur hafast við Rússlandi margir, er flutst hafa þángat bædi úr sodrum londum í Evropu og Asia, t. d. þjódverskir við Eystra-Salt, Frænkismenn, Welskir, Enskir, Grykkir, Albanesar, Gydingar, Zigeunar o. s. fr. Annvirki Rússlands innbúa er margskonar, sem nærri má géta, hvar svo margbreyttir eru atvinnuútvegir; má þarámedal sérlagi telia: veidiskap á landi og sæ og fiskiasla, med því ymsar þjóðir lifa á þessu einúngis, qvikfiárrækt, einkum hit sydra, akuryrkiu, gardarækt, vinyrkiu, samt margskonar handidnir í afarmorgum og margháttudum verkstodum, námur og bergverk, kaupverslun og skipaferdir.

Fáar vórn mentir og handidnir Rússa fyri daga Peturs hins mikla; má því segia, at hann hafi fyrstr manna lagt grundvøllinn til kunnáttu þeirra og handlægnis til at tilreida margbreytt verkefni lands þessa og sett allmarga

afmádi embætti þetta og setti 1719 í stað þess ráð nokkurt, er kallast: hin helga stiórnandi Synódus eðr kénnimanna ráð, og sitia í því bæði andligir og veraldligir höfðingiar og skyldi þar ávalt haldast í Petursborg; þess bodi og banni mega 4 höfuðstóla-biskupar (Metropoliter) hlýða, 11 erkibiskupar og 19 biskupar, mega þeir allir hverki þýðast ástir qvenna né giptast láta. Í ríkinu eru 554 múnka- og nunnuklaustr, sem öll eru helgut Sti. Blasius; ábótarnir í Rússlandi kallast Arkimandritar. Síðan 1652 hefir trúmanna-félag nokkurt verit í Rússaveldi, er kallast Roskolnikar (enir frá fallnu), en sjálfir kalla þeir sig Starowiertzy (ena gömlu trúmenn).

Athugagrein. Með því Rússaveldis innbúar eru margbreyttir at uppruna og siðum, eru og trúarbragð þeirra ómiklig og meina Rússar engum þar at búa, hvoria trú sem hefir. Lútheranar (1,400,000) byggia landinn við Eystra-Salt, Katholskir í Pólínalandi og hafa þeir erkibiskup; Reformeradir, Hernhúttingar, Mennonitar, Armeniar, Júdar (yfir 500,000), Múhameteanir (3 miliónir með 2 múftum), Lamastar, hvorra höfuðprestr kallast Kutuchta, og Heiðingiar, prestar þeirra kallast Schamanar. Jesuitar fengu athvarf í Rússlandi, þá þeir vóru útlægir gierðir úr öðrum Evrópu löndum, en 1815 var þeim bannaðr búskaðr í báðum höfuðborgum ríkisins.

Í landi svo víðlendu og skipuðu svo fiölskyldum og margskáttar þiðdum, er mæla ýmsar og ólíkar túngr, má nærri géta, at margar hafi torsæmr og meinbugir þeim um sætr vafist, er leiðt hafa viliat Rússa frá myrkum villustigum,

Digitized by Google

er þeirre ikudu á lengi fram í eptir öldum, á þiód vegu mannvits og kunnáttu. Petur hinn mikli hóf fyrstr manna hit mikla þrekverki at stýra Rússland og vard honum allmikit ágengt; má því þat með sanni segia, at hann í ýmsu tilliti umskapadi Rússaveldi. Katrín 2r giordi og mikit at verkum; en einkum hefir keisari sá, er nú ríkir, lagt kapp á at mentir og visindi yrdu idkut þar og útbreiddust sem í ödrum lendum; hefir hann því aukit miog tolu ýmsra skóla, og sett einn ríkis-fulltrúa, er hafa skal á hendi umsión upplýsingar þiódarinnar, og er keisarinn manna orastr af sé við þvílíkar stiptanir. Í ríkinu eru mentunar-stiptanir með serfoldum hætti, nl. a. sóknarskólar, er prestar og adalsmenn fyrirstanda; þar nema úngmenni lestr, kristinn frædi, skrift og reikning. b. kreds-skólar, einn í hvorium kredsstad. c. jarls-dæmis-skólar edr háskólar, einn í hvorium höfudstad jarlsdæmanna. d. þiódskólar, sem eru 7 at tolu og skal fleiri brádum á stofn setia, t. d. í Tóbolsk, Ustiug-Veliki og Jaroslef o. v. Auk þessa eru þar stolmennar mentastiptanir bædi fyrir rússisk og grísk úngmenni, er gioraft skulu hersöfningiar á landi eda herskipum; skólar fyri farmenn, og idkendur bergverka-kunnáttu, kaupverslunar, læknisfrædis, akryrkiu, bustiórnar og fagurra lista, er Katrín 2 ann miog og stiptadi því listaskóla 1764 og setti þar kennara í hvorri mentagrein. En þótt mikit sé atgiordt, eru þó í landi þessu allmargar þiódir og mikill fiöldi, er ráfar á villustigum

Digitized by Google

er fráhalla siðligum siðgæstum, og með öllu er óssidadr og hverki hafa skóla né bera kensl á letrgiord. Adrar þiódir eru þar, er litit betr er farit; en má þó ei sidadar kalla. Sérilagi hafa einvaldar borit sinn fyrir uppfræðingu enna eginligu Rússa; en flestum þiódum í Evropu er þó almúginn sidr at sér og sáfródari, ollir því einkum inngróin hiátrú og fastheldni vid forna hætti. Hinn edri edr heldri hluta Rússa brestr nú á dögum ei mikit á vid velsidadar þiódir, í mentun og íþróttum.

Hvat stiórnarform og ríkisráð í Rússaveldi snertir, þá er þar ótakmarkat einvaldsdæmi, er gengr í erfdir svo til konu sem karlsmanns og hefir þar frumburdar-réttr verit lög sidan 1797. Keisara leggia þat lög fyrir, at hann eigi láti ríkit skiptast imillum sleiri hofdingia, at hann ei má jafnframt stiórna odru landi og at hann játi grískan kristinndóm. Til rádaneytis sér hefir keisari rád þat, er kallast hit heimugliga ríkisráð. Hit ædsta stiórnarrád, er hefir innanríkis málefnum at gegna, kallast oldúngaráð (Senat), í því eru 87 medlimir og sitr þridiúngr herra í Móskó, en hinir 2 hlutir í Petursborg; allsialdan má þadan skirskota málum undir keisarans úrskurd. Átta rádgiafar gánga honum til hayda í ríkisstiórninni og hefir hvor herra fyrir sig sín storf og sýslr sem í odrum londum. Fyrrum kolludu Rússar einvalda sína Storfursta; seinna lét Ivan Vasílievitsk sig Ezar (konúng) kalla, og heldst þat vid uns Petur hinn mikli, at lok-

Digitized by Google

inni styrsold við Svía, tók fyrstr keisara-nafn og hafa eptirmenn hans til þessa dags þá nafnbót haft. Titill keisara er: Keisari og einvaldr (Selvherscher) allra Rússa; þar-að-auki hefir hann annan titil miklu lengri, í hverium eru upptalin öll lönd hans. Keisara synir og dætr kalla menn Stórfursta og Stórfurstinnur; keisari sá er nú ræðr fyrir riki þessu heitir Alexander hinn 1sti, son Páls keisara, fæddr 23 Decbr. 1777 og kom til ríkis 24 Marts 1801. Skialdarmerki Rússaveldis er svart arn, tvíhöfuð, og horfa nefnin í sína átt hvort, með þrefaldri kórónu, og heldr hún á veldis spiru og ríkis-epli í klónum. Á bringu hennar gétr at líta kerkuml Moskóar og umhverfis þat 6 önnr: Astrakans, Siberiu, Nhagards, Kasans, Kievs og Vladimirs.

Riddara-ordr eru 6 í Rússlandi: a. Andreas-ordan (hit bláa band), stiptud af Petri hinum mikla, Rússlands arnaðardyrðing til heiðurs 1689. b. Katrínar-ordan, stiptud 1714 af Petri hinum mikla Katrínu drottníngu sinni til heiðurs; hat bera heiðarkonr einar, í dokkraudu bandi. c. Alexander Newsky-ordan (hit rauda band), stiptud af Petri mikla. d. St. Georgs-ordan, fyrir hermenn. e. St. Vladimirs-ordan; heiðurs teiknit er borit í svart- og raud-rendóttu bandi. Báðar þessar ordur stiptadi Katrín 2r. f. St. Önnu-ordan, stiptud af Carl Friðrik á Holsetalandi konu sinni Önnu, dóttr Peturs hins mikla, til æru; síðan var ordan innfærð í Rússlandi af Petri 3dia og Páli 1sta.

Adalstéttinn í Rússlandi er greind í 6 flokka og er einkaréttr heirra samr; Fursta-

Digitized by Google

flokkrinn er þeirra fiolmennaſtr. Borgara-ſtettinni er ſkipt í 5 flokka, og er hún ſtétta fámennuſt at tiltolu. Bændr eru þar öfriálſir edr ánaudigir; ſkiptaſt þeir í krónubændr, bergverksbændr og ódalsbændr, má alla þeſsa ſelia annattveggia ſérílagi edr ásamt fasteignunum; til eru þar og bændr þeir, er eigi má ſelia utan ásamt ábýlisjördum þeirra og kallaſt þeir ætthagabændr (Stavnsbönder), med því þeir ei mega flytiaſt úr ætthögum edr fædingarſtödum; þó eru þar nokkrir bændr, er bædi eiga ſiálfa ſig og eigin-dóma (Odnodvorzii); friálsir landbúar eru Tartarar, Kósakkar og útlendſkir Nýlendumenn. Á ſeinni tídum hefir Rússakeisari látit ſér annt vera at fría bænd af þrældomi þeſsum og 1816 urdu allir Eyſtir friálſir.

Landher Rússlands keisara er afarmikill og herdr í herförum og leidángrum; telia menn þar 500,000 vígra manna, auk Kósakka, Kalmúkka, Baſkíra (100,000) og landvarnarlids, er grípr til vopna, þá ófridr er, 600,000 at tölu. Herſkipafloti hans er og allmikill og er hann deildr á 5 ſtadi, nl. í Eyſtra-Salti, Gandvík, í Svartahaſi, enum Kaſpiſka-ſæ og enu Kyrra haſi, og er hann at tölu 450 ſtór og ſmá herſkip, medal hvorra má telia 54 línuſkip, 18 fregattr, 67 minni herſkip, ſamt 25 ſkiótandi ſkanſar, 280 galeidr og kanónubátar; en hit faſtráda ſiólid er 30,000. Giorvallr ſkipaſtóll Rússa er greindr í 3 flokka, er kéndir eru vid hit hvíta, blá og rauda flagg.

Ríkis inngiold þar eru hérumbil 280 milli-

Digitized by Google

ónir rúbla og útgiöldinn námunda eins mikil og upphæd. Utlendum þiódum skuldar ríkit yfir 200 milliónir; en af pappírspeníngum er andvirdi 570 millióna á gángi innanríkis.

Med því at svo margar og margbreyttar eru þiódir þær, er byggia hit vídlenda Rússa veldi, þá skýtst mieg í tvo horn um vext þeirra og líkama lögun, mentun og gáfnalag, lundarfar og háttsemi þeirra. Vexti og útliti Rússa, (sem eru fyrir öllum ödrum þiódum þar, at manntali og forrádum), lýsa fródir menn á þenna hátt: Rússar eru medalmenn verti, hraustir og heilsugódir og allvel limadir; smáeygnir og varaþunnir, tannhvítir og eygdir lítt og ennislítlir, skeggiadir mieg og eru fleiri jarpir á hár og randbirknir, enn svarthærdir edr háraliartir, nasbrettir og heldr nefstórir. Konur eru þar bráðgiskari, en slá og fyrr ábak vænleik sínum, enn í ödrum jafnköldum löndum. Skapferlis einkunn þeirra er: áhyggjuleysi og ánægia med óblíd kior, hlýdni og trúlyndi vid yfirbodara, holgiædi og gladværd. Margir bregda þeim um, at þeir séu drykkfeldir, lítt tilfinningarsamir og ærit grimmúdugir, hrællandadir og grædskufullir; þó mun þetta heist eiga heima hiá fólki af lægstu stigum. Rússar eru hraustir í orrustum og hardsengir, þeir þola vel vos og elim og standa hverium manni fastara fyrir í fylkingu og ern traudir til at hörfa á bak aptr; svo eru þeir hqveitfarsamir í kúlda, at þeir gánga úr gagnheitum badstofum og böðum út í frióstandi vedr lítt klæddir og verdr

Digitized by Google

þeim ei meint af. Rússar byggia á landsbygdinni almennt hús og bæi af timbri einu og giora þeir veggi á þann hátt, at þeir gróva saman bjálkana og leggia hvern á annan ofan; halda þeir húsavid sølum á kaustefnum, at øllu tegldum og tilbúnum, svo ei þarf kaupandi annat, enn reisa húsit, þá heim hefir flutzt vidinn.

Pólinalands innbúar eda Pólakkar líkiast mjog Rússum í morgum hlutum; þó eru þeir stærri vexti, djarfari og starfsamari, vingiarnligri og mannúdligri. Þeir eru sjeldnum mannunum hálsdigri; miúkari eru þeir og sveigri í øllum vidvikum og látædi, enn Rússar, en ei svo hardir né heilsugódir. Lettar, eru smámenni og á medal qvenna þeirra eru margar svo litlar, at dvergiur eda dvergmær mætti kalla. Finnar eru medalmenn vexti og hraustir, flatleitir og kinnfiskasognir, mórgráeygdir, litt skeggiadir og raudbleikir á hár og móleitir á hörund. Tartarar þeir, sem hingattil hafa haldit sudverdligu vaxtarlagi og útliti, eru magrir og midlúngi háir vexti og øllvel limadir, munnlitlir, smáeygir og móeygir og skolbrúnir á hár. Samojedar eda innbúar Smámeyalands eru manna minstir vexti (sialdan yfir 4 til 5 fóta á hæd), en alldigrir, lágbeinóttir og hofudstórir, stórmynntir og eyrna-stórir, varahannir og svarteygdir, flatnefadir og skagar uedri hluti ásjónunnar allmjog framm, hárabrúnir og striadir mjog, og skolbrúnir á hörund.

Digitized by Google

V. Konúngsríkit Pólinaland edr Púlinaland (Polen).

Svo kalla menn nú á dögum mikinn hluta hertugadæmis þess, er Varskár hét, og tilskipat var í friðarsamningi heim, er gjordr var í Tilsit 1807. Mokkurn part þess fengu Prússar 1813, en hinn hlutan skeptu einvaldar við Rússaveldi og kolludu konúngsríki. Þat liggr frá 35° 41′ til 42° í austr og vestr, og imillum 50° og 55° í út og suðr; fyrir norðan þat eru Rússaland og Prússaland, fyrir austan þat Rússland; en hit syðra nær þat til Gallizia og hit vestra til Slesíu og stórhertugadæmis þess, er Pósen kallast. Þat er tvöfaldt við Danmörku at stærð nl. hérumbil 2,200 ferh. mílr; en hit forna Pólinaland var 13,000 ferh. m. áðr því var briálat og skipt.

Mestr hluti lands þessa er flatlendr og einka frjóssamr; sumstaðar er þat agasamt og votlendt; hit syðra eru fjöll hér og hvar og eru þau lág; þar gengr fjallbryggr af Karpatafjöllum inní landit. Víða eru þar víðlendar merkir og skógar miklir og allmarg skipaðar ár falla um landit, medal hverra hér má géta

Digitized by Google

þessara: 1. Weikſel (Veichsel; Vistula), hat er mikit vatnsfall og eru uppsk þess í Sleſiu sunnanverdri, vid vestri ende Karpata-fialla; þat rennr sidan framm hiá Kraká, hvar þat verdr skipfært og sidan í landnordr framm hiá Sandomir og Warſká, svo í útnordr átt og kemr til siáfar úti Eystra-Salt, í milu fyrir austan Dansvik, har sem heitir Weikſelsmynni; eſſallar 2 renna úr á þessari í landnordr í hinn Friskafiord, er Gamalweikſel og Nógat kallast. 3 Weikſel rennr áin Bug úr austri, Pelica og Dreventz. 2. Warta (Varta), kemr úr sömu átt, frá Gallizíu-landamæri, en fellr meira vestr á vid þá nordr eptir dregr, hvar hún rennr í á þá, er 3. Netze kallast, hún kemr úr Gopisvatni og rennr í vestr framm hiá Brombergi í Oddar-á vid Kustrin; og 4. Nimen edr Memel (Rubo), þat vatnsfall kemr úr austri frá Rússlandi og fellr þat nokkra leid á takmörkum landa þessara, framm hiá Tilsit, úti hinn Kúriska fiord.

Landit er greint í 8 fylki (Woiwodskaber), hvor aptr skiptaſt í sýſlur (Kredse) og sveitir. Fylkinn eru kend vid landsálfr og stadi þessa: 1. Maſovia; 2. Kraká; 3. Sandomir; 4. Kaliſk; 5. Lublin; 6. Ploczk; 7. Pódlachia (landsálfa); 8. Auguſtovo (stadr).

Digitized by Google

Merkuſtu ſtadir þar erú:

Warſká (Warschau, Warszawa; Varsovia), þat er hofudborg í landi þeſsu og heimili ſtiórnarráðſins; hún ſtendr hérumbil midt lands vid Weikſel veſtanverdt og er hún allmikil, en ekki fogr borg; med því at helmingi fleiri eru þar timburhús, þakinn hálmi, enn ſteinhús; þó eru þar hmſar ſkrautligar byggingar og hofgardar, ſamt, vid eitt af borgarhlidum, líkan Sigismunds kóngs af kopar giordt og gyldt, er ſtendr á 26 fóta háum undirſtofni af marmara; þar eru og 115 adalsmanna gardar, 23 klauſtr, 9 kyrkiur, biódſkóli, 6 ſpitalar og 3 lyſtiſpilahús. Alt 10,000 vigra manna, ſem þar eru til varnar ſettir, eru hérumbil 76,000, at tolu, medal hverra mega telia 20,000 Júda. Medal hmſra ſmáſtada í nánd vid borg þeſsa má hér géta ſtadar þeſs ſyrir handan ána, er Praga heitir med 7000 innbúum; þar ſtód hardagi mikill þann 18da, 19da og 20ta Julij, 1656. Þar er brú yfir ána. Wola, er horp nokkurt á ſamu landsálſu; þar kuſu fyrrum Pólakkar kónga ſina. Kaliſch (Calisium), er allmikill ſtadr vid Prosná, í friódſomum dal; umhverfis hann eru múrveggir og turnar, og í honum 8000 innbúar. Lublin, fyrir ſunnan Warſká, er allmikill ſtadr, umhverfis hann eru múrveggir

Digitized by Google

og grafinn ſíki fyrir utan; þar eru kaupſtefnur 3 á ári hverju, og varir hver í 1 mánuð, ſækja þángat kaupmenn frá Þódſkalandi, Rúſſlandi, Tyrkiaveldi, Grykklandi og Ermlandi; þar eru 10,000 imbúar. Auk þeſsara eru þar minni ſtadir, t. d.: Pinczof, Radom, Sandomir (Sedomir), Kolo og Sierads, báðir við Warta, Zamosz, feſting, Plozk við Weikſel, Pultuſk, Oſtrolenka, Siedlce, í Podlachia, Suvalki Czestochova við Wartá; á fiallinu Jasnogóra, er viggirt klauſtr, helgat enni helgur Máls-ordu; þángat gioraſt pílagrimsferdir.

Sydſt í Pólínaland er friſtadr og friland lítit, er Kraká (Krakau) heitir. Landit er nær 20 f. m. at ſtærd og hefir 61,000 innbúa. Árit 1815 giordu einvaldar Evrópu þá ſkipan, at þat ſkyldi engum konúngi hióna, eda ſkattgildt vera, og at þat ſkyldi hafa hald og trauſt af Rúſſum, Prúſſum og Auſtrríki. Stiórnarformit er þar ſem í ödrum feilondum, at valdit er í höndum alþýdu, hverrar eyrindsrekar ſetia lög, en ſtiórnarád nokkut gietir, at þeim ſé hlýdt; í ráði þeſsu eru 12 ráðherrar og er einn þeirra forſeti at nafnbót. Landsmenn ſkulu ávalt vera hlutſamir um annara hióda deilr og hverigum hádir; ei heldr má þar útlendum búi niderſkipa. Kathóiſkr kriſt-

Digitized by Google

inndómr er þar í log leiddr; þó mega abrir trúmenn þar frídland hafa og sama einkarétt. Krakó (Carodunum), er mikil borg med 27,000 innbúum vid Veikfel; þat var fyrr. höfudstadr í enu forna Pólinalandi og sídan í Vestr-Galizíu; þar er gamalt slot med márveggjum og turnum umhverfis; í því er stólskyrkja og eru í henni 50 vikaru, 20 kapellr og legstadir enna fornu Pólinalands kónga; þaradauki eru þar 72 kyrkjur, kathólskr biódskóli, bókastóll, urtagardr, stiornuturn og heimili biskups, sem er hertugi af Severia at nafnbót.

Í Pólinalandi er heilnæm vedurátt og stodug og hiti sumr, en vetr kaldr einkum hit nyrdra. Auk ardsamra eykar-, furu- og birkiskóga, samt ágiætra og allskonar sádlanda, finna menn þar silfr, kopar, járn, bly, steinkol, brennustein, saltpetr, kalk, salt o. s. fr. Þar vex og vín, hampr, hor, humall og tóbak. Afarmargr er þar qvikfénadr; glepsandi dýr, t. d. birnir, úlfar, lossar og villikettir; þar eru og hermelinar, merdir, otrar, bifrar; bifflugnarækt er þar og tolnverd.

Innbúar lands þessa eru hérumbil 2,800,000 at tolu og kalla menn þá Pólakka; þeir eru komnir af enum slavisku ættstofni; þar búa einnig Þódskir, Littáir, Grykkir, Tartarar og Júdar. Hit pólska túngumál er einna ólíkast heim túngum, sem komnar eru af enu slavisku máli; þódska er þar ærit almenn og í ýmsum sveitum látina, og tala hana þar allmargir leikir

Digitized by Google

menn. Verkstadir og handidnir eru litt uppi i landinu; flytiast þvi verkefni hau, er menn afla þar, ótilreidd til framandi landa; þó má þar telia fáa lereptz-, klæda- og silki-vefstadi, samt gráskinnatilreidslus, potteskubrensiu-stadi og brennuvinsbrugg. Prældómr og ófrelsi bænda tálmádi um langa æfi idkun lista og handidna; er nú betri von um framfarir i því efni, þar þeir eru frialsir ordnir og útlendum handverks- og iprótta-mannum eru heimilinn álitlegr einkarétter, ef þángat vilji flytiast. Kaupskapr er þar allmikill og skipaferdir á stórám og fljótum; er þar varningr tollfri fyri Rússa og Prússa. Þótt landsmenn ei selji tilreidd gædi landsins, og þeir kaupi margt dyrseldt úr ödrum löndum, er þat sögn manna, at Pólakkar engu at sídr vinni á versluninni. Varská og Lublin eru þar kaupstadir bestir. Þar er lögtekinn hinn kathólski kristinndómr eptir romverskum reglugiordum; þó mega annr trúarbragda félög at frialsu rækia trú sína þar eptir vild. Nefnd nokkr ber umhyggiu fyrir visinda-idkun og upplysingu og eru þar bædi skólar og háskólar. Stiórnarformit er takmarkat einvaldsdæmi, er genar i erfdir og kallar Alexander keisari sig Pólinalands Czar edr konúng. Rikisrád nokkut hefir ædstu vald á hendi og er hofdingi sá forseti þess, sem er kongl. Statholder at nafnbót. Annadhvort ár heya menn alþing, er varir i 30 daga. Tvær eru þar riddara-ordr, nl. Stanislás-ordan, endurnyud 1815 og Hvitu-arnar-ordan, endurnyud 1705 af Augustus 2rum.

Digitized by Google

Pólínalands landher er 30,000 fótgaungu-lids og 20,000 riddaraliðs. Edur foringi Pólakka hers er nú Constantin stórfursti, bródir Rússakeisara.

Skírningar-orð. Á forn-aldum var Pólínaland erfdaríki; en eptir fráfall Sigismunds Augusts konúngs (1572) voldu Pólakkar konúnga yfir sig. Vid þínn Bóla framlóg konúngs kosningin og var sá stadr, er menn komu saman, umgirtr med grøfum og girdíngum á alla vegu, og voru á þeim 3 hlid, eitt fyri Stóra Pólínalands-, annat fyrir Litla Pólínalands- og hit þridia fyri Littáens atqvædi gefandi innbúa. Ei mátti þann til konúngs taka, er ei vildi játa enn kathólska kristindóm, samqvæmt rómverskum siðagiørdum.

Þá deilr og flokkadrættir eptir August enn 3ia banda høfust millum Kathólskra og Dissidenta, ódu rússiskar, prussiskar og austrikskar herscheitir inn í Pólínaland og Katrínu 2ari, Friderik 2drum og Maríu Theresíu kom-þar: ásamt at bióta mikinn hluta ríkis þessa undir sig 1772, eptir því þau þóttust eiga til þess fornt tilkall, og kastadi hvert þeirra eign sinni á þær landsálfr, er nærst láu ríkium þeirra. Árit 1795 skiptu Prussar og Rússar nokkrum hluta þess ímillum sín, og 1795 deildist lokstins hat sem eptir var medal 3ia fyrst tédra ríkia einvalda. Í fridar-samníngnum í Tilsit 1807 var sú skipan gjørr at mestr hluti þeirra landspartа, er Prussakonúngi hafdi í skiptum þessum hlotnast skyldi heita hertugadæmi og kennast vid Varská og skyldi Saxalands konúngr þar hafa ædstu mannaforrád.

Digitized by Google

VI. Hit prussiska Kóngsríki Prussaland (Prussia, Borussia).

Þessu konúngsríki má skipta í two hofud-parta; nl hinn austlæga, imillum 49° 45′ og 56° nordl. br. og hinn vestlæga, imillum 49° 42′ og 52° 30′ nordl. br.

Austr-hluti Prussaveldi, liggr vid Eystra-Salt sudaustanverdt, fyrir vestan Rússland og Pólinaland, fyrir nordan Austrikis-lond, Saxland og hin saxisku Hertugadæmi og fyrir austan Hessen, Brúnsvik, Hansstrariki og Meklenborg; en fyrir nordan hinn vestlæga part rikis þessa liggr Hansstrariki og Nidrlendinn, og fyrir austan hann er Hessen og Hansstrariki; en fyrir sunnan þat er Frakkland og Nidrlendinn edr Holland fyrir vestan.

Mestr hluti rikis þessa er flatlendr; en því láglendara er þar, sem nær dregr Eystra-Salti. Vindland edr Pommern er hin lágasta landsálfa í riki þessu, og má þar því flædigarda gisra vidti fiáfar-ágángi. Eylandit Rø, er hálendast vid Eystra-Salt. — I sydri og vestri hluta Slesiulands, sudr-parti Saxlands, í Nidrrin og á Vestpali eru lág fiell og hálsar. Um landit fylla almargar ár, er einkum í enu eig-

Digitized by Google

inliga Prussalandi og Pommern eru afar-lygnar, þar hallandinn er því nær sem enginn; eru þar því allvíða stöduvötn, tiarnir, flóar og forædi. Jardvegr er þar einka friósamr, sérilagi í grend við árnar. Í Brandinaborg er þaðmóti jardvegrinn sendinn miog og á hmsum stödum hultinn reykiandi; þó er jardin þar vel yrkt og landit giört byggiligt, med því at landsmenn hafa leidt vatni af nýrum og giordt þar morg þorp og bæi.

Merkustu fiöll í Prussaveldi eru: a. Sudetafiöll (Sudeterne, Montes sudetici), þau gánga frá landsudri í útnordr og adskilia Slesiuland og Bœheim samt Glatz. Þau skiptast í tvær greinir, nefnil. Kémpubiorg (Kæmpebiergene; Riesengebirge; Asciburgium), þau eru hérumbil 15 mílr á lengd og 3 á breidd, og hin mærisku fiöll, sem eru áfast vid Karpatafiöll. b. Harzfiöll (Harzen; Sylva hercinia), í sudrhluta Hanofstrikis og Halberustadar; þat er einstök og frá ödrum fiöllum adskilinn sklumegin og einhver hin merkasta fiallbygd í Þýdskalandi; hún er 16 mílr á lengd, 6 á breidd og 64 ferh. m. á stærd, og skiptist hún, eptir afstödunni frá þeim hærsta hnúk, er Blocksbiarg (Brocken; 3,486 föta á hæd) heitir í Yfirharz, fyrir austan þat, og Undirharz, fyrir vestan þat. Í fiallbygd þessari eru 56,000 innbúar, er at mestu leiti lifa vid námu- og berg-verkinn. c. Visarárfiöll á Vestpali, lángsetis med Visará; í þeim er hin svo kallada porta vestphalica; þau

eru áfast við Teutoborgarskóg. d. Vestrskógsfiall, þeirra hæst er Salsborgarhöfudit (2056 fóta) grein af þeim, er gengr í útsudr í nánd við Bonn, kallaðr Siebenbiorg; og e. Hundshryggr (Hundsrúck) í Niðrrín, imillum fiðstaðna Rín og Mósel.

Sá hluti Prúsaveldis, er liggr við Eystra-Salt, er nær 100 mílr á lengd í austr og vestr. Víða eru þar rif mikil, er liggia strandlengis með landi framm. Rif þat, er Hela eðr Hella kallaðr og gengr í landsúdr í haf út, giorir vík þá fyrir nordvestan Dansvík, er puzigs- eðr pauzks-vík kallaðr. Þrú svokallut höf, sem í raun réttri eru landsæir, með sætu vatni, og allir straumhardir, sameina ósar miklir með Eystra-Salti, og gánga mikil sandrif miðlum þess og þeirra, sem Þýðskir kalla: Nehrungen, er hafrót í forntíð mun uppskelft hafa. Höf þessi eru: 1. hit kúriska haf nordaðr, þat er 15 m. á lengd, 4 á breidd og 27 ferh. m. at stærð. Ósin við Memel kalla landsmenn Tief. 2. hit friska-haf, nokkut sunnar og vestar, þat er 13 m. á lengd, 2½ á breidd. Ósin við Pilau kallaðr Gatt. 3. Stettinshafit, er einnin kallaðr hit friska haf; þat greinisr í hið austlæga (hit stóra) og vestlæga (hit litla) haf, úr því renna 3 ósar. Þadan og austr til fyrnefnds rifs kolludu fornmenn strondina Balagards-síðu.

Auk þeirra flióta, er renna um miðkinn hluta Þýðskalands og kalla má megin-ár í því þiódlandi, en falla jafnframt um þau lond, er

heyra til Prussaveldi og liggia innan ens eiginl. Þýdskalands takmarka, sem síðar skal skírt verða, má í Prussariki þessar ár telia: 1. Veikſel (Weichsel, Vistula), þat er allmikit vatnsfall, er fellr um Pólinaland og Vestr-Prússaland og kémr til sjáfar við Dansvik í Eystra-Salt; þat er 100 m. á lengd. 2. Memel (Niemen, Rubo), kémr úr austri frá Rússlandi og fellr í hit Kúriska haf. 3. Pregel, fyrr. Gripsá (Chronus), verðr úr 4 ám og fellr 1 míl frá Konúngsbergi í hit Friska haf; í þar fellr einnin 4. Þassarga við Braunsberg. 5. Warta, kémr úr austri, í hana rennr, 6. Neţe og renna þær bádar ásamt í vestr, og í, 7. Oddorá (Oderen, Viadrus), er hefir sín upptök í enn austrikska Slesíulandi, um hvort eudilangt hún rennr í útnorðr framm hiá Rabitor, Kosel, Oppeln, Brig, Breslá, hvar fleyta má allstórum skipum á flióti þessu, svo framm hiá Glogá, þá um Brandinaberg, framm hiá Frakkafurðu, Kustrin, skiptist hún þá í tvær hofuðqvislir framt frá Garz; hin vestri heldr nafninu, en hin eystri kallast stóra Regeliţ, og falla bádar, ei allángt frá Stettin, í hit fyrrnefda Stettins-haf. Þiódá þessi er 100 m. á lengd.

Allvída eru slíkir edr kanalar grafnir í riki þessu, svo fleyta má skipum frá einu skiplægu flióti til annars, t. d. hin stóra og litla Fridriksgraf í Austr-Prussalandi, Neţe-kanallin, er samtengir Neţe og skiplæga á, Brahe, at nafni, er rennr í Veikſel,

Digitized by Google

Fridriks-Wilhiálms kanall, er samtengir Oddorá og ána Spre, Finow-kanall, er saman einar Oddorá og á þá, er Havel heitir, Pláens-kanallinn í millum Saxelfa og Havel; hin stóri hofudkanall, nær 11 mílr á lengd, og Klodnitz-kanallinn í Efra-Slesiuland, 8 m. á lengd, grafinn til at létta flutninga frá námunum.

Í Prussa-riki eru afarmorg stoduvotn; þó er ekkert þeirra ærit stórt. Alleina í Austr-Prussalandi eru hérumbil 300 stoduvotn, og á Kúrmork millum 6 og 7 hundrada. Vatna mest er Spirdingsiór, hann er 12 mílr ummáls, Jeseriksiór, Gópls-siór, Ruppins-siór o. s. fr.

Prussaveldi er, í tilliti til veraldligrar valdstiórnar, greint í 10 landsálfr edr skattland (Provindser), er skiptast í 28 stiórnar-umdæmi (Regjeringsdistrikter) og þau aptr í 300 sýsli (Kredse).

Skattlendum þessum og merkustu stodum í þeim, má svo lýsa:

1. Austr-Prussaland edr Prussaland (Preussen), fyrr. Sámland og Kúrland, nordast; þat er austasti og nordasti hluta ríkisins (704 ferh. m. á stærd); þar er:

Konungsberg (Königsberg; Regiomontum; 54° 42' 11") þat var fyrrum hofudborgin í enu eiginl. Prussalandi; hana bygdu

Digitized by Google

enir hýdsku riddarar 1255 Bœheims konúngi Premislási 1sta til æru, vid Gripsár-ós; borgin er nær 2 míle ummáls og skiptist í 3 parta, af hvorium hinn merkasti stendr á eyu í ánni. Í borginni eru 23 kyrkiur, kastali, konúngsgardr med afarháum turni, forn dómkyrkia, hiódskóli og bókasafn, stiornuturn og ymislig lærdómsfélog. Þessi stadr telst ámedal enna merkustu kauptúna vid Eystra-Salt; þar eru 56,500 innbúar. Þar er hinn nafnfrœgi hiódspekingr Kant fœddr 22 Aprilis 1727 og dáinn 12 Febr. 1804.

Vestar liggr rammliga viggirdr stadr á andnesi vid Friska-haf ós sunnanverdan, er Pillá (Pillau; Pillavia heitir; þar er gód hofn (hvar vel skip, er ei mega leggia upp til Konúngsbergs, afferma), vitaeldr og heimili 2,200 innbúa.

Med þat, er Pillá stendr á, kalla menn fyrir sakir sagnar vidsiónis, velyrktra aldingarda, ardsams fiskiafla og dýraveida og forkunnarligra ipstilunda, ena prussnesku Paradís.

Nordast í landinu er Memel (Memelium) á sandum miklum vid ós ens Kúriska-hafs; þar er mikill kaupskapr, heimili 6000 innbúa, kaupmanna-samkunduhús og skipabygging.

Í Frúarborg (Frauenburg) vid hit friska haf, stendr dómkyrkia nokkr afarhátt, hvar hinn nafntogadi stiornuspekingr Nicolás

Digitized by Google

Copernicus, er deydi 24 Maji 1543, liggr grafinn en þá er þar hat hús at finna, er hann bió í. Vid prussisk-Eylá (Gilavia Borussica) stód mannskiæd orrusta millum Frakka og Rússa, 7da og 8da Febr. 1807. Skamt þadan er Fridland (Friedland), þar vann Napoleon keisari mikinn sigr á Rússum 14 Juni sama ár. Vid ána Tilsit, er hún fellr í Memel, er allmikill kaupstadr, er Tilsit (Chronopolis) heitir, med 9100 innbúum, þar gierdu Frakka-, Rússa- og Prussa-einvaldar frid sín ámillum þ. 7da og 8da Julii 1807. Sunnar er Insterborg, austar Gumbinn og sunnar Angerborg vid Maurfló, samt Bránsberg fyrir vestan Eylá.

2. Vestr-Þrussaland

(Vest-Preussen) fyrrum Ermaland; þat liggr vestar og er 508 ferh. m. at stærd; þar eru þessir stadir: Elbing (Elbinga) fyrr. Hlsing, bygd 1239 vid samnefnda á; þar eru 20,000 innbúar. Sudvestar er: Marjuborg (Marienburg; Mariæburgum), í frióssomu héradi vid asfallan Nogat, yfir hvorn liggr 539 fóta laung trébrú; þar eru 7300 innbúar. Í stad þessum, er bygdr var 1302 høfdu hermeistarar enna þýdsku riddara atsetr sitt og má enn sjá eptirstodvar af høfgordi þeirra. Sunnar er Mariuverder (Marienverder; Insula Mariana) vid Weikfel; þar er hin mesta dómkirkja í Prussaveldi og heimili 5100 innbúa. Gráden z (Graudenz); sunnar er vid sama fljót, skamt þadan, er rammligr kastali, er vardist drengiliga 1807; þá Culm (Culmia), skamt

Digitized by Google

frá Veikſel, og Thorn (Thorunium) við ſömu á auſtanverða; þar er nafnfrægr háſkóli og heimili 3900 innbúa. Þar er hinn fyrrnefndi ſtiornuſpekingr Nicolás Copernicus fæddr (19da Febr. 1473).

Dansvik (Danzig; Dantiscum, Gedanum), á Veikſels veſtri bakka, 1 m. frá Eyſtra-Salti, er einhver hinn markverkaſti kaupſtaðr við Eyſtra-Salt, og hvergi er í Prúſſaveldi ſvomikil tilſigling, ſem þar. Þar eru 21 kyrkia, 2 háſkólar, miargir verkſtaðir og vöruvirki og heimili 47,000 innbúa. Staðrinn er umgirðr með rammligum varnarvirkium allumeginn; hefir hann og ſætt langgiæfum umſátrum og grimmum herhlaupum og ávalt varizt vel.

3. Pommern (fyrr. Vindland)

fyrir veſtan ſiðſtéð land og ſtrandlengiu við Eyſtra-Salt ſunnanverðt. Þat land ſkiptiſt fyrr. í Auſtr- og Veſtr-Pommern (Auſtr- og Veſtr-Vindland; Bag- og For-Pommern). Þat land er 582 ferh. m. at ſtærð; þar eru helſtir ſtaðir: fyrir veſtan Dansvik er Stolpe, fyrr. Stolps, auſtaſtr ſtaða í Auſtr-Pommern, við ſamnefnda á, í hverrar ós er hafn bærmanna. Þar ſmíða menn margkonar ſmíðisgripi af rafr. Veſtar er Rugenvalde, ſkamt frá Eyſtra-Salti, þar dó Eyrikr af Pommern 1459. Suðnar og veſtar er Coslin, undir fiallshlíð, 1 mílu frá Eyſtra-Salti, með 3700 innbúum.

Digitized by Google

Westar, við ána Persante, er rammlega kastali, er Colberg heitir, með 7000 innbúum, er vaskliga hafa varist fyrir allmorgum umsetrum og herhlaupum; við sömu á er lítill staðr, er Belgardr heitir, líkliga hinn forni Balagardr. Í sudr þaðan er Stargardr eðr Nhi Stargardr við skiplæga á, er Ina heitir; þar er háskóli og 8500 innbúar. Fyrir vestan Colberg er Cammin (Caminum), þar er dómkyrkja og klaustr fyrir aðalsmanna dætr. Stettin (Stettinum) er sunnar; þat er sterkr kastali á vestri bakka Oddorsár, sem þar skiptist í 4 qvíslir, yfir hvorjar liggja brýr, allar samt 759 skref á lengd. Þar eru 2 háskólar, hofgardr, 10 kyrkjur og margskonar verkstaðir og vaðvirki og líkneski Friðriks annars. Þar er og mikill kaupskapr og hérumbil 1000 kaupfor heimsækja árliga hafn þessa. Staðarmenn eru 22,000 at tolu, er hafa 160 skip í sorum.

Í útvestr þaðan er Pasevalk, við ána Ucker, með 4000 innbúum, og í sömu átt þaðan Anklam (Anclamum) með 5700 innbúum; þar er mikil kaupverslun.

Eyar þær, er Usedom (Usedomia) 7 ferh. m. og Vollin (Vollinia) austar, 4½ ferh. m. at stærð, liggja milli Eystra-Salts og ens stettínska eðr fríska-hafs og skilr þar ós mikill úr því eðr sund, er Svínasundi (Svína) kallast, af hvorju staðr nokkr á Usedom austanverðri tekr nafni; þar er góð hafn fyrir stórskip, er mega þar leggja farminn er til Stettín skal flytja. Á tédri eyu er Usedom, með 1100 innbúum. Fyrir nordan Usedom er Svoldr, þar barðist Olafr Tryggvason Á eyunni Vollin er samnefndr staðr, við Divenow, með 2400 innbúum. Í 6 m.

Digitized by Google

borg, sem er harla nafnkend í fornsögum, meina margir fróðir menn at staðit hafi á Usedom, hvar sumir segia, einnin hinn mikla stað Júlín (Vineta) verit hafa, er á 10 og 11 síd var voldugr verslunarstadr; en þýskir ritsmíðir andmæla því og hafa fyrir satt, at hinn litli býr, Wollin, á samnefndri eyu, sé bygdr áaurmáli eins forna Júlíns.

Greifsvalde eda Gripsvalde (Gryphisvalda) vid skipaléga á, er Ryck heitir; hár er þiódskóli, stiptadr 1456 og heimili nær 6,000 innbúar. Nordar er:

Stralsund, fyrr. Stræla (Stralesundia), vid sund þat, er Gellen kallast og skilr eyuna Rý og meginlandit; stadr þessi, sem er giorr á gamla visu og er ollumegin umflotinn, en samtengdr meginlandi med brúm, var sterkr kastali; þar er góð skipalega, skipulig vodvirki og verkstadir og allmikil kaupverslun og 15,000 innbúar. Barth nordar og Wolgast, fyrrum Valagust, sunnar, enn Stralsund, eru ei alllitlir kaupstadir. Þessir 4 sídstnefndu stadir liggia í þeim hluta lands þessa, er kalladist til 1814 hit svenska Pommern, undir hvort einnin lá, sem nú, allmikil ey í Eystra-Salti, er:

Rugen (Rugia) heitir, fyrr. Rý eda Rø; hún er 17 ferh. mílr at stærd og hefir 26,600 innbúa; menn hafa skipt henni í 3 parta, nefnl. ena svo kolludu Ey, skaga þann, er Jasmund kallast, hvorn eyd nokkr samtengir med Wittoff, og á skaga þann, er Monksgut heitir. Eyland þetta er 12 mílr í nt og sudr, en 10 í austr og vestr; þat er nær 400 fóta á hæd frá láflétru, og vida

Digitized by Google

eru á ſtrøndum þeſs, er hærſtar eru at nordanverdu, ſumſtadar herir og ſumſtadar ſkógivarnir kritarhamrar, er hafa ymisliga lagun tilſyndar. Hæſta leyti á eyunni er Rügarde, nálægt Bergen; en á Jasmundi er hit ſvokallada Stubbenkammer harla markverdt; þat er 543 fóta hátt þvergnypt kritarberg, og liggr uppá þat troppugángr med 600 troppum; efſt er hinn ſvokalladi Konúngsſtóll (Königsstuhl). Nordaſti høfdi á Vitoff kallaſt Arcóna (Arkún) (200 fóta hátt kritarbiarg), og er þat undireins nordaſti oddi Þýdſkalands; þadan má í heidvidri eygia kritarbergin á Mon, 7 mílr í útnordr. Ry er einka friófſamt land, en ſérlagi er á Vitoff forkunnar mikil kornſkéra. Akuryrkia, fiárrækt og fiſkiaſli eru almennuſtu atvinnuvegir eyarmanna, ſem fleſtir eru audmenn og gódir búhøldar. Á eyunni midri er merkaſti bær, er Bergen heitir, hann ſtendr ſvo hátt, at þadan má ſiá nálíga yfir alla eyuna; þar er heimili landsréttardómara og 1500 innbúa. Í nánd vid þorpit Sagard, á Jasmundi, haſa menn fundit málmdáhiada heilnæmis uppſprettu. Mikid dal állmargra adalligra ſtórgarda og jardeigna á eyunni, er Putbus einkar markverdr, hann er ſamnefndr ættlegg þeim, er á hann og telr ſig kominn af høfdinginum þeim, er í forntid høfdu forrád á eyunni. Hedinsey er ſkamt frá Ry.

Á fyrri øldum bygdi ſlaviſk ættkvíſl edr Vindar eyuna, er leingi héldu vid heidinndóm og vóru illkunnir ſióreifarar og ſtiædir vodagéſtir í þeim ſundum, er liggia umhverfis Eyſtra Salt. Múnkar frá Corvey bodudu þar rétta trú (medal þeirra St. Vitus),

Digitized by Google

fengu ekki afgiserdt. Danakonúngar eitu um lánga hríd grátt sitr vid ræningia þessa og 1136 vann Eyrikr Emundr eyuna. 32 árum seinna gierdi Valdemar hinn 1sti út leidángr þángat, lagdi undir sig eyuna, braut í grunn Arcóna, höfudborg eyarmanna og heimili afguds þeirra, er Svantevit hét, og kristnadi landit, var þá nokkr hluti eyunnar lagdr undir Hróarskeldu biskupsstól. Seinna brutu Vindlands hertugar hana undir sig en tóku hana þó 1359 at léni af danakóngi, uns Eyrikr af Pommern gaf hana 1438 ættmanni sínum, hertuga nokkrum rommerskum. Sídan vóru ymist Dana- edr Svía konúngar eignarmenn eyunar uns danskonúngr hlaut hana ásamt Austr-Pommern 1814, er afsalaði sér þau Prússakonúngi í makaskiptum fyrir Láenborg, sem fyrr segir.

4. Posen.

Þat land ligar fyrir sunnan Vestr-Prussaland og er þat nokkr hluti ens forna Pólinalands, þat er 594 f. m. at stærd. Þar eru þessir stadir:

Posen (á pólsku: Posnan; Posnium) mittlands og vid Varta vestanverda. Umhverfis borg þessa liggia tvöfaldir virkisgardar og síki tvö; þar er slot á ey í tédri á, 24 kyrkiur, 13 klaustr, 1 háskóli og 25,000 innbúar, ásamt höldalidi og 4500 Júdum og biskupsstóll, sá var hinn eldsti í Pólinalandi, er Otto keisari 1sti med því nafni, stofnadi. Í andverdu var þat biskupsdæmi Magdaborgar erkibiskupsstóli undirgéfit, en var seinna laut undir hinn gneskska erkibiskupsstól. Austar er Gnesen (Gnesna), fyrr. höfudborg í enu stóra Pólinalandi, nú heimili kathólsks erkibiskups og höfudstólsbiskupa-

Digitized by Google

réttar og 4500 innbúa; stadrinn stendr á slétt-lendi millum stoduvatna. Erkibiskupsdæmit, er kent er vid stad þenna, stiptadi keisari Otto hinn 3die árit 1000.

I dómkyrkiunni er legstadr hins helga Adalberts, er enir heidnu Prussar drápu. Boleslaus 1ste keypti af þeim lík hans og Sigismundr 3die lét honum gisra minnsvarda af silfri.

I nordr þadan er Bromberg á sondum nokkrum, hiá vidkendu siki. Frústadr (Fraustadt) og Ravicz eru allfiolmennir stadir skamt frá Slesiu takmorkum. Bœarmenn eru flestir þýdskir at ætt. I Lissa, fyrir nordan Frústad, eru vodvirki mikit og 9100 innbúar.

5. Hertugadæmit Slesiuland

(Schesien) nl. hinn prussiska hluti lands þessa, ásamt greisadœminu Glaz og þeim hluta Ystu-Lásitz, er tilheyrir Prussaveldi; þat er 746 f. m. at stœrd og liggr þat í landsudr og útnordr imillum Risafialla hit vestra og Pólinalands. Þar eru þessir stadir:

Breslá (Breslau, Wratislavia), hofudstadr í landi þessu, er liggr í landsudr frá Berlin, vid Oddorá; stadrinn samanstendr af enum forna og nýa stad og 5 forstodum; þar eru 32 kyrkiur, kathólsk þiódskóli (Viadrina) stiptadr 1702 med allmiklu bókasafni (100,000 bindini) og 370 stúdentum, ráduhús, kaupmanna-samkunda, hertýahús, 3 háskólar,

Digitized by Google

22 skólar, 14 allmenn bókasøfn, og, auk fleirt prentverka, hit bartska, sem er eitthvert hat mesta í Prussaveldi. Stadrinn var viggirdtr uns menn brutu varnargirdingarnar 1814. Breslá telst medal Þýdskalands mestu verslunarstada og er har alt megin varnings Sleſiumanna samankomit, nl. lín, lerepti og les; árliga eru har 2 alþiódligir markadir. Innbúarnir eru 62,700, medal hvorra eru 4200 Júdar.

Í sudvestr hadan og vid Risafiall stendr rammliga viggirdtr stadr, er Sveidnitz (Schweidnitz; Svidnitium) heitir, í forkunnar fogru landspláísi; har eru 8300 innbyggiarar. Undir hærsta hnúk nesndra fialla (4950 fóta) er Snækoppr (Snekoppen) kallast, stendr Smidiuberg (Schmiedeberg), har eru merk bleikingarverk. Silberberg er bergstadr med 1500 innbúum og samnefndr fiallkastali skamt hadan, sem er útheggrinn í klett og eru síki grafinn umhverfis 70 fóta á dypt; í múrunum eru 3 radir kanónuklallara eda bása; brunnr er har heggvinn í bergit 120 fóta diúpr. Kastali hessi er afar rammligr og géta har rúmast 5000 holdalids (Garnison). Hirschberg eda Hiartarberg (Cervimontium) og Jauer, vid Risafiöll og straumharda á, er Neisse heitir, eru allmiklir kaupstadir, í vestrátt frá Breslá. Oels (Olsna) vid Oelsá er hofdingiasheimi í í furstadæmi því, sem kennt er vid Oels og Bernstad, fyrir austan Breslá, og tilheyrir Brúnsvíkr hertuga; har er hin Cospo-

Digitized by Google

thiſka uppfræðingar-ſtiptan, ſem er einhver hin merkaſta í Sleſiu. Sunnar og vid Oddorá ſtendr Oppeln, þar er háſkóli og heimili 3500 innbúa. Veſtar er Neiſſe vid einsnefnda á; þar er furſtagardr og 12000 innbúar. Sydſt í landi þeſsu er Ratibor (Ratiboria); þar eru 3800 innbúar, og mælir allr þorri þeirra pólſku. Fyrir nordan Jauer er Lignitz (Liegnitz; Lignitium) med 10,000 innbúum; þar er háſkóli og markverd uppfóſtrunar ſtiptan og hafa ſleſiſkir adalsmenn þar forrétti. Nordar er Mikla Glogá (Groz Glogau) feſting nokkr vid Oddorá med 9500 innbúum.

Jarlſdæminu Glaz (Comitatus Glasiensis), ſem er 29 ferh. m. at ſtærd og hvervetna umgirdt ſkógivoxnum fiallum, er ſammefnd og rammliga viggirdt höfudborg, vid ána Neiſſe og imillum tveggia hárra fialla, ſtendr ſorn kaſtali á odru en nýr á odru og má veita vatni yfir alt láglendit millum fiallanna; þar eru 7000 innbúar.

Í þeim hluta af Efri Láſitz (Lausitz) er liggr undir Pruſſaveldi, er ſtadr ſá, í einka fegru héradi, er Görlitz (Gorolitium) heitir, med 8600 innbúum. Á kletti þar ſtendr hin fegliga Petrs- og Páls-kyrkia, í hverri er einkar mikit organ. Sunnar er Lában (Laubana) med 5000 innbúum.

6. Brandenborg (fyrr. Pálmaland) fyrir ſunnan Vindland; þat er 664 ferh. m. at ſtærd; þar eru þeſsir ſtadir merkaſtir:

Digitized by Google

Berlín (Berolinum; 31° 2′ 30″ austl. l. og 52° 31′ 14″ nordl. br.), þat er höfuðborg í Prúsaveldi og einvalds-heimili, samt atsetr æðstu stiórnarráða ríkisins, á sendnu flatlendi og báðumegin árinnar Spre; hún er bygð 1163 og er einhver hinn skrautligasta í Evropa og 4 mílr ummáls; í henni eru yfir 7000 hús, 34 brýr, 22 torg, 27 kyrkiur, 15 hlið, 4 forstaðir og heimili 174.000 innbúa, þar er þiódskóli, 5 háskólar, og margir skólar fyrir ýmsar vísinda- og íþróttá-greinir, morg spítol (medal hverra: La Charité) og ýmisligir spítalar fyri fátæka og hruma, uppfóstrs-skólar fyri blindfædda, samt heyrnar- og málausa; allskonar vodvirki, vefnaðarstaðir og verksmiðiur, er náð hafa miklum algiorleika. Merkustu byggingar þar eru: konúngsgarðr með kiorgripasafni, hertháhúsit, lystileikahúsit, þiódskóla-byggingarnar, stiornuturn, dómkyrkia, í hverri er legstaðr allmargra konúnga o. s. fr.; fyrir utan borgina er dýragarðr, einhver hinn nafnkendasti á Þýðskalandi og skamt frá henni er býr, er Charlottuborg heitir; þar er kongligr lystigarðr og heimili 3400 iunbúa.

Potsdammr (Potsdam; Bostampium), í útsuðr frá Berlín, við ána Havel; þar er konúngsgarðr, ráðhús, áheckt ráðstofa

unni í Amsterdam, 6 kyrkiur (í einni þeirra er legstadr Fridriks 2ars og fódr hans) skotfæra-smidia og 18.000 innbúar. Í nánd vid bæ þenna er konungsgardr sá, er Sanssouci (Rauna ró) kallast; þat var unadsamasta heimili Fridriks ens 2ars. Vestar er Brandinaborg (Brandenburg), bádumegin Havelsár; þar er dómkyrkia, riddaraskóli og merkir vefnadarstadir og 10.600 innbúar. Nordar og vid ármótinn, hvar Havel og Spre renna samann, stendr kastali sá, er Spandá (Spandau; Spandavia) heitir, med 6000 innbúum; þar er prísund fyrir þá stórglæpamenn, er sekir eru vid land og lýd. Nordar er Ny-Ruppin vid samnefndt stódvatn, med 4700 innbúum og háskóla. Í landsudr frá Berlín er Frackafurda vid Oddorá (Frankfurt an der Oder; Francofurtum ad Viadrum); þat er mikill kaupstadr; ýfir 2000 kaupfor fara framm hiá stad þessum á ári hverju og í honum eru árliga 3 fiolmennar kaupstefnur; þar erú 12,000 innbúar. Skamt þadan er þorp þat, er Kunnarsþorp (Kunnersdorf) heitir, nafnkénduat af bardaga 1759 millum Prussa og Rússa. Nordar vid téd fliót er Kustrín (Custrinum); þat er rammliga umgirdr stadr á mýrlendum grundvelli; þar eru 6500 innbúar.

7. Saxen (Sachsen).

edr sá hluti Saxlands, er 1814 var numit af Saxakonungs riki, og lagt til Prussaveldis, auk annara landsálfa, er ádr heyrdu Prussariki.

Digitized by Google

tíl. Land þetta er 463 f. m. at stærd, og liggr fyrir vestan síðsitéd skattland; þar eru þessir staðir:

Magdaborg (Magdeburg), í suðvestr frá Berlín, á flötum við Elfuna, er þar skiptist í 2 qvíslir, eda Saxelfur. Borgin er rammliga umgirdt og bygd á gamla vísu; þar eru 24 kyrkiur, medal hvorra er forn og veglig dómkyrkia, gjörr á gautskan hátt, í hennt eru 46 súlurn og klukka, sem vegr 332½ vætt. Þar er kastali á hólma í Elfunni, hertýahús, háskóli (Lyceum) og 32,000 innbúar, er iðka mikg kaupverslun.

Á torgi nokkru stendr líkneski Otto keisara ens mikla, er sat í borg þessari og ann henni mikg; hann lét víggirða hana og gjöra téda dómkyrkiu, í hvorri lík hans liggr

Sunnar við Elfuna er Skonebeck; þar er saltverk mikit, er 1000 verkamenn vinna at; þadan kémr árliga 750,000 vættir salts. Vestar er staðr sá, er Halberustadr heitir, er fyrr. var höfudborg í sameinudu furstadæmi; þar er slot, háskóli, 14 kyrkiur, medal hvorra er forn og mikil dómkyrkia (412 fóta á lengd og hit innra 94 fóta á hæð, med 2 turnum og 32 súlurum) og 13,700 innbúar. Sunnar er Qvedlingborg, fyrr. höfudstaðr í einsnefndu ábótadæmi, med 11,000 innbúum; þat er forn býr við ána Bodá. Skamt þaðan stendr hinn forni ábótagardr á fialli nokkru; í stólskyrkiunni er legstaðr Hinriks fuglasángs

ara. Í landsudr þadan er Halle eda Saxahøll (Hala Venedorum), vid á þá, er rennr í nordr, fellr í Saxelfur og kallast Sale (Saale); býrinn er forn med mióum strætum og hlikkióttum; þar er þiódskóli, einhvor hinn nafnfrægasti í Þýdskalandi, stiptadr 1694, bókasafn (20,000 bindini), stiornuturn, kyrkia sú, er Mariukyrkiu kallast, hinn svokallaði raudi turn (268 íóta á hæd) og saltverk, er árliga gefr af sér 58,000 tunnr salts, at því vinna Hallórar (og eru þeir af Vindum komnir); bæarmenn veita vatni frá Sale í bunustokkum, 90 fótum hærri, en vatnit er í ánni, igégnum stadinn; þar eru 15,000 innbúar. Þorp þat, er Glaucha heitir má álíta forstad stadar þessa, þar er nafnkendr spitali fyrir fódurlaus born, stiptadr af A. H. Franke. Sunnar er Merseborg (Merseburg; Martisburgum) vid sömu á, med 6000 innbúum. Skamt þadan er lítill býr, er Lutzen heitir, med 11.00 innbúum.

Þar bardust þeir Gustafr Adólfr og Wallenstein, hersforíngi Þýdskalands keisara (6ta Novbr. 1632) og unnu Svíar sigr, en Gustafr fell þar, konúngr þeirra. Þar stendr nú steinkross, umgirdtr gródrsettum þyrnitrám, er hann fell.

Vestar er Eisleben vid 2 stöduvötn, med 5200 innbúum. Þar fæddist Marteinn Luther (10 November 1483). Í húsi hans hefir um langa æfi skóli verit fyrir arbyrg úngmenni, hvar menn hafa til þessa dags vardveitt hmsar leifar frá hans dögum, sem helgadóma. Í kyrkiunni þar er enn vid lidi sömu sá, er hann var skírdr í.

Digitized by Google

Í suðvestr frá Magdaborg stendr Wittenberg (Wittenberg; Witteberga, Leucopetra), við Elfuna, hvar ýfir hana liggr nærri 500 ál. á lengd; þar stiptadi kiørfurſti Fridrikr hinn viſi (1502) þiódſkóla, er lagdr var nidr 1817; ár 1812, 13, og 14 var þar herjkátt miog og leid ſtadr þeſsi mikinn ſkada. Sama ár (o: 1817) bygdu menn 2 forſtadi, ſinn hvorium meginn Elfunnar.

Í Wittenberg hóf Lúther, lærifadir í Guddóminni við þar þá verandi þiódſkóla, þann 31 Octb. 1517 ſídabótina og giordi heillaſamt frumhlaup á pafaveldi. Hann og Melanchton eru jardadir at ſlotskyrkiunni, í hvorri líkneſkis-málverk þeirra med fullum líkamsvexti, giord af Lúcas Kranach, einnin vardveitaſt til þeſsa dags; þau ſættu ſkemdum í ſídſtu umſátrum.

Sunnar er Annaberg á Annaborgarheidi; þar var kiørfurſti Johann Fridrikr, eptir bardagan við Mulberg, ſem er litill ſtadr ſunnar og við Elfuna, til fánga tekinn af herlidi keiſarans. Fyrir nordan Muhlberg og við Elfuna er feſting, er Torgá (Torgau) heitir; þar vann Fridrikr 2r ſigr á Auſtrikis-lidi.

Herfurda (Erfurt; Erfordia) er viggirdt borg á fríóſſomu flatlendi við Gerá, í útſudr frá Halle; þar eru 2 kaſtalar (Petursberg og Cyrialsborg), þiódſkóli, ſtiptadr 1392 (einhvor hinn eldſti á Þýdſkalandi, 2 háſkólar, 8 lútherſkar og einsmargar kathólſkar kyrkiur, medal

hvorra er Jomfrúr María dómkyrkia, sem er veglig og bygd á gautska vísu; í henni er merk klukka, er vegr 2750 fiórdúnga. Par eru 15,700 innbúar.

Langensalza vid Salsá; þar er brennusteinsbod og 5400 innbúar. Í vestr frá Halle er Nordurhús (Nordhausen; Nordhusia) í hlídinni á Harzfialli sunnanverdu og á fleirum fyrir nedan þat; þar er 7 kyrkiur og 9000 innbúar. Í sudr þadan er Mulhús (Mulhausen), þat er víggirdt stadr med fíkium umhverfis, vid á þá, er Unstrút heitir; þar eru 9400 innbúar. Sunnar er bergstadr, er Súla (Suhla) heitir, vid Thuringskóg; þar eru merkar skotvopna-smidiur og 6000 innbúar.

Í þessari landsálfu liggr greifadæmit Stolberg 7½ f. m. at stærd; þat er eign nafntogads ættbálks, er Stolberg kallast og greinist í tvo ættleggi: Stolberg-Stolberg og Stolberg-Kosla.

8. Vestpal (Westphalen).

nk. svokallat hertugadæmi, furstadæmin: Munster, Paderborn, Minden og Siegen o. s. fr. samt greifadæminn: Mark, Rovenberg, Tecklenborg og Linzen og fl. ásamt ýmsum herradæmum. Landsálfa þessi er 356 f. m. at stærd og liggr ímillum Hansrarikis og Niderlanda. Par eru þessir stadir merkastir:

Minden (Minda), vid Visará og nálægt enu vestpalisku porti (þat var fyrr. hofudstadr í samnefndu greifadæmi), þar er 600 fóta laung

Digitized by Google

steinbrú yfir ána, varnarvirki, 7 kyrkiur og 6600 innbúar.

Í fornöld hét borg þessi Vittekindsborg; en nafnit breyttist seinna, þá hun gjordist sameign Frakka og Saxa (Karlamagnusar undirsáta; þar af mindin d: mín, þín). Nordmenn kölludu hana Mundiuborg.

Sunnar er skrautligr stadr, undir fialli og bádumegin vid ána Lutter, er Bilefeld (Bielefeld; Bilefeldia) heitir, þar eru ágiætir línvefnadar-stadir og 6500 innbúar. Í sudþadan eru Poddubrunnar (Paderborn; Paderborna) vid ána Pader, er vellr upp af 3 uppsprettum vid vegg dómkyrkiunnar, hún ver svo ódum, at hún 20 skref þadan setr ýmsar mylnur í gáng; á sumrum er hún iskold, en í frósthvidri leggr af henni gufu mikla; í stad þessum er heimili biskups og 5500 innbúa. Austar er Höxtr (Huxaria), festing vid Visará, og skamt þadan í nordr Corvei (Corbeia nova), þar var fyrr. furstaligt Benedictina-ábótadæmi, stiptat af Ludvík keisara enum Fróma; setti hann þar munka frá því forna Corvei í Picardi (þadan kom Ansgarius, er fyrstr bodadi kristna trú á Nordrlondum og kalladist því Nordurlanda-postuli.

Munster (Monasterium, fyrr. Munsterborg) er merkr og allvel bygdr stadr, ei lángt frá Ems í útsudr frá Minden; þar er nafntogud dómkyrkia, er Karlamagnus lét giora. Á turni Lambertskyrkiu eru enn vid lidi 3 jarnbúr, í hverium 3 oddvitar Endurskiraranna, eptir grimdarfullan

Digitized by Google

dauddaga, vóru uppheingdir, heir hófu þar ríki, er þeir kölludu Zion (1533—1535). Í stadnum er mikill kaupskapr. Þar var nafntogadr fridr saminn 1648, er kallast hin vestphalíska sætt.

Nordar er: Steinfurt (Stenofurtum), í samnefndu greifadæmi, og enn þá nordar Reina, í furstadæmi, er Reina-Wolbeck heitir; nokkr hluti þess liggr undir Hansastaríki.

Fyrir sunnan Munster er Arensberg, á fiallt vid ána Rúr, er rennr í Rín. Vestar er Altena og Iserlón (Iserlonia), í hrjóstrugri fiallbygd, þar eru margskonar smidiur og vodvirki. Í útnordr þadan er Dortmund, viggirdr bær á gamla vísu. Í vestr þadan er Hamm (Hammona) og sunnar Soest (Susatum) og Lippstadr, skamt þadan, samt Sigen, sydst í þessum landsparti; þar eru jarnsmidiur miklar og smeltustadir.

9. Þrír landspartar: Julich, nordast, þá Cleve og Berg sydst.

Þeir liggia badumegin vid Rín og fyrir vestan sídstalit land. Þessar landsálfr er 243 f. m. at stærd. Þessir eru stadir þar:

Cleve (Clivia), skamt frá og fyrir vestan Rínú, frá hvorri gengr siki upp til bæarins; þar er háskóli og 6000 innbúar. Í landsudr þadan er Vesel (Wesalia), þar sem áin Lippe fellr úr austri í Rínú; þar er háskóli, kastali, hofn og mikil skipaferd og 8000 innbúar. Sunnar vid somu á er Duisborg (Tuiscoburgum

Digitized by Google

o: der deutschen Burg), þar er reformeradr þiódskóli, stiptadr 1655, háskóli 4000 innbúar. Sunnar er allmikill stadr vid ána Dusel (er þar renn úr austri í Riná), er Duſſelhorp (Düsseldorf; Düsseldorpium) heitir, þat er einhver hin fegurſta borg vid Riná; þar eru 5 kyrkiur, háskóli, stiornuturn og 20 000 innbúar. Fyrir veſtan ána og nokkut nordar er Crefeld, þar eru merkir silki-vefnadar-stadir og 7900 innbúar. Skamt þadan er Kempen med 3700 innbúum, þar er hinn nafntogadi Thomas à Kempis fæddr. Elberfeldt, vid ána Wipper, med 20,000 innbúum; þar er nafnkendir banda- og borda-vefſtadir og ýmislig vodvirki.

Hérad nokkurt edr dalr 2 f. m. at ſtærd, er Barmen heitir, vid téda á, er ſvo fiolbygdr at náliga má eitt borp kalla, er her og hvar greiniſt í þorp af allmiklum bleikíngar-dømmum; þar búa 24,000 manna, er vinna klædi, lín og lérepti. Á fialli vid nefnda á, er bór á med 9500 innbúum, er Solinga heitir, og er hann einka kunnr ſakir járn- og ſtál-smídia, ſem þar eru. Alſkonar ſmídis-gripi gisra 4400 verkamenn þar í 23 ſmídium á ári hverju af 16250 vættum járns og ſtáls; alleina korda- og dedda-branda af 3750 vættum, og kutia af nær 12,500 vættum. Til smída þessara þurfa menn árliga frá 87 500 til 100,000 vættir ſteinkola. Einnin eru í Remſkeid allmiklar járns-ſmídiur, í hverium menn gisra 800 ſlags ſmídis-gripa-tegundir af 112,500 vættum járns.

Fyrir ſunnan Duſſelhorp og vid Rin veſtanverda er Koln edr Kolnisberg (Cöln; Colonia Agripina), þat er mikill og merkr ſtadr nær ein míla

á lengd, fyrrum var hann frí ríkisstaðr og í samfélagi Hansastaða um hríð; þar er háskóli, 21 kyrkjur, medal hverra telst dómkyrkjan, bygð á gautskan hátt; hún er vandud miog at allri smíð og vegligt musteri, en ei fullgiør, þar allcina annar af tveimr turnum hennar, er til var ætlast at vera skyldu 500 fóta á hæð hvor um sig, at eins er hálfr bygðr. Þar er brú yfir téda þíódá til Deutz (Tuitium), sríhofn og ógrynni rínskvins samankomit; á 15 stödum gista menn þar hit nafnkénda, daungóda vatn, er Kolnisvatn kallast (á frönsku Eau de Cologne) (Ode Kolonnie); þar eru 50,000 innbúar, er eiga stór kaup vid Hollendinga.

Borg þessi er í suðverdu' bygð af þíód þeirri, er Ubiar hét og hafdi traust af Rómverium. Agrippína, drottníng Claudii keisara og módir Neróns keisara, er fædd þar og var hún því frumqvödull til at nýlendumenn (Colonia) flúttu þángat frá Rómaborg og kalladist því borgin upp frá því Colonia Agrippina, var hún, uns Frackar afmádu Rómverja veldi í því landi, höfudborg í Germania secunda. Árit 1577 fæddist hinn nafnfrægi málari Rubens í Kolni og má þar enn sjá fædurhús hans og smíðligt málverk (Postula Peturs þíðardauda) í St. Peturs kyrkju.

Fyrir sunnan Kolu og vid Rín stendr Bonn (Bonna) í allfagru landsplátsi, med 9000 innbúum; þar er heimili erkibiskups og furstans af Kolne og er þar í gardi hans háskóli. Zulpick (Tolbiacum), þar vann Klodó-

Digitized by Google

vik, stiftari eus ſfranska ríkis, mikinn ſigr á Allamonnum 496.

10. Nidur-Rin.

fyrir ſunnan ſídſtéda landsálfu og liggr meſtr hluti þeſs fyrir veſtan Rin; þat heyrdi fyrir fáum árum Frankriki til. Landspartr þeſsi er 394 f. m. at ſtærd. Þar er:

Acken (Achen; Agvisgranum; Aquæ; á fronſku: Aix la Chapelle), í veſtr frá Kolne, höfudſtadr, biſkupsſtóll og heimili landshöfdingia; þar ſátu fordum ýmſir Þýdſkalands keiſarar og vóru þeir jafnan krýndir þar í dómkyrkiunni, ſem er afargamul og bygd á gauſkan hátt. Á torgi einu í ſtad þeſsum ſtendr líkneſki Karls hins mikla; þar er háſkóli, 5 kyrkiur og nafutogud bod, af hvorium borgin hefir nafn tekit, og er þar manngvæmt mieg af heim, er leita bóta á meinſemdum ſínum; þar eru og vodvirki mikil, margſkonar veſſtadir og 27,000 innbúar. Fyrir ſunnan Bonn liggr Cöblens (Confluentes; á fronſku: Conflans), vid Rin, þar ſem áin Moſel fellr í hana; þar er ſteinbrú yfir Moſel, 536 ſkref á lengd, háſkóli, ſkrautligr hofgardr, auk annars hofgards í fegurſta hluta ſtadarins, er Clemenſtadr kallaſt, ágiæt piátur-ſmidia, hvadan koma allſkonar ſmidisgripir, er ſumir ſegia at beri af enſku piátur-

Digitized by Google

smiði og 11,000 innbúar. Nordar við Rín er Andernack (Antoniacum).

Skamt þadan er vatn þat, er Laachsiór (Laachersöe) heitir, þat er gygr mikill, hvar jardeldr hefir í forntíd brostit upp og brunnit; hat leggr aldrei.

Hérumbil 400 skref frá bænum Rense við Rín, mátti sjá (til 1814) hinn nafnkenda konúngsstol; þat var kringlótt hvelfing, af hoggnu grióti, er stód á 9 stöplum; hún var 8 álnir á hæd, en 40 álnir ummáls. Á hvelfingu þessari vóru 7 sæti handa enu 7 kiorfurstum, er þar komu saman til at kiósa keysara, þa þess, einhvorra orsaka vegna, ei var kostr í Frakkafurda við Myn (Chur-Verein, 1338).

Á hæd nokkurri við Thal-Ehrenbreitstein, gagnvard Coblentz við Rín, standa enn toptirnar af rammbyggdum kastala, er Ehrenbreitsteinn hét, (Castellum Hermanni) hann vardi tyrrtíd ármót.

Í austr frá Coblenz er Wetzlar (Wetzlaria), í kvos fimmum fjalla við ána Lan, er rennr úr landnordri í Rín; þar eru 4500 innbúar.

Kammerréttr sá, er hófst, þá Maximilianus 1ste, með því nafni, sat at ríkium, í Frakkafurdu við Myn (31 Octbr. 1495) og sídan fluttist til Spiru, var haldinn frá 1693 til 1806 (þá Pýzkalands þiódríkis stiórn leid undir lok) í Wetzlar.

Í útsudr frá Coblenz er Trier (Treviri; Augusta Trevirorum) við Mosel og í dalverpi millum tveggja vinfjalla, þar er háskóli með bókasafni (70,000 bind.), 8 kyrkiur, medal hvorra er dómkyrkia og hin afarforna Simonskyrkia; stadr þessi er hálf mila á lengd, en hefir allcina 13,000 innbúa.

Digitized by Google

Trir er ofargamul borg og kallir Rómverja keisarar sátt þar. Frá dögum Constantins ens mikla var hún höfuðborg í því landi er Rómverjar kölluðu Belgiaprima og undirgengt í enni veldandi prófecturu Galliarum, er Frankar brutu undir sig, 458 eptir Krists burð.

Fyrir vestan Köln er festing við ána Roer, er Julick (Juliacum) heitir. Burtskeið, þar eru allmargar laugar. Stólberg, þar eru margar járn- og kopar-smiðiur og brúkast þar árliga til smíðanna 31250 vættir eyrs.

Prússa-konúngr á einúnin at réttum erfðum Canton eda sýslu á Sveitzalandi, er Nýkastali, (Neufchatel) Nesstatel heitir, og síðar skal frásagt verða.

Loptslag í Prússa-ríki er yfirhöfuð temprat, og víðast er þar víðlíka heitt og kalt, utan í fiallbygðunum, hvar seinna sumrar, fyrr vetrar og veðrátta er kaldari, enn í enum láglendu héruðum. Við Eystra-Salt er óstöðugt veðráttufar; þar er vetrviðrasamara, hráslagafyllra og hóta þrásækiligri, enn annarstaðar í ríkinu; þó bæta sævindar nokkut úr þessum andkönnu. Á sumrum er þar optsinnis hiti mikill, en á vorum og haustum vetrviðri og hvass veðr.

Hinn syðri hluti ríkis þessa er auðugr af málmum og steintegundum, en hinn nyrðri: finst silfr einkum í Slesíu (árlega hérumbil 125 vættir), eyr, á ýmsum stöðum, sérlagi í greifadæminu Mannsfeld (árl. nær 25,000 vættir) og járn í allflestum landsálfum, ásamt arseniki (volsku salti) og vitrióli. Marmari finst í Slesíu Saxen og Miðríki, alabastr og mýkn-

Digitized by Google

steinar í Saxen; álún í Efra Láslitz og víðar, steinkol í Slesía og á Vestpali, kalk þvínær hvervetna, saltpetr í Slesía og Prussalandi, salt (úr saltlindum) þvínær í hvorri landsálfu (mest við Holl) hmiskonar gimsteinar í Slesía og rafr við Vinds- og Prussalands strandir, einkum í grend við Pillá. Margbreyttir heilnæmis brunnar og málmkynjadar lindir eru þar víða, en merkastar í Acken. Almennustu kornteg- undir vaxa þar hvervetna vel og mikil gnægð káls og matjurta einkum í Prussalandi, Sax- og Vindslandi, vínviðr við Rín og Mósel; þar er og mikill viðarvoxtr og víðlend mark- lond, einkum á Prussalandi (Johannisborgar- heidi er 12 milna löngr skógr) og á Vestpali (Tevtoborgarskógr), en qvikfjárhagar eru beztir á Prussalandi.

Af húsvonum dýrum er þar fioldi, t. d. hestar (2 milliónir), nautpeningr (7 mill.), saudfé (15 mill.), svín (4 mill.), geitr; asnar o. s. fr. Þessi villidýr eru þar: birnir, úlfar, refar, elgsdýr (þó fialdgæf), rádýr, dádýr, villisvín, angórisk silki-kanindýr, mordur, greifingiar. Við siávarsídu fángast selir og marsvín, og marg- konar fiskakyn í vötnum og fliótum, t. d. lax og styria.

Ei fer Prussa-veldis innbúum síðr at fiolmi í tilliti til handidna, verksmida og vöd- verka, enn nágranna þiódunum. Lérepta-gierd er mest og best á Slesíulandi og á Vestpali, einn- in knýplinga-vefstadir og bleiking lins og lérepta; í Berlín eru sérlagi bómullar- og silki-vefstadir

Digitized by Google

o. ſ. frv.; ſkipaſmiði við Eyſtra-Salts ſtrandir og uppi landi við fljótinn; járn- og ſtál ſmiðiur (einkum í Sleſia, Brandinaborg og í Vindlandi) og korda-ſmiðiur (í Spandá, Potsdammi, en ſérlagi í Soling) og porcellans-verkſtadir í Berlín o. ſ. fr.

Með því at hin lánga ſtrond við Eyſtra-Salt liggr vel við tilſiglíng og í riki þeſsu eru marg ſkipfær fljót, er ſumſtadar ſamtengaſt af grafnum díkum, og greidfærir þiódvegir liggia landshorna í millum, er þar hvervetna hægr varnings flutningr og kaupverſlun mikil og ardſom, ei alleina innanríkis, heldr eru Prufsar einnin í verſlunar ſambøndum við allflestar þiódir í Evrópa, ſamuleidis veſtr í heimi og á nordr-jadri Afriku. Uppi landinu er kaupverſlun meſt í Berlín, Kolne, Breslá, Frakkafurdu við Oddurá, Magdaborg, Minden, Bilefeld og Munſtr; en flest eru ſkip í forum frá og til Dansvikr, Stettin, Konúngsbergs, Colbergs, Stralſunds, Ilſings og Pillá. Þadan flytſt til annara landa: korn, lerepti, lés, porcellan, heſtar, vax, bik, tiara, pottaſka, timbur, mylluſteinar, ymisligt verkſmiði af járni, ſtáli og meſsing, ſteinkol, ledr og ſkinnavorur, ſalt, ávextir, raſr, berlinsblámi, o. ſ. fr. En þángat flytia kaupmenn: óhreinſat ſilkr, kaffe, vinſaung, oliu, silki, ull, óverkadar hudir, tyrkneſkt garn, grá voru og ſafala, tóbak, ſaltpetr, engelſk ſteinkol, lýſi, ſudrlanda ávexti, romm, hrisgrión ríe, kryddjurtir, brennuvín, engelſkt øl, o. ſ. fr.

Ei hafa allir þegnar Prufsakonúngs sina

Digitized by Google

trú. Hinn lútherska kristindom (sem eigiliga er þjóðtrú í ríkinu) játa innbúar Austr-Prussalands, Brandinaborgar og Vindlands; hin kathólska trú er í lag leidd í Posen, Nidrrín og á Vestpali; höfðinn í Slesíu, Saxen, Julick, Kleve og Berg er hvortveggja, bæði lútherskr og kathólskr; en enu reformerudu trú rækir konúngr og hirð hans. Oddvitar ens lútherska kénnidóms eru yfir-biskupar og biskupar (Generalsuperintendenter og Superintendenter), en hins kathólska: erkibiskupinn í Gnesen og biskuparnir í Breslá, Posen, Kulm og Munstr. Ei er þar amast við heim mormum, er aðra trú rækia, og eru því margskonar trúmenn í landinu, t. d. Grykkir, Mennonitar, Socinis anar, er allir hafa ótálmat trúarbragda frialsræði.

Avalt hafa Prussa einvaldar kostat kapps um at frama upplýsing og vísindi ídkun í ríki sínu; má því hiklaust hessa vel mentada kalla. Í stöðum og á landsbygdinni eru skólar góðir fyri borgara- og bænda-börn; látínuskólar og háskólar allmargir, skipuliga á stofn settri, og 8 þjóðskólar (medal hvorra þeir í Berlín, Hall, Konúngsbergi og Greifsvalde, eru taldir medal enna bestu í Evrópa); þar eru og margs konar brevtt og fræg vísindamanna félög og háskólar fyrir hersöfringia-efni, stiptanir fyri blinda málleysa og heyrnar-vana, skólar fyri grædara, dýralæknínga-skólar og almúgafræðara-skólar. Bókasöfn mikil eru í höfuðborgunum, medal hvorra hin konúngl. bókahlaða í Berlín er sú merkasta.

Digitized by Google

Prussaveldi er stiórnarfar einvaldsriki, er gengr í erfdir sso til frumborins manns sem konungr á vetna at aldri er konungr fullvedia til ríkisstiórnar og má hann játa sig til hvorrar stódtrúar hann vill, annathvort hinnar lútherstu, reformeruðu eda kathólsku. Medan konungsefnit ei er fullaldra til stiórnar, rædr eldsti kongborinn prins fyrir ríkinu. Eldsti kongssonr kallast prins af Prussalandi og Jarl af Mindlandi; hinir kongbornir prinsar kallast bornir Markgreifar af Brandinaborg. Í ríkis umrádum gengr ríkisrádit (Cabinettet, Statsraadet) konúngi til handa, ásamt 7 nádgiofum, medal hvorra er stiórt einsmorgum greinum landastiórnarinnar. Yfir hverju landsálfu (Provinds) er yfir-forseti (Overpræsident) settr, sem einnin er forseti í kranzmanna réttinum, sem haldinn er í hverri landsálfu. Skialdarmerki Prussaveldis er svart orn med randri krónu á hofdi á stiórnunni undirbordi.

Sex eru þar Riddara-ordnar, nl. a. svarta arnar-ordan stiptud 1701 af Fridriki 1sta. b. rauda arnar-ordan stiptud 1734. c. ordan pour la merite (e: fyrir forhiennustur), stiptud hermonnum til heidurs af Fridriki am 1740. d. hin konúngl. prussisku Johannita-ordu, stiptud 1812. e. járnkross-ordan, stiptud 1813 hermonnum til heidurs-auka, og f. Louisu-ordan, stiptud 1814. ahrunskrúngum til verdlauna og virdingar.

Adalsmanna-stéttin í landi þessu greinist í 2 flokka, nl. hinn hærri, í hverium eru furstar og stiórnandi greifar, og hinn lægri, í hvorum eru greifar, er ei eiga greifadæmi,

barúnar og adrir adalsmenn. Þó giora log enga greín á rétti flokka þessara. Hinir ædri kennimenn hafa jafnan einkarétt med adalsmonnunum, en eru heim fremri at tign og metordum. Borgarar taka flesta og mesta skatta; en eru eigi í ollum landsálfum jafnir at veittum einkarétti. Bændur serka ennþá vidast þungum kosti, einkum á Vindlandi og á Vestpoli, þó eru þeirra kiör vægri á jardeignum konungs, enn annara landsdrottna.

Herlid Prussakonungs skiptist í 3 hofudflokka, nl. hinn standandi her og landvarnarlidit (hvorttveggia til samans 250,000 manns) og landsforminni. Herlidinu eru ætladir 11 merkustu staðir í landinu til vistar, þó fridr er. Hverki hefir Prussakonungr herskip né skipalid. Í rikinu eru 14 festingar og varnarverki; heitra vr allra syr getit.

Inngiold Prussaveldis eru: hérumbil 40 milliónir rdlr. (gengr hklíningr þeirra til uppeldis herlidsins); þiódskuldin segia menn sé nær 400 milliónir gyllina, (er þar gánga 3 á 1 Rikisdal).

Manntalit í giorvollu Prussariki er 10 milliónir og 640 þúsundir (2132 á hverri ferhyrn. m.) nl. 2 mill. og 500,000 á hinu eiginlega Prussalandi og þeim pólsku landsálfum, en hitt í hinum þýdsku londum. Innbúar ríkis þessa eru bædi komnir af enum skandinaviska-germanniska ættstofni, og eru eiginliga þiódverskir at ætt; mæla þeir allir þýdska tungu, — og af henni forna Slafa-þiód, t. d. Vindar og Kasubar, vid Eystra Salt og í Slesía Pólakkar, Littáir, Kúrir, Lettir í Eystri hluta ríkisins. Sumir af þessum tala afbrugdit mál.

Digitized by Google

VI. Þýðskaland (Germania; Tydskland).

Þiódland þetta má kalla miðbik Evrópu; hat nær frá 44 mælistig til 55 í nordr og sudr, en í austr og vestr frá 22° 30′ til 36° 40′.

Í nordr nær Þýðskaland til Nordrsiáfar, Dannmerkur og Eystrasalts; í vestr til Niðra landa-ríkis og Frakklands, og í sudr til Sveissalands, Vallands og Feneyabaums; en fyrir austan hat liggr Króatia syðst, þá Ungaraland, þá Gallizíuland, þá Pólinaland og Prussaland nordast. Þiódland þetta edr hinna þýðsku sambands þióda land, er, ásamt Prussa veldi og Austurriki og at Holsetalandi, Lácnborg, Luxenborg, Slesiulandi og Illyria medtoldum, hérumbil 12000 serh. m. at stærð.

Leg og jarðvegr lands þessa er mieg margbreyttr. Fiallgardar tveir deila því í tvo hluti; kallast hinn nyrðri Nedra-Þýðskaland (Neder-Tydskland), en í fornsid Saxland, og er sá hluti flatlendr og fallalaus at kalla; og hinn syðri Efra-Þýðskaland (Over-Tydskland), fyrr. Þýðverskuland, og er hann allháleudr og fiallótter. Hit nyrðra vid sæ, einkum vid Nordrsiá, er landit svo lágt, at

Digitized by Google

menn hafa giort garda mikla nálægt sódare máli, at ei gángi sjór á land upp. Í fornøld var Þýdskaland nær alt ein mørk eda skóge, og er þar enn á døgum allmikit skóglendi, þó eydist hit um of á sumum stodum. Í Nordr-Þýdskalandi eru allvída heidar, vøtn og flóar og ógamikit land og allvída frjóssamt vid ár og vatnsfoll. Kiøll eru þar allhá og vída hárlendi snió og jøkli svo sumar sem vetur. Þau meirhattar medal þeirra eru:

1. Mundiafiøll (Alperne; Alpes) er liggia austr eptir Sudr-Þýdskalandi frá Helvetíu, nl. frá Grábundshiki um Týról til Austrríkis landamæris og Illyrii og kallast sá fiallgardr hin rhætiska ölpesiøll, svo austr um Austrríki og Styrium mørk til Ódenborgar í Ungaralandi, og nefnast þau hin nørdrisku Ölpesiøll. Greina af þessum hofudfiallgardi gengr landfidr inni Dalmatia, er kallast hin carniska og julíska Ölpesiøll. Í nordr liggia Allgáuölpar um Svafa- og Bæaralond. Saman hángandi þessum fiallgardam er fiall þat er Kalenberg (Mons Cetius) heitir, þat er 50 mílur at lengd og endar vid ána Saf í Krain.

2. Fikteriøll (Fichtelbierge; Mons piniferus) í nordvhluta Bæararíkis; þat er, midpartinn vanr þýdsku fialla og tekr nafn

af þeim afarmiklu grenis og furu-skógum, sem sem þar eru. Undan fiallum þessum falla 4 ár nl. Myn, Sale, Eger og Nab, og ut frá þeim liggia fiallgardar í ýmsar áttir, t. d. hin saxisku Erzfiöll í landuorðe millum Saxe-orikis og Bœheims; þau eru ásest við Sudeta-fiöll edr Risafiöll og hin mœrisku fiöll, og þessi aptr við Karpatafiöll; í landsuðr liggr Bœheims-skógr (Böhmerwald) á Bœaralands og Bœheims landamœri; í útnorðr þadan gengr Turingsskógr (Thüringerwald) og frá þeim Rhönfiöll (Rönbierge) í útsuðr og í suðr frá þeim fiall þat, er Spessart heitir og er áfast við 3. Myrkvið edr Svasaskóg (Schwarzwald; Sylva nigra) á Badens og Wurtenbergs-rikis takmörkum; fiallgardr þessi er skógivaxinn og allbrattr hin vestra, en at austanverðu er aðdragandinn meiri og þar hálsar og dalir. 4 Harzfiöll (Harzen; Silva hercinia) er hinn nordasti fiallgardr á Þyðskalandi; frá hvi gánga Wisarárfiöll, í hverium er hit svokallada vestpaliska port við Minden.

Um Þyðskaland falla 500 fliót og ár og eru 60 af þeim skipfœrar. Þar merkustu eru 1. Dunn edr Dóna (a. Diúpá) (Donau; Danubius, Ister) hat er hit annat mesta vatnsfall í

Norðurálfu heims. Upptsprettur hennar eru í Myrkvið; eykst hún bráðum af tilskreymandi vatnum og verðr skipfær við Ulm, 20 mílr frá upptökum hennar. Þjóðá þessi er 332 mil. at lengd og fellr í austr um Wurtenbergs-riki Bæaraland, Austriki, Ungaraland, og Tyrkland og framhiá morgum og merkum borgum og kémr loks til sjáfar úti Svartahafit. Hún er afardiúp og straung og víða, einkum há austr eptir dregr; svo breið, sem fiærðr. I henni eru stórar og fagrar eyar t. d. Lobá við Vinarborg og litla og stóra Skut í Ungaralandi, og klettar og sker, svo skipaleiðin á henni er allvíða skipuð torsærum. I hana renna 120 ár, af hverium 30 eru skipfærar. 2. Rin eðr Ninár (Rhinen; Rhenus) hat er þiódá mikil, er kémr frá Sveitzalandi og fellur í nordr á Frankaríkis og Þydskalands landamæri, um Holland og úti Englands haf. Hún er 140 mílr at lengd. 3 Saxelfur eðr Hamborgarelfa, (Elben; Albis) hún fellr undan Risafiollum rennr alla leið í útnordr um Bæheim, Saxaríki og Prussaveldis landeignir, og kémr til sjáfar út í Nordr-sæ. Hún er 130 mílr at lengd. 4 Oddersá eðr Oddsá hennar er áðr getit. 5, Wisará, (Veser; Visurgis) hún verðr af 2 ám, er Fulda og Werra heita, og rennr um Hannofraríki í Nordr-sæ.

Digitized by Google

Á Þýdskalandi eru marg vatn, en flest ei allstór. Þau stærstu eru í sydri hluta þess edr á Þýdverskulandi, fyrir sunnan Dunn. Er þeirra mestr Bodens-sjór, eda Bodinvatn (Lacus Bodamicus) einnin nefndr Costnitz- edr Bregenz-sjór og almennt kallaðr hit þydska haf. Hann er á sudvestr takmörkum téds lands og liggia ad hönum Badens, Wurtenbergs, Bœaralands Tyrols og Helvetiu-ríkis landeignir. Hann er 16 mílur at leingd og 4 at breidd og er á ymsum stodum 350 fadma djúpr.

Auk þess hluta Prussaveldis, er liggr innan Þýdskalands takmarka og sem fyrr er frásagt, og Austr-ríkis, er sídar skal getit verda, er þiódland þetta greint í 4 Konungs riki, 1 Kiurfurstadœmi, 6 Stór-hertugadœmi, 8 Hertugadœmi, 2 Furstadœmi og 1 Landgreifadœmi, og skal hér fyrst lýsa kóngsríkunum og svo hœriu riki af odru.

I. Bœaraland (Baiern; Bavaria).

Þat liggr fyrir vestan Austr-ríki og Bœheim og fyrir utan Wurtenbergs-riki, Baden og Hessen-Darmstad; fyrir nordan þat liggr Kurhessen og hin saxnesku hertugadœmi, en Týról fyrir sunnan. Landit liggr imillum 47°

Digitized by Google

20' og 50° 40'. Auk þessa tilheyrir riki þessu landspartr nokkr við Rinâ vestanverða og í milli um Frakklands, Niðr-rinár og Darmstadar landeigna. Bæararíki er 1480 ferh. m. at stærð. Nordmenn kalla þat Beiara- og Byiara-land.

Miðbik lands þessa er ein alvidlend og frjóssom slétta; hit syðra liggr grein af enum norisku Mundiufiollum og hit nyrðra í lande inu Fiktelfiollin, sem eru áfast við Frakka og Turings skóga og Erzfiall í landnordr. Spessart er skógivaxit fiall milli Byrzborgar og Askaffenborgar.

Ur vestri í austr fellr Dunn um Bæarsland. Í þióðá þessa renna allmargar minni ár, medal hvorra má telia 4, er koma úr sudri, nl. Inn austast, í hana rennr Salza frá Thról, þá Isar, þá Leck og Iller vestast; og 3 er falla úr nordri, nl. Regen austast, þá Nab og Altmul vestast.

Riki þessu skiptu menn 1817 í 8 kredslond, sem kend eru við Isar, Nedri Dóná, Regen, Efri Dóná, Rezat, Efri Mœn, Nedri Mœn, og Rin. Þessir eru hinir nafnkendustu stadir fyrir sunnan Dunn: Munken (München; Monachium; 48° 9' 12'') hat er hofudborg í þessu landi og heimili konungs og stiórnarráðanna og erkibiskupsstóll, á sléttlendi milli tveggia hæða við Isará. Hún telst ámedal enna fegrstu borga í Evropu; eru hat margar og

Digitized by Google

skrautligar stórbyggingar, t. d. hinn konúngl. hofgardr med ágiætri marmara troppu, Frúar kyrkia med 24 kapellum og 30 alturum, bókastóll mikill og málverkabúr, 2 lystispilahús og 60,000 innbúar. Nymfaborg og Sleifheime eru lystistot í grend vid borgina. Nordaustar vid téda á stendr forkunnar fagr stadr, er Landshútt heitir, har er biódskóli, (er hángat var flutter frá Ingólfsstad 1800) Marteinskyrkia med 454 fóta háum turni — og heimili 8000 innbúa. Jaustr hadan stendr Passa, (Passau; Batava Castra) vid ármótinn, hvar Jan rennr í Dunn, har er biskupsstóll og veglig dómkyrkia. Jútnordr frá Munken er Augsborg fyrr. Austborg (Augsburg; Augusta Vindelicorum) vid ána Leck; hat er mikil borg og viggirdt; har er rádstofa svo skrautlig, at ei er hennar jafni á Nyskalandi at segurd og mikilleik, í henni er salr er kallast hinn gullni; veglig dómkyrkia, og biskupsgardr, (har seldu lútherskir trúmenn af hendi trúarjátning sina Karli keisara hinum 5ta, 1530); har eru og verkstadir margir og vodvirki og afarmikill kaupstapr — og 30,000 innb. Fyrir nordan Landshútt er Regensborg (Imbripolis, Ratisbona) vid Dunn og ána Regenz; hessi borg var fyrrum hofudstadr í

Digitized by Google

Bæaralandi, síðan frí ríkisstaðr, hvar háð var hit þýðska allsheriarþing frá 1654 til 1806. Borg þessi er umgirðt með múrum og síkium, en ei er hún fögr; merkasta bygging þar er hin forna ráðstófa, er fyrrum var þinghús, og nafntogud steinbrú; þar eru 19000 innb. Vestar er Ingólfsstaðr með Dunn með 5000 innb.

Fyrir nordan Dunn eru þessir staðir merkastir: Núrnberg (Norimberga) báðumegin við á þá, er Pegnitz heitir. Þat er mikil borg og umgirðt af tvöföldum múr og djúpum síkium umhverfis; þar eru margar háreistar byggingar, og eru þær audugar af fágiætum málverkum og smíðarsmíðum; þar eru og margar bókhlöður og kiörgripasöfn, 2 landkorta prentverk og margskáttadar smíðir; þaðan og frá nærliggiandi bygdarlagi flytst ofurgrúi margskonar vörusmíðis og barnaglingurs (Nürnberger-Kram) víðsvegar um heim. Þar eru 30,000 innb. Í nordr þaðan er Bæraut (Baireuth) þat er allfjálglig staðr með 10,000 innbúum. Í vestr þaðan stendr einhvör hinn fegursti staðr í þessu ríki í forkunnarfögru héraði, er Bamberg (Bamberga) heitir, þar er veglig dómkyrkia bygð 1110 á gautska vísu og erkibiskupsstóll og hofgarðr mikill. Í grend við staðinn þenna er ágiæt kálgarðarækt og flytst því þaðan afar-

Digitized by Google

mikit kálfra. Vestar er Wyrzinborg edr Wurzborg (Virseburgum, Herbipolis) í fogrum dal vid Mön; borg hrsi er viggirdt og hverfetna umkringd af vinvidi-vornum hædum; har er biskupsetr, einkafagurt slot, dómkyrkia, kathólskr hiódskóli (stipt. 1582) — og heimili 21000 innb. Imillum Nyrnbergs og Wurzborgar er Erlang (Erlanga) skrautligr stadr vid á há, er Pegnitz heitir; har er protestantiskr hiódskóli (stipt. 1743) og 9500 innb. Ansbacki edr Onólfsbacki (Onoldium) med 13000 innb. Svabacki, (Schwabach) vid samnefnda á og Nordling (Norelinga) og fl. eru nafnkendir stadir í hessu landi.

Í heim landsparti, er liggr undir Bararíki, fyrir vestan Rín, er Spira edr Spiruborg, (Speier; Augusta Nemetum, Spira, Noviomagus) stada merkust, var hún fyrr. frí ríkisstadr; har er afargomul dómkyrkia, í henni eru legstadir Henriks hins 4da og 7 annara keisara og 3 keisaradrottninga; har eru 6000 innbúar. Vestr frá Spiru er Zweibryggia edr Tvíbryggia (Bipontum) med 6000 innb. har hafa at komit allmerg fornaldar smídirit, og eru hau kénnd vid hit latínska nafn stadar hessa. Sudr frá tédum stad

Digitized by Google

er Landá, (Landau) hat er kastali hins hýdska samkands, med 4000 innbúum.

Einka blída og heilnæmt er loptslag í Bæara-ríki, nema í fiallbygdum þess, hvar vindar eru napr ir og vetr strángr og lángr.

Í landi þessu finnst gull nokkurt, silfr, quikasilfr, eir, jarn marmári, alabastr, steinkol, salt mikit og málmdámadar uppsprettr. — Þar eru einnig skógar allmiklir, allskonar sádland, vínvidr, áv xtir, humall og hampr. — Nautpenings, hestar, kyngodt saudfé, mikill fiolldi svína, villidyr allmorg, gód biflugnarækt, fiskiveidar og perluskelsar.

Innbúar landsins eru 3 mill. 460 þús. at tolu, mæla þeir 3 málískur hýdverskrar tungu, nl. ena bæarísku, frankísku og svabísku. Þeir leggia alkvendiliga stund á markskonar vedvitki og verksmidiur og fá ord sýri starfsemi; eiga þeir kaup mikil vid nálæg riki, sérlagi vid Austr-ríki, Sveitzaland og Frakkaríkid vid Mýn, létta heim skipfærar ár (einkum Dunn og Mýn) ágiætir hiódvegir og 400 brýr ýfir ár og fliót, flutning solu-eyris þeirra nl. korns, salts, vidar, pottoska, nautpenings, svína, lérepta, landkorta, o. s. frv. — og þess vardandi er heir þarfnast, sem er: kaffe, sikr, the, krydd, indigó, o. fl.

Hinn katholski átrúnadr er þar í log leiddr; þó eru þar 785 þús. Protestanta, 16 þús. Júda og allmargir Hérnhútungar og Endrskirarar. Fyrir kennimannligum málefnum ráda 2 erkibiskupar og 6 biskupar.

Í 3 hiódskólum, 4 hastólum (Lyceer)

og ymsum mentunar-stofnum, ifka menn vísindi og íþróttir.

Fyrir landi þessu rædr konúngr sá, er Maximilianus Joseph heitir (fæddr 1756). Ríkisstandinn takmarka veldi þessa lands konúnga og gengr þat í erfdir eptir karllegg, stiúpsonar og strumburdar-rétti; þau koma árliga saman til at eiga þátt í lagasetningum og skattskrift. Í ríkis stiórninni gengr ráð þat konúngi til handa, er kallast Ríkisráð (Statsraad) og ýstr hvert kredsland er settr höfdingi edr höfud-erindsreki (Generalcommissair). — Herlid konungs er 45000 at tölu.

II. Saxaríki. (Sachsen; Saxonka).

Þat liggr fyrir sunnan og vestan Prussa veldis landeignir á Þýdskalandi, fyrir nordan Bæheim og Bæararíki og fyrir austan Fyrstadæmin Reiß (Reusz) og Altenborg, — og imillum 50° 10' og 51° 27' nordl. br. — Árit 1815 var alle helmingr numin af riki þessu og skeytt vid nágranna ríkinn. Nú er þat 348 ferhyrn. mí. at stærd.

Land þetta er allstollótt. Hit sydra mærki Erzfiallinn því takmörk, sem fyrr segir. Þat er einnin hit meißnifka hálendi, edr hit svokallada saxiska Sveit; þat er marg breyttr sandsteinsstalla klasi, 4 mílur á breidd og lengd; þar eru gliufr og ógaungut, gljár og gil, hellrar og furnstadar sagnir dalir.

Digitized by Google

Auk Sáxelfa eðr Elfunnar, er rennr í útnorðr um landit, eru þar minni át, er koma úr suðri og heita Mulde og Elster (Den hvide Elster) sú fyrri rennr í Elfuna, en hin síðari í ána Sale.

Landit er greint í 5 Kredsland, sem kend eru við Meißen, Leipzig, Erzfioll, Voigtland og Efri-Lásitz. Þar eru þessir merkustu staðir: Dresden fyrr. Dresen (Dresda) í fögrum dal báðumeginn við Elfuna, á hvorri er nafntoguð brú, nær 600 skref á lengd; þat er höfuðborg í ríkinu, konungs aðsetr og heimili stiórnarráðanna. Hún er vígð girðt og hin fegursta borg einhver í Norðrálfu og hafa auðug af margskáttuðum smíðaverkum og kiærgripum, kostuligum málverkum og fornþingum; auk 15 kyrkna og kapella er þar forkunnar skrautlig hirðkyrkia með 303 fóta háum turni, og Frúr-kyrkia, veglig musteri. Í borginni er 6 háskólar margir skólar og bibliufélag, kónglig bókahlaða (250,000 bind. og 4000 handrit) og heimili 50000 innbúa.

Meißniz, er kongligr lystigarðr, sunnan við Elfuna, áfamt Pirna, enn þá sunnar; þar hoggva menn sandstein mikinn; skamt þaðan var kastali, er Sonnen-steinn hét; þar er nú spitali fyri vitfirringa, sem er einhver hinn ágiætasti í Evrópa. Fyrr norðan Dresden er

Digitized by Google

Meiſzen (Misnia) við Elfuna og Meiſzár-ós, þar er veglig dómkyrkia, porcellans-verkſtað: mikill og 5000 innbúar. Kóngsſteinn (Königstein) er afarſterkr kaſtali á 1400 fóta háum móbergskletti, ſem er hálf mila ummáls og ollumegin þvergnýpt utan þar, er veit að höfuðborginni, en er þar þó bezt víggirdt; til kaſtalans gengr einſtigr; er þar ærrugt vígi með því at ei mega honum hólgreſtir granda né ſkothríd frá nálægum hæðum. Á klettinum eru ſáðlönd og graslendi, lítill ſkógr og brunnr, 586 fóta djúpr, er menn úthuggu í klettinn í 40 ár.

Í útvestr frá Dresden er Leipzig (Lipsia) á flatlendi og í qvíslum nokkrum; Hún er önnur borg meſt í þeſsu landi, með 34,000 innbúum. Þar eru margar vegligar kyrkiur; hiódſkóli mikill, (ſtiptr. 1409) bókahlaða og ſtiornuturn. Leipzig er hinn meſti verſlunarſtaðr einhverr á Þydſkalandi og eru þar 3 kaupſtefnur lagdar á ári hverju; er þar þá bóka-ſala mikil og ſækia þángat nærhæfis 300 bóka-ſelliarar af ödrum löndum og ſtöðum, auk 45, er búa í borginni; óvída eru ſvo mörg og mikil prentverk, ſem þar.

Í ſudvestr frá Dresden er Freiberg (Freberga) það er hinn merkaſti bergſtaðr í Saxaríki í grend við hvorn eru 175 málmnámur og eru þar 5000 bergmenn til verka

Digitized by Google

settir; í stadnum er fogr dómkyrkia, bergverks skóli og dyrmætt málmtegunda og grafhluta safn.

Vestar er Kemnitz, þar eru verkstadir margir og bómullar-vodvirki. Í sudr þadan er Annuberg (Annaberga) þar eru gódar silfr-námir og merkir kniplinga-verkstadir; sama má um Snæberg (Schneeberg; Nivemontium) segia, er liggr nokkut vestar.

Í austr frá Dresden er Bátzen, (Bautzen edr Budissin; Budissa) á stalli vid ána Spre; þat var fyrrum hofudstadr í Márkgreifadæminu Lásitz.

Skamt þadan er Hóckkirkia (Hákyrkia; Hochkirchen) og sunnar er Zittá (Zittau, Zittavia) er gengr Leipzig nærst at kaupverslun í ríkinu. Millum sídstnefndra stada er þorpit Herrnhutt, sunnan undir samnefndu stalli. Hinir mæriska brædur komu þángat forflótta 1722, skaut þá Zinzendorf greifi skióli yfir þá og leyfdi þeim at reisa bæ þenna á sínu landi; vóru þeir sídan kendir vid bæinn; hafa afkomendr þeirra tekit sér allvida bólfestu og hvervetna verit rádvandir og gudræknir idiumenn.

Í landinu er heilnæmt lopsiag og hægilig vedrátt, en í fiallbygdunum hit sydra er nokkut kulsamt. Þeinær allskonar málmar, hálfmálmar og steinategundir finnast í landi þessu. Sídan Saxar afstódu Prussum saltverk sín, bresti þá salt. Í Málmgrefum starfa 12000 manns án afláts; koma þadan árliga 375 þættir silfurs, 100,000 þættir járns og 12,500

Digitized by Google

vættir blós. Þar vex og allskonar korn, vín, (best við Meissen) tóbak, humall, hampr, o. s. frv; góð er þar fjárrækt og hrossa afli, ardsom nautpeningsrækt, einkum í Erzfjalla-bygdum; þar eru og villidýr morg, góð bifluguræktog alls ardsamt perlufáng í ánni, hvítu Elster.

Íbúðyar landsins eru 1 millión og 200,000 at tolu; eru þeir bædi þiódverskir og af Vinds um komnir (í Láfiz).

Bædi vefnadar- og adrir verkstadir og smidiur eru ágiætar í landi þessu og porcelans verkin hin bestu í Evrópu; en í silki-vefnadi brestr Saxa á, við hmsar adrar þiódir; þar ámóti eru þar 300 prentverk, og mun þat dæmafátt í ekki stærra landi.

Skipaferdir á Elsumi greida kaupskap, en ógreidfærir þiódvegir tálma honum; auk klæda, lins og bómullar-dúka, kniplinga, porcelans og málma selia Saxar mikin fiolda bóka til annara landa.

Á endverdri 17du sidabótarinnar höfst í þessu landi Lutherst trú og hefir hún sidan trúliga haldin verit; konúngr játar kathólskan átrúnad. Þaradauki eru þar kathólskir í Láfiz, fáir Reformeradir, Herrhuttingar, Quækarar, Methódistar, Grikkir og Júdar — og búa þessir þrennir fyrst nefndu trúmenn við somu kosti í andligum og veraldligum efnum.

Í landi þessu standa vísindi og listir med fegrum blóma. Þar er 1 þiódskóli, ymsir háskolar og latínu skólar samt listaháskóli í Dresden.

Stiórnendr landsins eru konúngar ættbornir til ríkis; nú rædr því kónge sá er Friðrik

Digitized by Google

ána Leine; þar er einhver hinn frægasti hiódskóli (Georgia Augusta) í heimi, er á bókahlöðu mikla (280,000 binda) almikit kiorgripasafn, stiornuturn, urtagarð, o. s. frv.; þar nema iafnaðarliga 11 til 12 hundruð ungmenni fróðleik og mentir. Bæarmenn eru 9500 at tölu.

Vestar er Munduborg, (Münden) við ármót Fulda og Verru. Klausdalr (Clausthal) er merkaðr bergstaðr á Harzfialli; þar fru margar silfrnámr og myntstaðir, og fannst hadan Cellerfeld, bergstaðr, og Andreasberg, hin audgasta silfrnáma í tedri fiallbygð.

Í Landnorðr frá Hannofra er Lunaborg (Lüneburg) við Ilmená; þar er háskóli fyrir Aðalsmenn, einka nafntogud saltnáma og heimili 10,000 innbúa.

Sunnar er Celle við Aller, þar er hæðsti réttr haldinn og hofgarðr; þar sat Carólina Mathildr drottning frá 1772—1775. Gagnvart Hamborg er Harborg, þat er allmikit kauptún.

Í suðr frá Hannofra er Hildisheimr, (Hildesia) fornmikil staðr, þar er gamul dómkyrkia og háskóli (Andreanum) og 12000 innbúar. Í Landsuðr hadan er Goslar, (Goslaria) þar er markverð dómkyrkia og nær 6000 innb.

Í vestr frá Hannofra er Osnabrygg (Osnabrück; Osnabrugum) í Vestfalalandi; þar er erkibiskupsstóll, konungsgarðr og rád-

Digitized by Google

hús, í hverju hin vestvalska sáttargjörd var samin 1648, — og 9000 innbúar.

Þessi stadr og Munstr vóru ákvednir til sáttarstefnunnar, er byrjadi 11ta Julii 1643 og lyktadi 30 ára stríðsldina; samdi keisari við Svía í hinni fyrri, en við Frakka í enni síðari borg.

Frá Hansfra í útnordr er Ferduborg (Verden; Verdia) við Aller, í hverri er 400 skrefa laung brú. Sunnar er Nýaborg (Nienburg) við Vesará, lítill stadr viggirdr í greifadæminu Hoya.

Í Austr-Frislandi er Emden (Emda) við ósa Ems-ár; þar er mikill kaupstapr, ardsamt síldarfáng, og 12000 innb. Skamt þadan er:

Aurick, (Auricum) við ská skipfært, er gengr frá Ems-á. Austr med strand lands þessa (Kimlimasíðu) liggia eyar nokkrar í röd; er á þeim ollum mjog hætt vid hafs ýstrgángi, medal þeirra er Borkum; á henni er vitaseldr.

Í landnordr frá Brimum er Stadtborg eda Stadir (Stade; Stada v. Statio), í Marskiandi; hún er viggirdt og heimili þeirra, er hafa mannaforrád í Brimum og Ferduborg.

Í vestr hluta ríkisins liggia: Bentheimr (Bentheimium) skamt þadan er heilsumælslind; Dýpholz og Lingen (Lingo) í samnefndum Greifadæmum, samt Meppen og Pappenborg í þeim hluta hertugadæmis þess, sem kennt er við Munstr, og ligge undir þetta ríki.

Í landi þessu er temprut loptslag og

Digitized by Google

vidast allheilnæmt; hit nyrdra á láglendinu er hráslagi og oftsinnis þoka; hit sydra í fiallbygdunum kulsamt og ástundum napurt vedr. Vída er landit friósamt, og mørgum giædum búit í jørd og á; þar er silfr, járn, kopar, bly, marmari, alabastr, myllusteinar, brennusteinn, steinkol, ágiætt salt (einkum frá Lunaborg 162,500 pætlir árl.); allskonar korn, vidr, vottaska, hampr. humall, tóbak. — Nautpeningr mikill og hestar (einkum í Austr-Frislandi) saudfé, geitr, svín, villidyr, o. s. fr. — Landsbyrdrinn er 1 millión og 300,000 at tolu, og er allr þorri sá, er mælir platþydsku. Í tilliti til handidna og smida brestr landsbúa á vid adra þydska; þó eru þar lereptz- ullar- og bómullar- og segldúks-vefstadi ásamt járn- og koparsmidjum. Þar er kaupverslun mikil, er gódir þiódvegir og skipfær fliót, á hvørjum dampskip eru í førum, giørz greidliga. Hin lutherska trú er þar í log leidd; þó hafa kathólskir, reformeradir og Júdar ásamt Mennonitum þar fullt trúarbragda frelsi. Vísindi standa þar í blóma; er þar 1 hafntogadr þiódskóli, allmargir skólar og kongl. vísinda félag; en harddæmi um útgengnar bækur er þar í log leidd. Í lúnga æfi réd fyrir Hesju landi, er þá var kallat Kinrfurstadæmi, einn eptirkomandi madr af manni, unz Georg Ludvik kinrfursti 1714 tók kóngdóm í Englandi, sem hvørjum Englakóngar eru komnir, er síðan hafa verit hofdingjar yfir landinu (utan 1806 til 1813 þá Frakkakeisari jók med þá riki sitt og var þat þá nokkr hluti Vestpala-

ríkis). Konungsveldit er takmarkat í ríkinu og eru þar karllínu- og frumburðar-erfðir leyztekuar; í tilliti til lagasetninga og skattgildinga hafa lands- eða ríkis-stendinn mikit atkvæði; þau koma saman í Hansestaberg. Yfir landit hefir konungr settan jarl (Generalgouverneur) og er hann forseti í ríkisráði því, er gengr honum til handa í ríkisstiórninni. Þar er herþat lið, 20,000 at tölu.

IV. Würtenbergsríki (Kongeriget Würtemberg; Würtembergia).

Þennan suðvestlæga hluta Þýðverskulands, ásamt með stórhertugadæminu Baden, kölluðu menn á fornöldum Svabaríki. Landit liggr imillum 47° 40' og 49° 40' n. br. og fyrir austan Baden og vestan Bæaraland, en fyrir nordan þat eru téð lönd áðost og at sunnanverðu nær þat, sem þau, til Bodensiáfar. Þat er 348 ferh. m. at stærð og er þat og Saxaríki hin minnsta kúngaríki í þessum fimtúngi heims.

Landit er fiallótt; Svabaskógr eða Myrkviðr (Schwarzwald) gengr frá Porzheimi í suðr, á vestri takmerkum þess, því nær til Basel, og fiall þat er Alp (die rauhe Alp) heitir, 12 mílr í landnordr frá Elfingu til Kóngsbrunns.

Dunn rennr um hveran syðri hluta landsins, en er þar ei skipfær; er því á sú er

Digitized by Google

Neckar (Nicerus) kallast, hin merkasta á í landinu; upptök hennar eru nálægt Dunnar uppsprettum, rennr hún krókótt í útnorðr og fellr loks við Mannheim í Rínú.

Ríkit er greint í 4 kredslönd (Kredse) sem kend eru við: Neckar, Svasaskog Jaxt og Dunn. Par er:

Stuttgardr (Stuttgart) höfudborg, kóngsatsetr og heimili stiórnarrádanna, og 24,000 innbúa; borgin stendr í inndælu héradi og nærhæfis miðlands og er hún hvervetna umkringd af fögrum og vínviði-vörnum hæðum; Par er forn hofgardr med 4 sívölum turnum og annar nýr, lystispilahús, eitthvert hit mesta á Þýzkalandi, konúngl. bókahlada (150,000 bindini hvaramedal 12000 bibliur og er eingi heirra fenn annr) háskóli og ymisligir skólar fyri vísindamenn og hermenn. Kannstadr (Cannstadt) við Neckará, er hún verdr skipfar. Par er heilsamislind.

Hverugr þessara stada heyra ádr nefndum kredslöndum eda fylkium til.

Fyrir sunnan Stuttgard er Tybingr, (Tübingen) við ána; hat er ei fagr stadr; Par er biódskóli og h.skóli (Collegium illustre) fyrir frædleik stundandi prinsa. 6000 innbúar; og Rautlingr (Reutlingen) bádir í suðvestr hluta landsins; en fyrir nordan höfudborga

ina er Lodvigsborg (Ludvigsburg) bygd snðverðliga á 18 vid; þar er skrautlige hofgardr, hvar kóngr sitr laungum. Á háu stalli stendr forn hofgardr er Würtenberg heitir; vid hvorn Ríkit er kennt; þat var um lánga ætt adalból vidkendra hertuga í landi þessu. Nordar vid sama á stendr Heilbrunnr (Heilbronna) í inndælu héradi; þar er gautsk kyrkia; vid altari litit í henni velle upp vatn og verdr mikill brunnr, af hvorium menn segia stadrinn hafi nafn tekit; þar eru 6000 innb. Í nordaustr hluta ríkisins er Ellvángr (Ellwangen) vid Jaxt og Svafa-Heil (Schwabish Hall; Hala Svevorum) í allfögru héradi; þar er saltverk mikit er gefr árl. af sér 100,000 vætta salts. Í sudr þadan er rammliga viggirdr stadr er Gmund (Gemunda) heitir og Mergentheimr, í dal nordarlega í landinu; þar var heimili hermeistara enna hyðsku riddara, eptir at þeir hofdu látit Prussaland. Øringr, (Öehringen) í landnordr frá Heilbrunni, er hofudstadr í Furstadæminu Hohenlé (34 f. m. á stærd), er ymsir hofdingiar eiga hlut í.

Í Landsudri frá Stuttgardi, er Ulm (Ulma) á flotum vid Dunn, sem þar verdr skipfær og er 100 skrefa á breidd; borgirn er allmikil, en fornfálig og litt viggirdt; þar er háreist og veglig dómkyrkia, bygd á gautska visu, og einhvert hit mesta musteri á Þydska-

Digitized by Google

landi, *) þar eru 15000 innbúar, — og Biberach (Biberacum) þar er hiódskáldit Wieland fæddr.

Eptir konúngsbodi hafa 7 af nefndum borgum, nl. Stuttgardr, Lódvíksborg, Tybingr, Elvángr, Ulm, Heilbrunn og Rastingr feingit þar aukneyti: þeir bódu stadir.

Vidast er hlýlegt og heilnæmt vedráttufar í landi þessu; en kulsamt er í fiallbygdunum, og vetr lángr og strángr. Allaudug eru þar oll náttúruríki; þar er kopar, jarn, sagr marmari, myllusteinar, vóreelanjord, steinkol, málmdámut vatn, gnægd barns, hampr mikill í fiallbygdunum, þvínær hvervetna vín, (Neckarvínit) ógrynni ávaxta, vídr mikill; auk almennustu heimdyra, eru þar villidyr marg og villigeltir, er gióra bændum mikinn skada.

Innbúar landsins eru nærhefts 1 millión og 400,000 at tolu. Vodvirki heirra og verksmidiur eru at vísu fáar, en allgódar; ardsamast er heim kvar-smídi, lerepta-vefnadr og brennivíns brenslu. Fiallabúar eru vel hagir á tré og gióra Svarfskógdælir mikinn fiolda sigurverka af tré árliga og bursta. Ei er kaupskapr mikill í landi þessu, né kaupeyrir landsmanna fágiætr í ódrum londum; þó flytst ærin skipa-vídr þadan til Hollands. Herumbil 960,000 af landbúum játa Lútherskan kristindóm, eru yfir þá 6 biskupar settir (Gene-

*) Hún er 208 álnir á lengd, 83 á breidd og 96 á hæd med 168 álna háum turni. Í organinu eru nær 3000 hliódpípr.

ralsuperintendenter) og nærhæfis 430,000 kaþólskan; aðrir eru Réformeraðir og Júðar at trú. Menn iðka vísindi í einum hiódskóla, og allvorgum minni lærdóms skólum; þar eru og íþrótta skólar í ymsum stodum. Si er bóka atsiándni (Bogcensur) svo straung þar sem í Hansfraríki. Heimilt er þar at lögum, at endrprenta bækur.

Riki þetta er einvaldsdæmi, með takmörkuðu valdi, og gánga þar konúngar til ríkis at réttum karllinu- og frumburdar-erfdum, og skuln þeir vera fullra 18 vetra, er þeir taka kóngdóm. Stendum setia log með kóngi og áqveda álog. Herinn er 16,000 manna; auk heitra, er standa vørd og veria hiódvegi og stodva óróa, sem í Saxaríki.

V. Kiorfurstadæmit Hessen (Hassia).

Þat ligger imillum Prúsalands, Hansfraríkis, Saxaríkis, Bæaralands, og Hessen-Darm, stadar Landa-eigna, þat er 205 ferh. m. á stærd. Í Landinu eru allvida stóll medal, hvorra er stódlaberg þat, er Meisnir kallast; þar eru 5 ár nl. Mýn, Fulda, Verra, Eder, (í hemi finnast gullgrein) og Lan. Þar er:

Kassel (Cassula, Casellæ), er hofudstadr og atsetr kiorfurstans, þódumegin við Fuldi. (þat var hofudborg í Vestfa-aríki, medan þat stód) þar eru allmargar skrautligar byggingar, t. d. Hofgardr kiorfursta, veglig

kathólsk dómkyrkia, stiornuturn, lystisjoilahús og tvo sunnr slot; þar er háskóli, listaskóli og visindafelog; 18,500 innb.

Hálfadra milu frá Kassel er lystigardr, er Wilhialmshœd edr Weißenstein heitir og stall þar er Karlsberg kallast, þar er fors nafnkendr; uppá stallsteindinum stendr áttkantat steinhús, 224 fóta at þvermáli og med fimtu haki, á þvi stendr uppdreginn turn edr strókr (48 álnir á hœd) og upp á honum likneski Herkalis af kopar (22 álnir á hœd) er hefir kylfu í hendi svo feikiliga mikla, at 6 eda 7 menn geta í henni rúmast.

Í útsudr þadan er Marberg, hofudstadr vid ána Lan, þar er hiódskóli, stipt. 1527 og allmikil bókahlada.

Í Elizabetar-kyrkiu er legstadr ennar helgu Elizabetar, er mindisvardi hennar þar af gyltu silfri, setet perlum og edalsteinum. Imillum tédra borga, þó nær Kassel er,

Frizlar vid ána Eder og í sudr þadan Hersfeld, fornfálegr stadr med háskóla, vid Fuldu, bádir í sammenfndinn furstadœmum. Í landsudr þadan er Fulda (Fulda) vid samnefnda á og í vidkendu stórhertugadœmi; þar var biskupsstóll; er þar enn biskupsgardr mikill og veglig dómkyrkia; í henni hvilir hinn helgi Bonifacius, þódskalands postuli. Í útsudr frá Fuldu og á flotum vid Mœn, stendr Hanú (Hanau, fyrr. Hagenau) hofudstadr í vidkendu greifadœmi; þar er mikill hofgardr, dómkyrkia med skeifum turni, háskóli og margir verkstadir og 12000 innbúar. Í landsudr frá Kassel er Smalkald (Schmalkalden;

Schmalcaldia), þat er merkr verksmiðastaðr í Hennebergs greifaðæmi og undir stallsrólum Thuringsskógs; hann er forngáligr at smíð, umgirðr tvennum múrveggjum; þat er slot, er Hessahof kallast, og skamt frá staðnum annat, er Vilhiálmsborg heitir. Ardsamasta atvinnuveg bœarmanna, sem eru 5500 at tolu, má telia saltverk állmikit; þaðan kémr árl. 20,000 vættir salts. Þar hófst samstiag Protestanta móti Þýðskalands keisara og ödrum stiðabótarinnar stiandmonnum 1631. Í greifaðæminu Skáenborg er Rinteln (Rintelium) höfuðstaðr við Wesará, í útsuðr frá Hansfraborg.

Loptslagit í landi Hessu er heilnæmt og temprat; þar eru skógar miklir og góðir og járnnámur. Innbúar landsins eru hérumbil 560,000 at tolu og játar allr þorri heirra hinn reformerada kristindóm; ardsamasti kaupeyrir heirra eru lérepti. Má ræðr fyrir riki Hessu höfðingi sá er Vilhiálmr hinn 1ti heitir, er hann Kiorfursti at nafnbót og er hann þar einvaldsherra; þó takmarka landstiond nokkr vell hans. Herinn er 19,000 vígra manna.

VI. Stórhertugaðæmit Baden.

Þat liggr við Riná austanverða frá Basel til Worms nordr; fyrir nordan þat er Hessen-Darmstaðr og Bœararíki, Wirtenborg fyrir austan, en Þódensær og Rin fyrir sunn-

Digitized by Google

an, en at vestanverðu stíkr Rín þat og Frakkaveldi. Riki þetta er 272 ferh. m. at stærð; er þat vidast flatlendt, utan hit eystra, hvar Svartaskógs fiallbygð deilist í margar greinir; eru þar dalir allmargir, medal hverra er hinn fagri Murgdalr, 12 mila at lengd. Auk Rínar, eru þar 4 ár, nl. Kinzig, Murg, Salzbakk og Neckar, renna þær allar í Rín. Fyrir utan Bodenssió, er þar sioduvatn, er Eickenssiór kallast; honum er vidlika varit og Cirknitzsió, í Austrriki.

Riki þetta er greint í 9 fylki (Kredse); eru þar allmargar merkar borgir, medal hverra teliast: Karlsrú (Carlsruhe; Hesychia Carolina), þat er hofudborg og heimili landshofdingia og stiórnarráda; hún er fogr og vendiliga bygd (1725), þar er snotr hofgardr í midri borginni, og liggia 32 lystigángar tvíllum fagurra tiáraða, sinn í hvoria heimsátt, útfrá honum og jafnsídis med 9 hofudstrætum borgarinnar, svo ysir hana má sía alla frá hofgardinum; í honum er allmikil bókahlada. Þar eru hmsir lærdóms-skólar og 15000 innbúar.

Skamt þadan er Durlack (Durlacum) þar er slot, er Karlsborg heitir; var þat fyrr arsetr hinna badensku markgreifa. — Í landsudr þadan er Porzheimr (Pforcenum) þar

Digitized by Google

eru verkstadir fleſtir og meſtir í Þeſſu riki. Fyr-
notdan Durlück er Brukſalir (Bruchsal.) fag-
ſtadr; Þar er ſaltverk og biſkupsſtóll. Bretr
en vid ána Salsback; Þar er hinn vidfræg-
Philipp Melanchton fæddr 16da Febr. 149[illegible]
(hann deydi í Wittenberg 19da Aprilis 1560.)
Philippsberg var fyrrum ríkisfesting, vid
Rín; hún hét til forna Udenheim, en Spiru-
borgar biſkup, er ſat Þar um ſhríd, helgadi
Þana Philippi Poſtula og breytti Þvi nafninu.

Nordar er Heidelberg, (Heidelberga)
í innduælu héradi vid Neckar-á, (á hvorri er
ſteinbrú, 351 álnir á lengd og med 9 ſteins
bogum.) Þar er frægr hiódſkóli, ſtipt. 1386
med allmiklu bókaſafni, og meniar af ſkrautligu
ſloti (det store heidelbergske Viinfad) er
brann 1764. Heilagsanda kyrkia, í henni verd-
veittiſt naſatogat bókaſafn, er 1622 var ſendt
til Rómaborgar. Merkr fiallvegr liggr Þadan
til Darmſtadar, er Rómverjar fyrſt hófu at
leggia. Þar eru 10,000 innbúar. Í útnordr
Þadan er Mannheim (Manheimium) í
mýrlendi vid ſamkomur Rínar og Neckars; Þat
er annat aſſetr Stórhertugans og er Þat fagurt
og ſkipuliga bygt og var til forna viggirt; Þar
eru margar háreiſtar byggingar og ſkodunar-
verdir hlutir; vid ána Neckar er Þar nafnkendr
bleikingarſtadr. Þar eru 19,000 innbúar.

Digitized by Google

Nordaſt í ríkinu er Wertheimr vid ána Myn, hadan kémr Wertheimsvín. Fyrir sunnan Durlack er Raſtadr (Rastadium) har er forkunnar ſkrautligr hofgardr og 5000 innb. (har var fridr giørr 1714 og ſáttarſtefna 1797—98 er kom fyrir litit). Sunnar er Baden (Badena, Thermæ inferiores) nálægt Svaſaſkógi; har eru nafnatogadar laugar. Í hofgardi í ſtad hessum ſegia menn at hinn heimugligi rettr haſi haldit ſamkomr ſinar.

Sunnar er Friborg (Freiburg; Friburgum) vid Svaſaſkóg, í forkunnar fagru héradi; hún er bygd 1118 af Berchtold, hertuga af Zaringi; har er kathólſkr biſkupsſtóli, ſtipt. 1454 med allmikilli bókahlodu, dóms kyrkia reiſuglig og veglig, bygd á gautiſkan hátt med turni, áheckum Munſtursturni í Strasborg, 513 fóta á hæd. Har eru 10,000 innbúar. Vid Rin er ſtadr ſá, er Breiſack edr Gamla-Breiſack (Brisacum) heitir, gagnvart Nýja Breiſacki í Frankariki; hat var fyrr. ágiætr kaſtali, er vida fannſt gétit í ſogum.

Sydſt í landinu edr í Sefyliki er Conſtanz edr Coſtnitz (Constantia) í allfagru héradi vid Bódenſió; har er urarkverd dóms kyrkia (beatiſſimæ virginis natæ); har var frá 1514 til 1518 haldinn allsheriarkyrkiu fundr og vóru hein Johannes Hús og Hieronymus frá Prag brendir fin árit hvor á fundinum.

Uberling (Uberlinga) vid vidlendan

Digitized by Google

hinn Bódenſiáfar, í hvorium er inndæl eng er Meinú (Meinau) heitir og tengd er megin landi med brú; Villing (Villinga) nordar, í dal í Svafaſkógi; Dónárſking (Donaueschingen) har koma 3 smá-ár ſamen, er Dunn verdr af.

Í landi hefsu er hódvidri og heilnæmt lopteslag. Landskoſtir og kaupeyrir innbúa eru at mestu leyti hin ſamu og í ódrum ríkum Sudr-Pódſkalands; har er gnægd vins og vidar og mikil veidi í Rín. Landsbúarnir eru nærhæfis 2 millióna at tolu; heidingr hans er annarrvéggia lútherſkr at trú eda reformeradr; en hinir 2 partar kathólſkir. Hverki eru har vodvirki né verkſtadir margir né merkir, ei heldr kaupſkapr mikill. Auk tveggia hódſkóla eru har allmargir ſkólar til lærdóms frama og almennings upfrædingar. Mikit er einvaldsdæmi og nædr hvi nú Stórhertugi, Karl Lodvík Fridrik af nafni; veldi hans tíra landsſtiórn nokkr og er hat arfteki eptir karl-línu og frumburdar-erfdum. Herlid hans er 12000 vigra manna.

VII. Stórhertugadæmit Lurenborg.

Nú ſkal ſidar lýſa, há um Midrland verdr rædt.

VIII. Stórhertugadæmit Hefsen-Darmſtadr.

Umhverfis hat liggia hefsi lond: Kúr-hefsen, Bæraraland, Baden, Midrín og

Digitized by Google

massá; þat er 170 ferh. m. at stærð; þar eru bædi fiell, (miedal hvorra Malkes, 1800 fóta at hæd, er fialla hærst) og flatlendi; blíd loptslag er þar og frióssamr jardvegr. Rín á markar riki þessu takmørk hit vestra og renna þar í hana Mahe, Myn, Nidda og Lahn.

Stórhertugadæmit skiptist í 3 fylki; þar eru þessir stadir merkastir: Darmstadr (Darmstadt; Darmstadium) á sondum í sydri hluta ríkisins; þar er átsetursstadr landshøfdingians og 18000 innbúa; þar er høfgardr, fornþinga- og náttúrugripa-hús, bókahlada og gledihús. Í landnordr þadan er Gissa (Giessen; Giessa) vid ána Lahn; þar er hiódskóli, stipt. 1607, gamall høfgardr og 8000 innbúar.

Sunnar er Fridberg í grend vid samnefnt slot. Offenbacki í fogru héradi vid Myn, ei langt frá Frakkafurdu; þar er høfgardr, vandadr mikid at allri smid og nafnkendir verkstadir og 9000 innbúar.

Vid Rín vestanverda stendr Maguntziuborg eda Maginz, sinnin kollud Meginzu-Magin-Moseonciu-borg (Mainz; Moguntia v. Moguntiacum); þat er mikil borg og nafnkunn en óvída skrautlig; hún er umgirdt allumegin afarmiklum og ramligum varnarvirkium og er borgarstadrit líkt hálfmána í lagun; á Rín er þar skipabryggia, 2100 fóta at lengd, til sterks kastala

Digitized by Google

fyrir handan ána, er Kaſsel eðr Kaſtel heitir; í henni eru 11 kyrkiur, 27 torg, í hó ſkóli með bókahlöðu (90,000 bindini) og mörgum rómverſkum forngripum, ſríhöfn og mikil kaupverſlun með vínfaung. Borgin er höfuð handamannaſetning og eru þar til varnar ſettir austrikſkar, prúſſeiſkar og heſſiſkar herſveitir. Borgarlýðrinn er 25,000 at tölu.

Skamt þaðan eru leifar af rómverſkri varnarſpeiling. Í borg þeſſari uppfundu menn bókaprykkiaraíþróttina 1436. Á kletti í Rín ſtendr turn, ſem kallaðr er Múſaturn. Sunnar og ſkamt fyrir veſtan Rín, er Worms (Borgetomagus, Augusta Vangionum, Vormatia), hat er naſkunnr ſtaðr og umgirðr múrveggjum og ſkiðum; þar eru 6000 íbúðar; þar þrætti Marteinn Luther kapprœður við páviſka kénnimenn 1521 og var hann þá friðlaus gjörr.

Íbúðar ríkis Heſſa eru 633,000 at tölu og eru þeir bœði lúthersſkir og kathólſkir at trú; þeir leggja ſérílagi ſtund á lereft og línvefnað og ſkinnaverkun. Á Offenbakka er vagnaſmiði mikit og koma þaðan kérrur ſnilliliga gjarðar. Auk háſkólans, fræga, hafa lærdómsſkólar víſindi og mentir í ríkinu. Þar er ótakmarkuð einvaldsſtjórn í lög leidd og er landshöfðinginn, Loðvík hinn 10di með því nafni, Stórhertugi at nafnbót; her hans, auk landvarnarliðsins, er 8000 manns.

Digitized by Google

IX. Stórhertugadæmit Meklenborg.

Þat liggr lángsetis í austr og vestr við Eystra-salt sunnanverðr og fyrir vestan Pommern, fyri nórðan Brandinaborg og Hansastaríki og fyrir austan Læneborg og Holsetuland. (Þar kallaðu menn í fornöld Vestr-Vindland). Þat er 260 ferh. m. Þar er flatlendi og hmist heiðar, mýrar eðr sáðlönd; skógar eru þar og allmiklir og afargrút tiarna og stöðuvatna, medal hverra er Muriz- Rázeborgar- og Skalsair, — og úr þær, er Rekniz og Þeme heita.

Stórhertugadæmit er deilt imillum tveggia ættleggia, sem kendir eru við Sverin og Strelitz.

a. Meklenborg-Sverin (224 ferh. m. at stærð) Þat er vestri hluti ríkisins, er greinist í 6 smáfylki, sem kend eru við höfuðstaði í hverium heirra nl. Sverin, Wismar, Rostock, Waren, Güstrow og Parkim. Þar er Sverin (Schwerin; Suerinum) við viðkendt stöðuvatn, sem er 3 mílr á lengð; á eyu í því stendr höfgarðr og heimili stórhertugans og er brú yfir sundit millum hess og bæarins; þar eru 10,000 innbúar.

Í útsuðr þaðan, við Saxelfr, er Bizenborg; þar er svilagiörð allmikil og í útnorðr þaðan Gadebuskr fyrr, nafnkendr staðr.

Við fiörð nokkurn af Eystra-salti stendr

Digitized by Google

Wismar, er í fornöld var í sélagi Handsakasiaða; þar er einhver hin besta höfn í Eystrasalti, — og 7600 innbúar. Í hinum vestphalska frið sétt staðr þessi í hlutaétti Svía, og var hann eign þeirra til 1804 þá Svíakóngr seldi hann Meklenborgar landsdrottni. — Á þeim tíðum heriuðu Danir opt og unnu staðinn.

Austar, við fjörð af Eystra-salti, er Rostock eða Raudstok (Rostochium), þat er staðr mestr í þessu líki; bæarmenn, sem eru 14 300 at tölu, reka mikinn kaupskap og hafa 150 skip í förum; þeir hafa sitt eigit stiórnarform, smiskonar einkarétt og mega mynta peninga; þar er biódstóli, stipt. 1419 og Mariukyrkia; þar hvílir hinn frægi biódvitringr Hugo Grotius; höfnin er við Warnemynni; vestar er Doberan, þar eru fæbód, er margir sækia. Ludvikslyst, (Ludvigslust) við ána Rognitz þat er heimili stórhertugans og liggr þar vel.

Fyrir þessum hluta Meklenborgar ræbr Fridrikr Franz stórhertugi, fæddr 1756.

b. Meklenborg-Strelitz (36 ferh. m. at stærb.); þat er eystri hluti Meklenborgar. Þar er Nya Strelitz (Neu-Strelitz) við Zirkssæ; staðr þessi er í lögun sem hálfhyrndstierna og liggia 8 stræti út frá torgi í miðiunni staðnum sitt í hvorja átt. Þar er aðsetr hertugans og 4400 innbúar.

Digitized by Google

Eina mílu hadan er Forna-Strelíz (Alt-Strelitz) og austar Nya-Brandinaborg og Fridland, litlir stadir.

Í þessum hintanum er stórhertugi sá, er Georg Fridrik Karl, fædd 1779 ædsti landshöfdingi.

Loptslagit í Meklenborg er allhlídt og heilnæmt; hó er þar hráslagt vid Eystra-salt. Vídast er landit frjóssamt. Einkum er nautpenings-eldi og hesta-afli ardsamr landsmönnum, sem eru 428,000 at tölu og eru þeir allir lútherskir at trú. Ei eru handidnir heitra allmerkar; ullar- og lín-vodvirki eru þar einna bezt; kaupverslun er þar allmikil, einkum í Rostocki og Vismari. Hvat stiórnarformit snertir, þá er þat einvaldsdæmi, takmarkat af landstöndum. Herinn er hérumbil 4000 vigra manna.

X. Stórhertugadæmit Aldinborg (Oldenburg; Oldenburgum).

Þat liggr millum Nordr-sjávar og Hanseatra-ríkis. Þat er 117 f. m. at stærd. Þat er svo lágt, at menn hafa hladit gardа vid flædarmálit, at ei gángi sjór á land upp. Vesa á rennr um landit og fellr í hana skipfær á, er Hunte heitir. Þar er:

Aldinborg (Oldenburgum) vid Hunte, þat er höfudstadr, og heimili landshöfdingians;

Digitized by Google

þar er hofn, háskóli, sagr hofgarðr og 5200 innbúar.

Í landsuðr þaðan er Delmenhorst, með 1800 innbúum. Jever (Jevera) í samnefndu herraðæmi, er Rússa-keisari afstóð Aldinborgar eignarmanni.

Í furstaðæminu Lubeck (9 ferh. m. at stærð) er Eutin eðr Utyna (Eltina) við fiskivatn nokkurt; þar er skot og latínuskóli bibliu-félag og 2400 innb. Furstaðæmi þetta liggr fyrir nordan Lybeck eðr í Holsetulandi austanverðu.

Við litinn stað er furstaðæmit Birkenfeld kennt, er liggr við Rín vestanverða; þat afstóðu Prússar 1817.

Akuryrkja, qvikfjárrækt og hestaafli eru merkustu atvinnuvegir landsmanna, sem eru lúthersk at trú og hérumbil 220,000 at tolu. Þeir eru iðjumenn miklir og leggja einkum stund á línvefnat og spuna. Nú ræðr fyrir riki þessu hertugi sá, er Peter Fridrikr Vilhjálmr heitir, fæddr 1754 og er hann einvaldi þess; lið hans er 1650 vigra manna.

Í fornöld var Aldinborg greifaðæmi og segja menn at greifar þar væru komnir af þeim nafntogaða saxneska hershöfðingja Vitekind. Didrik greifi, hinn ríkuliga, sótt með Delmenhorsti riki sitt og sonr hans Kristján 1ti tók kóngdóm í Danmörku og eru Aldinborgingar frá hönum komnir; en bródir hans Gerhard og hans afkomendr ríktu þar uns sá ættleggr var aldaðr 1667, erfði þá danakonúngr greifaðæminn. Árit 1773 afstóð Kristján 7di þau í makaskiptum fyrir hann hluta Holsetulands, er Rússa-keisari átti.

Digitized by Google

XI. Stórhertugadæmit Saxa-Veimar (Sachsen-Weimar).

Þat liggr millum Prússalandeigna og hinna saxisku hertugadæma, nærhæfis í Þýdskalandi miðiu — og er 66 ferh. m. at stærð, tekr þat nafn af allmiklum stað er Veimar, (Vimaria) heitir; þar er höfudstadr í þessu riki og at sýn Stórhertugans; þar er skrautligr höfgardr, med bókahlöðu (100,000 bindini), háskóli og nafnkunnugt landkorta-prentverk, — og 10,000 innbúar. Belvedere er lystigardr Stórhertuga, skamt frá staðnum.

Í Veimar hafa ýmsir af Þýdskalands frægustu þiódskáldum búit t. d. Schiller, Göthe, Wieland, Herder og fl.

Jena stendr í dal vid Sale; þar er vídfrægr hiódskóli, stipt. 1548 og heimili 5500 innbúa. Ilmená, (Ilmenavia) med 2000 innbúum; þar eru verkstadir margir.

Í furstadæminu Eisenach (20 ferh. m.) er stadrinn Eisenach, (Isenachum); hann er stærda mestr at vexti í þessu riki, med 8200 innbúum; þar er háskóli, bókahlaða mikil og merkir verkstadir. Skamt þadan er forn stallkastali, er Wartborg heitir; þar sat Luther í haldi, á laun vid papiska, frá Maii mánudi 1521 til Martii mánadar 1522.

Innbúar þessa ríkis eru 193,000 at tölu og játar mestr horri þeirra hinn lútherska kristindóm. Stórhertuginn, Karl August at nafni, er þar einvaldi, þó ríra landsstjórn makt hans. Hann er 1800 vígra manna.

Digitized by Google

XII. Hertugadæmit Saxa-Góta (Sachsen Gotha).

Fyrir austan og vestan Weimar, hat er 55 ferh. m. at stærd. Par er Góta, (Gotha) höfudstadr og heimili hertugans, vid ána Leine og fyrir vestan Herfurdu; í nánd vid stadinn stendr höfgardr (Friedenstein) har er bóka-hlada mikil og köstuligt myntasafn. Í Góta eru 12000 innbúar. Skamt hadan er Seeberg (Sjónarhóll), har stendr hinn erustiski stiornu-turn.

Vid stadinn Altenberga má lita eytirstodvar af enni fyrstu kyrkiu, er menn reistu í Turingi og Bonifacius, þydzka-postuli, fullgiordi 724–45.

Altenborg í samnefndu furstadæmi, er allmikill stadr med 9600 innbúum; har er hár Kóli og bókasafn mikit.

Innbúar hertugadæmis þessa eru 190.000 at tölu og játa þeir flestir lútherska trú. Einn er har edstr landshöfdingi, og er hann hertugi at nafnbót, August Emil Leopold at nafni, þó rira landstiórnina veldi hans. Her hans er 2500 vigra manna.

XIII. Hertugadæmit Saxa-Meinúng.

Pat er 18 ferh. m. at stærd; hat skiptist í svokallat undirlendi og yfirlendi. Meinúng (Meinungen) er höfudstadr og hertuga-heim-

Digitized by Google

ili, við Werra, í fyrrnefndum landsparti; þar er hofgardr, er Elizabetarborg heitir, nokkurskonar háskóli og 4500 innb.

Salzúng, þar er saltverk mikit. Í sídstnefndum landsparti, sem einnin er kendr við Kóborg, er Sunnuborg (Sonnenborg) þadan og frá náhygdinni fimst margskonar vorusmídi af tré, járni, piátri o. s. fr. (Sonnenburger-Varer). Lydrinn er lútherskr at trú, og 56,000 at tolu. Veldi hertugans, er Bernhardr heitir, er med likum hætti og ens sídstnefnda. Lid hans er 300 at tolu.

XIV. Hertugadæmit Sara-Kóborg-Salfeld.

Þat er, ásamt landsparti nokkrum fyrir vestan Rin, 26 ferh. m. á stærd. Þar er Kóborg (Coburg) hofudstadr og hertugaheimili, í dal vid ána Itz; þar er hofgardr háskóli (Gymnasium illustre o: Casimirianum) 2 bókahlodr og stiornuturn. Skamt þadan er samnefndr kastali og allmikit hertogahús.

Nordar er Salfeld (Saalfeld) vid ána Sale; þar eru 2 slot, 1 háskóli og 7370 innbúar. Innbyggiar hertugadæmis þessa eru 82,000 at tolu, allir lútherskir at trú. Fyrir því rædr hertugi, Ernst Kurt Ludvik Viktor at nafni; lid hans er 800 manns.

Digitized by Google

XV. Hertugadæmit Gaza-Hildborgarhus.

Þat er 11 ferh. m. at stærd og liggr vid Thuringeskóg sunnanverdan. Þar er Hildborgarhus (Hildburghausen; Hiltpershusia) hofudstadr og hertuga-sett, vid Werra; hún er skrautligr og velbygdr bær med 4000 innb.

Mestr hlutr lydsins í hertugadæmi þessu er lúthersk at trú; en alls er hann 33,000 at tolu; fyrir því rædr hertugi, Fridrik at nafni, er hefir 100 hermanna.

XVI. Hertugadæmit Brúnsvík-Wolfenbuttel.

(51° 38′ og 52° 32 n. br.) Þat liggr imillum Þrússaveldis landa á Saxlandi enu forna og Hansfra-ríkis. Þat er 72 ferh. m. at stærd. Nyrdri hluti þess er flatlendr; en hit sydra er nokkr hluti Harzskógar og Sollingsskógr. Þar eru merkastar ár Wesarà, Ocker og Leine. Þar er:

Brúnsvík (Brunsvig, Brunsvicum) hofudstadr og hertuga-sett, á slettlendi vid Ocker, er romm í gólfum í gegnum stadinn; á nidri alda-æfi var hún mikill kaupstadr og taldist þá á medal Handsalsstada; þar er hofgardr (hit grâa hus), fornt furstaligt slot og

Digitized by Google

fyrir framan þat líkn af kopar, er Heinrekr Lión lét giora 1116, Sti. Blasii dómkyrkia, bygd 1172 af tédum hofdingia, (i hverri hann hvilir med konu sinni Matthildi), rádstofa, lystisvilahus og herthabúr, 2 háskólar og margir verkstadir; þar er kaupverslun mikil og 2 kaupstefnur (Messer) fastsóktar á ári hverju — og 30000 innb.

Þadan flutti lengi munngát þat, er Brúnsvíkr-Munnur kalladist; var þat fyrr meira í afhaldi enn nú á dögum. Þar uppfann Jórundr nokkr rokka 1534. Sunnar vid fljótit á er:

Wolfenbuttel (Guelferbytum) hat er umgirdt borg í myrlendu héradi med 7000 innbúum; þar er slot, háskóli, alla mikil bókahlada med merku bibliuafni, í byggingu útaf fyrir sig, þar er Lessings minnisvardi. Fyrir austan Brúnsvík er Helmstadr (Helmstädt), þar var hiódskóli, stipt. 1576, sem nú er undir lok lidinn. Kongungslutter (Königslutter; Luttera regia) er í útsordr hadan; þar stód 1576 orrusta millum Kristians 4da og Tilly. Sydst í ríkinu er Blankenborg í vidkendu furstadæmi; þar er forkunnar fagurt fiallslot. Skamt hadan er hinn svokalladi Disiamúr (trollahlód), þat er hryllilegr kletta-belti.

Innbúar hertugadæmis þessa eru 210,000 at tolu, og raekia þeir allir sidabót Luthers. Einvaldr ríkis þessa er hertugi at nafnbót (Karl Fridrikr Ágústr Vilhiálmr at nafni) og á hann þaradauki furstadæmit Oels í Slesíu; lid hans er 2000 [illegible]

XVII. Hertugadæmit Nassá (Nassau).

Imillum 49° 59' og 50° 50' n. br. Þat liggr við Rín austanverda og fyrir nordan Darmstadar stórhertugadæmi. Þat er 110 f. m.

Visbad (Visbada) í fögru héradi millis fialla; þar eru 14 málmdámadir brunnar edr silkeldr og 25 baðhús og 5000 innbúar. Nordar er Nassá med 1500 innbúum. Í landnordr þadan eru: Limborg vid Lan og Dillenborg vid ána Dill. Vid þorpin Hockheim og Johannisberg er vínyrkia best á Þýzkalandi.

Lýdrinn í hertugadæmi þessu er 30 000 at tölu; hann er bædi kathólskr og lútherskr at trú og eru jafnmargir af hverium. Ríkinu rædr hertugi (Vilhiálmr Georg Ágúst Henrik at nafni) og er her hans 3000. Í ríki þessu eru margar laugar og silkeldr.

Í 6 síðstnefndum hertugadæmum eru veldisstönd (Landstænder) tilskipud, er gánga Hertugunum til handa í Landsstiórninni og jafnframt takmarka veldi heirra.

XVIII og XIX Hertugadæmunum Holsetalandi og Láenborg er áðr lýst í síðara parts fyrri deild:, frá bls. 112 til 128.

XX. Landgreifadæmit Hessa-Homborg.

Þat liggr fyrir nordan Frackafurdu vid Myn og er 4 ferh. m. at stærð, med 17 300 reformerudum og kathólskum innbúum. Þar er

Digitized by Google

Homborg (o: vor der Höhe) höfudstadr og atsetur landgreifans, (er Fridrikr Ludvik Wilhiálmr Kristián heitir). Hann á einnin herradæmi hat, er Meisenheimr kallast; har er samnesndr stadr fyrir vestan Rín og í útsudr frá Maginzuborg; har er glersmidia og steinkola náma.

XXI. Furstadæmit Svarzborg (Schwarzburg).

Pat liggr í Thuringi og samanstendr af 2 adskildum partum: hinu efra (syðra) og nedra (nyrðra) Greisadæmi; hat er 38 f. m. at stærd. Í syðri partinum, er Rúdólfsstadr (Rudolphopolis) í landsudr frá Herserdu, vid ána Sale; har er hofgardr (Ludviksborg) og annar stamt frá sigdnum, er Heidecksborg heitir; har sitr landshofdinginn; har eru 4100 innbúar.

Nordar er Arnstadr (Arnstädt; Arnstadium) vid Gerá. Í nyrdri hlutanum er; Sudurshús (Sondershausen) hofudstadr og furstasetr, med 3200 innb. Sunnar er borgit Swarzborg, hat er sömul tiddarastadr, er hefir sama heiti, og er ædsti heirra hofdingia, er í lánga ætt hafa átt land hetta.

Innbúar furstadæmis hessa eru 101,000 at tolu og lúthersker at trú. Stiórnendr hess eru furstar at nafnbót og hafa heir stakmarkat veldi. Eru heir frædnur og komnir af ættleggnokkrum, er á 12 eda átti har lendur miklar; ættarnafn heirra er Gunter. Lidit er 709 manns.

XXII. Fürstadæmit Anhalt (Principatus Anhaltinus).

Þat liggr, allúmeginn umkringt af Prussa-lándum, á Saxlandi, bádumegin Saxelfu, og er 48 f. m. at stærd; fyrir því váda 3 hertuga ættleggir, sem kéndir eru vid 3 stadi: nl. Dessá (Dessau; Dessavia) vid Muldá, med 9300 innbúum; Bernborg eda Bernaborg; (Bernburgum) vestar vid Sale, og Kothen (Cöthen; Cothenium) med 5200 innb. Nordast er Zerbst (Servesta) med 8000 innbúum og háskóla. Í fürstadæminu eru 117.000 innbyggiarar og rækia þeir allir Lúthers sidabót. Lid fürstanna er 1660 manns.

XXIII. Fürstadæmit Lippe-Detmold.

Þat liggr imillum Hanzea-ríkis og Vestphals-skattlands og er 20 f. m. at stærd. Þar er Detmold (Detmoldia) höfud- og aldsetursstadr fürstans, vid Bygru; þar er háskóli bidlíufélag og 2500 innbúar; Lemgo og Meinsberg, þar eru málmhámyndir vatn. Fyrir fürstadæmi þessu rædr fürsti sá, er Leopold Páll Alexander heitir; hann hefir 900 biúra manna. Í fürstadæminu eru 68.000 innbúar og eru þeir flestir reformeradir at trú.

XXIV. Fürstadæmit Skáenborg-Lippe. (Schauenburg-Lippe).

Þat liggr vordar vid Hanzea-ríki vestánverdt og er 10 f. m. at stærd. Þar er Búckeburg (Bückeburg) höfudstadr og fürstasæti.

Digitized by Google

og Wilhiálmssteinn, lítil festing á eyu í stöðuvatni nokkru; þar er hiódsángelsi. Innbúar þess eru 24.000 at tolu, flestir kathólskir at trú; hofdingi heirra er furſti at nafnbót (Georg Wilhiálmr) og er lid hans 400 manns.

XXV. Furſtadæmit Röiß (Reusz).

Þat liggr vid Saxa-riki vestanverdt og fyrir nordan Fránkaskóg; þat er 28 f. m. at stærd og deiliſt þat medal 2 ættleggia nl. hins eldra, sem einnin er kéndr vid Greiß, hofud- og atseturs-stad hofdingia þess hluta furſtadæmisins, vid Elſter; og hins yngra, er aptr greiniſt medal 4 ættſtudla, sem kéndir eru vid hofudbýli heirra, nl. Sleiz (Schleiz) Lobenſtein, Ebersdorp og Kostriz. Hin 5ti var kéndr vid Gera, (ei lángt frá Elſter, med 7000 innbúum), er 1802 var aldauda. Í furſtadæmi þessu eru 75,000 lútherſkir innbúar. Herinn er 900 vígra manna.

XXVI. Furſtadæmit Waldeck.

Þat samanſtendr af 2 adſkildum greifadæmum: Waldeck og Pyrmont, bædi ásamt 22 f. m. Waldeck liggr vid Hessens. Stórhertugadæmi vestanverdt; þar er Korbacki hofudſtadr med 1600 innbúum og Arolsen; þar er heimili furſtans. Í greifadæminu Pyrmonti, vid Hanofra-riki vestanverdt og fyrir sunnan Rinteln, er stadrinn Pyrmont, (Pyrmontium) í dal vid ána Emmer, þar er viggirdt slot og 2000 innbúar; þar eru og vatnsbrunnar málsmánud

Digitized by Google

vatn (ölkelda) er bædi má drecka og lauga sig í til heilsubótar og hefir hat vatn í margar aldir hótt eithvort hit hollasta í heimi; af hví sendast árl. nokkr hundruda-húsund flöskur til annara landa og heimsálfa og 1500 laugagestir heimsækia á ári hverju stad hennar, í hverium er einkar innbæll bústadr og gledi mikil.

Innbúar hessa furstadæmis eru 50.000 at tölu og eru heir lúthersker at trú. Furstinn heitir Georg Henrik Fridrik og er lid hans 600 vigra manna.

XXVII. Furstadæmit Hóhenzollern.

Hat tekr nafn af gamalli riddaraborg og vidkendri ætt, liggr í Sudr-Hýdskalandi, mitt-lands í sydri hluta Wurtenborgar-ríkis og er 25 f. m. at stærd; hat er deilt ámedal 2 ættleggja, sem kendir eru vid tvo merkustu stadi og furstanna adalból, er Hehing og Sigmaring (sunnar, vid Dunn) heita, og eru komnir af Hóhenzollerns ættarstofni, er á 12 old greindist í 2 ættkvislir og eignadist há annr heirra Nurnbergs Borggreifadæmi og eru frá henni Prussakonungar komnir; en hin sat at ádalum sinum og deildist á 16 old, sem fyrr segir. Par eru 52,000 kathólskir innbúar og 580 hermenn.

XXVIII. Furstadæmit Liktensteinn (Lichtenstein).

Hat liggr imillum Tyról og Svelsalands, og er 3 f. m. at stærd; har er litill stadr er

Digitized by Google

partil liggiandi jarðeignir, ásamt nokkrum hluta Finlanda og helsingi Bergsþorps amts, eru $5\frac{1}{2}$ f. mi. at stærð.

Lubeck fyrr. Lybika (Lubecum) stendr á hæð nokkurri við ána Trave, hat var í fornu við höfuðstaðr handsalsstaða og var þá afarfiolmennr *) nú eru þar 26,000 innbúar, 3300 hús, bygð á forna vísu, allveglig dómkyrkia, í henni eru morg minnismerki, Marinkyrkia, með forkunnar konstugu figurverki, afarmikit eáðhús (Hansesal.) háskóli, og hafn fyrir smáskip; en hafn fyri stórskip er í Travemynni (Travemunda v. Dragamutina) er Trave fellr í Eystrasalt, og tilheyrt hefir Lubeck síðan 1320; þar koma árliga 1200 skip.

Í Lubeck er allmikil kaupverslun og eru Lubekkar í verslunarsambandi við kaupmenn í Hamborg, Rostokk, Kaupmannahöfn og Petursborg. Stiórnarformit er áþeckt og í Hamborg; borgarráðit samanstendr af 20 limum og borgarar greinast í 12 flokka og hefir hverr þeirra eitt atkvæði. Stadar- og Landhúar eru lútherskir at trú.

XXXI. Fristadrinn Brimaborg eða Breimar, ásamt landeignum hennar, sem eru $3\frac{1}{2}$

*) Í svarta dauða (1348) létust á einu ári 90,000 af Lubekks innbúum.

Digitized by Google

ſ. m. at ſtærd, med 9700 lútherſkum innbúum. Brimaborg (Bremen; Brema) ſtendr á ſandſlettum vid Veſará, 15 mílr frá Nordurſæ; þar er 350 fóta laung brú á ánni og vid hana hit mikla vatnshiól, er leidir vatn frá ánni gégnum allan ſtadinn. Hverki er ſtadr þeſſi fagr, né ný á dögum viggirdr; þar eru 5400 hús, 4 reformeradar kyrkiur, 1 lútherſk hofudkyrkia (undir kórgólfi í henni er hinn ſvokalladi Bíſkiallari), reiſuligt ráðhús, kaupmannaſamkomuhús, 2 háſkólar (lútherſkr og reformeradr) med bókaſafni og ſtiornuturni. Þar er kaupſkapr mikill, einkum eru lérepti, og fronſk og ſponſk vínſaung merkr kaupeyrir.

Þángat ſtyria árliga 1000 ſkip varning og þadan ſendaſt ei færri ſkip til hvala- og ſíldarveida. Innbúarnir eru 38000 og eru þeir bædi lútherſkir og reformeradir at trú.

Í Brimum var í fornſid biſkupsſtóll, ſtiptadr af Karli hinum Mikla, og ſeinna, þá Eyrikr danakonúngr heriadi á Hamborg, hvar Anſgarius var erkibiſkup, ſuttu menn erkibiſkupsſtólinn til Brima og ſtódu þá um hrid all nordrlond undir hans andliga umdæmi. En med ſvikum og ſakleyſingi Eyriks Egóda, fengu Danir erkibiſkup yfir ſig, er ſídar giordiſt Hofudbiſkup (Primas) á Nordrlondum og ſat at Lundi. Brimaborg var einnin merkr medlimr eins voldugu Handſalsſtada-ſambands (ſtofn. 1254) er greindiſt í 4 flokka og vóru Lubeck, Danzvík, Brúnsvík og Koine hofudſtadir. Þá ſambandit ſtód á 16 ald leid undir lok, ſtód alleina Ham-

Digitized by Google

borg, Lubeck og Brimaborg í nokkurskonar samfélagi og á vorum dögum halda þeir enu forna nafni.

XXXII. Friſiadrium Frakkaſurda við Mön; (Frankfurt um Main; Francofurtum ad Moenum) áſamt landeign hans, ſem er 5 ferh. m. at ſtærð, liggr í inndalu héradi við Myn nordanverða, á hvorri har er ſteinbrú, 400 ſkref á breidd. Þat er mikil borg og markverð. Þar kuſu og krýndu menn hina hádſku keiſara og nú á dögum halda hinar hádſku bandamanna edr ríkisſamboud ſamkomur ſínar. Í borginni eru 16 kyrkiur, medal hvorra er hin gamla Bartholomæi dómkyrkia, med ſtitli og himneri kapellu, har vóru hinir rómverſku keiſarar kosnir, fornt ráðhús, (í ſkialaſafni hess varðveitiſt hin nafnkenda Gullbóluſkrá) 3 háſkólar (lutherſkr og kathóſkr) bókahlada mikil, kiorgripaſafn, bibliuſelag, og merk vöruvirki og verkſmiðiur; med því at ſkipaferðir á 2 ám (Rin og Mön), hin ſtóri hiðvegr, er liggr igegnum borgina og 2 ſtórmennar kaupſtefnur á ári hverju, giora verſlunar-mót og varnings flutninga léttſókta, er kaupſkapr mikill í borg hessari; í henni eru 50,000 innbúar, allſleſtir lutherſkir at trú; haramebal teliaſt 2000 gyðinga er búa á einu miðu og ſkuggaligu ſtræti neaſt fyri ſig.

Digitized by Google

Skamt frá Frakkafurdu er Bornheimr med 1900 ibúdum.

Yfir höfud er temprat og heilnæmt loptslag á Þýdskalandi. En jardvegr, lâglendi hit nyrdra og hâlendi hit sydra, landsâlfanna meiri eda minni nâlægd eda fiarlægd frá höfum olla allmikills mismunar á loptslagi á hverju riki fyrir sig. Á Saxlandi blâsa tídum sævindar, er særa med sér vætur og hrîdslagâ; á Sudr-Þýdskalandi (Þýdverskulandi) eru harámóti hitari vedur og hurkar tídari. Eptir hessu sér um landskosti og frióssemi: hit sydra friósgast vinvidr og skógar af aldinviám; hit nyrdra eru vída sendinn jardvegr, heidar og marskvond.

Þýdskaland er einkar audugt af margskonar forkunnligum gædum, er finnast í jordu og á, svo landsmenn hædi hafa nóg til eiginn naudhurftar, og géta midlat ollmikit útlendum. Sádland fiolga, eydiplâts sækka áliga og handidnir taka framforum. Gull finnst hædi á fiallnámum og fiórum t. d. í Rín, Eger og fiallsr í Harz- og Erz-fiollum (1250 vættir árl.) kopar (125,000 vætt.) járn, hvinær hvervetna (best í Styriumork) blý, tin, einkum í Bæheimi, qvikasilfr í Idria og Innsbryggiu, einnin ymiskonar steintegundir og gimsteinar, asar gnótt berg- og brunnsalts (76 saltverk) og hvinær 2000 heilnæmislindir. — Vardyrki er har vidlika varit: har vaxa allskonar korntegundir, belgiavextir samt gnægd aldina og ávaxta, vinvidr mikill einkum í Rínarhéruðum (Rínskvin Móselvin, Neckarvin) olía, hampr, tóbak, hum-

Digitized by Google

all, litunarraudi (Krap) samt margskonar lækningajurtir; vidlendir eykis, beiki, birki grenis og furu-skógar, o. s. frv. — Fiolda nautpenings, vida af forkunnar gódu kyni, ræktu menn hit nyrdra í landi hessu á Hollendinga, hit sydra á Sveitzara visu. Hestar eru flestir og bestir í Holsetulandi og Meklenborg. Saudfiárræktin er miog bætt med sponsku fé. Svina-asli er ardsamastr á Vestpali, Vindlandi og Bæaralandi; har eru og camdir asnar og geitfé. Medal villidýra má telja: birni, varga, lossa og Gemsa, í Mundajaskógum og steingeitur; skoldi króndýra, dádýra og ródýra er har í allmorgum dýragordum. Veidi er har gód og margskáttar í stodvatnum, dammum og stiórum.

Allskonar vefstadir, vodvirki og verksmidiur standa med blóma á Þýdskalandi; hiódatinnar uppástungingasemi, dugnadr og starfsemi leida hana æ nær og nær fullkomligleika í flestum ípróttum og handidnum, svo lite brestr hana nú í því efni á vid enska og franska. Serepta vefstadir eru bestir í Slesíu, Bæheimi, Lásitz og Westpali; en ullar tóvinna best vid Midr-Rin. Í Saxaríki eru bómullar-vodvirkin ei sídr nafnkunn, enn har ágiætu porcellans verksmidiur; (á Þýdskalandi eru 25 porcellans- og 55 steinkera-verksmidiur) gierskeypusmidiur eru ágiætastar í Bæheimi. Allskonar járn- og kopar-smidiur, samt fullstykkia- og hyssna-skeptuverk eru har hvervetna vel stundut.

Affiada hióblands hesa í Evropu midri

Digitized by Google

og imillum Nordrsiafar og Eystra-Salts hit nyrdra og Feneyabotns hit sydra, skiplægar megin-ár og stórfliót samt ágiætir Hiódvegir (einkum í Sudr-Hydskalandi) greida kaupverslun og varningsflutning of land og lag; Hó er sæ-kaupskapr ei svo markverdr har, sem landverslun; ber hat til hess, at landit er deilt í morg smáriki og at hat á eingar nhlendr í ódrum heimsálfum. Vid Nordr-sæ er Hamborg, Brimaborg, og Embden og vid Eystra-Salt Lubek, Rostok, Stéttin, kaupstadir mestir, en vid Feneyabotn, Triest. Á Nordr-Hydskalandi (Saxlandi enu forna) er kaupskapr mestr í Brúnsvik, Magadaborg, Leipzig, Frackafurdu vid Oddorá og Breslá; en í Sudr-Hydskalandi (Hydverskulandi) Nurnbergi, Augsborg, Frackafurdu vid Mhn, Vin, Prag og Pozen. Fislmennastar eru kaupstefnur eda markadir á ári hverju í badum Frackafurdum, Leipzig, Námborg, Brúnsvik, Bózen o. s. frv. Kaupeyrir Hiódverska er: lérepti og lin (fyri 30 mill. árliga) ullar- og bómullar-varningr, knipplingar, Nurnbergs klatr, jarn- og kopar-smidi, gler, porcellan, ledr, vax, korn (árl. fyrir 16 mill.) ávextir, vinfaung (einkum Rinsk- og Moselvin) ull, salt, qvikfé, hestar, tóbak skipavidr, fallstycki, kúir o. s. frv. Paramóti kaupa heir: austr- og vestindia-varning, glatr, silki og bómull o. fl.

Innbúar Hydskalands eru deildir í allmorg trúarbragda sambond; 15 milliónir raekia kathólskan, 12 lútherskan, en 2 milliónir refor-

Digitized by Google

meradan kristindóm. Paradauki þola menn þar návistir Hernhúttinga (25,000) Mennonita (2,500) Gyðkia (14.000) og Jsða, (300,000) saint nokkurra Qvækara.

Hvad visindi og fródleik snertir, eru Þýskir ollum þiódum í heimi fremri. Allskonar visinidagreinir hefir þiód þessi med kostgiæfni og skarpleik, diuphyggni og alúd idkat og aukit; sérlagi hafa protestantiskir visindamenn allat sér þess ordstirs, at sí þykir frægri sinna mega í meinu sóru lgndi. Hvergi í heimi koma svo margar bækr og ritgiordir út sem í Þýdskalandi *) og fyrir margar og merkar finningar og uppgotvanir eiga adrir heimshlutar Þýdskum þakkir at gialda. Gudfrædi, lagvisi, heimspeki, mæli- og reikningsment, sagna-, jardar- og landa-skipunarfrædi eru þar visindagreinir, er þýdskir frædimenn einkum hafa lærdómsliga sett í letr og útlistat, einnig hafa þeir útlagt og útskírt fornmannq snilldirit med skarpvitri og nákvæmri ransókn. Enar fegru mentir hafa Þýdskir á sinni tidum idkat med þvilikri námfýsi, at ei bregdr þá í heim á vid franska og allmarga snildarmenn í saunglist og malaralróttt géta þeir talit sin ámedal; Koparstungu- og bókþrykkiara-listin er þar uppfundin; en í bilæta smídi, steinskurdi og byggingafrædi eru Þýdskir sumum þiódum fidr af sér. Fyrir visinda idkun og útbreidslu bera yfir 20 þióð-

*) Árit 1817 komu 2889 þýdr ritgiordir út hiá 833 forlagsmonnum.

Digitized by Google

skólar, margir háskólar (Lyceer, Gymnasier) umbyggiu, sannt riddaraliglr háskólar, pionerskólar og látinuskólar; þar eru og allmorg fræðimanna félog, sem ærit hafa eflt vísinda og mentq frama. Merkastir eru listaskólar í Wín, Berlín, Dresden og Nurnbergi.

Samqvæmt giordum sáttarfundarins í Wín (8da Junii 1815) kallast nú á dögum allt Þýðskalands riki, bæði stór og smá, hit þýðska samband (det tydske Forbund) og er markhakki þess: at þiódlandit megi vrrugt vera fyrir útvortis og innvortis ófriði, og at ei skaddist né vanist eitt eðr annat riki medlimanna. Fulltrúar sambands þessa, leggia stefnulág med sér í Frackafurðu vid Mýn, þá þeim þykir nauðsyn tilbera og um nokkr vandamál er at giora; leita skal um sættir, þá bandamenn verða ósamþykkir og deila ítildeilum innbyrðis. Austrriki hefir forsetaréttz á þingum þessum. Allir eru sambandsfurstarnir skyldir at ábyrgiast hvors annars riki, og veita hvor odrum til at verja og vidhalda londum og lýdum gegn árásum og ágángi útlendra þióða; má því hvort riki halda svomikit lid herthat og útbúit, þá til þarf at taka, er svara þykir til landsins stærðar og fólksfiolda, og kalla menn þat lid Ríkisher eðr sambandsher. Enginn sambandslimr má fyrir sitt leyti giora frid eðr stríds-hlé vid fiandmenn þiódlandsins.

Sambandssamkomuan er greind í deildir, ena takmörkudu og almennilegu, hin fyrri hefir 17 atqvæði, nl. Austrriki 1, Prussariki, Bæara-

Digitized by Google

land, Saxaríki, Hansfrarski, Wurtenborg, Baden, Kurhessen, Hessen, Danmork, Niðurlond, þau stórhertugaligu og hertugaligu saxisku hús, Meklenborg, Brúnsvik og Nassá, Oldenborg og Anhalt ásamt Svarzborg, hafa 1 atqvædi hvort og Hóhenzollern, Liktensteinn, Rsitz, Sámborg-Lippe, Lippe-Detmold og Valdeck 1 samt 4 tédir Frisiadir eitt hvor. Hin almennuliga þeild hefir 69 atqvædisord, og gefr hvor sambandslima eitt.

Herlid hins þýdska sambands er nær 700,000 vigra manna og festingar þess: Landá, Luxenborg og Maginzuborg.

Innbúar þessa mikla þiódlands eru ei fullar 30 miliónir at tolu og eru þeir komnir af 2 ættstofnum; nl. 1, hinum Celtisku-Germanisku (24 mill.), er oll hin eiginl. þýdverska eda þýdska þiód er frákomin, Wallónar í Luxenborg og Frisar vid Nordsæ og 2, hinum Slavisku (5 mill.); af hverium Vindar eru komnir, Sorbar í Slesiu, Pommern og Brandinaborg, Zekkar í Bæheimi, Slavakar á Mæri og Kassúbar á Vindlandi. Auk þessara hafast Valskir (130,000), Frænkismenn (70,000) og nærhæfis 300,000 Gydingar vid á Þýdskalandi. Høfuðtúngr í landi þessu eru: þýdska (er greinist í háþýdsku og platþýdsku) og slaviska; hana mæla menn í Bæheimi, á Mæri, í Slesiu og Vindlandi og í nyrdri hluta Austrikis. Hit syðra í Tyrol er valska talud.

Digitized by Google

VIII. Keisaradæmit Austurriki (Österrige; Imperium Austricum.)

Riki þetta liggr imillum 43° og 51° nordl. br. og nær í austr og vestr frá 27° til 43° 15' austl. lengd. Þat liggr fyrst sunnan Saxaríki, Prussaríki, Kraká og Rússland, fyrir vestan Rússland og Tyrkland, sem einn in liggr hið eystra fyrir sunnan þat, (er Dunð og Saf skilia riki þessi), svo Feneyjaboth og Walland vestast, en at vestanverðu nær þat til Sardiníuríkis, Sveitzalands Bödensásat og Bæaralands. Einvaldsriki þetta er 12700 ferh. mil. at stærð og skiptist í 5 höfuðparta, nl. 1. hin þýðsku Erfdalond ásamt kóngsríkinu Illyria. 2, hit lombardiska-venetianska kóngsriki. 3, Kóngsríkit Dalmatia. 4, kóngsríkit Ungaraland, og 5 kóngríkit Gallizia. Nú skal segia frá þeim löndum, er liggia innan Þýðskalands takmarka.

Hin þýðsku Erfdalond:

Þat er allr sudaustr hluti Þýðskalands imillum Saxaríkis og Slesíulands hið nyrðra og Feneyjabotns og Lombardinu hit syðra; Gallizia og Ungaraland liggia fyrir austan þau en Sveitzaland og Bæararíki fyri vestan. Lönd þessi

Digitized by Google

má heldr fiallörr enn flatlend kalla; umhverfis þau liggia fiallgardar miklir og gánga út frá þeim fiöll og hálsar og í millum þeirra fagrir, friósamir og breidir dalir, um þau úr öllum áttum. Sydri hluti landa þessara (t. d. Styriumork og Krain) er hrjóstugri, en hinn nyrdri, allvída um sig vetlende, gicdaltrill og fábygdr. Þrír fiallgardar af Mundafiöllum, er kallast hin retiska, nortiska og karniska Alpar liggia í austr um tvá lond fyrir sunnan Dunn til þau lykta í Ungaralandi. Fiall þat, er Kalenberg heitir, er áfast vid téda fiallgarda.

Auk 1, Dunnar, er vid Pasná fellr hin í Austrriki og vid Presborg hin í Ungaraland) kémr á sú frá eystri hluta Sweitzalands, er 2, Inn (Oenus) heitir; hún fellr á nordaustr um Tyról og Austrriki í Dunn; austar rennr Ens í téda þiódá. 3, Erst (Athesis) kémr frá Tyról, rennr í sudr og at lyktum í austr í Feneyjabotn fyrir nordan Padus. Sú er grafin frá Minarborg til Möstadar, þat er 8 mílr at leingd og segia menn at því stórvirki skuli framhalda til Triest sudr.

Hin Þýdsku Erfdalond eru greind í 7 parta og er, sem fylgir, um þau at segia:

1. Erkihertugadæmit Austrriki eda Nedra Austrriki (Austria); þat liggr fyrir sunnan Bæheim og Mæri og er afar breidr, fagr og frjóssamr dalr, eptir hvorum Dunn fellr. Í sudvestr hluta þess er snæhakin

Digitized by Google

og allhálend fiallbygd. Hat er 697 ferh. m. at stærd. Par eru þessir stadir:

Vin eda Vinarborg (Wien; Vindobona, Vienna. 48° 12' 34'') þat er höfudborg í ríki þessu, heimili keisarans og hinna adstu stiórnarráda, erkibiskupsstóll, hin gofugasta borg á Nyðskalandi og ei talin medal hinna mestu og merkustu borga í Nordrálfu heims; hún stendr vid Dunu, funnaverda í forkunnar fögrú bygdarlagi. Hún er 1½ mílu ummáls og samanstendr af hinni eiginligu borg, sem er viggirdt, en hverki fögr né mikil, og 33 forstodum, er liggia umhverfis hana og eru þeir allir umgirdir med varnargordum og diúpum; medal þeirra er Leopoldstadr á ey í Dunu, mestr.

Í borg þessari eru 46 katholskar kyrkiur og á sínum tíma reyndust, 39 brýr og 22 port. Hvorki er Vinarborg fegrudu byggd né vendiligu húsum, eru þar mió stræti og hlikiódr, smá torg og morg hús sexloptud; þó eru þar allmorg störkostlig og háreist hús ad kynni, t. d. forsáligt, en þó mikill keisaragardr (Hofburg) og 9 furstaligir hofgardar og s. frv. Medal kyrknanna her Sti. Stephans höfudkyrkia ad stærd og vegligleik miog af ódrum hún er bygd á gautiskan hátt og er yfrit háreist; med áttkantudum turni 434 fóta at hæd, (þat er annar turn mestr í heimi.), 38 sturum og

Digitized by Google

klukka, er vegr hvorer 459 vættir og er steypt af hérumdum tyrkneskum fallstycklum, í henni er ögrynni helgra dóma, 5 orgelverk og 200 minna tónverkt. Þar er þjóðskóli ásamt allmikilli bókhlöðu, náttúrugripasafni, urtagarði, og stjörnuturni, og allmargir háskolar fyrir heyrnar- og málausa og 22 prentsmiðjur. Nærhæfis 60,000 af innbúum borgarinnar iðka vefnað og smíðar; þar er og kaupstaðr mestr í ríkinu, 3 kaupstefnur á ári hverju, bjóðbánki og kaupmanna samkomuhús. Auk herliðsins og hirðarinnar eru í borg þessari 240 000 innbúar.

Forkunnar fagrir lystigangar og nafnkendir undarsamir lystiskógar eru á Dönsku (t. d. Aurgarðen og Prater) og í borginni er gladvörð og feiti almenn og óhóf í hauth og atbúnaði, er þar margt förmenni saman komit og landsins gofugasta adalfólk, sem er hir audugasta í Evrópu. Fiskada borgar þessarar við hina rignarligu bióðar er kipst um fagrar eyar, í grend við Kögsvaxin stein (Kongsstiall og Kalenberg) í sudr og vestr og umhorfsfridr vidsýnn í austr til Sundralands, ollu þar at þessi í morgu tilliti merka höfudborg þykir borga skemtiligust at búa í.

Skamt þadan er skrautligt lystiskógr er Skjaldbrunnr (Fons bellus) heitir; þar er hinn mesti Urtagardr á Þýzkalandi og mikill dýragardr. Sunnar er Laxaborg, lystigardr keisarans. Í sudr þadan er Baden (Thermæ Ceriæ) þar eru nafntogadar laugar og er þar allmannmargt. Sunnar er Nýstadr (Neustadt; Neostadium); þar er skóli fyri hersöfingja

eſni og mikill varningr frá Ungaralandi og Wallandi ſamankominn. Fyrir veſtan Vinarborg er Ens vid Ensárós; þar eru járnnámur; veſtar er Linz vid Dunu, þar er keiſaraligt vodvirki. Í ſudveſtr frá Linz er Salzberg (Juvavium), þar er merk borg og erkibiſkupsſtóll og liggia ſiell á þriá vegu; þar er hallgardr, veglig dómkyrkia, at logum lik Sti. Peturs kyrkiu í Rómaborg og ſú ſtórhýſt. Á ſiall þat, er Múnkabiarg kallaſt, hafa menn grafit dyr, 150 al. at lengd, og ſett þar vid inngánginn marmaralikan Sigismundar hins helga. Þar eru 1400 innb. Í Grundi eru afarſtór ſalts-ſordahús og atſetr ſtiórnarráds hinna ſvo kalludu Salzkammers jardeigna, ſem eru 12 ferh. mil. at ſtærd; þar eru merg og ardſom ſaltverk. Í Hallein, fyrir ſunnan Salzborg er nafntogat ſaltverk.

2. Hertugadæmit Styriumerk edr Styriuland (Steiermark; Styria) edr innra Auſtrriki ligge fyrir ſunnan, ſidſtned Erkihertugadæmi; þat er 400 ferh. m. at ſtærd; þar eru járnnámur miklar og vidlendir ſkógar. Þar er Grætz (Grätz; Graecium) höfudſtadr í inndælu héradi vid á þá, er Múr kallaſt; þar er mikil kaupverſlun, 2 árligir markadir, allmargir viſinda- og íþrótta-ſkólar og ſtiptanir erkibiſkupsſtóll og 34000 innb.

3. Kóngsriki Illyreia, (Illyria) er fyrſt var kóngsriki kallat 1816, þá menn ſame-

Digitized by Google

fleytti hertugadæminn Kernt og Kran, jarlsdæmit Trist, Tjaul og Istria, nokkura hluta Istria og svar í Quarnarosfirði, Sinus Flanaticus) er gengr í nordr, inn af Feneyjabotni. Fjöllgarðr hetta, sem er 618 fetb. m. at stærð, liggr fyrir sunnan Stiriumark og nær til Feneyjabotns; hir sudrn í því eru allvídast fiallbygdir og margbreytt landslag. Árnar: Saf, Draf, Laybach og Kulpa renna í landsudr um riki þetta.

Þar er og sudrvatn 3 fetb. m. at stærd, er kallast Cirkuitzsiór (lacus Circoniensis) 18 undirgangar samtengia hann sdrum vötnum og ber sod vid ástundum at vatnit hverfr og hann þornar upp, sá menn þá til korns þar eda beita búsmala.

Höfudstadr í landi þessu er Laybacki (Labacum) bádumegin vid sammefnda á og velhúsadr biskupsstóll med 20,000 innb. Nordar er Klagfurda (Klagenfurt; Clagenfurtum) hat er biskupsetr og var höfudstadr í Kernt.

Í vestr frá Laybacka er bergstadr sá, er Idria heitir; har er hin mesta qvikasilfursnáma í ríkinu og koma hadan árl. 15 til 20 þús. vættir.

Triest (Tergestum) vid Feneyjabotn nordanverdan; hat er einhvor hinn markverdasti kaupstadr í ríkinu, har þrjár adalnordrálfumar hiódir saman. Har kaupskap og hafa har setta Konsúla; sitja kaupverjum til fulltingis og frama; har er skrifhús og rambygt varnarvirki,

Digitized by Google

veglig bómullarvara, 2 hafnir, kaupmanna samkomuhús, ymiskonar ábyrgdar stofnanir, stádstáda, útistada-stiptan og koma har 4000 kaupfor árliga. Stadarlidrinn er 40,000 at tolu.

Sunnar vid tedan hafsbotn austanverdan er allmikill kaupstadr er, Capo Distria heitir (Capo d'Istria) á ey og liggr hadan steinbrú til meginlands. Í landsudr hadan er merkr kaupstadr vid Qvarnaroflord, er Fium (edr St. Veit am Pflaum) har er frihofn og 9000 innb. —

Gorz, (Goritia) og Gradiska, liggia ei allángt fyrir nordan botnin og rúma baarleid hadan fornbyr sá, er Aquileia (eda Aglar) heitir á aga-miklum grundvelli og er har því óheilnæmt bústadar. Á dögum enna rómverska keisara var har mikill stadr og vidfrægr, sem ymsar eptirstodvar og fornleyfar votta; en sidan Attila (Atli) braut hann 452, hefir hann ei vidrétst.

4. Hit furstaliga Greifadæmi Tyról edr efra Austrriki; har er hálend fjallbygd, 520 ferh. m. at stærd, er liggr fyri vestan sódstalinn lond og fyrir nordan Lángbarda-riki. Millum misg hárra fjallstalla liggia har fogr, kunnar fagrir dalir, á heim er vedrasæld mikil og vallendi blidviori, en á fjollum sidnar ei snjór. Aul Inn, Etsk og Eisak eru har margar ár. Hit sydra einast vinvidr vel og allmikill pomeranza- og Sitronu-skógar.

Innsbryggia, sydrum Isingsbryggia

(Innsbruck; Oenipons) er þar höfudstadr, vid Inn, med 10,000 innbúum; þar eru 2 hofgardar, veglig kyrkia og háskóli. Jafnsudr þadan er merke verslunarstadr, er Bózen (Bauzanium) heitir, vid Etsk; þar eru 4 árligar kaupstefnur haldnar. Sunnar vid téda elfu stendr Trent eda Trient (Tridentum) med 8000 innbúum; þar er slót, dómkyrkia háskóli og biskupsstóll. Þar héldu Páfar nafntogadan kyrkiufund frá 1545 til 1563. Vid Bodensió vestr er Bregentz (Brigantia) med 2000 innb.; eystri hluti sláfarins tekr nafn af stad þessum.

Í landi þessu er ágiæt qvikfiárrækt, en litil akuryrkia. Meir enn 30,000 Þrælar fara árliga ur landi brott og leita sér fiár og framtaris í odrum londum. Þrælar eru hraustir í orrustum og unna miog frialsrædi sínu; hafa þeir ávalt verit tryggir þegnar Austurrikis keisara, sem segir í sögum þeirra.

5. Kóngsriki Bæheimr (Böhmen; Bohemia) er 950 ferh. m. at stærd og liggr fyrir sunnan Saxaríki og nordan Austrriki og ámillum Risafialla hit eystra og Bæheimsskóga hit vestra. Nordmenn kolludu land þetta ymist Bæheim, Barheim Búaheim eda Búraheim. Umhverfis og um þar liggia fiallgardar og skógivaxinn fiell. Auk Saxelfu eda Elfunnar, er fellr undan Risafiollum og renr

Digitized by Google

um nyrdri hluta landsins, má telja Moldá, (Moldau, Moldavia) er kémr ur -ufsudyi frá Bœheimsskógi og fellr í Elsuna, og Egez (Egra) er rennr nordar ur vestri í téda hiódá. Í landi þessu eru nærhæfis 20,000 vatna og tiarnir og allmargar málmdámadar uppsprettur. Merkustu stadir þar eru:

Prag (Praga. 50° 5′, 23″); hat er hofudborg og erkibiskupssetr, er stendr nærhæfis í midiu landinu, á hædum bádumegin vid Moldá, er 3 milur ummáls og vel umbuinn gt varnarvirkium. Í henni eru 68 hofgardar, 46 kapellur og kyrkiur, medal hverra er Sti. Veits hofudkyrkia, í henni eru legstadir allmargra konunga, hertuga og hins helga Nepomuks, verndardyrdlinge Bœheminga, helgr dómur hans vardveitist í kistu af silfri er vegr 31 vætt. og 2 fiórd. Þar eru 76000 innb.

Í hinni eldstu kyrkiu í borginni ligge hinn nafnfrægi danski stiornuspekingr Tycho Brahe grafinn (er deydi 1603). Þar er og stórkostligr konungsgardr (Hrad) med 440 stofum, hiódskóli, hinn eldsti á Þódskalandi, stipt. 1348 af Karli hinum 4da, mikill bókastóll (100,000 bind.), afarmikil og nafnkend steinbrú á Moldá; margskonar visinda- og listaskólar, bókahlodr, kiergripasafn, vodverki og vefstadir og megin-kaupstadr landsins. Þar eru 76,000 innb. Í vestr frá Prag, vid landamærin, er Eger vid samnefnda á med góde

inníb. Þar eru laugar og sýkíssur; þar matast víðvegis til 3ja ríkja hf. Bœheims, Saxlands og Wœrattkis. Í landnorðr þaðan er Tarlsbad (Thermæ Carolinæ) og í sömu átt þaðan Toplitz (Teplicia) skamt frá Erzfiöllum; þar eru nafntogadar laugar á báðum stöðum. Norðr frá Toplitz er Joachimsdalr, þat er hit besta silfrberg í landinu. Austr frá Prag Kolen og í suðr þaðan staðr sá á fialli, er Tabor (Taborium) heitir; hann lét Johannes Ziska gióra. Í Bœheimi eru margskonar landkostir og gœði; kemr þaðan mikill varningr og góðr, er umsœnn alt er gler og kerepti þar í aðhaldi.

6. Markgreifadœmit Mœri (Mæhren; Moravia); þat liggr við Bœheim sudaustan verðan og er 414 ferh. m. at stœrð. Fiallgarðar umkringia það allumegin, nema hit syðra og alvöldast er þar fiöllótt, þó eru þar sumstaðar breiðir dalir og sléttlendi. Sú merkisá er þar í landi er Marsch eðr Móra, hún rennr í suðr í Dóna; af henni segia menn landit dragi nafn. Þar er höfuðstaðr og biskupsstóll, er Brunnr (Brünn; Bruna) heitir við Svartá; þar eru 10 forstaðir, háskóli, lystileikahús, margskonar vöðvirki, kaupstaðr mestr á þessu landi og 4 markaðir á ári hverju. 30000 inníb. Í landnorðr þaðan er Olmutz (Olmucium) með 11000 inníb. Þat er stórt fiallvígi og Erkibiskupsstóll við Marsch; þar er

dómkyrkja, háskóli, Riddaraskóli og mikill stórgripa markaður.

Við Vaheims landamæri er Igla (Iglau; Iglavia) í hríðstungu byggðalagi og ei allfjarri frá Brunni er hefur Austurríki, mannkendt af sigri Fracka 1809.

Akuryrkja og quikfjárrækt eru aðal-uppheldisvegir innbúa lands þessa fyrir utan margskonar vefnað og vopnsmíði, er hér liggja mannum best stund á í Austurríki.

7. Sá hluti Slesíulands, er liggur undir Austurríki er 86 ferh. m. at stærð; hin meiriflu fjöll aðskilja hann og Mæri. Hann er afarfjallóttr og víða flatlendar; þaðan gánga Karpatafjöll í austr; er þar fjarð-hátt nær að fara til Ungaralands en Jablunka heitir og ver þar virki nokkurt. Þar er Troppá merkastr staðr með 10000 innb. og Teschen við Karpatafjöll. Innbúar þessa landsparts eru menn stórfjáðir og duglegir kaupmenn.

Verðtáttustaðr í Austurríki er hlýðr og loptslagið hreint og heilnæmt, menn hraustir, og allir hafa gagn í jörðu þar og nytsemdir. Hvergi er á Þýðskalandi, hinu fyrra meiri, sem í Erfiðjarmagaðrinum Austurríki. Í Tyról skiptir í tvo horn um loptslagið; í Öðrum er svo háttat, at þar hvessir snarlega og ávöxtr sem á Wallandi, en á fjallanna öxlum er mikit af fjalla og svarandi fjöllum.

Austurríki telja menn meðal hinna fremstu fornfrægu landa í Evrópu; hafa fundizt gull, silfr, kopar, járn (einkum í Styrjumörk, quikasilfr

Digitized by Google

í Jannari. Þar eru 6 Riddaraordur: 1. Gullna Bliess ordan, stiptud í Burgund 1430 af Philippus góda; þat tignarmerki bera at eins mestu höfdingiar og konúngar; einkunn þeirra: pretium non vile laborum. 2. Stiarnukrossa ordan. 3. Elizabetar Theresiu ordan. 4. Mariu Theresiu ordan. 5. Leopolds ordan, og 6 Járnkrossordan. Kennimannlegir ordur eru: hin höfdíska ordu, Johannita ordan og krossridduratar af hinni vandú stiptun.

Ordalemannus mikils verdr har í Jargar og riki; nú á dögum reyndi fyrir Austrikiskeisara sá, er heitir Franz hinn 1ti med þessu nafni og gekk hann riki 1790.

Herlid hans er 236,000 at tolu, þá fridr er í landi; en herskipaflokk hans er litill, med því at hann er lángt sídan hann lét efna til herskipa. Stad peirra er í Triest.

Jarbyggiarar Austrikis eru 9 mill. 456 þúsund at tolu; þeir eru ymsattyggia ad ætt eda slavenskir (t. d. í Beheimi Mæri, Styrimork, Kernt og Krain). Þar eru einnig allmargir Ungverjar, landsbúarnir malte Sudi höfdíska og slavneska tungu.

Digitized by Google

IX. Kongsrikit Niðurlönd eðr Holland (Nederlandene; Belgium.)

Nordmenn kalludu fordum þennan hluta Evrópu Flæmingialand hit syðra og Frisland nordar upp med Kinlimá sidu. Fyrir vestan og nordan hat gengr Englandshaf (Nordrsiórinn eðr hit þyðska haf), en fyrir austan hat liggia þessi Þyðskalands riki: Hannofarriki nordast, þá Westphal, Jülich, Kleve, Berg og Midrin, og fyri sunnan hat Frankariki. Landit er nú á dogum 1147 ferh. m. at stærð.

Mestr hluti rikis þessa er miog láglendr, eykum at nordvestanverðu, har hafa menn giort girdingar miklar vid siódarmál at verja landit ágángi siófar kostar hvilike stórvirki enir fé og nordru. Vid strandir þess er grunnsævi og sandrif mikil, er kallast Dúner. Af armerg siki eru grafin um land þetta, bædi til at vetta burt vatsaganum, sorða slæbum, og til léttirs varnings flutningum og ferdalegum manna, verðr jafnan hvertveggia á nokkurs konar smáskipum (Trækaköiter) er hestar draga. Hit eystra eru vida heidajörd, en í suðaustrhluta landsins er brattendi; þar ganga Ardenna fiöll eda Ardennaskógr um Luxemborgar Stórhertugadæmi.

Digitized by Google

Ríki þetta er ágæt land og falla um þat stórfljót og mörg, sem hafa þar mjög hæga rás; með því at hallinn er hvergi nær sem engi, og ollir því, at vatn og veitr, mýrar og flóar eru þar fleiri enn í flestum öðrum löndum. Fyrir norðan Klefe fellr 1, Rín inn í Gelder-land og klofnar í 4 vatnsfalla: renna 2 af þeim í vestr; nl. Vál (Vaal) er fellr í Mosá, kallast þat vatnsfall síðan Merve og fellr þat í Englandshaf. Vestat renna affalli úr Rín í Merve. Norðar rennr Rín skáfr í sömu átt; úr henni renna affallar eða gvíslar 2 í norðr báðar í Suðrsjó, heitir sá eystri Ysel, og hinn vestri Vecht, við Utrekt, gjörist hún þá svo lítil sem lækr og hverfr at mestu í sandvölr, áðr hún kémr til sjófar úti Englandshaf fyrir vestan Leiden. 3 Mosá (Maas; Mosa) hún kémr at sunnan frá Frackalandi; 4 Skaldá (Schelde; Scaldis) hún kémr úr sömu átt og frá sama landi, og fellr við Flisíng í Englandshaf.

Í millum Amsturdamms, Harlem og Leyden í Hollandi er hit merkasta stöðuvatn í ríkinu er Harlemsjór kallast. Frá Englandshafi gengr sævar-fjörðr mikill í suðr inn í landit, heitir hann Suðrsjór (Suydersee) hann er 60 fjórðúnga m. at víðáttu og hvervetna grunnr og fullr grunnsævi hafa menn þat fyrir satt at hann hafi fyrrum þurt land verit er brim hafi brotit. Vík gengr vestr úr firðinum til Harlems-vatns er Heiley (Het Y.) heitir. 2, Dollarts-fjörðr skerst inn á austr-takmörk-

um landsins, og vóru upphof hans med sama hætti á 17 old, og Sudurstáfar.

Riki þetta skiptist í 18 landsálfe (Provindser) og er yfir hveria þeirra settr einn lands hofdingi (Gouverneur) en tveir yfir Holland sialfr. a, Nyrdri hluti rikisins.

1. Holland; þat liggr vestast fyrir nordan Rinarqvislir; þat greinist í Nordr- og Sudr-Holland. Á vetlendi, bádumegin vid litla á er rennr í Hetey, stendr Amsturdammr, (Amsterdam; Amstelodamum. 50° 22′ 5″ n. br.) Þat er hofudborg í riki þessu og medal enna mestu stada í Evrópa. Hún er 1½ m. unnmáls og stendr á afargrúa masturstriáa, er menn hafa rekit 20 til 30 al. í jordu nidr. Kanalar deila grundvelli borgarinnar í 90 smáeyar, en þær samtengia 280 brýr; þar eru 9 kyrkiur fyrir reformerada og 24 kyrkiur og kapellur fyrir kathólska trúmenn, ásamt sleirum; í borginni midri stendr ráðstofan; þat er hin mesta og vegligasta bygging í allu rikinu og stendr hún á hérumbil 14000 masturstriám; í kiallurum undir henni vardveita menn fiárfiódu og ofurfé ens nafntogada amsturdammska fiódsióds eda bánka; kaupmanna samkomuhúsit (Börsen) er einnig mikil bygging og ástálig, þar géta 4500 manna rúmast í senn. Þar er

Digitized by Google

afarmikill kaupskapr, tilsigling og hofn trygg og rúmgód; leggia áftundum 1000 skip á einum degi inn á hana og optsinnis liggia þar í senn 6000 skipa. Í borginni og í grend vid hana eru allskonar verkstadir, vodvirki og smidiur, bókahlodur, málverka- og kiorgripasofn o. s. frv. Þar eru 212000 innbúar. Í vestr frá þessari borg er Harlem, (Haarlem; Harlemum) vid Harlemsfló; þar er hin mesta kyrkia í Hollandi, silkivefnadr, blómstrasala og heimili 21000 innbúa, er bleikia hor og lérepti manna best.

Fyrir nordan Amstrd. er Zardamm, þar er allmikill stadr, en einkum markverdr af því, at nálíga hvergi í heimi má fá svo marga og mikilvæga atburdi og idiusemi, sem þar; á einni ferh. mílu standa þar morg hundrud (1400) vindmyllur til margskonar brúkunar. Þar nám Pétr hinn mikli, Rússa keisari, herskipasmídi og farmannsrædi. Nordar er Edam, Alkmar, Horn og Enkhús (Enkhuysen) lidir stadir, á leid heim, er gengr í nordr sudr, vestan Sudrsló. Í landnordr liggia eyar í rod fyrir stardar mynninu; er Texel beirra syðst og merkust, kallast sundit milli hennar og meginlands Texelstraumr edr Marsdiup; vid eyna þessa er násuetugúd skipa leg. Nordaustar er Fríland edr Vieland.

Í Sudr-Hollandi er Hagi eda Greifa-

Haagi (Haag, Gravenhage; Haga Comitis) skamt frá Norðursæ; hat er sagt borg í sem ursta bygdarlagi landsins og konungsins fremsta og fyrsta atsetr; har er hofgerdr, fallstykkia-smidia mikil og 42000 innb. Í nordanstr hadan er Leyden, (Lugdunum Batavorum), hat er forn borg; har er nasufrægr hiódskóli, mikill bókaskóll, stiornuturn og málaraskóli — og 31000 innb. Í sudr hadan er Rotterdammt (Rotterodamum), vid Merve, hat er annar mestr kaupstadr í rikinu; har er mikit kaupmanna-samt komuhus, rádstofa, hofn gód og skipadogging og heimili 54000 innbúa. Par er hinn nafnfrægadi hiódvitringr Erasmus borinn, er kenndr var vid stadinn og stendr har minnisvardi hans.

Í landsudr frá Rotterd. er Dortrecht, (Dortrechtum) á ey nokkurri í Merve; hun er kóngsstedji, og myntast har hinir hollendsku Dúkatar. 19000 innb. Árit 1618 var har hádr merkr kyrkiufundr. Vestar á sömu ey er Helvoetsluis (Helwoetschluys), hadan gánga flutnings skútur til Harvikr á Englandi. Í útnordr frá Rotterd. er Delft (Delphi) med 13000 innb. Par eru heir Vilhiálmr 1ti og Hugo Grotius bornir. Og í hinni fornu kyrkiu hvílir Tromp og ýmsir hollendskir sjókappar.

2. Sæland (Zeeland); svo kalla menn eyar í Rinar og Skaldár-qvíslum og men af

Digitized by Google

meginlandinu fyrir sunnan sjer. Á ey heitri miðri, er vestast liggr og Walkeren heitir, er Middelborg (Mediobúrgum) með 13000 innb. Sunnar á eynni er varnarvirki og góð höfn, er Flisseing (Vliesingen) heitir; þar er herskipa ráð, skipasmiði og herbahús.

3. Í Utreht (Útrecht), er liggr fyrir austan Holland og fyrir sunnan Súðursjó, er Trekt eðr Utrekt (Trajectum ad Rhenum) við Rín; þar er biskupsstóll, gamalt dómkyrkia forn og 35000 innbúar.

4. Í Gelderlandi (Geldern), er liggr austar, er Nimvegr (Noviomagum) við Wal sunnanverðr, með 14000 innb. Þar er Arnheimr, kastali við Rín og Zutphen festing við Yssel.

5. Eystri-Yssel liggr norðar og við Súðursjó vestanverðan. Þar er Deventr við Yssel og Zwoll (Zvolla), víggirðr staðr og ríkr við Súðursjó. Norðar er:

6. Drente, þar eru engir merkir staðir. Norðast og austast er 7. Græningland (Groeningen), þar miðlands er víggirðr staðr, er Græningr (Gröninga) heitir; þar er biskupsstóll og 27000 innb. Millum beggja síðastnefndra landspartá og Súðursjáfar er 8. Frisland (Frisia), þar er Leauarden (Leovardia) með 17000 innb. Þar eru mikil lérepta kaup. Harling, Franecker og Dokkum eru kaupstaðir í þessu landi. Skelling og Ama-

land eru eyar 2 í Englandshaf og liggia þar undir Frisland.

b. Syðri hluti ríkis, þessa eðr hinar helgisku landsálfur:

9. Norðr-Brabant at sunnanverðu við Mosá og Merve. Þar er Hertogabuskr (Hertogenbosch; Sylva Ducis), sterk berg med 14000 innbúum; Breda, sterk festing med 9000 innb.; Bisrgin (Bergen op Zoom) vestast, hat er rammbygd festing. Sunnar er er:

10. Antverpen fyrir austan Skáldá; har er einhver hinn merkasti stadur í ríkinu, er Antverpen (Antwerpæ) heitir, við Skáldá austanverða og var talið á miðaldri medal hinna mestu kaupstada í Evrópa; þar er höfudkyrkia mikil med hérumbil 80 fadma háum turni, háreist ráðstofa, skrautligt kaupmanna-samkomuhús, ethvert hit segurasta í Evrópa, nýbygt herskipa-reidahús, skipasmiði og afarmikil kaupverslun. Bæarlýdrinn er 60,000 at tölu. Þar er allmikil herskipalega.

Í landsudr hadan er Mekeln (Malina); þar er dómkyrkia mikil med markverðum turni og kvislinga vesnadr — 20,000 innbúar. Sunnar liggr:

11. Suðr-Brabant, þar er Brussel (Bruxellæ) í sudr frá Antverpen; hat er annar atsetarstadr konungsins og var

fyrr. Höfudstadr í hinum austrísku Niðurlöndum og telst á medal hinna fegurstu borga í Evrópu. Borg þessi er umgirdt af 2 mílna löngum varnarveggjum; í henni er þiódskóli, konungsgardr, skrautlig gautsk ráðstofa, mikil bókhlada — og 76000 innb. Forkunnar fínir kniplingar og fagrir vagnar, kerrur og reidir koma þadan.

Austar er Löven (Lovanium); þar er þiódskóli, mikit ölbrugg og 26000 innb. Í landsudr frá Brusel er Waterló, þar hádi Napoleon keisari orrustu 1815 og bar lægri hluta. Fyrir sunnan Sudr-Brabant liggr:

12. Hennegá (Hennegau) þar er Mons eda Bergin (Bergen; Mons Hannoniæ) í útsudr frá Brusel, med 20,000 innbúum; þadan flytjast dyrligir kniplingar. Vestar er Dornik (Tornacum) vid Skáldá, med 24000 innbúum. Fyrir vestan 3 sídstaldn lönd liggr:

13. Eystra Flæmingialand (Öst-Flandern); þar er Gént eda Gand (Gandavum), viggirdt og mikil kaupstadr vid Skáldá; þar eru margskonar vodvirki og ítarligir vefstadir, þiódskóli og heimili 61,000 innbúa. Þar er Karl keisari hinn 5ti borinn.

Sunnar er Udenarde (Oudenarde), sterkt kastali, vid sömu á. Fyrir vestan þetta land og Hennegá og vestast í ríkinu liggr:

Digitized by Google

14. Vestra Flæmingialand (Vest-Flandern) við Englandshaf; þar er Bryggia (Brügge; Bruga) skamt frá sæ; þat er ákmerkt kaupstaðr með 34000 innb.; var hann fyrr. í félagi við Hendsalsstaði.

Við Englandshaf er Austendi (Ostende), er hvínar má í kaf færa, þá sett er um hann; þar er mikill kaupskapr. Austarliga í þessu landi er Kortryk, þar eru lérepti best á Niðurlöndum. Fyrir austan Norðr-Brabant og austan Antverpen liggr landsálfa sú, er:

15. Limborg heitir við austr-takmörk ríkis síns; þar er Mastrekt (Maastricht; Trajectum ad Mosam), í austr frá Brussel; þat er rammliga umgirðr staðr við Mosá, með 18000 innb., er leggia stund á mikinn klæða vefnað og skinna verkun. Fyrir sunnan þetta land og í samnefndri landsálfu er:

16. Luttik (Lüttich; Leodium) við Mosá, allfagr borg; þar er fors og markverð dómkyrkia, hiódskóli, nafnkend skinnaverkun og 47000 innb. Í grend við staðin eru steinkolagreftir. At Spá (Spaa) eru nafntogadar laugar. Milli þessa lands og Hennegá er lítit land, er:

17. Namur heitir, þar er samnefndr staðr, í landsuðr frá Brussel, þar er Mosá og á in Samber, (er kémr úr útsuðri frá Frankaríki) og renna saman. Þat var fyrr. afarsterk borg; þar eru 16000 innbúar. Fyrir sunnan þau á síðstaliun land og suðaustast í ríkinu liggr:

Digitized by Google

18. Stórhertugadæmit Lúxenborg, 108 ferh. m. at stærd; hat kom i eign Niderlanda korungs á kóngaslefnunni i Vinarborg, sem idgjold fyrir himar naesáiíku landeignir á Þýdskalandi er hann ádr át hafdi. Stiórnsemi er har sem annarstadar i ríkinu, en sem Stórhertugadæmi er hat i félagi eins Þýdska sambands. Sunnarliga i hvi er Lúxenborg eda Luzelborg (Luciliburgum); hat er hýdsk sambandsfesting og allra borga sterkust og best umbúin i Evrópa. Med hvi land hetta er fiallótt, er har ei allmikil akuryrkia; en hardla gott er har undir bú og allskonar qvikfénadr frisligr. Þar hefir gnótt timburs, málma og vins vid Mosel-á.

I vestri hluta kóngsrikis hesse eru optsinnis hyckvidri og votvidrasom vedraföll, hóka svo dimm, at naumliga finna menn imillum húsa og mokuregn; vida, mygla og ryd eru har hvi hradfarari enn i ödrum londum. I hinum eystri og sydri landsplátsum er heidvidri tidara og hægiligri vedrátta.

Hit nyrdra finnast eingir málmar; ei heldr eru har skógar, en mótekia er har til hlýtar; hit sydra eru járn- kopar- steinkola- kalk- og marmara-námur. — Fyrir nordan Rínarqvíslir er kornyrkian ónóg til uppeldis, en fyrir sunnan hær, einkum i Flæmingialandi og Brabant, vex korn vel, ágiætr hor, hampr, tóbak, humall krap, sérflagi i Eyunum, gódir ávextir, og vinvidr nokkr og skógar á Ardennafiollum. Hit nyrdra er ágiætt hagiendi fyrir nautpening, sem

Digitized by Google

er þar þrifligr og ardsamr; þar er og nær hververna illaraett saudfé, þóstlagnaræckt, fiskiafli mikill og ostursklíasáng einkum í Eyunum. Varla hefir nockr þiód lagt svo mikla alúd á aldingardaræckt og ostatilbúning, sem Hollendingar og á midium oldum vóru þeir flestum þiódum fremri at handidnum og línlérepta og klædavefnadi, en sidan, þá adrar þiódir numu, hversu med skyldi fara, urdu þeir ecki einir um ordsthr né ábata; þó er ullarvefnadrinn í Limborg, línvefnadrinn á Frislandi, bleiking lérepta vid Harlem, kniplingar, tvinni og skinnaverkun í Brabant o. s. frv. í mikilu afhaldi. Hollendingar vóru fyrrum hinir mestu kaupmenn og farmenn. Eingi þiód í Evrópa rak á fyrri tidum svo mikinn kaupskap né fór svo vída um heim sem Hollendingar, uns Enskir giordust þeim ríkari og þrevngdu at kosti þeirra; þó er kaupverslun þeirra enn allmikil og arduam einkum austr í heimi, Indium, Kína og Japan. Í ódrum londum selia þeir: smior, ost, síld, lín, hamp, blómstur, brennuvín (Sjenever), salt, tóbak, kamfóru, tobakspipur, múrstein, klædi, kniplinga, lérepti, pappír og varning austan og vestan úr heimi. — En ad sér draga þeir: korn, timbur, steinkol, stálsmidisgripi og uppsprettuvatn.

Í riki þessu er óhyngat trúarbragda frialsræði í log leidt; en fyrir notdan Rínarmynnis eru landsmenn flestir reformerader, og fyrir sunnan þær kathólskir. Þar eru 7 þiódskólar, smsir háskólar og allmargar visinda-

Digitized by Google

X. Bretland hit mikla og Irland (Storbritanien eller det brittiske Rige; Magna Britannia et Hibernia.)

Riki þetta liggr imillum 50° og 62° n. br. og 7° og 20° austl. l. og allskamt í útnordr frá Evrópu meginlandi eda Frankariki og samanstendr af 2 eylondum allmiklum, eyaklysum og smáeyum; þat liggr imillum Englandshafs edr Norðsiáfar hit eystra og hins atlantiska meginhafs hit vestra, en fyrir nordan eylond þessi mœtast með hof og at sunnan verdu samtengir þau sund mikit og breidt, er menn kalla Kanalinn imillum Englands og Frankarikis, en sem annars er ymist kendr vid Dofra á Englandi edr Kalé á Frakklandi. Riki þetta er 5331 ferh. m. at stœrd (meir enn sinnsaldr vid Danmork) og greinist þat í 3 konungsriki; eru tvo þeirra á stœrra og eystra eylandinu, er Stórabretland kallast, nl. England og Skotland, og hit þridia er vestri eyan, er Irland heitir.

A. Konungsrikit England (Engelland; Anglia fyrr. Britannia Romana.)

Þat liggr imillum 50° og 56° nordl. br. og 11° og 20° austl br. Svo

kalla menn sydri hluta eystra eylandsins og er sá miklu meiri enn hinn nyrdri edr Skotland. Fyrir vestan England er hit irska haf, er atskilr eylendinn; hat kallast at sunnanverdu Georgskanall. England er 2584 ferh. m. ad stærd. Austr strandir lands heita eru vida láglendar; har eru morg krita berg; en at sudvestanverdu, hit vestra og nyrdra eru allvida tág fiöll og hálsar, medal hverra má telia Wales- edr Bretlands-fiöll, hin hærstu á Englandi, Peack i Derbyskira, hriósluga fiallbygd, nordar enn i midju landi, og fiallgard hann, er Tiviot-fiöll (Cheviotshills) heitir og atskilr England og Skotland. Uteagar eda nes, er lengst ganga i haf út, eru: Forland i Kent, i austr; Landsendi i vestr og Litard (Englanes) i sudr, bædi á Kombretalandi.

Priár eru ár mestar á Englandi nl. Temsá, eda Temps (Themsen; Tamesis), hún er heirra mest og merkust; upptök hennar eru i Glostur-skira og rennr hún i landsudr i fiord hann af Englandshafi, er vid hana er kendr. b. Severn (Sabrina) kémr frá Nordr-Bretlandi og rennr i Bretlands fiord. c. Trent (Abus) kémr frá Peack fialli i Derby skira og rennr i landnordr, en há nær dregr hafi, kallast á hessi Humber eda Humbra, og fellr i fiord af Englandshafi, er tekr nafn af henni.

Á sú, er Mersey (Merseus) heitir, rennr við Liverpól í hit iska haf.

Margir og harla merkiligir eru kanalar þeir eðr manngiörð díki, er samtengia allar þær ár, sem nefndar eru og mörg sum vötn, svo hvervetna má skipa skutningum við koma um landit. Þeir nafnkenduztu kanalar eru: hinn brigdevaterski Kanall, Oxnafurdu-Kanall, millum Temsár og Trentar og Bristolarkanall er saman mar Severn og Mersey. Medal stöduvatnanna er Vinandsfiör í Lancaskíra hit merkasta.

Auk þeirra fiarða, sem áðr er sagt at skérist inn í austr-strond Englands, hverfr fiörðr nokkr inn í land milli þeirra, er Wass (Wash) heitir. En at vestanverðu gengr Bretlandsfiörðr eðr Bristolarbugt (Bristol-Canalen) fyrir inn, milli Bretlands og Kombrelands, þá Kardiganbugtin og Solvaibugtin nöfnuð á landamærinni.

Kóngsríkit England greiniſt í 2 hluti: hit eiginliga England og Fyrstadæmit Vales eðr Bretland.

I. England (Anglia; Britannia) þá Angelsaxar á 5 öld brutu England undir sig, skiptu þeir því í 7 kóngsríki, er hétu Esser, Kent, Sussex, Vestsex, Mercia, Austangeln og Norymbraland; en nú á dögum er það greint í 40 Skíra (Schirer) eða greifadæmi.

Digitized by Google

Á og nálægt austurstrond landz þessa eru þessir stadir merkastir: Lundún eda Lundunaborg (London; Londinum, 50° 30′ 49″ nordl. br), vádumegin vid Temsá og 9 milur frá mynni hennar; hat er hofudborg í Englaveldi, atseturstadr kónungsins, hinn mesta og fiolmennasta borg í Norduráifu heims og hinn stærsti kaupstadr í ollum heimi. Hún er half annr mila á lengd og skiptist í 3 hofudparta og er yfir hvern þeirra settr einn hofdingi.

1. City edr sá eiginnligi stadr, hofdingi hans kallast Lordmajor; þar er kaupskapr mestr, og ymsar háreistar byggingar, t. d. Sti. Páls kyrkia, hún er vegligust allra protestantiskra kyrkna og lik Sti. Peturs kyrkiu í Róm, en þó minni; Tover, þat er forn kastali; þar er herthabúr, hiódskialahirsla, kóngsþedi og hiódsiódr; kaupmanna samkomuhús og Lordmajorsins hofgardr.

2. Vestminster, þat er hinn fegursti hluti borgarinnar; þar rædr fyrir hofdingi sá er Sherif kallast; þar búa adalsmenn og hinir riku. Þar er forkunnar fogr kyrkiu-bygging giord á gautska visu er kallast Vestminyster-Abbedi; þar eru legstadir konunga og stórmennis. Vestminstr-holl er mikit hús á fyrnskt hátt; þar heldr Parlamentit samkomur; forn hofgardr, er Sti. James heitir; Karltonhús, þar sitr konungsefnit. 3, Sudvirki

Digitized by Google

(Southwarh) fyrir sunnan Temps, þar eru verksmiðiur mestar og vodvirki. Þar eru 7 brýr á ánni; eru þær allar nafnkunn stórvirki og 3 af þeim af steyptu járni. Í Lundunum eru 250 kyrkiur, 4500 kénsluskólar, margir spítalar og imillum 10 og 11 hundr. þúsund innb. Hydepark er vidfrægr lystigángr. Í Windsor-sloti sitr konúngr á sumrum.

Í landsudr frá Lundunum er Grænvík (Greenvich; Grenovicum) vid Temps, med 17000 innb. Þar er spítali fyri 5000 hrumra sjómenn, stiornuturn, gégnum hann draga Enskir ena fyrstu hádegis línu. Lengra brott og vid sama á er Graffandr, lítill stadr; þar gánga jafnan ferdamenn í land. Sunnar er Kattam (Chattam) þar er hit mesta skipreida-hús í heimi. Í austr þadan er:

Kantaraborg (Canterburg; Cantuaria), þar er erkibiskupsstóll, forn gautsk dómkyrkia og 10,000 innb. Í landsudr þadan er Dofre (Dover; Dabris) vid Kanalinn gagnvart Kalé á Frakklandi. Einusinni í viku hverri fara flutningskútur millum stada þessara; þar er sundit 6 milur at breidd.

Þar er og nafnkend skipalega, er kallast Dunur (eda the Downs) millum lands og grunnseflis eda sandrifs mikils, er liggr nordr med strsud þessari og kallast Godvins Grynníngar; á téðri skipastod má allopt sjá mikinn fiolda enskra herskipa og kaupfara samankomin.

Í landnordr frá Lundunum er Kolséster (Cholchester; Colcestria) vid sæ med 17000

Digitized by Google

innb. Þar er markverðr ósturskeiðaósi austar er Harvik, hadan gánga ferjuskip til Hollands. Nordar við sæ er Ipsvik (Gippevicum) med 14000 innb.

Í vestr hadan er Kambryggia (Cambridge; Cantabrigia); þar er hiódskóli, mikit bókasafn og 11000 innb. Skamt hadan er Nýmarkadr (Newmarket), þar eru mest hestaþing og vedhlaup háð á Englandi. Í nordr frá Ipsvik er Nordvik (Norvich; Nordovicum); þar eru vodvirki mikil, er landflotta Hollendingar hafa á stofn sett, og 37000 innb. Austar og við sæ er Járnamóda (Yarmouth, Jarmuthum), þar er góð hofn, mikil skipa útgerð til síldarveiða, — og 18000 innb. Þadan gánga flutningsskútur til Kaupmannahafnar. Í útvestr hadan er Boston við Vassfiord nordanverdan og í sömu átt hadan Linkoln (Lincolonia) stutta leid frá sæ; þar er einn gautsk kyrkia mest á Englandi. Í nordr hadan er kaupstadr sá, er Húll eda Kingston heitir, við Humbru nordanverda.

Þá Jórvik (York; Eboracum) við ána Usu og í útnordr frá Húlli, í vidkéndum Skira, sem er hinn vidlendasti á Englandi; þar er mikil borg og hin merkasta næst Lundúnum; þar er erkibiskupsstóll, forkunnar veglig dómkyrkia, sem er hin stærsta í allu Englaveldi, og medal hinna mestu í heimi, — og 18000

Digitized by Google

innb. Við tekia á, er renner í Humbru, fell Haraldr kóngr Sigurdarson (25 Sept. 1066) og margt nordmanna med honum. Fyrir sudvestan Jórvik er Leds (Leeds; Ledesia) med 26000 innb.; þar eru hin merkustu vodvirki og mesti klæda-markadr á Englandi.

Í landnordr frá Jórvik er Skardaborg (Scarborough) vid sæ; þar eru nafnkend málmdámud ostn. Í grend vid stad þenna, sem fyrrum var meiri, enn nú, er Klifland, er gótit finnst í fornsonum. Nordar er Hvitibýr (Whitby); þar er Kýk borinn. Í útnordr frá Skardaborg er Durham og skamt þadan vid sæ Sandzland, þar er afarmikil steinkola-verslun.

Nordar er Nýkastali (Newcastle; Neocastrum) vid ána Tine; hat er mikill kaupstadr, med 28000 innb. Þar er steinkola-sala mest á Englandi og eru þar 400 skip í fórum med þann farm. Nordasti stadr í landi þessu er Bervik edr Beruvik vid Hvetumynne, er fyrrum heyrdi Skotlandi til.

Á strondinni, er veit í sudr edr vid Kanalinn eru þessir stadir: Hesting (fyrr. Helsingiaport) fyri vestan Dofra; þar fell Haraldr Gudinason 1066. Vestar er Ciceſtr (Chicester); þá Portsmót (Portsmouth; Portus magnus) hat er viggiedt herskipahofn á ey, er Portsær (Portsea) heitir; þar smída menn og útbúa herskip, er þar reidi og tilfæra

ſugar til herſkipaſmida og útbúnings — og 40,000 innb. Spithed (Spithead) er hörp, har er ágiæt ſkipalega. Í útnordr hadan og nokkra leid frá ſió, er Vinceſtr (Winchester; Vintonia); hat var fyrr. heimili hinna veſtſaxiſku kónga og hvila ymſir heirra har í dómkyrkiunni. Par eru 6000 innb.

Í landnordr frá Vinceſtri er bör ſá, er Vindſor heitir; har er munngáts-drugg mikit og ſápugiörd; ſkamt hadan er kongligr hofgardr, er Vindſors-Kaſtali kallaſt; har eru hofudsmanns-riddarar ſkrádir.

Í veſtr frá Vinceſtr er Salisberg eda Saliſborg (Salisbury; Sarisberia) med 10,000 innb. vid á þá, er Avon heitir; har er enhver hin fegurſta gamſka kyrkia á Englandi; nálægt ſtad þeſſum má finna allmargar eptirſtödvar frá fornsidum. Í útſudr hadan er Dorceſtr (Dorchester) nálægt ſæ, litill ſtadr. Fyrir ſunnan hann gengr nes nokkurt út, er Portland kallaſt; har er ſandſteinn mikill og ágiætr og eru ymſar byggingar í Lundunum af honum giorvar. Lengra veſtr er Exetr (Exeter; Exonia) med 19000 innb. og í útſudr hadan er Plymót, (Plymouth; Plimuthum) vid vik nokkra; hat er reimliga umgirdt herſkipa hofn og ſtod mikils hattar hins enſka ſtridsſkipa flota; har er nafntogud ſkipagerd og afarmikil hertygs og forda-búr, og 65000 innb.

Digitized by Google

Austar er Dartmót (Dartmouth). Skamt þadan er nafnkann skipalega, sem kend er vid Torbay. Framundan Plymót stendr drángi eda kleitr í hafinu, er Eddusteinn heitir; þar er merkt viti. Vestar á skaga þeim sunnanverdum, er lengst gengr í útsudr á Englandi (og Nordmenn fyrr. kolludu Combretaland; en nú á dögum heitir Cornvallis), er Falmót (Falmutum); þar er einhver hin besta hofn sunnan fram á Englandi; þadan ganga 22 ferda-snekkiur til Lissabónar, Vestindía og Nords-Ameriku.

Á skoga þessum eru fiöll og lidt frióssamr jardvegr; en margar eru þar tin- og kopar-námur.

Á Englandi vestanverdu eru þessir stadir: Bristól (Bristolium) vid á þá, er Avon heitir og skamt frá botni Bretlandsfiardar; þar er itarligt kaupmanna samkomuhús, miklir sikurhreinsunar verkstadir og glersteypnsmidiur og 77000 innbúar, er mikg sækia fiskiasla vid Nýfundnaland. Í landsudr frá Bristól er Bad (Bath d: Bed; Bathonia, Aqva Solis) nafntogadr stadr at laugum og mikg sidsóttr; þar eru 40 badhús og 32000 innb. Í landnordr þadan er Glostr (Gloucester; Clanum) vid Severn, hofudstadr í samnefndum Skíra, í hverium er ostagierd mikil og vidkunn.

Nordar vid téda á er Worcestr (Vigornia) þar eru merkir handska verkstadir og bestu porcelansmidiur á Englandi — og 13000 innb. Í landnordr þadan er Warvik; skamt

Digitized by Google

þadan er hinn háreisti og straukligi Varvíks Kastali. Nordar er Koventri, hvar er banda og borda-vefnadr mikill. Nordar og vestar er Birmingheimr med 87000 innbúum, sem eru úrval enskra málmsmida; því hvergi á Englandi eru svo margar, godar né margskonar smidiur sem þar. Medal þeirra telia menn 130 knappasmidiur, 30 byssusmidiur, o. s. frv. Í útnordr þadan er Srúsborg (Shrewsbury; Salopia) vid Severn med 17000 innb.

Í útnordr þadan er Céstr (Chester) afarforn stadr vid vík af Irlandshafi; þar eru 16000 innbúar, er eiga kaup vid Irska um lérepti; þadan gánga og ferjuskip til Irlands. Kaupeyrir innbúa samnefnds Skíra, er vidkendir ostar, af hverium þadan sléttast árliga 250.000 vættir vídsvegar um heim. Í nordr frá Céstri er Líverpól (Liserpalus) vid Merseyar ósa; þat er annar mestr kaupstadr á Englandi; þar eru 95000 innbúar, er brugga mikit ol, tilreida ógrynni tóbaks og reka kaupferdir á 1000 kaupförum til allra heimsálfa, einkum vestr í heimi, hvar kaupmenn frá Líverpóli seldu med miklum ábata Blakkumenn edr Negrana frá Afriku mansali og vóru manna tregastir til at láta af þessum kaupskap, þá bannadr var. Hofnin í Líverpól er sannkallat meistara-verk. Vestar og nordar

Digitized by Google

er Manceſtr (Manchester; Mancunium); þar eru 200 bómullar-vefvirki og meſt af bómullarvarníngi og dúkum ſamankomit á Englandi; þar eru nær 100 000 innb. Í útnordr þadan er Lankaſtr (Lancastria) vid Írlandshaf, med 9000 innb., er reka kaupſkap veſtr í heimi og í Eyſtraſalti.

Fyrir nordan ſamnefndan Skira liggr Weſtmoraland, þar eru eingir merkir ſtadir; þá Kumbraland nordaſt heim megin í landinu; þar er Hvitahafn (Whitehaven; Portus albus) vid ſæ; þar eru ſteinkola náma ur miklar, er ná út undir mararbotn. Í landnordr þadan og vid botn Solvays-fiardar ſtendr Karliſle (Carleotum) med 13000 innb.; þat er umgirdr ſtadr med merkum vefvirkium.

Mittlands eru þeſſir ſtadir: Oxnafurda, (Oxford; Oxonium) vid Temps í útnordr frá Lundúnum; þar er forn og nafnfræg biódſkóli, (ſtiptadr af Alfridi hinum mikla) og forkunnar gott bókaſafn og 13000 innb.

Auſtar er Hartfurda, og fyrir nordan hana Bedfurda og þá Hundatún (Huntingdon); þar er Cromvell borinn 1603, ſama dag er Elizabet drottníng andadiſt. Leiceſtr (Leicestria) fyrir nordan Oxnafurdu; þar eru 17000 innb. og eitthvort hit meſta ſokka-vefvirki á Englandi. Í landnordr þadan er

Digitized by Google

Nottingheimr (Nottingham) við Trent; þar er afarmikill sokka-vefnaðr, munnáts-brugg og 34000 innb. Vestar er Derbýr (Derby; Dorventia) þar eru 13000 innb. og nafnkunn silkimylla; í henni eru nær 27000 hjól. Allir þessir staðir liggja mitlands og í víðu lendum Skirum.

b. Furstadæmit Bretland edr Valland (Vales; Vallia Vallis Cambriæ fyrr. Britania secunda.)

Þat er umflotit af Irlandshafi á 3 vegu og áfast við England at vestanverðu; þat er 316 ferh. mílur at stærð; þar eru fjöll fleiri og harri enn á Englandi og fríðir samir og fagrir dalir milli þeirra; eru þar því heilnæmari veðurátt og hreinviðri tíðari. Landið greinist í tvo hofuðparta nl. í Sudr-Wales og Nordr-Wales og hvert þeirra aptr í 6 Skira.

Þar eru eingir staðir miklir; þó má hér géta Pembróks vestast við Bretlandsfjörð nordanverðan og við vog nokkurn, í hverium er hin stærsta og snuggasta hofn í Norðrálfu heims; hún kallast Milfurduhafn. Austar við téðan fjörð er Swansea með 7000 innb. Þat er hinn merkasti og fiolmennasti staðr á þessu landi.

Þá Jótar og Saxar ruddu sér til ríkis á Englandi fyrðu, hinir fornu landsmenn, er Kymrar (Cymri) heitu, í vestr og leituðu sér

Digitized by Google

hælis í Bretlands fiallbygdum og hefir síðan sá ættsprengr búit þar; þeir eru at háttum og málisku Enskum ólíkir, en rækia þó somu trú.

c. Eyar, er liggia undir England.

Fyrir sunnan England og framundan Portsmót er a, ey sú, et Wikt (Wigth; Vectis) heitir; hún er 9 ferh. m. at stærð og hverfetna ramliga umgirdt; þar er ágiætt haggviðrisfyri sandfé og viggirdtr staðr er Nyaport kallaſt. Eyarmenn eru 27000 at tolu. b, Sudr við Frakklands Strandir eru 4 eyar, er kallaſt: Gernsey, 6 ferh. m. at stærð; Jernsey þokkut minni, Alderney og Sark; þær eru sitilvægar eptirstodvar af heim vidlendu landeignum, er Enskir á miðoldum áttu á meginlandi eda Frakklandi. c, Framundan Normandi, eda Landsenda liggr eyaklasi mikill, 18 milur undan landi, er Syllingar eda Skillingar (Scilly-Oer; Cassiterides) heita; þær eru 140 at tolu og flestar smáar og giædalitlar. Sex af þeim eru bygdar, medal hvorra Sct. Mariuey (St. Marys) er hin merkasta. Þar tók Olafr Tryggvason sér hirn sem segir í sogu hans (993). — d. Við útnordr horn Bretlands er ey allmikil, er Anglesey, (Anglesea) heitir og sídr hana og tedr land sund þat, er Anguls eyarsund kallaſt; á henni vóru fordum eykistógar miklir, en nú eru þeir at mestu upprættir. Þar var eitthvert hit nafnkendasta heimili Drúida í fornøld. Á þessari ey gnægir byggs og hafra,

Digitized by Google

og í fialli því er Parrisbiarg heitir, eru eyrnámur miklar. Nordar í sama hafi er: e, Mon (Man; Monabia); þat er allmikil ey midt imillum Englands og Irlands. Hún er 10 ferh. m. at stærd. Eyarmenn eru 30,000 at tolu, og eru þeir komnir frá hinum fornu Bretum. Þeir hafa sinn trú og Enskir og sitt eigit stiórnarrád, er samansetzt af 24 keys edr forrádasulltrúum, en fyri því rædr enskr hofdingi (Gouverneur) er býr í Kastalanum (Castletown), merkasta stad á eyunni, sunnanverdri.

Loptslagit í Englandi er vetrdrasamt og sudda, hvolfir þar einkum á strøndum þess lykt, drúngafult og þokusamt; leingra frá sæ er hægiligra loptslag og vedr, og í fiallbygdum landsins er hreinviðri tídara og léttara loptslag. Á vetrum eru frost annarstadar hæg edr engin og á sumrum hitinn temprádr og vel bæriligr.

Øll eru náttúru-ríkinn allaudug á Englandi; á Kombretalandi eda Kornvall eru tinnámur svo ágiætar, at hvergi finnast þvílikar í heimi; þar og á Bretlandi (Vales) og vídar er blý, járn, kopar edr eyr, marmari, alabastr, flogugrýti, myllusteinar, porcelainsleir og ógrynni steinkola, einkum í Nordimbralándi og Kumbralandi, álún, saltvetr, vitriól og málmdámadar uppsprettur. Engin kornategund vex þar svo ýfirgnæfanliga sem hveiti ásamt ósurgnægd ávaxta, og ágiætr humall. Skóglendi er þar lítit. — Þar er allr kvikfénadr stór, (einkum hestar) þrifligr og af gódu kyni, hit enska sauðfé

Digitized by Google

gènge því spanska nærst at giædum; Hundar á Englandi eru nafnkunnir. Villidyr eru þar fá, en fiskiafli ágiætr; sérilagi fiskast þar síld, þorskr og Lax og við Kents og Essex-strandir ostruskeliar.

Hvergi í heimi hafa handiðnir og hagleike náð hvilíku algiørsti sem í Englandi. Medal stóluligra verkstáda og smiðia, sem þar finnast og ár frá ári aukast og taka framforum, má nefna ullarvodvirkinn, (þau beztu og mestu í Bradfurdu) bómullar- silki- og segldúka-vefstadina og ledur- og handska-verkstadina (sérilagi í Vincestri), pappirsmillur í Kentskíra, skúrhreinsun og tóbaks-tilreiðslustadir (í Liverpól) skýugiørd (einkum í Windsór) og hvínær hvervetna ágiætt silbrugg. Járn- og málmsmiðiur eru bestar í Birmingheimi og Séffeldi, steinkerasmiði í Staffurdskíra, glersleppur og speiglasmiðiur á ýmsum stodum. Á bergverk og námur leggia Enskir mikla alúd.

Enskir eru nú á dögum hin mesta kaupskapar-þiód í heimi og lagði Kromvell grunde, völl verslunar viðskipta þeirra um giarvalla heimskringlu med lögum þeim, er hann setti 1651 og kallast Navigatiónsact eðr kaupfaraskrá. Varla er sú þiód í heimi, er Enskir eigi ei kaup við, né sá stadr við sæ á jarðarhnettinum, at ei hafi enskir farmenn þar komit. Nýlendur þeirra, í öllum öðrum heimsálfum, fá heim nægan kaupeyri at flytia til þeirra landa, er skorta hann varning; má því segia að þeir reki alheimsliga kaupverslun. Einkum er versl-

Digitized by Google

un Keirra í Austindium, Kina og Westindium harla ardsom og hit enska austindiska kaupmanna-samband er hit mesta í heimi og á hat afarvidlendar jardeignir í Asiu. Kaupskap Enskra greidir hinn mikli Lundúna hiódbánki, sem er allra hiódstóda mestr í heimi, ásamt 850 odrum minni meginstódum, er finnast í riki Jesu, somuleidis idugligar ferduferdir til ymsra landi. Innanrikis er kaupverslun hvervetna idkud med miklu kappi og letta hana manngiord diki, ágiætir hiódvegir og ymsar uppástaningar, er jafnframt lysa hugviti og audlegd Enskra. 3000 kaupskip eru idurgliga í forum millum Englands sæstada og 28000, til annara landa og heimsálfa.

Merkustu kaupstadir í Englandi eru: Lundúnaborg, Bristól, Liverpól, Portsmót, Vlymót, Falmót Hvitahafn, Nókastali Húll eda Kingston, Jarnamóda og Kolcestr.

Enskir færa og selia odrum hiódum sérlagi: málma, klædi og margskonar dhrindisvefnad og ymisligt verkfimidi, austr- og vestrindaistan og kinesiskan varning o. s. frv.; en kaupa og draga at sér: vinfaung, brennuvin, sudrlandaáverti, seitmeti, ótilreidd verkefni til vodvirkia og verkstada og fl.

I Englandi hófst á dogum Heinriks 8da hinn protestantiski kristindómr, (en nádi fyrst stadfestu, thá Elizabet drotning sat at rikinum), er menn kalla hinn biskupliga (episcopale); med hvi at biskupar hafa har ædri tign og metord, enn á odrum londum. Tveir eru kénumanna odhvitar tignastir nl. erkibiskuparnir í

Digitized by Google

Kantaraborg og Jórvik; heirra bodi og hanni hlýda 27 biskupar. Í Englandi hafa øll kristinna tramanna félag fult truarbragda frialsrædi. Medal heirra má hér géta Qvækara og Methódista.

Biblíufélagit á Englandi er einhvor hit starfsamasta og nytsægasta stiptun nú á dögum, og má þat heita módir allra þvílíkra sambanda á ødrum løndum. Þat lætr prenta biblíuna á margbreyttum túngumálum og útbýta til nálægra og fiarlægra þióda.

Tveir eru þiódskólar í Englandi, í Oxnafurdu og Kambryggiu og er sá í Oxnafurdu meiri og eldri; bádir eiga þeir miklar bókahlødur. Medal allmargra lærdóms félaga er hit kóngliga Vísindafélag í Lundunum hit merkasta.

England er einvaldsríki, er géngr í arf til manns og konu eptir frumburdar erfdaréttri. Konúngr tekr ríki 18 vetra; hann skal rækia þá í Englandi logteknu þiódtrú og ei ekta kathólska printzessu. Vald konúngs veikir ráð þat, er Parlament kallast; þat greinist í 2 flokka edr hús, er heita Yfirhús og Undirhús. Í Yfirhúsinu eru kóngssynir, tignustu adalsmenn og edstu kennimenn, og eru þeir hérumbil 590 at tolu. Í Undirhúsinu eru kostnir eyrindsrekar fyrir hond Skiranna og stadina; þeir eru 658, medal hvorra 45 eru frá Skotlandi og 100 frá Irlandi. Í þessu húsi ris ávalt flokkr nokkr móti konúngs ráðgiafum er Oppositionspartie edr mótstodumanna samtok kallast. Í Parlamentinu skérst

Digitized by Google

ár ollum málum med atqvædum. Sérhvert laga framvarp kalla Enskir Bill, en þá kóngr hefir stadfest þat, Act. Konúngr skal samanu kalla Parlamentit þridia hvert ár; en ei má eitt Parlament sitia lengr en 7 ár; þó má konúngr heimta þat til fundar hvar og nær hann vill. Eldsti sonur konúngs kallast Hertugi af Kornvall (Kombretalandi) og at fengnu kóngligu leyfi, Printz af Vales. Adrir kóngbornir prinzar taka nafn af ymsum greifadæmum. Englands skialdarmerki er 3 gullnir Leopardar.

Þar eru 3 riddara ordur: 1, Hofuband-ordan, stift. af Edvardi 3dia 2, Bad-ordan og 3, Pistil-ordan.

Tólf eydsvarnir (Jury) giora þar um mál manna, og dæma þann ákiærda sekan (Guilty) edr ekki sekan (no guilty); Konúngr má náda sakfelda, eptir vild sinni.

Landlid Englakonúngs er nýst 112 þús. manns, at medtoldu herlidi hans í Nýlendunum. En svo mikinn herskipastól og skipaher hefir hann, at aldrei hefir nokkr konúngr haft jafnmikinn; liuu- edr meginskip hans eru 250 at tolu og 264 fregáttur. Herskipaflotinn er deildr í 3 flokka, eptir því rauda, hvíta og blá-a flaggi.

Innbyggiarar landsins eru 10,194,000 at tolu; þeir eru allir at Valesum eda Bretum undanteknum, komnir af Angelsaxum, er blondudust hinum eldstu innbúum landsins, Donum og Nordmonnum og kallast þeir Englismenn Engelendingar, Enskir og Engelskir, einnin af Valesum, eptirkomurum enna fornu Breta; þeir mæla enn þá hina gomlu kymriska túngu.

Digitized by Google

B. Kóngsríkit Skotland (Caledonia, Scotia.)

Svó kalla menn nyrðri hluti fyrrtéds eylands. Það liggr, ásamt eyum þeim, er til þess heyra, millum 9° og 19° austl. l. og í nordr og sudr milli 54° og 62°. Það er 1441 ferh. m. at stærð.

Víðast er land þetta fiallótt, einkum nyrðri hluti þess, er menn kalla Hálond (hálendi); sydri hlutinn er flatlendari og kalla menn hat Láglond; þar eru dalir fagrir og friósamir. Í landinu eru mörg og afardiúp sioðvotn (Lochs) og elfur og í þeim fossar margir; þat er arit vagskorit og straudir þess víðast berar og girðalitlar. Medal fiallanna á Skotlandi má telia fiallgard þann, er Tiviotsfiall kallast; þar skilr England og Skotland, og Grampianfiöll á takmorkum Láglanda og Hálanda; medal þeirra er fiall þat, er Ben-Nevis kallast, þat er hit hærsta á þessu eylandi.

Nesoddi sá, er lengst gengr í austr í haf út, kallast Buckanesnes og strondin í sudr þaðan hét fyrr. Buckanströnd. Skaginn, er lengst gengr í landnordr, hét fordum Katanes og stagatáin Dúngalsnýpa (nú Dungsbay-Head) er gétit finnst í fornsögum og margra annara arneina, sem nú eru þar né minni líðinn.

Þriár eru elfur merkastar á Skotlandi: 1, Klæd, (Clyde; Clota); hún fellr í útnordr

framhiá Glasgó í fiord af Irlandshaſi, er tekr nafn af ánni. Nordar fellr, 2, Fort, (Bodotria) í austr í vidkéndan fiord af Nordr-sæ; og þá Tay (Taus), er kémr úr útnordr og rennr í fiord af Nordr-sæ, sem kéndr er vid ána. Auk þessara er Tved, fyrr. Hvetá, hún rennr nálægt takmorkum ríkianna í Norðurſió. (Hvetumynni) og 2 smá-ár, Don og De.

Manngiordr diki, sem kéndt er vid Glasgó, samtengir árnar Klæd og Fort og hit Kaledóniſka ſiki er grafit frá Inverneſi hvert igégnum landit til hins atlantiſka hafs. Neſs-vatn og Lommonds-vatn eru þar allra ſtöduvatna meſt og diupuſt. Auk þeirra fiarda, er fyrr-greindar elſur renna í, er fiordr sá edr flói, er hverfr inn í landit frá Nordr-sæ, milli Búkanneſs og Kataneſs, er Murrayhugt heitir, en fyrr. kalladiſt Skotlandsfiordr; og annar nordar, er Dornoksbugt heitir.

Konúngsriki þeſsu ſkipta menn í 4 hofudparta ut. Sudr-Skotland, Mid-Skotland, Nordr-Skotland og Eyarnar. Paradauki greiniſt þat í 31 Skira og 8 umdæmi (Stewartrys.)

1. Sudt-Skotland; þar er Eydinaborg edr Edinborg (Edingburgh; Edinburgum; 55° 57′ 57″ n. br.) vid Fortfiord ſunnanverdan, þar er hofudborg í riki þeſsu; hún er þvinær 2 milur ummals og ſtendr á miſsháum grundvelli. Alldiupt dalverpi ſkiptir henni í 2 hluti, ut. fornu og Nýu Eidina-

borg og liggr afarmikil steinbrú yfir dalinn, er kallast Hábrú; hat er hit mesta stórvirki. Í gomlu borginni eru mjó stræti og forusálig húsakynni, en vida tólsyft; í hinni nyu borg eru 3 samsida liggiandi einka fogr stræti og skrautlig og svo skipuliga bygd húsakynni, at hún telst ámedal fegurstu borga í Evrópu. Í Eidinaborg er hinn forni skotski konungsgardr, Parlamentshús, hiódskóli, stift. af Jacob 6ta og nafntogat læknisvísinda félag, mikill kaupskapr — og heimili 88,000 innbúa. Stutta bæarleid hadan og nær sæ, er Lid, (Leith) har er hofn og stærsta Eidinaborgar, mikil kaupverslun og siglíng. Í vestr frá Eidinaborg er Glasgó (Glasgow; Glasgovium) vid Klædá, hat er annar kaupstadr mestr í Skotlandi og í tilliti til bomullar- og linvefnadar einhvor hinn merkasti stadr í Englaveldi har er hiódskóli og yfir 100,000 innb.

Ei alllángt hadan er Klæbs-járnnáma, er gengr nærst járnnámunni í Karron. Fyrir vestan Glasgó er Paisley med 36000 innb. har blómstra handidnir og vestar Grenock, har er ágiæt hofn og 20,000 innb. Fyri nordan Glasgó er Karrons járnnáma; hat er hit mesta járnverki í heimi. Í Landnordr frá Eidinaborg er St. Andrews (Andreapolis) vid Nordrsæ; hat var fordum hofudborg í

Digitized by Google

Skotlandi; þar er hiódskóli. Eyar nokkrar liggia frammundan Klædsfiardarmynni; heirra stærstar eru: Bot, (Bute) og Arran, er sá fyrri eign samnefnds greifa, en hin sídari hertugans af Hamilton.

2. Í Mid-Skotlandi er Pert, (Pertha) vid Tay-ár-ós og í nordvestr frá Eidinaborg; þar eru nafntogadir skinnamakara-verkstadir og 20,000 innb. Þat var fordum heimili enna skotsku konunga. Í landnordr þadan er Dúndí (Dundee; Donum Dei d: Gudsgiof) vid sæ med 26000 innb. Þar eru fordabúr mikil af skotskum lereptum. Þadan í sunnan Buckanes er Nýa Apardiön (New-Aberdeen; Aberdia) vid ós ár þeirrar, er De heitir og Gamla Apardiön vid Donsár ósa; í báðum þessum stodum eru hiódskólar og í þeim fyrri 18000 innb.

3. Í Nordr-Skotlandi er kaupstadr Hálendinga, er Invernes (Invernium) heitir, stada merkastr; þar eru 9000 innbúar.

Nordar er Kromarti og nordast Vik á austr-strondinni, og Doornock vid Dornocks-fiord. Þrjú eru virki gjörr í Nordr Skotlandi til at halda Hálendingum í aga; þau eru kend vid Vilhiálm, Augústus og Georg.

Innbúar nordvestr-hluta Skotlands og Sudureyja, er hvarfi kallast Háskottar (Höiskotter-Gialliskottar edr Hálendingar, hafa til hiuna

Digitized by Google

fornu Kaledónía kyn sitt at rekia, og mæla ena ersisku túngu. Þeir hafa haldit við sidu og hætti forfedra sinna og eru ódrum Skottum ólíkir í klæda-búnadi og fataskuldi. Þeir eru hardfengir og hraustir í orrustum, gódir drengir og unna mjog skáldskap.

4. Eyar, er liggia til Skotlands:

a. Súdr-eyar (Hebriderne; Ebudes, Hebudes, Hebrides) fyrir vestan Skotland. Þar eru hérumbil 300 at tolu, en 40 eru bygdar af 50 til 60 hús. innbúum, og er allr þorri þeirra af Fiallskottum kominn.

Á eyum þessum eru klettar og biorg og vída litlir landskostir; en á sumum ágiæt sauda-gánga og nockr kornvaxtr. Þar er ei svo kold vedrátta, sem hún er votviðrasom og óstodug. Eyarmenn eru sáfródir og sélitlir; sæta þeir afurkostum af Enskum og flytia þvi opt búsferl-um til Ameriku.

Nordust og vidlendust þessara eya er Lódhús eda Liódhús (Lewis), hún er 37 ferh. m. at stærd. Þar búa 10,000 manna. Lódhúsingar eru kalladir sjómenn bestir í Súd-uteyum. Súdr af henni er nyrdri Vistey (North Uist), þá Sydri Vistey (South-Uist) og þá Barey. Nær Skotlandi er allmikit eyland, er Skid (Skye) heitir. Sundit imillum hennar og Vísteya kolludu menn Vest-risfiord og nordr af þvi Bareyarfiord. Alllángt fyrir sunnan Skid er ey sú, er Myl (Mull) heitir. Fyrir vestan hana er litil ey med studla-bergi umhverfis, er Staffa kallast; þar er hinn

Digitized by Google

nafnkendi Fingalshellir. Vestar er Tyroist eda Tyrrif og Kolumbansey (Y-Colm (Columb) Kill, Y, Hu, Jona); þar eru eptirstodvar af því í fornold nafnkunna Kolumbansklaustri. Þessi ey hét fyrr Eyan Helga. Sunnar, eru Jura og Islay. En þar kalludu menn fyrr, Il, Sandey og Gudey. Vestust allra Sudureyja er Sti Kilda. Allar þessar eyar lagdi Magnus Norvegskónge hinn berfætti undir sig, sem segir í sögu hans.

b. Orkneyar, (Orcades), þar taka nafn af selakyni nokkru, er kallast Orku — og liggia fyrir nordan Skotland. Sundit milli Heirra og Katanes á Skotlandi kallast Petlandsfiorde. Þar eru 67 at tolu, en 27 af þeim eru byggdar. Eyarmenn eru 25000 at tolu og tekia þeir allir hinn reformerada kristindóm.

Vidlendust Heirra er Pomóna eda Mainland, þar er Kirkvolle höfudstadr med 2500 innbúum og gódri höfn. Nordust þessara eya er Nord-Ronaldska; þar er viti. Í fornold hétu eyar þessar: Vestrey, Háey, Straumey, Sandey, Hrossey o. s. frv. Í Orkneyum eru gódir landskostir, en litill skógr. Mikaeye ingar idka akuryrkiu, saudfiárrækt, fiskiafla, verslun, vefnad og prión og eru miklir idnmenn.

c. Hialtlandseyar (Shetlands-Örne; Insulæ Shetlandicæ); þar liggia 12 mil. f

Digitized by Google

landvordr frá Orkneyum og eru 36 at tolu, af hverium 30 eru bygdar.

Þeirra vest er Hialtland (Mainland eda Shetland); á henni eru 13000 innbúar þar er Lerwik á eyunni austanverdri vid Brassasund (imillum Hialtlands og Hvalseyar) auk þeirra geta sogur: Hialteyar, Lyngeyar, Papeyar og Fridarreyar millum Orkneya og Hialtlands, er nú kallast Faira.

Í Hialtlandseyum eru ofbragds-sildarveidi, fiskiafli gódr, fugla- og selveidi. Þar eru klettóttar miog og hrikiugar; þó er þar allvída gód sauda gánga.

Hafit umhverfis Eyar þessar og fyrir vestan Irland kolludu nordmenn Vestr-Fold og fyrir vestan haf.

Orkneyar og Hialtlandseyar komu ásamt Norvegsriki undir hvert þar lán, í eign Danakonunga, þá Kalmars samningrinn var gjörr. Kristián fyrsti veitti þeim fyrir mund hann, er hann skildi lúka Jacobi hinum 3, Skotlands kongi, er gékk at eiga Margrétu dóttur hans; en þá rédr munda ei var af hendi greiddr, koma eyarnar undir Skotlands veldi og fylgdu því síðan.

Lyfslag og vedráttufar í Sudr-Skotlandi er líkt og í Englandi. Á Hálöndum eru miklu óblídari vedr. Þar er snær á fiollum mikin hluta árs, storasvindar tídir og hreggvidri. Varnings Skotta og landskostir ríkis þessa eru áhekkir Englands, sem fyrr er frásagt; vefstadir og smidiur standa þar í blóma, einkum bómullar- og línsvefstadirnir í og vid Glasgó,

Digitized by Google

Karrons- og Klæds-járnverk o. s. frv. Skottar reka mikin kaupskap vida um heim og hafa hérumbil 2500 kaupskip í förum. Í Skotlandi er hin svokallada presbyterianska trú í lag leidd; med því at hún ráda prestar og sidunaar safnadanna fyrir andligum málefnum. Vísindi idkast í 4 hiódskólum og íbróttir í hvørjum listaskólum. Med því at England og Skotland eru náqvæmliga samtengd riki, eru stiórn og veldishættir í heim at øllu mieg samlikir. Skottar giora út eyrindsreka fyrir sína hond til ens enska Parlaments. Skialdarmerki ríkis þessa er lión rautt at lit. Landslýdrinn í Skotlandi er 1 mill. 805 þús. at tolu og hefir kyn sitt at rekia til hinna eldstu innbyggiara lands þessa, er hetu Kaledónian eda Skottar og Piktar.

C. Kóngsríkit Irland. (Hibernia, Iverna, Juverna.)

Land þetta er øllumegin umflotit af hinum atlantiska úlsæ, sem at austanverdu, er hann skilr England og tad eyland, kallast hit irska haf edr Irlandshaf. Það liggr imillum 7° og 13° austl. l. og 51° og 56. nordl. br. og er 1306 ferh. m. at stærd.

Irland er fremr flatlendt, enn fiallótt; har eru ár margar, og vatn, sióar og forædi myrlendi og slaufsamir vegir. Í nordri hluta landsins eru fiöll þau er Lángfiöll kallast og á strandlimi, er í nordr vrit, fiudlaberg allvída.

Digitized by Google

Vesturströndin er mjög vogskorin og klettótt. Nordastr útskagi á Irlandi kallast Malinshøfdi (Cap Malin), er fyrrum hét Oldnhlaup; og hinn syðsti Klarhøfdi (Cap-Clear).

Merkustu ár eru: Sannon (Shannon; Senus) hún rennr igegnum mjög stóduvotn í útsudr og fellr vestr í Atlantshaf; í henni er fjöls mikill, skamt frá Hlimrek, er Dónaso heitir.

Merkustu stódvotn í Irlandi eru: Neag fyrr. Logekag, í Uglabzkri, og Killarne-lögr, í Munstri. Frá þessum og ödrum vötnum og ymsum hlutum í Irlandi er margt undarligt sagt í fornritum.

Frá Sannon gengr manngiört síki í austr til Dyflinnar, er hinn mikli edr kónglegi kanall heitir. Þar allbreidir fjördr hverfa inn í Irlands nl. Dundalsfjördr hit eystra, Dungalsfjördr og sunnar Gallvayfjördr at vestanverdu. Hinn fjördr er þeirra mestr.

Irlandi er skipt í 4 landsálfur eda fjórdúnga, ni 1. Leinstr (Lagenia) edr austrland, vid Irlandshaf; þar er Dyflin (Dublin; Dublinum) vid vik af Irlandshafi; þar er höfudborg í landi þessu og jarls heimili, og gengr Lundúnaborg nærst at mikilleik í Englavelli. Borgin er greind í 2 hluti og liggja 7 brýr í milli þeirra; þar er hofgardr, þjódskóli (stipt. af Elizabet drottningu), kaupmannamálstofa, þjódleikhús (bánki) og göd höfn — og 180,000 íbúa.

Í útsudr þadan er Kilkenni (Kil-

kenla) med 20,000 innb. en í norðr frá Dyflinni er Drógheda við Boyná, með 10,000 innb.

2. Ulaðztir eðr Ulftr, (Ultonia) eðr Norðrland. Þar er Belfaſt í norðr frá Dyflini; þat er einhvor hinn meſti kaupſtaðr á Irlandi; þar eru 30,000 innb.

Sú manngiöfr gángr þaðan til ſuðrvatns mikils er Rea gángr kallaſt.

Í útnorðr þaðan er Lundunaðerry (Londino Deria) með 10,000 innb. Í ſuðvestr þaðan er Dungal fyrr. Dungalsbær við born viðkénds fiarðar. Armag er heimili Irlands Höfuðbiſkups.

Þar í grend við var í fornöld borg ſú er Gunnvaldsborg hét.

3. Kunnaktir (Connaught; Conacia) eðr Austr-ſiórðungrinn. Þar er Galvay (Galliva) allmikill kaupſtaðr, við fyrrgreindan fiörð í vestr frá Dyflini, har er lærepta-veſnaðr mikill og 12,000 innb.

4. Munſtr (Mounster; Momonia) eða ſuðrland. Þar er Vatnsfurða, fiörð. Veðraſiörðr, (Waterford) á ſuðaustr-ſtrönd landſins við á, er Suir heitir; þar er kaupſtaðr mikill og ágiæt höfn, feriuſtaðr (til Miſſurðuhafnar) og 30,000 innb. Í útſuðr þaðan og á tédri ſtrönd er Kork (Corcagia); þat er annar ſtaðr meſtr at ſtolnemni og kaup-

Digitized by Google

verslun, á Irlandi; þar er ágiæt höfn og 87,000 innbúar, er bruggia sí afarmikit, er menn kalla Porter, og selia Enskum ógrynni uxa-slátrs eda kists, og kalla menn því allmennt stad þenna: Englands slátrhús.

I útsudr þadan er Kinsale, þar er gód höfn. I nordvestr-átt þadan er lítill bær vid samnefnt vatn, er Killarney heitir; vid vatn þetta er hin fegursta sveit í Englandi og gisra margir þángat lystiferdir.

Vid Sannon og í útsudr frá Dyfl. er mikill kaupstadr, er Klimrek (Limerick; Limericum), med 50,000 innb. Þat var á midøfi hinn sterkasta borg á Irlandi; en hefir allsjafnt farit hnignandi, sídan Kork jókst at fiolmenni og kaupverslun; þar eru hús mieg á sýnskn hátt; þadan flytiast ógrynni handska, sem eru í mikln afhaldi.

Hóka og svækia er vedra tídust á Irlandi, en skaldan heidvidri. Sniór er þar sjaldgiæfr á vetrum, er jardvegr optast þýdr og grænn at líta. Þar eru gódir hagar og allmikil qvikfiárrækt. Irar taka framförum í ullar-tóvinnu; en lérepta-vefnadr þeirra er nafntogadr og flytst ógrynni lérepta frá Belfast og Drógheda. Þeir brugga mannngát mikit og brennuvín óg eiga stórvag kaup vid ýmsar þiódir. Á Irlandi er hin biskupliga trú í log leidd og ráda þar 4 erkibiskupar sextir kénnidómi; þó játar allr þorri Ira hinu kathólska átrúnad. Sídan

1800 hefir Irland verit Englandi náqvæmliga sameinat og er þar Vicekóngr settr til landsstiórnar. Irar senda eyrindsreka til hins enska Parlaments. Skialdarmerki Irlands er gullin Davidsharpa. Þar er hins Helga Patriks orda, stipt. af Georgi hinum 3da. Landslýdrimi er 4 mill. 396 þús. at tolu og er hann kominn af fornþiód þeirra, er Galir kalladist. Túngumál landbúa er áþekt máltídsku Fiallskotta, en sladamenn og heldra fólk mæla engelsku.

Englismenn eru almennt vel varnir og vodvamiklir, hraustir og karlmannligir og lýsir því vextr þeirra og svipr, at þeir eru giæddir likamligum þrótti, andligum krapti og frialsum huga. Konur eru á Englandi einka fridar sýnum og forkunnar hörundsfagrar, fidprúdar og stiltar og hafa vidqvæma tilfinningu fyrir húslukku og résamri haqsæld. Skottar eru audþektir fra Enskum; lýsir því vextr þeirra og yfirbragd, at þeir eru af ödrum ættbálki komnir. Þeir eru hraustligir og vellimadir, qvikligri enn Enskir og þolgódir, Enskir eru menn hibýlaprúdir og hafa rúmgód og hreinlig húsakynni; búsgogn þeirra og verksæri eru sterk og varanlig og jafnframt því hagsamlig og snotr, en ei yfirvættis skrúdbuinn. Þeir eru hnegdir til áseings drykks og megnrar fædu; þat ásamt þúngu loptslagi ollir þúnglyndis og ymsrar ógiæfu, er af því flyer.

Skapferlis-einkunn alls þorra innbua eylanda þessara er: frialsrædis elska sialfþótti og allmikit traust á sialfum sér og sinum yfirburd-

Digitized by Google

um; þykiast þeir ǫðrum fremri um flesta hluti ok meta þat léttvægt, sem ei er engelskt; ber þat til þess, at þeir unna mjǫg fóstrjǫrð sinni ok kosta kapps um at efla vidfrægd hennar ok velsemd. Kappgirni má ok kalla Enskum, ollum þjóðum fremur, medfædda; eru því ei í nokkru ǫðru landi svo merk vedhlaup ok kappleikar, né þvílíku ógrynni fjár vedjat, optsinnis um lítilvægi, sem þar, ok ei þykir sú skémtun alþjóðlig vera, hvorki ei er ofurkapp ok vedsé samfara. Unglingar veniast þegar vid margskonar leiki ok afraun. Medal-leika þeirra, er giǫrvoll þjóðin hendir gaman at, er: nokkurskonar hnatleikr, nl. at menn kasta hungum kúlum til marks;) Hesta-vedhlaup; ala menn því ena fljótustu hesta upp á Englandi; Hanagat, binda men þá svora á fætur hinum sterkustu ok grimmustu hanum, ok láta þá hǫggvast, ok nokkurskonar hnefaleikr (Baxen), er sá leikr stœdr limum ok lífi; med því at menn leika hann med miklu kappi, þar ávalt er mikit undir sett.

Innbúar sudr-hluta Skotlands edr Láglendingar unna mjǫg hiódtœraflætti og dansleikum. Hálendingar edr Fjallskottar eru fátœkir og seinlátir, en hugadir vel, þá til þarf at taka og þola manna best vos og kulda; gódhjartadir eru þeir, fávísir ok hiátrúarfullir; hafa Enskir litt skeytt um uppfrœding þeirra og betrun búsifja. Almúgin á Irlandi er ápekkr Fjallskottum og á vid bágan kost at búa.

Digitized by Google

XI. Konúngsríkit Portugal (Portugallia; fyrd. Lucitania.)

Þessi hluti eins svokallada pyreneiska megin-fiaga tekr nafn af hafn nokkurri vid hinn spanska útsæ, er Rómverjar kolludu Portus Cale. Land hetta er hit vestlægasta riki á Evrópu meginlandi og liggr hat milli 8° og 12° austl. lengd. og 37° og 42° nordl. breidd. Hinn atlantiski útsær eda spanski fiórinn gengr fyrir sunnan hat og vestan, en fyrir nordan og austan er Spanialand. Portugal er hérumbil 1776 ferh. mil. at stærd.

Í landi hessu eru fiöll morg og óvída slettlendi, nema í landsálfunum Estremadúru og Alentejo. Hat er forkunnar friósamt, en illa yrkt. Fiallgardarnir í Portugal eru áfastir vid fiollinn á Spáni. Peir merkustu eru: Estrella-fiall (Serra da Estrella), hat er allra fialla hærst í Portugal og gengr í vestr at sæ fram, har sem heitir Rokkahofdi (Cap Rocca), í útnordr frá Lisabon. Pau Algarvisku-fiöll, er ganga frá fiallinu Morena á Spán og atskilia Algarve og Portugal, til Vinceutshofda (Cap St. Vincent), er lengst skiágar í útsudr í haf út.

Ur austri falla 4 störfliót um Spán og Portugal og koma hau öll til fiafar út í hinn

Digitized by Google

atlantiska útsæ: 1. Ain Minho (Minius) er Nordmenn kolludu Karlsá; hún kémr frá Galliziulandi og fellr á nordr-takmorkum tiki sins til siáfar. Sunnar rennr 2. Duro (Douro; Durius) er kémr frá Gomlu-Kastiliu og er 112 mil. at lengd. Ennsá sunnar fellr hiódá sú, er 3 Tog (Tejo; Tagus) heitir frá Arragoni á Spán og kémr til siáfar vid Liseabon; er hún bar 1 mila at breidd, en svo grunn, at ei géta stórskip lagt upp eptir henni. Tog er 170 milur. Sydst fellr Gvadiana (Anas) í útsudr; hún rennr nokkra stund undir jardbrú og fellr á Spánar og Portugals landamæri í Kadix-flóa. Hún er 92 mil.

Riki betta er greint í 2 hofudparta, nl. hit eiginliga Portugal og Algarve.

A. Portugal; bat skiptist ayter í 5 landsálfur.

1. Estremadúra, er liggr mittlands og vid sæ. Bar er Lisabon eda Lissibon (Lisbona. 38° 42′ 22″ n. br.) vid Togs mynni nordanverdt og á 7 hædum; bat er hofudborg í ríkinu og konúngsheimili; bar er atsetr biódbiskups, villumanna dómstóll og 250,000 innb.

Af ógurlegum jardskiálfta árit 1755 hrundi mikill hluti borgar bessarar, en nú er hann ádr bygdr skipuligar og betr enn ádr; bar eru margar stórkostligar byggingar, t. d. hofgardr sá, er menn dæma villumenn í, hinn mikli Josephs-spitali, spitali syrir fundin born og fodur-

Digitized by Google

leysingia, hin vegliga Svartbræðrakyrkia, kaupmanna-samkomuhús og nafnkunn vatnsleiding í manngjørdum steinboga yfir 1200 skrefa breidan dal; hat er addáanligt smíðar-verk. Lissabon er kaupstadr mestr í Portugal; har er hofn góð og veria hana og borgina 4 kastalar. Skamt frá Lissabon er lítill stadr, er Belem eda Berlehem heitir; har er vegligt klaustr og í hví legstadr Portugals konúnga; har sat kóngr um hríd med hird sinni eptir fyrirtédan jardskiálfta. Quetus er konúnglige lystigardr; hángat slutti konúngr há Belem brann. Cintra er forn hofgardr; á fialli skamt hadan er hit svo kallada karkarklaustr. Í landnordr frá Lissab. er viggirt stadr vid Tog, er Santarem (Irenopolis) heitir, med 8000 innb.

Í landsudr frá Lissab. er Setuval (á Hollendsku. St. Ubes; Setuvalia) vid sæ; har er saltverksun mikil og nafnkunn saltverk í grend.

2. Landsdálfan Beira liggr fyrir nordan Estremadúru og imillum Spánar og hafs. Par er Coimbra (Conimbriga) hofudstadr, í landnordr frá Lissab. og vid á há, er Mondego heitir; har er hiódskóli, stofn. af Dionysiusi hinum frædisá, er vat síðan flutr hángat frá Lissabon — og 15,000 innb.

§ 13. Landsálfan millum Dúro og Minhó (Entre Douro e Minho; Portugallia-interamnensis), fyri nordan Beira og

Digitized by Google

við sæ. Þar er Portó eða Oporto (Portus Cale), í útnordr frá Kóimbra og í dal við mynni árinnar Duro; þat er mikill kaupstadr og gengr Lissab. nærst at stærd, fólmenni og audlegd; hadan flytst ógrynni víns hess, er menn kalla Portvín; þar eru 64000 innb. Í landnordr hadan er Braga, med 18000 innb.; þar er erkibiskups-stóll og forkunnar skrautlig dómkyrkia.

4. Landsálfan hinumegin fiallana (Traz os Montes; Transmontana) liggr fyrir austan fidstéda landsálfu og stallit Amard. Þar er Braganza (Braganzia) í fiallbygd, í nordaustr frá Braga; þar biuggu lángfedgar heitra kónga, er fyri Portugal hafa rádit sídan 1640.

5. Landsálfan Alentejo (Transtagana) liggr fyrir sunnan og austan Estremaduru og er vidlendust. Þar er víggirdr stadr, er Evóra (Ebora) heitir, í landsudr frá Lissab. þar er erkibiskupssetr, forn kastali og 12,000 innb. Í landnordr hadan er sterk takmarka-festíng, er Elvas (Elva) heitir, skamt frá Spánar landamæri; þar er skotvopnasmidia mikil og 16,000 innb.

B. Kóngsríkit Algarve (Algarbia); þat er sú strond landsins, er í sudr veit og hin minnsta landsálfa í Portugalsríki; ýfir

Digitized by Google

þat er landshöfdingi (Generalcapitain) settr. Þar er Tavira (Tavita), heimili téds höfdingia, skamt fyri vestan Gvadianna-ósa. Þar eru 6,000 innb.

Vestar er Faro; þadan gánga póstskip til Gibraltar. Vestar er Lagos, fyrir austan Vincentshöfda; þar er ágiæt skipalega.

Undir Portugals veldi liggia hinar Azóriskv eyar edr Hauka eyar (Açores eda Terceiras; Insulæ accipitrum s. Flandriæ) þær liggia í hinu atlantiska hafi, 170 mílur í vestr undan Vincentshöfda og eru 9 at tolu. Þeim hafa jardeldar upp skotit af hafi og eru þær einka friósamar og allfiolmennar. Yfir þær er Jarl (Gouverneur) settr. Þeirra vidlenduft er 1. Sti. Michael (Miguel); hún er 15 ferh. mil. at stærd. Þar er hátt fiall, er Pico (Pico da Camarinha) kallast og stadr sá, er Porta Delgada heitir. 2, Terceira, 10 f. m.; þar er jarls heimili, er Angra heitir; 3, Sti. Maria, hana fundu menn fyrst. 4. Sti. Jorge. 5. Graciosa. 6. Piko. 7, Fayal. 8, Flores og 9, Korvo. Eyarmenn eru 160,000 at tolu og kathólskir at trú. Portugisar fundu eyar þessar 1446; en Hollendingar segia sig þær ádr fundit hafa og kalla þær hinar flamsku eyar.

Í Asiu, Afriku og Ameriku eiga Portugisar borgir margar og nýlendur miklar og ardsamar; þær eru allar ásamt hérumbil 100,000

Digitized by Google

f. m. og innbúar þeirra því nær 3 miliónir. Þeirra skal síðar getit verða.

Með því at Portugal liggr við útsæ, er þar tíðum votviðrasamt á vetrum, einkum hit nyrðra. Á sumrum kiælir hafrænan og fiallagolan svo ofurhitan, at þar er optast fagr veðuráttr og heilnæm og ástundum þrávidri. Í grend við fiallit og slotit Cintra segia menn sé heilnæmast loptslag í þessu landi. Á sumum stöðum er þar ofþurr og grýttr jarðvegr. Landsmenn vanrækia akuryrkiu, en leggia stund á saudfiárrækt og vínyrkiu. Í landi þessu finna menn gull nokkut og silfr, allmikit járn, eyr, blý, qvikasilfr, marmara, kalk, porcelansleir, brunnsalt á einum stað, allmikit fæsalt, korn og suðurlanda ávexti (Pómerenzur, Citrónur, fikiur, mandlur, granatepli) og ágiæt vínsaung, (þarámeðal portvínit); þar eru og skógar miklir og karkartré. Auk almennustu heimdýra eru þar asnar og múlar, villisaudfé (Argalis), kanínur og allmikill fiskiafli. — Að silkivefnaði undanteknum, eru handiðnir lítilfiorligar í Portugal, verkstæði fáir og lakir og smiðir í enn léligra lagi. Kaupskapr innanrikis er lítt til alþióðligs gagns; þarámóti er kaupverslun Portugisa við nýlendur þeirra svo arðsom, at hún bætir þeim at fullu skaða þann, er þeir líða af verslunar-viðskiptum sínum við Evrópumenn. Í Portugal eru: Lissabon, Porto, Setúval og Faro kaupstaðir bestir. Þaðan flytst: vín, suðrlanda-ávextir, olía, salt, ull og kork; en þángat færa kaup-

Digitized by Google

menn allskonar handidna-varning og verksmidi, alt er med þarf til skipa-útbúnings og sl. Í Portúgal er kathólskr átrúnadr og rammr páfadómr í lag leiddr; eru þar ridagiardir harla vidhafnarsullar, kyrkjur skrautligar, en fátt gudrækni rir. Ódrum trúmonnum er þar bannad landsvist. Ædstr hofdingi kénnidóms er Patriark edr hofudfadir, er býr í Lissabon; hans bodi og banni hlýda 2 erkibiskupar (í Braga og Evóra) og 14 biskupar. Í riki þessu eru 200,000 klerkar og 800 klaustr. trúar-villu rannsóknar-réttrinn (Inqvisitionen) er þar í lag leiddr, en ei svo grimmr sem ádr, og páfavaldit ei allmikit. Í einum ómerkum hiódskóla, í Kóimbra, fá embættismanna-efni kénnslu af litt lærdum munkum, og eru þar vísinda og íþrótta idkendur fáir. Konungsveldit í Portúgal er ótakmarkat og gengur þat í erfdir til manns og kvenna eptir frumburdarrétti. Konungar gánga þar til ríkis 14 vetra og hafa þeir þá nafnbót af Páfa: Rex fidelissimus. Konungsefnit kallast Prinz af Brasilíu og hans son, Prinz af Beira. Ádrir synir kongs heita Infantar og dætr hans Infantinnur. Portúgals skialdarmerki er 5 skildir blátt at lit, og Algarva-ríkis, 7 kastalar. Fyrir Portúgal rædr nú konungr sá, er Johannes hinn 6ti heitir. Hann tók kóngdóm 1816. Margar og ríkar eru adals-ættir í riki þessu og sumar af þeim nákomnar kóngi at frændsemi.

Í Portúgal eru 6 Riddara-ordur: 1. Christs-ordan, stipt. af Dionysíusi hinum réttláta; a.

Digitized by Google

Sti. Jacobs (Lago) ordan. 1. Aviz or. ordan. 4. Johannita ordan. 5. Sverds og Turns ordan og 6, Isabellu ordan.

Landlid kongs er 66000 manns; herskip hans eru 26, nl. 12 linuskip og 14 fregottur.

Innbúar Portúgals ríkis eru 3,685,000 at tolu; þeir eru komnir af Gautum og Germonnum; sidan meingadist kyn þeirra af Arabiumonnum og Gydingum. Portúgalsmenn elska sióinn og eru gódir farmenn; en til landstarsanna eru þeir tregir og allhúngliftir. Á fyrri tidum fundu þeir lond í útsiónum og stóleid til annara heimsálfa og juku drúgum veldi sitt og audi; reyndust þeir þá hugadir og hardfengir í vopnaviddkiptum og ollum mannraunum; en í því 60 ára ámabili, er riki þetta stód undir hardstiórn Spanskra, ætlsetti ómennska, hugdeyfd og hiátrú, vankunnátta og villa hat farsældar liós, er landa-nám og frædi, kaupverslun og audlegd og ýmsir ágiætir konúngar tendrat hofdu. Litt skeyta þeir um mannvits-dyrkun og menta-æfing, og bera hverki kunnáttu né dugnad til at hagnýta sér sinna vidlendu landeigna dýrmætu giædi til hlýtar. Lundernis einkenni þeirra segia menn sé: ofmetnadr, bráðlyndi og léttsinni; en þeim til gyldis telia menn: gestrisni, trygglyndi og hóffemi. Þeir eru fullir hiátrúar og páfadómsvillu og ala hiartgróit hatr til Spanskra. Klerkum og kennidómi eru Portúgalsmenn miog hádir og hlýdnir.

Digitized by Google

XII. Kóngsríkit Spán
(Spanien; Hiſpania.)

Land þetta kallaſt í ſ'oruſogum ýmiſt: Spáns land, Spán, Spanialand eda Spánheimaland. Fyrir nordan vestri hluta þeſs gengr Fetlafiordr og auſtar Pyreneafiöll, en Midjardarhafit fyrir auſtan þat og ſunnan vestr til Nierſafunda og fyrir vestan téd ſund, hinn atlantiſki útſær, er at vestanverdu, ásamt Portúgal, marka riki þeſſu takmork. Spán er $\frac{1}{5}$ af hinum pyreneiſka meginſkaga (Pyrenæiske Halvöe,) og 8658 ferh. mil. at stærd.

Riki þetta er hálendt og vida fiallótt. Jardvegrinn er þar ýmislegr; ſumſtadar forkunnar fiórſamr, en ſumſtadar laus og giædalitill. Í þeim ſveitum, er liggia fiærri ſió, er vida vatusleyſi ille andkánni. Medal fialla þeirra, er gánga um land þetta, má telia 1. Pyreneafiöll (Pyrenæerne); þat er 56 m. lángr, einlægr og allhár fiallgardr, er gengr frá Fetlafirdi til Midjardarhafs auſtr og er fiallnadarveggr millum Spánar og Frakklands. Yfir fiöll þeſsi liggia 5 þiódvegir og eru þau vidaſt hrióſtug og hryllilig, og tindar þeirra snæþaktir meſtan hluta árs. Í vestr frá þeſsum fiallgardi gánga hin 2. Kantabriſku

Digitized by Google

fiöll um Nordr-Spán til Landsenda og Ortegals-hösda. Í landsudr gánga hin 3. Iberiſku fiöll á Arragóns og Kastilliu takmörkum; út frá heim liggia 4 fiöll, nl: 4. Gvadaramafiall (Sierra de Guadarama) er gengr í útsudr millum ánna, Tog og Duro, og er áfast vid Estrella-fiall í Portúgal. 5. Gvadalupsfiall (Sierra de Guadalupe) liggr í vestr milli Togs og Gvadiana, 6. Mórenafiall, (Sierra Morena) gengr í vestr og sudvestr milli Gvadiana og Gvalqvivir og 7, Alpujarrasfiall (Sierra Neveda, o: Snæfiall) hat er fialla fydst og hærst á Spáni; á því liggr snior og jökull allum sumrum svo sem um vetur. Sidsti múli hess kallast Gibraltar, vid Nörsusund. Þar tóku Mórlendingar fyrst land og kendu hösda penna vid hershösdingia sinn og kalluda hann Gebel Tarik (Tariks-hmúl.) Af því nafni er Gibraltar komit. Hærsta gnýpa tess fiallgards er 12762 föta at hæd.

Fiórir eru útskagar edr hösdar merkastir á Spáni, nl. Krosshöfdi (Cap de Creus) í Katalóniu, er veit í austr; og Gibraltarmúli, er lengst gengr í sudr; en Landsendi (Cap Finisterre) skiagar lengst í vestr og Ortégashöfdi í nordr; eru bar hvorirtveggiu í Gallizíulandi.

Á Spáni telia menn 155 ár og eru fáar ámedal peirra skiplagar; auk skiótanna: Minho, Duro, Tog og Gvadiana, sem ádr er sagt at komi til skáfar í Portúgal, má hér géta tveggia störskiótra nl. Gvadalqvivir (Baetis); bat rennr í útsudr, framm hiá Kordóva og

Digitized by Google

Sevillá í Kadiz-bugt; og Ebro (Iberus); hat fliót fellr undan hinum Kantabriſku fiollum og rennr í auſtr landſudr í Midjardarhaſs ſkamt frá Torthſa; hat er 58 mil. — Sunnar renna 3 ár í ſama haf: Gvadalaviar (Turia) há Xúkar (Sucra) og Segúra (Secura) fyrſt. Fyrir veſtan Gvadalquivir kemr á ſú til ſiáfar, er Tinto (hin farſada) heitir; vatnit í henni hefir há náttúru, at hat verdr at ſteini, ſem í hat er látit og einginn dyr drekka af hvi, nema geitfé. Í Fetlaſiord rennr Vidaſſóa (Vedasus); í henni er hin ſvokallada Faſaney eda Conferenz-ey; har var hin yrenzkſta fátt gior 1659.

Medal hmſtra manngiordra ſtikia á Spáni má hér géta hins arragóniſka ſikis eda keiſara-kanalſins, er Karl keiſari hinn 5ti lét giora; ſiki hetta er grafit lángſetis med áuni Ebrú ſunnanverdri, gégnum fiöll og yfir hvera dali og hiódvegi, vatnsveitingar og á einum ſtad yfir ſkipfært vatnsfall, í múrudum farveg, er likiſt brú, ſvo áſtundum má har ſiá í senn 2 ſkip ſara hvert uppundan odru. Sikit er ordit 12 mil. at lengd (fra Saragóza til Tudela) en ſkal ná til Fetlaſiardar. Merkaſta ſtoduvátn á Spáni er Albufera-fiór í Valenzia.

Hiódlandinu Spán ſkiptu menn fyrrum í tvo hofudparta nl. kóngerikinn Kaſtel eda Kaſtu ilfuland og Aragún eda Arragóniuland. Hit fyrrtéda greiniſt í 9 ſvokollud kóngeriki, 2 furſtadæmi og 1 landſkifu; en hit ſidara í 4 kóngeriki.

Digitized by Google

A. Kastiliu-riki; þat er allr meginhluti Spanjalands. Í því eru þessi kóngsriki og borgir.

1. Nýa Kastilia (Nye-Castilien) er miðhluti landsins; þar er Madrid, (Madritum; 40 ° 25′ 28″ n. br.) höfuðborg, at auknafni hin trúa og hugrekka; hún er assetursstaðr konúngs, heimili ens æðsta höfðinga í þessari landsálfu og 168000 innb.

Borg þessi stendr á ósléttum sléttu og í heilnæmu bygðarlagi; umhverfis hana liggia veggir af leir gjörfir og eru á þeim 15 hlið; þar er konúngsgarðr mikill, er hit móriska Alcasar fyrr. stóð, forn höfgarðr (Buen-Retiro), torg mikit og umhverfis þat hvelfðir gángar, hit mikla Fernandospital og allmikil bókahlaða.

Í útsuðr frá Madrid er Túlet eða Tóledó (Toletum) á klettum við Tog og gánga tvennir múrveggir um stað þenna allumeginn; þar er heimili höfuðprests Spanskra, veglig dómkyrkja, biðskóli, slot, nafnfrægð kordasmiðia og 25000 innb.

II. Gamla Kastilia liggur fyrir norðan síðstalit riki og nær til sjáfar norðr; þar er Borg eða Burghs (Burgos; Burgi) í hánorðr frá Madrid; þar er forkunnar skrautlig dómkyrka, erkibiskupsstóll, biðskóli og 11000 innb. Í útnorðr frá Madrid er Segóvia (Segovia); þar er forn dómkyrka, vatnsleiðing,

Digitized by Google

er Trajanus keisari lèt giora, hinn merkasti klædaveefstadr á Spáni og 12000 innb.

Skamt í útnordr frá Madr. er borg sú er El Escorial heitir; har er hofgardr og klaustr, nafnfrægt af fegurd og vexti. Pat er 4000 fræk ummáls; í því eru 22 gardar, 5000 ginggar og kyrkia, líkt Péturskyrku í Rómaborg, at lögun; í henni er legstadr Spánar konunga. Klaustrit á nafnfrægt bókasafn. Pessa stórkostligu byggíng lèt Philippus kóngr 20r reisa í lögun sem rist sé minníngar munum sigri á Frokkum á dag hins heil. Laurentii, er menn segia, at lifandi hafi á rist steikr verit.

III. Kóngsríkit Leon; hat liggr fyrir vestan sídstalit ríki. Par er borg sú, er Leon (Legio) heitir, í útnordr frá Madrid; har var fyrr kóngaheimili. 7000 innb. Í landsudr hadan er Valladólid, fyrr Valident, (Vallissoletum); har er hiódskóli og 30000 innb. Í útsudr hadan og í nordvestr frá Madr. er Salamanca (Salamantica) med 14000 innb; har er veglig dómkyrkia og hióda skóli med 2000 menta-idkendum; eittsinn vóru heir 16000 at tolu.

Skamt fyri vestan Leon er bær sá, er Astorga heitir, en fyrr: kalladist Storga (Asturica Augusta).

IV. Í Fyrstadæminu Astúríu, er liggr fyrir nordan Leons-ríki og vid sæ, er Oviedó (Oyetum) hofudstadr med 8000 innb; har er hiódskóli.

Í þessari fiallóttu landsálfu leytudu Vesigautar hælis, er heir at fenguum ósigri vid Xeris de la Frontera 711 flódu fyrir ofuresli Araba eda Serkia;

Digitized by Google

en lagdi þar síðan grundvöll veldis þess, er gjörceyddi herradæmi Arabíumanna á Spáni.

V. Galizíuland, (Galizien) liggr fyrir vestan síðstgreindar landsálfur og norðvestast á Spáni. Þar er Kórúnna, (Caronium) í útnorðr frá Madr. og við fjörð, sem kendr er við staðinn, er fyrr: kallaðist Salútpollar; þar er landshöfðingjasetr og 11000 innbúar; þaðan gánga ferju-skip á tilteknum tíðum til Havanna. Norðar á ströndinni er Ferról (Ferrolium); þar er ágiæt höfn og stóð nokkurs hluta herskipa konúngs, hit auðugasta skóreida hús á Spáni og 20,000 innb. Í suðr frá Korúnna er Kompostél, (St. Iago de Compostela, almennt Compostela) nokkra leið frá sæ; þar er erkibiskupsstóll og skrautlig dómkirkja; þat er mál manna, at þar hvíli bein Jacobs postula, ármadarmanns Spanskra.

Sunnar á ströndinni er Vígó eda Vík; þar er skipalega mikil. Land þetta er skarpt og lítit matland; sara því margir af innbúum þess árliga úr landi at leyta sér fiár og atvinnu. Þá kalla Spanskir Gallegos.

VI. Landsálfan Estremadúra liggr ámilli Nýu-Kastilíu og Portúgals. Þar er sterkr kastali við Gvadíana og á landamæri tveggja ríkja, er Badajóz eda Badakjós, (Pax Augusta) heitir; þar eru 15000 innb.

Digitized by Google

Í dal nokkrum, er La vera de Plasenzia heitir, er klaustr, sem Sti. Just kallast; þar dvaldi Carl keisari hinn fimti eptir sinnar og deyði þar 1558. Í þessari landsálfu eru hinir markverdu Betunekas-dalir; þeir eru svo þrongir og djúpir, at varla sést þar til á vetrum. Ei er þar mannabygd annr enn eitt Karmelíta-klaustr.

VII. Kóngsríkit Sevilla, liggr fyri sunnan Estremadúra og nær til hafs sudr og Norfasunda. Þar er Sevilla (Hispalis) er Nordmenn kolludu Sibiliu, vid ána Guadalquivir og í útsudr frá Madrid; þat er mikil borg og markverd; þar er erkibiskupsstóll, veglig dómkyrkia, (í henni er minnisvardi Kólumbi landnámsmanns) móriskr hofgardr, siónarpláts fyrir uxa-at, þiódskóli, afarmikill kongligr tóbaksverkstadr, allmerkr silkispuni, og 96000 innb. Í útsudr þadan er Kadix eda Kadiz (fordum Gadir; Gades), þíst á odda langs tánga eyar heirrar, er Leon heitir. Þar er meginhluti hinnar amerikanskú kaupverslunar, sterk varnarvirki, ágiæt herskipa-lega, er allmorg virki veria, og 70,000 innb.

Borg þessa bygdu Phoniciumenn á fornöld og kolludu hana Gadir. Í austr þadan er Xeres de la Frontera, þar er ágiæt vínyrkia. Tarifa er hinn syðsti stadr á Spáni. Algeciras (máske hit forna Alkassi) stendr vid Gibraltarfiord vestanverdan, en fyrir austan fiordin er lítill stadr undir sammefndum fiallsmúla, er Gibraltar heitir; þar er kastali svo sterkr at trauðla má vinna. Hann kom í eigu Enskra 1704

Digitized by Google

og er nafnkunnr af hlýtarlausum tilraunum Spanskra at vinna hann aptr. Á strondinni fyrir sudaustan Kadix er Trafalgar-höfdi; frammundan honum hádi herskipaforinginn Nelson sína sídstu orrustu, vid Franska og Spanska og fell har sigrandi 1805.

VIII. Kóngsríkit Kordóva liggr fyrir austan síðsttalit ríki; har er Kordóva, fyrr Kordun, (Corduba) vid Gvadalquivir; hat var á midøfi atsetr hinna arabisku fursta; har er veglig dómkyrkia, er Mosqvita kallast, í henni eru 1000 marmarastyttr. Par eru 35000 innb.

Af stad þessum tekr hit svokallada korduan-leder nafn. Í Kordun stiptudu Arabsumenn nokkurskonar háskóla 980; sóktu þángat menn frædsk einkum læknisliſt og mælingarfrædi.

IX. Kóngsríkit Jan liggr austar; har er Jan; (Giene) í sudr frá Madr. og stendr undir marmarabiargi; har eru 28000 innb.

Mórena-fiall, er liggr á takmørkum tveggja síðsttalinna ríkia og Nykastilíu, var fyrr: hrióstr og audnir, ádr hinn nafnkunni Olavides greiſi lét yrkia har og byggia af útlendum landyrkiumønnum; en eyrir at hann misti freiſi sitt og kóngsvináttu, hrornadi brádum nýlenda hessi, svo ei eru har nú fleiri enn 5000 innb.

Þriú síðarst talinn ríki kalla menn einnin sá ásamt Andalúsía eda Vandalúsía, eptir þjód þeirra er Vandalar kolluduſt.

X. Kóngsríkit Granada liggr fyrir sunnan Vandalúsíu og vid Midjardarhafit. Par er borg sú, er Granada (Granata) heitir, undir fiallinu Nevada og í austr frá Sevillu; har er dómkyrkia mikil, í henni hvíla hau Ferdi-

Digitized by Google

inaud hinn katólſki og drotníng hans Iſabella; ſkrautligr móriſkr hofgardr, er Alhambra heitir (hinn raudi) med hinum ſvokallada líónagard; og gagnvart honum forn móriſkr lyſtigardr, er Xeneraliffa kallaſt, hiódſkóli — og 67000 innb. Penna ſtad áttu Serkir ſídſtan á Spáni og unnu Spanſkir hann 1492. Í útſudr badan og vid ſæ ſtendr afarforn kyr, er Malaga (Malaça) heitir; har er mikill kaupſkapr og flytſt badan úgrynni vins og ávaxta. Par eru 52000 innb.

Í dal nokkrum mikli ſtallanna Alpújarras og Reveda búa afkomendur Móra eda Serkia, nærhæfis 40,000 at tolu; peir hafa at ſonnu tekit kriſtni, en halda pó enn vid margar trúardragda ſetníngar forfedra ſinna Serkianna.

Hér má géta ſtadar pess, er Antiqvera heitir og er hofudſtadr í ſamnefndu landsýláti, 7 ſ. m. at ſtærd, og med 40,000 innb., í útnordr frá Malaga. Pat er lítit ríki, óvidridit adrar Spánar landsálfur, og hefir ſitt eigit ſtiórnar-form.

XI. Kóngsríkit Múrzia; hat liggr nordar vid Midjardarhafit. Par er Múrzia (Murgis) í landſudr frá Madr. vid Segúrá og í ſvo frióſſomu bygdarlagi, at menn kalla hat Múrziu-aldingard; har er veglig dómkyrkia, merkr ſilkſpuni — og 35000 innb. Sunnar og vid ſæ er Kartagena (Carthagena; Carthago nova); hat er gamall og allmerkr ſtadr, er Hasdrubal frá Kartagó enni fornu lét

Digitized by Google

giora 221 'fyri Krists burd; þar er stod nokkurs-hluta herskipa konúngs, varnarvirki og einhver hin ágiætasta hofn í Midjardarhaft — og 30,000 innb.

Í grend vid borg þessa vex Spartum (af því gierá menn korfur og kadla) og þar grafa menn eptir randkreitri mold, er Almagro kallaft og Spánarmenn blanda med tóbak fitt.

B. Hin arragónisku lond; þau liggia milli ens kastilianska ríkis og Midjardarhafs. Þau greinaft í 4 hluti, nl.:

XII. Kóngsríkit Arragón, hat liggr vid gomlu og nýa Kastiliu austanverdar og nær hvergi til fiáfar; þar er Zaragóza (Cæsarea Augusta) hofudstadr og erkibiskupsstóll, er stendr vid Ebró og í olíuvidar skógi, í landnordr frá Madr: þar er hiódskóli og silkivefstadir og 55000 innb.

XIII. Furstadæmit Katalónia liggr nordaft og austaft á Spáni; þar er, Borzalón (Barcino) vid Midjardarhaft, og í austr frá Zaragózu; þat er einhverr hinn mesti og merkasti kaupstadr í Spanialandi; þar eru morg háreist hús, allgódir silkis og bomullar-verkstadir og viggirdt hofn. Þar og í forstadnum Barcelonetta eru 140,000 innb.

Sunnar á strondinni er Tarragóna, erkibiskupsstóll. Þat var í fornold hofudstadr í Hispania Tarraconensis. Í útsudr þadan er Tortósa vid Ebró og skamt frá sæ. Sex mílur í nordr frá Borzalonu stendr einstakr kalk-hnúkr, 4000 fóta at

hæð, á sídarnefndri fjötru, er Montserrat (þat sagada fiall) heitir. Á toppi þess er nafnkunnugt Benedictsina-múnkaklaustr (Nuestra Señóra de Montserrat); þaðan kom Ignatius Loyola, Jesúita-félags stiptari. Á tindum fiallsins eru 13 einsetumanna hýli og er kapella við hvert þeirra. Þeir leggia á sig harðlífi mikit.

XIV. Kóngsríkit Valenzia; þat er lauug landsálfa við Miðjarðarhafit og imillum Múrzíu og Katalóníu. Þar er borg sú í landsuðr frá Madr: og fyri nordan vatnit Albúfera er Valenzia, (Valentia) heitir, at auknafni: la hermosa (hin fagra); hún er gomul miog og einhvor hin mesta borg á Spáni; þar er erkibiskupsstóll, skrautlig dómkyrkia hiðdskóli, forkunnar markverðir silkivefstadir, ágiæt kaupversiun og 106,000 innb. Í grend við stadinn eru 50 pappírsmyllur. Sunnar og við sæ er Alikante (Lucentum); þar er kastali og 20,000 innb.; þaðan flytiast sérílagi vínfaung og rúsínur.

XV. Kóngsríkit Mallorka; þat er tvennar eyar, (nl. hinar baleariskú og vythyúsiskú) er liggia í Miðjarðarhafi, í austr undan Valenzíu strond; þær vóru skeyttar við Arragóníu-ríki, á dögum Jacobs hins 1ta.

1. Hinar baleariskú eyar (Insulæ Baleares s. Gymnesiæ) eru 2, Mallorka (Mallorca; Balearis major); hún er 66 ferh. mil. at stærð; þar er Palma (Palma) höfudstadr með 30,000 innb.; þar er hiðdskóli. Austar

Í fiallbygdum er hitinn minni og heidviðri tíðara. Vindar tveir spilla har vedrahättum; kalla Spanskir annan þeirra Galegó; hann blæs af útnordri og er óhollr og napr; annar heitir Sólanó, hann blæs úr háfudri frá Afriku sreæfum, er heitr mieg og varir optaſt í 10 og 12 daga í senn, og veikir bædi sál og líkama.

Spán er eitthvort hit friófſamaſta land í Evrópu, en yfrit illa yrkt. Medal landgiæda har má telia: Gull, ſilfr, eyr, járn, bly, qvikaſilfr, mikit salt, (bædi ſteinſalt, linda- og ſæſalt) ſaltpetr, ſteinkol, marmara, gimſteina, margar sikeldr eda málmdámada brunna, margskonar korntegundir, ágiæt vinfaung (t. d. Xeres Malaga, Alikante og Peralta), dyrliga áveksti, Spartum, forkunnar góda hesta, brifligan uautpening og mikinn veksti (einkum í Andalúſiu) og ſoudfé ſvo ágiætt, at ei finnſt annat þvilikt í Evrópu. Menn reka árliga rekſtra mikla, ſvo miliónum ſkiptir, frá hinum ſudlægu til hinna nordlægu hérada ríkiſins; ena finuſtu ull ber hit ſvokallada Merino-fé; har eru einnin aſnar, mular og geitfé. Villidyr eru har: birnir í Pyreneafiollum, og ógrynni kanína hvervetna. Byflugna og ſilki-aſli er har mikill og ardſamr.

Hverki er Spanſkum ſtritvinna gédheck, né ſýnt um at hagnyta ſér audugrar fóſturjardar margkyniut giædi; eru har því fleſtar handverksliſtir og ſmídar ſidr ſtundadar, enn í ödrum Evrópu þiódlondum; í Guadalaxara og Segóvia eru ullar-vodvirki; í Barzelóna bómullar-verkſtadir, í Valenzia og Sevilla ſilkiſpuni, (ſem er

Digitized by Google

hin merkasta handiðn á Spán) í Malaga kot-
ðanleðrs-verkun og í Sevilla afarmikil tó-
baks-tilreiðslustaðr; þar eru einnin fáar járn-
stáls og málma smiðiur, er ei géta fullnægt þörf-
um landsmanna.

Innanríkis er kaupverslun á Spán litil-
væg. Spanskir hafast lítt við í kaupferðum til
Evrópu ríkia og selia heim heima varning sinn;
til Nýlenda finna í vestr-álfu heims halda þeir
fáfstr skipum sínum og eiga við þar kaup mikil.
Frá Spán flytst: vín, brennuvín, ávextir, ull,
kordúan, salt, kork, saltpetr, hestar, múlar, o.
frv. — Þángat flytst: korn, feitmeti, skreið,
krydd, handverkavarníngr og vöruſmíði, málmar,
og afarmikit efni í hmſa hluti. er adrar þiódir til-
reiða og selia Spanskum aptr fyri dýra dóma, o. fl.

Í ríki hefsu er hin rómverska katho-
lska trú lögtekin og annarra trúmanna lands-
víst stránglíga bönnut. Klerklig umráð hafa 8
erkibiskupar á hendi, (herra tignastr er hofuð-
biskupinn í Túlet) og 50 biskupar. Þar eru
226,000 prestar og kénnimenn og 3000 klaustr.
Klerkdómr er þar rádríkari en í nokkru ödru
landi, og elr fremr áhuga um, at alþýdan hlýdi
sér og váfa, enn at hún nemi fródleik og nyt-
sem frædi.

Trúar réttarinn (Inquisitionen), er á 15du öld
stofnuðr hóſt á Spáni og um lánga æfi og á
hryllilegan hátt hafði ollat þar mannspiella og
messa ófagnadar fyri land og lýdi, var með öllu
afmáðr 1820.

Á Spáni eru 13 hlóðskólar. Nýr herra
10, sem ádr eru taldir eru þar 3, nl. í Alcalá,

Digitized by Google

er Ximenes stiptadi, í Oviedo, í landsudr frá Borg og Onnate í Guipuskóa.

Riki hetta hefir verit takmarkat einvaldsdæmi sidan 1820 og er thar karl sem kona arfborinn til kóngdóms samqvæmt frumburdarrétti. Vefdi konúngs, er gioriſt fridils forrædis 14 vetra, veikia rikisſtiornd nokkur (Cortes). Titill konúngs er: Hans katholſka hátign af Spaniaſandi og hans undirſkrift: eg kóngrinn (Yo el Rey). Nú rædr fyri Spán konúngr sá, er Ferdinand hinn 7di heitir.

Eldſti ſonr kóngs kallaſt Printz af Aſtúriu; adrir synir hans og dætur kallaſt Infantar og Infantinnur. Á Spáni eru 485000 adals menn; thá tignuſtu ámedal heirra kallaſt Grandar (Grandes, oc Stórmenni). Skialdarmerki rétteſtu er gullinn kaſtali med 3 turnum fyri Kaſtilíuriki, rande lión fyri kóngsrikit Leon og 3 gyltar lilliur fyrir Anſſú (Anjou). Thar eru 10 Riddara ordr, nl. Uskantara ordan, Kalatrava ordan, Sti. Jacobs orda og Monteſa orda; ollar theſsar eru jafnframt klerkligar og hermanligar. Hit gullna Vlies (Flís) Karls orda, Mariu Leoſſu orda, Iſabellu ennar katólſku orda og hins helga Ferdinands og Hermenegildis orda.

Landher kóngs er 146 000 at tolu; en herſkip hans, ſtór og ſmá, eru 80; medal heirra eru ſá meginſkip.

Í tilliti til vidlendis og landskoſta, er Spán hit fábygdaſta land í Evrópu. Innhúar theſs eru 10 mill. 783000 at tolu. Peir hafa kyn ſitt at vekia til hmſra kynpátta, t. d. Ibera og Kantabra, Rómveria og Gauta, er thángat fluttuſt og mægduſt ſidan vid Arabiumenn eda Serki. Thódar einkunn Spanſtra er

Digitized by Google

alvorugefni og myndugr höfudbúrdr eda herra-
svipr í framgángi og vidrædum. Þeir meta
mikils gósugt lángfedgatal og litilhæfir menn
stæra sig af ættgofgi forfedra sinna. Á fyrri
tídum báru landsmenn stuttkirtla og korda vid
sídu og eldir ennþá eptir af þeim síd hiá bænd-
um í ymsum sveitum. Spanskir eru smirr til
dansleika, gódir riddarar og leika vel á hliód-
færi, einkum horpu og henda sérlagi gaman at
svakksamri skémtun. Alþiódligr er dansleikr sá
á Spáni, er Fandango heitir og er hann
talinn vandgiord íþrótt. Gradúngasat eda
vig hefir einnin um lánga æfi verit þar almenn
og fiolsókt skémtun. At loknum vínberialestri,
er þar alþiódlig fagnadar hátíd mikil; eru þá
tignir og ótignir jafnadarmenn um hrid. Spanskir
eru hraustir í orrustum, þolgódir í mannraun-
um, heilsugódir og verda opt háaldradir; þó er
blinda og vitleysa stadgiasari í sdrum lóndum,
enn þar. Þeir eru sáméalugir og dulir og trúa
varla nánustu frændum né vinum fyri einka-
málum sínum; dramblátir eru þeir og þykir þeim
eingin þiód standa sér jafnsætis, stærilátir og
stridlundadir, lostafamir og lausiyndir, skapstórir
og manna þrályndastir og harla tregir til at
semia sig eptir háttum annarra þióda; en á
medal mannkosta þeirra má telia: fyrirhyggiu og
vardeigd, hóssemi og tryggdlyndi, þolgiædi og
hugrekki. Konur eru allfridar á Spáni og
skorungligar, stoltar eru þær og stórrádar, manna-
giarnar og ástúdar.

Digitized by Google

XIII. Fránkaríki (Frankrig, Frankerige; Gallia, Francia.)

Land þetta kölludu Nordmenn Frakkland, Valland og Frans. Þat liggr í millum 12° og 26 austl. lengd. — og 42° og 51° nordl. br. — en fyri vestan Þýdskaland, Sveitzaland og Italia og fyrir sunnan Niderlanda-riki og sundit, er skilr Frakkland og England. Fyrir vestan þat er hinn atlantiski útsær og fyri sunnan þat Spán vestast og þá Midjardarhafit. Fránkaríki er 10,263 ferh. mil. at stærd; þat er 30 þingmannaleidar at lengd og vidlika at breidd, þar sem þat er breidast.

Hit eystra og sydra er land þetta fjöllótt, en at nordan og vestanverdu vidast flatlendt; þat er þvínær hvervetna forkunnar frjósamt. Þar eru sveitir fegurstar vid Ródon; en at sudvestanverdu eru heidar vída og ægisandar.

Þessir eru þar fjallgardar merkastir: 1. Mundiufiöll (Alpes) á takmorkum Fránkaríkis og Italiu. 2. Pyreneafiöll, (Pyreneerne), sem ádr er getit. Í landnordr gengr fjallgardr af þeim, er 3. Lózerefiöll kallast, en vid Lóru upptök skiptist í 2 greinir, gengr annar heirra í útnordr og kallast. 4. Alvergnefiöll, medal heirra er fjall þat hátt, er Mons Dór edr Gullfjall heitir; en

Digitized by Google

annr í hánorðr, er kallaſt: 5. Sevennafiöli (Sevennerne), er at lyktum verða hædir einar, er kallaſt Cotedór edr Gullhólar. 6. Júra fiöll kallaſt fiallgardr lítt hár á Frakklands og Sveitzalands landamæri. Þadan gánga fiöll í útnorðr, er 7. Vasgárfiöll heita; þau deilaſt í 2 greinir, nær annr til Ardennafialla, en annr til Hundshryggs, sem fyrr er getit.

Innbúar Vasgárfialla eru nafntogadir fyri frómleyndi og idinsemi; þeir eru mjög heilsugódir og verda manna eldſtir.

Þrír eru þar höfdar edr útnes: Grísanes (Cap de Gris Nez) Hogve, Höfdi og Landsendi (Cap Finisterre) vestaſt á landinu eda franska Bretlandi.

Í Frankaríki eru 6000 fliót og smá-ár. Þerra merkaſtar eru: 1. Signa (Seine; Sequana), hún kémr úr landſudri frá Sevennafiöllum, rennr í útnorðr og kémr til höfdar í sundit edr Kanalinn. Annar kémr 2. Lóra (Loire; Liger) úr sömu átt, en beygiſt nálægt Orleans í vestr og fellr í hit atlantiska haf, 8 mílur frá Nantes; þat er hit mesta vatnsfall á Frakklandi; og rennr í þat ofsi 40 ár; þat er 144 mílr at lengd. Í sudvestr hluta landsins fellr á sú, er 3. Garóna fyrr. Geirvimul (Garonne; Garunna) heitir undan Þyreneafiöllum, í útnorðr; hún kémr þar til sjófar í hinn atlantiska útsæ, er Nordmenn kalludu Grisſupolla; er hún þar breid sem fiordr. Í hana rennr úr austri á sú, er Dordogna (Duranius) heitir og kallaſt hún úr því Gironda. Hún er 90 mílr at lengd. 4. Ródon (Rho-

Digitized by Google

ne; Rhodanus) kémr úr austri frá Sveitzalandi, rennr í gégnum Genfar-vatn í útsudr inní Frakkland til Leons, har beygist hún í hásudr og fellr í Midjardarhafit; hessi á er vidlika laung og Garóna. Auk hessara vatnsfalla er 5. Rín, er skilr lond hit eystra, 6. Mósel (Mosella) 7. Maas og 8. Skaldá, er allar 3 falla í nordr um nyrdri hluta landsins.

Medal allmargra sikia, er menn hafa grafit millum tédra vatnsfalla, er siki hat er Sudr-kanall (Canal du Midi) heitir, en fyrrum kalladdist hinn langedockski kanall eda konúngskanall, ollum ódrum merkari og stórkostligri í hessu landi; hann gengr frá Garónu (skamt frá Tólósu) 31 m. í sudaustr til Midjardarhafs, svo á skipum má fara milli hess og Fetlafjardar edr fljóa hess ens mikla, er gengr inn milli Spánar nordrstranda og vestrskaga Frakklands, er í fornold hét Bretland.

Ádr enn hin mikla stiórnarbilting hófst í Frakklandi, var hat greint í 17 landsdálfur, en nú á dögum er hví skipt í 86 Departement, er vér köllum fylki og er yfir hvort heirra setter fylkisstióri eda Præfect. Pessir eru stadir merkastir í nyrdri hluta Fránkaríkis.

Paris eda Parisarborg (Parisii. 48° 50' 10'' nordl. br.), hat er hofudborg lands hessa og konúngs heimili, er stendr bádumegin vid og á hólmum nokkrum í Signu, og er einhver hin mesta, fegursta og merkasta borg í heimi. Hún er 5 milur ummáls og umhverfis

Digitized by Google

hana liggia 10 forstadir og frá henni gánga 28 hiódvegir til ríkisins ýstu takmarka.

Þar eru afarmargar háreistar og skrautligar byggingar og hofgardar; medal heirra er Tvillerisslotit (Tuillerierne) er Katrin af Medicis lét gióra; Lúver (Louvre) bygt af Lodvíki 12ta og aukit og fegrat af Lodvíki 14da; hit konúngliga slot, (Palais royal) er Richelieu lét gióra; Lúxenborg og Búrbon. Medal kyrkna anna er Vorfrúr kyrkia hin vegligasta og St. Gènovera. Á Signu eru steinbrýr margar og miklar, heirra nafnkunnust er Nýabrú (Portneuf) er Hinrik hinn 4di lét gióra. Þar eru einnin mikil torg eda pláts: Karússelplátsit fyrir framan Tvillerisslotit; Lodvíks 15da Pláts (þar vóru þau Lodvík 16 og drotníng hans af lífi tekinn) og La Greve, þar var almennr aftokustadr í stiórnarrofs styrioldinni. Þar er einnin svitali fyrir 5000 fiúklinga og mikit fángelsi. Þar er hiódskóli og á medal allmargra vísinda skiptana, ípróttaskóla og mentunar medala er þar hin mikla konúngl. bókahlada (400 000 bind: og 80,000 handrit). Fyri vestan borgina er Grenelluslettan og Matsmerkin og fyri sunnan hana eru jardhús mikil med afarmorgum gaungum og afkymum, þar eru lík 2 milliúna manna. Í Paris eru 715,000 innbúar.

Í útsudr frá Paris er Versaliar (Versailles; Versaliæ); þat er fagr borg med 35000 innb. og var um hrid atsetr enna frønsku; kónga og þá miklu fiolmennari; þar er forkunnar skrautligr konúngsgardr, er Lodvík hinn 14de lét gióra.

Digitized by Google

Þar í grend eru 6 konúnglig slot; medal heirra er Sti Klúd (Cloud), þar sat Napoleon á sumrum, og Malmason, þar, dvaldist og andadist drottníng hans Jósephina.

Jútnordr frá Patís er Rúduborg (Rouen; Rodomum) vid Signá nordanverda, med 87000 innb. Þar er sorn gautsk dómkyrkia og í henni legstade ýmsra kónga; á torgi nokkru í stad þessum var Johanna Dark brend 1431. Vestar vid mynni tédrar ar er Haver de Grace e. nádarhosn (Portus gratiæ), þar er hosn. Nordar vid sundit er Dieppa (Deppa) med 20,000 innb. og nordar Búlóna (Boulogne; Bononia), þar er hosn lítil og 14000 innb. þadan gánga flutníngsskútr til Englands. Nordar er Kalè (Calais; Caletum) vid sundit gagnvart Dofra, med 7000 innb.; þar gánga ferjur ýsir á viku hverri.

Nordar á sömu strond er Dunkyrkia (Dúnkerquen; Dunquerca) hat er viggirdtr stadr med 21000 innb. Í austr frá Dieppu er Amiens, (Ambianum), vid á þá er Somma heitir og fellr í sundit; þar er forkunnar vegliga dómkyrkia, ágiætr ullarvefnadr og 40,000 innb. Í útnordr þadan er Abbevilla vid téda á, med 18000 innb. Í landnordr frá Amiens er Arras (Atrebatum) med 19000 inub. Þar er kastali og ágiætr kniplinga vefnadr. Í landnordr þadan er Dúai (Duacum) þar er hiódskóli, festíng og 18000 innb. Í nordr þadan er Lille eda Rýssel (Insula) þar eru

Digitized by Google

virki mikil og kastali, og 100 ölin mylnur. Ei allángt frá Búlónu er Sti. Omer (Audomarcopolis) med 20,000 innb. Þar er klæda gjörd mikil.

Í landnórdr frá Paris er Remisborg (Rheims; Remi), þat er mikil borg og forn; þar er gamul gautsk dómkyrkia, er Frakkar fyrr. krýndu kónga sína í — og 30,000 innb. Í austr þadan er forn og víggirdr stadr, er Verdun heitir, vid Mosá og austar Metz (Metæ) vid Moselá, enhvor hin sterkasta borg í Frákaríki, med 41000 innb. Þar er veglig höfudkyrkia og skinnaverkun mikil.

Í landsudr frá Remisborg er Chalon. (Catalaunum) vid ána Marne, er rennr úr austrátt Signá, med 11000 innb. Í nánd vid stad henna bardist Aëtius vid Húna og sigr 451.

Í sudr frá Metz er Nancy (Náncejum) þat var fyrr. höfudstadr í Lóthringi; þar fell Karl hinn hugprúdi í orrustu vid Sveitza 1477. Skamt þadan er Lunéville, þar var fridr gjörr 1801. Austar er Strasborg (Stratæburgum) vid Rín vestanverda; hún er allmikil og rammliga umgirdt; þar er nafntogud dómkyrkia, er Munster kallast og er hún hit vegligasta musteri; á henni er turn 449 fóta hár; hiódsköli og fallstykkia steypuverk mikit — og 50,000 innb.

Í nordvestr frá Paris er Kaen, (Cado-

Digitized by Google

mus) skamt frá sundinu; þar er þiódskóli, mikill sokkavefnadr — og 36000 innb. Í útnordr þadan er Kerborg (Cæsaris Burgus) á skaga heim, er lengst gengr í nordr, gagnvart Portsmút á Englandi. Þar er sú einasta herskipahöfn, er Frakkar hafa vid sundit; var hún fyrst fullgiör 1812. Þar eru 12000 innb. Í útsudr þadan er Sti. Malo vid botn Ringsfiardar og Rennes (Redonis) sunnar, þar er er þiódskóli og 30,000 innb. Í vestr þadan og vestast í landinu er Breſt (Brivates) vid vidkendan fiord; þar er hin mesta og besta herskipastod í Frakklandi, er Richelieu lét giora — og heimili 26000 innb.

Allar þær borgir, sem nú eru taldar, liggia annarstveggia nordar, enn Paris. eda nærhæfis jafnnordliga í ríkinu.

Í landsudr frá Paris er Melún (Melodum) vid Signá; skamt þadan er konúngsgardr, er Fontenabló (Fontainebleu) heitir. Í sudaustr þadan er Troya (Trecæ) vid Signu med 27000 innb. Nordaustar er Brísinna, þar géck Napóleon í skóla og nam hermannligan fródleik.

Í útsudr frá Paris er Orleans (Aurelianum), mikil borg og viggirdt vid Lóru; þar er minnisvardi Johönnu Dark, er 1429 frelsadi stad þenna frá umsátri Enskra; þar eru 42000 innb. Í landsudri þadan er Berg (Bourges;

Digitized by Google

Biturigæ), þat er umgirdr stadr med miklum múrveggium og 8 turnum. Þar er biódskóli og 17000 innb. Í sudvestr frá Orl. er Turonisborg eda Túrs (Tours; Turoni) vid Lóra; þar er veglig dómkyrkia mikil silkivefnadr og 22000 innb. Vid borg þessa bardist Karl Martel vid Araba eda Serki 732 og vann mikinn sigr. Vestar er Angers (Andegavum) skamt fyrir nordan Lúrá; þar er biódskóli og 29000 innb. Vestar vid téda á nordanverda er Nantes, (Nannetes) 6 mílr frá sæ; þat er mikill kaupstadr med 76000 innb.; þar er sallsmokkia-steipuverk mikit og grunn hofn; leggia þvi hin stærri kaupfor af farminn í Pamboff, vid ármynnit. Sunnar á strondinni, er Rochella (Rochelle; les Rosselle Rupella) viggyrdr stadr; þar er gód hofn og verslun — og 18000 innb. Sunnar Rochefort (Rochefortles Rosselor Rupifortium) þar er viggirdt herskipahofn, er Lodvik hinn 14de lét gióra — og 15000 innb. Í nordaustr frá Rochellu er Peitusborg (Poi-tiers, les Poatie Pictavium); þar er dómkyrkia mikil og biódskóli og 22000 innb. Í milli sídstnefndra stada er Niort (Niortum) þar er mikil skinnaverkun — og 15000 innb.

Penna hluta landsins milli Lórár og Garónu kolludu Nordmenn Turskuland hit nyrdra og Peituland sunnar, og badi ásamt Aquitania; þar var þá

Digitized by Google

kaupstadr sá, er Varandi hét midsvegar milium óss tódra flóta og Vilhjálmsbær vid Garónu, mynni þordanneerdr.

Vid Garónu er afarmikill kaupstadr, er Burdó, (Bourdeaux; Burdegala) heitir þar er hiódskóli og tóbaks-tilreidsla mikil — og 93000 innbúer, er sélia vínfaung mikil og Nyienda-varning, og senda seriuskip til Nord-Ameriku og Vestindia. Í útsudr þadan er Bajónna (Bajonna) vid sæ; þat er viggirdtr stadr med 13000 innbúum; af honum taka byssusteinar (Bajonetter) nafn, med því þeir vóru þar fyrst giordir á dögum Lodvíks hins 14da.

Í landsudr frá Bordó er Tólósa (Toulouse) vid Garónu; þat er mikil borg og forn og var fyrrum hofudborg í Vestgauta-ríki, er einnin kalladist Vestr-ríki; þar er mikill hofgardr, er Tólósa greifar fyrr. sátu í, veglig dómkyrkia, sogr steinbrú á ánni, forkunnar prýdilig rádstofa, hiódskóli og afarmikit fallstykkia steypu-verk — og heimili 52,000 innb.

Í landsudr þadan og vid Midjardarhafit er Perpignan, (Perpiniacum) viggirdtr stadr. Nordar er Narbonná eda Nerbóna (Narbo Martius); þat var sá annar nýlendu-stadr Rómverja. Í landnordr þadan á strondinni er Cette, á nesi vid vatn þat, er Thú heitir; þar eru saltlindir og geimslubúr fyri varning hann, er flytia skal á skipum upp Sudr-Kanal. Lengra nordr er Montpelliar, (Mons

Pessulanus), þar er þiódskóli og 33,000 innb. er tilreida manna best í Frakklandi ilmsæt smyrsl, veykelsi o. s. frv.

Í landnordr þadan er Nimes (Nismes; Nemausus) fyrir vestan Ródon; þat er ævit forn stadr med 40,000 innb. þar eru merkir forngripir frá Rómverja tídum; medal þeirra er sjónarplats í hálfmána lagun. Á strondinni skamt fyrir austan Ródons mynni er mikill kaupstadr, er Marseliar (Marseille; Massilia) heitir. Þenna stad bygdu Phóecar frá Litlu-Asíu laungu fyri Krists burd, og er þat einhvor hinn eldsti stadr í Evrópu. Marseliarmenn reka kaupskap mikinn í Tyrkialandam vid Midjardarhafit og á Vallandi og giora þeir Frakka byrga at þessara landa varningi; þar er fiskafn og miklar byrgdir af vinsaungum frá nálægum hérudum, vidsmiori og sudrlanda ávøxtum; medal allmargra vefnadar- og verkstada er sápugiord þar nafnkenduft, og med allri athygli eru þar reistar skordur vid drepsótt, er 1720 leiddi 50,000 af borgarlýdnum til bana. Þar eru 102,000 innb. Austar á strondinni er Tulon (Toulon; Telo Martius), þar eru rammlig varnarvirki, 2 hafnir fyrir herskip og fyrir utan þær ágiæt skipalega, er 4 kastalar verja, og skipreidahús mikil. Stadarlýdrinn er 22000 gt talu.

Digitized by Google

Þær héerista eyar liggia nockut austar ſkamt uttan landi; á ſtrandinni austr frá Túlon er Frejus, þar tók Napóleon land, er hann kom af Egyptalandi; en við Antipes, austar, lenti hann, þá hann kom frá Elba.

Í nordr frá Marſeliym er Aix (Aix úttal. E; Aqvæ Sextiæ) þat var fyrr. höfudſtadr í Próvenzu og hin fyrſta nýlenda Rómverja í Gallia; þar er þiódſkóli og laugar og 21000 innb. Við ána Ródon austanverda er Arles, (Arelate) er fyrr.. var höfudborg í því Arelatiſka-ríki; þar 'eru margar fornleifar og 19000 innb. Nordar við téda á er Avinnión (Avignon; Avenio); þar er höfgardr mikill, (þar ſátu Páfar frá 1305 til 1377), dómkyrkja, (í henni eru legſtadir ýmſra Pafa) og ágiætr ſilkivefnadr — og 42000 innb.

Í Vakluſu, (Vaucluſe) ſkamt frá Avinnión, dvaldi þiódſkáldit Petrarka laungum og qvad harmaqvædi ſín eptir andlát ſinnar elſkudu Lauru.

Nordar við Ródon er Valenza, (Valentia) enhver hinn eldſti ſtadr í Frakklandi, med 8000 innb. Í landnordr þadan er Grenóbla (Gratianopolis), ſkamt frá Vallands landamærí; þar er forn kaſtali, þiódſkóli og 22000 innb. Í útnordr þadan er Vienna fyrr. Vihenia, við Ródon; þat er forn býr og var ford. atſetr enna frønſku kóngaſona; þar eru merkir klædaveſtadir og 11000 innb.

Á kyrkiufundi í Vienna var Tempelherra fólagit afmád 1312. Karteſs heitir lítill ſtadr ei alllángt frá Vienna; ſkamt þadan var mikit og nafnkunnugt Múnkaklauſt, lént við ſtadinn, er Bruno ſetti á ſtofn.

Digitized by Google

Fyrir nordan Vienna er Leons eda Lyon (Lugdunum) vid Ródon; hat er forn og mikil borg, er gengr Paris nærst at mikilleik, audiegd og fegurd. Par er gomul og veglig dómkyrkia, mikil bókahlada (120,000 bind.); auk margskonar handidna, er par silkivefnadr svo mikill, at svída er hvílikr í heimi, og nafnkendr hatta tilbúningr. Kaupverslun er har og allmikil. Adr enn hin mikla stiórnarbilting hófst, vóru har 160,000, en nú eru par 100,000 innb.

Í vestr frá Lyon er Klaramont (Clermont-Ferrand; Claramontium); hat er forn borg, bygd af hrann-griótí; har er hiódskóli og margar málmdámadar uppsprettur í grend vid — og 31000 innb. Vestar er borg sú, er Limóges (Lemovicæ) heitir, med 21000 innb. og í landsudr hadan Túlla (Tutela) í hrióstugum fiallgardi. Alllángt í nordr frá Lyon er Dijon (Dijon; Divio), har er hiódskóli, forn hofgardr, fyrr. atsetr hertuganna í Borgundi, (svo hét hesi hluti Frakklands). Austar er Besanzon (Vesontio) rammliga viggirdtr stadr; har er hiódskóli og 28000 innb. Margir eru fleiri merkir stadir í riki hessu er oflángt yrdi hér at telia.

Í landsudr frá Tólon liggr eyland hat í Midjardarhafi, er Korsika (Corsica) heitir og Nordmenn kolludu fordum Kúsariki og Kussaland en eyarmenn hétu peir Kussara. Hún er 178 ferh.

Digitized by Google

mikr at stærð og er víðast frjóssom; þar vex gnægð vins, korns og trjáávaxta. Vestanfram á eyunni er Ajaksió (Ajaccio) hið víðkeðdum stræti, með 7000 innb.; þar er Napóleon keisari borinn (1769) og all sijtkyn hans. Á austrströndinni nordarlega er Bastia með 11000 innb. Eyarmenn eru 175,000 at tölu; þeir hafa optsinnis varit frelsi sitt með hardsengi og ávalt átt í höggi við ofureski og ofriki Genuesa og Frakka.

Víðast er Frakkland vedrasælt, einkum miðlands. Í Vasgástsöllum er ástundum vetrarriki nokkurt. Á vorum olla opt hardir nordanvindar, er Mistral (Vent de bise) kallast allmikils skada á sáðlendum og víngörðum í sydri hluta ríkisins.

Öll eru náttúru ríkinn allanðug í Frakkaveldi; þar finnst: gull, silfr, kopar, járn (þó ei til hlytar) bly, gnægð salts, (bædi úr lindum og sæ) steinkol, Porcelans leir, marmari, og málmdámadar uppsprettr. — Alskonar korntegundir vaxa þar, gnægð trjáávaxta, hör og hampr og allmiklir skógar; þar er einnin góðr silkiafli og ágiæt víngrækt, hverttveggja því betra sem sunnar er. Hit franska vín er hvassgiætt og áfeingt og er þat kent við þau landspláts er þat vex í. — Þar eru heimdýr sem í ödrum löndum, þó hafa Frakkar hvervetna haft skort á hestum; geitfé er sérlagi í sydri hluta landsins, og asnar og múlasnar, villidýr allmörg og úlfar; fiskiafli er þar ágiætr og ostrurækt víða vid vestrstrandir.

Digitized by Google

Öll þau giædi og verkefni, er sósturjörd fær Frakkum og morg onnur er heim beraft á hendr af ödrum löndum, hagnýta þeir og tilreida med mikilli list og hagleik. Agiætir klædadúka- og lérepta-vefstadir einkum hit nyrdra, en silki-vefstadir eru bestir hit sydra. Í verksmidium gióra menn af ýmsum málmum ágætt vöruskrídi, glingr og hnoss-smidi, er vída flyst.

Med því at land þetta liggr vel vid tilsiglíng, er þar kaupskapr mikill vid útlendar þiódir. Frakkar hafast og allvel vid í kaupferdum í Midjardarhafi og vestr í heimi. Hvergi, utan á Englandi, hafa menn med svo miklum tilkostnadi greidt varninga flutning og ferdalag manna sem í Frakkaríki. Þar eru margar kaupstefnur lagdar; medal þeirra er markadrinn í Bokeri (Beaucaire; skamt frá Nimes) hinn merkverdasti.

Frakkar selia: vín, brennuvín, vínedik, margskonar kriddsdrykk, sudrlanda-ávexti, ilmsæt smyrsli og olíu — og allskonar vefnad, og vöruskrídi, refil, silki og finasta lín o. s. frv. — Þeir kaupa margskonar ótilreidt verkefni, lérepti frá Þýdskalandi, og ýmsan varning austan og vestan úr heimi.

Í Frakklandi er hinn rómverski-katholski átrúnadr þiódtrú; þar standa 9 erkibiskupar fyrir kénnimannligum efnum og er erkibiskupinn í Paris þeirra gofugastr. Medal þeirra múnka-sélaga, er sídan 1814 hafa á ný fengit upp reisn, má hér géta múnka þeirra, er Trappistar kallast; allir adrir trúmenn hafa þar trúarbragda

Digitized by Google

freist; þó bryddir þar optar, enn í odrum lond-um, á offóknum vid þá.

Sidan 1815 hafa 17 þiódskólar ásamt all-morgum háskólum framat mentir og vísindi í riki þessu; þar er og ágiætir bókstaðlar á hmsum stodum.

Í Frakklandi er takmorkud einvaldsstiórn í log leidd og gengr þar kóngdómr í erfdir frá fodur til eldsta sonar. Konúngr skal vera fullra 14 vetra er hann tekr riki og skal hann játa kathólska trú. Í lagafetningum eiga stond nokkr þátt, er greinast í 2 flocka nl. Pera-(Jafninga) og Fulltrúa-ráðit, í því fyrra eru þeir hofdingiar medal adalsmanna og biskupa, er kallast Perir (Pairer; Pairs) og eru jafnir at metordum og einkarétti; en medlimir þess sídara eru fulltrúar fólkianna sem kosnir eru á samkomum í hverju þeirra. Auk þessara gengr ríkisráð og ráð-giafarað kónúngi til handa í landsstiórninni. Titill hans er: Konúngr Frakklands og Navarra-lands.

Paradauki hafa þáfar aukit titil hinna frønsku kónga og kallat þá: hans allra-kristiligustu hátign eda kyrkinnar frumborna son. Alt frá 1349 hefir eldsti kóngssonr eda konúngsefnit kall-ast Dáphin, en næsti bródir at aldri, Monsieur (Mosís). Skialdarmerki Frakkakongs, er 3 gullnar liliur á blám undirbordi fyrí Frakkland og gullskia á rauðu fyrí Navarra.

Sis eru þar riddara-ordur a, Heilags-anda-ordan stipt. af Henrik 3dia b, ens helga Micha-els-orda c, ens heil. Lodvíks-orda d, Laz-arus-orda e, ordan fyrir hermannliga verd-skuldan, f, Urnlegión, stipt. af Napóleon keis-ara; — og g, trúfastar-ordan.

Landher Frakkakonungs er ásamt inndrótt eda lidi því, er heldr verd um konúng (nl. 90000)

Digitized by Google

250,000 at tolu. Skipaflid og herskip eru í lakligu ftandi; þó eru þar 40 linuskip auk minni herskipa. Æðsti herskipaforingi kallaft Admiral af Frákkarikí.

Í Frakklandi eru 106 byggirdir ftadir; medal þeirra eru: Lilla, Strasborg, Metz, Valenciennna (í landsudr frá Lilla) Sedan (í útnordr frá Metz) Brianzon og Túlon, sterkaftir. Merkuftu herskipahafnir eru í Breft, Orient (í landsudr frá Breft) Rochefort og Túlon.

Landslidrinn í Frakkaveldi er 29 millióna at tolu; ámedal þeirra eru 25 mill. eiginligra Frakka edr Frænkismanna, er hafa kynfitt ad rekia til 4 fornþióda ul. Galliumanna, Rómverja, Gauta og Fránka. Allr þorri þióðarinnar mælir franska túngu; nordaft mæla landsmenn þýðsku, í Normandi kymrisku edr ena fornu bretlendsku; vid Pyreneafioll baskisku og á Korsika valska túngu

Í Frakkaveldi hafaft Júdar ei allfáir vid Zigeunir og hinir vælu Kagottar vid Spánar landamæri.

Frakkar hafa um lánga æfi fengit ord fyrir, at vera allra manna kurteysaftir, gladværaftir og prúdaftir í háttum og hegdan. Vid kunna og ókunna eru þeir málhreifir og opinnskáir, snarlyndir og kvikligir; ftrautmenni eru þeir og fullir fundargérdar og breytiligir mjog í háttum og klædaburdi.

Frakkar eru frægir orrustumenn, hugrakkir, og allra manna frækuaftir og vopnfimaftir. Hafa þeir og tídum verit figurfælir og med hreyfti og vígkænfku margra vídfrægra hersforingja aflat fér ordsthýrs og landa.

Digitized by Google

XIV. Fríríkit Sveitzaland (Schweitz eda Helvetien; Helvetia.)

Umhverfis land þetta liggia hiódlond mikil, og skilia Mundjufiell þat og Walland at sunnanverdu, en Júrafiell atskilia þat og Frakkland hit vestra. Fyrir nordan þat er Baden og Wurtenbergs-riki, og Týról fyrir austan. Þat liggr imillum 23° og 29° austl. lengd: og 45° og 48° nordl. br. — og er 890 ferh. milur at vidáttu.

Í þessu riki er hálendi mest í Evrópa og fiöll hærst, einkum hit syðra, sem sumar og vetur eru þakinn snió og jökli. Þar eru einnin ísléttur miklar eda flatjöklar (Gletscher) er heidr aukast enn hverra. Opt falla þar jöklar fram og skridur, er olla mikils jardnsla og tións á mannum og dýrum. Þar eru elfur margar og í þeim fossar miklir. Vötn eru þar og mörg og stór og í þeim göd veidi. Dalirnir í syðri hluta landsins eru diúpir og þraungir, en hit nyrdra breidir og vidlendir; fiöllun eru þar lægri og allvída korni sád.

Medal fiallgarda heirra, er liggia í þessu landi og á takmorkum þess, má telia: 1. Mundiufiöll (Alperne; Alpes) þau ganga frá Middjardarhafi (vid Nizza) í landnordr og svo í austr á Sveitzalands og Wallands landamæri

Digitized by Google

og enda við Balkanfiall í Tyrkiaveldi. Þau eru 280 mil. at lengd og 4000 ferh. m. at viðáttu. Menn kalla þau ýmsum nøfnum, t. d. Sæ-Alpa (Söe-Alper) við Midjardarhafit, hin kottisku, grøisku, penninsku, levontinsku, rhætisku, nóriskú, karniskú, júliskú og dinariskú Alpesfiøll.

Hærstu hnúkar í þessum meginfiallgardi eru Montblank (Hvítafiall) í hinum penninsku Mundufiøllum; þat er 14,676 fóta hátt; Ortles, í hinum rhætisku Mundiuf. gengr Montblank næst at hæd og er 14666 fóta; Rósa-fiall (Mont Rosa), hit mikla Sti. Rheinhard, Finsterárhorn, Jómfrúin, Skrekhorn og Furka, eru øll yfir 10,000 fóta at hæd. Sti. Gotthardsfiall er nokkut lægra og er midpúnkter hinna sveitzisku Mundiufialla. Yfir fiallgard þenna gónga 3 ágætir vegir, er Napóleon lét leggia.

2. Jútafiøll (Iurabjærgene) liggia í landnordr á Frakklands og Sveitzalands takmørkum og eru hvínær 40 mil. at lengd. Hit eystra eru þau brest miog, en at vestanverdu er alllángr atlidandi. Hvergi eru þau yfir 6000 fóta at hæd.

Merkustu elfur í þessu landi eru: 1. Rín (Rhinen; Rhenus); hún fellr í 3 qvíslum undan Gotthardsfialli og koma þær saman við Reikená; síðan rennr Rín igégnum Bódensió og úr honum við Stein í vestr til Basel, beygdist hún þá í nordr og fellr sem fyrr segir. Í henni er foss mikill skamt frá Skaffhúsum Rín er 140 mil. at lengd. Vestar fellr 2. Ar (Aar; Arola) undan Grimselfialli, rennr igégnum Brinz- og Tunsió, og í Rín við Kóblenz. Í hana renna: Reuss og Limmat úr landsudri. 3. Ródon (Rhone; Rhodanus) fellr

undan stalli því, er Furka heitir, rennr eptir Wallis-dal og í gégnum Genefu-vatn, sem fyrr er frásagt. 4. Tessín (Ticinus) fellr undan Sti. Gotthardsstalli, rennr í sudr og í Miklavatn í Nordr-Ballandi. Í sydri hluta Grábúndsfylkis eru upptök ár peirrar, 5. Inn (Oenus) heitir; hun rennr í landnordr um Týról og at lyktum í Dunu.

Í Sveitzalandi eru vötn mörg og mikil; flest eru pau alldjúp. Hin merkustu eru: a, Bodenssjór, sem ádr er getit. b, Genefu eda Leman-sjór (Lacus Lemanus) í sudvestr-hluta landsins; hann er ápekkr hálfmána at lögun og er 10 mil. at lengd í austr og vestr og $2\frac{1}{2}$ m. at breidd. Hit nyrdra kallast hann Láfannasjór. c, Nýborgar- eda Nýkastalavatn (Neufchatelsöe) vestast í Sveitzalandi; d, Fjögra Skógstada-vatn, (Vierwaldstädter-söe), mitlands, millum Sveitz, Uri-Untervalds- og Lucerns, fylkia. Nordar er e, Zúgs-vatn og í landnordr hadan f, Zurikvatn hat er langt og mjótt. —

Helvetia eda Sveitzaland er greint í 22 landsátlur (Cantoner) er vér kollum fylki, nl.

1. Skafhúss-fylki, hat liggr nordast; par er Skafhús (Schafhausen) vid Rin; par eru 6500 innb.

2. Zúrikfylki, fyri sunnan Skafhúss-fylki. Par er Zúrik (Zurich; Turicum) vid

nordr-enda vidkends vatns; þar eru varnarvirki, skraulig rádstofa og dómkyrkia mikil og 11000 innbúar.

Fyrir utan borg þessa er Gesners minnisvardi; hann, Labater og Pestalozzi eru fæddir þar. Í landnordr þadan er Vintertúr og skamt þadan í sudr forne slot, er Kyborg heitir. Vid Rín er þorp þat er Lái (Laufen o: Hlaup) kallast, þar er foss mikill í ánni (Rhinfalder), sem er 75 fóta at hæd.

3. Túrgárfylki (Turgau) fyrir austan Zúrikfylki. Þar er samnefndr stadr.

4. Árgárfylki fyrir vestan Zúrikf. þar er Árá (Arau; Arovia) vid ána Ar, med 2400 innbúum.

Í landnordr þadan er Skinznak og skamt þadan austmál af sjóri því, er Habsborg hét. Austar er Baden, þar eru ágiætar laugar. Zoging. Bruck og Arborg, þat er sú einasta festing eda kastali í ríkinu.

5. Basels-fylki, vestar; þar er Basel, fyrr. Buslaraborg (Basilea) vid Rín. Þat er annr borg mest í hessu ríki; þar er dómkyrkia (í henni var hinn nafntogadi kyrkiufundr haldinn), varnarvirki, blódstóli, stipt. 1459, silkiverkstadir og pappírsmyllur og 15000 innbúar.

6. Sólóturns-fylki, sunnar; þar er Sólóturn (Solodurum) er menn fyrr. kolludu Solatra; þat er viggirdr stadr vid Ar; har 4200 innb.

7. Lúcerns-fylki, fyrir sunnan Argárf. þar er Lúcern (Lucerna) stadr vid ána Reuss, er hún fellr úr Fiegra-Skógstadavatni; þar eru 5000 innb.

Í útnordr þadan er Sempach-hiá vidkendu vatni; þar unnu Sveitzar frægan sigr 1444, en Arnold Winkelried fell med hetju erdiegr.

Digitized by Google

8. Zúgs-fylki; þar liggr austar og er hit minsta í Sveitzalandi ($5\frac{1}{2}$ f. m.) Þar er Zúg við vatn, sem kent er við stað þenna.

9. Sveitz-fylki, við Fiegra-Skógstaða-vatn austanverdt; þar er Sveitz (Schweitz eda Schwyz; Suitia) nálægt Rigifialli; þar eru 5000 innb.

Við eyd. vatn er staðr sá, er Brunnr, (Brunnen) heitir; þar sóru innbúar fylkianna: Sveitz, Uri og Untervalden, í föstdræðralag 1315 til at kasta af sér oki Austurríkis keisara. Í Kússnak, í útnordr frá Sveitz, vann Tell harðstiórannum Geßler bana.

Í þessu fylki eru Rigifiall, Russifiall, er 1806 fiöll ógurligs stada og jardsiála, og fiall þat, er Morgarr heitir, á takmörkum Zúgs- og Sveitz-fylkis; við fiall þetta báðu Sveitzar mikla orrustu við fiolda liðs Austrríkis manna 1513 og fengu sigr.

10. Glarus-fylki, fyrir austan Sveitza-fylki; þar er Glarus (Glarona) med 2500 innb. Þar er lereyta-bleiking mikil.

11. Sti. Galls-fylki, fyrir austan 2 fiðstnefnd fylki og Zúrik; þar er Sti. Gallen (Fanum St Galli) med 8200 innb. Múrveggr skíle staðin og gamalt Benedictína klaustr, er staðrinn hefir nafn af og upphaf; ábóti hefs var þiódkr Riikisgreifi. Þar er ágiætr bleikingarestaðr. Í þessu fylki miðiu liggr:

12. Appenzells-fylki; þar er samnefndr staðr.

13. Uri-fylki, fyrir sunnan Sveitz; þar er Altorf (Altorfium) við ána Reuss, med 4000 innbúum.

Nordar er Kíkel en við Fiegra-Skógstaðarvatn og Kemr þaðan Tells Kapella. Í suðr-hluta þessa

Digitized by Google

fylkis er Sti. Gotthards fiall; yfir þat liggr vegr til Vallands.

14. Undirvalds-fylki, fyri vestan fidstetid fylki; þar er Stanz (Stantia) undir vidkendu fialli; þar er minnisvardi Arnolds Winkel rids og 2200 innb.

15. Berns-fylki, þat liggr fyrir vestan 2 fidstitalinn fylki, og Lucerns- og Sólótúrns-fylki og er hit vidlendasta i Sveitzalandi, (ni. 171 f. m.) þar er Bern (Berna) hofudstade vid Ar. Þar er gomul, gantsk dómkyrke, háskóli, mikill kaupskapr og 14000 innb.

I landsudr þadan er Tún (Thun) vid sammesnt vatn og i útnordr Bil (Biel) hiá vidkendu sioduvatni.

Fyri sunnan fylki þetta gánga hin svokolludu Berns-Mundinfioll i austr; þar eru fioll þau er Finsterárhorn, Skrekhorn, Vetterhorn, Eiger, Jómfrú og Múnkr heita. Þar er og Stábocks-fos vid Lucerbrunn hann er 925 fóta hár. Fyri vestan Berns-fylki liggr:

16. Fríborgar-fylki; þar er Fríborg (Freyburg; Friburgum) i útsudr frá Bern; hún er umgirdt med múrveggjum og turnum.

Eina mílu þadan er hinn markverdi Magdalenu-hellir. I útnordr frá Fríborg er Murtr vid Murtensvatn (Lacus Moratensis) og Vífilsborg (Vifilisburg), er gétit finst i fornritum. Vid Murten bar Karl hinn hugrakki lægri blúta fyrir Sveitzum 1476. Beinhúsit, er þar var isrdt i þess minning, rifu Frakkar nidr 1798.

17. Vadt-fylki eda Vadtlandit liggr fyrir sunnan og austan fidstitalit fylki og fyri nordan Genefuvatn; þat er hin fegursta og vedrasælasta landsálfa i þessu riki. Þar er

Digitized by Google

Lásanna (Lausanne; Lausonium) í fórkunnar inndæla héradi við Genefuvatn nordanverdt; þar er forn, gautisk dómkyrkja og 9000 innb. Jtnordr þadan er Yderdún eda Iverten (Ebrodunum) við Nýkastalavatn sunnanverdt þar er forn hofgardr, og í honum Pestalozzi skóli — og 2500 innb. Austar við vatnit er Vivay, er fyrr. kalladisi Fivizuborg.

18. Vallis-fylki (Valesia); þat er hinn mesti dalr í Sveitzalandi og gengr í austr og vestr og liggia þraungir afdalir út frá honum báðumegin, fyri nordan og sunnan gánga Mundiufiöll. Þar er Sitten (Sedunum; á franskri Sion) við Róðon, í háfudr frá Bern; þar eru 5000 innb. er mæla franska tungu.

Vestar er Martinack, þar og í fyrrtéðum afdolum búa þeir svokölludu Kretinar, þeir eru vesælir, og dauf-gáfadir og þiást af hálsbótgu. Skamt frá Sti. Móritz, (í útnordr frá Martinak, er foss mikill í Róðon er Pissevas heitir; hann er 270 fóta at hæd.

19. Tessins-fylki; þat liggr í sudr af Uri; þar er Bellenz eda Bellinzóna við ána Tessin; þar eru 1200 innb.

Sunnar eru Lúganó hiá vidlendu vatni og Lúvarnó við Miklavatn.

20. Grábunds-fylki (Graubunden), austast í Sveitzalandi; þar er Kur, (Chur; Curia), skamt frá Rin; þar eru 2500 innb.

Þetta fylki og Walland atskilia hin rhætisku Mundiufiöll. Í eystri hluta þess er einhvor hinn jegursti dalr í Helvetía, er Engadín-dalr kallaðr og er 18 mílur at lengd. Engadíndælingar mæla hit svokallada rómanska mál eda afbakada latínu.

21. Genefu-fylki liggr við vestr-enda

Digitized by Google

vidkends vatns; þar er fiolmannasta borg i Helvetia, er Genefa (Genf); á frønsku Geneve; Gbenna) heitir, bádumegin vid fliótit Ródon, þar er þat fellr úr vatninu; þar eru nafukunnar figurverka-smidiur, bómullar- og klæda-verkstadir, hiódskóli og 23000 innb. sem eru manna best at fér um marga hluti.

22. Nýkastala-fylki fyri nordan Badtland og imillum vidkends vatns og Frakkalands. Þat greinist í samnefnt Furstadæmi og greifadæmit Wallingen. Þar er Nýkastali eda Nýaborg (Neufchatel eda Neuenburg; Neoburgum) vid téd vatn; þar eru 4000 innb. er idka misg kviplinga-gierd og figurverka-smidi.

Prússa-kóngr eignadist land þetta 1707; en afsaladi sér þat Frakka einvalda 1806, er fék þat Berthier at láni. 1814 fék Prússakonúngr þat aptr og sama ár var þat skeytt vid Sveitzaríki. Fríkiórn er í lag leidd og er þar jarl (Gouverneur) settr til yfirsóknar.

Helvetia er einka-fagurt land og frítt náttúrunnar margbreyttustu og inndælustu augnaskémtun, t. d. dolum, blómligum og skógivornum fiallahlidum, beliandi fossum sogrunr vatnum, himinháum fiollum o. s. frv. Þar er heilnæmt hreinvidri almennast; í dolunum er allmikit afl hita, í hlidunum tempradr hiti og á fiollum uppi bitr kuldi, svo ei þarf langt at fara til at menn um sama bil finni ofurhita sumars, vermandi il vors og vetrarligan kulda. Í allmorgum dolum í sydri hluta landsins er Kretinar byggia er ýfrit óhellnæmt loptslag; þá má kalla vanmetaskepnur á líkama og sálu. Í landi þessu finnast margskonar málmar, þó

Digitized by Google

ei til ríða, t. d. steinkol, alabastr, marmari, marjugler, kristall og málmdámadar keldr; hmsar korutegundir vaxa þar, en ei til hlýtar, gnægd jardepla, vín, (best í Vadtlandi) og mikil gnótt ávaxta hvervetna. Þar er ágiætr nautpenníngr og saudfé, asnar og múlar í Tessins-fylki, Gemsar og steingeitur í Mundiufiöllum; Ernir eru þar miklir og medal þeirra hinn ógurligi lambagammr, er ástundum rædst á menn. Veidi er þar mikil í vötnum og ám.

Qvikfiárrækt er hinn merkasta atvinna og arðsamasta starf landsmanna; á sumrum halda þeir nautpenníng sínum til haga á fiöllum uppi eda kafa þar í seli, og gisna nautamenn, er Senner kallast, osta af miólkinni, sem vída flytiast og eru í afhaldi.

Medal handidna Sveitza má einkanliga telia bómullar- og lín-vefnad, knívlinga- og pappírs-tilbúníng. Í Genefu og vída í Nýkastala-fylki er sígurverka-smídi mikit og nafnkent. Sveitzar leggia aúd á kaupverslun vid adrar þiódir og vinna allmikin ard af varnings flútníngi millum Þýdskalands, Sudr-Frakklands og Vallands. Merkustu kaupstadir í Helvetia eru: Basel, Bern, Skafhús, Zúrick, Sti. Gallen, Kúr og Genefa. Sveitzar selia nábýlis þiódum sínum: hesta, hmiskonar afrak fiáraflans, osta, margskonar vefnad og sígurverk, o. s. frv. en kaupa: korn, salt, sudurlanda-ávexti, skreid, fád, grávöru, málma, klatr-varníng, kryddvín, kaffe, síke, kryddjurtir, &c.

Hinn kathólski kristindómr er lögtekinn í 9 fylkium, nl. Lúcern, Sveitz, Uri, Unterwalden, Zúg, Fríborg, Sólóturni, Tessín, og

Digitized by Google

Wallis; hinn reformeradi í 6, nl. Basel, Skafhúsum, Bern, Zurich, Nýkastala, og Vadlandi; en í Argár, Turgár, Sti. Gallens, Appenzells, Glarus, Grábunds og G[illegible] fu fylkum er hvortveggia trú í lag leidd. Þar búa einnin allmargir lútherskir. Ad eins í Argár fylki er Jádum landsvist leyfd.

Í Sveitzalandi er einn hiódskóli og háskóli, hiódskóla igyldi, í Bern, ásamt ymsum lærdómsskólum, medal hverra hinn Pestalozziski kénsluskóli í Yferdún er hinn merkasti. Ymsir vasufræzir frædimenn og hjódvitringar hafa verit í landi þessu.

Helvetia er sambandsríki og eingum einu valdshofdingia háð. Serhvert fylki hefir eigit stiórnarform og er í hverju þeirra annatveggia lydstiórn eda stórmennisstiórn í lag leidd og í sumum hvoruttveggiu; en oll hafa þau svarist í fóstbrædralag at verja land og ódal fyrir ófridi og ágángi annara hióda. Um allt þat sem vidkemr alhiódligum málefnum rádslaga og dæma tilkiornir eyrindsrekar fylkianna á alþingi nokkru, er kallast Landdagr, og sem á sdru hverju ári, til skiptis, er háð annathvort í Bern Zurich eda Lúcern; skipar þá forsæti hofdingi sá, er Sveitzar kalla Landamman. Tey fylki kallast Forstadir (Vororte).

Herlid fríríkis þessa er 33000 at tolu; serhvor Sveitzari, sem er fullra 26 ára, er skyldr at fylgia merkium þess, þá til er qvaddr.

Innbúar Sveitzalands eru 1 milliún, 750 þúsund at tolu. Allr þorri hiodarinnar malir

20 málsku þýzkrar tungu; í vestri hluta lands sins er bögulig franska talud og hit syðra kurvelska og italienska.

Þad sú er bygdi land þetta, og sem eldstu forusögur géta, var af Germannum komin. Hún var ærit fuerra og þróttmikil og svo hranstá orrustum, at menn hafa talit hat ámedal Cæsars afreksverka, at hann bar hærri hluta í vidskiptum þeirra. Frá sudverdu hafa innbúar lands þessa hatat einvaldsstiórn, en elskat frelsi sitt og optsinnis varit þat med dæmafárri hreysti og mannsómi fyrir áráfum og ofriki voldugra nágranna, er þóttust eiga tilkall til ríkis þessa. Sveitzar eru vafntogadir hreistimenn og hafa gengit á mála hiá útlendum hofdingum, einkum Frakkakonungum, og hiónat heim med trú og dygd. Þetta sídblendi þeirra vid adrar þiódir hefir at visu spilt nægiusemi og tilgérdarleysi í háttum þióðarinnar; þó fær hún almennt ordstyr fyri rádvendni, friálsrædiselska, fedrlands-rækt og marga adra [illegible] ágiæta mannkosti.

XV. Walland eda Rúminaland (Italien; Italia).

Svo kalla menn ſtaga nokkurn, afar-mikinn, er gengr í landſudr, af Evrópu meginlandi í Midjardarhaf út og ſem á þriá vegu er umflotit af því og tveim hafsbotnum, er gánga af því í nordr, nl. Feneyjabotni at auſtanverdu og hinu toſkanſka hafi hit veſtra; at nordanverdu ſkilla Mundiufiöll þat og Frakkland, Sveitzaland og Þódſkaland. Fyrir auſtan nyrdri hluta landſins er Auſtrriki, en Frakkland fyrir veſtan. Walland er hérumbil 56000 ferh. mil. at ſtærd.

Fyrrgreindr ſtallgardr gengr í bugdu úr veſtri í auſtr á nordr-landameeri Wallands og er 180 milur at lengd; er hann yfrit hár og hakinn ſnió vetr og ſumar. Fyrir ſunnan fiöll þeſſi er flatlendi mikit bádumegin vid ána Pó. Af Mundiufiöllum gengr ſtallgardr ei allhár mittlands ſudr eptir landinu, er kallaſt Apenninafiöll (Apenninerne). Í þeim eru vída hellrar, gygir og útbrunnin eldfiöll; ſtallgardr þeſſi er 180 milur at lengd. Walland er fagurt land og forkunnar friódſamt einkum í grend vid eldfiöllinn. Finna má þar einnin gródalitil landſpiátts t. d. í Savoya,

Digitized by Google

Mundiufiöll eru ei greid yfirferdar bædi sakir sníóskrida, flóda, jökulsprunga og breitu. Þó hikir morgum fyrir ad kanna hær leidir. Napóleon leiddi her sinn yfir hau (1800) og lét sídann leggia 4 hiódbrautir yfir hau med miklum kostnadi og manndómi.

Utnes tvo skaga lengst í sudr, á Vallandi og er Spartivents-hofdi (Caps di Spartivents) á hví vestra og Leuca-hofdi (Caps di Leuca) á hinu eystra.

Flestar eru ár á Vallandi ei vatnsmiklar, nema sliót hat er Pó, (Padus) heitir, hat fellr undan vestri hluta Mundiufialla, rennr í austr um Sardina-riki og sudr-landamæri Lángbarda-rikis og kémr í 4 ósum til siófar út í Feneyabotn. Þar er 68 mílr at lengd. Etsk (Etch eda Adige Athesis) kémr úr nordri frá Týrólalandi, beygist í Lángbardalandi í landsudr og fellr skamt fyrir nordan Padus-ósa í tedan hafsbotn. Ain Arno (Arnus) fellr undan Apenninafiollum í vestr um Florenz og Pisa og rennr í hit Toskanska haf. Hún er 26 m. Sunnar á Vallandi fellr Tisur (Tiber; Tiberis) undan ádr greindum fiallgardi, í útsudr, igégnum Rómaborg og í hit toskanska haf vid Ostia. Þat er hit nafnkunnasta vatnsfall á hessu landi og 36 m. at lengd. Auk hessara eru allmargar minni ár og ómerkari.

Digitized by Google

Í Nordr-Vallandi eru 4 allmikil stöduvötn, er liggia í röd hvert austr af odru fyrir sunnan Mundiufiöll. Vestast er Mikla vatn eda Lukarnsvatn (Lago Maggiore; Lacus Verbanus); þat er 10 m. at lengd. Í því eru hinar bórrómeisku eyar; þar eru nafntogadar fyrir fegurd. Austar er vatnit: Kóma (Lago di Como; Lacus Larius), 7 m. at lengd; þá vatnit: Íseo (Lago d'Iseo; Lacus Sevinus) og austast Gardavatn, (Lago di Garda; Lacus Benacus); þat er hit mesta stöduvatn í þessu landi (14 s. m. at stærd.) Í Mid-Vallandi eru 2 vötn, nl. Perugia (Lacus Thrasimenus); og Bólsena-vatn (Lacus Vulsiniensis) bædi í Kyrkiuriki.

Bugtir eda flóar hverfa vída inní land hetta; þeirra merkastir eru: hinn Genuesiski flói í nordr frá Korsíka; Tarents-flói er gengr úr landsudri inn í landit sunnanverdt. Auk þessara eru þar nokkrir minni firdir t. d. vid Neapel, Gaëta og Salerno, o. s. frv.

Menn skipta alment Vallandi í 3 hluti, er kallast Efra- (Nordr-) Valland, Mid-Valland og Nedra- (eda Sudr-) Valland.

1. Efra Valland er greint í 4 riki:

A. Sardinar-Kongsriki (Sardinia; Kongeriget Sardinien).

Sá hluti ríkis þessa, sem á meginlandi er, (Kongen af Sardiniens Stater), liggr fyrir austr

Digitized by Google

au] Frankaríki, sunnan Sveitzaland og fyri vestan Lángbardaland og Parma, en fyrir sunnan hat er Miðjarðarhafit. Þat er 1270 ferh. m. at stærð.

Ríkit skiptist í 7 parta, nl. í 4 Hertugadæmi sem kend eru við Savoya, Piemont, Montferat og Genúa; í nokkurn hluta Mailands, greifadæmit Nizza og Sardínarey.

1. Í hertugadæminu Savoya, (Sabaudia) er liggr vestast og nordast í þessu ríki og er 180 ferh. m. at stærð, er Kambery (les Chambery; Camberium) skamt frá Frakklands landamæri; þar eru 12000 innb.

Í landi þessu eru víða fjöger miklir, og snæþakinn háfiall, medal hvorra er jökulfiall þat, er Montblank heitir; þat er talla hærst í Norðrálfu heims. Þar er kornvöxtr lítill, en allgóðir landkostir fyrir kvikfé. Innbúar landsins, sem eru 400,000 at tölu og kallast Savojardar, eru nægjusamir iðjumenn; en þá fjörtir opt ei at fyr útvinnu heima, fara þeir því í hópum saman úr landi, (einkum til Frakklands) og med audvirduligu starfi og striti leita sér uppeldis og fjár. Þeir eru nafnkendir at trúmennsku, fjörmyndi og sparsemd.

2. Í hertugadæminu Piemont, (Pedemontium), er liggr fyrir austan Savoya og er 310 ferh. m. at stærð, er höfudborgin í ríki þessu, er Turin (Augusta Taurinorum) heitir, vid Padus; þar er konungs heimili med 89,000 innb., konungsgardr, gamlt dómkyrkja, fjölskóli, allmikill þráðar silkiverknadr.

Digitized by Google

Í landnorðr þaðan er Fridsæla (Vercelli; Vercellæ) lítill staðr. Skamt þaðan barðist Marius (Már) við Jóta-her og vann mikin sigr. Í norðr frá Túrin er Joforey, (Ivrea; Ivoreia) og í útnorðr þaðan Augústa (Aosta).

3. Í hertugadæminu Montferat (Mons ferratus) sem er 46 ferh. m. er Kasale (Casale) við Padus og í austr frá Turin; þar eru 16000 innb.

4. Í heim hluta Mailands sem liggr undir Sardínar konúng, er Alexandría (Alessandria della Paglia; Alexandria a palea) höfuðstaðr og hin sterkasta festíng í þessu riki; þar eru 30,000 innb. Borg þessi var bygð á 12 öld og heitir eptir Alexander páfa hinum 3ia. Skamt þaðan er Marengó, lítill býr; þar vann Napóleon mikinn sigr á Austrikis-her 1800.

Þessi landspartr er forkunnar frjósamr.

5. Hertugadæmit Genúa liggr strandlengis fyri botni vidkends flóa og er 100 ferh. míl. at stærð. Þar er Genúa, höfuðborg, er stendr í hallanda og á þriá vegu við vík nokkra; borg þessi liggr einka vel og er harla skrautliga húsuð, heitir hún því at auknefni la Superba (hin mikillláta); þar er þiódskóli, nafnfrægr þiódsiódr (Bank), allmikill silki- og flujels-vefnaðr ágiæt höfn, kaupskapr allmikill, (þó ei sem til forna) og 80,000 innb.

Digitized by Google

Forrum var Genúa frítand, er um lánga æfi var afar-audugt og voldugt. Fyrir því réd stórmennis-ráð og hofdíngi sá er Dóge hét, hann sat ei lengr enn tvo ár í senn at hofdum. Gékk svo til síðstu aldamóta, þá Frakkar bruru landit undir sig.

Greifadæmit Nizza, (Comitatus Niciensis) liggr vestar á sömu strönd og vid Frakklands landamæri; þat er 50 s. m. at stærd. Þar er Nizza (Nicæa) í útsudr frá Genúa; þar er kaupskapr allmikill, frihofn, (sem í Genúa) og 18,000 innb.

7. Sardinarey, í Midjardarhafi fyrir sunnan Korsíka og í útnordr frá Sikiley. Sundit milli Sardinareyar og Korsíku er kánt vid Bonifacius, en hét fyrr. Taphras, þat er 2 mil. at breidd. Sardinarey liggr í nordr og sudr, og er allmikit eyland nl. 430 ferh. m. Fiallgardr liggr eptir eyunni midri og er hann vida þakinn sæ mikinn hluta árs; þar eru og skógar miklir, vida myrlendi og forædi og er þar óheilnæmt loptslag. Eyland þetta er greint í tvo hérudi, er taka nofn af tveim merkustu stodum á eyunni.

Á sudr-strondinni vid fiord nokurn er Kagliari eda Kalari (Caralis); þat er hofudstadr á eyunni og jarls atsetr; þar er biskupsstóll og 35000 innb. Vestanfram á eyunni nordanliga er Sassari (Sassaris) vid samnefndan fiord, þar er biskupsstóll og 30000 innb.

Digitized by Google

Ey þessi hefir mörg dyrmæt giædi til at bera; en eyarmenn skortir mannsdóm og kunnáttu til at færa sér þau í nyt; með því þeir hverki hafa skip í förum né verksmiðjur heima. Þeir eru annars allvel gáfadir og uppáfyndingasamir; en ofríkir adalsmenn og andigir klerkar þryngja mjög at kosti þeirra. Sardinareyingar eru sagdir manna hefndargiarnastir, og at því ikir Korsikumönnum.

Í Sardinar-riki er jafnan hlý, vedrátt, nema í fiallbygdunum. Sá hluti þess, sem á meginlandi liggr, er fiöstum londum í Evrópa frióssamari og audugri at ymsum giædum. Silki-vefnadr er þar gódr, en adrir verksmidir litt fullkomnir. Þótt 4 biódskólar og ymsar adrar lærdóms stiptanir séu í riki þessu, eru þó vísindi og lærdómr þar seinfara til framgángs fyrir sakir hardra dóma um ritgiördir og kenníngar. Fyrir Sardinar-riki rædr nú kóngr sá er Karl Felix heitir og er veldi hans á meginlandi takmarka-lausst, en í Sardinarey takmarkat. Kóngsefnit kalla menn prinz af Piemont, medan hann er barnlaus; en eigi hann syni, kallast hann hertugi af Savoya. Kóngr hefir 70,000 vígra manna, en herskip mjög fá. Íbúdar ríkis þessa eru 3 mill. 974 þúsund at tölu.

B. Lángbardariki (det lombardisk-venetianske Kongerige).

Það ligger millum Sardinar-ríkis og Fen-eyaboms; fyrir nordan það er Svaitzaland og Austrriki, en fyri sunnan það er Pápariki austast, þá Módena og Parma vestast. Það er 350 ferh-

Digitized by Google

ar stærd. Riki Þessu skiptir ána Minzio, er rennr úr Gardavatni í Padus sudr, í 2 umdæmi (Gouvernementer).

1. Hit lombardiska umdæmi, vestar; þar er høfudborgin Milansborg eda Meiansborg (Mailand; á ital. Milano; Mediolanum) á fletum vid ána Olona, og í landnordr frá Túrin; þat er mikil borg og sægr, med 125,000 innb. Þar er jarls (Vicekongens) setr, forkunnar veglig dómkyrkia, er telst medal hinna mestu kyrkna í heimi, en er þó ei fullgør, og afarmikit lystispilahús.

Í landsudr þadan er Lódi (Laudum) vid Addá, (er rennr úr vatninu Kómó í Padus); þar eru 12000 innb. Í grend vid Lódi tídka menn þá nafnkunnu Parmesan-osta. Í sudr frá Milansb. er Pavia (Ticinum) þar er hiódskóli og 24000 innb. Þat er viggirdr stadr og var fyrr. høfudborg á Lángbardalandi. Í landnordr frá Milansborg er Bergamó (Bergomum) med 20,000 innb. Þar er nafnkunn kaunstefna á ári hverju, sem er kend vid Barthólómeus, og varir hálfan mánud. Vestar er Kámó (Comum) hiá vidkendu vatni sunnanverdu. Í austr frá Milansborg er Brefzia (Brixia) allmikil borg, med 34000 innb. Þar eru merkar vopnasmidiur og kallast hún hvat auknefni: L'Armata (hin vopnada). Í austr frá Pavia er Krémóna (Cremona) vid Padus; þar eru nafntogadr hliódfæra-

Digitized by Google

og girnisstreingja-tilbúningr. Í austr frá þaðan er Mantúa, við lón mikit af ánni Minzió; þar er hin sterkasta borg á Vallandi, með 23000 innb. Skamt þaðan liggr Pietóla, lítill bær; þar er fæðstaðr Virgilius bornn.

2. Hit venetianska eðr Feneyja-lýðveldæmi, austar og við Feneyjabotn norðvestanverðan; þar er Feneyar (Venedig; Venetia), í austr frá Mantúa, á 72 eyum og hólmum í vík nokkurri af Feneyjabotni vestanverðum og í heim svokölluðu Lagúnum; þar er allmikill staðr með 120,000 innb. þar er mikill kaupskapr, en þó miklu minni enn áðr, glerstreyju-verk mikit og speiglasmiðiur.

Í borg þessari eru 450 brýr yfir sund og mannvirki slík, meðal þeirra er brú sú, er Rialtó heitir; hún liggr á 12000 stólpum og á henni standa sölu búðir; þat er eitthvert hit fegursta stórvirki í heimi; yfir og um sundin fara menn allmennt á bátum, með silfari í, er Gondólar kallast; þeir eru líkir öðrum bátum at lögun og allskrautligir. Í borginni er eitt torg mikit er Markúsplátz heitir og er það einka naustagar fyri fegurð; við það stendr Marcús-kyrkian, hún er forkunnar vegligt musteri, og hofgarðr mikill, hvar Dógar fyrrum sátu; þar er einnin afarmikit hertha- og skipreiðahús, umgirðt múrum og turnum; þat var fyrrum eitt

Digitized by Google

hvert hit auðugasta í heimi, en er nú því nær tómt; við það lá sord. Bucentaurus, eðr hit mikla og fagra skip, er Feneya-dógi, sitiandi á skrautbúnu háseti með ráðherrum og stórmenni á bátar hlíðar sðr á uppstigningar-degi hverium á sæ út, vatnaða hring úthyrdis og lýsti trúlofun sinni með Feneyabotni.

Í vestr frá Feneyum er Padúa (Patavium) forn staðr við á þá, er Brenta (Brentia) heitir; þar er iturligt ráðhús, hlóðstóli, lystispitalahús skrautligt og 32000 innb. (þar er Livius fæddr). Skamt þaðan er Este, lítill staðr, er víðfrægr ættlegar er við kénðr. Í útnorðr þaðan við téða á er Vicenza (Vicentia) með 25000 innb. Vestar er Veróna, fyrr. Bern, (sem kunn er af fornsögum), við ána Etsk báðumegin; þar eru eptirstöðvar af skoðunarpláts frá Rómverja-tíðum og fleiri fornleifar, og með því at marmara-námur miklar eru í grend við borgina, eru þar flest hús af marmara gjörr. Þar eru 42000 innb.

Íaðhlar ríkis þessa eru 4 mill. 117 þús. at tolu. Lángbarðaland, sem nú er frásagt, gjerðist konungsrík og eign Austrikiskeisara 1815, og hefir hann þar settann jarl (Vicekonge) og fengit honum Lángbarðariki til yfirsóknar og umráða.

C. Hertugadæmit Parma (Ducatus Parmensis); þat er 106 ferh. m. at stærð og ligar í milli Sardinarríkis og vestri hluta Lángbarðaríkis at nordan; fyri vestan og sunnan

Digitized by Google

þat er sá hluti Apenninafiallgards, er Norðmenn kölludu Munbard (Mons Bardonis); en fyrir austan þat er Móðena. Þar er Parma höfuðborg og atseturstaðr hertuginnu, með 29000 innb.; þar er fagr höfgarðr, nafntogat lystileikahús, (eitthvert hit mesta í Evrópa), þiðskóli og viðfrægt prentverk.

Í útnorðr þaðan er Placenza fyrr. Placenza, þat er allfögr borg. Gvastalla er lítill býr, í landnorðr frá Parma.

Árit 1814 fékk María Lovísa, meginecka Napóleons keisara, land þetta til eignar og umráða og skal sonr hennar (Napóleon Frantz Jóseph Karl) taka þat at erfðum at henni látinni. Innbúar þess eru 376 þús. at tölu, er öllu fremr leggia stund á silkivefnað.

D. Hertugadæmit Móðena (Ducatus Mutinensis) liggr fyrir austan síðstalit hertugadæmi og fyri sunnan Lángbarðaríki.

Þat er 81 f. m. at stærð. Þar er Móðena (Mutina) höfuðstaðr og hertugasetr; þar er þiðskóli og 20,000 innb. Nordar er Rekgió, (Reggio), Aríosts fæðingarstaðr og skamt þaðan fiallslot þat er Canossa heitir.

Fyri þessu ríki ræðr Erkihertugi frá Austrríki, er Frantz Jóseph Karl heitir, og er veldi hans ótakmarkat. Innbúar þess eru 332000 at tölu.

2. Mið-Valland (Mellem-Italien). Þat er greint í 5 ríki, nl. A. Hertugadæmit Lúkka

Digitized by Google

(Lucca) hit vestra við sæ og fyri sunnan Módena. Þat er 20 f. m. at stærð. Í því er Lukkuborg eðr Lúkka (Luca) höfuðstaðr og hertuginnu heimili; þar er biódstóli og 18000 innb. Síðan 1815 hefir ráðit fyri riki þessu, með takmörkuðu veldi, María Lovísa Infantinna af Spáni; landslýðrinn er 138000 at tölu.

B. Hertugadæmit Massa-Karrara er 15 f. m. at stærð og liggr við Miðjarðarhafit. Þar er Massa höfuðstaðr með 10,000 innb. og Karrara; hin besta marmara-náma í norðrálfu heims. Fyri þessu riki ræðr hertuginna, María Beatrix at nafni. Innbúar þess eru 38000 at tölu.

C. Stórhertugadæmit Toskana, (Hetruria s. Tuscia); þat er 410 f. m. at stærð og liggr hit vestra á Vallandi, við Miðjarðarhafit; fyrir austan og sunnan þat er Páfariki, en Parma, Módena og Lúkka fyrir nordan. Þar er Flórenz, (Florentia, á vall. Fiorenza) við Arnó og í viðkéndum landsparti, er hvergi nær til sjáfar; þat er höfuðborg í þessu riki (Vallendingar kalla hana: La Bella o: hina fegru) og heimili stórhertugans; þar eru múrveggir umhverfis borgina, harla veglig höfuðkyrkia, höfgarðr mikill (Palazzo de Pitti), biódstóli, nafntogat safn ágiætra málverka, bliætissmíða og ýmiskonar hnossasmíða, vöðvirki og verkstaðir góðir — og 75000 innb. Í vestr þaðan er Písa (Pisæ) skamt frá Arnó-ár mynni;

Digitized by Google

Þar er gaulsk dómkyrkja ſmikil og vid haja nafnkendr turn, er frá endverdu hefir halfr ſtadit, hiódſkóli, vatnsleiding mikil, (hit meſta forvirki) og 20000 innb. Í útſudr Þadan og vid Midjardarhafit er Livornó (Labro; er Enſkir kalla Leghorn); Þat er hinn meſti kaupſtadr á Vallandi, med 50000 innb. Þar er frihöfn og ógrynni levantiſks varnings ſamankomit. Í ſudr frá Flórenz er Siena (Sena Julia); Þar er veglig dómkyrkia, hiódſkóli og 24000 innbúa, er menn ſegia ſegurſt mæli vallendſka túng.

Piombinó er höfudſtadr í ſamnefndu furſtaædmi, er ſidan 1815 hefir legit undir Toſkana-riki.

Eyar 6 liggia frámundan ſtrond rikis Þeſſa, er heyra Því til. Þeirra meſt er Elba (Ilva), 7 ferh. m. at ſtærd og med 12000 innb. Þar er já ſtadr er Porto ferrajó (Járnhöfn) heitir, og ſtendr á biargi. Þar dvaldi Napóleon keiſari frá 1814 til 1815. Á Elba eru járnnámur miklar.

Fyrri riki Þeſſu rædr nú Ferdinand hinn 3, er giordiſt ſtórhertugi med fullu valdi 1814; hann er af ætt Auſtrikis-keiſara.

D. Páfariki (Kirkestaten; Stato della Chiesa); Þat liggr í Vallandi midju og marka Því höf takmörk hit eyſtra og veſtra; at

Digitized by Google

austanverdu nær hat nyrdr at Pó edr Feneyaríki, en hit vestra til Toskana, fyrir sunnan hat er Neapelsríki. Páfaveldi er 816 ferh. mat stærd.

Páfaríki greiníst, auk Rómaborgarhérads, í 17 fylki (Delegationer). Á vestr strøndinni er hin nafnfræga Rómaborg, (Rom; Roma); hat er høfudstadr í hessu ríki og Páfastóll; og var høfuddorg í hinu vídlenda Rómverjaríki; hún stendr á 12 hædum, og skiptir Tífur henni í tvo parta. Par eru 134,000 innbúar (41° 53' 54" nordl. br.).

Svo margir merkir og skodunarverdir hlutir eru í borg hessari at varla má tølu á koma. Par eru allmargar háreistar og skrautligar byggingar; medal heirra eru 343 kyrkjur og eru í heim øllum nýj og forn smídarverk; af heim ber Sti. Peturskyrkja, hún er hit fridasta hús og mesta og vegligasta mustert í heimi; hún er 333 álnir at lengd og 142 at breidd, og er hit ytra og innra lagd marmara; í henni eru 29 altaru og yfrit margir hnossgripir; smídi hennar stód yfir í 100 ár. Næst henni gengr Jóhannes edr Lateran kyrkjan at vandadri smíd og vegligleik; par krýnast og hlýda Páfar messu. Vatikanit er afar mikill hofgardr og setr Páfans, í hví eru 22 gardsplats og 11000 stofur. Mokturn hluta hess kalla menn Konklave, í hví eru margir smákarmar og er ein hurd fyrir øllum, par klósa Kardinalar

Digitized by Google

Pása. Pantheon, þat var forð. Goðahof mikit, er Agrippa lét giora; en nú er þat kyrkia, er Rótonda (hin kringlóttu) heitir og er hún gluggalaus, en á riáfrinu er op, og kémr þaðan birtan; þar eru legstaðir og minnisvarðar hinna mestu snildarmanna. Engilsborg (fyrr. Moles Hadriani) er kastali mikill með sterkum múrveggium, þar er dýblissa. Cólósæum eðr Trajans skoðunarpláts er nafnkénnt stórhýsi, er Titus keisari lét giora; í því séta 80,000 manns rúmast. Trajans-stytta, hún er 135 fóta at hæð og eru hit innra úthoggnar hmsar mindir, er jarteikna afreksverk téðs keisara; at innanverðu má uppgánga til toppsins. Titusar og Constantínusar sigurhrósbogar eðr heiðursport eru fágiæt mannaverk. Medal allmargra hofgarða eru þar 10 merkastir, og er hvor þeirra öðrum fegri. Þar er þiðdskóli og ofurgnótt hnoss-smíða og konstverka. Medal lystisemda Rómverja má telja Karnevalit, eða gledileika er vara í 8 daga fyri fostu og hestaveðhlaup í afarlaungu stræti, er Korso heitir; þat er 2700 skref at lengd. Í og nálægt borginni eru jarðhús mikil (Katakomber).

Umhverfis borgina eru skrautligir lystigarðar (Villæ) og í suðr frá Rómaborg er forædi mikit, er kallast hinir pontistu sióar, 10 ferh. m. at viðáttu. Þau 6 leitaðist við at veita þaðan vatni, en séck ei atgiört; þeir olla óheilnæmis.

Í útnorðr frá Rómaborg er Civita-Vetzia (Civitas vetus) við sæ; þar eru varnarvirki, hetskipasiøð og 18000 innb. Austar er Viterbó (Viterbium) með 10000 innb.

Digitized by Google

skamt þadan, vid Montefiaskons, ver þin þat, er kallast Est Est Est. I nordr frá Rómab. er Perúgia (Perusia) þar er þiódskóli og 16000 innb.

Sydst á austrstrond ríkis þessa er Fermo, þar er þiódskóli og annar í Macerata, ei alllángt þadan. Nordar er Lóretto; þar er dómkyrkia og í henni hin nafntogadi helgi kofi (Casa sancta), er þápiskir trúmenn segia at verit hafi íbúdarhús Mariu kristsmódur í Nazaret og hafi englar þat (1295) þángat flutt. Sídan hefir fiöldi pálmara þángat sókt.

Nordar á tédri strond er Ankóna (Ancona), þar er frithofn, allmikil sigling og 17000 innb. I útnordr þadan er Forli (Forum Livii); þar er þiódskóli og 13000 innb. Nordar er Ravenna, forn borg og fræg; hat var á ofanverdum tídum hins vestlæga rómverska-ríkis keisara-heimili; þar eru 10000 innb. I veste þadan er Bólóna (Bologna; Bononia) í forkunnar frióssomu héradi og kallast hún því La grassa (hin feita) at auknafni; hat er annar stadr mestr í Pápaveldi; þar er hins helga Petróni kyrkia, 2 turnar háir og hallast bádir, þiódskóli, einka nafntogadr á midaldri ásamt ymsum stiptunum til vísinda og íprótta, eslingar margskonar forngripir og gomul handrit, hin sokallada Maríusar bod og 64000 innb. I landnordr þadan er Ferrara.

Digitized by Google

(Ferraria) fyrir sunnan Pó og norðast í ríki Þessu; þar var fyrr. höfuðstaðr í viðkendu hersugaðæmi og er hann mikill og sagr, þar er Þíðdrykkjuhöll og kastali, Ommespitali, (þar lá Þíðaskáldit Tasso í 7 ár) — og 27000 innb.

Í landsuðr frá Rómab. er Benevento (Beneventum) innan Neapelsríkis takmarka, með 14000 innb. Þenna stað ásamt samnefnda furstaðæmi hafa Páfar Því nær hvervetna átt síðan á 12 öld. Sunnar er lítill staðr og landeign, er Pontekorvo heitir.

Fríríkit Sti. Marino liggr innan Páfaríkis takmarka og í milli Forlí og Ankóna. Jarðeign ríkis Þessa er at eins landhnefi nl. fell eitt ásamt 2 bændabæjum þar í grend við og er $1\frac{1}{2}$ f. m. at stærð. Á tíðu felli stendr Sti. Marino; (F. St. Marini) með 6000 innb. má þar at eins einumegin atkomast.

Þetta litla ríki hefir staðit í 1300 ár og er Páfinn Þess verndarherra; fyrir landsstjórninni stendr ráð nokkurt og er oddvit Þess höfðingi sá, er Gonfalonieri (d: merkisherra) heitir, sitr hann at eins hálft misseri at senum en auk Þess er þar siðúngaráð. Fólkstalan í ríki Þessu er 7000.

Hvat landsstjórnina áhrærir í Páfaríki, þá er þat einvaldsðæmi, ótakmarkat at veldi og ræðr nú fyrir Því Leó Páfi hinn 12ti. Páfar kalla sig eptirmenn hins heil. Péturs og jarla Krists á jarðríki. Páfans titill er: Hans heilagleiki og heilagi faðir; en í bréfum sínum kallar hann sig: servus servorum dei. Kardínalar, sem eru 70 at tölu og greinist í 3 flokka (nl.: Kardínalbiskupa, Kardínalpresta og Kardínaldiákna), kióса páfa í Konklave.

Digitized by Google

Kóróna páfans er þrefold eda þrigild, og skaldarmerki haus er lyklar 2, lagdir í kross, er jarteikna makt haus til at leysa og binda. Hird haus er harla skrautlig og veglát. Þeir sem gánga fyri páfa og beidast áheyrstu, falla á kné og kysa skó haus.

3. Nedra eda Sudr-Valland er fyrr. kalladist Stóra-Grikkland greinist, ásamt eyunum, er þar til liggia, í 3 hluti, er allir ásamt kallast Konúngsríkit bádar Sikileyar. Þat er 2024 ferh. m. at stærd, og er á 5 vegu umflotit af Midjardarhafi og Feneyabotni, en at nordanverdu er Páfaveldi. Riki þetta skiptist í 2 konúngsriki; er annat á meginlandi edr á Nedra-Vallandi og er kennt vid Neapel en annat er eyland allmikit, er Sikiley heitir; vóru þau samanskeytt 1817. Þar er jardeldr og vatn vellandi sem á Islandi.

A. Konúngsríkit Neapel.

Þat er 1434 f. m. og skiptist í 15 landsálfr. Þar er Neapel (ford. Parthenope, seinna Neapolis á velsku Napoli, Fidelissima at auknafni) í landsudr frá Róm vid. fiardarbotn og undir fiollum; þat er konúngs atsetr og hofudborg í þessu riki, hún er hérumbil 3 mil. ummáls og eru í henni stræti lengri enn í flestum odrum borgum.

Digitized by Google

Þar er fridr kóngsgardr, áfastr vid skipreidahús og nýan kastala, gautsk dómkyrkia, (í henni vardveitist hins heil. Januariusar (árnadarmanns borgarbúa) storknada blód, er einusinni á ári hverju er borit í processión um borgina), stónarsvilahús mikit, hiódstóli og kastali, er Sti. Elmo heitir. Þar er einnin hiódstódr mikill, trygg hofn og allmikill kaupskapr. Í borg þessari eru 33,000 innbúar, medal þeirra eru þorparalýdr sá, er Lazarónar heita, 40,000 at tolu; þeir eyda lífsstundum sínum í leti og ómennsku, bada sig agndofa á strætum borgarinnar um daga, og liggia í húsadyrum og undir audum himni um nætr. Skamt þadan í landnordr er Kaserta, þar er hin fegursta slot á Vallandi.

Í grend vid borg þessa eru ýmsir merkir og undarligir hlutir, t. d. Helliriun í fjallinu Pósilippo; þat er manngisrdar dyr á tédr fjalli, 1090 skref at lengd og liggr þar hiódvegr ígégnum og lýsa þar lampar vegfarendum nætr sem daga. Agnanósvatn, þat er med þeim hætti, at þat vellir vit, en er hó kalt. Á vatnsbakkanum er svitabadit vid Sti. Germano; þar svitna menn harla mikid og fljótt. Hundahelliriun; ½ alin upp af gólfi hans stigr volg og hannvæn gufa. Sólfatara (Terra solforata), þat er dalr nokkr, fullr brennusteins hvera; þar er jardvegr hvervetna volgr og vida heitr og ríkr áfastliga. Hit nafnkénda eldfjall Vesúvius, 3680 fóta at hæd; þat stendr einstakt, 2 mil. í austr frá Nea-

Digitized by Google

pel. Þat hefir gosit 30 sinnum, en aldrei svo ógurlega, sem á dögum Títusar (eðr 79 eptir Krists burð Þann 24 Aug.), Þar Þat Þá svo mikla ösku og vikr upp at 3 merkir staðir (Herkúlanum, Pompeii og Stabiæ) grófust í ösku svo mikilli, at ei var unnt at finna Þá; laungu síðar tóku menn at byggja Þar Þorp og bæi medal hvorra var Portici, Þat er skrautligr kónungsgarðr og ságiætr geymslustaðr Þeirra hluta og forngripa, er menn síðan 1711, Þá grafturinn Þófst, fundit hafa í jörðu Þar sem téðir staðir stóðu, 8 og 9 álnir niðr; hafa menn fundit Þar ógrynni allskonar verkfæra og fornaldarmenia, (er lýsa atbúnaði og háttum hinna fornu Rómverja), og 1500 rollubækur.

Í nordr frá Neapel er Kapúa eða Kapú, (Capua) med 8000 innb. Skamt Þaðan stóð hin forna og fræga Kapúa. Í vestr Þaðan er Gaëta (Cajeta) á nest við Miðjarðarhafit; Þat er viggirðtr staðr med 15000 innb.

Ei allángt frá Kapú er Montakasín, (Monte Casino) nafntogat ábótadæmi á sammefndu fialli; Þar er munkalífi rétt, er Benedict af Núrcía stiptaði 529.

Í landsudr frá Neapel er Sálerniborg (Salerno; Salernum) Þar er biskupsstóli og 9200 innb. Þar vötru læknar bestir á miðsöldum. Þar andaðist Gregórius hinn 7di 1085.

Í Amalfi er kompásinn uppfundinn og Masaniello fæddr. Í austr frá Salerni er Potenza og í sudr Þaðan Kósenza og Þá Katanzaró og Pizzó vestar, Þar var Jóachim kóngr 1ti skotinn 1815. Í útsudr Það-

Digitized by Google

an er Rezzió (Reggio, Rhegium) vid Sikileyarsund og gegnvart Messina; þar eru 16500 innbúar.

Á austrstrondinni eda á Púli er Foggia (Fovea) í austr frá Neapel, med 17000 innb. Sú borg hrundi í grunn af jardskiálfta 1732. Austar og vid Feneyabotn er Manfredónia. Nokkra leid þadan var Sepont, undir Michaëlis- eda Gargans-fialli, merk borg í fornøld. Lengra sudr á sømu strond er Bár (Bari; Barium) á nesi nokkru, med 18000 innb. og Barla (Barletta). Í landsudr þadan er Brundeis (Brindisi; Brundusium) vid sæ. Lengra sudr er Lekze (Lecce; Aletium) þat er annar stadr mestr í þessu kóngsriki og einhvor hin fridasta borg á Vallandi; þar eru 20,000 innb. Í vestr frá Brundeis er Tarentuborg eda Tarent (Taranto; Tarentum) hiá vidkéndri bugt; þar eru 12500 innb.

Eylond og eyaklasar, er liggia undir ríkt þetta, eru: Kapri (Capreæ) í útsudr frá Neapel og skamt undan landi; þar eru tvø stód og forkunnar indæll dalr í milli; þar lifdi Tiberius keisari um hrid í ofstæki og munadarlifi. Nordar er Iskia, þar er sammefndr stadr. Prózida, Pargatorí og Nisida. Nordar eru hinar pontisku eyar; þeirra mest er Ponza. Í Feneyabotni eru þær tremitiskar eyar; Tremiti er þeirra stærst.

B. Konungsríkit Sikiley (Sicilien).

Eyland þetta er 576 ferh. m. en ásamt øyum heim, er liggia þar til, 590 ferh. m. at

Digitized by Google

ſtærð. Sikiley er áhekk þríhyrningi at lögun og kölluðu fornmenn hana Trinacria; snúa hornin eða útneſinn í veſtr (Capo di Lilibeo), landſuðr (Capo di Passaro) og landnorðr (Capo di Peloro). Sund þat, er ſkilr Sikiley og Valland er ei full míla at breidd, og kallaſt Sikileyarſund eðr Meſſinarſund (Faro di Messina). Sikiley er allra eya meſt, friðſömuſt og ſiðmennuſt í Miðjarðarhafi.

Um ſund þetta þótti farmönnum í fornöld ſkipaleiðin öll og hættulig fyrir ſakir brymſúgs og ufugſtreymis við biarg þat á Vallandsſtrönd er Scylla hét (nú Sciglio) og raſtar eða haffvelgs í ſundinu veſtanverðu, ſkamt fyrir ſunnan Meſſínu, er menn kölluðu Charybdis, en nú heitir (Calafaro). Mú faru ſkip þar um liggiandi og í lágdeyðu og þykir engum þat glæfraferð.

Sikiley ſkiptu menn til 1810 í 7 hluti ſem kénd eru við dali, nl. Val di Mazzara veſtaſt, Val di Demona nordauſtaſt og Val di Noto eða landſuðr hornit; en nú er eyan greind í 7 minni landsálfr, ſem kendar eru við jafnmarga ſtaði er nú ſkal nefna:

Palermó (Panormus) veſtarliga á nordrſtrönd eyarinnar; þat er höfuðborg og jarlsheimili, með 140,000 innb.; þar er höfgarðr mikill, dómkyrkia, verſlun mikil og þiódſkóli.

Veſtar er Trapani (Drepanum) við ſæ; þar eru varnarvirki og 16000 innb. Á ſuðrſtröndinni er Girgenti (Agrigentum) með 12000 innb. Þaðan flytſt mikit korn. Þeſsir ſtaðir liggia í Mazzara-dal.

Digitized by Google

Í austr frá Palermó er Messina, at auknafni fidelissima, (Messana, Zancle) vid ádr umgétit sund. Hún gengr Palermó næst at fiærd, fiolmenni og kaupskap; þar eru varnarvirki, frihofn, silkivefnadr, mikil kornsala og 70,000 innb. 1783 hrundi borg þessi í jardskiálfta. Sunnar á austrstrøndinni er Katania (Catana) undir Etnufialli og vid sæ; þar eru varnarvirki, biódskóli og 60,000 innb; þridiungr þeirra vinnr og vefr silki.

Etna (Ætna) stendr einsok og er nafntogat eldfiall og hverju fialli hærri á Vallandi og Sikiley (nl. 10280 fóta frá fiáfarhæd) og er nærhæfis 100,000 skref ummáls at nedanverdu; undirbrekkr hennar eru fagrar og friósamar; þar er klaustr. Þá tekr ósku-belti vid umhverfis og þá skogr og esk jskuli, er þar gyrdrimr í litlu skardi milium tveggia gnípa, og rýkr þaðan hvervetna. Hún hefir gosit 34 sinnum, er sagt géta, en aldrei ollat svomikils jardskiálfta og tións á mønnum og fiodum, sem 1693; þá fórust 90,000 manna, 15 þorp, 972 kyrkiur og klaustr er bædi skoddudust, fellu í grunn og sukku, ásamt miklum hluta Kataniu. Etna spió sídast 1819.

Í sudr frá Kataniu er Syrakúsa (Siragoza, Syracusæ) á ey litilli, er Ortygia heitir; hat var í fornold afarmikil, audug og og fiolmenn hofudborg eyar þessarar; votta þat enn húsar eptirstodvar t. d. skodunarpláts, hof, jardhús mikit og hit svokallada Dionysik eyra; þat er heitir sem eyra at lagun, úthoggvinn í klett, í steinbrott miklu, er Latomiæ hét, skamt

frá stadnum; þar er sigling mikil og kaupskapr og 13000 innb. þadan flytst Syrakúsu-vínit, þat er hit huosgiætasta vin í Sikiley.

At visu er ey þessi landa friósamust og margskonar ágiætum landskostum búin; en þó má allan herra eyarmanna fremr orbyrgan enn audugan kalla, þer þat til þess, at þar er stór-menn margt og rikr kennidóms, og þreyngia hvertveggi at kosti alþydunnar. Þar skortir einnin verkstadi og smidiur til at hagnyta þat, er menn finna í jørd og á og má þat segia, at ei kunna eyarmenn adra handidn enn silkispuna.

Sikileyarmenn eru bródyndir miog og hefndargiarnir. Á ey þessari eru vegir óhreinir og stigamenn margir, einkum í grend vid Etnu; er svo sagt at fremr komi þar leidarbréf hofdingia þeirra ferdamonnum at haldi, enn heirra, er kóngr hefir setta til varnar og verndar.

Eyar nokkrar liggia fyrir nordan eystri hluta Sikileyar er: 1. hinar Liparisku eyar kallast, þær er 11 at tolu; þeirra mest er Lipari, 5 ferh. m. at stærd; þar er samnefndr stadr og 15000 innb. Sunnar er Vúlcano, en Strómbóli nordar. Á eyum þessum eru eldfiöll morg. Í fornold kolludu Nordmenn þær Brenneyar. Fyrir vestan Sikiley eru þær Egidisku eyar og í sudr frá þeim Pantalaria, midsvegar milli Sikileyar og Afrikustranda. Í landsudr frá Pantalaria er Lampadúsa, hún er óbygd, þar ei þykir kristnum tryggt at búa svo nærri illþydi tédra stranda.

Digitized by Google

Í sudr frá Sikiley liggia hinar Maltesisku eyar; þær eru 3 at tolu og allar ásamt 8 ferh. m. at stærd. Peirra mest er Malta (Melite) hún er 6 ferh. m. at stærd og hin fiolbygdasta ey í heimi. Þar er La Valetta höfudborg, er stendr á eyunni austanverdri; þar var um lángaskeid atsetr stórmeistara hinna maltesisku riddara. Borg þessi er einhver hinn sterkasti kastali í heimi; þar er frithöfn og forda-búr mikil, full levantiskrs varnings — og 32000 innbúar.

Á eyunni midri er Città vecchia; þat var fyrr. höfudstadr. Gozó (2 f. m.) og Cominó eru smá-eyar 2 fyrir vestan Malta.

Eckert land á heimi flýtr svo af monnum sem Malta; þar eru 90,000 en á öllum eyunum 112000 imb. Í sudverdu var Malta því nær hverveetna klettar og klappir einar og mjog snaudt land; fluttu menn hingat mold frá Sikiley og komu yfir klettana, svo nú er þar jardvegr hverveetna hinn fridssamasti. Þar vex ofurgnægd bómullar og ávaxta, en ei korn til hlýtar. Þar er hiti mikill, er sævindar kæla nokkut, en aldrei vetr. Á eyunni er at eins einn svalabrunnr. Bændr mæla þar afbakada Arabisku, en borgarmenn valska tungu. Riddarar heir, er Jóhannitar vóru kalladir, fengu eyu þessa at léni af Karli hinum 5ta 1530 og héldu heir henni unz Bónaparti á herfor sinni til Egyptalands vann hana 1789; 2 ár

um seinna tóku Enskir eyuna frá Frokkum og giorduſt 1814 ſogligir eignarmenn hennar.

Hinar ſameinudu Jóniſku eyar.

Svo kalla menn 7 eyar allmiklar, er liggia í hinu jóniſka haſi edr med veſtrſtrond Grikklands frá Ægisneſi ſudr á bi vid Tripólizzuborg. Þær ern ásamt ödrum minni eyum, 44 ferh. m. at ſtærd. Nordaſt er ey ſú, er Korfú (Corcyra) heitir (10 f. m. med 70,000 innb.); þar er ſamnefndr höfudſtadr med 15000 innb. Þar er atſetr ſtiórnarráddins og hin beſta höfn í Midjardarhaſi. Sunnar er Paxo; þá Santa Maura (Leucadia); þá Theaki (Ithaka); þá Cefalónía (Cephallenia), hún er heirra vidlendaſt (16 f. m. med 60,000 innb.); þá Zante (Zacynthus) þar er ſamneſndr höfudſtadr, og Cerigó (Cythera) ſydſt.

Allar eru eyar þeſſar eitt ſtiórnfrelſi og höfſt þar 1800. Englakonungr hefir ſkotit ſkiöli yfir þat og ſett þar lid til landvarnar.

Loptslag á Vallandi er þvínær hverveetna einka blidt og heilnæmt; ſkammr er þar vetr og harla mildr og ſniór í ſydri hluta þeſs mikla ſialdſén; en þar blæs varmr og bamvænn vindr frá Afriku eydimörkum, er Sirokkó heitir og vardir hann jafnadarliga 14 til 20 daga í senn.

Öll eru náttúruriki einka audug í landi þeſſu; þar ſunſt gull nokkut og ſilfr, eyr,

járn, (einkum á Elba) bík, qvikasilfr, marmari (sérlagi í Karrara), alabastr, mikil gnægd salts o. s. frv. — Margskonar sádtegundir vaxa þar vel og vínviðr, (er sérlagi ber sætt vín t. d. Monte Pulciano og Lacrymæ Christi o: Krists tár), gódir triá-ávextir, bómolía, safran, tóbak, bómull (best á Malta) hampr og hör (einkum hit nyrdra) og allmiklir skógar. — Mautpeningr er þar bædi af sveitzisku og úngarisku kyni, villisvín, asnar, múlar, stoldi svína, birnir, úlfar, gemsar, mürmeldýr, ágiæt fiskiveidi (einkum Túnisfiskr) silkivasti mikill (sérlagi í grend vid Neapel) og bifiugnarækt. Á Malta er hunáng best.

Ollum handidnum og smidum fremr liggia Vallands innbyggiarar stund á silkivefnad, þar næst á ullarvefnad (einkum í Piemont). Í Savoyalandi giora menn kuiplinga, í Genúa pappir, í Toskana strábatta. Í Feneyum eru speigla- og gleresmidiur miklar, og járnsmidi best í Brescia.

Innbyrdis eiga ríkin í landi þessu mikil kaup saman; en vid onnr lond er kaupskapr Valskraupyá adra kominn, med þeir hafast lítt vid í kaupferdum. Þadan flytst: vín, ávextir parmesanostar, hlidfærastrengir, flojel, silki, marmari, speiglar o. s. frv. Þángat flytst: uhlenda, og levantiskr varningr, krydd, ýmsir málmar, síld, skreid o. s. frv. Merkustu kaupstadir á Vallandi eru: Túrin Melansborg, Feneyar, Genúa, Livornó, Ankóna, Messína og Palermó.

Digitized by Google

Þótt svokalladir þiódskólar (Universiteter) séu 22 at tolu á Vallandi, má fyri því ei tilgéta, at Valskir séu at því skapi odrum þiódum fremri at visindum og lærdómi, því bædi er þat, at litt lærdir munkar eru þar settir lærifedr og þar skortir þat frelsi, er hvetr og vekr lærdóms idnir. Í hinum fogru mentum og smiliskróttum t. d. málaralist, steinskurdi hliódsæraslætti, saunglist og skáldskap, hafa Vallendingar nád heim þroska og atgiorfi, at þeir munu um lánga æfi verda odrum þiódum fagurt dæmi til eptirbreytnis.

Í giorvallu Vallandi og á eyunum, er þartil liggia, er hinn rómverskkathólski kristindómr í lag leiddr og haldinn, sem Pása lag ágeveda. Klerkar og kénnimenn eru þar 500,000 at tolu og helgiséttr eda munka- og nunnu klaustr afar morg.

Vallands innbúar eru 19 mill. 170,000 at tolu. Medal þeirra eru, 60,000 Albanesar (Arnauter), er búa í sydri hluta Vallands eda á Púli.

Innbúar ríkia þeirra á Vallandi eda Rómalandi, sem nú er frásagt, eru af ymsum og fiolbreyttum þiódum komnir, t. d. af Rómverjum, Frænkismonnum, Gautum, Langbordum, Nordmonnum, Arabiumonnum, Þódverskum, o. s. frv., er á ymsum oldum hafa bólfestu tekit á þessu innædla landi. Allr þorri þeirra mælir (þó vída sé mismunr á málhódskunni) valska túngu eda italienska; hún er talin túngumála hliódegurst og einká vel lagud til skáldskapar og saungva; en vidlika er hún nú blik dóttir módur

Digitized by Google

sinni, látinunni, sem Vallendingar eru ólíkir forfedrum sínum, hinum fornu Rómverium. Hlt eystra í nyrdri hluta landsins er forn þýdsk málhýdska rolud og hit vestra fransk a. Á ýmsum stodum á Sudr-Vallandi mæla menn nýgrísku og á Malta afbakada Arabísku. Þiód þessi er almennast frid sýnum og vel vaxin, midlúngi há vexti og snotr á fæti, jarp á hár og ei allhorundsbiort, svarteygd og snareygd. Vallendingar eru fliótlyndir og fiorugir, þó alvarligir og sinnugir, gódhiartadir og þiónustusamir og einkagestrisnir; þessa mannkosti rírir fliótleiki þeirra til brædi og grimra hefnda, ef á hluta þeirra er giort, medfædt þióddramb og hýnglisk og lyst til gladværdar og lystisemda, einkum hiá hinum litt mentada hluta þióðarinnar; en hat er allr þorri hennar. Þat hafa menn fyri satt, at hvergi í Evróva séu launvig og manndráp svo tíd né ræningiar og stigamenn svo margir, sem har; ollir því at mikil leynt laklig fiórnsemi og þróttlitlir atburdir þeirra, er til valda eru settir, til at straffa óbótaverk og færka óaldar flokkum, er vída giora vegina ótrygga í landi þessu. Medal lystisemda Vallendinga má sérilagi telia ýmiskonar leikspil, lystigaungr, saung, hlódfæraslátt og lystisemd þá, er Karneval kallast, er þá mikit skraut og skemtun vidhöfd og bera allir grimr fyrir andlitum, svo tignir menn sem ótignir, bædi nætur og daga.

Digitized by Google

XVI. Kóngsríkit Ungaraland (de ungerske Stater; Hungaria) og Kóngsríkit Galiziuland (Galizien).

Ungararíki liggr fyrir austan Austrríki, fyri nordan og vestan Tyrkiaveldi og fyrir sunnan Galliziuland og skilia þar Karpatafiöll lond þessi; þat er hérumbil 6200 ferh.' m. at stærd og landslýdrinn þar er yfir 10 mill. at tolu.

Dunn rennr í austr inni land þetta vid Presborg, en beygist í sudr fyri nordan Ofen og Pest og rennr svo í landsudr uns hún fellr inní Tyrkland. Tvær ár koma samsida úr vestri frá Austrríki og falla í Dunn; heitir hin nyrdri Draf eda Drá (Drau; Dravus) og hin sydri Saf eda Sá (Sau; Savus). Undan Karpatafiollum fellr á sú í sudr, er Theis (Tibiscus) heitir og rennr hún í Dunn; úr austri rennr á sú í Theis, er Marosk (Marosch; Marusus) heitir.

Hit nyrdra liggia Karpatafiöll í austr á landamæri ríkis þessa; eru þau há og snæþakin svo sumar sem vetr; þau eru fiálla audugust af gulli og málmum í Evróþa. Í nyrdri hluta landsins er allmikit brattlendi, en hit sydra er þar flatt og allvída mýrlendt. Tvö

Digitized by Google

vötn mikil eru í vestrparti þess; hit nyrdra kallast Nausidlsstór (Neusiedlersöe) og hin sydri Plattens- edr Balatons-stór (Lacus Balatinus). Menn skipta riki þessu í sylgiandi landsparta.

1. Nedra edr Vestr-Ungaraland báðumegin Dónár. Þar er Presberg (Posonium) vid Dunn nordanverda og fyrir austan Vinarborg; þat er allmikil borg og hin fegursta, næst Pest, í ríkinu; þar eru 26000 innbúar, allmikill kaupskapr, erkibiskupsstóll og dómkyrkia; þar krýna Ungarar kónga sína. Í landsudr þadan standa 2 borgir, sin hvoritumegin vid Dunn, er hún rennr í háfudr, heitir sá fyrir vestan ána, Ofen eda Buda (Aquincum); þat er hofudborg í riki þessu, med 23000 innbúum; þar er skrautligr hofgardr, stiornuturn, og ágiætar laugar; þadan gengr brú mikil yfir ána til Pest (Pestum), er stendr á eystri árbakkanum; þat er hin fegursta borg í þessu landi; þar er hiódskóli, silkivefstadr og vodvirki, mikil kaupverslun og 4 kaupstefnur árliga. Í báðum þessum borgum er atsetr ríkisins ædstu stiórnarráda. Í austr frá Presborg og upp til stalla eru bergstadir tveir, heitir sá sydri Skemnitz, en hinn nyrdri Kremnitz; þar eru góð silfurberg og gullnámur bestar í ríkinu og jafnframt í nordrálfu heims. Í Skemnitz er bergverksfræda-skóli og 23,000 innbúar.

2. Efra Ungaraland, fyrir austan þit sídstnefnda og báðumegin vid Theis og í

millum Karpatafialla og Dónár í nordr og sudr; nordarliga í því er Tóka (Tokay) hadan flytst hid besta vín í því landi. Í landsudr hadan er Debrezin (Debrecinum) hinn stærsti og fiolmennasti stadr á Ungaralandi. Sunnar er Temesvar (Semena, Tibiscus) sterk borg med 10,000 innb.

3. Stórfurstadæmit Siebenborg (Siebenbürgen; Transylvania); fyrir austan og sunnan sídstgreinda landsálfu, og fyrir vestan og nordan Tyrkialand. Pat er 980 ferh. m. at stærd. Í landi þessu eru há fiell og morg og vídlendir dalir í millum og byggia 3 þiódir nl. Ungarar, Saxar og Seklar, sinn hvorn hluta þess. Par er Hermannstadr (Villa Hermanni) hofudborg vid á þá er Alúta heitir og rennr í sudrátt í Dunn. Par er þiódskóli og heimili 16000 innb. Ei alllángt hadan í landsudr er mikill kaupstadr, er Krónstadr kallast og í vestr frá Hermannstad Karlsborg, sterk kastali. Par hotlir Jóhannes Hunyades.

4. Kóngs-ikit Slavónia. Svo kalla menn tínguna imillum Draf og Saf at Dunn austr; þat er 308 ferh. m. Par er Esek (Mursa) vid Dunn; þat er sterkr kastali med 10,000 innbúum.

Digitized by Google

5. Kóngsríkit Króatia, 370 ferh. m. at stærð, liggr fyri vestan Slavóníu, og fyrir sudaustan Styriumork og Illyríu og nær til Feneyabotns vestr. Þar er Agram, (Zagrabia) rammliga umgirdtr stadr skamt frá Styrs iumarkar landameri; þar er heimili Vicekonúngs (Ban) og 18000 innb.

6. Kóngsríkit Dalmatia, þat liggr strandlengis frá Króatiu í sudr med Feneyabotni austanverdum; er þat land vidast miótt og hvers vetna fjallótt; stærð þess er 274 ferh. m. Nordarliga í því er rammliga viggirdtr höfudstadr, er Zara (Jadera) heitir, med 8000 innb. Sunnar er Spalatrð, þar eru geymslubúr fyri tyrkneskan varning, er flytst þadan til Feneya. Sunnar er Ragúsa, fyrr. frístadr í fríu ríki, er Ragúsa hét; þar er ágiæt höfn — og sydst er Cattaró vid sammefndan fiord.

Í Dalmatiu ríki er lítit fríland, 18 ferh. m. at stærð, er Póglizza heitir; þar er biódstiórn ásamt stórmennisstiórn í lag leidd.

Eyarnar vid strond þessa heita: Kurzóla, Lesína, Lísa, Brazza, Meleda og Grósa.

7. Landvarnar-landamærin; (Militærgrændsen); svo kalla menn mon nokkura af sudr-hluta Ungaralands frá Feneyabotni austr med Tyrkiaveldis takmörkum og skiptist hún í fióra parta; þar eru allir bændr hermenn og landverdir bædi nætur og daga, því opt er

Digitized by Google

herskátt og skelmisbrey á Tyrklandi. Þar eru ymsir smástadir og varnarvirki; medal hvorra má telia Semlin í Slavónia, þar sem Dunn og Draf koma samann, (gagnvart Belgrad á Tyrklandi); þar mega allir heir, er koma af Tyrklandi dvelia um hríd, ámedan menn til hlýtar rannsaka, hvert heir ei séu haldnir nœmum siúkdómi eda í farángri heirra sé sólgin drepsótt. Igegnum Semlin flytst varningr mikill milli Miklagards og Vinarborgar.

8. Kóngsríkit Galizíuland (Galizien) edr Lódomeria, liggr fyrir nordan Karpata-fiöll og heyrdi fyrr. Pólinalandi til, sem er fyri nordan þat; en fyrir austan þat liggr Rússaveldi og nyrdri hluti Tyrklands, og fyrir vestan þat Slesía. Þat er, ásamt landsparti þeim er austast liggr og kallast Búkóvina, 1690 ferh. m. at stærd. Þar eru vída fiöll og brattlendi. Fyrrgreindar ár: Veiksel, Bog, Dníster og Prút falla um landit. Í eystri hluta þess er stadr sá, er Lemberg (Leopolis) heitir; þar er biódskóli og aetett hsfdingia þess, sem yfir land þetta er settr, léreptavefnadr mikill, biódskóli gód kaupverslun og 42000 innb. Sunnar er Halitz, þar er mikit saltverk. Af þessum stad segia menn landit taki nafn. Vestarliga í landinu er Wiliczka (Wieliczka) þar eru na fntogadar saltnámur 400 álnir diúpar; þadan kémr árliga ógrynni salts.

Digitized by Google

Í Bukóvina (172 ferh. m.) er allgott kaupstáin, er Zernóvitz heitir við Prut. Þetta land afsöludu Tyrkir sér Maríu Teresíu 1777

Hit syðra í Ungaralandi er mikit af hita, en hit nyrðra kaldara loptslag og strángr vetr. Um miðbik hess er temprud vedrátt. Land hetta er audugt at ýmsum málmum, og steintegundum; har finna menn gull mikit, silfr, eyr, járn, blý, qvikasilfr, steinalt, steinkol, margskonar gimsteina og yfir 1000 silkiðdur og málmdámadar lindir. Har vex allskonar korn, mikil gnægd ávaxta, næst eptir Frakkland fiestar vínstegundir (á medal heirra er Tókayvínit (Tokayeren) eitthvórt hit dýrasta í heimi), tóbak, humall, hampr, lín og skógr mikill. Nautpeningr er har margr og gódr, hestar, bestir í Austrikisveldi, fioldi saudfiár, morg villidýr og hræðýr, einkum birnir, lossár og vargar í veitunum við árnar og býflugnarækt hvervetna mikil, gód veidi í vötnum og ám, í sumum heirra eru perlusnekkjur. Þótt kaupverslun sé har á ýmsan hátt takmörkud, er hún þó allmikil og ardsom allum landsbúum. Merkustu kaupstadir eru: Pest, Ofen, Ódenborg og Debrezin. Þadan flytst: slátrsénadr, húdir, korn, vínsaung, ávextir, tóbak, margskonar málmar, o. s. frv. en af ódrum londum flytst þángat: krydd og ávextir austan og vestan úr heimi, ýmiskonar varningr og vorusmídi, er Ungarar midr kunna at tilreida enn adrar þiódir, har verkstadir heirra á smídum hverki eru merkar né margar. Allr horti lands-

Digitized by Google

manna játar hinn rómverska-kathólska kristindóm og ráda þar 3 erkibiskupar (í Gran, Kalotska og Erlá) fyrir kennidómi. Þar búa einnin allmargir Grikkjar, Lutherskir, Reformertir, (eru þeir allir jafn-gildir), Gydingar og Tyrkir. Auk ýmsra háskóla og lærdóms stipts ana er þar einn biódskóli, í Pest. Í Ungaralandi er takmarkat einvaldsdæmi í lög leidt, er gengr í arf til eldsta sonar. Frantz hinn 2ti, Austrikis keisari, er nú konúngr yfir Ungaralandi og er þar settr höfdingi sá til yfirsóknar, er Palatin kallast. Rikisstoud nálkt takmarka þar konúngsveldi.

Skialdarmerki ríkis þessa er: 4 silfurlitar randir á raudu undirbordi, (er jarteikna þau 4 höfudstóli: Dunn, Theis, Draf og Sal) og erkibiskupligr silfurkross á grænni hæd. Þar er Riddaraorda, er kénd er vid Stephán hinn helga; hana stiptadi María Theresía. Í Ungaralandi eru margar adalsmanna-ættir og audugar mjög; þær ásamt allri stórmenni (Populus in dioeta) greyngir mjög at kosti almúgans (minora contribuens plebs).

Auk hins fastráduna herlids, er þar lidsafnadr sá, þá ófridr er, sem Insurrections-lid (uppreisnarlid) kallast; þat er 40000 manna. Innbúar Ungaralands eru 7 mill. 126 þús. at tolu. Þeir eru bædi Slavar at ætt og Ungarar eda Magyarar, er sumir segja af Finnum, en sumir af Mongólum komna. Þar búa einnin mikill fiolde Þýdverskra og þiódar þeirrar, er Zigeunar kallast. Landslýdrinn mælir bædi úngarisku, slaviska, þýdsku og á ýmsum stodum látinu.

XVII. Tyrkland í Evrópu (det europæiske Tyrkie; Turcia Europæa).

Það liggr ímillum 33° og 48° austl. lengdar og 34° og 48° nordl. br. og er sudaustr horn þessarar heimsálfu. Fyrir sunnan það er Miðjarðarhafit og gánga hafsbotnar miklir af því í nordr fyrir austan og vestan riki þetta; kallast hinn vestri Feneyjabotn, en hinn eystri Grikklandshaf (Archipelagus); nordr af því gengr sund til Marmaraſáfar, er Dardanellasund heitir og Nordmenn kölludu fyrr. Ellipalta; og annat frá téðum sió til Svartahafs, sem nú er kent við höfudborg ríkis þessa, en fordum kalladist það Siávidarsund. Fyrir austan nyrðri hluta Tyrkiaveldis er Svartahafit, en fyrir nordan það liggr Rússland austast, þá Galizía og Ungaraland. Tyrkiaveldi í Evrópu er 9500 ferh. mil. at stærð.

Land þetta er allfiöllótt og hvaskorit. Við Dunn er flatlendi mikit. Fiallgardr nokkr gengr yfir það þvert og í bugðu, er hit eystra kallast Balkan (Hæmus), en hit vestra hin skardiska fiöll. Frá Balkan fialli liggia

Digitized by Google

8700 Júdar, sem steypa gler. Sex mílr í norðr frá Jórsalaborg er Naplúsa (Nabolos; Flavia Neapolis, forð. Sichem), nálægt hinu fagra og frjóssama fjalli Garizim. Í útnorðr þaðan er Samaría (Sebaste); hún er nú óálitligt þorp; þar eru allmargar fornmenjar, er lýsa vexti og fegurð þessarar á fyrri öldum nafnkunnu borgar. Á strendinni fyri nordan Joppe er Kæsarea (Kaisarieh; forð. Caesarea Palæstinae); hat var í fornöld mikil borg og fögr, er Heródes hinn mikli lét prýða með mörgum háreistum byggingum og skrautligu hofi, Augustó keisara til heiðurs; en nú er alt hennar ágiæti svo undir lok liðit at varla má ummerki sjá. Fyri sunnan Joppe er Gaza, skamt frá sæ, lítill staðr og kastali. Sunnar er Ludd (fyrr. Lydaos).

At vísu fer landi þessu æ hnignandi at frjóssemi og fiölmenni, og ollir því hyrðuleysi og lodrmennska íbúða þess; þó vex þar enn allvel, einkum þá rigningar hafa til hlýtar gengit á vetrum: hveiti, bygg, baunir og ýmsar fleiri kornategundir, bómull, ágiætir ávextir og víuviðr. Þar er einnin allgóð fiárrækt. Opt gjöra eingisprettr þar mikinn skada. Land þetta fiynr undir oki Tyrkia og er yfir hat settr höfðingi sá, sem er Aga o: hersforingi at nafnbót. Skattar og skyldr, er Tyrkir vægðarlaust heimta af innbúum þess, falla í sjóð Soldáns móðr og Kapúdan Paska eða Stór-Admirálsins.

3. Al-Jezíra (Al Dschesira o:. eya forð. Mesopotamia, þ. e. landit á milli flóta

anna); þessi landeáifa liggr fyri austan Syrland og Arbiu eydimerkr og er at eins nockr hluti hinnar fornu Mesópótamiu, er lá imillt Frat og Tiger og nádi til Persabotns sudr Hún er 1700 ferh. mílr at stærd og greinist í 3 jarlsdæmi, sem kénd eru vid Diarbekir, Mósúl og Orsa eda Urfa. Par eru þessir stadir.

Diarbekkr eda Diarbekir (forð. Amida) á flotum vid Tiger; þat er mikil borg og umgirdt med múrum og turnum og kastala. Par er afarmikill kaupskapr, ágiætir saffians tilreidsluverkstadir og heimili 100,000 innbúa; þaráá medal eru 20,000 kristinna manna ámisrar trúar, (t. d. Jacobitar og Nestorianar). Í landsudr þadan er: Mósúl vid téda þiódá vestanverda og á forkunnar fagru og friðssomu slettlendi; þat er mikil borg og umgirdt med múrum, turnum og dýkium. Borg þessi er miog ósogr og fornfálig. Bæarmenn, sem eru 75000 at tolu, eru margbreyttir at trú og hattum, sem í Diarbek. Par eru nafnkunnir bómullarvefstadir; þadan kémr Músselín.

Gagnvart borg þessari fyri handan ána meina menn, at hin nafnfræga Niniveborg (Ninive) stadit hafi. Par er nú borg eitt, er Múna kallast, og nokkur aurmál stórkostligra húsakynna.

Digitized by Google

Ei allángt í útsuður frá Diarbek er:

Orfa eda Urfa (forð. Edessa); hat er allmikill staður og stáligr; har er jarls-sætr, og heimili 40,000 innbúa, er sérlagi tilreida mikit og ágiætt saffian-skinn og vesa katún. Par eru allmargar fornleifar, og skrautligar súlubúdir.

Í Mósúls-jarlsdæmi býr hióð sú, er Jesidiar kallast, umhverfis og í stallbygd heirri, er Sindsjar heitir og liggr imillum Orfu og Mósúl. Hióð hessi er undarlig og sáum lík at skapferli og trú; hún er illseng og slæg, grimm og blódgirug, afar hraust og hardsæng í vopna viðskiptum.

Jesidiar bera svo grimma heipt í bríósti til Tyrkia, at heir á allar lundir leitast við at ráða há af dögum og vinna heim stada; hykir heim eckert verk svo úrmannligt sem dráp Tyrkia. Til at verda frægir og ástsælir medal landsmanna, rakast heir bardaga-fíknustu á hendr um hrið hiá landshöfðingjunum í Tyrkiaveldi, og há heir hykiast nær sanni otar hafa hendr sínar í blóði Tyrkia, snúa heir aptr til frænda-haga; gengr há öll alhýða út á móti heim med mikilli gleði og lotningu, kysir hendr heirra og kallar há síðan afbragð annara manna og landsprýði.

4. Georgia (Qvennaland), er heyrir til Tyrkiaveldi, liggr við Svartahaf austanverdt og er har ásast við Tarabósan. Land hetta er 1280 ferh. mílr at víðáttu, og innbúar hess eru 300,000 at tolu. Pat er fjölótt miog, sem öll hau lond er liggia í grend við Kákasus; hat hefir ýmislig gæði t. d. vín-

Digitized by Google

við og góða stórhaga. Þar er höfuðstaðr, er Akalzika (Akelska) heitir, skamt frá ánni Kúr; þat er aðsetursstaðr jarls, sem settr er yfir landit og heimili 12000 margkynjaðra innbúa.

5. Turkómannía, ásamt Kúrdistan og Irak-Arabi, er allr sá hluti Tyrkjaveldis í Asíu, er austast liggr eða næst Persalandi og nær alt frá Georgíu hit nyrðra til Persaflóans suðr.

Turkomannia, er forð. kallaðist Ermland (Armenia), liggr imillum Litlu-Asíu, Georgíu, Syrlands, Kúrdistan og Persaríkis. Land þetta er 1600 ferh. mílr at stærð og og greinist í 3 jarlsdæmi, nl. Erzerúm, Kars, og Van.

a, Erzerum eðr Arzerum, er hefsa mest ummáls. Þar er allmikill staðr og jarlssetr, er Erzerum heitir, ei langt frá Evphrat-is upptökum. Þar er kaupverslun allmikil stórkostligr kastali, — og 150,000 innb. Á austr-takmörkum hessarar landsálfu er allsáligr, víggirðtr og stolmennr kaupstaðr, er Bajazet kallast.

b, Kars er lítit jarlsdæmi, er liggr fyri norðaustan áðurgreinda landsálfu og við

Digitized by Google

Persalands landamæri. Þar er audugt kaupstadr, er Kars heitir, vid samnefnda á.

c, Van, sem liggr vid Erzerums jarlsdæmi sudraustanverdt, er einnig lítil landsálfa og tekr nafn af síoduvatni því, sem fyrr er gétit. Vatn þetta er 12 mílr at lengd og 7 at breidd; í því er veidi mikil og salt vatn; vid þat stendr stadrinn Van; þat er allmikill, fiolmennr og viggirdr kaupstadr og jarlsheimili.

Þessi hluti Tyrkiaveldis á Austrlondum, edr Ermland hit forna, er fiallótt miog og hvervetna hálendt; þar er vetrarríki mikit og jokull á háfiollum, er aldrei þydnar; opt fellr þar sniór á fiall í Júnió; þó er þar fagurt vedr og hýtt tidast á sumrum. Auk hálsa og fialla, er liggia út frá Kákasús og Tárus og gánga í ymsar áttir um land þetta, er þar hit nafnkunna Ararat; þat er hátt og þakit snió hit efra; hlídarnar eru urdir einar, klettar og giár, og hvervetna er fiall þetta graslaust og hryllilegt til at sía. Landsmenn segia at Nóaark hafi stadnæmst á Ararat og bera því mikla virding fyrir því. Ermland er vídast ófrióssamt og jardvegrinn tregr til at launa landsmonnum arbyrdi þeirra og ómak; sara þeir því af landi brott og leita sér atvinnu í ódrum Vestr-Asíu londum Þeir eru kristnir og hafa 4 yfirbiskupa eda hofudfedr (Patriarker); sá gofugasti af þeim kallast Katholikos eda

þiódbiskup. Ermlendingar eru kaupmenn mikkir og manna klókastir í kaupum og sölum. Þeir mæla tvennskags túngu, nl. þá almennu, er öll álþýda talar og hina lærdu eda heilogu, et klerkar einir mæla; hún er miog forn og þúngskilin. Í Ermlandi og vídar um þetta svíd í Asiu hefst þiód sú vid, er Turkómanir, Turkómenn (Truchmoner) kallast. Þeir eru fjá-Tartara-þiódum komnir og eru fáfródir og litt sidadir, elska friálsrædi og skyta ei um lagasetnínga né akuryrkiu, en eru, sem vandi er margra þióda á Austrlondum, á sífeldu riátli og flakki med hiardir sínar og hafa uppeldi af fiárrækt. Qvinnur þeirra vinna ullina og vefa refil; en karlmenn gióra ei annat enn reykia tóbak og hirda fé; þeir rída hvervetna og reida lensur um öxl sér, eru girdtir sverdum og pistólum og eru gódir reidmenn, hraustir í vopna-vidskiptum og Tyrkium geigvænligir. Þeir rækia Múhameds trú.

Kúrdistan eda Kjúrdistan (ford. Assyria, Asyrialand); þat er allfagurt land og fiallótt og liggr fyri sunnan Erzerum, og Van og ímilli Persialands og Diarbekks; og er 1500 ferh. mílr at stærd. Fyri nockrum hluta lands þessa rædr Bagdads jarl, en ýfir nokkut eru Emirir settir til yfirsóknar. Þar er Erbil, (ford. Arbela) hofudstadr med 2000 innb. Í grend vid þessa borg hádu þeir Alexander mikli og Darius nafntogada sólkorrustu og hafdi Alexander sigr (331 fyri Krists burd),

Digitized by Google

Land. Þetta tekr nafn af þiód þeirri, er þar byggir og kallaſt Kúrdar. Þeir liſa vid ſtárrækt og flytjaſt um landit med hiardir ſinar og ſkylduhýſi og liggia í tioldum; ſumir búa í ſtodum og þorpum og idka handidnir og jardyrkiu, en hvorugt ferſt þeim vel. Kúrdar eru illſengir ſtigamenn og ræna ferdamenn allu því, þeir ná; þeir eru fiorugir og vaſkir hermenn, ófridir ſónum og vidrſtyggiligir, dockir á hörundit og munnſtórir, jarpir á hár og ſmáeygdir og lýſir augnarád þeirra óſtöhrilætti og ſtridlyndi. Konur þeirra haſa ei ſkylu fyri andliti; og er þat þvinær eindæmi á Auſtrlöndum. Þeir trúa á Múhamed, en eru Tyrkium verri at hiátrú og villu.

Í hrióſtugri og hárri fiallbygd nær Perſalands landamæri býr litil þiód, er Bilbais kallaſt; þeir eru hreyſtimenn miklir og haſa um lánga æſi variſt fyri undirokun voldugra þióda á bádar hlidar. Á vetrum flytia þeir á ſléttlendit, í grend vid Erbil, en at komanda vori hverfa þeir aptr til fialla ſinna, og láta þau hliſa ſér fyrir ófridi. Áſtundum hlaupa þeir nidr í bygdina og ræna allu, er þeir mega med fara.

Irak eda Erak-Arabi (Hit arabiſka Erak; ford. Babylonia og Chaldæa; Kaldealand); þat er mikit land (nl. 3150 ferh. mílr at ſtærd) og liggr fyri ſunnan Kúrdiſtan og Al-Zéſira, fyri auſtan ſídſtnefnt land og Arabiueydimerkr, fyri veſtan Perſaland og nær alt

Digitized by Google

til Persaboms sudr. Mikill hluti þessa lands heyrdi til hinnar fornu Mesópótamiu; þat er greint í 2 jarlsdæmi, sem kend eru vid Bagdad og Bassóru.

A. Bagdads-jarlsdæmi er eitthvert hit voldugasta og ríkasta í Tyrkiaveldi; jarlinn, sem þar er settr til yfirsóknar, hefir mikit lid og fridt; er þess og naudsyn, því opt elta þeir nábúarnir, Tyrkir og Persar, grátt silfr. Þar er:

Bagdad hofudstadr, er stendr vid fljótit Tiger austanverdt; þat er allmikill, fálígr og nafntogadr kaupstadr, med 80,000 innbúum. Umhverfis hann gánga rambygdir múrveggir med turnum og dyki; á ánni er brú og á vestri bakkanum stórkostligar eptirstodvar af hinu forna Bagdad, er alt til 1258 var heimili Kalífanna og hofudstadr í hinu vídlenda Arabiuríki. Í Bagdad eru ymsar háreistar byggingar, einkum hofgardar jarlsins og herthúsinn, bænahús og sólubúdir. Borgarlýdrinn, segja menn sé, at þúnu undanteknu, fródasti, enn í flestum stodum Tyrkiaveldis; þó eru þar vísindi og listir þvínær ollum ókunnar.

Í útsudr frá Bagdad og vid Frat, er allmerke og audugr kaupstadr, er Hilla eda Hella heitir, med 12000 innb.; þar er kast-

all og varnarlid nockurt, aldingardar miklir og múrveggir umhverfis borgina. Skamt hadan eru afarmiklar eptirstodvar og aurmál hinnar voldugu Babilónar, er á fornoldum var mikil og fogr höfudborg í Babylóníu eda Kaldealandi.

B. Basóru-jarlsdæmi liggr fyri sunnan hit sídsttalda og er nú einn höfdingi yfir badum; hat er láglendt mjog og eru har grafin sílki morg til at veita burt vatni; frat hleypr har á flatlendit á hverju vori; har er:

Basóra eda Basra vid Skat-el-Arab vestanverdt, í pálmavidarskógi og fornunnar fogru, en allóheilnæmu landsplátsi. Par er mikil kaupverslun og 15000 innb. Borg hessari fer hnignandi at fiolmenni og audlegd.

Í trúngunni, har sem Tiger og Evphrat koma samaN, er vigairdr stadr er Korna heitir; har heldr Jamtskara-lid vord.

Í landsálfu herri er Mardin kallast og liggr fyri nordan Bagdads-jarlsdæmi, undir hvort hat nú liggr, og fyrir sunnan Diarbek, er litill stadr, er Mardin eda Merdin (ford. Marde) heitir, í fjallshlíd, er veit í sudr; har er kastali mikill og 12000 innb. af ymsum thiódum. Par er atsetr biskups Nestóriana, er har búa. Í landsudr hadan er Nisibis, (nú Nisibín); hat var iturlig borg í fornold

og stolmenn; nú er hún lítit þorp og eyði-töptir. —

Í Tyrkialondum í Asíu er margbreytt landslag og jarðvegr; skýtr því mjog í tvo horn um gjæði þeirra og kosti; þó má, þá yfir alt er litit, kalla þessi, í veraldarsögunni nafnkunnu lond, harla góð og gjæðarik. Loptslagit er hvervetna hlýtt og þægiligt, sumstadar allheitt og óvíða óhollvæmt; engu at síðr geysar þar allopt drepsótt og næm sýki, er leiðir unga sem gamla til bana; en þrí ollir fremr hirðuleysi og óþrifnaðr landsmanna, enn náttúrunnar edlisþættir. Riki þetta er bæði flatlendt og fjallótt og hvínær hvervetna einka frjósamt, en víðast illa yrkt. Í syðri hluta þess eru sandar miklir á sumum stodum. Sjálfskrafa eda hvínær án minnstu mannavalda vaxa þar gnægliga margskonar korn-tegundir, einkum hveiti og bygg, hrísgrjón, rúsínur, vín, ágjætir ávextir manna, viðsmjor, bómull, indigó, saffran, krapp, gallepli, ætiskonar ágjætr viðr, o. s. frv. Þar eru hestar margir og góðir, nautpeningr margr og sauðfé, asnar og múlar, kameldýr, úlfaldar og silkiormr mikill; þar eru og villidýr mörg, t. d. skakalar og hýenur. Í jörðu má þar gull finna og silfr, eyr, járn, blý, brennusteín, salt, alún, saltpétr, hit svokallaða merskúm og fl. er oflangt yrði hér at telja. Þessi og ótalin gjæði vita innbúar þessa hluta Tyrkiaveldis betr at tilreiða og hagnýta sér, enn Tyrkir í Evrópu; þar er víða allgóðr silkispuni og bóm-ullar-vefnaðr, skrautaverkun og járnsmíði.

Digitized by Google

Kaupverstum er þar mikil og ardsom og eru Ermlendingar og Grikkir fyrir ödrum at kaupmannskap og audlegd; med því Tyrkium hykir hverr vetna kaupskapar starfin skerda gofugleik sinn. Merkustu kaupstadir í þessum londum eru: Smyrna, Damaskús, Basra, Mósúl og Angóra.

Skiringarg. Svó er háttat verstunar atburdum kaupmanna og varnings flutningi yfir land vída í Asíu, at þeir menn, er marga ulfalda eiga, gista samtsk til varnings flutninga og malast til samferdar, þá langan veg skal fara yfir eydisanda og graefi (t. d. yfir Arabíu eydimerkr frá Aleppó til Bagdad). Þá lestamenn þessir, sem ástundum hafa ulfalda undir áburdi svo morgum hundrudum skiptir, eru fullbúnir til ferdar, taka þeir einn formann edr oddvita yfir sig, er fyrirskipar um alt, rædr áfángastodum og kvalt ridr med nokkra fylgd vopnadra manna á undan lestinni at niósnast um hvort ei liggi stigamenn fyri þeim. Vopnat fótgaungulid fylgir jafnan lestum þessum; þó hendir þat ei allsjaldan, at rænningiar bera varnarlidit og lestamenn ofurlida og taka farángrinn, en drepa alla sem ei komast undan. Lestir þessar kalla menn Karavaner eda Kjervaner.

Allr þorri innbúa landa þessara játa Múhameds trú; þó er þar ödrum trúmonnum sandsvist leyfd, bædi kristnum og Júdum; medal kristinna má þar telja Grikki, Ermlendinga og Kathólska, er hafa þar kyrkiur og kapellur. Prótestantar eru þar mjog fáir. Hofdingiar

Digitized by Google

þeir, sem Miklagards Soldán hefir sett þar til yfirlóknar og sem hafa ymsar nafnbætr (t. d. Beglerbeg, Pascha, Woivod, Aga eda Musselim); þeir eru mjog stálfrádir í landsstiórninni og vafa í valdum eptir eigin vild. Innbyrdis eru þeir ei hvorir odrum hádir og áslundum skeyta þeir litt um bod Soldáns og bann. Innbúar Tyrkiaveldis á Austurlondum eru hérumbil 11 milliónir at tolu og eru þeir frá ymsum þjódum komnir; þeir merkustu eru: Tyrkir (Osmanner eda Ottomanner, Otmanlj); þeir eru mjog áheckit ættbræðrum sínum í Evrópu; þeir eru heim minna spiltir at edli, en sáfródari og búraligri. Turkomenn ásamt Urnkum; þeir eru Tyrkium allíkir at morgu. Grikkir; þeir eru at áfjndum enn líkir fornþjód þeirri, til hvorrar þeir rekia kyn sitt, en hafa áræt sit mjog at sidum, skapferli og menta idkun. Ermlendingar (Armeniere); þeir eru slúngnir í kaupum og solum og fégiarnir, en fáir eru þeir er hafi snefil af lærdómi. Frankar eda hinir kristnu Evrópumenn, er þángat hafa verslunar vegna, flutt af ymsum londum og bólfestu tekit í kaupstodunum vid sæ og uppi landi. Júdar; þeir eru hvervetna fiálfum sér líkir; einkum sara þeir þar lútir og eru læduligir og eigingjarnir féndingar. Þar búa einnin Geórgiar og Arabar, Drúsar og Kúrdar, sem ádr er getit. Þiódir þessar mæla: tyrknesku og tatariska, grisku og ermlendsku, arabiska, persiska og kúrdiska o. s. frv.

Digitized by Google

III. Arabiu-Riki, (Arabien; Arabia; [Morgenland]; á tyrkn. Arabistan).

Riki þetta er sudvestr horn Asiu og liggr fyri sunnan þau lond, er sidst var fráságt og nær alt til þess meginhafs sudr, sem kénnt er vid þat og kallast Arabiuhaf; af því gánga hafsbotnar í nordr, er hit eystra og vestra marka Arabiu takmark og sem ádr eru nefndir. Landit er umflotit á 3 vegu og er ápeckt þríhyrningi at lögun; mun því nafnit, er landsmenn hafa géfit því, nl. Dschesirat el Arab d: ey eda meginskagi Arabiumanna, dregit af verti þess eda lögun — Þat liggr milli 50 og 80 mælistigs [nordl. breidd.] og milli 11ta og 30ta [austl. lengdar.] — er 240 mílr at breidd í austr og vestr og 260 at lengd í útog sudr — og 55,000 ferh. mílr at vidáttu.

Hit vestra gengr fiallgardr lángr strandlengis til hafs sudr, og annar, er El-Alred kallast, í austr yfir þennan meginskaga þveran. Í þessu landi nordvestanverdu eru hin nafnfrægu fiöll: Sinai, Hóreb og Sabber. Hit midbyk Arabiu er þvínær ein afar vid

lend sandsléttа; í henni liggia allvída fagrir grasdeplar, ámóta og eyar í útsæ. Þar eru at eins smá ár er horna upp, þá hitar gánga og hvervetna er þar þurrlendi og vatns-skortr illr andkauni.

Útlendir hafa skipt riki þessu í 3 hofuðparta, er kallast, a, hin lukkuliga Arabia (Arabia Felix); svo kölluðu Grikkir hinn fegursta og friósamasta hluta landsins, nl. strendina vid Arabíuhaf, og imilli fyrrtédra hafsbotna; b, hin petreiská, er tekit hefir nafn af fornum stad, er Petra hét, en ei af grjóti um jardveg, er sumir meina; hún ligur vid Egyptaland austanverdt og fyri nordan Rauda-hafit og er þessara landshrídjúnga minst (Arabia petræa). Þar er Sínai fiall og vidkénd eydimork — og c, hin auda (Arabia deserta); svo kalla menn audnir miklar, urhæfi og sandsléttur hit nyrdra og eystra í landinu. Landsmenn skipta Arabíu-riki í 6 landsálfr, nl.

1. Hedjas (Hedschas) vid Arabíu-hafsbotn austanverdan; þar er:

Mekka, 5 milr frá tédum hafsbotni og nærhæfis midsvegar á vestr-strendinni; þat er fædingarstadr Múhameds og helgistadr allra, er hans trú játa; þángat sækir á ári hverju

Digitized by Google

mikill fiöldi pílagríma og allir Músselmenn eru skyldir, at minnsta kosti í eitt skipti á æfi sinni, at heimsækja hit heil. hús, er Kaba (Kaaba eda Beit-Allah o: Gudshús) kallast og Múhameds trúmenn segia at sé allra heirra húsa heilagast og eldst, er einum og ædstum Gudi hafi helgat verit í heimi. Pat er steins hús lítit, ferhyrndt og gluggalaust, er menn segia Abraham hofudsmidr Gydinga bygt hafi.

Í því er steinn nokkr allmerkr, er engillin Gabriel hafdi med sér af himni ofan og afhendti Abrahami; steinn þessi er hinn mesti helgidómr, en nú er hann ordinn kolsvartr af syndum mannkynsins. Allir kosta pílagrímar kapps um at koma svo nær steini þessum at heir gæti kyst hann eda at minsta kosti drepit á hann fingrum sínum. Yfir kapellu þessari er hvervetna rialdat med svørtum silkirefli, er Miklagards Soldán sendir hángat á ári hverju; á reflinum standa gullofnar greinir úr Alkórani. Skamt hadan er lítit hús, sem bygt er yfir heilaga uppsprettu, er Zemzem kallast. Hverki mega Kristnir né Gydingar koma nálægt borg þessari. Par er kaupskapr mikill og vart 20,000 innb. (en fyrr. 100,000). Wahabítir unnu borg þessa 1803, rændu har flestu, er fémætt var, umturnudu fögrum minnismerkjum og létu eptir sig lítstan frágang.

Zidda (Dschidda) heitir hofn stadar þessa vid Raudahafit. Par sitr einn Pasha. Hérumbil 60 mílr í nordr frá Mekka er:

Digitized by Google

Medína (Medinah o: Stadr, — eda Medina al Nabi o: Spámannsins-stadr); hat er ei allmikill stadr og gamall, en allmerkr og helgr. Par er legstadr Múhameds og hinna fyrstu Kalifa og heimili 6000 innb.

Pángat stódi Múhamed (622 epr Krists burd) fyrri ófridi heim, er hófst gegn honum og heim mönnum, er hneygdust til trúar hans; telia Múhamedanir árin frá pessum atburdi, er peir kalla Hedschira o: flótta Hans frá Medinu er 6 mil. vestar og vid Arabiufiord, er Jambó heitir.

2. Jemen; hat liggr á sudr-strondinni og fyri sunnan Hedjas. Par er

Mokka, mikill kaupstadr nálægt Rauda hafs mynni. Par eru 18000 innb. Padan flytst ógrynni kaffebauna, reykelsis og gúmmi.

Sana er allmikill bór; par sitr landshöfdinginn (Iman) og — Beit al Faki; par er kaffebauna-sala mest í Arabiu-riki.

3. Oman; hat liggr á sudaustr-strond ríkis pessa, par er Maskat (eda Meskiet). Par er kaupskapr mikill og 8000 innb.

Í sudr frá Arabiu sudr-strond og ei alllángt frá austrhlida Afriku er eyland hat, er Sókótóra heitir; hat er 20 mílr á lengd, fiallótt og vida gródrlaust vegna dugnadarleysis og vankunnáttu eyarmanna. Paden

Digitized by Google

flytst hit besta aloe (aloë succotrina s. socotorina).

4. Laksa (Lachsa) vid Persabotn; skamt frá se er par samnefnt landshofdingiasett.

5. Medsjed; sú landsálfa er fiollótt og ligger í nordaustr hluta ríkis Þessa og er fósturland þiódar þeirrar, er Wahabitir eda Weckabitir kallast. Par er:

Drehieh hofudborg og heimili hofdingia tedrar þjódar, í dal nokkrum, sem er 60 mílr at lengd, og sem liggr 130 mílr í austr frá Medinu og 160 mílr í landsudr frá Jórsalaborg.

6. Eydimorkin; hún greinist í 3 hluti, nl. a, Syrlands-eydimork (den syriske Örk) vid Syrland austanverdt. Par eru kostuligar eptirstodvar af hárreistum og fögrum byggingum mikillar og í fornold nafnkunnrar borgar, er Römverjar kalludu Palmyra, en syrr. hét Thamar eda Tadmor o: Pálmastadr. Par er nú hrorligt þorp, er Tadmor kallast. b, Eydimorkin vid landsálfuna Al-Zesira vestanverda. Par er stadr sá vid Euphrates, er Ana heitir — og c, Eydimorkin umhverfis fiallit Sinai, milli Syrlands og Raudahafs botns. Par er stadr sá, er Tór heitir. A Sinai fialli er grisk munka-klaustr.

Eins og jardvegrinn í landi Þessu er ymisligr, svo er og vedurattan þar mjog breytiligr. Sumstadar er hitinn nær óholandi, eink-

Digitized by Google

um á flatlendinu og eydimerkunum, því svo hafa ferdamenn frásagt at svo hefdi heim fundist sem jardrinn brynni þar undir fótum þeir; sumstadar, einkum hit nyrdra og á fiollum uppi og í fallbygdum frhs ástundum og sniódar ei alllitit; en á odrum stodum hecka landsmenn hverigt. Regnvidri gengr þar um árliga, er vidast varir hálfumbil 3 mánudi á senn, en ei um somu mundir hvervetna í ríkinu, því í Jemeni rignir ávalt um midsumars skeid, í Omani á útmánudum og á austrstrandarum ríkisins um midian vetr, o. s. frv. Þá oft hitans er sem mest í Arabiu, blæs þar hinn banvæni Samum (eda Samiel; Smum), er med andheitri brennusteins fýlu dreyr allt á strætum og vídavángi er uppi standa og ei leggiast nidr á grúfu, medan hann fer yfir; er þetta almennt verndarmedal vid skæmisdrepi hans og hafa menn því hat til marks, at þá þeir sá á nokkurum stad roda mistr nidr vid sióndeildarhring, muni hans úr þeirri átt ei lengi at bída.

Vída er land þetta fridsamt og audugt af morgum gædum, einkum þar vatnsleysit ei tálmar grádri; þar fannst gull mikit í fornøld, enn nú hirda landsmenn ei um at leita þess; þar eru járn og blý-námr, seguisteinn og gimsteinn sá, er Onyx heitir. — Þar vaxa alskonar korntegundir, sikreyr, bómull, tóbak, indigó, myrra, gúmmi, margskonar litgros, reykelsi og ylmandi og litfagrar jurtir. Landsmenn idka vínyrkiu med áhyggiu, þótt ei drekki þeir vínit.

Digitized by Google

Allra mikla ardsamast í Þessu landi er kaffe-tréd, er þar einnig betr enn í nokkru odru landi og ber hinar bestu kaffe bauhir í heimi. Ameda-dyranna í riki Þesu eru hestarnir af-bragd at skapnadarfegurd, fiori og tráleik; þeir eru taldir hesta bestir í heimi. Þeim skipta landsmenn í tvo flokka nl. hina kynstóru og smáættudu (Kadischi); á þeim syrrtoldu hafa Arabiumenn miklar mætr og géta rakit ættir þeirra til fornalda; med því þeir hafa ættartolubækr miklar yfir kynslód þeirra og jafnódum skrifa upp nafn þeirra og afmælisdag. Ættarstofn hinna sídsttoldu er ókunnr og er þeim ávalt bannat samgánga med hinum. Þar eru einnin álfaldar margir og drómedarar; þeir fyrri hafa 2 en hinir sídari 1 krippu eda búlka og hvorirtveggju eru þeir nytsamir mjog á Austurlondum; því bædi eru þeir mikil dýr vexti og svo sterkir, at þeir fá í senn borit hérumbil 19 vætta púnga margar mílr vegar á dag um glódheita sanda; þeir þola og vatns at missa, svo dægrum skiptir og eru ei sódur-vandir. Þá bruka landsmenn til áburdar og hafa fleiri not af þeim enn hér segir. Naut-peningr er þar margr og hefir hann situhnud á herdakampi er vex því meir sem dýrit fitnar; saudfé margt og geitr. Ymiskonar villidýr eru og í Þessu landi, t. d. skakalir, hyenur, apar, refar, lións, tigrar, pyntsvin o. s. frv. Í Nardahafinu eru margskyniud uggadýr og og gódr fiskiafli. At hagnyta sér gædi þau, sem hér eru talinn, vanrækia landsmenn mjog,

Digitized by Google

því þeir kunna lítt listir og handyrdnir og hirda ey um at nema þær af ödrum þiódum; eru þar því hvergi verkstadir né smidiur er fullnægt géti naudsynium landsbúa. Eingu at síd er þar kaupskapr ei allritill og tolluerd tilsigling, því hángat sækia kaupmenn frá ödrum heimsálfum og eiga þar stórvæg kaup. Þadan flytst og varníngr yfir land á fyrrsagdan hátt. Þeir svokolludu Banianar (d: indisku kaupmenn) ídka þar kaupverslun, en adrir ecki til muna. Í fornöld vóru Arabar stulir farmenn og fundu lönd; en nú sara þeir at eins med landi framm á smáskipum. Merkustu kaupstadir þar eru: Mekka, Zidda, Mokka og Maskat.

Allir játa Arabar Múhameds trú, og eru, þótt allsáfródir séu og fullir hiátrúar og hleypidóma, vægari vid þá, er adra trú ræckia, og minna skinhelgir, enn adrir Múhameds trúmenn, einkum hinir myrkfyndu Tyrkir. Þiódtrú hefsi skiptist í 2 hofudgreinir, nl. í a, Súnna, er Omar stiptadi; þeir sem hneygast til hefsarar trúar, (medal hvorra sérílagi Tyrkir teliast og Arabiumenn), álita allmargar skiríngargreinir, er skrifadar hafa verit um og yfir þeirra heil. bók (Koran d: bók eda Alkoran d: bókin) henni jafnheilagar; þeir kallast réttrúadir — og b, Schía, er Persar og adrir játa, er fylgia trúarsetningum Múhameds dótturmanns, Ali at nafni. Auk þessara tveggia trúarbragdagreina telia menn 72 trúmanna sambönd, er meira eda minna vikia frá stiptaranna kénning-

Digitized by Google

um og reglugiordum. Medal þessara eru Weckabitir; þeir tilbidia einga gudliga veru, utan hinn einasta sanna Gud, hafa Múhameds heilagleik at vettugi og kalla hans tilbidjendr afgudadyrkara, og hata þá fremr enn kristna menn og Gydinga. At sidru leyti eru þeir Músselmønnum (Moslemim) áheckir at háttum og tidagiordum.

Inbúgar Arabiu ríkis eru hérumbil 11 milliónir at tolu. Þeir eru greindir í kynqvíslir margar og smáþiódir; syri heim ráda hmiskonar høfdingiar, ondligrar og veraldligrar stéttar, er hafa margbreytt tignarnafn og metorð; þeir kallast Skerifar, Skeikar, Emirar (þ. furstar) og Stór Emirar; og eru vida margir af þeim einum þessara lydskyldir. Allir kykiast þessir høfdingiar adalbornir og drembast miog af qofugleik forfedra sinna; en mest meta menn þó hina fyrstnefndu, med því þeir telia ættir sínar frá Múhamed sjálfum. Ei eru í því landi synir log, enn þau Kóran spiriskrifar, er þeim sylgt, sem hverveina í Tyrkjaveldi, med misjafnt vandlæting og á hinsa vegu og optsinnis samqvæmt sétrádra høfdingia hyggiuviti útbydd. Málaferli og þingskop eru þar stutt, og einfald, málagarpar eingir, né ritud sakargogn, en þessingar grimmar, t. d. at skella af þeim sakfeldu skeggit, (er þat æruleysis straff,) at kemia þeim í iliar med lurkum, o. s. fr. Þar hafa menn og lof at hefna frænda sinna at ósekiu edr at reka blódhefnda. Eptir atvinnu vegum skiptast Arabiumenn í

Digitized by Google

3 flokka: a, Maedi, þeir eru hirdarar, er mestan hluta árs flytjast um eydimerkr med hiardir sínar og lifa einskeftar af fiárrækt; b, Hadesi eda borgarmenn og stada-búar, er leggia stund á handidnir og smídar, þó lakligar séu — og c, Fellahs, þeir eru jardyrkiumenn og búa í þorpum og þændabýlum. Medal þeirra kynqvísla, er idka fiárrækt og þyinar hverversna eru á ríátli, eru Bodúinar (eiginl. Bedavi o:. eydimerkr-born). Rupl og ránskapr eru þeim hin gódfeldastu idia og qveda þeir sig til þess fult lof hafa; med því þeir séu hin fyrstu, fremstu og veglyndaztu þiód í heimi, og afsprengi Ismaels, er þola máttí ólog og arfsvik af Abrahami fodr sínum; þykiast þeir því alljafnt heimta skadabætr og hafa fullrétti til alls þess, er þeir handsamat fá. Á leid ángrum þeim er þeir gisra margir samt til at afla sér fiár á þessa vísu, eru þeir hinir vægdarlausustu stigamenn og mórdingiar; en þá heim kémr gestrisnustu mannvinir, er optsinnis veita þeim þar hinar bestu vidtokur, er þeir samdægris hafa rænt og illa útleikit. Einkum eru þeir vægir vid þá, er án mótstodu og mótmæla láta laust fé sitt vid þá; flestir búa þeir ávalt í tiöldum og sumir í hellrum og lóptum, einkum í eda nálægt hogum og vatni; þeir andtiqna alla, er byggia stadi og bæi eda idka handidnir; reidmenn eru þeir miklir og sara vel med hesta sína, er þeir elska ollu fremr. Þeir eru fáfródir miog, bsidadir, óstyrilátir og drambvisir og manna latastir, nema til ar rída og hirda fénad sinn. Hofdingiar þeirra eru Sheikar

og Emirar og í hverri attqvisi er sá fyrste og fremstr, sem eldstr er.

Í Arabiu-riki hófst á 18 old midri voldugr flokkr, há allmargar kynqvislir hvarfu til heiðrar trúar, er Múhamet Seik, Abd el Wahabsson kendi og útbreiddi med forsiá, hreysti og hugrekki; hær kallast Wahabitir eda Weckabitir (Wahabi, Wachabiter); heir nádu brádum vidgángi og hroska og gierdust ognabildir í Arabiu, heriudu har á tvær hendr, unnu 26 attqvislir á sina trú, ræntu tyrkiur Músselmanna, og hinn helga Karavan og gierdu hit mesta hervirki bædi har og erlendis; fór svo framm um hrid at eckert stódst fyri hreysti heirra og ófurhuga, uns Miklagards Soldán, er heitit hefir at veria land hetta fyrir ófridi, baud Bagdads Paska 1801 at búa út her ámóti heim; en Wahabitir gyntu foringia hess lids med giafum til aptrhvarfs, ræntu og brutu stadinn Imam-Hussein og tóku ógrynni fiár úr Alis-musteri, (er Persar giora pilagrimsferdir til) og snéru heim med afarmikit herfáng. 1806 unnu heir Mekka, Medina og Zidda og ræntu har afarfé í gulli og dyrgripum. Lokstins sengu Enskir 1809, er genau í lid med standmonnum heirra af verslunar klókskap, unnit nokkurn svig á heim vid Persabotn og Egyptalands Paska, Múhamet Ali, 1811, er sendi 3 poka fulla af eyrum heirra til Miklagards, til jarteikna um 3 unnar orrustur. Seinna há nockrir bandamenn sviku há og ýmsar kynqvislir hvarfu frá heim, unnu Tyrkir alloft gagn í

Digitized by Google

viðskiptum þeirra, tóku frá þeim borgirnar helgu með herskyldi; þó vorðust Wahabitir enn vel og gjörðu Tyrkium mikinn skaða. Árit 1815 báru þeir lægri hluta fyri tjeðum Egyptalands Paska og 1818 fyri syni hans Ibrahim; létu þeir þá mikinn horra liðs síns og fiár, og tvístruðust viðsvegar um Arabiu. Síðan hafa þeir eflðst mjög at liði og eru nú á nýjum ordnir Tyrkium geigvænligir. Wekabitir eru nafntogaðir hreystimenn og hinir mestu ofurhugar; manna best hola þeir vos og eliu, fult og seitu; hérá þeirra er: trú eða dauði ella! og rýðiast svo framm með svo hgurligu afli, at ei fær jafnvopnaðr her viðnám. En þá skortir skotvopn og vígkænsku og hafa því á stundum borit lægri hluta fyri þeim, er betr vita at beita liði og skotsærunum. Widrlifi þeirra er hvervetna lítit og einfaldt. Hverki reykia þeir tóbak né drekka kaffe; eru þeir í því Múhamedunum mjög ólíkir, er neyta hvorstveggia flestum hjóðum gráðugar. Matbord þeirra eru kringskorinn gjæruskinn, er þeir breiða á jörd og eta liggiandi; þeir bera lodkápu eða ullarkyrtil einn fata og gánga hvervetna berfættir.

Allr horri hjóðar þeirrar, er frá aldaðli hefir bygt land þetta, kallast Arabar; þeir rekia ættir sínar frá tveim adalættstofnum, nl. frá Jóktani Hebersyni og Ismaeli (er Móses nefnir). Þessar ættir eru þar bestar og ríkastar. Arabar eru almennt medalmenn vexti og vel limaðir, en grannir og svo magrir, sem væru þeir skrælnaðir af sárhita, svarthærðir og

Digitized by Google

brún-eygdir, miúkir og fóthvatir, rakkir reid-menn og gódir skotmenn, heilsugódir og hol-ugir. Af náttúrunni er thió thessi gódhiortud og vel skapi farin; en vanrækt uppfóstr og litil uppfræding veldr thvi, at Arabar ei ná theim throska i mentum og mannkostum, ithróttum og hmfri kunnáttu, er samsvara hyrr medfæddum náttúrugáfum; thvi hverki skortir thá fiorugt né skarpt hugargrip. Their eru fámálugir og alvorugefnir, en thó ei svo drundalegir, sem Tyrkir; their hlæja sialdanog kalla hann málshátt sannan: laung-uth hlær litit vit. I hegdun sinni og á mann-fundum eru their allkurteysir, en bráka fá lots-ingar-merki. Menn lasta thá fyrir hræsni, slægd og trygdleysi, en thessi misfmidi á rádi theirra hafa innrætst theim af mannspillandi breytingum og reglugiordum, en koma ei af sndverdligu lundbragdi. Brádlyndir eru their, ef theim thykir verr, en thó léttlyndir og sáttgiarnir; eig-ist tveir illt vid og hinn thridji komi at og hrópi: "minnist Guds og spámannsins," er oll thræta á enda kliád; en ei sættast their á vig, nema mannhefndir komi fyrir. Flestum thiódum eru their gestrisnari; their veita bædi útlendum og inn-lendum, er koma á theirra fund, hin bestu beina og sina theim virding, og thyggia ei annr laun fyrir, enn: "Guds-laun fyri greidan!" Arabar hafa miklar mætr á skeggi sinu og kalla that heilaga prydi, med hvorri Gud hafi atskilit karlkyn og qvennkyn; er thvi rakat skegg hiá theim hin mesta fyrirvirding og skeggleysi thraldóms merki. Dgiptir menn bera snoggvan kamp á efri vor;

Digitized by Google

en qvongadir láta hat spretta sem mest má oz rækta hat kostgiæsiliga. Ei veit skrillinn hádugligra midsyrdi enn: »þrekkr í skegg hér" og sé í hat hrækt, má sá búast vid bana sínum, er gierdi. Arabar eru sparneytnir og drekka almennast vatn, því Koran bannar heim alla nautn áfengs drykkiar; þó drekkr heldra fólk vín og brennuvín, er Jódar brugga í læmingi. Þar drekka allir kaffe mikit og sterkt, og án sykurs og ríóma, (sem síðr er til hvervetna á Austrlondum) og reykia tóbak og ástundum hampblod til heir giörast svinkadir, sem þefdu hér drukkit áfengt munngát. Kétti trúa Arabiumenn helga vera: þar Múhamet hafdi mikla ar mætr á þeim (og átti sérilagi einn, er hann ann mikit); med því hann meinti, at þeir jarteiknudu yfirvegun og íhugan, þá heir sætu og mæludu; því vona Arabar, at kettir muni koma í Paradís og þar nærast vid leifar þinna fullsælu.

Í Arabíu og í ollum þeim londum, í hverium menn trúa á Múhamed, er fiolqvæni alþiódligt medal hins lostafama stórmennis, er hefir qvennabúr mikil og skrautlig. Kóranin leyfir sérhverium at hafa 4 eigin konur og svo margar ambáttir eda fylgiskonr, sem heir géta haldit; þó lætr allr þorri alþýdunnar sér nægiast med eina konu. Í tilliti til menta og fródleiks hefir Arabíumönnum allmiog aptr farit og gyllini vid heirra (nl. hin Gda og næstfylgiandi aldir) er syri laungu undir lok lidin, skáldskapar-andinn er þvínær med ollu á brott

sloginn og hin forna mælska gleymd. Í Þesú landi er arabiska hiódtúnga og vida annarsstadar er hún talud á Austrlondum; er hún nú at visu misg breytt og bridlud í daglígri rædu; hina fornu og hreinu arabisku læra únglingar í skólum, at þeir skilit fái Kóranin og kennimenn sína. Þessi túnga lætr vel og er misg ordrik; hún er náskyld hebresku, en þó fegri.

Í Arabiu hafast Júdar vid á ýmsum stodum, einkum í Hedjas fiallbygdum. Sérlagi í Laksa búa Kristnir, er Jóhannis-kristnir eda Sabear kallast. Þar vida einnin ýmsar Asiu-hiódir kaupskap, t. d. Banianar, Parsir eda Gébrar (elds-dyrdkendur); en hvorirtveggiu eru þeir þar í minni metum, en Kristnir og Gydingar.

IV. Persaland eda Persidialand (Persien; Persia).

Land þetta var á eldstu fornöldum allmarkverdt, en einkum stód þat med mestum blóma um þær mundir, þá vidgángr og veldi heirra, Grikkia og Rómverja, var sem mest. Nafn þess meina sumir bókvísir menn dregit sé af Perd eda Ferd (á þýdversku: Pferd) hestr, og þýdi: hestaland. Þat liggr fyrir austan Tyrkialand í Asíu og Persáboten og fyri sunnan Kákasus-lönd eda Násaveldis landeignir, hit Kaspiska-haf og Tataraland; en fyri sunnan þat gengr tédr hafsboten og Indiahaf (Arabiu-haf) og fyrir austan þat liggr Indialand og Búckaraland. Persaland er ásamt þeim ríkjum, er þartil liggja 59000 ferh. mílr at vídáttu. Hit nyrdra, eystra og vestra eru fjöll mikil og há, og eru sum af þeim þakinn snió, er aldrei þýdnar. Þar er og vída þurrlendi mikit og víblendar audnir, er ei má yrkja, sakir vatnsleysis; hverki eru þar stórfljót, né skiplægar ár, ollir þat hmsra óhægindа landi og lýdum; þær merkustu ár eru: a, Kúr, (Cy-

Digitized by Google

skrautligr; hit innra glóa stofur af gulli og dýrustu gimsteinum, gullofnum tiöldum og dýrmætum vefnaði; allr er húsbúnaðr hinn veglegasti, gulli greyptr og demantum settr, svo hat hafa þeir menn sagt, er séð hafa hibýli og atbúnað Eyrópu konunga og síðan litu skraut, sundrgerð og áfarmikilleti Persakonungs, hafi heim glóa fyri augn komit, af ofurfegurð. Í suðr frá Teheran og nærhæfis mittlands, er hin forna höfuðborg giorvallz Persaríkis, er:

Ispahan eða réttara Isfahan heitir, við ána Senderud nórðanverða; hat var um langa æfi einhver hin mesta borg í heimi, höfuðból kaupskapar og lista og gnægðtaðr alls þess, er merkast var. og ágiætast í þessu landi. Þar var konungs heimili og 600,000 innb.; en nú á dögum er mikill hluti borgar þessarar röptin einar og aurmál; þar eru hérumbil 50,000 innbúar. Nærhæfis miðsvegar milli Teherans og Isfahans, er Kom; hat var fyrr. mikil borg og fiölmenn, en hefir áliðt og Ispahan, eyðst mjog af hernaði og jarðskiálfta. Í útnorðr frá Teheran er Kasbin, mikill og fágiligr staðr með 25000 innb. Þar eru silkiverkstaðir miklir og ágiætar sverða-smiðiur. Skamt þaðan er fiallit Elvind; í því er matmara-náma mikil. Í suðr þaðan er Hamadan eða Amadan (fordum Ecbatana) í fögrum dal í fyrrétdum fiallgarði; hat var fyrrum mikil borg og nafnkunn, en er nú lítill bær og hreinligr. Í útsuðr þaðan er Kermanska, allmikill staðr, en illa bygðr.

Digitized by Google

2. Aderbiskan, er liggr fyri nordvestan síðstalda landskífu; þat er fagurt land og gott, fyllótt og heilnæmt; þat er nokkr hluti hins forna Medialands (Media); þar er Tauris eda Tebris höfudstadr med 10,000 innb. og einhver hinn audugasti kaupstadr á Persaveldi; þar eru margar skrautligar byggíngar, ágiætir vesstadir og fallstycka-steypuverk.

3. Eriwan eda hit persiska Ermland, nordast og vid Rússaveldis landamæri; þar er stadr, er Eriwan heitir, báðumegin vid ána Sanghi; þat er forn borg og ósogr.

Skamt þadan í nordr er vatn, er Eriwans-sjór eda Blá-vatn kallast; í því er kletta ey og á henni klaustr, er armenskir byggia. Þriár mílr frá Eriwan er mikit og audugt múnkalíf og höfudklaustr Ermlendínga er Etsmiazin (Etschmiazin) eda uppdiktaðr stadr Gudssonar); þar er heimili oddvita alls kristnidóms á Ermlandi og prentsmidia; svo mikil er helgi stadar þessa, at allir þykiast Ermlendíngar skyldir þángat at sækia einusinni á æfi sinni. Allr þorri innbúa þessarar landskífu er armenskr at kyni og kristinn.

4. Ghilan, imilli Aderbiskans og hins Kaspiska hafs. Þar er Rasht (Rüscht) eda Húsum vid tjörn haf; þar er silkivefnadr gódr og mikill kaupskapr. Í þessu landi er einhver

Digitized by Google

eru 20,000 innbúar, sem flestir eru arabiskir at kyni.

Jadar Persalands frá stad hefsum til Skat-el-Arab nordr, er Kermesír kallast, byggia Arabar einir, 500,000 at tölu; heir eru hýdskyldir Persakonúngi, og fylgia merkium hans, þá ófridr er í landi.

9. Kerman liggr fyrir austan hinar sídstaldar landsálfr og ner til hafs sudr; mitt lands er þar samnefndr og allmikill kaupstadr, er einnin kallast Sirdsían, med 30,000 Parsa, Ermlendinga, Hindúa og Júda.

Í þessari landsálfu eru gódir qvikfjárhagar, einkar ullargott sandsé og idiusamir innbúar, er vefa árl. mikin fiolda hinna dýrgyldu herdaklúta. Sudrstrond þessa lands kalla menn Moghisean (t. Pálmaland).

Hér ber at géta eyar heirrar, er Ormús eda Hormuz heitir; hún liggr í mynni Persabotns og er klettótt mjog og þurrlend. Portugisar tóku fyrrum bólfestu á ey þessari og gisrdu þar kaupstad, en Persakóngr rak þá þadan med fulltingi Enskra. Nú er hún eign Arabiumanna og litt bygd.

10. Nockr hluti heirrar landsálfu, er Kórasan heitir; þat er allmikit land, og liggr fyri austan sudrenda hins Kaspiska hafs og Masanderans; þar er stadr, er Mesked heitir og Persar kalla heilagan. Þar er hiódskáld heitra Firdonssi saddr.

Digitized by Google

8. Kabúlistan edr Afgana-riki (Afganistan).

Svo kalla menn nú Austr-Persaland. Þessu riki marka fiallsin Hinduksk og Paropamisus takmork hit nyrdra og skilia þat og Tataraland, siódáin Indus og Salómonsfiall hit eystra og at sunnanverdu dalr mikill er Bólan heitir og fiöll, er ganga frá Siviştan. Þar eru, auk tédra fiallgarda, morg fiöll og miklir dalir og sumstadar flatmerkjur og sandar. Auk árinnar Indús eru þar morg vatnsföll; þau merkustu eru: Kabul er rennr í Indús; Amu eda Oxus, er fellr í útnordr í Aral-sió, — og árnar Hindmend, áfamt Helesk og Tarra, er allar renna í stoduvatn mikit hit vestra í ríkinu, er Zare a: sær. (Diara) heitir. Land þetta er Vest-Persiu líkt at landskostum og audkennum, vedráttufari og lopslagi; þar er allvída svo þurrlendt og vatnsleysa svo mikil at ei er þar byggiandi fyri þá sök. Merkustu stadir í þessu riki eru:

Kabúl vid samnefnda á, hit eystra í landinu, og í fegru og frióssomu héradi; þar er heimili landshofdingians og 100,000 innb. Borg þessi er ósogr, en allmikil ummáls; þar eru sölubúdir miklar og vel giorvar, mik-

Digitized by Google

ill kaupstapr og varnings-safn frá Indium, Evrópu og Tataralandi; þar búa margkyniadir útlendingar, einkum Hindúar, og eru þeir allir í mikium metum.

Í útsudr þadan og í samnefndri landsálfu er viggirdt og fiolmenn borg, er Kandahar heitir, á flotum vid ána Hir; hún er vel bygd, 1 mila ummáls og ferhornd; þar reka Hindúar og Ermlendingar mikinn kaupskap. Í þessari borg sitr einnin konúngrinn ástundum.

Í vestr frá Kabúl er Herat (Aria); hat er einhvor hinn falligasti stadr í þessu landi og mikit kaupstún, med 100,000 innb. Þar er markadr mikill, er margir sækta. Í sudaustr frá Kabúl og vid ána Kabúl er mikill kaupstadr og fiolmennr, er Piskaur eda Piskavir heitir; þar er ógrynni varnings samankomit frá Indium, Persalandi, Tataralandi og Kasmíri t. d. dýrligr vefnadr og ýmiskonar vorusmídi, er þadan flytst vídsvegar um heim.

Hit nyrdra er landsálfa sú, er Balk (ford. Bactriana) heitir; þar er samnefndr stadr, audug borg og frid.

Innbúar þessa ríkis eru 12 milliónir at tolu. Þar búa 4 þiódir, nl. Afganir, Hindúar, Tadsíkir (afkomendr Forupersa) og Tatarar. Ellra þessara eru Afganir voldugastir og hafa þar ædstu umrád og metord; þeir eru alkunnir af

Digitized by Google

Persasogum og hafdu um langa æst búit í Persaríki, þá landsmadr heirra og hersforingi Persakonúngs, Akmed Abdalla at nafni, notadi sér styrialdir og umbyltingar í Persalandi, braut undir sig mikin hluta Austr-Persiu og skiptadi þar þetta riki, er sídan hefir aukist at stærd og hroska. Fyri því rædr konúngr, (Schach) er sitr í Kabúl. Tign hans er arfteck, en veldi takmarkat af rádrikum oddvitum kynqvíslanna. Afganir rækia Múhameds átrúnad og eru súnnitar (sem Tyrkir); en lifa litt eptir Alkórans bodordum og eru hverki trúmenn, né skinhelgir. Peir eiga stórvæg kaup vid indianiska kaupmenn, Persa og Tatara. Afgana, er einnin kállast Patair, seigia menn komna frá Kákasus-londum. Peir eru vel vaxnir og hreknir, hraustir og hardfengir og mióg vanir vid herhlaup, rán og elium; þeir eru dramblátir og fullir ofmetnadar og hafa mentir og sidabeitun at vettugi. Peir mæla túngu þá er puschtu heitir, og sögd er lík-himni forna kaldeisku. At nautn og búnadi eru þeir nábúum sínum hóffamari; en flestum eru þeir búraligri og ósnotrari í háttum og atvikum.

Undir þetta riki liggr nú landsálfa sú, er Kázémir (Kaschemir) kallast og fordum var nockr hluti Hindústansríkis. Pat er vídlendr dalr, er liggr í útnordr og landsudr innilli hárra og snæþakinna fiallgarda fyri austan Kabulistan og fyri sudvestan Tibet; hann er 20 mílr at lengd og 9 at bredd og rennr

Digitized by Google

á sá eptir hinum endilaungum, er Behat eda Jalana (forð. Hydaspis) heitir. Dalr þessi er svo forkunnar fagr og friðsamr, svo inndæll og unaðsamr, at sumir kalla hann indianiska, sumir jarðneska Paradís eda sældarstad. Þar er einkar heilnæmt lopt og svo temprat, at þar verðr aldrei ofurhiti at meini um sumar, ne ofurkuldi um vetr og má svo kalla at þar sé sivarandi vorblida. Ágiætir eru þar landskostir, gnægð korns, ávaxa, twins og blómstra, medal hverra hinar daunsætu og inndælu rósir, er þar vaxa, eru nafnkunnar og fylla landit med ilm og yndi. Þar er borg, er Serinagur eda Kazémir kallast, báðumegin við téda elfu og skamt frá fogru vatni; hat er hinn mesti staðr í gjervallu Ásgana-iki; þar eru allhá húsakynni, af timbri og steini gjerð og þakinn hit efra med grastorfi og gródrsett allskonar aldinum og fjölbreyttu blómi; svo allt er borgin blómstr-krýnd til at sjá.

Þar er allmikil kaupverslun og merkir verkstadir; sérilagi leggja menn þar, sem hvervetna í þessari landsálfu, alúð á herdaklúta vefnad, (er útlendir kalla Schawler) og sem heimgjora af heimafenginni og tibetanskri ullu og geitahári med svo mikilli snild, at engin þjóð þó kastat hafi kapps um, hefir til þessa dags komist til jafns við þá í þessari handidn. Inn-

Digitized by Google

hiar þessarar borgar, (sem eru 200,000 at tolu) og Kazémiringar vinna árliga 80,000 þvilika herdaklúta og selia hvern þeirra, eptir stærd, sínleik og lit, fyri 100, 200 og 300 dúkata.

Vid fyrrnefd vatn er einkar fagurt umhorfs og í því liggia eyar margar og imdælar. Á hæd vid þar austanverdt stendr afdeglígt musteri, helgat Salómoni, Júda konúngi, er landsmenn segia at þángat hafi gjørt ferd sína og lagt rád til at veita burt vatni af slóa miklum, er þar var mjog at meini og þá hafi vatn þetta ordit til.

Kazémiringa, svo karla sem qvenna, líkams og sálar edli samfœrar at miklu leyti blídu lopslags og audlegd þeirri og fegurd, er náttúran hefir giædt land þetta med. At vísu eru þeir af Hindúum komnir og mæla forna túngu, sem er náskyld Samskrits-máli; en at fridleik, audlits skapnadi og líma-lagun bera þeir mikg af nálœga ollum Austrlanda þiódum; þeir eru hvínœr hvítir á hørundit og vel vaxnir, hrífligir og ríódir, hraustligir og manna fridastir sjónum. Konurnar eru líkar rósunum er þar vaxa einkar fridar og blómligar. Hvad vidvíkr lundarlagi og innri edlishátturn Kazémiringa þá hrósa menn þeim fyri medfædt gódlyndi og gladlyndi idiusemi og hugrekki, hugvit og lagkœnsku til lista og íprótta; en þarámóti fá þeir lastmœli fyrir óstyrllata girnd til vellystinga, einkanliga lostasemi, ómettandi ségirni og hálesti, er þat af flióta; þessari mannspilling hefir ádrián og undirokun illfengra hardstióra ollat. Fremr skortir Kazémiringa fœri, enn gáfr til menta og fródleiks.

Digitized by Google

er þar því optast sveim mikit í landinu og flokkadræittir.

Í Persariki er margbreytt loptslag; hit nyrdra er svækia tíd og kuldi og frost um vetr; mittlands er temprat saman hita og kulda, og allheilnæmt. Hit sydra á strondunum er opt ofurhitinn all þúngbær og vid hit Kaspiska haf sannanverdt er hráskagi mikill og óholluste. Sífeldt þurrvidri og regnleysi á sumrum spillir þar mjog gródri og landskostum. Er þar þá svo heidbiart nætr sem daga í samfleytta 5 mánudi, at hverki sést þar sky á lopti né þoka á fiollum; þetta ollir mikillar ógiæfu og óhagnadar fyri lýd og land; því þá skræina trè og aldini og jardvegrinn brennr. Þat hafa heir menn, er ferdast hafa um Persariki, fyri satt, at naumliga sé tuttugasti hluti heis nytr.

Eingu at sidr er land þetta ymsum ágiætum giædum og kostum búit; þar eru margskonar málmar, einkum kopar, járn, stál og bly. Skortr er þar á skógum og timbri. Þar er saltpétr, brennusteinn, salt mikit, olía, marmari jardarlím þat er Naphta kallast (einkum í grend vid hit Kaspiska haf), bergolia (Mum eda Mumie), er á sveimi stundum vellr upp af kletti í Vestr-Persalandi; hún er talin einkar heilnæmt medal, er kóngr og hyrd hans alleina áskilr sér og lætr vardveita; allskonar korntegundir, t. d. hveiti, rúgr og serstagi hrisgrión, er Persar neyta dagliga; ágiætt vín einkum í grend vid Skiras, Jezd (í Karistan) og Ispahan, vidr sá, er hómull (vidull) vex á, reyrtóp, manna, opium,

Digitized by Google

melónur, safran, krapp, tóbak, hampr, lin, sikurreyr, ágiætt silki (einkum í Ghilan), hin litfegurstu blómstur og rósir, er menn pressa dyrgylda olíu af, o. s. frv. Hestar eru þar margir og serkunnar vel vaxnir, þeir eru arabiskum hestum fegri at skapnadi, en ei svo fráir né þolnir; þar er þat ei vandi at vana úngheesti; úlfhaldar (einkum einpúkladir), asnar, asar miklar hiardir saudfjár med fitu-rófum eda hnúdum og finni ullu, nautpeningr margr, er Persar bruka bædi til erianar og áburdar; svín eru þar fá og léttvæg. Med því í landi þessu eru markløndmiog óvída, er þar dyraveidi nær eingin; í fiallbygdum finnast hirtir, ráðhr, villigeitr og bezóar-hasr; brád-dyr eru þar morg, t. d. lión, tigrar, vargar, leópardar, hyenir, skakalir — og birnir, en fáir, hit nyrdra. Margkyniadir fiskar eru þar í sæ, en fáir í ferskum vatnum. I Persabotni er asar ardsamt perlu-fáng. Fyri sakir þurks og þurrlendis eru þar færri skórqvikindi og ókyndur, enn í flestum ódrum jafn-heitum løndum; þó eru þar eingisprettr um of, snákar og høggormar. Persar eru taldir ámedal Asíu best mentudu þióda; þeir kunna vel ad akuryrkiu og rækia hana med mikilli alúd; en vatnsleysit ollir þeim ærinnar eliunar og áhuga, er ei þarf vid at hafa í ódrum løndum; þar þeir verda hvervetna at grafa brunna og vatnsleidingar, safna um vetr regnvatni í dældir, stifla ráfir þess og veita lækium lánga leid til at vøkva á sumrum

Digitized by Google

akra sína og eingi. Þar er höfðingi nokkr sett til umsjónar og gætslu vatnsbyrgdanna, er Emir-Ab o: vatnsfursti kallast. Persar kunna einnin flest handverk, en ei svo vel sem Evrópumenn. Þat þeir lita, er forkunnar fagurt og litverpist traudla. Utsaumr þeirra og haldhrunar-list er nafnkunn. Þeir tilreida einkar vel margskonar ledr, gjora allsnotr porcelans-ker og smida sverd manna best, tilbúa pappir, o. s. frv.; en af öllum handidnum Persa ber silkisaumninn, er sérilagi lýsir fvild þeirra og vandvirkni; allskonar kostuligr silkivefnadr og gudvefur flytst þadan vída um heim og hykir hverventa afbragd. Á seinni tídum hefir styrjöld og ófridr allmiog hnekt tédum iþróttum og kaupverslun landsmanna; þó eiga þeir stórvæg kaup vid adrar þiódir, er þángat sækja, t. d. Englismenn, Hollendinga og Frakka; því hverki eiga þeir hafskær skip né hafa lyst til lángra sjóferda. Sjálfir flytja þeir varning sinn of land á úlfaldaum í stórum lestum til Tyrkja-veldis og Indialands.

Þótt Persum sé vant fullkingiandi medala til frödleiks og menta-æsingar, eru þeir ei at síðr öllum Asíu-búum skynugri og frödari um marga hluti; þeir eru harla námfúsir, virda mikils vísindi og listir og leggja stund á hvorttveggja af alúd. Þar eru skólar (Madresse) allmargir; í þeim nema únglingar at lesa og skrifa, trúarlærdóma og málfræði, arabiska og tyrknesca túngu, mælsku-fræði og heimspeki eda náttúru-fræði, sidalærdóm, gudfræði og

Digitized by Google

lagspeki. Þessar tvær síðstnefndu vísinda-greinir kalla þeir nákomnar, með því at ein er upp-sprettan hvorratveggia nl. í Kórani eda trúarbók þeirra. Persar eru hiátrúarfullir, leggia stund á himintúngla-þekking og taka mark á stiornum; er sá fróðleikr einhver hinn ardsamasti og mest metni ámedal þeirra; því varla taka þeir hat fyri sig, at ei ráðgiast þeir um við stiornu spámann, sem þar eru mikils metnir og vel haldnir. Á fyrri og seinni öldum hafa morg skáld og fræg verit á Persalandi og liódmæli þeirra þótt gior-vollum landslýð hnossgætasta skémtun. Einnig hafa útlendir frædimenn dáðst at liódum þeirra og snuit heim á ymsar evróveiskar túngur. Persakonúngar hafa jafnan skáld í hirð sinni. Í hliódfæra-slætti og saunglist eru Persar lidt at sér, en þó Tyrkium fremri; en mákaralistin er hvorutveggium misg ótrum, þar Múhameds kénningar banna þeim allskonar minda-mál og bilætasmidi; þarámóti gisra Persar steinhús og hvelfingar forkunnar vel og bruka svo litit tré og járn til húsasmida, at varla eru dæmi til í ödrum lóndum.

Allir Persar játa Múhameds trú og heyra til þeirrar hofudgreinar Múhameds dhrkenda, er Skia (Schia) kallast og Ali-stiptadi. Persar rækia at visu margar hiegómligar trúar-reglugiordir og hleypidóma, en eru þó ei svo skinhelgir né svo fullir ofsa og ofstækis, sem Tyrkir, gégn þeim, er adra trú játa. Tveir eru ædstir kénnimannligir hofdingiar í Persalandi og kallast hvortveggi Seder; er annar þeirra vopnarsti prestr, en annar umsónarmadr kénnidóms-

Digitized by Google

eigna og inngiolda. Preſtar Perſa kallaſt Imams, útleggiarar Al-Kórans Muſtir og munkar og einſetumenn Derviſkir, peir leida lífdinn á villuſtigu med kukli og flárádum umtolum. Koſtgiæfiliga heimſækia Perſar legſtadi peirra ſedga, Ali og Huſſeins og halda árliga hátid mikla hinum ſídar nefnda til heidurs í Aprilis mánudi; er pá látuglaume mikill og hátídabragr um alt land. I Perſa riki búa allmargir Kriſtnir og Júdar, Zabiar, er kalla ſig Jóhannis lærifveina, Iſmaelitar og Parſir (Parsis), ſem komnir eru af hinum fornu Perſum, er bygdu land petta, pá eldſtu ſogr giorduſt. Múhamedanir fyrilita pá miog og kalla pá Gebra eg Gára (Gebrer og Gaurer o: vantrúada) og elddyrkara; peir tilbidia ſólina ſem ímind hinnar einuſtu ædſtu og óſýniligu veru, er peir kalla hinn eylifa anda (eda Yerd); peir trúa: at liófit ſé upphaf hins góda, en myrkrit hins vonda, og at himintúnglin ſéu bygd af ſkynſomum verum. Menn ſegia at peir tilbidji eldin; en ſialfir neita peir pvi, en ſegiaſt álita hann ſem ímind hins óſkilianliga anda; peir bidiaſt ávalt fyri vid eld og letia vardmenn á helgum ſtodum, er peſs ſkulu giæta, at hvervetna logi eldr ſá á ſtódum, er Zóróaſter (eda Zerduscht) qveikti fyrſtr manna. Hann reit einnin bók pá, er Zend-Aveſta (o: hit lifandi ord) kallaſt og gaf peim log han og lærdóma, er peir hafa ſídan trúliga fylgt. Gebrir eru ſtarfſamir, hóſſamir, idka jardyrkiu og kaup-

Digitized by Google

serſum, og mega þola ápián af Perſum; þeir eru blídlyndir, lastvarir og vandlætingasamir um, at vendiliga séu haldin Zóróasters bodord; þeir eru endurskicurum í Evrópu likir og fá góðan ordstýr fyri einlægni og trúmennsku, en ólag og óvirding fyrir trúarmeiningar sínar. Medal herra er nokkurskonar skiptu almenn, en ei umskurn.

Fyri hinu eiginliga Persa-riki ræðr nú kóngr, (Schach) sá, er Feth-Ali-Schack heitir; hann er sagdr ágiætr, réttlátr og vitr höfdingi, skáldgiarn og vel at sér um marga hluti. Ríkit gengr í arf til þess sonar, er konúngr stálfr velr eptir mannvænligleik, en ei aldri. Næstr konúngi, at tign og veldi, er höfdingi sá, er Stór-Vesír kallast; hans bodi og banni hlýda 5 ríkisfulltrúar. Í hverri landskálfu er jarl eda Kan sett til ýfirsóknar og í hverium stad ýfirforstodumadr eda Daroggi.

Innbúar þessa ríkis eru 19 miliónir at tolu. (Sumir segia 3 millión). Allr horri landslýdsins er kominn af tveim ættstofnum, nl. hinum fornu Persum og árabiumonnum og kalla ast því hinir nýu eda yngri Persar. Þar búa og Fornpersar eda Parsir, sem til þessa dags hafa haldit ómengudu kyni sínu, Kúrdar, Turkómenn, Arabar, Armlendingar og Hindúar. Núk persiska eru 2 túngr almennastar í ríki þessu og sem allir nema, er sínast vilia sérstk hafa af lærdómi, nl. arabiska og tyrknesku; allar eru þær ólikar og ónákomnar. Í konúngsgardi er arabiska ávalt talud.

Digitized by Google

Persar eru fridir sýnum og vel limadir, medalmenn vexti og vodvamiklir, en þó fremr magrir enn holdugir, biúgnefiadir og nokkut brúnleitir, knáligir og heilsugódir. Í tilliti til hegdunar og sida, hafa menn kallat Persa Frankismenn Austrlanda, þótt mikils sé heim ávant, at bera þat nafn at makligleikum; ei at sídr eru þeir nábúum sínum sídadri og Tyrkjum fremri at fridsemi, mannúd, vidseldni héruastusemi, hiartagædum, þolinsemi og námfýsi, og mundu reynast súsari, enn þeir, til at nema sídprýdi og mentir af Evrópumönnum, ef þeir byggiu heim nær og hefdu meiri mok vid há; því hædi er þat, at hverki hata né fyrirlíta þeir adrar þiódir, sem Tyrkir, og þeir meta mikils og nema þat fúsliga, sem ódrum er synna um, enn þeim. Í orrustum eru Persar ei sídr hardsengir, grimmir og miklu stórugri enn Tyrkir, en ei svo holnir þá í tángbakkana slæt. Persar sá álas fyri lauslyndi og fégirni og þá lesti, er af henni koma, hræsni og ósirdrevskap, slægd og lævis, brigdmælgi og óhalldinyrdi. Persar eru sparneytnir mjog og kunna litt at matskapa; heim var, sem Tyrkium, vindryckia bannud, og daudastraff lagt vid, en nú hefir kóngr, leyft þeim at drekka vin med hófi; þeir drekka mikit kaffe, en ei svo opt sem Tyrkir, reykia tóbak, sem þeir eru ei, svo þrálátliga, og neyta opiums, til at gleyma sivadir af, en þó eigi med þvílíkri fýsn, sem Tyrkir. Persar bera vidan, sídan og

Digitized by Google

margskiptan klædnad, sem sídr er á Austurlöndum, en eru hunnklæddari og snotrari en Tyrkir og meiri skrautmenn. Alsvartan búnad kalla þeir diosla-gérsi.

V. Hit fria Tartari eda Tataraland (Tartarie; Tartaria).

Svo kalla menn allmikit land, er liggr fyrir austan hit Kaspiska haf, fyri nordan Austr-Persaland edr Kabúlistans-riki og Tibet, fyri vestan hit kinesiska Tartari og fyri sunnan vestri hluta hins asiatiska Rússa-ríkis eda kaldu Svipjóda. Pat er imillum 40,000 og 50,000 ferhmilr at vidáttu.

Um langa æfi hafa menn almennt kallat land hetta Tartari eda Tataraland, en á seinni tidum hafa landaskipunar-frædimenn qvedit á og sannat, at hat med réttu heiti Tatari eda Tataraland.

Í hessu landi eru vidast fiall há og fagrir dalir og hvervetna hálendi mikit, sem nærri má géta, har hat er vestr-hluti Midasiu. Par er einkar sriósamr jardvegr, einkum í dalunum og vid sliódn, vex har mannhátt gras og miki

gnægd fagurra jurta og nytsamra dyrgta; hit nyrdra eru heidar (Stepper) miklar, sem vida í Rússaríki, fiallinn eru snæpakinn sumar og vetr; í þeim eru málmar til hlýtar. Um austrhluta landsins gengr mikill fiallgardr, er Mustag (Imaus) heitir og Belur-fiöll eda Belurtag (þ. þokufiöll); þau samtengia hinn fyrgreinda fiallgard og fiöll þau, er Hindukoss (þ. mánafiöll) kallast.

Margar eru þar ár og rennandi vötn; medal hinna merkustu má telia, a, Amú (ford. Oxus; Arrat og Gihon). Þat er allmikil elfa, er fellr undan Belur fiöllum, 180 mílr í útvestr, og rennr í Aralsió sunnanverdan. Í hann rennr nordar mikit fliót, er b, Sir eda Sir Daria (ford. Jaxartes og Sihon) heitir og kemr úr landsudri undan tédum fiöllum. Auk hins Kaspiska-hafs, er markar landi þessu takmörk at vestanverdu, og Aralvatns eda Adler-sláar, er einnig kallast hit Blá-a haf, og liggr í vestri hluta landsins og er 45 mílr at lengd í útsudr og 30 at breidd, — eru þar landsœir margir og saltvötn.

Tataraland greinist í 2 hofudparta, nl. Nordr-Zjagatæ (Dschagatai) og Sudr-Zjagatæ.

Digitized by Google

A. Nordr-Zjagatæ.

Pat skiptist aptr í 5 lond, er hér skal fráségia.

I. Turkómannaland (Truchmenernes Land): Pat er nokkr hluti lands þess, er fyrrum kallast Chóvaresm og liggr ímillum hins Kaspiska-hafs og Aral-sióar og nær til Persiu sudr. Par eru heidar miklar og vida sendinn og snaudr jardvegr og vatnsleysa, en sumstadar gott haggvisti fyri qvikfé og mieg útil akr-yrkia. Innbúar lands þessa (hvorra ádr er gétit) lifa nær einskosta af qvikfiárrækt og eru mieg óstódadir og ófródir um ádra uppeldisvegi. Peir eldstu í ætt hverri hafa mestumrád medal þeirra, þó er álit þeirra og vald litit. Turkomenn eru hardsengir og géta, þá vidliggr, útbúit 40,000 vigra manna. Í landi þessu eru at eins fá Kauptún vid hit Kaspiska-haf; þángat koma Rússar og eiga kaup vid landsmenn.

II. Kiva-riki (Staten Chiwa); þat er eystri hluti Chóvaresms og liggr fyrir austan Turkómannaland; þat er ei mikit land at vídáttu, vídast flatt, allfrióssamt og vedrasælt. Par er hofudborg, er Kiva (Chiwa) heitir vid manngiardt sikt, sem gengr frá Ámu; hún er umgiedt og liggia um hana ellumegin fagrir vingardar og aldingardar; þar er heimili lands-

Digitized by Google

Hofdingians og 10,000 innbúa, mikill markadr hvern fostudag, skóli, hofgardr og turnar margir. Auk þessarar borgar eru 7 stadir í riki þessu og þorp ei allfá.

Land þetta er audugt af ymsum gædum, í jord og á; þar finnast gimsteinar, gull og silfr; þar vaxa allskonar korntegundir og fágiætir ávextir. Innbúar lands þessa kallast Kivensar og eru 200,000 at tolu; þeir idka jardyrkiu og neyta allrar orku vid; med því þar er vída ofhurr jardvegr og hafa þeir því grafit siki mørg í gegnum landit. Þeir vinna silki og margskonar dúka, hafa kaupstefnur miklar í stodunum og flytia varning sinn til nærliggiandi landa og Astrakan. Kivensar eru ei illa skapi farnir, en manna ségiarnastir; þeir skiptast í 2 hofudgreinir: Sarka eda kaupmenn, þeir eru mest metnir af ollum, — og Tadskika eda alþydu. Þeir taka hofdingia yfir sig af Tatara-þiód þeirri, er Usbekar kallast og gésa honum Kans nafnbót, en veldi hans er skuggi einn og umrád eingin; því hvergi má hann bióda né banna. Hann sitr hvervetna í nokkurskonar fángelsi og er illa halldinn; þeir láta hann innsigla bréf sín, skisl og lagasetningar, því án þess þykia þau ei loggildi hafa. Þá eiginligu landsstiórn hefir hofdingi sá á hendi, er Inak kallast, ásamt 3 rikis-rádherrum og hefir hverr þeirra sitt umdæmi. Kivensar hafa allmikit riddaralid og eiga hvinær hvervetna í stridum vid nágranna sína; en ei

Digitized by Google

eru þeir hugrakkari enn svo, at þá ſkáir eru fallnir af liði þeirra, ſnúa þeir á flótta og forða ſér. Skattkyld Kvensum er hjóð nokkr, (100,000 at tölu) er Konratir eða Aralir kallaſt; þeir búa við Aralsvatn og við Amú-myrnni og lifa við fiárrækt og fiskiaſla. Hafði íngi þeirra kallaſt Bei eða Beg.

III. Taſkents-riki ásamt Turkeſtan liggr ſyri austan Kíva-riki; þat er fagurt land friðſamt ſumſtadar fiallótt og víða ſkógi vaxit. Um þat renna fliótin Kizil- og Sir-Daria í veſtr. Þar er borg ſú, er Taſkent (Taschent) heitir; hún ſtendr á fagru ſléttlendi ſkamt frá Sir-Daria, er viggirdt og 2½ mílr ummáls. Þar ſitr landshofdinginn. Þar eru fiolmennir markadir og kaupſkapr mikill, ſilki- og bómullar-vodvirki, kanónu-ſteypuverk og — 40,000 innb. Nordar við téd fliót og í landsálfunni Turkeſtan er lítill ſtadr, er fyrrum var merk borg og mikil, og heitir Turkeſtan; þeſsa-borg kalla Múhamedanir helga.

Innbúar þeſsa ríkis, er Taſkentir nefnaſt, eru óſtýrilátir, en þó eigi illa at ſér um marga hluti; þeir leggja ſtund á akuryrkju, handverk og kaupverſlun og eru ſtarfſamir og atorkuſamir. Þeir ſpinna og vefa ſilki og ýmiſkonar dúka, en eiga lítilvæg kaup við adrar þjóðir, því Kirgisir, er búa fyri nordan þá, banna heim voruflutning og ræna opt kaupmenn. Fyri

Digitized by Google

landi þessu ræðr nú Kan nokkr, er Junus Chotscha heitir; hann hefir brotist þar til ríkis með hreysti og hugsinnu og aukit þat og styrkt. Veldi hans er ótakmarkat og vili hans landslog. Þegnar hans eru skattfrítir; en hann tekr af sé þeirra, svo mikit hann vill, þá honum þykir nandsyn til bera. Lið hans er 60,000 vigra manna, er líkist mest Kivensum at hugrekki. Taskentir kaupa kon vid qvikfé, en straffa hart hiónabandsbrot.

IV. Karakalpakaland liggr fyrir austan Aralsvatn og fyri nordan Kúnrataland og Kivariki; þar býr þjóð sú, er Karakalpakir eda Svarthettingar kallast; þeir lifa bædi vid fiárrækt og akryrkiu, búa um vetr í húsum, en liggia vid tiald á sumrum; nockr hluti þeirra varpadi sér undir veldi Rússa 1742, en má þó þola ofsóknir og rán Kirgisa, sem ádr. Karakalpakir eru hagir á járn og smída margskonar vopn og verkfæri, t. d. byssur, sverd, knífa, potta, og tilreida púdr. Þeir trúa á Múhamed og eru fáfródir mjog.

V. Kirgisaland eda Kirgiskæsakaland liggr í nordaustr frá Aralsvatni og vid takmork koldu Sviþjódar eda Siberiu; þar eru vídlendar heidar (Stepper) og fiöll hit nyrdra, engin jardyrkia, en hvervetna gódir qvikfjárhagar. Þar er margskonar fénadr, margr og

Digitized by Google

og góðr, einkum sauðfé með ftu-rósum; har er lambakiotit svo lostætr matr, at hoſdingiar í Petursborg láta fér færa og kalla huosgæti.

Innbúar þessa lands, er hinir sriu Kirgisir eda, Kirgiskæsakar kalloſt hafa þvínær eingis uppeldi sitt af qvikfiárrækt og idka hverki handidnir né hondlun tilrida. Þeir eru illir vidreignar og ránsmenn, þá þeir fá færi, lymſkir og svo slægvitrir, at varla má vidſiá brogdum þeirra. Innbyrdis eru þeir fridſamir og vinveittir sem brædur og halda útlenda þræla fér til þjónuſtu, en ei landa sína. Þeir búa í hæru-tiöldum og eru á ſifeldu flakki med hiardir sínar vetr sem sumar. Þeir ſkiptaſt í 3 ſveitar-flokka (Ordas), er kallaſt: Stóri flokkr Mid-flokkr og Litli-flokkr; þeim tveim sídari hefir Rússakeisari heitit vernd og trausti. Eðsti hoſdingi Kirgisa er Kan nokkr og í hvorri ættqvisl er hinn eldſti meſt ráðandi og manna gofugaſtr.

B. Sudr-Zjagatæ (fordum Sogdiana).

Edr þit stóra Búkari (Buckarie) eda Búkaraland hit mikla, er einnin kallaſt hit fria Búkari og Veſt-Búkari. Þat liggr fyri austan og sunnan þau Tataralond, sem nú er fráſkirt og er 20,000 ferhyrnings mílr at vidáttu. Land þetta liggr hátt og er ſtallótt, forkunnar fagurt

Digitized by Google

og einkar audugt af fiolbreyttum og dyrmætum giædum; vedrátta er þar blíd og heilnæm og og jardvegrinn, þótt margbreyttr sé, hvinær hvervetna frióssamr. Umhverfis landit liggia fiallgardar, og fiall þat, er Belur-Tagser (Dimmafiall) heitir, skiptir því í tvo parta. Um þat rennr fliótit Amú og mörg vatnsfiöll smár. Höfudborg í landi þessu heitir Búkara (Buchara eda Bokhara) vid á, er Sogd kallast og í vestri hluta ríkisins; borgin er allmikil ummáls og deild í 3 parta; býr landshöfdinginn, hird hans og ættingiar í einum þeirra á vetrum, stórmenni og adalsmenn í ödrum og borgarar í hinum þridja; öll eru þar hús af leirjördu gjörr, sem hvervetna í Tataralandi; þar eru margskonar verkstadir og allmikill kaupskapr. Í landnordr þadan og vid téda á stendr gömul og nafnkend borg, er Samarkand heitir; þar sitr landshöfdinginn á sumrum. Borgarmenn eru idiusamir og lagvirkir og leggia stund á margskáttar smídar og handverk, tilbúa pappir af silki og reka kaupverslun mikla. Þar er nafntogadr muhamedanisk háskóli og stiornuturn. Þar sat fordum hinn nafnfrægi Tamerlan.

Þetta ríki byggia tvær þiódir, er Búkarar og Usbekar kallast. Búkarar búa í

Digitized by Google

stodum og hjörvum og eru ollum Tataraþjóðum fremri at kunnáttu og lagvirkni og betr siðadir. Þeir eru medalmenn vexti og velslimadir, eygdir miog og snareygdir, krókneffadir og brúnir á hár og allmiog skeggiadir. Þeir eru atorkumenn og reka kaupskap vida á Austurlondum, idka handidnir og smidar og hafa sneisil af lærdómi og mentum. Usbekar eru hirdaraþjóð, er býr í tiöldum og lifir vid fárrækt og ránskap; heir eru ódælir miog og fullir ofmetnadar, eiga í sifeldum stridum vid nágranna sina og eru sagdir hraustari, enn nokkr annr þjóð á Tataralandi. Hrossakiot og kaplamjólk þykia heim mata best. Fyri heim ræðr hofdingi nokkr, arfborinn til stjórnar, og skal hann vera kominn af ætt Zingiskans.

Í Tataralandi er temprat, hægiligt og heilnæmt loptslag. Í fiallbygdunum er þar ástundum allmikit vetrarriki. Þar finnst eyr, járn, blý, qvikasilfr, vitriól, salmiak, salt, steinkol, naphta, bergolia og litit eitt af gulli og silfri. — Þar elnast allskonar korntegundir, einkum hrísgrión, káljurtir, hampr, hor, bómull, safran, tóbak, vínvidr, ágætir ávextir, rabarbur o. s. frv. Þar eru úlfbaldar, hestar, sauda- og nautafénadr afar margr og slíki ormr. Almennastr atvinnuvegr Tatara er fiárrækt, hún er hún ei í ollum londum heirra jafnmikil, sem ádr er sagt. Medal Tatara búa Persar, Hindúar, Zigeunir og Júdar.

Allar eru þjóðir á Tataralandi, sem nú eru nefndar, af einum og sama ættstofni komnar

ar; lýsir því skapnadr þeirra, háttsemi og tungumál. Allar rækia þær Múhameds átrúnad og eru Sunnitar at trú. Stiórnarform er þar margvíslígt og náliga í eingu landi med sama hætti sem í odru. Þeir menn, sem til ædstu tignar eru settir, hafa misjafn umrád og kallast: Kanar (furstar) og er Bukara-Kan yfirkóngr þeirra allra. Hann er úsbekskr at kyni. Medal hirdaraþjódanna hafa eldúngar ættqvíslanna (Starschiner o. þeir eldstu) ædstu mannaforrád og hofdingiar þeir, er Murser (o. furstar) kallast.

Þjódir þær, er byggia hit fria Tatari, eru 5 milliónir at manntali; þær eru komnar af og líkast enn, sumar meir en sumar minna, hinni fornu Tatara-þjód, er í fornold kom at austan og tvístradist vídsvegar um Rússa-ríki, einkum hit eystra og vid Svartahaf, tók þar bólfestu sídan, og kendi Rússum hmsar nytsamar íþróttir. Hiá flestum Tatara kynqvíslum eda smáþjódum má enn finna hit forna þjódar einkenni í svip og skapnadi. Hinir eiginligu Tatarar eru midlúngi háir vexti og vel limadir, réttvaxnir og knáligir, smá-eygdir og snareygdir, brúnir á hár og litfagrir í andliti, mannborligir og bera sig vel; ennfremr eru þeir ódulir og vidfeldnir, medaumkunarsamir og manna bestir heim at sækia, fridsamir, en þó hugadir vel, námfúsir og hagvirkir og unna fremr jardyrkiu og handverkum, enn hirdingialífi. Fimtúngr Tatara-hefir tekit kristna trú; en hinir trúa á Múhamed. Eigi á lýsing þessi, einkum hvad

Digitized by Google

lunderni, mannúd og háttu snertir, heima hiá ollum þeim kynqvíslum, sem af hinni fornu Tatara-þjód eru komnar, ber þat til þess, at meingast hefir kyn þeirra og óblídar búsíðar í hordum lendum hafa látit þær úrkyniast mjog at útliti og lundarlagi. Medal þessara mega sérílagi teljast Mógair vid Kúban og Volgu; Baskírir í jarlsdæmunum Perm og Orenborg, þeir eru flatleitari, holdugri og hraustari enn Tatarar og eyrna-stórir, óþrifnir og búraligir, djarfir og miúkir, styrjaldarsamir og ósthrílátir, en hó gestrisnir, — Kirgisir á Orenborgar-heidum; þeir hafa minna affedrast, enn Baskírir, at áshyndum; — Jakútar og Televtar eru þessara þjóda vesælastir og svo ólíkir ordnir forfedrum sínum, at varla má ættarmót sjá; þeir eru med ollu ómentadir og mjog sákunnandi, blóta afgudi og lifa vid fiárrækt og veidar. Í fornold vóru Tatarar vodugir og sigursælir, brutu þeir undir sig lond og borgir og vóru allvel at sér um marga hluti, sem hmsar fornleifar sanna; en nú eru þeir tvístradir mjog og flestir þegnar útlendra hofdingia.

Digitized by Google

V. Indialønd (Indien; India).

Svo kalla menn syðsta hluta Austr-Alfu, ásamt tveim víðlendum meginskogum, er lengst gánga í haf út og sem hafsbotn mikill, sem kendr er við Bengal, gengr inn imillum af India-haf. Þióð-á sú, er Gánga heitir, skiptir heim í tvo hofuðparta; kallast hinn vestri: Indialand hérnamegin Gánga-ár (For-Indien) og hinn eystri: Indialand fyrir handan Gánga-á (Bag-Indien).

A. Vestr-Indialand eda Austindiur (Ostindien; Hindostan).

Land þetta liggr fyrir austan Persariki og Arabiuhaf, og fyrir sunnan Tibet; en fyrir austan þat eru Austr-Indialand og Bengalsbotn, en hinn indiski útsær fyrir sunnan. Þat er nærhæfis 52000 ferhyrn. mílr at víðáttu. Á nordr takmorkum lands þessa er fiallgardr mikill, er Himalaya heitir; hann er afarhár (19,411 fóta) og snæþakinn vetr og sumar. Ut frá honum gengr fiallgardr mikill í sudr er kallast hin Vatiska-fiall; þau ganga strandlengis hit vestra alla leid til Kómórins-hofda sudr. Opt

sunis er um somu mundir sitt vedr hvorumegin heirra. Garáfiall ligga á takmorkum Vestr- og Austr-Indialands. Vidast er jardvegr í landi þessu forkunnar ávaxtarsamr og at eins á einstaka stad grýttr. Í grend vid Gángár-ósa er agamikit land og forædi. Fagurt og fríófsamt flatlendi, blómligir dalir, tiguglig og inndæl fiöll skémta þar á víxl augum landsbúa og efla fullsælu heirra. Í þessu landi eru margar ár og miklar; þær merkustu eru: a, Indus eda Sindi (:: Svarta-fliót eda Svartá); þat er mikit vatnsfall, er kémr frá Tibet og fellr í 7 ósum í Arabiuhaf. Þat er 217 mílr at lengd. Austar kémr b, Gángá (Ganges :: fliótit) frá tédu landi, rennr í landsudr og kémr til fiáfar í morgum ósum út í Bengals botn. Þat er eitthvort hit mesta fliót í Asíu og rennr lánga leid í tveim qvíslum; þat er 355 mílr at lengd og 300 mílr skipfært, hleypr, þá regnvidri gánga, yfir slettlendit báðumegin og friósgar þat ríkugliga.

Hindúar kalla þjódá þessa heilaga og tilbidia hana sem Afgud; med því heir trúa, at hún upprunni af fótum skaparans, er þeir kalla Brama, og sé því giædd guddómligum krapti til at gisra sáln og stórmerki. Þeir halda hátídir margar á tilteknum tídum hénni til heidurs og eru skyldir at langa sig í henni og jafnframt at gefa almusur.

Digitized by Google

10 dögum eptir prím í Majo er almæli hennar og mikill helgidagr; en hin mesta hátíd er 10 dögum eptir prím í Septembri; kalla menn þá sídasta dag hátídar bílæti hennar í ána og segia, at hun sé horfin aptr til síns ektamanns, gudsins Schivens. Hverr kem andast á bokkunum vid á þessa og ádr drekkr af henni fríast frá at koma aptr til jardríkis og lifa þar at nýu; færa því þeir, er búa nokkut á brott, alla sjúka og dauvona vini sína og ættingia til Gánga-ár og dreppa á þá svo lengi sem verdr. En þeir sem í fiarska búa, geyma vatnit úr henni í koparbrúsum, kem helgan dóm, til at dreppa á þá, sem eru atframm kommir bana.

Frá Tíbet kémr einnin mikit fliót, er c, Búrrempúter heitir; þat rennr í Gánga-á 9 mil. fyri ofan ósa hennar og er 300 mílr at lengd. Auk þessara eru þar margar minni ár t. d. d, Kistna og e, Godavery-er renna í sudaustr og falla í Bengalsbotn vestanverdan. f, Jiúmma, er kémr úr útnordri og fellr í Gánga-á og g, Nerbúdda, er rennr úr austri í fiord þann af Arabiu-hafi, er Kam fiordr (Cambey) kallast.

Vestr-Indialand eda hinar eiginligu Austindiur greinast í tvo höfudparta, nl. Asíumanna-ríki (de asiatiske Stater) og Landeignir Evrópumanna (de europæiske Besiddelser).

A. Asíumanna-ríki (Hindostan) skiptast aptr í 4 ríkisl. a, Seikaland, b, Rep-

ríki, ásamt Gorka og Serinagúr; c, Rádsbúta og Zjata-lönd og d, Marattaland.

A. Seikaland (Seikernes Land).

Pat liggr í landnorðr og útsuðr milli Hafs og Tibets og fyrir suðaustan Afganaland og Berúdskistans-ríki. Pat samanstendr af miklum hluta lands þess, er Lahor eða Pundskab heitir, og af landsspörtum, er fyrrum láu undir Múltan, Agra og Deli. Petta ríki stiptadi hjód nokkr, er hneigdist til trúar þeirrar, nokkr, sem spekingr Guruh Nanek at nafni, (fædd. 1469) kendi og sídan med herskyldi braut undir sig téda landsparta. Pat er 4000 ferh. mílr at vídáttu og einkar frjóssamt og fjölbygt land. Dvikséndr er þar margr og gódr. Helztu stadir í þessu landi eru:

Lahor, í samnefndri landsálfu og vid hinn nafnkunna hjódveg, er liggr frá Deli til Afganaríkis í Persalandi og er 80 mílr at lengd. Borg þessi er mjög forn og allmikil ummáls, og ei svo fögr, sem fordum. Par eru 150,000 innbúar. Í súdvestr þadan er stadr sá, er Múltan heitir, í samnefndri landsálfu og vid ána Hydraotes, er fellr í Indús úr austri.

Digitized by Google

Innbúar Þessa lands (sem eru 4,500,000 at tolu) kallast Seikir (þ. læriſveinar) einnin Manikar og eru Hinduum náskyldir; þeir eru fridir ſýnum og vel vaxnir, hoſſamir og ánægdir med litit, reykia ei tóbak, en eru hneigdir fyri áſeing ølfaung. Þeir trúa á vg tilbidia eina æðstu veru og hinnſtu orſök allra hluta, en minda hverki bilæti eptir henni, né tigna hana med ødrum tídagiørdum, enn bænum og saungum og leſtri heilagra fræda. Þar er fribjódlig ſtiórn í log leidd og nokkurskonar eidſvarinn ſélagsſkapr imilli høfdingja þeirra, er hafa æðstu ummráð og kallast Rajaher. Þeir heya alþing (Guru-Mata) á ári hverju og giora þá um alþjódlig máleſni.

B. Nepáls-riki ásamt Gorka (Ghorka) og Serinagúr.

Þeſsi lond liggia fyri nordan Bengalaland eda hinar enſku nýlendr. Fyri þeim ræðr høfdingi ſá er Rajah nefniſt. Innbúar þeirra eru 2 mill. at tolu og ſkiptaſt í two flocka, kallaſt annar Radsbútir og eru þeir Braminum nákomnir at frændſemi, og Njúrir (Njurs), er hafa kyn ſitt at rekja til Mongóla. Midlands er þar høfudſtadr, er Katmundu (Khatmundu) heitir; í honum eru 50,000 innbúar.

Nepálsriki liggr fyri nordan ſtallgardin Himalya og er enn litt kunnugt Evródumonnum.

Digitized by Google

C. Rádsbútaland og Skataland (Radsbuternes og Dschaternes Distrikter).

Þessi lönd liggia fyrir nordan Marattaríki. Fyri þeim ráda ymsir höfdingiar, sem eru annattveggia braminskir eda múhamedanskir at trú og kallast bædi Ranas og Bajas. Innbyrdis eru fólksflióbar þessir nærhæfis jafngildir at veldi og einginn þeirra er vodrum hádr, en opt hafa þeir verit Marattum skattgyldir.

D. Marattaland (Maratternes Land).

Þat er allvídlendt ríki, er liggr fyri sunnan Seikaland, fyri vestan hinar ensku landeignir, og nær til Golkonda sudr, en at vestanverdu markar Indíahöf því takmörk. Land þetta er yfir 16000 ferh. mílr at stærd. Þat er vída mjög fiallótt en þó nær hvervetna frióssamt og audugt af ymsum gædum. Sérlagi leggia landsmenn stund á qvikfiárrækt, einkum á hestauppeldi og fuglarækt; neyta þeir því eggja mest matar.

Marattaland er greint í tvo höfudparta, og kallast Púna-ríki, eda hin vestlægu Marattaríki, — og Berar-ríki, eda hin austlægu Marattaríki.

Digitized by Google

a, Hit vestlæga Maratta-riki eda Púna-riki liggr á nordvestr strönd hins vestari megin-skaga, sem ádr er frásagt. Par er höfud-borg sú, er Púna (Punah) heitir; hún er allmikil umméis, ósögr og óvöggirt; hún stendr skamt frá upptökum árinnar Kistna, 6 mílr fyri austan Gatsiöll og 30 mílr í sudaustr frá Bombæ. Par sitr ædsti höfdingi Maratta, er Peishva kallast. Borgarmúgrinn er 100,000 at tölu.

Lánga leid þadan í nordr er Ahmeda-bad; eda Gújarat; hat var fyrrum vasna-vogadr og fjölbyr höfudstadr í kóngsríkinu Gújarat og einhver hin mesta borg í Indium; en nú er mestr hluti hennar afmádr og hinar skrautligu og stórkostligu byggingar í grunn eydi-lagdar.

b, Hit austlæga Maratta-riki, er einnin kallast Berar-Marattaland, liggr fyrir austan Púna-riki og nær alt til Bengalsbotns austr. Pat er vída fjallótt og skógvaxit; frjó-samt er hat á flestum stödum. Opt er har svækja og þrekvidri. Merkasta borg í þessu landi er Nagpúr; hat er mikill stadr med 20,000 innbúum og ósögr; þar sitr landshöfd-ingjum, er Rajah (sr. fursti) kallast.

Marattar eru nákomnir Rádsbúum at fraendsemi og vöru ei at ædru komnir, enn rán-

Digitized by Google

skap og raupki, til 17du aldar, þá jarl nokkr í Udipúr, Sevagi eda Sevaski at nafni, (er deyði 1680) giordist syrilidi Þeirra og lagdi grundvoll þessa Maratta-veldis, er því meir jókst, sem hinu móguliska riki á Vestr-Indialandi fór hnignandi. Einkanliga nádi Maratta-riki þroska á 18du öld. Fyri því rédu einvalds-höfdingiar (Rajahs) til 1740, þá konungs-rádgiafar tveir hrundu þeim fidsta af Sevagis eptirmonnum úr háseti og skiptu ríkinu ímilli sín, nl. í hit vestlæga og austlæga Maratta riki; Þeirra dæmi fylgdu hinir ádrir höfdingiar í landinu; þeir brutu undir sig stærri og smærri landsparta og giordust einvaldar yfir. Á þennan hátt umskapadist hit vidlenda einvaldsriki og vard ad allmörgum smáríkjum, er hafa giort nokkurskonar félagsskap og sáttmál sín ámedal til at herja med samfylgi á nágranna sína og verja lönd sín fyrir ófridi. Allir eru höfdingiar eda fyrstar þeir, er fyri þessum löndum ráda, arfbornir til ríkis og nærhæfis jafngildir at tign og veldi, at Púna-ríkis kongi undanteknum, er Peischwa (Peischwah) kallaast og talinn er keisari allra Maratta. Næstir honum at veldi og riki eru höfdingiar 2 er Scindia og Holkar kallast. — Marattar eru hardagamenn miklir og hafa riddaralid

Digitized by Google

mikit og fritt. Peir hafa leingi átt í strídum vid Bengals-hjódir, Múhamedana og Enska og hafa med hví veikt mjog veldi sitt og hjódhrek. Peir eru allvel skavi farnir og nokkurnvegin upplýstir, rádvandir, vidfeldnir og unna og idka réttlæti.

B. Landeignir Evrópumanna (nl. Englismanna, Hollendinga, Frakka, Portugísa og Dana).

a Landeignir Enskra.

Svo kalla menn landeignir þær, er hit austindianiska kaupmanna-félag í Lundúnum á í þessari heimsálfu og sem liggia fyri austan sídst-talinn lond og bádumeginn hjódárinnar Ganges, fyri nordan Bengals-bott alt upp til Tibetalands og sudr med rédum hafsbotni vestanverdum og vidar. Sum eru lond þessi eiginlig eign fyrrtéds félags, en sum at eins því undir-gefin og skattskyld; hvorutveggi er þau yfir 29000 ferh. mílr at vídáttu og forkunnar grædarík og ardjom greindu kaupmanna sambandi, hvers árlig inngjold af þeim eru 18 millíónir.

Enskra eiginligu landeignir, (de umiddelbare Besiddelser) í Austrhlutum eru greind í 3 forseta dæmi (Præsidentskaber), sem kend eru vid höfudborgirnar: Kalkútta, Madrus og Bombæ. Par hafa Enskir

hofdingia eda jarla (Gouverneurer) setta til yfirsóknar, en yfir þá alla er settr hofdingi sá, er General-Gouverneur edr Yfir-jarl kallast.

a, Forsetadæmit Kalkútta.

Under þat liggia: Bengalaland og Tipra, Orissa, Behar, Aud, Allahabad, Benares og nokkr hluti af londunum Deli og Agra. Þat er yfir 10,000 ferh. mílr at stærd. Landslýdrinn er 39 miliónir at tolu.

1. Bengalaland (Bengalen). Þat var fyrrum konúngsriki og er svo sagurt land og gott, at Mógular kalla þat Paradís jardríkis. Þat liggr nordr af vidkéndum hafsbotni og í milli Marattalands og Austr-Indialands. Þat er hérumbil 4060 ferh. m. at stærd. Þar er mikil borg og fiolmenn, er:

Kalkútta (Calcutta) heitir; hún stendr vid qeisl úr Gángá, er Húgli kallast og 6 mílr frá sæ. Þat er hinn merkasti kaupstadr í Indium, hofudborg í hinum engelsku nýlendum austr í heimi og heimili ens enska yfirjarls (General Gouverneurs) og ædsta-réttar dómenda. Borg þessi er 7 mílr ummáls og þar vel bygd, er Enskir byggia. Stutta bæarleid þadan er Wilhjálmskastali (Fort

Digitized by Google

William); þar er háskóli, (stipt. 1800), stiornuturn og vísindamanna félag (asiatic society). Umhverfis Kalkútta eda hina eiginligu borg, sem greind er í blakkumanna- og blánkumannastadi, liggia forstadir; eru hús þar og í þeim hluta borgarinnar, er Asíumenn byggia, af bambústreyri giørt, en heimkynni Enskra eru háreist og skrautlig steinhús. Þar eru ágiætir vefstadir og verksmidiur, afarmikil kaupverslun, einhvor hinn fegursti urtagardr í heimi og 750,000 innbúar; medal þeirra eru kaupmenn af nær øllum Asíu- Ameriku- og Evróputiódum, kristnir menn, Múhamedanir og heidingiar um kyrkiur margar, bænahús (Moscheer) og bióthof (Pagodcr). Í nordaustr frá Kalkúttu og vid á, er rennr í Gángá, er stadr sem Dakka eda Deka heitir; þar eru 150,000 innb., er vinna hit finasta múselín, er menn þeckja, og hinn ágiætasta bómullarvefnad. Í nordvestr þadan og vid Gáng-á er vidlika fiolmenn borg, er Múrskedabad heitir; þessi borg og Dakka vóru fyrrum hofudstadir í Bengalalandi; þeir eru bádir ósagrar og hrørligar.

2. Orissa, kallast sá hluti strandarinnar, milli Aust-Marattalands og hins bengalska botns, er Enskir eiga. Þar er stadr, er

Digitized by Google

Kúttak heitir, vid ána Mahanada og ei allángt frá sæ; þar er sterkr kastali og atsetr þessa lands höfdingia. Í nordaustr þadan er Balósore; þat er allmikill kaupstadr, en et þó mú miklu minni og ómerkari enn fyrrum, þá þadan fluttist mikill og margskonar ágiætr varningr.

Í sudaustr frá Kúttak og skamt frá sæ, er kaupstadr sá, er Zjagernat (Dschagernat) heitir og einkum er nafnkunnr af höfi (Pagode) því, er þar stendr. Þat er þrídi afarmikil og áfast steinhús med feykiliga háum turnum, er eygia má lánga leid þadan yfir sæ og land. Umhverfis höfin er múrveggr mikill og rambygdr; á honum eru 4 hlid, er snúa í 4 höfudáttir. Eitt af höfum þessum er giört, einsog múrveggrinn, af svartu stórgrýti, og kallast því Svartahöf; þat er þeirra hærst, helgast og mest vandat at allri smid; turninn yfir dyrum þess er eitthvert hit stórkostligasta og atdáanligasta mannaverk. Höf þetta er einhvor hinn mesti helgistadr í Hindóstani, og er helgat gudnum Viskná (Wischnu eda Dschagarnahta þ. e. herra állrar sképnu). Hindúar segia, þat stadit hafi í 11000 ár. Þángat eru allir Hindúar skyldir einusinni á æfi sinni at gióra ferd sína og blóta, er þar því hvervetna margmenni samankomit og blótskapr mikill.

3. Landsálfan Behar liggr fyri vestan Bengal. Þar er allmikill stadr vid Gáng á

Digitized by Google

sunnanverda, og í útnordr frá Kalkútta, er Patna heitir; þar eru margskonar verksmiðiur, skrautlig húsakynni, er útlendir kaupmenn eiga — og 150,000 innb. Þaðan flytst hit beste opium. Summar er hinn mesti og sterkasti skallkastali á Indialandi, er Rótasjgam kallast.

4. Í landsálsunni Benares, er liggr fyri vestan síðstalit land, er samnefndr staðr, sem stendr á fogru flatlendi við Gángá. Þessi staðr er at mikilleik, audlegð og unaðsamri afstöðu nafnkunnr; þar eru feikna-há hús og allsögr, innðælir aldingarðar og blóthof mörg og skrautlig; þeirra vegligast er Visvisor, sem talit er allra hofa helgast og dýrðligast í Hindóstani. Þángat sækir mikill fiöldi píla-grima og blótmanna. Í Benares eru verkstaðir margir, allmikill kaupskapr, höfuðból indianiskra vísindamanna, braminiskr háskóli, stiörnuturn og — 583,000 innbúar. Í þessari landsálsu er Panna; þat eru miklar demantsnámur.

5. Landsálfurnar Aud eda Oude og Allahabad liggia í nordvestr frá Benareslandi og báðumegin við Gángá. Þar er staðr, er Allahabad heitir og stendr við ármótin, er Gángá og Zjúmmá renna saman; þar eru

Digitized by Google

skrautlig húsakynni, margskonar fornmeniar og 150,000 innb.

6. Þeir partar af landsálfunum Agra og Deli, sem ordnir eru (1803) eign Enskra, liggia vid Auds landsálfu nordvestanverda. Þar er Agra eda Akbarabad, vid Jámmá og í útnordr frá Allahabad; borg þessi var fyrrum einhver hinn skrautligasti og mesti stadr á Austrlondum og nafnkunnr vida um heim at feiknastærd, afar-fjölda hárra hýsa bygginga, vegligra blóthofa og lestamanna-herbergia; þar sat ástunda um hinn mikli Mógul í kastala afarmiklum og vondudum at allri smid Á seinni tidum hefir bál og brandr grandat svo borg þessari, at mjög er nu hennar forna ágæti og blómi undir lok lidinn. Þó telia menn þar enn 800,000 innbúa. Nordar vid téda á er:

Deli (Delhi); þat var höfudborg í því vidlenda og volduga riki, er hinir miklu Mógular rédu fyrir, madr af manni, og sem optast höfudból herra og heimili; hafdi hún og margt til þess, bædi mikilleik og fiölmenni, ógrynni fiár og afarmikit skraut, er samsvara þótti tign og veldi svo mikilsengligra höfdingia. Borg þessi var 15 milur ummáls og vida vel gior og fögr; en í fyrri helsingi 18du aldar, unnu hana og ræntu hýmsir flandmenn, fyrst

Digitized by Google

Persar (1738), þá Afganar (1747) og síðar Marattar, er skértu svo ágæti hennar og blóma, at nú eru ýmsar borgir henni fremri á Indialandi. Fyrrum vóru þar 2 milliónir, en nú 400,000 innb. Þar er afarmikill hofgardr; sitr þar Acbar hinn annar með því nafni, sonr hins síðsta Stórmóguls, Skacks Allums, og þiggr náðargáfu hins enska Indía félags sér til uppheldis.

Í suðr frá Agra er afarrammligr kastali, er Gvalior heitir.

Þessi hluti hinna ensku landeigna eða Kalkúttu forsetadæmi er gott land og audugt af ýmsum gæðum. Þar eru hæðir, en ei fiöll, nema á austr- og norðrtakmörkunum, og eru þau þar hlífðarmúr nokkr fyri herhlaupum stýrjaldarsamra nágranna. Hit syðra er grunnsævi og hafnleysur, utan á einum stað, og er þó innsiglingin þar skipuð forsærum. Gángá, qvíslar margar og elfur vökva og friósga víðast landit ríkuligа. Þar vex mikil gnægð hrísgrióna og margskonar kornategunda, sikreyr, vínviðr, ópium, vidarull, indigó, o. s. frv. Nautpeningr er þar margr og saudfé, en hestar fáir. Fílar eru þar í ýmsum landsplátsum margir. Innbúar þessa forsetadæmis eru 39 milliónir at tölu.

b, Forsetadæmit Madras.

Þar til liggia landsálfurnar: Karnatik, hin nordlægu Cirkars, nokkr partr af Tanjóre, Tondiman, Madúra og Mór-

Digitized by Google

ava, sem allar ásamt eru 4016 ferh. mílr at vídáttu og liggia hit eystra á meginskaganum, er menn kalla Kóró'mandel-strond (Dscholomandela).

1. Í Karnatik eda Arkót, er liggr hit sydra 4-rædri strond, er Madras eda Madraspatnam; hat er hofudborg í þessu forsetadæmi og stendr vid sæ; hún greinist í tvo hluti, er annar kalladr Sti. Gyrgis-kastali eda Hvítibær; þar búa Evrópumenn, og hinn svarti stadr, er Hindúar, Múhamedanir og adrir Asíumenn byggia. Hinn fyrri er mikill og vel bygdr, en sá sídari óásíáligr, en þó umgirdtr af múrum og turnum. Í borg þessari eru 300,000 innb., ágiætir kattúnsvefstadir og glersteypuverk, allmikill kaupskapr og sigling mikil. Skamt frá Madras er fiall hat, er Pondamaka eda Montgrand kallast; á því eru víggirdingar og mikill aldingardr, er Enskir eiga.

Í sudveste hadan er Arkót, gamall víggirdtr og mikill stadr, en litt síáligr. Þat er hofudborg í vidkendu Nabóbadæmi.

Í grend vid Madras er Meliapúr eda Mallapúram d: Páfuglastadr, sem Katholskir kalla Thómásarstad, med því þeir segja at á Thómásarbergi, skamt hadan sé, legstadr hins helga Thómasar og gjóra þángat, ásamt

Digitized by Google

ymsum ödrum kristnum samkundumönnum, pílagrímsferdir. Par hafa einnig Hindúar og Muhamedanir heimili og helgistadi. Ei allángt frá Madras er lítill stadr, er Vóperí kallast; par er prótestantiskra kristindómsbodara-stiptun og kénslu-skóli fyri þá, er nema vilia malabariska túngu.

2. Peir svokölludu nordlægu Cirkars liggia nordar á strondinni; par er borg sú er Masúlipatnam heitir, á ey í Kistnu-mynni og vid slóa mikin, er ollir óheilnæmis á sumrum; par eru 40.000 margkyniadra innbúa, sem eru audugir af fé og idiumenn miklir.

3. Hit brittiska Tansjár (Tanschaur) liggr á strondinni fyri sunnan Karnatiks-landsálfu. Par er samnefndr stadr á eyu í ánni Kaverý; hann er vel húsadr og viggirdr; par er kristnibodara-skóli. Ei allángt padan og vid sæ stendr rambygdr kaupstadr, er Negapatnam heitir.

4. Madúra liggr fyri sunnan sídstneda landsálfu; par er Tirútsínapalli höfudstadr og allmikil borg, er Madúra heitir, vid samnefnda á og í forkunnar fögru landsplátsi.

Landsálfurnar 5. Mórava og 6. Tondiman liggia sydst á Kórómandel-strondinni; hin fyrri er fiöllótt og skógivaxin; par býr

styrjaldarsamt lýdr; í hinni síðari er villiþjóð og ræningiar er Kalliar kallaſt.

c. Forsetadæmit Bombai eda Bombuge.

Undir þat liggia landsálfurnar: Bombai, ásamt eyunni Salsette, nokkr hluti af Guzurate, hit bretska Mýsóre og Polnaud, sem allar eru 3900 ferh. mílr at stærd, med 2 mill. og 800,000 innb.

1. Landsálfa sú er Bombai kallaſt, liggr á Vestr-strond hins svokallada gatiska megin fiaga eda Vestr Indialands. Þar er mikill og audugr kaupstadr, er Bombai (:gódr bugt) heitir, á samnesundri ey, skamt frá landi; þar er hofudstadr í þessu forsetadæmi og heimili jarls þess og annara valdsmanna. Þar er afarmikil kaupverslun, ágiæt hofn og 150,000 margkynjadra innbúa.

Skamt þadan er ey sú, er Fila-ey kallaſt. Þar er nafnkunnugt hof, sem úthoggvit er í klett og svo mikit verk, at allir, er þar hafa komit, þykjaſt eckert furdanligra litit hafa. Hit innra eru á veggina grafnar margskonar kynligar myndir og gudablætti er Bramísnar kannaſt vid, en sem ei hafa um langa æfi tídkaſt og hvergi finnaſt annarstadar í blóthofum Þeirra.

Í Nánd vid Bombai er ey sú, er Salsette kallaſt, og gengr manngiorn eid frá henni þángat. Ey þessi er allmikil og forkunnar

Digitized by Google

frióssom. Þar er allsáligr staðr, er Tanna heitir.

2. Landsálfan Gúrkare liggr nordar á Málabar-strondinni. Þar er mikill og merkr kaupstaðr, er Surate heitir, vid ána Tapty og 5 mílr frá sæ; þar eru allmorg skrautlig húsa-kynni og fólubúdir, afarmikill kaupskapr og sigling — og 600,000 fiolbreyttra innbúa, er gióra allskonar dýrindis vefnad, sem flytst vída um heim. Í nordr þadan og vid Nerbúddu-ósa ér viggirdtr og mikill kaupstaðr, er Bróach heitir.

3. Hit breiðsta Mýsóre eda Mýsórland (brittisk Mysore) kalla menn þann hluta hins Mýsóriska ríkis, er Enskir hafa undir sig brotit og giörsamliga tekit frá arfstakumonnum stiptara þess, er Hyder Ali hét. Þat liggr fyri sunnan Vestr-Marattaland og Golkonda-ríki. Þar er höfudstaðr, er Seringavatnam heitir, á ey í ánni Kaverý; þat er sterk, allvel húsut og fiolmenn borg og var fyrrum heimili Tippo Saibs, er síðst sat þar at ríki.

Þau lond, sem ei eru at fullu eign Enskra, en þeim háð og skattskyld, eru:

a, Golkonda, er liggr millum Marattalanda, Madrass-forsetadæmis og Mýsórlands; þetta ríki er 3500 ferh. mílr at stærð og nær

Digitized by Google

hvergi tit ſtáfar. Innbúar þeſs ern 8 mill. at tolu og er allr þorri þeirra hjóð ſú, er Telsingar kallaſt. Land þetta er bædi ſlett og ſtallótt, friósſamt og audugt af ymſum gjædum. Einkum eru demants-námurnar þar vidkunnar um heim. Þar mittlands er ſamneſadr kaſtali á kletti, med 84 turnum umhverſis. Skammt leid þadan er höfudborgin, er Hyderabad eda Bagnamir heitir; hún er allmikil um máls og ſtendr í inndalu héradi vid ána Miſſi. Þar ſitr höfdingi ſá, er rædr fyri riki þeſſu, og ſem ymiſt kalleſt Nizam eda Subha, en fyrrum var Vice-konúngr í Dekani, sem í ſydri hluta þeſſa meginſtigs; hann er Enſkum hádr og má hlýda bædi þeirra og þeirra. Í Hyderabad eru 120,000 innb.

Í nordvéſtr-hluta landſins er mikil, ſtálig og ſtolnuem borg, er Aurengabad heitir; þar er kaſtali ſterkr, er hinn náſunkunni Aurengzeb lét gjöra.

b. Nýa Mýſóreland (Ny-Mysore) er ſá hluti hins Mýſóriſka ríkis, ſem ei er enn at fullu ordin eign Enſkra; hafa þeir þar til yfirſóknar ſettan höfdingja (Rajah) af ætt þeirra, er þar áttu fyrrum riki; hann heſir undirbundiſt at hlýda bodi þeirra og banni og gjalda lidi þvi mála, er þeir hafa honum tit verndar feingit. Land þetta er 1200 ferh. mil. at

ſtærð. Innbúar þeſs eru 1 mill. 600,000 at tolu. Þar eru tveir ſtadir ödrum merkari, heitir annar Mýſór; þat er viggirdtr höfudſtadr, — og annar Hyderuagor (fyrr. Bednur); þat er mikil borg og fögr med 150,000 innb.

c, Furſtadæmit Kurga er hérumbil 50 ferh. mílr at vídáttu.

d, Kananórland er allálitlegt ſtrandlendi fyri veſtan Mýſór. Fyri því ráda ýmſir höfdingjar og er hver þeirra ödrum ódrádkari; þeir kalla yfirherra ſinn Kólaſtri og hafa þat á ſeinni tídum konur verit, er Enſkir kalla Bíbí.

Þar er forn, mikil og fiölmenn ſtadr, er Kananór heitir; meſtr hluti innbúa hans eru Múhamedanir. Þar gierdu Portúgliſar hinn fyrſta kaſtala á Austr-löndum.

e, Kalikút liggr á Malabar-ſtrendinni fyri ſunnan ſídſtnefnt land og er einkar audugt af ýmſum giædum. Fyri því rædr höfdingi ſá, er Samorin (= keiſari) kallaſt; þeſſari nafnbót hafa Enſkir látit hann halda, enn miog litlu valdi. Höfudſtadr í þeſſu ríki er Kalikút; þat var fyrrum mikill og merkr kaupſtadr. Þar kom Vaſkó de Gama vid land 1498.

f, Koſkinsríki (Staten Coschin) liggr

Digitized by Google

sunnar á sömu strond. Þat er audugt land og sagurt.

g. Travankor-riki liggr fyri sunnan síðstalit land og nær alt til Komórins-hofda sudr. Þar er hofudstadr, er Travankor heitir. Þar sitr hessa lands hofdingi (Rajah) á vetrum, en á sumrum í stad heim, er Trivandavatam nefnist. Á strondinni fyri sunnan Koskin er allmikill og fiolmennr kaupstadr, er Porka kallast.

Nú er stuttliga skirt frá ollum þorra landa heirra og landsiegna, er Enskir hafa á hendi sitt hátt, med fordseggium og kænsku, ósrikt og margvislegri hlusemi, undir sig brotit, og stockt arsbornum hofdingium í burt af hólmum, giort sér suma skattskylda og veitt sumum fé til framfærslu. Varla mun ossogum sagt vera af fégirni Enskra í tódrum londum; ædri og lægri erindisrekar hins austindianiska kaupmanna-sambands hafa frá endverdu fremr lagt kapp á med réttu og rangu at raka audlegd saman, enn at efla þar alþiódliga velgengni; hefir hvi allmiog sneidst um hiá allri alþydu, en audmenn margir og hofdingiar hafa fólgit ógrynni fiár í jordu, at ei skyldi þat verda harddrægum útlendingum at brád, sem eingu at sídr hverfa þadan árliga, svo 5 og 6 tugum skipta, eptir skamma þar veru til frændahaga med ofurfé og lifa sídan sem indianiskir Naboðar í vellyst og fælifi á Temsárbokkum. Auk þess sem nú er sagt, hafa styrialdir og stiórnarbiltingar og matvæla-skorr, einkum á síðstlidinni old ofs-

Digitized by Google

anverdri, allmiog hnekt alþjódligri velgengni, fækkat manntali og rirt fiármagn þessara gódu og frjófsomu landa.

B. Landeignir Hollendinga:

Þær liggja bædi á austr- og vestr-strond Vestra-Indialands og eru 37 ferh. mílr at stærd. Á austr- eda Kórómandelsstrondinni og í landsálfunni Karnatik er nafnkendr kaupstadr, er Paliakate (eiginl. Waliakada o:. hin mikla yfirferd) heitir; skamt fyri nordan Madras; þar er allmikil kaupverslan, bómullar vefstadir margir og 15,000 innb.

Í Kosklins-riki á Malabar-strondinni er Koskin (Koschin); þat er sáligr, mikill og viggirdtr verslunarstadr vid ósa skiplægrar ár, er Mongatti heitir. Þar er mikil sigling og kaupverslun. Innbúar þessarra landeigna eru 110,000 at tolu.

C. Landeignir Frakka:

Þær eru 29 ferh. mílr at stærd, med 50,000 innbúum. Þar eru 2 stadir, annar: Pondizéri (Pondichery eiginl. Pudutschery o:. Nýstadr) í Karnatik, og í sudr frá Madras; borg þessi stendr vid sió og er fögr og umgirdt; þar er 20,000 innbúar; —

Digitized by Google

og annar: Kandernagor, vid Húgli og skamt frá Kalkúttu; þar eru 30,000 innb.

D. Landeignir Portúgísa:

Þær liggja á Malabar-strondinni og eru 51 ferh. mílr at vídáttu. Þar eru tveir stadir merkastir, nl.

Góa, er stendr á ey skamt undan landi og er, ásamt tilliggjandi landeign, hit syðra í heim hluta Vestr-Marattalands, er Súndaríki kallast; hat er allmikil borg og vel húsut; eru þar ámedal margra háreistra húsakynna, kastalar tveir, skrautligr hofgardr og veglig dómkyrkja; þar er hofn, hvorri annari betri í Austindíum og allmikil kaupverslun. Góa er hofudstadr allra portúgísiskra landeigna austr í heimi og atsetr hofdingja þess, sem yfir þær er settr og kallast General-Gouverneur eda yfir-nýlendna stiórí. Þar eru 30,000 innb.

Á ey, er ligger skammundan landsdalfunni Gúzúrate og syri vestan Kamfiord, er allmerkr og stáligr stadr, er Díú kallast; þar er sterkr kastali og gód hofn; á eynni er eingifers-yrkia mikil og qvikfjárrækt. Innbúar þessara landeigna eru 109,000 at tolu.

Skríngargr.: Þat mun flestum kunnugt, at Portúgísar fundu fyrstir manna stóleid til Austindía, tóku þar upp nýlendr, bygdu borgir og á ýmsan hátt rokudu stórfé saman; þvínæst komu

Hollendíngar og sóttu þá miklum hluta þeirra landeigna og hlunninda, er Portúgísar hafdu lengi setit at og einsamlir notit. Seinna tóku Frakkar, Englendíngar og Danir þar bólfestu; en brádla gisrdust Ensktr þeirra rikastir og voldugastir.

E. Landeignir Dana.

Þær eru 20 ferh. mílr at stærd og liggia á austurstrondinni. Þar er viggirdr stadr, er Trankebar (eda Turangaburi) heitir, vid sæ og í sudr frá Pondizkéri og í landsálfunni Tansjár; þar er kastali, er Dansborg kallast; umhverfis stadinn er heim megin, er at landi snýr, múrveggr gjörr og fyrir utan hann síki djupt og breidt. Umhverfis kastalan, sem er ferhyrnde, gengr stólpagirding og síki; innan þeirra eru fleiri byggingar; þar sitr nýlendustjórinn og adrir embættismenn. Þar eru hérumbil 300 hús, auk smábýla Asíumanna, 3 lútherskar kyrkiur og 1 kathólsk kyrkia, nokkur godahof og bænhús (Moscheer) — og 15000 innbúar.

Þenna landspart keypti Ove Giede admirál at Tansjárs einvalda (Rajah) á dögum Kristjáns konungs hins fjórda og lagdi grundvöll fyrrtéds kastala. Á þriá vegu markar grof nýlendu þessari takmork; auk Trankebars, nokkurra smáþorpa og fiskivera eru þar tvo þorp allmikil, heitir annat Verejar (Porejaru);

Digitized by Google

þar er kristniboðskyrkia, — og annat Tillejali. Litt bær er Eprópumonnum hitinn fyrri helming sumars í nýlendu þessari; en þá 3 fyrstu vetrarmánuði eda þá árstíd, er rigningar gánga, una þeir vel vid. Landit er allvel yrkt. Medal gieda þess má einkanliga telia hrisgrión og vidarull (bómull); þar eru einnig margskonar gódar triátegundir, t. d. kokostré, písang- og Sagó-tré o. s. frv. Bædi eru þar hœri dýr og geigvœnlig, villiuxar, skélvoddr, margkyniadir fiskr og mikill og stoldi leidra qvikinda. Þeir eiginligu landsmenn kunna at ýmsum handverkum, einkum bómullarvefnadi og eru hóflausir idiumenn.

Auk Trankebars nýlendu eiga Danir stad á eigin lód í Bengalalandi, er Friðriksnagor heitir, og stendr vid Húgli.

Meiri hluti Vestr-Indialands liggr undir himum heita himinvegi, en hinn minni undir syðri helmingi hins tempradq; er því audvádit, at þar muni vidast hiti allmikill og sumstadar óvenum litt bœr. Þó ollir afstada og landslag þar, sem hvervetna á jardarhnettinum, mikils mismunar á vedrahättum; því t. d. þó sólskin og sumar er syri austan gatiska siosins, erú votvidri og vetr syri vestan þau. Þar er heilnœmt loptslag, nema þar er landit er vott og agasamt. Hit nyrdra eda í því eiginliga Hindóstani eru snióstoll og nokkr kuldi á vetrum, en hit syðra edr í Dekani kœlir hafgola ofurhitan, og þrávindi eda vixlvindr (Monsun),

Digitized by Google

sem er rakinn stiminn á sumrum, en nordan á vetrum.

Í tilliti til friósemis og gæda er náliga eckert land í heimi Vestr-Indialandi betra né audugra.

Par vex mikil gnægd margskonar kornlegunda t. d. hveiti, bygg, hrísgrión, margskonar kryddjurtir, ágætustu ávextir, ópium, tabaksrk, kamfóra, indigó, sandelsré, bambúsreyr, fósam, vidarull, areka, betel; par er og demant mikill, gull, eyr, blý, járn, saltpetr og margir adrir frágætir landsafurdir, er oflángt yrdi hér at telia. Dýr eru par mörg og margskonar, t. d. filar, úlfhaldar, rinocerósar, ljón, tigrar, leópardar, krókadillar og eytradir haggormar; einnig eru par fuglar margir og litfagrir, t. d. papagojar — en fjaldan heyrist par fugla sángur.

Landsmenn kunna forkunnar vel at hyrsa konúr sínar, einkanliga at bónvillar- og sidi vöndud. Kaffi bat, múskelin og hárdaklútar (Schawlar), er badan flytjast vída um heim, fá nógligu vandvirkni herra og kvennfólks yfirvenna hefir kaupverslunin par verit, eins og hún er enn á vorum dögum, einka ábatasom; en Enskir draga meiri ard af heimi enn allir Evrópumenn samt og sá svo fyrri, at ei skulu adrir par um of sérpúfu finna. Auk herra reka í Austindium þessar þjódir kaupskap: Portugisar, Hollendingar, Frakkar, Danir og Svíar.

Fjórar eru adalþjódir þar, er frá því fyrst at sögr gierdust, hafa voldugastar verit og víd-

Digitized by Google

lendaſtar í Indium, nl. Hindúar, Indo-ſkítar, Patanir og Mógólar, og enn er allr þorri innbúa lands þeſſa, ſem eru 100 miliónir at tolu, frá hinum endverdligu innbúum eda Hindúum kominn. Fordum greinduſt Hindúar (Hindus) í 7 ídlaflokka (Kaster), en nú ſkiptaſt þeir í 4, nl. 1. Bramina; þeir eru, at ſagn Hindúa, ordnir til af heila gudſins Brama, og ſkulu þeir því kénnimenu vera og preſtar, lagvitringar og þióna æmbættum; ſvo er mikil helgi þeſſara manna, at ei má þeim granda, og ſé nokkrum þeirra bani unninn, er þat talit ódádaverk ollum glæpum verra; þeir vigjaſt 12 vetra til þeſſa flocks og bera upp frá því audkénniligan búnad. Til annars flocksins (Kschatres eda Schetris) heyra allir þeir, er hervopn brúka og mega þeir ei annat ſtarfa né ſtunda, enn víg og vopnaburd; þeir eru upprunnir af ærlum og herdum fyrrtéds guds. Í þridia ídlaflocki eru kaupmenn allir (Banjaner), er eiga ſtórkaup vid innlenda og útlenda og verſla gimſteinum og ſkrautgripum; þeir eru ordnir til af búki gudſins. Fiórdi flokkrinn (Schuter) ſamanſtendr af ollum minniháttar verſlunarmönnum, fiſkibændum, handverksmönnum, kaupamönnum og ſ. frv. Auk þeſſara er þar hinn fimti flockr, er Paria (Parias) kallaſt; þat er þýit eda óþýdi eitt, er ſtarfar alt þat, er ſaurugaſt þykir og veſælmannligaſt, neytir óhreinnar fædu og er aſmán og afhrak allra Hindúa; hverki mega audvirdismenn þeſsir lifa í ſamblendni med ödrum enn ſínum líkum, né koma í hof eda á

Digitized by Google

mannsundi og andi þeir á einn af hinum ædri flockum, hafa þeir syrigért líst sinn. Til hegníngar fyri vissa flórglæpi er mønnum ástundum hrundit úr midflockunum í þenna; þykir þat hvervetna hit hardasta straff, og kjósa því margir fremr líflát enn þvílíka asmánar-sviviríding.

Hina Braminsku trú, er allir Hindúar játa, má kalla þjódtrú á Vestr-Indialandi. Høfudlærdómar þessarar trúar eru ritadir í bókum þeirra, er Vedams kallast og sem gudinn Brama lét opinberast mannkyninu. Þær eru ritadar á afar fornu túngumáli, er Sanskrit (t. hin fullkomna) eda Deva Negara (guda-mál) nefnist og sem eingir mæla nú né kunna, nema Braminar, med því leikum er hverki leyfilegt at nema hana né høfast í þessar heilsgu bækr. Hindúar trúa á 3 høfudgudi, ul. Brama (skaparan), Vischnu (vidhaldarann) og Schiwen (eydileggjaran). Paradauki blóta þeir asarmarga gudi og minda bílæti eptir þeim øllum, nema Brama. Allir trúa Hindúar því, at launum og straffi muni úthlutat eptir daudann, og at sálin skipti hømum eda fari í adra líkami, manna eda dýra, uns hún ságud og fullgiør nær at lyktum þeim sanna sældarstad, eda velkt og verri ordin, á þessu lángvinna flakki, fer til helvitis, er þeir kalla Podalam. Gudahof þeirra (Pagoder) eru mikil og skrautlig, en þó klúrliga gior eins og skúrgodin, er í þeim standa. Málægt þeim búa Braminar og dansqvendi morg (Bajader eda Dewedaschis).

Digitized by Google

Sá æðstr er Bramina skal alla æfi óqvæntr lifa.

Auk Hindúa og þeirra þjóða, sem þeim eru nákomnar at forni frændsemi (t. d. Skata Maratta, Raðsbúta, Seika, Singáleſa á Selan, Tamúla og Malabara, Vaðtúga í Karnatik, og fleiri smá-þjóða) hafa á Vestr-Indialandi bólfeſtu tekit: Seikar, Afganir, Mongólar og Parſir eða Fornperſar, Portúgiſar, Enſkir, Hollendingar, Franſkir og Danir; þó eru þeſſir 3 síðſtu-fndu færſtir at tiltolu. Túnga sú, er Hindúar mæla, er við þá kend, og upprunnin af hinu forna Sanſkrits-máli eða Hindúanna helgu túngu; af því eru allar indianiſkar máliſir komnar, medal hverra má telia; Hit kazemiriſka, og hindústanſka mál, Maratta-mál, Talenga-túngu (í Golkonda-riki), Kanara-mál, Tamúliſku (á Kórómandelſtrondinni), malabariſku og ſingaleſiſku (á Selan) og margar fleiri. Um lánga æfi hefir Sanſkritstúnga hverki tolud verit né ordum kunn, enn Braminum sem einir eru nú á dögum ſkyldir at nema hana og kenna þeim, er til kennidóms eru kjornir. Þjódir þær, er þar hafa bólfeſtu tekit, bædi Evrópumenn og Aſiumenn, mæla þær túngr, er forfedr þeirra töludu fyri þá eda þeir hafa í barnæſku numit.

Hindúar eru ávidqvæmir og áſtridulauſir um ſleſtar tilhneigingar, þolinmódir og hæglátir, friðſamir og einka vægir og tilhlidrunarſamir við alla þá, er annr trúarbrogd hafa og telia hverki adra á né kúga til ſinnar trúar; þeir eru

Digitized by Google

sparneytnir og hóssamir mieg; eingum er þar, nema hermönnum, leyfiligt at snæda kiotmeti; þó er þeim einnig nauta-slátr bannat; ber þat til þess, at nautpeningr er helgr á þessu landi, med því hann hefir þar frá alda ödli þótt dýra gagnsamastr til akr-yrkiu. Verdi Bramin nokkr fundinn at því, at hann drekki vín, er hann vægdarlaust brennimerkter med bikars-teikni og rekinn úr samvistum ærligra manna. Auk þessa eru Hindúar ráðvandir, göðlyndir og manna hreinlátastir, bada þeir sig og lauga sídægris, og fordast sem mest meiga, alt óhreinindi. Þar eldir enn eptir af ómsum fornum og kynligum sidum; t. d. á Malabarstrondinni, at ein kona á fleiri enn einn mann í senn; at eckjur, sem óbyrinr verit hafa, hve úngar og fridár sem eru, láta sig brenna lifandi med likum manna sinna, hafi þier verit medlimir annarshvors hinna tveggia fyrstnefndu þjód-flokka; frá öndverdu hefir þessi hryllilega og mannrænulausa sidvenia vidgengist medal Hindúa, þó hafa dæmin því meira sækkat, sem adrar þjódir, t. d. Múhamedanir og Enskir hafa feingit meiri umrád í þeim löndum, er Hinduar byggia.

Medal þeirrá hluta er knúit hafa eckjurnar til at flytta á þennan hátt æfi sína, telia menn óstyrilátar truarbragda grillur og hérvillu, hégómadýrd og fýsn til at komast í ordróm, og ástundum eintómt ástriki; þó mun þat sialdgiæfast; þeim konum, er á þennan hátt fylgia mönnum sínum til heimkynna hinna framm-

Digitized by Google

gengnu og til at hjóda heim þar, hèita helgis bæk. Hindúa og Bramínar óumræðiligrar sælu, en hvergi áqveda log þeirra þvílíka óhæfu. Annars má þess hér géta, at hvergi er eckiu þóum eymdarligri enn í þessu landi; því bæði er þat, at þær eru syrilimar miog, (hafi hær eingin barn gétit) og mega gánga slippar og snaudar frá stór-eigum manna sinna, þiggia náðarbrauð af erfingjum þeirra og þola, sem ambáttir, illa medferd. Lýdrinn í landi þessu er sáfróðr miog, hiátrnarfullr, fastheldinn við forna villu og manna tregastr til umbótar og nýrra síða. Í heim íþróttum, er létta vesnað og handidnir, taka Hindúar allseint framförum, en eru þó manna starfsamastir; þeir vefa kattún, silki, máluð lérepti og herdaklúta, manna best og nýtia smidibygdir með þvílíkri kappsemi, sem væri þat tráarbragda-skylda. Bókvit er þar lítit og mentir fáar; Bramínar einir hafa snefil af lærdómi og leggia einkum stund á at nema samskrits-tungu, nokkurskonar stiarnlærdóm, læknislist og uttaxræði, títtlsiærliga himinrúngia-þecking og stiornuspádóm. Í heim londum, er Enskir hafa til eignar og umráda, láta þeir sér annar um at draga urd af gleðum þeirra, enn at menta þiódir hær, er þau byggia; svo ei þykir annat líkara, enn at medlimum hins austindianiska verslunar-samfélags álíti þat hagnadi sínum hentast, at Hindúum ei midi stórum framm á veg til mentunar og frama.

Hindúar eru allmennast háir vexti, fridir

Digitized by Google

sínum og vel-límdir, fínir og manna mínkastir; þeir eru gulleitir á hörundit og því dekkr, sem þeir eru af lægri stiguni; en Braminar og heldri menn líkjast vænligum Evrópumönnum, er nokkut hafa líkvörpst af sólar hita. Þeir eru flestum mönnum smáhenduri og lid-mjúkir, smýrja þeir sig tídum og íðka mínklerka íþróttir; þeir unna mjog kyrrsetum og makindum, eru seinvirkir, en þó náliga aldrei idjulausir; hverki eru þeir blódgirnugir né hefndargjarnir; medal hinna hindúisku þjóða eru Maraktar, Radsbútar, Róhillar, Kóligarar og Maravar hraustastir í orrustum og vanastir við vopnaburd og hernad. Hindúar eru manna fégjarnastir og allnídstir; mun því at nokkru leyti ollat hafa langvinn ánján og áseelni útlendra droknara. Þeir eru flestum sídudum þjódum alltídligri og þjónustufyllri, gestrisnir og velvirkjadir við alla, er fara vel at þeim.

B. Austr-Indíaland (Bag-Indien).

Þat er sá hluti hins mikla Indíalands, er menn kalla Indíur, fyri handan Gángá (sord. India extra Gangem) og sem er ástæst hit nyrdra við Indíur hérna megin Gángár (fyrr. India intra Gangem) eda Bengálaland. Land þetta er allvídlendr meginskagi, hvorium Bengala-flói markar takmork hit vestra, en Kína-haf at austanverdu; fyri nordan hat liggr Kínatíki og Tibetaland.

land
nú

Digitized by Google

Hit syðra gánga þriú nes í sudr og jafnmargir firdir inn í landit; sá vestasti er bugt ei allmikil, er hverfr inn af Bengala-flóa og kallaðr íst sord. Sinus Sabaricus; austar gengr Siams-botn inn imilli Malakka-ness og Kambodju og Tunkinsbugt austast, þar er þetta land og Kina riki mætast. Á líkan hátt greina fiallgardar, er gánga jafnsídis í sudr frá Tibeta-lands takmorkum, landinu í þriá höfudparta; eru þar dalir breidir og fagrir og vídlend hémud; eptir þeim renna allmorg vatnsföll og mikil til hafs sudr; medal þeirra má telia: a, Nukiang eda Iravaddi vestast; þá b, Lukiang eda Pegú-fliót; koma þau badi til sjáfar fyrir vestan Malakka-nes. Austar fellr c, Menám í Siamsbotn og þá d, Menam-Kom, er kémr til sjáfar fyrir austan sídastalin botn; þar er allra flóta mest í þessu landi og hleypr á vissum tídum á láglendit og frjósgar þat ríkugliga. Land þetta er vídast frjóssamt og fagurt, giædi og landskostir eru þar þvímer jafnmiklir og ei toluverdt lakari enn á Vestr-Indialandi. Í fiollunum finna menn margskonar málma og gimsteina; þar eru og mørklond mikil og ágiætr vidr til skipasmída. Sumstadar eru þar eydimerkr, sendinn jardvegr og flóar.

Digitized by Google

Austr-Indialand er 40 000 sænskrar mílur at víddtu og greinist í 7 ríki, nl. Asam, Birmanna-riki, Siam, Anam, Camódja, Laos og Malakka, og er þat um þau at segja, sem fylgir.

1. Asams-riki (Ascham eda Aschem).

Þetta riki liggr nordvestast á Austr-Indalandi og í milli Bengalalands, Tibet, Birmanna-rikis og bádumegin árinnar Burrampúter. Þat er 1500 ferh. mílr at stærd, einka gott land, sérkunnar fagurt og frjósamt. Þar er höfudstadr, er Gergong (eda Kargaum) heitir; hann er mikill ummáls, gengr um hann girding af bambústreyri og liggja akrar og hörp fyrir innan; þar sitr höfdingi lands þessa, er Rajah kallast, at nafnbót.

Innbúar lands þessa eda Asiamiar eru hraustir í orrustum og óvægnir, rammir at afli og sinir, höfudargjarnir og ótryggeir, og manna grimmastir vid útlendinga; hafa þeir og leingi varist fyrir nábúum sínum hit vestra er hersat hafa á riki þeirra. Þeir eru hérumbil 2 milliónir at tölu; kunna þeir allvel at silkispuna og tilbúa margskonar vefnad og refil.

Birmanna-riki (Birmanernes Stat).

Þat liggr fyri sunnan sídstnefnt riki, Tibet og Kina, fyrir austan hinar breidu landeignir

Digitized by Google

og sudr med Bengala-botni austanverdum; þar samanstendr og fiórum fornum konúnga-ríkium, er Ava, Pegú, Arrakan og Kasay hétu, og af nockrum hluta af Siamslandi, er liggr fyri austan Birmanna-veldi. Þat er 12000 (sumir feigla 14750) ferh. mila at vidáttu. Mikill hluti lands þessa er afar lángr, breidr og fagr-dalr eda hérad; eptir því rennr fliót mikit í sudr, er Iravaddi heitir, (einnin kallat Áva og Mékiang), þat fellr undan sudr-takmarka-fiollum Tibetalands og hleypr árliga á lágleudit og friósgar þat. Þjódvegir eru vida gódir í þessu riki.

Í landsálfunni Áva, er liggr mitt lands í riki þessu og nær hvergi til hafs, er hofud-borg þess, er Umerapúra (Ummerapoora) heitir; hún stendr á nesi vid fliótit Iravaddi austanverdt og er at mestu leyti af bambús-reyri gior og allmikil umbúnadr; þar er hofgardr mikill, af steini giorr og allvida gulli skreyttr, er lýsir jafnframt ofmetnadi, ofursé, austr-landa sundrgérd og prjáli. Í borg þessari segia menn séu 200,000 innbúar.

Landsálfa sú, er Arrakan kallast, liggr fyri vestan Áva og vid Bengalabotn; skilr þar fiallgardr, er gengr úr nordri í sudr og kallast: hin miklu Vestr-fiöll (eda Onupektu-

Digitized by Google

miu); har er Arrakan, 12 mílr frá sæ og í dal vid samnefnda á; hat var fyrrum hofudborg í tédu kóngsriki, og er enn mikil og fiolmenn; har er einhvor hinn mesti og skrautligasti hofgardr á Austr-londum; er har holl mikil og afar gullfiollud; í henni er háseti og sudvegis himin yfir, hvorutveggia af klára gulli, og alt at hoi skapi prydt og gimsteinum sett. I Arrakan eru hérumbil 160,000 innbúar.

I Pegúrlii er hinn mesti kaupstadr í Birmanna-veldi, er Ránguin (Ranguhn) heitir; hann stendr vid Iravaddi eda Ava-mynni og er nýliga bygdr; hefir hann sliótliga aukist at audlegd og margmenni; hvi bædi er hat, at hann liggr vel vid kaupskap og sigling og einnig hafa skuldaþrióttar af ymsum londum hángat sókt og hafst har hald og traust. Par eru 30,000 innbúar.

I nordaustr hadan er Pegú, er fyrrum var hofudborg í vidkéndu riki og á 17du old midri var rænd og nær í grunn brotinn af stiptara hess nú verandi birmanniska ríkis, er Alompra hét; þó feingu innbúar hessa stadar, er eptir lifdu, seinna leyft at byggia hann at nýu og er sá miklu minni og at ollu ómerkari, enn hinn forni. Par eru, sem hvervetna í hessu riki, godahof morg, enn eitt ber þó af

Digitized by Google

allum, er Skamadú-hof kallast eda blóthof hins gullna guds; har er afarmikit og stórkostiligt mannaverk, er stendr á hól og er 36 fóta at hæd.

Lond hau, er liggia undir Birmanna keisara, eru nær samlikum giædum buin, og Vestr-Indialand; har er gull og margskonar málmtar i jardu, ambra, silki-ormr mikill, bifugna rækt, sílar og villiuxar, hrísgrión, silkireyr, indigó, tóbak, vidar-ull, alskonar krydd-urtir og skógar miklir og forkunnar gódir (einkum i Pegu); har má finna tvennslags ibenholt, hvítt at lit, og svo beygjanligt, sem skidi; har er einnin hit spokallada thik-tré (Tectona grandis); hat er ei svo hardt, sem eyk, en beygjanligra og hyerinum vid óglidupara, stadhetra og og hentugra til skipasmida, med hvi hat verst súa og tré-ormum nær i hundrad ár; Enskir hafa um hrid sókt hángat vid henna og keypt dhrum dómum; er hvi ei blikligt, at heir renni girndar augum til hessara landa, er bædi liggia svo nærri jardeignum heirra og eru svo audug af margbreyttum giædum i jord og á.

I riki hessu búa ymsar hiódir, medal hyerra sú, er hat tekr nafn af og sem ondverdliga á seinni helmingi 18du aldar afrekadi sér med herskildi einveldi yfir sprettódum londum, og Peguanir, eru hinar merkustu og voldugustu. Almennast eru innbúar hessara landa hugrekkir, sliótlyndir og grimmir; há heir t. d. byggia blóthof, gripa heir hann, er fyrstr gengr framhiá, varpa honum lifandi i vegginn og

Digitized by Google

hvikseira hann þar. Konur búa þar við knappan kost; þó láta þeir hverki geldinga gjæta þeirra, sem viðast er sídr á Austrlöndum, né banna þeim umgengni med útlendingum. Allmorg skrautlig húsakynni í hinum stærri stöðum og stórkostlig bóthof votta, at hverki bagar þeim efnaleysi né atorka, og at þeir kunna allvel at smídum og ýmsum handverkum. Í tilliti til akryrkiu kunnáttu er þeim mjög ávant, en frjósemi landsins lætr þá ei at heldr skorta viðurværi. Nautpeningr er þar margr, en illa ræktadr. Birmenn skeyta ei um saudfé, med því þeim þykia geitr mjólka betr, — og þeim er ei ullar vant. Kángvinnar stýrjaldir hafa hamlat framförum Birmanna í handidnum og ýmsum smídum; þó svinna þeir silki allvel, sem ei er sídr enn Kínamanna, vefa dúka, smída kaupskip, (einkum í Rángún) forkunnar vel, hvad sagt er at þeir hafi af Frökkum numit. Ei eru Birmenn heldr snaudir af mentum né upplýsing; þó sér þeim í þessu sem öðrum Austrlanda búum, at þeir fremr standa í stað, enn taka framförum. Þeir unna og iðka skáldskap, landaskipunar fræði og sögur af forfedrum sínum; einfaldlig er þekking þeirra á lækningum og enn minni á himintúngla gángi; þó bera þeir at eins kénsl á mána árit. Þar eru munka klaustr allmörg, og er bókasafn nockurt í hverju þeirra, er geymist í lakerudum kistum. Ei eru Birmenn somu trúar og Hindúar; þeir blóta somu gudi og Kínesar og kallast þau trúarbrögd: Budda trú; þeir kalla æðsta gud sinn Gádma (Gaudma) og trúa, at ver-

Digitized by Google

viðin sé án upphafs og enda eða eylíf; með því spekingar í því landi kalla það goðgá mikla eða guðlastan at eigna nokkurri andligri veru eða Guði skapunarverkit. Heimrinn (segia þeir) er vixl-breytingum undirorpinn, hann eyðist og endrnýast at eylífu og það sem deyr og líðr undir lok, lifnar at nýu og mindast af leifum þess til samlíkrar veru og eðlis, er það áðr hafði. Gádma eða guð þeirra er ordinn til og lifir í fullkomleika og fullsælu, er hann hlotit hefir fyri dygð sína og góðan verknað. Hann var í suðverðu holdligr maðr og heldr í búi; er látinn giordist hvít-álfr (Nat, o: Genius) og síðan, fyri sakir speki sinnar og skægvitsku, er Birmenn kalla ollum mannkostum fremri, hóst til æðstu tignar medal hinna fullkomnu anda (Rupa) eða guða, er allir á líkan hátt hafa áunnit sér þvílíkan gæfugleik.

Fyri Birmanna-riki ræðr mikillátr hofðingi, er síðan 1800 hefir látit sig kalla keisara (eða Bóa). Veldi hans marka hverki log né annara villji takmörk og er hann gjörsamliga skálfráðr einvaldi (Despot). Titill hans er langr og skrumfullr; þar kallast hann: herra lopts og jarðar, einvaldsstjórnari mikilla forþénusta og vegligs veldis, hofðingi konúngsríkia og landsálfa (er upptelast), eignarmaðr hafna, kaupstaða, gimsteina og málma-námna (er allt þetta nafngreint) o. s. frv. — og hvers lof þeir skulu svo langt, sem sól og tungl ganga, viðfrægia, er beygia auðsveipit hofuð undir hans, haminginjasama fót, &c. &c., Keisaranum gengr ríkisráð og ymsir fulltrúar til handa í

Digitized by Google

landsstjórninni; hird hans er stolmenn og skrautlig, en hó hvergi um of; hann hefir óstyrandi hér af ótta fyrir Enskum og ver hann til þess arna fé; veikist því stórmagn landsbúa, og fjoldi þeirra stokkr árliga úr landi til hinna ensku landeigna fyri afriki hans og stórheimtum. Lid hans er nidrskipat og æst í vopnaburdi á evrópumanna visu, en litt er mestr þorri þess at vopnum búinn; med því Frakkar og Enskir hafa honum selt skotvopn hin, er heim þóttu ei lengr duga mega. Allir eru stadir þeir, er vid stiótin standa, skyldir eptir sverd og at tiltolu at tilleggia nockurskonar herbáta, útbúna til leidángurs, þá keisari býdr. Bátar þessir eru eintrjáningar eda thiktrés-bolir, holadir med exi eda eldi, 80 fóta at lengd og 8 at þvermáli; á hverjum þeirra eru 50 til 60 ródrarmenn, 30 vopnadra manna og eitt fallstykki á stafnloki. Peguanir eru Malajum líkir at skapnadi og skapferli; þeir eru velvaxnir, en þó audþeckir frá Birmonnum af fölara yfirbragdi og hárskurdi, med því þeir láta ei hárit vaxa á epteri helmingi hofuds, en at framanverdu skéra þat eptir brúnum; þeir eru taldir menn óþrifnastir á Austr-lendum. Birmenn eru miklir verti og hraustir, fiormiklir og snarir, móleitir og svarthærdir og halda lengi úngdóms yfirbragdi, med því þeir strax plokka skéggit burt med smátaungum jafnódum og þat vex; þeir tattóvera *) arm- og fótleggi,

*) Tattovere er eptir teiknudu munstri at stúnga horundit nálar-oddum og núa marglitum og

Digitized by Google

háls og höfderdan med margkonar furdanligu um mindum. Birmenn eru gledimenn miklir og leika marghättud leikspil; their tebla skák, en á margbreyttari hátt, enn sídr er til í Nordrálfu.

III. Siams-riki (Siam).

Land þetta kallá innbúar þess: meuang Tai d: konúngsrikit Tai, en sjálfa sig nefna þeir Tai d: friálsa. Þat er feikiliga mikill dalr eda hérad imillum tveggia fiallgarda, frá 15 til 60 milr at breidd; eptir því endilaungu fellr stór mikit í sudr, er Siamesar kalla Menam (d: hit mikla vatnsfall), renna í þat þvert ár margar bádumegin. Land þetta segia menn sé 6100 ferhyrúings milur at vídáttu og at innbúar þess séu 2 miliónir. Þar er heilnæmt loptslag, en ledjan, er árnar bera á slétturnar, og á þann hátt gióvir þat at fiálffræunum akri, ollir jafnframt ódauns og óheilinda. Á vetrum (es svo má kalla nokkura árstíd í þeim hluta heims) eru þurrvidri, en á sumrum afarhiti og ástundum rigningar; er þar lángvidrasamt miog sem í Bengalsbotni. At eins

---

báfmáanligum farfa í beinjarnat; koma þó fram hinsar sígúrur, er sumum þjódum þykir prýda líkaman, en sumum, lýsa virding þess, er ber.

er fyrtéðr dalr yrktr, en fiallin á báðar síðr eru skógar einir og markland og bæli margkyndaðra villidýra. Landskaðir eru þar margir og ágætir og nærhæfis samlikir þeim, er taldir eru á Vestr-Indialandi, t. d. mais, hirse, hrísgriðn, tamel, kaffe, vidarull, betel, síkreyr, ymsir krydd-ávextir, hambúsreyr, tankitré (er menn giora pappir af) litunarviðr, gull, eyrjárn, blý, tin, segulsteinn, saltpetr, brennusteinn, demant, o. s. frv. en landsbúum ferst lodurr mannliga at hagnýta sér allt þessi þeim í skaut borin giæði. Riki þetta er greint í 11 landsálfur og ráða fyri þeim jarlar, er allir hlýða boði og banni Siams konungs. Merkasta borg í landinu er Siam eda Judia (Schudia, Juthina eda Odian), hún stendr á ey í fljótinu Menam og er 2 mílr ummáls, en ei at því skapi fiolmenn; umhverfis hana gengr einlægr múrveggr og igégnum hana síki mörg; er hún at því áþeck Feneyaborg. Þar eru steinhús mörg og breið stræti, en lág húsakynni, hrís hofgarðar og háreist blóthof, eru í þeim skúrgoð mörg, gylt og skrúðbúin. Utan og innan múra eru hús fyri 100 þús. Í þessari borg sitr konungr á vetrum, en á sumrum í stað þeim, er Lúvó heitir, 4 mílum nordar.

Fyri vestan Siam liggr eyaklasi mikill, er Mergúi-eyar kallast; þær eru forkunnar

Digitized by Google

gódar og friósamar. Par eru ágætar hafnir. Sumar eru eyar hessar óbygdar, þó fagrar séu.

Innbúar hessa ríkis eda Siameser eru fremr litlir enn mjkllr vexti, og ei illa limadir. Andlit heirra er breitt og hýnær ferkantat augun smá og ei áliflig, en skock í hofdi og er hár hvesta í heim gult, nefit stutt, munurinn mikill, varirnar hyckar og bleikar, tennr svartar (af betels-áti), horundit bleikgult, eyrunn feiknalaung, hárit svart, hykt og stutt. Peir gánga hyervetna berfættir og berhofdadir og speiva at eins dúk um mittit, er nær heim at kniám nidr. Siameser eru hreinlátir, lauga sig tídum og smyria margskonar daungódum smyrslum, en aldrei skera heir nyglur sínar, en hrisa hár og tennr vandliga. Pótt landsmenn kalli riki hetta: frialsra-manna-land, samspara kúr heirra hvi ecki; mc hvi kóningr heirra er vid eingin lög bundin og hefir einn einkarétt til at verzla og reka kaupskap. Undirsátar hans eru skyldir at þjóna honum árliga í 6 mánudi án kosts og launa, og eru greindir í 3 flocka, nl. innbrótt eda verndarlid kóninga, vinnufólk hans og embættis-menn; heir sídstnefndu fá at eins ánaudug hión í laun. Siameser kunna litt at handidnum og smídum; þó vinna heir bómull og silki til eigin fatnada. Kaupskapr er har litill. Portúgisar átti fyrstir allra Evrópumanna vidskipti vid hjód hessa; sídan Frakkar, er 1680 vóru dreonir har og úr landi reknir. Eptir þá komu Hollendingar og Enskir, er nú á dögum alleinir eiga kaup vid Siams kóning.

Digitized by Google

Hvar prældómr dróttnar, sæka menkaghbjur eigi bólfestu; svo er einnig í Siamslandi. Þó eru þar til fornar helgi-bækur, ritadar á Pali tungu, er innihalda gudafræði og siðalærdóm, og eru leifar af forgengnum mentum. Þar eru skólar, í hverjum prestarnir (Talapoins) kénna unglingum at skrifa og reikna. Í landi þessu eru hin búddaisku trúarbrogd (Buddhaismus) þjódertrú. Siamesar kalla gud sinn eda frelsara: Sommona Codom en ei Buddha. Sumir lærdir menn meina, at gud þessi sé eingin annar enn Pythagóras og færa þat til sins máls, at aldr beggja samsvari og trúarlærdómar hins síðstnefnda séu miog líkir fræðum Siamesa og sögum þeirra um Sommóna Codom, at því undanskildu, at landsmenn segia at téðr gud hafi átt bródir, Thevelat at nafni, er hafi asvegaleidt lífsins med raunguin kénningum og hafi því krossfestr verit og þyrni-krýndr. Þeir kalla alla Evrópumenn Thevelats áhángendr, einkum þá kristnibodara, er þar hafa komit og fengit litit ágiort.

IV. Keisaradæmit Anam.

Þat er vídlendt riki, forkunnar frjósamt og margskonar dýrmætum kostum ýg gædum búit í jörd og á. Þat samanstendr af tveim löndum allmiklum, er Tunkin (eda Nordr-Anam) og Kockinkina (eda Sudr-Anam) heita, og margir meina at vid þat séu nú tvo lönd skeytt, er Laos og Kambödja kallast; liggr þá

Digitized by Google

allr hluti Indlalands (fyri handan Gánga), hvorjum Sianis-riki hit vestra, Kina hit nyrdra, en haf at austan- og sunnan-verdu marka takmork, til þessa ríkis. Það er 1800 serh. mil. at vídáttu, en innbúar þess segja menn séu 18 milliónir at tolu. Þau tvo fyrrtöldu riki vóru um langa æfi háð og skattskyld Kinakeisara, en hofdingi sá, er á vorum dögum rædr fyri Anams-riki og Gia-Long heitir, hefir steypt veldi Kinesa og tekit sjálfr keisara-nafn. Svo er land þetta fagurt, frjósamt og vedrsælt, at ei hykjast ferdamenn því nógsamliga hrósat géta. Ofurhitan í ollum þessum Asiu sudlægu löndum temprar, þar sérlagi, fjalla- og sægolan. Akr er þar sjálfræun og ber tvisvar og þrisvar á ári; vaxa þar hmiskonar aldini og ávextir, er vídast í heimi eru þkunnir, margskonar ágjætr viðr, sandel tré og hit daunsæta Kalambó. Í skógunum eru nashyrningar, kóngstigrar og fíll margr og mestr verti í heimi og margvunr merk dýr; — gull er þar ogj mikit og svo ágjætt, at hvergi finst jafngott, silfr, eyr, tin, járn, o. s. frv.

Stadr sá, er Phú-Xuam heitir er höfudborg í þessu riki og keisara-setr; hún stendr báðumegin árinnar Hüe, er skilr Tunkin og Kokinking. Borg þessi er líkari afarmiklli

Digitized by Google

bæa-hyrping, enn skipuliga bygdum stad. Par eru 30,000 innb. og 400 godahøf.

Bak-Kín eda Keskó (Bac-Kin eda Kescho), er sumir kalla Kakú (Cachau), var fyrrum høfudstadr í Túnkin. Pat er mikill stadr ummáls og afar-fiolmennr. Í Kockinkina er Hué-han eda Fai-Phó, pat er hinn mesti kaupstodr í ríkinu, er par og høfn gód.

Innbúar ríkis pessa eru Kinesum mjog líkir at skapnadi og álitum, háttum og handidnum, og eru peim jafnfærir til pess er mentun og mannvit parf til; peir mæla líka tungu og standa á samlíkri upplýsingar troppu. Keisarinn, hird hans og embættismenn (Mandarinar) trúa Confúsíusar lærdómum og fylgia hans bodum; peir trúa á einn Gud ædstan, er skreytt hafi heimin og lagat, en ei skapat; peir segia at gud pessi sé andi, er at eins verdi endum kunnr og af hreinu hjarta dyrkadr. Um ódaudligleika mannkynsins vita peir ei hvorju trúa skal. Hvorki hafa peir hof né presta né tídagisrdir, en tigna at eins himnanna konúng og idka dygdina, því hún er launaverd. Eingum er leyfiligt Gudi fórnir at færa nema Keisara-num einum. Almúginn í ríki pessu blótar gudinn Buddha, (er í Túnkin kallast Bout) og fórna honum allskonar frumgrída, og tilbidja hann í kofum; í peim eru guda-líkneski misrg, er ánnatveggja hánga upp undir midin riáfri eda standa á stalli eda prepi, en hvergi er par skraut né altari. Pessi trú kallast hin schamaniska trú og er hún vída í log leidd á

Digitized by Google

Austr-löndum; hennar áhángendr blóta afar marga gudi, bædi skapada og óskapada, er búa í himintúnglum, lifandi skepnum og daudum hlutum; þeir gjöra og bílæti eptir þeim, og setja þau í ýveru-hús sín og bera þau á sér í ýskjum. Menn lifa eptir daudan, en í sorgligu ástandi, er hverki gódverk né illvirki breyta géta og um hvort gudirnir, sem hverveina eru idjulausir, ecki skeyta o. s. frv. Þó er þessi trú, hverki í þessu ríki né annarsstadar, samlík þvi, er hún var í vndverdu, þá hún hófst, heldr blondut og breytt á ýmsa vegu. Yfir 300,000 manna hafa trúarbodarar kristnat í landi þessu. Keisarinn hefir ótakmarkat veldi; lid hans er 120,000 at tolu; log eru þar straung; samqvæmt þeirra bodi er af þeim, er hnuplat hefir í fyrsta sinni, höggvinn einn fingr, sídan annar, svo eyrat og fyrir stuld í fiórda sinni og allskonar stórhjófnad, hofudit; þeim, sem ótrúr er í ektastandi, hvorthelbr þat er karl edr kona, er varpat fyri fíla, er strax stytta þeim aldr, o. s. frv.

V. Konúngsríkit Kambódja (Cambodja eda Cambodscha).

Þat liggr imillum sudr-hluta Siams-ríkis og Kockinkina, fyri sunnan Laos, en hit sydra nær þat til sjáfar, nl. Siamsstrandar og Kinahafs. Bædi þessi ríki, Laos og Kambódja, liggja milli afar-mikilla fiallgarda, er gánga í

Digitized by Google

nordr og sudr og midda feikna-láugan og breidan dal, hvers eſri hluti kallaſt Laos, hinn nedri Kambódja; eptir dal þeſsum midjum og jafnframt igégnum lond þeſsi endilaung fellr mikit vatnsfall, er Menam-Kom heitir. Hvorutveggju eru riki þeſsi Evrópumonnum þvinær gjorſamliga ókunn. I Kambódja er Lúvek hofudſtadr og konungs heimili og ſtendr vid ſyrnefnt fljót; hann er ſagdr mikill undmáls, en all-óáſjáligr.

Innbúar þeſsa lands eru dockmóraudir á hörundit og kunna nockut at bómullar- og ſilki-ſpuna. Þar reka Kinamenn, Japanir og Portugiſar kaupſkap. Landsmenn trúa á Búdda; veldi preſta hans er þar mikit og konungi geigvænligt.

VI. Konungsrikit Laos.

Þat liggr á millum nordr-hluta Siams-rikis og Tunkin, en ſyri nordan þat er Kina; þat nær hvergi til ſiáſar og er því farmonnum úr Nordr-álfu heims hinu ſyrrtalda riki ókunnara. Þar er ſtadr ſá, er Lantſkang heitir, er ſumir kalla Vinkian; hann ſtendr mittlands og vid téda þjód-á. Adrir ſegia at Sandepóra, er liggr ſunnar vid ána, ſé hofudborg rikis þeſsa og konungs heimili.

Digitized by Google

Í Landi þessu er fíll afar margr, sem nafn þess bendir til, er þýdir: þúsund fílar. Innbúar þess eru sagdir sterkir, skrautligir í atbúnadi, hæglátir og einlægir, en lostasamir, hiátrúarfullir og ánaudugir þrælar áselinna og fáfróðra presta. Þeir eru somu trúar og Kambódjumenn.

VII. Meginskaginn Malakka (Malacca).

Svo kalla menn nes þat á Asíu meginlandi, er lengst skagar í sudr og hvors tá eda hafdi (Romania) liggr hérumbil einn mælistig fyri nordan midjarðarlínu. Skagi þessi er mjog langr og mjór hit nyrdra, en verdr breidari þá sudr eptir dregr, og er 2150 ferh. mil. at stærð; eptir honum midjum gengr fjallgardr, allr skógi-vaxinn, til Romaniu-hofda sydr. Í landi þessu er hverveina vor og nafntogut vedrasæld; tré og akrar bera svo vetr sem sumar og ilmr af blómstrum og trjám fylla dampahvolfit, er regnskúrir og hafgolan nær dagliga tempra med lifganda kuli; hafa því sarmenn, er þar komu vid land, þókst Paradís fundit hafa; en þá frá sæ dregr, taka merkur vid og hyckir og myrkir skógar, er vilji þjódir, sem Mon-

Digitized by Google

ekabnar kallast og eru mannætur, byggia eitradir hoggormar, margskonar villidýr og skyndur; voga því hverki útlendir né innlendir at kanna upplendit á skaganum. Gull er þar og silfr, og tin svo mikit, at landsmenn þekja með því hús sín.

Sunnarliga á vestr-strandinni stendr staðr sá, er Malakka (Malacca) heitir; þar eru 12000 innb. góð hofn og festing, er stendr á hiargi. Hann er eign Hollendinga.

Af honum tekr skagi þessi nafn, og sund þat, er skilr hann og eylandit Súmatra.

Ey nokkr, 22 serh. mil. at vídáttu, er Pulo-Pinang kallast og liggr skamt undan vestr-strond skagans, tilheyrir Englum; þar eru 19000 innb.

Nokkr hluti lands þessa er skattskyldr Siams-kóngi. Evrópumenn sækia þángat sérlagi: tin, pipar, silabein og litunar-tré.

Þióð sú, er byggir strandir Malakka-skaga, kallast Malajir; þeir eru hverki Hindúum, Birmonnum, né Siamésum líkir at áshndum eda skapsmunum. Þeir eru vodvamiklir og rammir at afli, miog dockmóraudir á hörundit og kolbrúnir á hár, vygdir miog, nefstórir og flatnefjadir, grimmligir og skapstórir, ósvífnir og svo fiölfiarfir, at þeir hverki fordast eld né eggjar medan á heim er brædin; þeir bera jafnan daggard í hendi og eru hvervetna búnir til illvirkia og víga, þá til fiár er at vinna. Heima

Digitized by Google

eru þeir latir og láta þræla vinna fyrir sér, vanrækja jarðyrkju og adrar handidnir, enn vopnasmidi, og kalla eckert svo frægt vera, sem hernad og ránskap og tala sjaldan um annat, enn heidr, hugdirsd og þau afreksverk, sem heim eru tomust; svo þat má segia um hennan landspart í Asiu, at þar sé fagurt land illa skipat. Um lánga æfi hafa einkum Hollendingar átt verslunar vidskipti vid þjód þessa; þeir hafa fært sér stridsfyst hennar og óskipuligt stjórnarform í nyt og æfi fyrsta, hvorn ámóti sdrum; eyddist þá þrek hennar og skipafiöll; — en þeir unnu gagn af hennar skada og tekudu þar gud saman.

VI. Hit kinesiska Ríki (det chinesiske Rige).

Petta stórkostliga ríki gengr Rússaveldi næst at vidáttu af öllum ríkjum á heimskringlunni. Pat liggr ímillum kaldu Svithjódar eda rússisku Asiu, hins fria Tataralands, Indialanda, og hins kinesiska og japaniska hafs. Pat er 196,000 serhyenings mílur at stærd. Par eru 170 miliónir manna.

Digitized by Google

Kina-veldi greinist í 7 hluti, medal hvørra høfudríkit er, 1. hit eiginliga Kina, sem er 70,000 ferh. milur; undir hat liggia 6 skattlond, nl.:

2. Tibet	18,000	ferh. m.
3. Hit litla Búckaraland	10,000	— —
4. Móngólaland	55,000	— —
5. Tungúsaland	36,000	— —
6. Meginskaginn Kórea	4000	— —
7. Lieu-Kiu-eyar		

I. Hit eiginliga Kina (China *).

Hat liggr fyri sinnan Móngólaland, og fyri vestan hat og Tibet, og fyri nordan Austr-Judialand er at ausiaverdu markar hví hin kinesiska gula haf takmark. Nyrdri hluti lands hessa er fiollótt; ganga hadan allmargir fiallgardr í suðrættir og eru heir allir lágir. Á tindum fiallaheirra, er ganga úr austri í vestr á nordr-takmorkum Kínalands, er einlægr og manngjordr múrveggr, 300 milur at lengd, er Kinesar hafa

*) Landsmenn sialfir kalla riki hetta: Tschong-kue o: Midpúnktsland; Hindúar: Maha-Tschin o: hit stóra Tschin; Arabar: Sin; Rússar: Kitai og Japanesar: Tho.

Digitized by Google

giort, yfir fiöll og dali, til verndar fér móti herhlaupum þjóða þeirra, er bjuggu fyri nordan téd fiöll. Þat er eitthvert hit feikiligasta og og 2000 ára gamalt fórvirki.

Tvo eru vatnsföll merkuft í riki þessu, nfl. a, Hóang-hó (t: hit Gula fliót); þat rennr ur vestri frá Móngólalandi og kémr til fiáfar í hit kinesiska haf. Þat er 400 mílr at lengd — og b, Yang-tse-Kiang (t: hit Bláa fliót), þat kémr frá Tibet, rennr mittlands í igégnum landit, 400 mílr í austr, og í fyrnefnd haf; er þar mynni þess nær 15 mílur at breidd, en imillum ósa fljóta þessara eru 40 mílr vegar. Bádar eru ár þessar stráungar og allvatns-miklar. Auk þessara vatnsfalla eru þar allmargar ár, sem vida eru samteingdar med manngjordum síkjum, til at létta flutninga á skipum frá einni landsálfu til annarar. Medal síkja þessara er eitt mest, er Keisara-kanall heitir; þat er grafit 300 mílur igégnum landit frá Peking til Kanton. Þar eru og afarmorg stóduvötn, þeirra nafnkéndast er Tongtinghú.

Riki þetta er greint í 16. landsálfur edr jarlsdæmi, og er yfir hvort þeirra Vice-kónge eda jarl settr.

Í jarlsdæmi því, er Petsheli heitir, er

Digitized by Google

höfudborg ríkis hessa og heimili einvalda hess, er Peking (eda Tschung-kieng-fu) d. hit nyrdsta einvalda (sett) kallast; hat er hin mesta borg í heimi; hún er, at 15 forstodum undanskildum, 5 mílr ummáls, hvívetr serhvørnd og gánga 4 múrveggir umhverfis hana og díki mikit; Kínverjar segja at hún sé 3000 ára gömul; hún skiptist í tvo parta; kallast annar hinn kínverski stadr og annar Tatara-stadr; hessi er hinum meiri og at því leiti merkari, at har er hofgardr keisarans, og afarmorg stórhýsi, er hird hans og ædstu valdamenn byggja. Í borg hessari eru 10,000 hofgardar, 2 rússiskar og 4 katólskar kyrkjur og jafnmargar Moskeur og 33 blóthof, 2 stjornuturnar, lítt at verkfærum búnir; strætin eru afarlaung og 50 sínet at breidd og eru svalahurdir fyrir endum heirra, sem lokadar eru um nætr. Til at varna ódóa gánga hermenn á strætunum um daga, med byssum vid sídu og svípum í hendi. Ei kémr mönnum saman um manntal í borg hessari; því sumir segja at har séu at eins 700,000, sumir 1 millión og 500,000, adrir tvær og enn adrir 3 milliónir.

Í jarlsdæmi því, er Kjangnan kallast, stendr borg sú vid sliótit Jan-tse-Kjang, er Nankin (eda Kiangning-fou d. hit sud-

Digitized by Google

kyga einvalda heimili). Pat er mikit berg, hálfsfjórda mila ummáls, fornfálig og vida hrunin; hún var fyrrum keisarasetr. Par er 100 álna hár turn af múrsteini gjorr og lagdr hit ytra med porselíni, hann er átthyrndr og hánga á hanum klukkur umhverfis og eru í honum 9 loptaskipti. Í stad þessum eru bómullarvefstadir nafntogadir — og 1 miljón innb. er ædrum Kinesum freme fá ord fyrir óhóf í nautn og athugadi, en eru hó betr ad sér um margt hlutt og sídprýdari.

Í mynni fyrrtédrar hjódár liggr ey sú, er Tson-Ming kallast; hángat eru stórbrotamenn teknir.

Í jarlsdæminu Zjeking er mikill kaupstadr vid sæ, er Hangtufu (Hang-teheoufou) heitir; par er 1 miljón innbúa. Af heim vinna 60,000 silki.

Formosa (eda Tai-ouan) kallast ey nokkr, 1000 ferh. m. at vidáttu. Kinesar eiga at eins vestr-strond hennar, en hinn hlutan byggir hjód nokkr, sem er Evrópumonnum med ollu ókunn.

Í jarlsdæminu Qvanton, er liggr hit sydra í riki þessu, er stadr mikill, er Kanton heitir. Pat er hinn mesti og audugasti kaupstadr í Kína og einhvor hinn merkasti austr í heimi; hann stendr vid mynni

Digitized by Google

ár heirrar, er Tahó heitir, og er greindr í tvo parta: Kínastad og Tataraſtad; þar er og forſtadr mikill, í honum búa Evrópumenn og hafa þar varnings byrgda-hús ſín og ſolubúdir. Á ánni eru hvervetna 40,000 ſkipa, er liggja í rod hvort vid ſíduna á sdru; á þeim býr nokkr hluti ſtadarlýdſins, ſem er 250,000 at tolu; þar eru laung ſtræti, vel ſteinlagd og hreinlig; þar er ei óvída perlumódir í gluggum fyri gler. Hvergi mega nordr-heims farmenn í Kínaveldi koma vid land né verſla, nema í borg þeſſari; þó er þeim bannat at leggja inn at ſtadarbryggjum, en at eins leyſt at hlada og afferma vid ey þá, er Vampú heitir og liggr 3 mílr frá Kantóni. Þadan flytja Evrópumenn: the, nankin, porſelín, ſilki, túſk, o. ſ. frv.

Í bugtinni vid Kantón er ey, 5 ferh. m. at ſtærd, er Makaó heitir; þar er ſamnefndr býr med 20,000 innbúum, er fyrrum var nafnkendr kaupſtadr. Ey þeſſa eiga Portúgiſar, en mega lúka Kína-keiſara ſkatt. Þar er hellir, í hverjum ſagt er þjódſkáldit Camoen haſt orkt ſíns qvædi ſín, þá hann ſat þar í útlegd.

Í jarlsdæminu Kjanſi er ſtadr ſá, er Kinteſking (Kin-te-sching) heitir, í ſudveſtr frá Nankín; þar eru hinar ágætuſtu porſelínsſmidjur og 1 millión. innbúa.

Digitized by Google

Í suðr frá suðr-horni Kína-ríkis og at austanverðu við Tunkins-fjörð er allmikit eyland, er Haynan heitir; það er 35 mil. at lengd og fiöllótt; Kínesar eiga at eins strandir þess, en upplendit byggir þjóð, sem hvergi er heim háð né skattgyld.

Í Kantóns fjarðar mynni liggja smá-eyar nokkrar, er Portúgísar kalla Ladrónes, eða Ræningja-eyar, með því hær byggja illræmdir sjóvíkingar, 40,000 at manntali, er í 25 ár hafa rænt kaupskip og herjat nærliggjandi strandir og eru manna grimmastir og verstir viðreignar.

Í norðr-hluta ríkis þessa er saltr hátendis, saltpeturs í jörðu og snæfalla meira ast kulda, enn í jafn-norðlægum löndum í Norðr-álfu heims, en hit syðra er hiti mikill. Á vetrum eru þar ásergiligir regnskúrir og stormar vedra síðastir. Landit er víða forkunnar frjóssamt og öll eru þar náttúruríkin einka auðug; auk heirra almennustu landskosta, er þar í the mikit, silki, hrísgrjón, vidarull, indigó, fernistré, sápustré, margskonar heilnæmis-jurtir, gull, silfr, hvitt eyr, fjallkrystall, porselíns-leir, steinkol, og fjöldi annarra gagnsamra hluta, er ofláugt yrði hér at telja. Hvervetna sem verðr, velta menn jörðu til korns, einkum hrísgrjóna, einnin á fjöllum uppi. Keisarinn sjálfr sýnir þessum atvinnu-vegi medhald og heiðr, því á vori hverju eða hvorn 15da dag í hinum fyrsta mánuði gengr hann með frændum sínum og öllu stórmenni út á akurland nokkurt, kastar sér á kné, beygir höfuð 9 sinnum til jarðar, svo viðnemr

Digitized by Google

annit, og líkr með hárri reddu hinu ædsta guddóm at blessa verk akurmanna og allra sinna undirsáta; at því búnu fórnfærir hann, sem høfudprestr ríkisins, gríðung guðinum Tien, leggr af sér konúngligan skrúða og klæðir sjálfr líkinn blett og svo stórhøfðingjar, hver af øðrum. Þessi dagr og sá, er keisarinn á líkann hátt gengr út og fáir, er einhver hin mesta hátíð medal Kínesa. Konur einar uppklekja silki ormi, og spinna og vefa bómull og silki. Kínesar eru, at Japans-innbúum frádkildum, ollum Asíu þjóðum fremri at mentum og margskonar íþróttum. Miog snemma og jafnvel fyrr enn Evrópumenn báru þeir kénsl á prentverk, kompás og púdr; enn þeir hafa fremr stadnæmst á miðjum vegi, enn tekit framförum til hlítar; þó eru þar handiðnir og verksmiðir til, er þykja allnæmi því, er best má vera; hardmedal má telja porselíns-smíði þeirra og lack, silkivefning og kattún, líkneskjugerð og filabeins smíði, o. s. frv. Tóg þeirra og pappír er nafntogadr. Auk þessa lifa þjóðvegir, mannyrðr slíkt og steinbogar eda bjúgar brýr, afar háir og uppdregnir turnar, aldingardar og sléttun hálsa og hafa nógsamliga óbreytandi starfsemi, frábærum hagleik og undrunarverðri atorku og manndómi. Innanlands er kaupskapr Kínesa meiri enn við útlendskar þjóðir. Þeir flytja varning sinn til Kiakta og eiga þar mikil kaup við Rússa. Í Kantóni reka Enskir mikinn kaupskap og Frakkar, Portúgísar, Danir, Ameríkumenn og fleiri þjóðir.

Digitized by Google

Innbúa ríkis þessa segja sumir 100, sumir 150 miliónir at tölu (eptir manntali Mandarina eru þeir 333 mill.), og greinast í margar og ólíkar þjóðir; þeirra merkastir og voldugastir eru Kinesar eda Kinamenn, þeir eru sem ætlit og limalag lýsa, af móngólískum ættstofni komnir. Sifanir, er gt eins lifa af fjárrækt og flytjast um landit med hjardir sínar; þeir eru einnin ættingjar Móngóla. Þjód sú, er Laos kallast, er hindúisk eda indiansk at kyni. Miaósar, er búa í fjallbygdum og ekta tídum grátt sífr vid Kinesa og gjöra þeim mikin skada. Auk þessara eru þar Gydingar, Mandskúar, frá hverjum Kina-keisarar, er sídan 1644 hafa þar ríkt rádit, eru komnir, Tatarar og Hindúar. Alle þorri alþýdunnar í Kinaríki fylgir þeim trúarlærdómum, er spekingr nockr, er Fó hét og kom þángat vestan af Indialandi enn vestra, kendi á 1stu öld eptir Krists burd og sem þar hefir sídan dýrkadr verit. Þeir sem eru almúgamum fremri at skynsemd og mentum, rækja sídalærdóma Confúsíusar, er lifdi hérumbil 500 árum fyri Krist og kendi mönnum sérilagi dygdir og góda sidi. Adrir játa Lao-Kiuns-trú; en keisarinn, hird hans og allir Mandskúar eru lamaiskir trúmenn. Þeir blóta gud þann, er þeir kalla Tien og æðstr er allra guda; honum er at eins eitt musteri helgat og má þar enginn fórnir frambera fyrir hann nema keisarinn. Þresta þá, er þjóna gudunum Fó, kalla Kinesar Seng, Tatarar Lama, Siamesar

Talepoiner og Evrópumenn Bonzer; þeir eru 1 mill. at tolu. Í Kínaríki halda sig Múhamedanir og ei allmargir Kristnir við. Almennust eru 4 tungumál í ríki þessu nl. kínesiska, mandskúiska, tartariska og torgótiska. Hin fyrstnefnda tunga er ei, at því leiti er viðkemr daglegu máli, þung at skilja, en ærin eru vandmæli í henni fyrir útlendinga; fyrir eyrum Evrópumanna eru í henni at eins 350 ord, og er hvort þeirra ein samstafa, en Kínverjar telja 7700; verdr þat med þeim hætti, at þeir mæla sama ordit af munni fram á 8, (sumir segja 11 og adrir 13) vega og fær þat þá jafnmargbreytta og ólíka þýding, auk allmargra figúruligra merkinga *). Miklu torveldara er

*) T. d. þýdir ordit Tschun: herra, sein, eldhús, flytta, erlátr, at tilreida, kjúfa, delviljadr, lítill eda fár, at vaska þræll, fángi, o. s. frv. Þat er sagt, at sum ord eda samstafar sái á þennan hátt nær 50 merkingar, er eingum útlending er unt úr at ráda og varla Kínesum sjálfum ástundum, sýna þeir þá þeim er ecki skilr, bókstafs mind þá uppdregna, er samsvarar því ordi, er mælt var. Þeir hafa hvorki B, D, R, X, eda Z, og setja í framandi ordum í stadinn fyrir þessa stafi: P, T, L, og S, — og þar þeir ei geta úttalat tvo samhljóðandi ásamt, setja þeir hljóðstaf aptan vid hvorn þeirra og segja og lesa t. d. Spiritus: Supi-li-tu-su og Christus: Ki-li-su-tu-su. Svo hafa þeir frásagt, er heyrt hafa Kínesa mæla, at þat líkist misg barna babbi eda þvaðri.

Digitized by Google

at læra at lesa og skrifa tungumál Kinesa, því þeir hafa 80,000 skrif-teikn eda stafa-figúrur, er jarteikna jafnmorg og samsvarandi ord og hugmindir. Til at þekkja öll riti-teikn þessi eda bókstafi þarf heilan mannsaldr og ókvikula kostgiæfni; má af því ráda, at ei er audsótt at verda til hlýtar lesandi og skrifandi í Kína og at sá þykist vel lærdr, er numit hefir 20,000 eda þau almennustu og naudsynligustu riti-teikn. Torveldni þessi ollir því, at mentir hafa þar nád litlum þroska og þeir þar svokolludu vísindamenn eru fáfródir um flest, er sídadar þjódir kalla lærdóm og frædi. Þó eiga þeir mjog fornar bækr, er innihalda allnytanliga sída-speki og fornsögur.

Í Kína er blakmyrkut einvaldsstjórn í lög leidd og er keisarinn med öllu sjálfrádr um sín bodord og gjørdir; þó er valdamönnum og dómurum leyft, at bidja hann um vægd eda breyting úrskurda. Hann kallar sig einvaldsherra jardríkis, öllu jardnesku veldi ædri, himnaníta helgada son og fodr sinna undirsáta; Menn fórna fyri líkneski hans og háseti, en tilbidja hann sjálfan, sem Gud væri, og falla framm á ásjónur sínar fyri honum. Þá hann gengr út á strætum, eru ei færri í fylgd hans enn 2000 sveinpiltar (Lictorer), er bera hlecki, axir og annr verkfæri, er jarteikna skulu audmykt þeirra, ánaud og eingis-virdi. Ríkit gengr í arf til eldsta sonar; fyri því rædr nú keisari sá, er Ka-hing heitir, hann kom til ríkis 1799. Allir ædri og lægri valdamenn

Digitized by Google

kallast Mandarinar og greinast í 9 flocka. Lögin, er annars innihalda allsæmilegar siðferdis forskriftir, áqveda þeim ótakmarkada makt yfir landsbyndum, sem vant er ordinn at hlyda þeim, sem einvaldshöfdingjum og sem annars heldr fast vid forna venju, fordast vidskipti vid adrar þjódir og verdr því hverki fródari né verkhagari, enn hann um langa æfi verit hefir.

Kínesar eru hin fiolmennasta þjód í heimi og nær öllum kynqvíslum jardríkis, at Japanesum undanteknum, ólíkir í tilliti til sida og tungumáls. At álitum eru þeir áþeckir Mongólum, þó segja menn þá Hottentotturum líkari. Kínesar eru breidleitir og stuttleitir, ennit er hátt og andlitit þvínær ferkantat, þeir eru ut-eygdir og stuttnefjadir og eru augun laung og sjónast at eins opin tilhálfs, enn nefit svo lágt milli augna, at þau bera yfir þat, þá á kinn þeim er litit; eyrun eru allbreid og hol þeirra svo mikit, at menn geyma þar hmsa smáhluti og lærdir menn gleraugu sín. Kínesar láta sér syrst skegg vaxa á þritugs-aldri, verdr þat aldrei mikit, síst hit sydra í ríkinu; þeir eru brúnir á hár, þyckhærdir og ljós-móraudir á hörund; sá þykir þeim best vaxinn, sem stutur er, digr og holdugr; þykir því ístru-maginn meiri lotningar verdr, enn sá sem grannr er, og sem þessvegna er álitinn grannvitr og gáfulitill. Konur eru þar smáfridar og nettar; þær bruka lítils farsa og lita andlitit rósraudt og hendurnar svartar. Þær einar þykjast qvenna fridastar sjónum, sem eru smáeygdar, varaþyckar, brúnar á

Digitized by Google

hár, sléttháerdar og fótsmádar; einkum er hit sídsta talit einhvor hin mesta likama-prýdi; eru því fætur barna og unglinga reirdir og pressadir í þraungum skóm, svo ei nái þeir at vaxa meir enn hlýda þykir. Kinesar eru burdamenn miklir og venja sig frá barnæsku vid at hesja steina og ómsan þúnga; þeir eru blautgédjadir, slúngnir og undirsorulir og hafa ýfir hófud þá lesti og kosti, er almennt má finna hjá þeim þjódum, sem eru starfsamar, fást mikid vid kaupverslun og ordnar eru þrællundadar af langvinni dvján og undirokun. Ridara-lid Kinakeisara er 210,000 at tolu, en fótgaungulidit 600,000 manns.

II. Tibet eda Tibetaland (Thibet eda Tangut.

Land þetta kalla innbúar þess: Puekoachim þ. e. hit nordlæga Snæland. Fyri nordan þat liggr Tataraland, Buckaraland hit minna og Móngólitt, en Kina-riki fyri austan og Indialand fyri sunnan og vestan. Þat er 18000 ferhyrnings milur at vidáttu. Í tilliti til landslags er Tibet í Asíu, þat sem Sveitzaland er í Evrópu, nl. ollum ódrum lendum hálendara og fjallóttara. Þar eru hinir nafnkendu fjallgardar: Himalaya og Mústag. Þadan falla margar þjódár, nl. Yantsekiang í austr, en Gáng-á, Menam-Kom, Iravaddi, Lúkian, Burrampúter og

Digitized by Google

ft. í sudr. Þótt land þetta liggi sunnar enn þau fögrustu og heitustu lönd í Nordr-álfu heims, eru þar þó morg snæfiöll og jöklar miklir, er aldrei þýdna, og ísléttar í dölum nidri; eingu at síðr er þat harla markverdt land og morgum gædum búit, því víða eru þar fagrir og frjóssamir dalir og fjallahlíðar hit nedra (skógi-vaxnar.

Land þetta greinist í tvo hluti, hinn nyrdri og sydri; kallast sá fyrri: hit eiginliga Tibet (á tibetísku Pu) — og hinn sídari Bútan (af landsmönnum Dokpo).

Í Tibet er borg sú, er Lassa eda Lahassa heitir; þat er höfudborg í þessu riki og stendr hún skamt frá Búrrampúter; hún er sögd 6 mílur ummáls og viggirdt med múrveggjum 3gja fadma háum og svo breidum, at 5 géta ridit á þeim samsída. Í henni eru ei allfáar skrautligar byggingar og klaustr, medal þeirra stendr vegligt og nafntogat hof; í því er líkneski gudsins Schigemúmi, (hins mikla Heilaga, er at líkindum er hinn sami gud og Búdda); þángat streyma pílágrímar án afláts og færa honum gáfr. Í borg þessari eru 3 háskólar, allmikill kaupskapr vid Kínesa og indíanska kaupmenn, prentsmidja, og atsetr jarls þess er Kínakeisari hefir settan yfir riki þetta.

Tvær mílur frá Lassa er klaustr mikit og

Digitized by Google

skrautligt, er Putala kallast; þar sitr landshöfðinginn, er Dalai Lama kallast.

Tíu þingmannaleiðir frá borginni Lassa er annar staðr mestr í þessum hluta Tíbetalands, er Tsikulúmbó heitir; þar er atsetr annars landshöfðingja, er Tæshu Lama (Taischu Lama heitir; einnig kallaðr: Bogdo Lama og Bogdo Bartschang).

Í Landspartinum Bútan er staðr sá, er Tasisúdan kallast, þar er heimili höfðingja þess, er þar ræðr ríki og Daeb Rajah kallast; þar er höfgarðr mikill og skrautligr og umhverfis þann smábýli, er standa strjált.

Hit eiginliga Tíbet er at vísu kaldara og ófrjósamara land enn Bútan, og innbúar þess hverki svo miklir vexti né hraustir, sem Bútansbúar, en þeir eru fríðari sýnum og sagurriðir í andliti, og er hit síðara eindæmi á Austrlöndum. Margir eru þar landskostir og gjæði; þar er forkunnar ullargott sauðfé og geitr svo fínhærðar, at líkara er hár þeirra silki enn bísurs hári; af því tilbúa landsmenn herðaklúta, er kosta 150 dúkata. Gull er þar mikit í námum, ám og lækjum; af því mynta landsmenn ei peninga, en þeir bera gullsandin í buddum eða misstórum þyngjum, er þeir gefa við varningi, sem vér myntat silfr; þar er einnig silfr, kvikasilfr, hvítt eyr, járn, asarmikill segulsteinn, agat, marmari, bórax, stein- og linda-salt, álún, o. s. frv. en þessa hluti hagnýta landsbúar ei, sem skyldi; þar er moskús-dýrit, feikna stórir hundar, villi-hestar (Gurkha) og villi-uxar; halar þeirra eru löngir og digrir með miklu hári og svo

Digitized by Google

mjúku sem silki; menn gjora silkipeysi um efri endann og fæla med þeim slugur frá stórhöfdu ingjum. Ymsar þjódir setja hala þessa á húfur sínar og merkisstángir. Tibets innbúar gjora pappír (af trjáberki), dúka og ýmiskonar vopnsmídi, vopn og skúrgod af málmum. Þeir eiga kaup vid Enska á Vestr-Indialandi; þó er varnings-flutningrinn þángat mjög erfidur, því þar er ígegnum fjallaklofa at fara.

Innbúar Tibetalands eru frá 12 til 16 millíónir at tölu; þeir eru allir Lamatrúar at trú, en greinast hó í tvo höfudflocka; heitir annar þeirra til Tæshu-Lama og kallast: Gullhúfur, en medlimir hins flocksins nefnast Raudhúfar, og hjóna Dalai Lama; þessir tveir Yfir-lamair eru bædi hinir andligu og veraldligu valdamenn í Tibet; þó takmarka veldi þeirra adrir voldugri Lamair og Kína-keisari, er þar hefir jarla setta til yfirsóknar og heilid til at gjæta trúnadar landsmanna. Tibetanir trúa því, at Dalai Lama sé einginn annar enn Fóeda Búdda, er sé opinberadr í holdinu og at sál hans fari hamförum úr einum Dalai Lama, þá hann andast, í annan mann, er þá erfir land og veldi hins látna, og at hún á þennan hátt endr-fædd og hamhleypa rádi þar og riki eylífliga. Þar er kennidómr, margr og helgisetr, og þarámedal ei allfá munnuklaustr. Þar eru einnig fornar helgi-bækur, ritadar á máli nokkru, er landsmenn kalla heilagt, og sem er áþeckt Samskrits-túngu Hindúa. Ei gengr þar landsstjórn í erfdir, sem ráda má af því, sem ádr er sagt, med því menn hafa fyri

Digitized by Google

satt, at sud þess Yfir-lama, er audast, fari í barn, er annattveggja hann stálst eda Lamait kosit hafa henni til bústadar.

Tibetanir eru, sem þvínær allir stállbúar á heimskringlunni, hraustir, velvaxnir, rádvandir og vinsastir. Prestarnir eru þar manna mestir vexti og fridastir synum; en mega lifa óqvæntir alla æfi. Sá er sidr í Tibet, at konum er leyfiligt at hafa fleiri enn einn mann í senn, en karlmonnum ei at qvænast fleirum enn einni, þótt hit sidara sé almennast á Austr-löndum. Opt ber þat vid, at allir gánga bræður at eiga þá konu, er hinn eldsti velr; hann er fyrstr kalladr fadir og svo hver þeirra af ödrum eptir aldri.

III. Hit litla Búckari, Buckaraland eda Austr-Zjagatæ (Öst-Dschagatai; Scythia extra Imaum).

Petta land ligger fyri austan stallgardinn Mústag eda Imaus, er skilr hit Mikla og Litla Búckari; fyri sunnan þat er Tibet, en fyri nordan þat og austan Tatariit og Móngólar. land. Sudr-hluti landsins er ásastr vid eydimork þá, er Kóbi kallast, (á kinesisku: Schamo) og henni mjog ápeckr; landit er hverki vedrasælt né frjósamt. Ymsar ár bera (sem í Tibet) gullsand med sér; þeirra merkust er á sú, er Jerken eda Jarkand heitir. Vid hana stendr samnefnd höfudborg og audugr kaupstadr. Sunn-

Digitized by Google

ar er stadrinn Kaskgar, skamt frá Tibets landamæri.

Innbúar lands þessa eru tatariskir at kyni og hérumbil 1 mill. at tolu. Svo eru menn fáfródir um land þetta og lýd, at hvergi finnst ritat um stærd þess né takmork, o. s. frv. því eingir hafa þar útlendskir ferdamenn verit á seinni oldum.

IV. Móngólaland (Mongoliet).

Þat liggr imillum Kina-ríkis og Kolduz Svíþjódar eda Síberiu, fyri vestan Túnguúsaland og er hit vestra áfast vid litla Búckaraland, hit fria Tatarí og Tibet. Þat er 55000 ferh. m. at vídáttu. Landslýdrinn er hérumbil 1 mill. at tolu. Þar er Altai-fiallgardr og upptok ýmsra stórflióta, t. d. Ob, Jenisei, Irtisk, Amúr, Hóanghó. Inn í sudr-hluta landsins gengr hin afar-vídlenda eydimork, er Kóbi kallast; hún er 400 milur at lengd, 100 at breid og 40,000 ferh. m. at stærd. Þat er hin hálendasta heidi í heimi; á henni eru á ýmsum stodum blettir (Oaser) (áheckir eyum í úthafi), graslendir og byggilegr. Þar eru og seikna-morg vötn, salti meingut.

Land þetta skiptist í tvo hluti, a, Kalmúkaland, og b, Móngólaland; þau skilr fiallgardr sá, er Bogdó heitir og liggr hit fyrr-nefnda fyri vestan, en hit sídara fyri austan hann.

Digitized by Google

Kalmúkaland greiníst eptr í mindi parta, er kallaſt: Sóangari, er liggr í millum tveggja ſtalla, og er agaſamt land; Hamelaland (Hamel) Dilot og Koſkot (Choschot), er Kineſar kalla Sifan. Í Hamelalandi er ſtadr, er Hami kallaſt; landsmenn eru miklir vexti og hraustir, trúa á Múhamed og halda ſig vel at klædum og eru hiðlaprúdir.

Kalmúkar lifa vid ſtárrækt, liggia hvervetna vid tjold, flytjaſt vidsvegar um landit og leita hagabeitar fyri ſénad ſinn; heir ſlátra nær aldrei kvikfé ſinu, heldr veida dýr og fugla til snædings. Peim er vel á fót komit, en eru litlir vexti, jarpir á hár og eyrna-ſtórir og manna tannhvítaſtir, auk heſsa er heim vidbrugdit fyri ſkyggneik, ſkarpa heyrn og daunviſi; heir eru ſagdir vidfeldnir og hreckjalauſir. Kalmúkar rækja Lama-trú, og hlýda bodi og banni hofdingja heſs, er Kina-keiſari heſir yfir há ſettan og heſir Kans nafnbót. Konur gjora búsgagn og tjold, medan menninirnir eru at dýraveidum.

b. Hit eiginliga Móngóli greiníst í tvo lond; tekr annat nafn af Kalká (er rennr í Amurá) og liggr nær Koldu-Suðhjódar takmorkum, — en annat kallaſt Skarra-Móngóli (eda hit Gula-Móngóli, af lit tjaldanna, Gultjeldinga-land); hat liggr ſunnar.

Yfir hofud eru Móngólar fáfród og snerrin hyrdara-hjód, og bláta Fó, kalla Dalai Lama ſinu ædſta andliga oddvita, en Kina keiſara konúng ſian og láta honum ſkatt. Móngo-

Digitized by Google

slar kunna lítt at handidmum, en eru þó nám-fúsir, og allvel skapi farnir. Frá þessari þjóð eru allmargir voldugir höfdingjar og frægir sigr-vegarar komnir, sem segir í Móngóla- og ymsra landa-sögum.

V. Tungúsaland (Tungusien), Mandskúaland (Mandschuelandet) eda Amúrland.

Þat liggr fyrir austan Móngólaland og nær til hafs austr, og imillum Kína-ríkis og Rússa-veldis eda Koldu-Svíþjódar. Þat er 36000 ferh. mil. at vídáttu og nærhæfis eins vídlendt riki og hit eiginliga Kína, en víða svo hrjóstugt og snaudt, at þat er nær óbyggjandi fyri þá sök. Um þat rennr mikit fljót er Amúr kallast, í austr; (þat kalla landsmenn Sachalin Ula d: Svartá); vid þat er landit fríósamt og fjölbygdast. Innbúar lands þessa (sem eru 1,700,000 at tölu) greinast í allmargar ætternis-sveitir eda flocka; medal þeirra eru Mandskúar nafnkendastir.

Þar er stadr, er Kirin-Ula-Kóton heitir; þar sitr jarl, er Kína-keisari hefir sett þar til yfirsóknar. Túngúsar blóta sömu gudi og Kínesar og eru, álíkt og þjódir þær, er um hrid hefi eg frásagt, lítt kunnar Evrópumönnum at odru, enn nafninu.

VI. Kórea eda Kóreu-meginskagi (Halvöen Korea).

Svo kalla menn skaga mikin, er gengr af Túngúsalandi í haf sudr, og hvorjum snærakinn fiallgardr markar takmork hit nyrdra;

Digitized by Google

fyri vestan skagan hverfr Gulfiordr eda hit Gula-haf inn, en at austanverdu er sund, 30 mila at breidd, er skilr Japans-riki og Kóreu, og tekr nafn af hvorutveggju; þar er hættuleg tilsigling og hafnir fáar. Riki þetta er 4000 ferh. m. at vídáttu. Imbúar þess eru $1\frac{1}{2}$ mill. at manntali; þeir eru Mandskúum og Kinesum jafn-nákomnir at forni frændsemi. Landit er hit fydra allaudugt af ymsum gjædum i jordog á.

Kingotitao kallast hinn merkasta borg á Kóreu; þar er konúngs atsetr og konúngligr bókastóll, hvers umsión ektaborinu kóngssonr hverveina skal á hendi hafa.

Kóreu-innbúar blóta sømu gudi og Kinesar, nl. almáttuginn Fó, en stórmennit Confúcius; þeir mæla túngu þá, sem er kinesiska ólík, en eru þó Kinesum áheckir at átiti og háttum. Þángat mega ei útlendskir menn koma og ei heldr landsmenn á brott fara úr landi, vardar þat daudastraff. Þeir eru sagdir manna óheilastir og huglausir miog. Fyri riki þessu rædr konúngr nokkr, sem er skattskyldr Kinakeisara, og vasar i valdsm eptir eigin gedheckni; landsstjórnin gengr i erfdir til eldsta sonar. Þar eru afar-hørd log; þau áqveda daudastraff fyrir hórdóm, og skal þá fadirinn lifláta son sinn; bjófa skal troda til bana, o. s. frv.

VII. Lieu-Kieu-eyar.

Þær liggja i Kinahafi, imillum Japansrikis og Formósu og eru 30 at tolu. Þær eru forkunnar fagrar, vedrasælar og frjóffamar. Þeirra mest er Lieu-Kieu; hún er 30 mílur

Digitized by Google

at lengd og 10 at breydd. Á henni er stadr sá, er Kingt-skang heitir; þar er heimili konungs hess, er hefir riki í eyum hessum og er skattgildr Kina-keisara. Eyamenn eru Japanesum likari enn Kinesum og eru flestum Austrlanda hjódum betr at sér um marga hluti. Men hrósa heim fyri starfsemi og hagsýni, hófsemi, þrifnad og géstrijni. Þeir eru somu trúar og Kinesar. Þar er fri verslun og eingir tollar.

VII. Keisaradæmit Japan.

Svo kalla menn 4 stórar og allmargar smáar eyar, er liggja í því stormasama og hættuliga Japanisku haf og í austr frá Kina-riki; því kalla Kinesar þat Yang-hu o: nægtabúr sólarinnar, og eylandit Nipon sérilagi: bústad liósins. Allar eru eyar þessar, (at Kuril-eyum undanskildum) 8600 at ferhyrningsmáli. Á þeim eru fioll há og stallgardar, og vídast klettar og bjerg vid sæ; er því skipa-leidin umhverfis þær skiput torfærum og víða hafnleysur og illar lendingar. Sum eru fioll þar snæhakinn vetr og sumar og sum gjósa ástundum eldi. Hit merkasta vatnsfall á Nipóni kallast Jedógavo; þat fellr úr landsins nokkrum, er Omi heitir og er þar vatna mestr.

1. Nipon eda Nifon (Niphon) er þessara eylanda vídlendust; hún er 150 milur at lengd og at eins 25 m. at breidd um midjuna; eptir henni endilángri eda í land-nordr og útsudr gengr fjallgardr mikill, er skiptir henni í tvo parta, er hinn sydri og stærri miklu betri og frjófsamari, enn sá nyrdri og minni.

Digitized by Google

Þvínær mittlands er ſtadr mikill, er Miáko (Miaco) heitir; þar ſitr jafnan Dairi Sóma eda hinn andligi oddviti; þar eru allir peningar ríkiſins myntadir og bækr prentadar; ſtadar-lýdrinn er 600,000 at tölu. Á auſtr-ſtrondinni og vid botn vidkends fjardar ſtendr höfudborg ríkis þeſſa, er Jedó eda Jeddó kallaſt; þat er atſetrs-ſtadr Kúbó Sóma eda hins veraldliga höfdingja þeſſa keiſaradæmis; þat er feikiliga mikil borg (nl. 22 mila ummáls, 5 at breidd og 7 at lengd) og eru graſin dikt umhverſis og ígégnum hana, er áin Tonkay fellr í, en hverki eru þar né annarsſtadar í ríki þeſſu viggirdingar né múrveggir. Þar er 1 mill. innb.

2. Xímó (eda Kinsiu) liggr ſunnar og er nærhæfis 48 mílr at lengd; á henni er mikill kaupſtadr, er Nangaſaki heitir. Hvergi, nema þar, mega útlendir ſarmenn koma vid land í Japans-ríki. Þar eiga Hollendingar, en adrir Evrópumenn ecki, verſlunar-vidſkipti vid Japaneſa, og mega at eins leggja at eyu nokkurri, ſkamt frá landi, er Deſima heitir, heitir; úr henni liggr grandi í land.

3. Xikókó eda Sikoſſ kallaſt ey nokkr allmikit ſyri ſunnan Nipón og auſtan Xímó; hún er nordrálfu-mönnum þvínær ókunn.

4. Matsmai, þar er ſammeſndr ſtadr med 50,000 innb. Auk þeſſara eylanda eiga Japaneſar þar ámedal hinna kúrliſku eya, er ſydſt liggja og nokkur kauptún á Sagaliu.

Eya-ríki þetta liggr undir hinum tempráda himin-vegi; þar eru hörd froſt á vetrum, en

Digitized by Google

mikill hiti á sumrum; þó kæla hann tíðir hlemmiskúrir og sellibiljur; ei eru þar jarðskjálftar sjaldgjæfir. Jarðvegr er þar eigi frjósamr, en landsmenn hafa bætt þenna brest með ótraudri starfsemi, svo bæði eru þar sádlönd á fiöllum og láglendi. Hverki er þar saudfé né geitr og yfir höfuð mjög fá ferfætt dýr, nema hundar; at hafa þá marga og halda vel er lagaskylda og landsvenja á Japans-eyum. Þar eru annars margskonar landgjæði, einkum er eyrit þaðan nafntogat og porselíns leirinn sagðr betri þar enn annarstaðar í heimi. Innbúar ríkis þessa eru ímilli 10 og 15 mill. at tölu; þeir eru Kínesum fremri at hmsum handíðnum og smíllismíði; þeir játa hina búddaisku trú og eru hjátrúarfullir, en þó námfúsir og meta mikils mentir og fróðleik; en prestaveldi og landslög, er banna þeim umgengni med útlendingum, hamla framförum þeirra. Engu at síðr kunna þeir forkunnar vel at smíði og bómullarvefnaði, og eru nafnkendir porselíns- og stál-smíðir. Eingar þjóðir mega við þá verslunar viðskipti eiga, nema Kínesar og Hollendingar; er þat þó med ollmiklu ófrelsi. Fyri ríki þessu ræðr höfðingi sá, er Kúbó-Sóma (keisari) kallast, hann vasar í völdum med dæmafáu sjálfræði og strangleik. Dairi-Sóma (pávi) kallast höfðingi nokkr, er gjörir um andlig málefni og sitr í nockurskonar vegligu vardhaldi í Miakó, svo ei fá landsmenn hann nokkru sinni augum litit. Hann hafði fordum æðstu umráð í andligum og veraldligum málefnum; en 1583 hófst stockr móti honum og Kúbó-Sóma hratt honum frá veraldar-

Digitized by Google

ligu veldi og sölvi hann fresti og umgengist við aðra menn. Landsmenn gefa Dairi, sem guð væri og kalla Kúbó jarl hans. Landsstjórnin gengr í erfðir; á nesi tedra hefðingja er logð lyrnúng, uns þeir andast. Landslög eru þar afar straung, og flest varða afbrot útlegð eðr dauða. Tungumál Japanesa er fégligt og engri tungu í grend við þá líkt. Þeir eru taldir medal hinna best mentuðu þjóða í Asíu; þeir eru siðprúðir, stórbrjóstaðir og allvel lundaðir, idjusamir og neyta at eins glaðværða til hressingar sér eptir afkastat erviði; en lostasamir eru þeir mjög og hefndargjarnir. Japanesar eru medalmenn vexti, og veðlimaðir, mjúkir og handsimir, ódamiklir, en ei svo hraustir, sem jafnnorðlægar þjóðir í Evrópu, gulleitir á hörund og jarpir á hár, stórhöfðaðir og hálsstuttir, sverbrýndir og eygðir lítt, þó leynir ei augnaráðit ástfikni þeirra og ofsæki.

VIII. Eyarnar við Asíu.

A. Lakediv ur (de lakediviske Öer) kalla menn allmargar smáeyar fyri vestan Malabarstrendina. Þær byggir þjóð sú, er Moplays heitir, dýrkar Múhamed og lifir af fiskveiðum. Þeirra mest er Lakondý.

B. Maledivur (de malediviske Öer) liggja sunnar og undir midjardarlínunni; þær eru 12000 at tölu og flestar smáar. Innbúar þeirra eru indianskir at kyni og múhamedanskir

Digitized by Google

at eru. Peirra merkust er Male; þar sitr fjórðungi þeirra, er Raskan heitir at nafnbót.

C. Selan eda Seilan; þat er allmikit eyland, 1730 ferh. m. at vídáttu, er liggr í sudaustr frá Vestr-Indialandi og skilr þar sund þat, er Palks-sund kallast. Á ey þessari eru skógar miklir og há fiöll; þeirra mest og merkast er hit svokallada Adamsfiall. Eyar-lýdrinn er 2,500,000 at manntali og er allr þorri hans singalisk at kyni, blótar Búdda eda Bódan (Odin). Mittlands á eyjunni þesst villiþjód nokkr vid, er Vedahs kallast. Þar eru einnig: Malajir, Arabar, Englismenn og Portúgisar. Þar er allmikil kaupstadr, er Kolombó heitir; þar er heimili hins enska landshofdingja, byrgdahús af kanelberki og 30000 íbúd. Puntó-Gale og Jaffanapatnam eru þar minni stadir. I Trinkónomale er ágiæt hofn. Merkasti ágódi eyu þessarar er kanel-börkr; en perlu-fángit, er þar var fyrrum, er mjög gengit til þurdar. Englands kóngr hefir at fullu átt ey þessa sídan keisaradæmi þat, er kent var vid Candy, leid undir lók, og hefir hann sett þar jarl til yfirsóknar og herlid til landvarnar.

D. Andaman-eyar; þær liggia hit eystra í Bengalabotni og eru eign Englendinga. Innbúar þeirra eru ósídadir mjög og fáfródir.

E. Nikóbar-eyar liggia sumar í tédum hafsbotni. Fyrrum áttu Danir þær, og tóku þar upp nýlendur; en óholt lopstlag fældi þá á brott. Nú eru þær eigindómr Enskra. Þær merkustu eru: Sambelong, Karnikobar og Nankóvry.

Digitized by Google

F. Sundaeyar liggia sudr af Austr-Indialandi, eru allmikil eylond og taka nafn af sundi því, er atskilr Súmatra og Java, ígegnum hvort sú skip leggia, er fara skulu til hinna austlægu Asíu-landa. Þær eru 4 og kallast Súmatra, Java, Börneó og Zelebes.

1. Súmatra liggr fyri vestan Malakka og er 8000 ferh. m. at stærd; fiallgardr mikill (hvers hærsti hnúkr er 14000 fóta hár og kallast Ophir) deilir henni í tvo hluti. Malajir byggja strandir hennar og hafa þar riki mikit.

Medal landgjæda má telja: pipar, hina ágiætu ilfu-kamfóru, forkunnar gott gull og tin mikit. Hit nyrdra á eyunni er riki þat og hofudstadr, er Atschin (Atschin) kallast. Allr þorri innbúa þess rækir Múhameds trú. Þar eiga Enskir:

Jarlsdæmit Benkúl (Benkoolen).

Þat er eign hins austindianiska kaupmanna-félags í Lundúnaborg, og 450 f. m. at vídáttu; þar er samnefndr hofudstadr, og kastali, er kendr er vid Marlborough; þar sitr jarlinn, sem settr er yfir þessar jardeignir.

Hollendingar eiga þar stad á vestr-strondinni, er Padang heitir, þar sitr jarl þeirra; — og Balembang; þat er festing og kauptún, er liggr í samnefndu riki, sem Malajir byggja. Fyrir austan Súmatra liggr allmikil ey, er Banka kallast; þar er tin mikit og einkar gott; — og Nassáeyar fyri vestan.

Á sídst lidnu ári átti Hollendingar og Enskir hms jardakaup þar eystra; eignudust Enskir allar fasteignir Hollendinga á meginlandi, einkum á Malakka-staga og Sínkapór-ey, en Hollendingar aptr ei allsáa stadi og kauptún á Súmatra og hmsum eyum í Indíahafi.

2. Java liggr í austr og vestr fyri sudaustan Súmatra. Hún er 2400 ferh. m. og gengr eptir henni midri allmikill fiallgardr. Innb.

Digitized by Google

hennar eru 4,230,000 at tolu og byggir alle helsingr þeirra landeignir Hollendinga.

Þar vex hit nafnkunna eitr-tré (Boa Uppas) auk allmargra gagnsamra jurta og ávaxta; en misg er loptslag óheilnæmt á ey þessari. Hún greinist í 4 hluti, nl. Jakatra, Bantam, Skeribon og Austrstrandina. Í Jakatra er höfuðborg þvi lands þessa, er Batavía kallast; hún stendr við fjörð nordanfram á eynni og 6 mílr fyrir austan Sundasund og er höfuðborg allra fasteigna Hollendinga austr í heimi; þar er og heimili jarls þess, sem settr er yfir alla þá, er Hollendingar hafa fengit þar ríki til forráda. Í Batavía eru 116,000 innb. og 6 kyrkjur.

Í Bantams-ríki, á Vestr-strandinni, er samnefndr staðr. Styrkast er veldi Hollendinga á Java. Medal hinna innfæddu landshöfðingja er keisarinn í Súrakarta og súltan í Mataran einna ríkr og volduguastr. Fyri nordan Java liggr eyan Madúra med 60,000 innb.

3. Borneó liggr fyri austan Súmatra og fyri nordan Java. Þat er hin vidlendasta ey (nl. 14000 f. m.) í þeim hluta heimskringlunnar, er kunn var í fornöld. Þar eru fjöll morg og há, og feikiligir skógar.

Innbúar hennar eru 5 mill. at tolu og af margbreyttum kynþætti komnir; medal þeirra eru Malajir, er hafast við á strondunum; en upplendingar eru med allu Evrópumönnum ókunnir. Þadan flytst sérlagi drekablóð og tuglahreidur. Hollendingar eiga einnig nýlendur nokkrar á ey þessari.

4. Zelebes (Celebes) eda Makasar liggr fyrir austan sídstnefnd eyland og er 4270 f. m. Hún hefir kynliga og óskipuliga lögun; skérast inn í hana firdir 3 miklir úr austri og sudri, sem kéndir eru vid Bóný, Tólo og Tomini.

Eyarmenn eru 3 mill. at tolu; medal þeirra

Digitized by Google

eru Makassar, er líkjast mjög Malajum, ættingjum sínum, á Malakka-skaga og eru geigvænligir illhryssingar, en byggja þó fegursta hluta eyarinnar; þar er staðr sá, er Makassar heitir, með 100,000 innb. Hollendingar eiga þar 3 festingar: Rotterdam, Amsterdam og Fálkaborg, — og ey þá er Salayer kallast, og liggr nokkut sunnar.

G. Kryddeyar eða Mólúkkur (de molukkiske Öer) liggja á stráli fyri austan Zelebes og Java; þær taka nafn af margbreyttum og dýrligum ávextum og jurtum, er þar vaxa og elnast, og eru eign Hollendinga.

Peirra merkust er a, Ambóína; þar er hollendsk nýlenda, er gengr Batavíu-nýlendu nærst at audlegd og fjölmenni, b, Zerem, nordar; c, Bandaeyar, 10 at tölu; d, Ternate; e, Jilóló; allar þessar kallast hinar nordlægu Mólúkkur og liggja í austr frá Zelebes; en þær sudlægu Mólúkkur liggja fyrir austan Java og kallast: f, Timor, þar er staðrinn Kúpáng og festingin Concordía; g, Balí eða litla Java; h, Lombock; i, Súmbava, og k, Flóres. Forkunnar inndælar og góðar eru eyar þessar, en höfin umhverfis þær stormasom og skipaleidin þar skipuð morgum torfærum.

H. Súlu-eyar; svo kalla menn 60 smá-eyar, er liggja fyri nordan Borneó. Fyri þeim ræðr höfðingi nockr, er hefir Súltans-nafnbót og á nockurn hluta af Borneó. Þar er höfuðstaðr, er Bóváng heitir.

I. Philippínur eðr hinar philippínsku-eyar, (medal hvorra menn telja Kalamían-eyar) liggja í hafinu fyri nordan Borneó og í austr frá Indíalandi enu eystra, og greina þær þar höfum; kallast fiörinn fyri vestan þær: hit kínesiska haf, en fyri austan þær (og alla þá eya-klasa, sem nú er frásagt í grend við

Digitized by Google

Asíu) teke hit fookallada kyrra, eda sudr-meginhaf vid.

Þar eru hérumbil 12000 at tsíu og nærhærsts 7000 at ferh. máli. Innbúar þeirra eru af Malja og Biscknamanna-kyni; þar eru og allmargir Spánarmenn, Mestizar og Kreólar — og eru þeir allir ásamt 3 mill. Hinn kathólski kristindómr er þar í lag leiddr med vandasamri vidhøfn og andliga hirtu fælandi klerka-veldi. Þar hafa Spanskir sett høfudsmann eda þsir-hundúngja (General-Capitain) til þsirsóknar.

Medal eya þessara eru tvær mestar, ni. 1. Lúzon eda Manila; hún er 1400 f. m. med 1 mill. innb. Þar er høfudborgin í eynunum, er Manila heitir; þar sitr sýrrtódr høfdingi og erkibiskup. Borgin stendr vid sjørd og er umgirdt med múrveggjum; þar er háfkóli, mikill kaupstapr og 38000 innb. Jmilli Manilu og Akapulkó, á vestr-strønd Ameriku, gánga kaupskip árliga. Manilu høfn kallast Kavita. 2. Magindanaó, hún liggr sydst og er þessara eya mest. Hún deilist í 3 parta; rædr sýri einum Sultan nockr, sem er kóndr vid eyuna, sýrir sdrum þeirra Spanskir, og sýri þeim þridja hmsir høfdingjar (Rajaher). Eyan er 1500 ferh. m. Innbúar hennar eru 2 mill. Trúarbrøgd þeirra eru blandúngr af múhamedaniskri trú og heidindómi; á eynni sumanverdri er samnefndr kaupstadr.

Auk þessara tveggja eru þar: Zamar, Leyte, Panay, Mindóró o. s. frv. Af þsu eru Philippsinur kalladar eign Spanskra; þó eru hmsar af þeim fasteignir arfbórinna fursta.

Skírúngargr.: Hinn nafnfrægi farmadr og fyrsti heimskringlu-fari, Ferdinand Magellan, (portúgiskr at kyni, en var í Spánar-konúngs þjónustu), fann fyrstr Evrópumanna eyar þessar 1521. Hann eignadi þær þegar herra sínum. Magellan fél í bardaga vid villiþjód nokkra á ey þeirri, er Maktan heitir, þann 26ta Sept. sama ár.

Digitized by Google

Almenn

Landaskipunarfræði.

Síðara parts þriðja deild:

Suðrálfan, Vestrálfan,

Eyja-álfan.

Digitized by Google

Innihald.

Inngángr . . . . . bls. 163.
A. Nordur-Afríka . . . . . 168.
B. Mid-Afríka . . . . . 204.
C. Sudr-Afríka . . . . . 243.

Vestr-Alfan:

Inngángr . . . . . 290.
1. Nordr-Ameríka . . . . . 309.
2. Sudr-Ameríka . . . . . 356.
3. Vestindíur . . . . . 400.

Eyja-Alfan:

Inngángr . . . . . 420.
1. Nýa-Holland . . . . . 422.
2. Eyjaklasarnir . . . . . 428.

Digitized by Google

III. Afríka eda Sudr-Álfa heims (Africa).

Þessi heims álfa er hinn þridji hluti ens svo kallada forna heims, eda þess hluta heims-kringlunnar, er menn á fornsöldum báru kensl á og kannadi. Í fornöld kölludu Nordrlanda-búar þann hluta heimsálfu þessarar, er þeir þeckti ámiðst, Blálaand hit mikla eda Serkland hit mikla; en þat var at eins nordrströndin edr jadarinn, er í nordr veit *).

Afríku má at vísu kalla kynialand, því at margt er þar undarligt og fábreytt því, sem er í hinum heimsálfunum, og svo nýstár-

*) Serkland kölludu menn fordum þau lönd og ríki, er Saracenir eda Serkir brutu undir sig, bædi í Afríku og Asíu vestanverdri, einkum Persa-ríki.

A

ligt, at enn játa menn fornmæli Rómverja þat satt at vera: at ávalt komi einhvor nýlundan frá Afriku *). Þar er margbreytt skoðunarpláts fyri þann, er skoða vill jarðveg, náttúruríkin og mannkynit; mun hann brádliga undrast, hve margvíslig náttúrunnar verksmiði eru í þessu landi og hve misjafnt þat er kviit gjæðum og skrúða, hvertheldr hann rennir augum til þjóðanna, er þar búa, og líkindi kvikenda, eða til þeirra hluta, er þar finnast í jörðu og á. Þat hafa menn fyri satt, at engin þjóð hafi á fornöldum svo kannat heimsálfu þessa, sem Arabíumenn; en mjog lítit er í fráságn fært um ferðir þeirra og landaleit, þar frá sé dróg. Þeir kölluðu Afriku Mógreb eða Magreb, er þýðir: Kvöldland eða Vestrland, eptir afstöðu hennar frá Arabíuríki. Á seinni öldum hafa ýmsir náttúruskoðarar, einkum enskir og franskir, með miklum kappsmunum og kostnaði farit lánga leið á land upp; en með því at þar eru vegir skipaðir morgum torsærum fyri ofurhita sakir villidýra, medal lítt stöðugra þjóða, og ýfir glóðheita brunasanda, hafa þvílíkar tilraunir alt til þessa dags verit ónógar til, á heim at grundvalla útmálun og frásögu um upplendit í tédri

*) Semper aliqvid novi ex Africa.

Digitized by Google

heimsálfu; er hat hvi náliga at eins strandir hennar ollumegin, eda hau lond og eiki, er liggia vid og nálægt sæ, sem menn hafa sannar sogr um.

Afrika liggr hit sydra á austr-hveli heimskringlunnar, i millum 34da mælistigs sudlægrar breiddar og 38° nordlægrar breiddar og imillt 1° og 96° austlægrar lengdar — og i sudr frá Evrópu, en i sudvestr frá Asiu. Innvid hennar á landamálverkum er áheck ólöguligum hrihyrningi og er hverveina umsiótin, nema at nordaustanverdu, samteingir har eid nokkurt ei allbreidt heims-álsurnar, er Svez kallast, hat liggr imillum Midjardarhafs- og Raudahafsbotna, og er nær 10 milr at breidd. Fyri nordan Afrika gengr Midjardarhafit, en fyrir austan hana Arabiu-hafsbotn, Arabiu- og Indiahof; fyri sunnan og vestan sydri heising hennar er hit svokallada Etiópiska meginhaf, en fyri vestan nyrdri hlutann er hinn Atlantiski útsær. Padan eru 900 milr i vestr til Sudr-Ameriku, en frá austr-strondum Sudr-Afriku beina leid i austr til Australiu 1200 milr. Afrika er, sem ádr er sagt, minni enn Asia, og stærri enn Evrópa; at ferhyrningsmáli er hún nærhæfis 530,000 milr; at lengd i nordr og sudr 1080, at breidd

Digitized by Google

(þar sem mest er meginlandit) 1020, og umhverfis hana 3400 milr vegar. Þá yfir alt er lítit, er Afrika flatlendari en hver hinna heims-álfanna. Hvergi í heimi eru svo miklar og víðkendar eyðimerkr og sræfi, sem í þessari heims-álfu: þó eru þar ei hvervetna óbyggiandi; því á sumum stöðum eru þar grasi-vaxnir og fagrir blettir eða deplar (Oaser) (álíkt og eyland í útsæ); sprettа þar upp lækir, er viðhalda gróðri.

Medal fjallanna í Afriku eru þessi talin merkust: a, Atlantisfjöll. Svo hafa menn kallat allmikin fjallgarð, er gengr út vestri í austr igegnum Norðr-Afriku. Í Marokkó-riki er er hann 11000 fóta at hæð. b, Hinn mikli fjallgarðr, er gengr yfir Afriku þvera; hit vestra kallast hann Kongó-fjöll, mittlands: Mána-fjöll, og at austanverðu hin habesfinsku fjöll; þau enda þar við hafsa þann er Gardafúi kallast, en at vestanverðu gengr fjallgarðr þessi í sjó framm í Ginea þar sem heitir Sierra-Leónu-höfði. c, Lúpata-fjöll gánga lángsetis með suðaustr-ströndum alt til Góðrar-vonar-höfða suðr. d, Tróglódyta-fjöll, þau gánga strandleingis með Arabiu hafsbótni. Öll eru fjöll þessi Evrópumönnum lítt kunn.

Í Afriku nafngreina menn 17 nes eðr höfða; medal þeirra má telia: Serru-höfða (Cap Serra), hinn nordasta odda á Afriku, og

Digitized by Google

Bonn-hofda; þadan er skemst til Sikileyar; þeir eru bádir í Túnisalandi. Á vestrströndinni er Blánki-hofdi (Cap Blanco) nordastr; þá Græn-hafdi og þá Raudhofdi, bádir í Senegambiu; þá hinn fyrrnefndi Sierra Leónu-hofdi, þá Palmas-hofdi, þá Prídránga-hafdi (Cap tres Puntas), þá López-hofdi; þessir 4 eru í Gíneulandi; þá Svarthofdi (Cap Negro) á strondunum fyri sunnan Kóngó, þá Godrar-vonar-hofdi og nokkut austar Nadels-hofdi (Cap Nadel), þeir liggia bádir í Kaplandi (Hofdalandi) og eru hin sudlægustu nes í Afriku. Á austrstrondunum er Korrientis-hofdi sydstr, þá Delgadó-hofdi og þá Gardafúi, er lengst skagar í austr á Afríka.

Afríka er at því odrum heimsálfum ólík, at hverki eru þar fjót mæg, er til sjófar komi, né firdir, er skérist inn í meginlandit. Þó má hér géta flóa þess, er hverfr inn í vestrströnd Afriku, og kallast hin Gíneiska bugt; hinnar Syrtiska bugtar, er gengr inní nordrstrandina fyri austan Túnis, og Tafels-bugtar, fyri nordan Gódrar-vonar-hofda og ens Falskafjardar imillum hans og Nadels-hofda.

Í grend vid Afriku eru 3 sjóar-sund merkust, nl. Njorfa-sund, eda sundit vid Gibraltar, er skilr heimsálfurnar og er 3 mílr at breidd; Mósambiku-kanall, imillum Afriku austr-strandar og eylands þess, er Madagaskar kallast, — og mynni hins arabiska

Digitized by Google

hafsbotns, er Bab-el-Mandeb (Táravort) kallast. Hinna merkustu fljóta og stöduvatna skal síðar getit verða.

Menn skipta Sudr-álfunni í 3 hlutum, nl. Nordr-Afriku, Mid-Afriku og Sudr Afriku.

A. Nordr-Afríka.

Hún greinist aptr í fimm lönd eda ríki: 1. hit afrikaniska Tyrkiaveldi, 2. Marokkó-ríki, 3. Belad-el-Dcherid, eda Dadalaland 4. Eydimerkin Sahara, og 5, hinar Kanarisku eyar.

1. Tyrkiaveldi í Sudr-álfu heims (Det africanske Tyrkie).

Pau lönd, er annattveggja eru Miklagards stórherra undirgéfin og skattskyld t. d. Egyptaland, edr standa í sambandi vid hann nl. reysara-rikin: Algeir, Túnis og Tripólis ásamt Barka.

a, Egyptaland (AEgypten; AEgyptus; á arabisku Mesr). Pat liggr austast vid Midjardarhafit, par er heimsálfurnar eru áfastar. Hit eystra markar hinn arabiski hafsbotn því takmörk; fyri sunnan pat liggr Nubialand, en hin libiska eydimörk og Barka fyri vestan. Pat er 2800 ferhyrn. mílr at vídáttu, en varla

Digitized by Google

er 10di partr þess yrktr. Mjog skýtr í tvo horn um jarðveg í landi þessu; því bæði er það sjellótt og flatt, sendit og agasamt, grýtt og gagnaudugt, snaudt og friðssamt Hinn fegursti og friðssamasti hluti lands þessa er hinn svokalladi Níl-ár-dalr, er liggr í nordr og sudr og er jafnlángr því, nl. nærhæfis 125 mílr. Bádumegin vid dal þenna gánga fjallgardar, og er sá eystri kendr vid Arabiu og hinn vestri vid fyrnefda eydimork. Eptir dal þessum endilaungum fellr þjódá mikil og nafntogud í nordr, er Níl (Nilus) heitir; hún fellr í Midjardarhafit og eru þar 2 ósar miklir. Skamt fyrir nordan Kahiru skiptist hún í tvær kvíslir og kallast eyland það, er liggr milli þeirra og nær til sjófar nordr, Delta, þar það er þríhyrnt og áþekt grísku upphafs-déi (Δ). Það er markverdt um á þessa, at í seinni helmingi Júní-mánadar kémr vextr í hana, er vidvarir og eykst til í September-mánudi; flædir hún þá um téd tímabil yfir lágkendit, sem er 3 mílr at breidd, og vekvar það og friðsgar til ríkugligrar uppskéru. Þaratauki ollir vatnsgángr þessi mikilla heilla; at vatnit dregr til sín alla óheilnæma dampa og færir þá á brott; hafa menn það til marks, at bannvænar drepsóttir, sem optsinnis geysa í þessu landi,

Digitized by Google

þverra jafnan, þá vatnsflóðit tekr at vaxa. Ecki eru fleirr ár á Egyptalandi, en 60 manngjörð diki liggia út frá á þessari bádumegin og vokva landit. Nilá er 450 milr at vegalengd, og við Kahiru 500 faðmar at breidd. Medal stöduvatnanna í landi þessu má hér geta Birket-Kárum, er fornmenn kölludu Moeris; þat liggr í suðvestr frá höfuðborginni og er vatna mest í þessu landi; þat er 30 milr ummáls.

Egyptaland greinist í þrjá hluti, 1. Nidr-Egyptaland (Neder-AEgypten) 2. Mid-Egyptaland (Mellem-AEgypten) og Upp-Egyptaland (Over-AEgypten).

1. Nidr-Egyptaland (á arab. Bahri). Þessi hluti liggr við Midjardarhafit og er flatlendr og víða sendinn. Þar eru þessir stadir:

Alexandria, (er Tyrkir kalla Skanderik); þessa borg lét Alexander hinn mikli gjöra, 333 árum fyri Krists burd, á tánga milli Midjardarhafsins og vatns þess, er fyrr. kallaðist Mareotis, en nu heitir Birket Mariut, og úr hvorju géck ós til sjáfar; en á seinni tidum gröfu Enskir síki yfir tángan, svo nú stendr borg þessi á hólma. Alexandria óx bráðum at stærð, fjölmenni og audlegð og gjördist á miðöldum einhver hinn mesti kaup-

Digitized by Google

ſtadr í heimi og vóru þá í henni 800,000 innbúar. Nú á dögum er borg þessi hverki fögr né mikil, med því at allmikill hluti hennar liggr niðri.

Þar er atsetr grísks patriarka eda ýfirbiskups, mikill kaupſkapr og 2 hafnir; er annr þeirra verſtanframm á neſinu, en annr at auſtanverdu; sú síðari er ill og hættulig, og því er hún ætlud kristnum farmönnum; en á hina mega þeir ei koma. Vid mynni ennar eyſtri hafnar ſtendr kaſtali einn og annar á ey nokkurri gagnvart, er Farillon (ford. Pharus) heitir. Í borginni og í grend vid hana eru ýmſar merkar fornmeniar, t. d. þau markverdu jardhús (Catacomber fordum Necropolis), er fornmenn settu lík enna dauda í, þá þeir höfdu umbúit ſem þar var ſiðr; Pompejusar-ſtytta, sem er 88 fóta at hæd og þær ſvokölludu Kleópatrunálar (Obelisci) eda uppdregnu ſtyttr. Í Alexandríu eru nú 20,000 innb.

Fimm mílum auſtar á ſtrondinni og vid ſjörd nockurn er býr ſá, er Abúkir kallaſt. Þat er lítill ſtadr. Í tídum ſíðdi brendu Enſkir herſkip Frakka 1797. Auſtar og á veſtri Níl-árósſ bokkum ſtendr merkr kaupſtadr, er Raſkíd (Raschid eda Rosette) heitir; þat er gódr kaupſtadr, liggr í innd̄alu landsplátſi og er hit ſkemtiligaſta atſetr á Egyptalandi. Þar eru 12000 innbúar.

Fyri veſtan veſtri Níl-arós rekr hvínær ſtrax eydimörk vid, sem Magra kallaſt og einnin er kend vid hinn heil. Makarius, en ford. hét hún

Digitized by Google

Nitros, og sem hverfetna er umkringd af sandsléttum; þar er klaustr rambygt, sem helgat er fyrrédum dyrðlingi; í því búa hérumbil 20 koptiskir múnkar, sem annaðhvert eru eineygðir, blindir eðr á einhvorn hátt lamaðir, og lifa við þraungan kost og á ölmusum. Abóti þeirra kallast Abuna e: faðir minn. Í útvestr þaðan eru 3 fyrlenðsk múnkalífi og enn fleiri koptisk. Á fyrri tíðum segja menn 162 klaustr verit hafa í eyðimörkum þessum, er landsfólkit kristnir bygðu þar. — Allir eru múnkar þessir illæmdir fyri níðsku og svðingsskap.

Eylandit ímilli Nílár-kvíslа, kallast Delta (sem fyrr segir) og er þat einkar fagurt og frjóssamt. Innbúar þess deilast í tvo flocka og herða þeir at eins sjandskap hverir við aðra.

Við eystri Nílár-kvísl austanverða stendr kaupstaðr allmikill, er Damiette (forð. Damiant eða Darmatur) heitir; þar eru 30,000 innb., er vinna bómullar-vefnat og reka kaupskap, einkum til Syrlands.

Fyri austan þennan stað er hóp mikit eðr vatn við Miðjarðarhaf, er Menzaleh kallast; úr því gánga 3 ójar til sjáfar; í því er veiði mikil. Suðr af vatni þessu ligge eyðimörk sú, er Zófar (Dschofar) kallast.

II. Mið-Egyptaland (Mellem-Ægypten; á arab. Vostani). Þar er höfuðstaðr ríkis þessa, er Kahira (rángliga Kairo eða Cairo kallast; en á arabísku heitir Masr); þar er hin mesta borg í Afríku, aðsetrstaðr landshöfðingjans og heimili koptisks patriarka og 400,000 innbúa. Borg þessi stendr samma

Digitized by Google

bæar leid frá Nilsfljóti at austanverdu, bádumegin vid manngjordt diki, er liggr í út og sudr, og undir stalli því, er Mokkatam heitir; hún er 1 mila at lengd og 3 ummáls, en hverki fogr né skipuliga bygd; umhverfis hana gengr einlægr múrveggr og eru á honum 2 hlid, en á fyrrtédu diki eru 15 brúr; þar eru 4 kristiligar kyrkiur og 1 gydinga samkunda — og mjog fá stórhýsi edr hofgardar. Þessa borg lét Mansúr kalifi gjora 970 og var hún þá kölluð El-Kahira d: hin sigursæla.

Litit sunnar og vid Nilá stendr Forna-Kahira; þat er óálitligr, en þó gódr, kaupstadr. Á ey þeirri í ánni, er Rauda eda Roda heitir, er steinstytta mikil, er menn kalla Nílmælir (Mekias); med henni mæla menn hve mikit áin vex dagliga og minkar.

Austr frá Kahiru og vid botn hins Rauda hafs stendr kaupstadr, er Svez heitir; af honum tekr eid (Isthmus) þat nafn, er sameinar Asíu og Afríku.

Fyri vestan Nilá og gagnvart Kahiru er Gize eda Zise (Dschiseh); þat er viggirtr og midlungs-mikill kaupstadr. Skamt fyri sunnan hann má sjá eptirsisdvar ennar fornu hofudborgar á Egyptalandi, er Memphis hét. Þriár mílr þadan í sudvestr standa 4 pýramidar, er menn telja ámedal enna stórkostligustu og merkustu mannaverka í heimi; þat eru feikiliga miklar steinbyggingar, er mjókka því meir sem upp eptir dregr, en at nedanverdu

Digitized by Google

eru þær afarmiklar ummáls. Þeirra mest er sú, er næst stendr hinni fornu Memphis; hún er 440 fóta at hæð; en í sumum fornsögum segir, at þær verit hafi 800, í sörum 600 fóta; má af því ráða, at allmikið muni þar nú í jörð sokkit. Á einum stað eru dyr, 10 faðma frá jafnsléttu. Hit innra eru gángar miklir, kamrar og hvelfingar bæði í þeim og undir í jörðu niðri; þar settu menn í fornöld lík dauðra manna, er þeir smurðu svo vel, at ei nádu þau at fúna, en varðveittust þar óskoddut til þessa dags. Þvílíka líkami hafa menn flutt til Evrópu og geyma þá í náttúrugripa-búrum til sýnis. Þar í grend stendr einnig sérliga mikit líkneski af steini, er Sphinx kallast; það er sokkit í jörð upp at öxlum. Að skapnaði og andlits-lögun er það mjög áþekt innfæddum Negrum eða Blökkumönnum.

Fyri sunnan Gize, er lítill staðr, er Sakara heitir; þar eru 30 pýramidar og allmörg greptrunar jarðhús (Catacomber).

Í suðr þaðan og við hit svokallaða Jósephs-síki stendr Fajum, (er fornmenn kölluðu Arsinoe); það er allmikill verslunarstaðr.

Hit vestra í miðhluta Egyptalands liggr hin litla Dase; svo kalla menn gras-vaxit landspláts í sand-auðnum, er liggja umhverfis.

III. Upp-Egyptaland (Over-Ægypten; á arab. Said). Það er suðr-hluti ríkis þessa, er nær alt til Núbíu suðr. Þar er Zirdze (Dschirdsche eða Girge) höfuðstaðr, við Nílfljótit vestanverðt; þar er allmikill kaupskapr og 10,000 innb. Norðar og sama megin

Digitized by Google

árinnar er Sjút eda Asjut; þat er allmikill stadr. Þar stód fyrr Lykopólis. — Ad austanverdu vid ána stendr borg þat, er Luxor kallast; þar stód fordum hin nafnkunna borg, Theben, og eru þar allmerkar eptirstódvar og tóftir, er votta um hennar fornu fegurd og mikilleik. Auk þessara eru þar margir bæir, er standa á eda nálægt aurmálum ymsra í fornsögum umgétinna borga, t. d. Abatis, Panapólis eda Chemnis, Ptolomais, Tentyris, Aphroditopólis, Hierokonpólis, Latopólis Silsilis eda Apollinopólis o. s. frv. Sydst í Egyptalandi er Asuan (Syene); þar er ey í ánni, er Eleyhantina heitir. Nokkut nordar og skamt frá landamærinni er foss mikill í ánni og géta því ei skip lagt leingra upp.

Í vestr frá þessum hluta Egyptalands liggr hin mikla Dase; þar er bygd ei allítil og höfdingi (Bei) settr til yfirsóknar. Vid Arabiubotn er kaupstadr, er Koseir kallast; þar hefir arabiskr Seik yfir at ráda. Nokkr hluti Núbiu og Habesk-strandar liggr einnig undir Egyptalands einvalda.

Í landi þessu er mjog heitt og hitara enn í flestum londum, er liggja undir sama himinvegi; þó er hitin landsmönnum bæriligr og loptslagit ei óholt; því margir verda þar háaldradir, tíradir og meira; ber þat til þess, at hvervetna er þar stódugt vedráttufar, vedrabrigdi sjaldgiæf og umskipti árstídanna varla merkjanlig. Þar verar í Januario; þá grænkar

ak og vaknar af friósi; síðst í Aprili er uppskéru-tími; frá miðium Júnió til Septembers er hin heitasta árstíð, þá kémr hausttit, er varir í tvo mánuði, en hinn svokalladi vetr í rúman mánud, hvar þó er líkari sumri í vorum londum, at því undanteknu, at þá liggr þar alt jardarblóm í dvala. Regn er þar mieg sialdgiæft, en þó eru reidarslog enn sialdgiæfari. Mestan þorra árs blæs þar nordan vindr, er kiælir nokkut ofurhitan. Landsynningr (Chamsin) er þar einna þúngbæraftr, þótt ei sé hann banvænn. Drepsótt eda pest geysar þar titt; ollir því fremr vangætsla og skortr þeirra medala, er stemma stigu fyri skélmisdrepi, þá hún þángat flytst af ódrum londum, enn óheilnæmi lopts, edr þar, at þar sé hennar upphafligt heimkynni.

Hverveina þar er Nilá hleypr á og fiskin úr henni ná at vokva og friósga land þetta, er þat forkunnar ávaxtasamt og audugt af margskonar korntegundum og sialkynjudum jardargróda, og ilmsætu og litfogru blómi. Þar vex tvennslags lótus-jurt, hvít og blá, í vatni; rætur þeirra eru ætar og líkjast jardeplum — og jurt sú, er menn gjordu pappír af í fornøld. Auk þeirra dýra, taminna og ótaminna, er í flestum londum finnast, má hér géta Pharaons-volsku (Ichneumon), er eydir ódrum volskum, (sem þar er úgrynni af) og ýmsu illyrmi. Í fornøld kolludu landsmenn þetta dýr heilagt, mest fyri þá sok, at þat braut og dræk úr eggium krókadíla og á þann hátt hamladi fiolgun þessara herfiligu láds- og lagar-dýra,

Digitized by Google

er fordum vóru fleiri í Nílfljótinu og fárligri haldin, enn nú á dögum. Þar var og fyrrum vatna- eda Nílhestr (Hippopotamus; nikr), er menn segia nú aldauda vera í þessu landi. Þar er og mikil mergd fugla, t. d. strútsfugla, pelikanar, hæns, (eggium þeirra kiekja menn út í ofnum, sem til þess eru lagadir), flamingi, ibis eda hinn egyptiski storkr, er var helgr fugl í fornöld, er landsmenn smurdu og biuggu um í leirkrukkum, hvorjar enn má finna í fyrrtöldum greptrunar-hvelfingum, o. s. frv. Medal hinna merkustu stein-tegunda á Egyptalandi er Natrón, er finst vid fyrrtéd stodu-vötn.

Ei samsvarar kunnátta og atorka landsbúa gjædum og gnægtum verkefna á Egyptalandi. Þó hafa þeir, einkum sídan jarl sá, sem þar rædr riki, kom til valda, tekit allvænligum framförum í heim íþróttum og handidnum, er mida til at hagnýta gjædi landsins og auka fjármagn þjódarinnar med unnum ágóda. Jarl þessi hefir med miklum manndómi og kostnadi látit útlenda handverksmenn stofna þar vefstadi og smidjur, og kénna landsmönnum ymsa atferd og lagvirkni; hann hefir gjort verslunar-samninga vid þjódkonúnga í Nordr-álfu heims, látit gródrsetia þar mórberia-tré, svo milliónum skiptir, silkiormi til vidrværis, skr-reyr og vid þann, er ber ull þá, er menn kalla bómull (vidarull); hann hefir látit grafa síki og á ymsan hátt bætt akr-yrkiu og breytt til betra forni medferd og búskiptum landsmanna. Frá Alex-

Digitized by Google

andríu, Damiette og Svez gánga idugliga kaupskip til annara landa og heimsálfa, og yfir land fara lestir (Caravaner) til Shrlands, Arabiuríkis, Fezzan, Sennar, Darfur og Blakkumannalands; einkanliga er lest sú, er árliga fer austr til Mekka, feikiliga mikil; ástundum eru med henni 30,000 manna. Í Kahiru er allr horri kaupverslunar í Þessu ríki og ógrynni varnings samankomit.

Fyri Egyptalandi rædr nú jarl (Pascha) sá er Móhamed Ali heitir og hefir einvaldi allra Tyrkja hann þar fertan til yfirsóknar. Ali er mikill garpr, og svo starfsamr og umhyggiusulle um framfarir undirdána sinna til menta og íprótta, at ei finnast dæmi medal tyrkneskra landshøfdingia; tekr hann sér og smid eptir fidudum þjódum í ymsum hlutum og hlýtir rádum þeirra og tilsogn. Hann er allt lítt hádr Miklagards Soldáni og hefir mikit herlid, er hann lætr nema þá vopna medferd og vigfimi, er í Evrópu tídkast. Hann gætir vel landsfrids og laga, og lætr hvern ná rétti sínum, hvorrar trúar sem er.

Innbúar ríkis þessa eru 3 mill. og 500,000 at tolu. Þeir eru af morgum kynkvíslum, komnir, t. d. a, af hinum fornu Egyptalands-mönnum, er kallast Koptar (Copter); þeir eru kristnir, en fákunnandi mjog og latir og eru tvístradir vídsvegar um landit, en hafa þó traust af jarli. b, Frá Arabiu-mönnum, er á midvídum brutu landit undir sig; þeir eru flestir, og greinast í tvo flokka: akr-yrkiumenn (Fel-

Digitized by Google

laus) og fiárbændr (Bedavi), er liggia vid tiold og flytjaſt um landit. c, Af Tyrkjum, þeir hafa ſidan 1517 haft ædſtu vald. d, frá Mamelúkum, er í ondverdu vóru herteknir eda keyptir þrælar af ymſum londum, er hēldu vord um hinn egyptiſka ſoldán og veltu honum á 13 old midri úr kóngdómunum og gjordu uſt ſjálfir landsſtjórnendr um langar hridir; en ſvo var ſtjórn þeirra ill, at þá leid gjorſamliga hinn forni blómi og ágæti lands þeſſa undir lok. Eptir at Tyrkir hofdu tekit þar riki, eltu þeir jafnan grátt ſilfr og hofdu ymſit fygr. Nú eru Mamalúkar ſvo fáir, at þeir ei hafa þrótt til uppreiſtar. — Auk þeſſara eru þar Evrópumenn af ymſum londum: Grikkir, Gydingar, Armlendingar, Blakkumenn o. ſ. frv. Fleſtir játa landsmenn Múhameds átrúnad, ſem þar er í log leiddr; þó vjóta adrir trúmenn fulls trúarbragda-frjálsrædis, einkum Koptar, er hafa þar einn Patriarka. Tyrkneſka og og arabiſka eru hinar algeinguſtu túngr á Egyptalandi.

Þar innbúar lands þeſſa eru ſvo margkynjadir, þá eru þeir einnin at því ſkapi margbreyttir at áſiandum og háttum. Koptar eru liósmóraudir á horundit og verda því blakkari, ſem ſunnar kēmr, breidleitir og ſtuttleitir, ateygdir og flatnefjadir, varahykkir og munnſtórir og eru nokkut áþeckir hinum eiginligu Blakkumonnum eda Negrum. Hvad lunderni og manndómi, kunnáttu og íþróttum vidvikr, þá

Digitized by Google

má þat með sanni segja, at valla hefir nokkr þjóð í heimi úrætst svo mjog frá forfedrum sínum, sem Koptar frá hinum vidfrægu Egyptalandsmönnum; má þar sjá, hversu langvinnar þrældómr og mannrænulaus yfirdrottnan er skelmisdrep fyri allt andligt og líkamligt atgjørvi. Svo lýsa menn landsmönnum, einkum stadarbúum, yfirhofud: þeir eru medalmenn vexti og vel limadir, vodvamiklir og lidligir, bera hofudit hátt og drembiliga og eru skeggjadir mjog; þeir bera oklæsida kyrtla, blá eda svarta og hafa hann hofudbúnad, er túrban kallast og er hann ýmist raudr eda grænn, en þó optast hvítr. Augun eru brún, tennurnar hvítar og rómurinn allmikill og skorugligr. Af áshyndarsvip má þat gloggliga sjá, at þeir eru uppfæddir í heilnæmu landi, en jafnframt einnig þat, at þeir hafa hola mátt áhján og ófrelsi, svo at þat hefir sætt aldum ecki sám, og at þeir eru því læduligir smjadrarar vid yfirmenn, undirfærulir, lýgigiarnir og all-lítt hugdjarfir.

b, Þau ríki, er hafa hald og traust af Tyrkia-stórherra (sídan 1530). Þessi ríki kallast almennt einu nafni: Barbarí og er þat sannnefni; því bædi er þat, at sú þjóð, er þau byggir, er grimm, rángjorn, ill vidureignar, ófróð og lítt sidud, og þarmed hefir þessi þorpara-lídr eigi þar búit frá ondverdu, heldr tók hann sér þar fyrst á midöldum stadfestu og flæmdi á brott innfædda þjóð, er

Digitized by Google

Berbar (eda Brebar) kalladiſt, við hvorja hinſir kénna lond þeſsi og kalla þau Berberi. Þrjú eru riki þau á nordrſtrond Afriku, er menn ſérilagi kalla Barbari, nl. Alzir Túnis og Tripólis, en ſumir telja þar til hit Marokkaniſka riki og Barka.

I. Alzirs-riki (Staten Algeir.) (forð. Númidialand).

Þat liggr þar á tédri ſtrond, er hún gengr lengſt í nordr, í háſudr frá Fránkariki og imillum Marokkó og Túnis. Þat er 9000 ferhyrnings mílr at ſtærð og hvorju hinna voldugra og vídlendara. Land þetta er einkar fagurt og víða fjallótt. Atlas-fjöll gánga um hvert landit eda á auſtr og veſtr og hmſar greinir af þeim í allar heimsáttir. Merkuſtu ár eru: Zaine, er rennr á takmorkum Alzirs og Túnis, og Seleſ, ſem er 40 mílr at lengd. Riki þetta er greint í 3 landsálfr; kallaſt ſú ſem veſtaſt liggr Maſkara, þá Titteri, í midit, og Kouſtantina auſtaſt. Yfir hverri eru ſettir hofdingar til forráda, er Beyar kallaſt.

a, Í Tittari er hofudborg ríkis þeſſa, er Alzir (Algeir o: Nes) heitir; hat er rammgjor og allſjálig borg hit ytra, og ſtendr hún við

Digitized by Google

botn vikr nokkurrar, er gengr inn imilli tveggja nesja; hún stendr í hallanda, og hækka húsin því meir sem frá sæ dregr, má því svo sjá frá hinum optustu sem fremstu húsunum á haf út. Þar eru stræti þraung og óhrifalig, húsin flatþakin og ei mikil. Í miðri borginni er hofgardr allmikill; þar býr landshöfðinginn, er Dey kallast. Þar er góð skipalega, en ofgrunn höfn fyri stórskip — og 80,000 innbúar; þarámedal eru 10,000 Gyðingar.

b, Í Konstantínu er samnefndr staðr, (er forð. kalladist Cirta); hann liggr 12 mílr frá sæ og gengr Alzír næst at stærð og fólkmenni; þar eru 10,000 innbúar og heimili höfðingja nokkurs, er í þessari landsálfu er settr til yfirsóknar.

Í norðaustr þaðan og við sæ stendr Bóna (eða Bonne fyrr. Hippo). Þar og í Kalla (La Calle), nokkut austar á strøndinni, er kóralafáng mikit og kaupskapr, einkum við Frakka. Langa leið í suðr frá Konstantínu er Biskara, merkastr staðr í landsálfu þeirri, er Zab heitir; þar búa Biskarir.

c, Í landsálfunni Maskara er samnefndr staðr, er fordum hét Victoria. Þar fór bœg, er þar hefir mannaskað; sá staðr er allvel gjørr. Við sæ stendr viggirðr staðr, er Oran eða Warran heitir, og kastali stamt

hadan, er Masalquivir kallast; hinn var til 1792, hessi er enn eign Spanskra.

Innbúar Alzirs-ríkis eru 2 mill. og 500,000 at tolu og eru heir af margbreyttum kynhátt um komnir, en eru hvergi sodurbeteringar. Medal heirra má hessa telja: a, Berbar (Brebar) eda Kabýlar, sem fyrr er getit. Peir búa í fjallbygdum uppi, vid hraungan kost og í leirkofum; heir eru ófryniligir ásyndar, dokkmóraudir á hörundit og svarthærdir, en hó ei illa limadir, hraustir og viggjarnir og unna mjog frjálsraedi sínu; heir trúa á Muhamed og hola ei adra trúmenn í náboud sinni, og eru afar ófródir, hjátrúarfullir og ósidadir. Prestar heirra, er kallast Marbútar eda Móra betar eru har mikis virdtir, hótt hverki kunni heir at lesa né skrifa. Hafa heir og allmikil afskipti um veraldlig málefni; hví ei eru Kabýlar ódrum hofdingjum hádir. b, Mórlendingar eda Mórar (Maurer); heir eru ættspreingi heirra Arabiumanna, er unnu land hessi, og nidia heirra, er heir gátu vid dætrum enna fyrrnefndu fornbúa. Peir eru velvaxnir og vidlika hörunds hvítir og innbúar sudrhluta Evrópu; heir eru audugri og betr at sér um marga hluti, hibýlaprúdari og kyrrugri búfóstumenn, enn adrir innbúar hessara landa. c, Arabar eda Beduínar, hafa hér, sem hvervetna, er heir hafast vid, einga stadfestu, en flytjast um landit med tjaldbúdir sínar og hjardir. Peir eru sem ættmenn heirra, stoltir, brádlyndir og styrjaldargjarnir, frelsis-elskarar,

Digitized by Google

óbreytiligir at siðum og manna þrifnaðir. Ei lúka þeir landsstjórnara skatt, nema lúgadir séu og margir kjósa heldr at byggia sínadar fjallbygdir og þola þar húngr og klædleysi, enn at gjorast honum skattskyldir. d, Tyrkir (Otmanli), sem sídan 1530 hafa haft manna forráð og ædstu vald í londum þessum, eru hérumbil 10,000 at tolu. Upphaf þeirra er margkynjadr þorparalýdr, er um þar mundir flyktist hángat af ollum Tyrkjaveldis londum og verit hvínær ei at sdru kunnr, enn lostum og lýtum, vankunnáttu og leti, fíflsligum ofurhuga og sérhótta, fégyrni og eljaraglettum, hefndargyrni og grimd, lostasemi og drykkfeldni, — og má hat med sanni segia, at afkomendurnir hafa trúliga fetat í fótspor forfedra sinna alt til þessa dags; er þá ei kyn, at ill eru verk þau, er þeir fremja bædi á ládi og lag; þó er svo sagt, at þeim sé ei varnat hreysti, trygdar og einlægnis, og at þeir haldi heit sín morgum fremr. Af Tyrkjum samanstendr herlidit, sem er máttarstólpi landstjórnarinnar í þessu landi, hvar lag og réttr mega minna, enn vald og ofríki, og af þeim er hinn ædsti landshofdingi tekinn og allir valdamenn. Þeir gjalda hverki skatta né skyldr, en fésletta og plægja landslýdinn, einkum Móra, þótt þeir séu þar 200 um hvern Tyrkia at manntali; má hat Mórum til hugbleydi telja. Þar er einnin kynqvísl allmorg, er c, Koloris eda litblendingar kallast; þeir eru komnir af Tyrkjum og mórlendskum eda blokkum mædrum, en erfa hverki fé né einka-

Digitized by Google

rétt fet ra finna, og eru þó allvel efnadir. Þeir eru fet rum sínum líkir at skapnadi og fiestu, en þó gáfadri, starfsamari, flægri og skinheilagri. f, Kristnir kaupmenn búa þar í stodunum, og eru ei allmargir; en þess fleiri eru þar kristnir fángar, er bera hlekki og eru þrælkadir; þó eru þeir nú ei svo sárt eda grimmiliga leikuir, sem forn sögr votta, einna síst þeir, syri hvorja menn vænta ríflags lausnargjalds. Sumum leidist höfit og nidast á trú sinni; en ei eru þeir margir. g, Blakkumenn (Negre) eru þar bædi þrælar og lausgefnir og þjóna audmönnum og höfdingum í hénaraflétt — og eru seldir og keyptir sem fénadr.

Riki þetta hefir höfdingi sá til forrædda, er Dey eda Paska kallast, en med honum rædr þó allmiklu rád (Divan) nokkurt, er med atkvæda fjalda áþvedr logmætar skipanir og veir fyrirnefndan landsstjórnara, er ávalt skal vera tyrkneskr at kyni í bádar ættir. Í rádi þessu sitja aldradir tyrkneskir hersforingar. Deyar skulu sitja æfilángt at riki; en opt verdr þat, at þeir veltast úr tigninni og verda ei stráddaudir; því þá hinn taumlausa tyrkneska herlidi hykia þeir eigi sér svo vilhallir, sem þat æskir, stýrir þat heim ei allsjaldan allvr, (t. d. 1786 vóru sex deyar valdir og nær samstunds af lifi teknir á tveim dægrum). Í ávarpi kalla Kristnir og Tyrkir hann: Effendi d: herra, en Mórar og Arabar: Sultan d: konúng. Fremst er riki þetta lidskyldt, enn undirgéfit Miklagards einvalda, og stórgjafir þær, sem deyinn

sendir honum á ári hverju, má ei skatt kalla. — Herlidit er nærhæfis 10,000 og herskipin, stór og smá, 20 at tolu.

II. Túnissríki (Staten Tunis).

Pat liggr fyri austan sídstnefnt ríki, en at austanverdu markar Midjardarhafit og Tripólis hvi takmork. Pat er 90 mílr at lengd í nordr og sudr, 40 at breidd og 3400 ferh. mílr at vídáttu. Hit sydra gánga Atlas-fjöll og hálsar af theim um landit. Medskerda er thar hin merkasta á; hún kémr til sjáfar skamt frá Túnis og hleypr árliga á landit og frjófgar that, álíkt og Nil-fljótit. Sunnar enn mittlands er stodnvatn mikit, er Nest eda Ellúdia kallast.

Hofudborgin í thessu landi heitir Túnis, er Rómverjar kolludu Tunes, en Nordmenn Túnet. Borg thessi er 1 mila ummáls og stendr vid stodnvatn; úr thví gengr ós til sjáfar. Skamt thadan er kastali sá, er Bardó heitir, thar hefr landshofdingin atsetu, og annar, er Góletta kallast. Thar eru fiest hús lítil og flöt at ofan. Thar eru 120,000 innbúa.

Tvær mílr thadan í útvestr er thorp litit, er Mersa heitir. Í grend vid that má finna eptirstodvar af borg theirri, er Kartagó hét og

Digitized by Google

mikg var nafnkunn og mikil í fornøld. Atta mílr í sømu átt frá Túnis og við sæ stendr kaupstadr sá, er Biserta heitir. Þar stód fordum Utica. Í sudr frá Túnis er Kærvan, þar er musteri (Mosche) svo mikit og fagurt, at hvergi stendr jafn-vegligt á Nordr-strønd Afriku.

Innbúar þessa ríkis eru hérumbil 3 mill. at tølu og eru þeir samkynja og líkir at-flestu margkynjudum ættmønnum sínum í Alzirs-veldi; þó eru Bedúínar þar einna fjølmennastir. Um Túnísa, einkum høfudstadar-menn, má þat með sannri segja, at þeir hafa fremr, enn nágrannar þeirra hit eystra og vestra, samit sig at háttum Evrópumanna og eru af umgengni við þá vorduir nokkut síðadri, víðfeldnari, vinveittari við kristna-menn og ei svo hardlyndir við fánga sína, sem grannar þeirra. Medal enna mórlendsku kvenna eru allmargar forkunnar fridar sýnum, og hafa meira frjálsrædi, enn almennt er sídr hjá hjódum þeim, sem kynjadar eru af Austrlondum; þær þykja vænstar, sem holdmiklar eru og hárfagrar. Høfdingi sá, er hefir riki þetta til forráda, kallast Bei; hann velia tyrkneskir hersforingiar af Mórum, og hafa hann í ríkisstjórninni með honum, með því þeir eru medlimir stjórnarráds hess, er Divan kallast; hat kallar hann til fundar við sig til ráda-gerda, þá honum þykir miklu skipta, en ecki elligar; er hann því optast sjálfrádr um giordir sínar og dóma. Sjálfr fer hann á sumrum hit nyrdra, og á vetrum hit sydra um landit með

Digitized by Google

nonnudu lidi og tekr skatta og landskuldir; hvé hvergi gésr hann ödrum hösdingjum yfirsóku í riki sínu. Landlid hans er 45000 manna, en herskip 20 at tölu; heim halda Túnisar nú á dögum ei svo mikg til ráns og hernadar sem forrum, bar heim bykir fridsamlig kaupverslan vid Evrópumenn betri, enn á fornan hátt at afla sér fjár og hringast vid bá. — Bejinn sendir Miklagards soldáni ástundum ágjætar gjafir, sem fremr eru vingunar- og virdingar-, enn hegnskyldu-merki.

III. Trípólis-riki (Staten Tripolis).

Bat ligge imilli Túnisa-rikis og Barka, bar á strondinni, er landinu sköhr mest inn — og nær til endimerkr hinnar miklu í sudr; bat er 4690 ferh. mílr at stærd. Hit sydra eru eru sand-audnir miklar og skallgardr sá, er Garrean heitir. Í grend vid hafit er landit allfrjóssamt. Bar er höfudborg, er Trípólis z: Príborgi; (Trípoli, di Barbaria at aukneíni, af landsmönnum kallut Tarabilis); hún stendr í hvammi miklum, vid sæ og vestarliga í landinu; hún er fögr ásýndum hit ytra, en óhrísaleg og illa húsut, bá inn er komit; umhverfis hana gengr, sem hinar tvær ádr nefndu höfudborgir, einlægr múrveggr og eru á honum 2 hlid; vid annat heirra stendr fögr-hrós-bogi,

Digitized by Google

tileinkadr Marc. Aurelius keisara. Þar eru og fleiri allmerkar fornmenjar og 20,000 innb. Þar sitr einnig landshöfdinginn.

Austar á strondinni er stadrinn Mesúrata; þar hefir bey nokkr atseta og þadan gánga stór-leiðir til Fessans-ríkis.

Í fyrrnefndum fjallgardi er bygd mikil, um hverja bey nokkr hefir alla yfirsókn, og géldr Tripólis-deyi skatt í landaurum ni. safrani. Fjallamenn þessir búa bædi í jardhúsum og hörpum, sem eru 100 at tölu. Þar eru Gydingar margir, sem hverfetna í þessu riki, og yrkja þeir jörd og idka handverk. Merkasti býr í fjallbygd þessari er Kasr a-kastali. Þar sitr beyinn. Fleiri eru þar mannabygdir í dölum Atlas-fjalla og á grasdeplum í sand-audnum, er hardfiradar, stridfúsar, og friálsar smá-þjódir byggia.

Frammundan strond ríkis þessa eru á 2 stödum grunnsæfi eda grynningar miklar, er Rómverjar fórilagi kalludu (Syrtes; Syrtis major et minor) hit meira og hit minna grunnsæfi eda hvirfilstreymi). Þar hötti farmönnum sárlig skipaleid í fornöld.

Innbúar þessa ríkis eru af sama og jafn margfoldu kyni komnir, sem innbyggjendr tveggja sídsttaliuna landa, en eru þó ódsidari, sáfródari og fidr at sér um flesta hluti og hafa lángt færri manna-sidi. Þar rædr ríki höfdingi sá, er Dey kallast og er hann tyrkneskr at kyni. Samlikt ráð gengr honum til handa í ríkis-

fjórðinni, sem í ádr greindum ríkjum. Þarataauki hefir Miklagards soldán sett þar jarl (Pascha) til forráda; en vald hans er lítit; þó hefir soldán meira tángarhald í þessu ríki enn í nokkuru hinna tveggia. Þeyinn hefir 50,000 vígra manna og 13 herskip.

IV. Barka.

Þat liggr á strendinni ímilli síðsteds ríkis og Egyptalands, hinnar líbisku eydimerkr og Miðjardarhafs. Þat er 4000 ferh. mílr at víddtu og er mestr hluti þess óbygdr og sandheiði; við sæ er mon frjóssom og fagr og blettir hingat og þángat í sand-geimnum hit syðra í landinu. Þar kolludu menn forð. Líbyaland.

Hit vestra og við sæ er stadr sá, er Bingasi 2: stríðsdóttir heitir; (fyrr. Berenice). Þar er hofn góð, margar fornmenjar og heimili beya nokkurs. Austar stendr Kúrín eda Grenne (fordum Cyrene); þat er hinn merkasti býr í þessu landi. Þar eru margbreyttar fornmannaleifar, er votta um fegurð og mikilleik borgar þessarar á fyrri öldum, t. d. manngjardar vatzdældir, legstadir, o. s. frv. Þar búa Beðúínar, og eru þeir flestum ættbræðrum sínum síðadri. Austar er Derne, við samnefnda fiallbygð, er gengr, sem múli, í haf út; þar hefir bey nokkr atsetu. Í þessum hluta landsins eru flestir innbúar arabískir at kyni eda Beðúínar, er flytjast víðs-

Digitized by Google

vegar med tjald og hjardir sínar. Oddvitar heirra eru tveir fyrirmenndir beyar, í Derne og Bingasi, og hefir hinn fyrri 30,000 en hinn sídari 20,000 tjald til yfirsókuar. Bádir eru peir skattskyldir Tripólis-jarli.

Í Sudr-hluta lands pessa eru tveir fagrir og gródr-ríkir blettir (Oaser) í sand-heidinni, er frí-hjódir tvær byggja, nl.:

1. Síva (Sivah), er liggr ei alllánga leid fyri vestan Egyptalands landamæri. Mestr hluti pessa ríkis er frjóssamr dalr einn med klettabeltum umhverfis. Par er sammenfudr hofudstadr, og Ummebeda; par géta menn til at Júpiters Ammons hof stadit hafi. Vestar liggr:

2. Augila, par er hrorligr stadr, er hefir sama heiti. — Bædi pessi lond byggia Arabiumenn.

Af lokum má pess géta um oll pau ríki, sem nú eru talin á nordr-strönd Afriku, eda Barbariit, at par er hvervetna mikit ísi hita, er optliga eykst afarmiog, pá landbúar, at lokinni uppskéru brenna smávidi af akrum sínum, er peim pykir vera sér til baga. Á snió og frost bera menn at eins kénsl á hærstu fjöllum. Á sumrum rignir sjaldan, en á vetrum, pvínær í sífellu. Hvervetna er par vatnskortr mikill; hafa menn pví manngjördar vatnsdældir og safna pari regnvatni. Allr porri innbúa ríkja pessara játar múhamedaniskan átrúnat, og halda hann trúliga.

Um lánga æfi hafa innbúar pessara landa verit illræmdir sjó-reyfarar og ógnabildir ollum

Digitized by Google

farmönnum í Miðjarðarhafi. Hlaupa þeir út frá ýmsum höfnum og rœna kaupfar allum farmi, en hertaka kristnamenn alla, er þeir finna innan borda, og þrælka þá grimmiliga, uns þeir verda lausir fyrir ærit gjald, eda níðast á trú sinni; hefir því Evrópu-ríkia þjódkonúngum þótt þat ráð: "heidradan skálkin, at hann skadi þig ecki!" heldr ræda best, og senda heim optliga gyðiigjafir til fridar og grida farmönnum sínum. Nú sönnu eru nú ei svo mikil brögd at ránum illingja-sveita þessara, sem á fyrri tídum, þá þeir herjudu um norðr-höf og rœntu skip og lönd fé og fólki; ollir því ei svo mikil lundernis-betrun, sem ótti fyrir ofr-efli ýmsra þjóða, einkum Enskra.

II. Hit Marokkaniska ríki.

Þat kalla margir keisaradœmi, med því þar til liggia fleiri smá-ríki, er konúngs-ríki eru kollúð; en eiginligast er heiti þess: Konúngs-ríkit Marokkó (eda Marokos) og Fez. Þat liggr vestast á norðr-strönd Afriku og er nokkr hlutr eins sona Mauritanalands, er arabiskir herskarar, sem Sarcezenar eda Serkir kolluðust, tóku med herskildi 647. Þat er 13700 ferhyrn. mílr at vídáttu og er þeirra ríkia vídlendast og voldugast, er sumir menn kalla einu nafni: Barbari. Fagurt er þat og liggr vel og hagsamliga, forkunnar frjósamt og margskonar

Digitized by Google

gjærdum brik. Atlas-fjöll gánga þar vídsvegar og í hinsar áttir um landit og eru þau bæði há og víða snæþakin hit efra. Við Mjorsasund sunnanverdt og gagnvart Gibraltar, er höfdi mikill, er Abyla kallast. Margir eru lækir og ár í landi þessu; en engar eru þær miklar, þar atdragandinn er skammr frá fjöllum til sjóru. Þær merkustu eru: Málvía, er rennr hit eystra og skilr Alzirs og þessa ríkis landeignir; Lucko's á vestr-strondinni; hún hleypr opt á landit og gjörir mikinn jarðusla; þá Saba og Tensift syðst; þessar þrjár falla í hinn atlantiska útsæ.

Til þessa ríkis liggia 2 höfud-ríki: Marokkó og Fez og landsálfan Sús — og landsálfurnar: Týá, Tafilet og Segelmessa.

1. Í ríkinu Marokkó, er ligge hit syðra á Vestr-strondinni, stendr höfudborg gjörvalls ríkisins, er Marokkó (eiginl. Maraksch) heitir; hún stendr á fögrum slettum við Atlas-fjöll og er allmikil; þar hefir einvaldi atsetu í hæreistum og skrautligum höfgarði, er Mensia kallast; um hann er hár múrveggr gjörr og er hann jafnmikill ummáls, sem miðlungs-stór stadr; í honum er allskonar ósnæ-þrjál menniskar og austr-landa sundrgerð; þar

eru einnig strútsfugla-gerdar og ljóna-gryfjur; í þar er sakamönnum varpat. Nokkr hluti borgarinnar er afmarkadr med múr umhverfis, er Milla kallast, þar búa Gydingar. Í borg þessari eru 40,000 innb.

Vid sæ stendr umgirdtr kaupstadr, er Magador heitir.

2. Í ríkinu Fez, er liggr nordar á vestr-strondinni og gegnt Spáni, er Fez eda Fes höfudstadr, er stendr í dal og vid Sabú. Þat er hinn fjölmennasti og mesti kaupstadr í hinu marokkaniska riki. Þar eru 200 bænahús (Moscheer) allmikill bókastóll og 100,000 innb.

Ei allángt þadan er stadr sá, er Mekines eda Meknes heitir; þar sitr einvalds-höfdingi ríkis þessa ástundum. Stadarmenn eru 10.000 at tölu. Vid Midjardarhafit stendr kaupstadr, er Tetúan heitir, med 14000 innb. og Tanzér (Tanger) vid Rjorfasund. Fyrir austan sundit er kastali sá, er Ceuta eda Sebta, (Septen) heitir; hann eiga Spanskir, ásamt þremr umgirdtum stodum þar á strondinni, er Melilla, Penon og Alhuzemas heita.

3. Landsálfan Sús liggr á vestr strondinni fyri sunnan Marokkó; þar eru 2 kaupstadir, er Tarúdant og Santa-Cruz kallast.

4. Hvad þeim 3 ádrnefndu ríkjum vidvikr, þá liggia þau öll fyri sudaustan Marokkó og í og nálægt Atlas fjallbygdum, og ná hvergi

Digitized by Google

til hafs. Renna um þau ár í sudr og hverfa þar allar í bruna-sandinn.

I Tafilets-riki er samnefndr þorp, allmikit ummáls og strjálbýst; þar sitja margir Skerifar, er rekja ætt sína til Múhameds. Þar koma þeir menn saman, er gjora lestaferdir til Afriku upplanda. Austar liggr Segelmesu-riki; þar er samnefndr höfudstadr og kastali. Ríkit Drá liggr fyri sudvestan Tafilet og tekr nafn af á mikilli, er rennr í útsudr til sjáfar. Þat er mjog ókunnugt.

Hit Marokkaniska riki mundi brátt reynast eitthvert hit besta land á heimskringlunni, ef kunnátta, atorka og hagvirkni innbúa samsvaradi gjædum hess og audlegd í jord og á, og ef landshöfdinginn eigi veifadi járnvardinni veldis-spíru yfir höfdum allra þeirra, er leitast vid at framast og hefjast til þroska og manndóms; þar er gnægd allskonar málma í jordu fólgin, en hann hefir sett ollum bláttyri bann at leita þeirra, at eyri undanteknu, er þar finst sæum og med litlu ómaki. Þadan flytja kaupmenn korn, olíu, manlur, gúmmí, tóbak, eyr og salt o. s. frv., bædi á skipum til útlanda og á úlfaldaldum til Mekka, Búrnú og ymsra stada í Mid-Afriku. Landsbúarnir er margskynjadr þar, sem í fyrrtoldum ríkjum, nl. Arabar, er annaztveggja idka jardyrkju eda kvikfjár-rækt og liggja þá vid tjald, er þeir géra af geitahári. Berbar eda Kabýlar, Biskkumenn, Júdar, ei allmargir kristnir menn, trúarnidingar

Digitized by Google

og Mórar, er búa í stöðunum og eru afkomendr Araba, enná fornu Máritana, Getula og Þeirra (1610) af Spáni útflæmdu Móra; þeir kalla sig Moslemim (:: þá frelsuðu) og eru fríðir sýnum og vel vaxnir, og heyra til ens hörundshvíta mannkyns; þó eru þeir flestir, er þetta þjóðar-nafn, bera, blackleitir, einkum afkomendr þeirra úr Negra, hvorja kalla má mórauða eða Múlatta. Í landi þessu tíðkast menn allvel safían og sápu, spinna silki og vinna vídar-ull. Fyrir þessu ríki ræðr sjálfráðr einvaldi (Despot); hann er af ætt Skerifa, eða Múhameds afsprengis, og kallar sig: jarl Guðs og fursta hinna trúuðu — og Imam eða yppasta prest, þar hann, álíkt og Kalifar, er kénnimanna oddviti. Landsmenn kalla hann: Súltan :: konúng og Sidi :: herra; en Evrópumenn: keisara; sú nafnbót þykir ósiðlig. Vald landsins gengr í erfðir til frumgétins sonar, en optliga deila bræðr hans ásti og ofríki við hann. Eingin má sá koma á kóngs fund, sem ei færir honum gjöf nokkura. Um konúnga þessa fer ein saga, at þeir séu grimmustu harðstjórar og blóðgbrugðir tyrannar. Allr þorri landslýðsins rækir hinn múhamedaníska átrúnað og mælir þar, sem í öðr greindum ríkjum, bjagaða arabísku. Landlið Súltans er 63000 vígra manna og herskip hans 24 at tölu; er þeim einng heldst haldit til ráns og hernaðar, sem síðr er með þjóðum þeim, er byggja Blálands jaðar.

Digitized by Google

III. Belad-al-Zerid (Belad al Dscherid) eda Dadlaland; Daddellandet.

Svo kalla Afrikumenn, er arabiſku mæla, øll þau lønd og landsálfr í Afriku, er einna mest bera þann tríá-ávoxt, er Dadlir kallaſt, og ſem búfaſtar þjódir byggja; en allmennt heita menn ſvo allvídlendar mannabygdir, er liggja fyri ſunnan fyrrtalin ſjóreyſara-ríki frá Tripólis takmørkum alt til haſs veſtr, þó einkanligaſt þær landsálfr, er liggja ſudr af Túniſa-ríki. Fyri ſunnan bygdir þeſſar teke eydimørkin hin mikla vid. Vídaſt er land þetta ſandi-orpit, mjog og ófrjóſſamt; á allmørgum ſtødum eru þar blettir fagrir og ſkógar miklir af dadla-trjám, er einna heldſt géfa landsmønnum forda til vidurhalds heim og heſtum þeirra. Þar búa Berbar, Arabar og Blækkumenn; eru þeir annarstveggja ſkattſkyldir ſjóreyſara-þjódunum eda friálſir. Tozer er þar allmerkr bær, er liggr til Túnis. Þar er dadla-markadr meſtr.

IV. Sahara edr Eydimørkin mikla (Örkenen).

Þat er ſeykiliga vídlendar ſandaudnir, er liggja jafnſídis ſyrrgreindum løndum alla leid

Digitized by Google

frá hinum atlantiska útsæ, til Egyptalands fjalla og Núbíu í austr og eru 65000 ferh. mílr at vídáttu; fyri sunnan hær liggr Senegambíu-ríki og Blökkumannaland. Vídast er svædi þetta rennsléttt og svo snaudt, at ei sést har stingandi strá né svalandi lind; hiti er har nær óbærilegr og sandrinn glódvolgr og líkr sem mjöll, hve hvít sem golar. Sumstadar eru þó í bruna-sondum þessum, (álíkt og eylönd í rega-inhaf), grasivaxnir blettir, (Oaser, af koptiskr ordi: Wahe = mannabygd), einkum har er sandrinn er mishár eda hædóttr, en hvervetna er har vatnsskortr ille audkanni, einkum á sumr-um; har timgast: villi korn og villi-kál, dadla- og pálma-vidr, hyrnibúskar og nokkurskonar thc. Par eru og margkynjud villidýr, t. d. apinar, dýrit óarga, panther-dýrit, ógurligir höggormar og villi-svín, úlfbaldar, saudfé, geita-fé og stórir hundar, mikill fjöldi fugla, einkum er har strútsfugla eiginligt heimkynni. Blettir þessir eru 32 at tölu, og eru 20 af heim bygdir. Innbúar heikra eru arabiskir at kyni, eda Bedúinar er á 7du öld fylgdu lands-mönnum sínum at austan og kusu sér heim-kynni vídsvegar har í Nordr-Afriku, er heim þótti best fallit til kvikfjár-ræktar og sjálfrædis. Af sólar-hita eru þeir vordnir dockleitir mjög

Digitized by Google

á hörundit, en eru þó ættmönnum sínum líkir at skapnadi og lunderni; augnaráð þeirra er grimt eins og skapferlit, vaxtrinn hardmannligr, hárit svart og sellr í lokkum, og nesit nokkut lángt; þeir eru sáfródir mjog, dramblátir, bráðlyndir, ránsjarnir, en þó gestrisnir. Prestar þeirra kallast Marbútar, er naumast kunna at lesa og skrifa; þeir fremja margskonar kukl og hafa landsmenn at ginníngarfíflum. Smá-þjódir þessar flytjast frá einu haglendi til annars med tjöld sín og hjardir og halda ei lengr kyrru fyrir, enn til þess at hagan þrýtr. Svartir þrælar hirda qvikfé, en húsbændr eru jafnan at dhraveidum og ránum. — Þeir eru múhamedanískir at trú og mæla afbakada arabísku.

Eydimörk þessa greina menn í 6 höfudaudnir; medal þeirra mannabygda, er þar finnast, má sérílagi þessara hér géta:

1. Zanhaga, á vestr-strondinni. Þar er höfn og kastali, er Portendik kallast og Frakkar áttu, og kaupstún lítit á ey þeirri, er Arguín heitir. — Þar fara lestir frá Marokkó og Fez ýfir sandinn til Mid-Afríku.

2. Fezzan eda Fesan, er sumir kalla kóngsríki; þar liggr hit eystra í tédum sræsum, í sudr frá Trípólis og er allumegin umkringt af brunasöndum og fjallgördum, einkum hinum svokölludu blökku og hjarta Harutsk-fjallsins,

Digitized by Google

Riki þetta er 60 mílr at lengd í nordr og sudr og 40 at breidd og sæmiliga frjófsamt. Þar búa 70,000 múhamedaníska innbúa, er mæla arabiska. Ámedal 101 þorpa og stada í þessu landi er borgin Múrsúk merkust; þar hefir ædstr hofdingi ríkis þessa atsetu; hann kallast Súltan (kóngr) og er af Múhameds ætt (sherif); hann sendir árliga Trípólis-jarli svarta þræla og gullsand, og er þat fremr gjof enn skattr. Veldi hans er ótakmarkat og gengr þat í erfdir til þess, sem eldstr er konúngs ættingja. Frá Múrsúk gánga leidir til Tomboktú, Trípólis, Kósna, Búrnú og Kahíru.

Innbúar ríkis þessa meina menn séu afkomendr Nordr-Afríku fornbúa; þeir eru móleitir mjóg og medalmenn vexti, atorkumenn litlir og kunna litt at verkidnum; þeir trúa á Múhamed og eru allfáfródir.

3. Tibbus-lond liggja í austr og í sudr frá Fezzans-ríki; þar býr þjód nokkr allsjálfmenn og mjóg hernúds-dokk, illgjörn og undirförul, ræktir Múhameds átrúnat og mælir sérliga túngu. Tibbúsar eru hardfengir stigamenn og rána optliga kaupmanna-leidir; þeir bera atgeirá og lánga knífa og eru í saudskinns-stokkum.

4. Túarika-lond; þau liggja í sudvestr frá Fezzan. Þar býr þjód sú, er Túarikar (Tuariks) kallast; þeir eru fjálmennir og allríkir, dokkleitir mjóg og vel límadir, miklir vexti og karlmannligir, alvarligir og hardfengir í orrustum og sá ordstýr fyrst lundarni sit og

Digitized by Google

drengskap. Þeir ganga blåklæddir, girdtir sverdum miklum og falda sér eda sveipa svörtum dúk svoleidis um höfudit, at líkast er hjálmi tilsyndar, og eigi sést annat enn augun. Til þjódar-einkennis bera þeir svartan horn- eda stein-hring á hægra armi.

V. Hinar Kanarisku eyar.
(förd. Insulæ fortunatæ o: Lukku eyar).

Þær liggja í hinum atlantiska úthafi í vestr af Nordr-Afriku og ei lánga leid undan meginlandi. Þær eru greindar í tvo flokka og eiga Portúgals og Spánar-konúngar sinn hvorir.

a. Þær kanariſku eyar, er liggja til Portúgals-ríkis, liggja í hávestr frá Marokkó og lengra undan landi enn hinar. Þeirra mest er a, Madeira eda Madera; þar eru fiöll há og förkunnar fagrir og frjófsamir dalir; hún er 30 förhyrn. mílr at stærd; eyarlýdrinn er 80,000 at tölu og er hann allr kathólskr at trú. Þar vex vínvidr, er eyan tekr nafn af, og er áheckr mahógnitré og ber eitthvört hit hnossgjætasta vín, er maderu vín kallast. Þar er kaupstadr, er Funkal (Funchal) heitir; þar er viggirdt höfn, heimili höfdingja (Gouverneur) þess, er þar hefir yfirsókn, og 15000 innb. Í nordaustr þadan er ey sú, er b, Portú

Santó (Helgahofn) kallast; þar eru 1200 innbúa. Hana fundu menn 1418, en Maderu 1420.

b. Þær spönsku eda eiginlegu kanarisku eyar liggja sunnar og nær meginlandi; þar eru 12 at tölu, eru 7 bygdar, og allar samt 151 mílr at ferhyrningsmáli. Margar eru líkr til, at jardeldar hafi þeim flestum í sudverdu af hafi skotit. Þeirra merkust er a. Teneriffa; hún er há mjög og fjallótt og at austanverdu aud og herfilega afmindud af eldgángi og bruna, en at vestanverdu eitthvert hit heilnæmasta, fegursta og gagnaudgasta land á hveli jardar. Þar er eldfjall hat, (er Pikó (Pico de Teyde) heitir; þat er nær 12000 fóta at hæd frá sjáfarmáli og rykr hvervetna. Þar er kaupstadr, er Santa-Krúz (Santa Cruz (o: Helgi kross) heitir, med 9000 innbúum; þar er skipalega mikil og gód; er þar mjog skipkvæmt, því optliga taka þar farmenn land, er ætla annattveggja austr eda vestr í heim. Þar hefir atsetu eya-jarlinn (Gouverneur), er Spánar-konúngr hefir sett þar til forráda. Austar er b. Kanaría, þar er stadr, er Palmas heitir. Af þessu eylandi taka eyarnar nafn. Austar og nærst Afríku strond er c. Fortaventura, þat er miki

eyland, og fyri nordan hana d. Lanzerotta. Fyri sunnan Teneriffu er e. Gomera, en Palma fyri vestan. Þessara eya vestust er lítil ey og há, er Ferró kallast. Þar hafa menn ágvedit takmarka-púnkt ens svokallada fyrsta (sameiginliga eda alþjódliga) hádegis-hrings eda baugs, er deilir jordinni í tvær jafnmiklar hnattar-helftir.

Flestar eru eyar þessar svo frjósamar, fagrar, vedursælar, gagnaudugar og heilnæmar at ei þykir hat kynligt, þótt fornmenn kolludu þá gjæfumenn, er hofdu svo imdæla bústadi, og ómsir ferdamenn á seinni oldum hafi rádit til, at senda þángat sjúklinga alla og vanheilinda-manneskjur. Innbúar heirra eru 180,000 at tolu og játa þeir allir kathólska trú. Þjód sú, er í ondverdu byggdi eyar þessar, og Gúanir eda Gúanskar kolludust, er nú nær aldauda. Þeir veittu Evrópumonnum harda mótstodu, en med því þeir ei hofdu annat vopna, enn staura og kylfr, máttu þeir at lyktum láta fyri sliku ofrefli; þó mun hreysti þeirra lengi uppi. Frá eyum þessum flytja menn margskonar kaupeyri, t. d. ságjæt vínfaung, hunáng, kryddjurtir og þá svokolludu kanarífu-fugla.

Digitized by Google

B. Mid-Afríka.

Svo kalla menn midhluta heimsálfu þessarar eda þat svædi hennar, er liggr í milli hvarfbaugs hins nyrdra og midjardar-hrings. Sá hlutin deilist í 7 parta, er svo heita: 1. Núbia, 2. Habessiníu, 3. Adel og Ajan, 4. Nigritia eda Súdan, 5. Senegambia, 6. Gínea og 7. Eyarnar.

I. Núbia eda Núbialand (Nubien).

Þat liggr fyri sunnan Egyptaland og fyri nordan Habessiníu; at austanverdu markar hvi hinn arabiski hafsbotn takmørk, en at vestan eydimørkin Sahara og Nigritia. Misjafnt fer sögum um vídáttu þess; sumir segja þat 12000, en adrir 15000 ferhyrn. mílr. Vída eru þar sræsi og brunasandar, og jafnframt því allbyggiligir blettir í heim og fagrar og frjófsamar landsbygdir. Hit vestra er sandlaudn sú, er Bahjúda kallast, einhver hin vídlendasta. Ígegnum landit fellr Nílsfljótit úr sudri í nordr; í þat rennr Bar-el-abiad x: Hvítá, er fellr undan Mána-fjöllum, og Takaze, er kémr

Digitized by Google

frá Lasta-fjöllum í Habessiníu. Núbialand greinist í 5 riki: hin tyrkneska Núbia, Sennar, Dangala, Arbara og Derkin.

a. hin tyrkneska Núbia liggr norðast eda nærst Egyptalandi; har til liggr jafn langr hluti strandarinnar vid syrtédan hafsbotn, er Habesk (Habesch eda Abex) kallast. Í stödum heim, er har standa vid botninn, hëldu Tyrkir fyrrum herlid og því er hessi landspartr vid há kendr.

Par er kaupstadr, er Arkikó heitir. Framundan honum liggr eyan Massúa. Á strönd hessari stendr einnig Svakem (Sauakem); hann kaupstad á sëkrissinn í Mekka hafa fara störlestir frá Afriku ystr fjordinn til sídstnefnds stadar.

Mestr hluti eyrar tyrkneska Núbíu er eydimörk ein og ægisandr, er rykr sem mjöll, þá andvara kennir. Engi eru har villidýr, en illþýdi nokkurt, gleypandi dýrum vera, er har á sídeldu reiki, er rænir og drepr ferdamenn, og ásamt banvænum vindi (Samum) og vatnsleysi hrellir þá, er har leggja leidir sínar.

b. Sennars- (Sennaar) eda Fúngi-riki liggr sydst í Núbíu. Pat er 5400 f. m. at vidáttu. Innbúar hess eru 1½ millión at tölu. Peir eru af Blakkumanna- eda Negrakyni og kallast Skillukar. (Sjálfir kalla peir sig Fundschi d: figurvegara). Par er geysi-

Digitized by Google

mikill hiti og þá regn koma á ofan, verdr loptit banvænt. Landit er vídast slétt og hverveina frjóssamt. Þar er:

Sennar höfudstadr og konúngs-setr vid Nil-fljótit; þar eru 100,000 innbúa — og Harbaski; þar hefir atsetu seik nockr arabiskr, er rædr fyri heim hluta ríkis þessa, er Wedúinar byggja, og er hann skattskyldr Sennars-konúngi.

Í þessu landi er einvaldsstjórn í lög leidd og skal kóngdómr hverveina at erfdum fara. Brjóti konúngrinn (Mek) lög á þegnum sínum, má hann at ósekju af lífi taka. Til heidurs vid hinn einkanligasta atvinnu-veg landsmanna, akuryrkjuna, er hann skyldr einhvörju sinni, medan hann hefir konúngstign, í eitt skipti og med eigin hendi, at velta jörd til korns og sá akr nokkurn og er þá mikill hátídabragr landsbornа ímilli. Fljótlig og straung er þar málamedferd; flestir eru þar sakamenn bardir til bana. Allr játar landsbýdrinn Múhamedstrú og er hann mjög lítt at sér um flest, en skartar flestum fremr med hringum, er menn bera hvar sem verdr, einnig í nefi og nedrivör. Þadan flytst: sílabein, einhyrnings horn, gullsandr, strúts-fjadrir og sérílagi manns-menn (Slaver).

c. Fríríkit Dongala liggr nordar eda hérumbil mitt lands og báðumegin vid Nil-fljótit.

Digitized by Google

Þar er samnefndr höfudstadr, vid téda hjódá. Innbúar lands þessa eru Berbar at kyni og múhamedaniskir at trú, sáfródir mjog og ósidadir, hraustir og ókvelliskir og gánga ávalt berhöfdadir.

d. Atbara liggr ímillum Níl-fljótsins og Takaze-ár. Þat meina menn sé land þat er fornmenn kolludu Meroe. Í Níl-fljótinu er þar ey, forkunnar fögr, er Kúrgos kallast. Gagnvart henni fyri austan ána er fjall, er Zibbæni (Dschibbaini) heitir. Á því eru ummerki gllmikillar borgar, er menn géta til at hin forna Meroe verit hafi.

e. Derkin liggr fyri austan sídst-talit land; þar er samnefndr stadr.

II. Habesínia eda Habesk (Habesch).

Þann hluta Austr-Afriku, er vér nú á dögum kollum Habesíniu (rángliga Abyssíniu), þektu fornmenn og kolludu þat, ásamt öllu upp- og mid-lendi þessarar heimsálfu, AEthiopia o: land hinna hörunds-svörtu eda Blökkumannaland, og enn kalla Habesíniar land þetta: Manghesta Itiopia o: Ethiópiu-riki, og sig sjálfa Ethiópíu-menn. Seinna gáfu Arabar landinu nafn

og hétu þat Habesch, er þýdir land enna margkynjudu, því þángat fluttu fyrrum hmsar kynkvíslir af Arabiu-riki.

Habessinia liggr fyri sunnan Núbiuland og við Arabiu-hafsbotn vestanverðan; en fyri sunnan og vestan marka upplond Afriku henni takmork. Hún er 12000 serh. mílr at vídáttu. Ovíða er þar slettlendi, en allvídast fjoll og fjallbygdir. Strandlengis med fyrrtédum hafsbotni geingr fjallgardr í sudr er hin Tigresku fjoll kallast; þar er hit hærsta fjall í landinu, er Taranta heitir; þar er og mittlands fjall þat, Lamolmon kallast, ásamt fjallaklasa miklum, sem kendr er við landit og nefndr er hin Habessinisku-Alpes-fjoll. Merkasta á í þessu landi er Nil-fljótit (eda Bahr el Azrak d: hit blá fljót, Blá-á) og eru 3 kvíslar fyrstu uvptok þess. I þat fellr Takaz-á og í hana Mareb. Mittlands er þar stodnvatn allmikit, er Dembea eda Tzana heitir; í því er nikr afar-margr.

Habessinia greinist í þrjú riki og er eckert þeirra odru háð, nl. Tigre, Amhara og Skóa ásamt Esat.

1. Konungs-rikit Tigre er nordaustr-hluti Habessiniu; þat er forkunnar frjósamt, kostugt, sagurt og svo fjollótt, at þat má kalla Sveitzaland í Afriku. Innbúar þess kallast Agazinar og eru þeir kristnir at kalla. Sá er þar hefir ódstu manna-forráð, kallast ras

Digitized by Google

og er hann ríkr konungr ok kallar hinn mikla Negus sinn yfirmann af yfirskyni. Hann hefir 30.000 vigra manna. Höfudstadrinn í hessu ríki er: Axum, hat var í fornöld merk borg og mikil, en er nú allmjog af sér gengin.

Hit vestra í tédu ríki er fjallbygd nokkr, er Samen heitir; hat er hin hálendasta mannabygd í Habessiniu, í grend vid hit svo kallada Smaragdafjall, og litt gagnaudug. Par hafa frá fornöld Júdar einir búit, er kalla sig Falaskas eda útlegdarmenn, og ríki hetta Falasjan, har ráda konúngar ríki, og er landsstjórnin lík heirri, er í log var leidd á Gydingalandi fordum. Peir láta hinum mikla Negúsi skatt til halds sér og traustis, en eru ei at odru leyti hádir veldi hans. Par eru 100,000 vopnfærra manna.

2. Amhara liggr mittlands, og er greint í allmargar landsálfr; medal heirra er Dembea, umhverfis hit fyrrnefnda stöduvatn, og einhver hinn fegursti og kostugasti hluti landsins; har er höfudborg í Habessiniulandi, er Gondar heitir; hún stendr á hæd nokkurri í djúpum dal og er allmikil um sig, en ei fögr. Par er konúngsgardr mikill, med múrvegg umhverfis, er Portúgísar hafa bygt; har hafdi hinn mikli Negús atsetu. Í borg hessari eru hérumbil 50,000 kristinna innbúa, hrís musteri mikil og fjölsóttar kaupstefnur tídar.

Digitized by Google

Fyri þessu riki rædr nú höfdingi sá, er Kúxó kallast. Allr þorri landsbýdsins er af þjód þeirri, er Galla-þjód kallast, og býr fyri vestan og sunnan Habessiniu.

3. Landsálfurnar Skóa og Efat liggja fyri sunnan sidst-talit riki og eru einhver hin fegrustu lönd í Habessiniu. Fyri þeim ráda höfdingjar tveir, er Murd Azimai kallast. Í henni fyrrnefndu er Tegulet höfudstadr, en Anabar í hinni sídari.

Dangali kallast land nokkurt vid Arabíu-hafsbotn. Þar búa múhamedaniskir ættflokkar og hefir hver þeirra sinn oddvita.

Vid upptök Nil-fljótsins búa Agóvar (Agovs) og fyri vestan þeir svokölludu Skanga allá-Regrar; þeir eru mjög mannrænulitlir og afar-grimmir.

Í þessu landi, einkum í dölunum er afarmikit af hita, sem nærri má géta af afstödu þess; þó er þar heilnæmt loptslag. Í fjallbygdunum er hitinn tempradr og á fjöllum uppi er heldr kalt enn heitt; þó festir þar fjaldan snjó. Þrumur og hlemmi-skúrir med hagli eru þar tídir á vetrum. Landsmenn greina ári í 4 árs-tídir, sem vér; en gagnstæd eru þær því, sem hjá oss vidgengst, því þar vorar, þá hér haustar, o. s. frv. Öll eru þar náttúru-ríkin einka audug af margbreyttum og kostuligum gjædum í lopt og á; en landsmenn kunna litt at nýting þeirra; því handidnir eru þar fáar og kaupverslun ei til hlýtar. Innbúar lands þessa eru hérumbil 4 milliónir og eru þeir Agazíanir,

Digitized by Google

Arabar, Mórar, Judar, Agóvar, Skangallar og Gallar at kyni. Peir fyrstnefndu eda hinir eiginligu Habessíniumenn eru af arabiskum kynqvíslum komnir, er hángat fluttu í fornöld; sanna þat sögur þeirra, vaxtarlag, ýfirbragd, hättsemi og máliska; at sönnu eru þeir blakkir mjog á hörundit, einkum dala- og sléttu-búar, en þó er bjartara yfir þeim, enn Negrum. Peir eru menn vel-vaxnir og fridir sýnum, karlmannligir og kvikligir, hraustir og heilsugódir, hugrekkir og hjartagódir, en þar med lauslyndir og lostagjarnir, og at ýmsum löstum kendir, er nábýli grimmra villi-þjóda og fæd gódra dæma fremr olla, enn lastverdt skapferli, tornæmi eda tregt hugargrip; því bædi er þat, at þeir unna ýmsum íþróttum og virda þá, er þær kunna, þótt sjálfir séu þeir fáfródir um flesta hluti. Peir lifa at mestu af kvikfjárrækt og snæda sauda-kjötit hrátt; þeim þykir þat kjöt mata best, er þeir skéra af gángdimum kindarinnar svo haganliga, at hún lifir eptir, orkumlut. Allr er atbúnadr þeirra einfaldr mjog og húsakynnin fátæklig. Flestir gánga annaðhvert at mestu eda at öllu leyti naktir, nema prestar og fyrimenn. Allr þorri þessara landsbúa eda enna eiginligu Habessíniu-manna er kristinn at kalla og telst ámedal jakobitiskra trúmanna. Ondverdliga á 4 öld kom Frumentius hángat af hendingu og kendi þar kristna trú; en mjog er kristnin þar meingud med hjátrú og villu. Kyrkjur eru þar

Digitized by Google

afar margar, en flestar litlar, kringlóttar og uppdregnar. Forstjóri klerka kallast Abúna (Fadir vor); tekr hann vigslu af patriarkanum á Egyptalandi. Allir mega klerkar kvongast, en þó at eins í eitt skipti, en munkar aldregi; þeir ganga hvorirtveggiu med ródukrossa í hendum og bjóda ollum leikum mønnum at kyssa, er þeir mæta. Þar hefur ár hinn fyrsta Septembris. Gallar og Skangallar eru hofdingjar þar og tilbidja, sem hvervetna, Fetischer nl. manngjorda hluti og skapada. Þeir eru kynmenn Negra og þeim allslikir, grimmir, fákunnandi og ósidadir. Í Habessiniu eru tvær túngur almennastar, nl. Tigre eda Gez-málit (hin forna ethiópiska); þat mæla menn at eins í landsálfunni Tigre og allar eru þar bækr á þeirri túngu; — og hin amharisca túnga, er nær allir landsbúar mæla. Fyri riki þessu hafa um lánga æfi rádit einvalds-hofdingjar, og er nafnbót þeirra: Negus (herra) hinn mikli. Hofdingjar þessir hafa hvervetna verit med ollu sjálfrádir um gjordir sínar og dómsatkvædi, og eignarmenn lands og fasteigna. Næst Negúsi at veldi og tign gengr hofdingi sá, er Ras (o: hofud) kallast. Á seinni tídum hafa ýmsar nábúa-þjódir, einkum Gallar, tekit undir sig med valdi og hernadi allmorg lønd, er lengi hafa legit undir riki hans; auk þess hafa ei allsá skattlønd gengit undan hønum; en einkum misti hann mikils, þá skattkonúngrinn á Tigre hvarf undan riki hans. Sjálfr

sitr hann í Gondar og er mjog ómátkr til vidreisnar.

III. Adel og Ajan.

Lond þessi eru Evrópumonnum litt kunn og er því sátt um hau at segja. Hit fyrrnefnda eda Adel-land, er sarmenn einnig kalla Seilu (Zeila), liggr í sudaustr frá Habessiníu á strondinni frá Bab-el-mandebsundi til Afriku austr-hosda eda Gardafúi. Pat er einkar frjóssamt og audugt at hmsum gædum. Flestir eru innbúar þess arabiskir at ætt og rækja somu trú og kynmenn þeirra hvervetna og bregdr þeim enn, at háttum og útliti, til ætternis. Par rædr hosdingi nokkr riki, og hefir hann Imans-nafnbót og ótakmorkud umrád. Hann hefir atsetu í stad heim, er Auza eda Aussa kallast. Skamma leid frá fyrrtédu sundi, er hofn og stadr, er Seila heitir og sunr nokkut austar, er menn kalla Felúk.

Hit sidar nefnda land edr Ajan (eda Asjan) liggr á strondinni frá Gardafúi-hosda til ár þeirrar, er Magadoskó heitir, í sudr. Par eru vída sandar miklir og svardleysa, en á sum-

Digitized by Google

um stöðum fagrir og allbyggiligir blettir. Þar búa Arabar og Blökkumenn og sæta þeir, álíkt og Adellendingar, árásum og herhlaupum af Galla-þjóðum, sem eru nábúar þeirra at vestanverðu. Þar er höfn sú, er Brava kallast.

IV. Nigritia eða Súdan (Blökkumannaland eða Bláland).

Svo kalla menn gjörvalt mið- eða upplendi Afríku eðr hin víðlenda geim, er eyðimerkin mikla, (Sahara), Núbíuland, fjallgarðarnir Eyre og Kóng, og Senegambía marka takmörk, og er hann 84,000 ferh. mílr at víðáttu, en sumir telja þar til eyðimerkina miklu og Senegambíuland. Landsmenn kalla þenna hluta Afnú eða Haussa. Þar eru á stöku stöðum brunasandar og víðlendar heiðar, er margkynjuð villidýr gjöra geigvænligar yfirferðar; en víða eru þar fögr lönd og frjófsöm og feikiliga miklar pálma-viðar- og gúmmitrjáa-markir. Þar vex og tré það, er Boabab kallast; það er hit mesta tré í heimi. Í þessu landi er fljót mikit og nafnkunnugt, er Niger kallast, en landsmenn nefna Jóliba. Um upptök, rás og ós á þessarar hafa Evrópumenn lengi ófróðir verit og eru þeir það at

Digitized by Google

visu enn; hafa menn þvi á ymsan veg leidt getur um þat. Nú á dögum þykir flestum sennilegast, at hún falli undan Kóngó-fjallgardi og, eptir at hun hefir runnit lánga leid í austr um landit, beygist hún sudr á-vid og komi loks til sjávar út í Gineu hafsbotn eda flóa. Fyrr um hafdu sumir menn þat fyrir satt, at á þessi félli alla leid í austr og rynni í Nílfljótit; adrir at hún félli í stoduvatn mikit, er Wangara eda Ungara kallast, og kæmi ei sidan fyri sjónir; en á seinni tidum hafa ferdamenn þótst fundit hafa likr til, at hún rynni aptr úr tédu vatni og félli þar í sæ, er fyrr segir. Svo hafa þeir frá-sagt, er kannat hafa land þetta og komit at fljóti þessu, at þat sé allmikit og vaxi um somu mundir á ári hverju, og at þat flædi þá yfir nálæg hérud.

Merkustu riki í Nigritiu eda Blökkumannalandi eru fylgjandi:

I. Búrnú eda Bornú; þat liggr í nordaustr hluta landsins og er vidlendt riki og og all-fjolbygt. Fyri því rædr einvaldshöfdingi, sem hefir Súltans-nafnbót og er mórlendskr at kyni. Allr þorri þegna hans rækir Múhameds átrúnad, og er flestum blökkumannaþjódum mannvænligri og fremri at kunnáttu og sidum. Land þetta er frjósamt og auduget at ymsum gædum; sérilagi flyzt þadan afar-

mikit eyr og kopar. Par er landshofdingasetr og hofudstadr sá, er Búrnú heitir; hat er mikil borg og fiolmenn, en ófogr; umhverfis hana liggja diki og múrar. Padan ganga stórlestir (Caravaner) til Fesan, Túnet og Tripólis. —

Á seinni tídum hafa einvaldar hessa ríkis aukit mjog ríki sitt, og med valdi og hernadi tekit undir sig ei allfá smá-riki, er oflángt yrdi hér at telja.

II. Kaskna (Kaschna); hat liggr vestar, og er skeytt vid 4 onnr riki, er kallast: Daura, Haussa, (har lét hinn nafnfrægi landaleitunar-madr, Múngó Park, lif sitt); Gana og Asben, er oll liggja í grend hvert vid annat fyri nordan Niger. Par er mikill og nafnkendr kaupstadr, er Agades heitir; Padan ganga stórlestir til ymsra stada og ríkja í Afríku. Pessi riki eru skattskyld Búrnu-soldáni.

III. Tombúktú; hat liggr fyri vestan sídst-talin riki og bádumegin vid Niger. Pat er hit vídlendasta og voldugasta Blokkumanna-riki í Nigritíu eda Súdan; en skortr er á sonnum sogum um hat. Par eru ystrgnæfanlig gædi og svo margbreytir landskostir, at ekkert hykir ávanta, nema salt, er har finst hvergi, og sem landsmenn kaupa dýrum dómum at Mórlendingum og gésa vid mansmenn, gull, filabein og strútsfjadrir. Par rædr riki hofdingi nokkr, af Blokkumanna-kyni; hann er ríkr og mikill-átr og hefir mikla hird og skrautliga. Par er Múhameds trú í log leidd; hó eru har Heidingjar margir og Gydingar (eink-

Digitized by Google

um í höfudborginni), er búa við þrungan kost. Skamt frá ánni Níger og fyri nordan hana stendr höfudborg þessa ríkis, er Tombúktú (eda Tombút) kallast; hún er mikill og merkr kaupstadr; þar eru 25000 innbúar, og at eins tvö steinhús: höfgardr konungs og höfudmusterit, en öll eru önnr hús þar hálmþakin og af leiri gjör.

IV. Bambarra er allmikit ríki, er liggr nokkut vestar og fyri nordan Níger. Þat er sléttland og liggr undir Tombúktú-ríki. Þar er höfudstadr, er Segó heitir og stendr hann hádumegin vid téda á. Þar er skipaferd mikil á ánni á afar-laungum, og mjóum tvítrjánings-bátum, er landsmenn gjöra af tveim stórtrjám, er þeir hola samhvelft og skeyta saman sídan. Í Segó er kaupverslun mikil og hérumbil 30,000 innb. Austar og á ey í ánni er kaupstadr, er Jenna (Dschenne) heitir; hann segja menn sé fjölmennari enn Segó.

V. Darfúr eda Fúr kallast kóngsríki nokkurt, er liggr í sudvestr frá Sennar og austast í Nigritíu, þar sem menn fyrrum hugdu sandaudn og svardleysu vera; en skömmu fyri sídstu aldamót fann enskr landkönnunar-madr, Brown at nafni, ríki þetta og hefir hann lýst því á þessa lund: það er nærhæfis 60 mílr at lengd og 50 at breidd, og vída allfrjóssamt. Fyri því rædr höfdingi nokkr med súltans-nafnbót og vasar hann í voldum eptir eigin gédþekkni, og er jafnframt hinn fyrsti og fremsti kaupmadr í ríki sínu. Hann hefir hird ei all-

Digitized by Google

litla og heldr sig ríkmannliga, eptir því sem siðr er medal Blökkumanna höfðingja; jafnan hefir hann nakit sverð í hendi í stað veldissprota *). Innbúar lands þessa eru af ýmsu kyni; en flestir eru þeir afkomendr landflótta manna úr Núbíu og Arabíumanna. Þeir yrkja jörð og hirða fénað til viðrhalds sér, en þó hvorttveggja mjög lakliga, áliki og adrar Blökkumanna-þjóðir; þeir dýrka Múhameds átrúnað og eru hérumbil 200,000 at tölu. At skapnaði eru Darfúrar Blökkumönnum ólíkir, þó svartir séu á hörundit og hrokkinhærðir; þeir eru lipligir og léttlyndir, lostasamir og lygigjarnir, svikulir og stelvísir.

Merkastr staðr í þessu landi er Kobbe; þar hefir konúngr aðsetu og allmargir útlendskir kaupmenn.

V. Senegambia eda Vestr-Nigritia (Blökkumannaland eda Blálandit hit vestra).

Land þetta liggr fyri vestan Súdan, eda þann hluta Afríku, sem síðst var fráskírt; fyri

*) Þá konúngr þessi veitir áheyrn þegnúm sínum eðr öðrum, sitr hann sjálfr í hásæti, en fulltrúar hans halda öndvegishimni yfir höfði, og inndrótt og gjöldíngar standa umhverfis, og ljóni eða upphrópari stendr við dyrnar og hrópar í sífellu: sjáið hér villi-uxan, afsprengi eins villi-uxa, fillinn, flestum fílum sterkari, hinn volduga soldán! (Nú nefnir hann konginn). Guð gefi þér langa lífdaga, Herra! Guð sé þín aðstoð og gefi þér sigr! —

Digitized by Google

nordan þat er Eydimörkin mikla (Sahara), en Ginea fyri sunnan. At vestanverdu markar hinn atlantiski útsær riki þessu takmörk. Þat er hérumbil 16,000 mílr at ferhyrningsmáli. Strönd þessi er vidast sendin og lág, en þá frá sæ dregr, eru þar allvída fjöll; medal þeirra er Kóngs-fjallgardr, hit syðra í landinu, merkastr. Þar er einnig höfdi sá, er lengst skagar í vestr í þessari heimsálfu, og Grænihöfdi kallast; á honum er skógr mikill, sem hvervetna er grænn. Land þetta tekr nafn af elfum tveim, er fallá undan Kóngs-fjallgardi og renna samsída í útnordr og at lyktum í austr í haf út. Hin nyrdra kallast Senégal (Zanaga eda Hued Niger) og er hún þeirra mest; í henni eru eyar margar og fossar. Hin syðri er nefnd Gambia; á henni er skipaleidin ótorveldari.

Land þetta er greint í allmörg smá-riki; ráda fyri sumum einvaldar, en í sumum er alþýdustjórn í lög leidd. Medal þeirra eru 3 riki mest at vídáttu og fjölmenni.

A. Jaloffa-riki (Jaloffer-Staterne).

Land þetta liggr í millum fyrrtéðra fljóta og er einkar frjóssamt og allfjölment. Þat deilist í 4 landsálfr:

Digitized by Google

1. Búr-Jalof; þar er staðr sá, er Hikarkór kallaſt; þar heſir atſetu landshöfðingi inn, er kallaſt Jaloff hinn mikli. Veſtar og við Senegals ósa liggr:

2. Hóral; þar ræðr konúngr nokkr riki, er Brak kallaſt. Sunnar og við ſæ er:

3. Kajor; þar heſir höfðingi sá manna forráð, er Damel kallaſt. Sunnar og á ſömu ſtrönd liggr riki þat, er:

4. Bóal heitir; fyri því ræðr höfðingi nokkr, er menn kalla Tin.

Innbúar þeſsara rikja eða hinir ſvokölluðu Jaloffar eru allra Blökkumanna svartaſtir á hörundit, og þó vænſtir álitum og beſt vaxnir; því bæði er þat, at þeir eru vaſkligri ag mannborligri, og hverki ſvo flatnefjaðir, þaſaſleſtir, né varaþykkir, ſem aðrir Negrar. Þeir eru hæglátir og góðlyndir, geſtriſnir og góðviknir, en þó litt ſiðaðir og fáfróðir mjög. Þjóð þeſsi er ſnerrin og vopnðiorf.

B. Fúlia-riki (Fulaher-Staterne).

Þjóð sú, er Fúliar eða Fúlar (Fulier, Fulaher) kallaſt, býr fyri nordan Jaloffa og báðumegin Senegals-ár. Land þetta er einkar frjóſſamt og auðugt af margnýtum gæð-

Digitized by Google

um. Þar hafa allmargir höfdingjar manna forráð, en allir eru þeir skyldir at hlýða bodi og banni höfudprests nokkurs, er Kamba kallaðr. Hann sitr jafnan í stad þeim, er Gúmel eda Agnam heitir, og stendr vid kvísl úr Senegal og gagnvart ey þeirri í ædri á, er Biblas kallast. Þar og á eyunum í á þessari eru fílahjardir miklar.

Yfir Fúlium er nokkut bjartara enn ödrum Blökkumönnum, þeir eru og betr vaxnir, laghendari, næmari og starfsamari, en minni vexti og ei svo hraustir sem Jaloffar. Þeir kunna betr at akryrkju og fjárrækt og eru mannúdligri í allri háttsemi, hýbýlaprúdari og hagsýnari búshlumenn. Þeir eru múhamedanistir at trú og at líkindum úrkynjat afsprengi Arabíumanna.

C. Mandingóa-riki (Mandingoer-Staterne).

Mandingóar búa vid ána Gambía og eru greindir í allmarga þjódflokka, og hefir hvert þeirra tekit höfdingja yfir sig og gésit sumum fult, en sumum takmarkat vald. Medal þessara ríkja eru 8 merkust, nl. 1. Galam; það liggr hit eystra og er hit nyrdra ásast vid Fúlialand.

Digitized by Google

Þar rædr kjorinn konúngr riki, er kallast Tonka; þar er höfudstadr, er Galam heitir. Sunnar er: 2, Bambúk, þar er samnefndr höfudstadr. Í því landi er fjallgardr sá, er Tabaura heitir; þar og vid Natakons-fjall eru gullnámr miklar. Fyri þessu landi ráda þrír kóngar, er Seratikar kallast; þeir taka kóngdóm at erfdum, en hafa litit fjálfrædi. Vestar er 3, Bondú, þar hafast margir Fúliar vid. Í sudvestr þadan er: 4, Búlli, þar er Medina höfudstadr og atsetr landshöfdingjans, er Mansa kallast. Vestar er 5, Janý og þá 6, Salum eda Búrsalir, þar er kaupstadr, er Kiaver heitir — og vestast 7, Barra, er liggr vid Gambíu-mynni; en frammundan mynni ár þeirrar, er Ríó-Grande (:: Mikla á) kallast og rennr hit sydra um Senegambíu til sjáfar, liggja 16 eyar, er 8, Bísagos-eyar heita. Fyri þeim rædr sjálfrádr höfdingi, er Evrópumenn kalla keisara; hann sitr jafnan í ey þeirri, er Bísaó kallast; hún er forkunnar fögr og allskonar landskostum búin. Eyamenn eru rángjarnir og styrjaldarsamir heidingjar.

Mandingóar, er byggja lond þau, sem nú eru talin, eru at líkindum afkomendr þeirra þjóda, er í sndverdu tóku sér bólfestu í

Digitized by Google

þessum hluta Afriku; lýsir því hörundslitr þeirra, háttsemi og vaxtarlag. Þeir eru afar blakkleitir, en þó ei svo hrafnsvartir sem Jaloffar, ófríniligir sýnum, stuttir og digrir og herðabreiðir, innreygðir, flatnefjaðir og nasafleistir, frammyntir og feikiliga vara-þykkir; hárit er stutt, þétt, biksvart og svo mjúkt, sem ull, þá á er tekit; þeir eru lísligir og gladlyndir, en þó tregir til vinnu, einkum þeir er búa í Bambúks-riki. Þeir rækja Múhameds trú og eru betr siðaðir enn flestar adrar Blakkumanna þjóðir. Auk þessara þjóðflokka hafast ýmsir kynþættir Blakkumanna við um þetta svið, sem flestir lifa eptir munni og maga og eru heiðingjar og illræmdir ræningjar; medal þessara teljast: Sarakólar eda Serravúllar í Galam, þeir selja ástundum höfðingja sína mansali; Serarar við Grænahöfða, þeir eru Blakkumanna fríðastir sýnum, einkum konur þeirra, en svo sáfróðir og mannræknlausir, at þeir engan átrúnat hafa. Felúpar, nálægt Gambíu-ósum; þeir eru hinir grimmústu ránsmenn. Bagnónar, þeir eru náðúar enna síðstnefndu. Papelir á eyunni Bissaó. Malúar, þeir eru nafnkendir fyri bómullarvefnað. — Balantar og Biafarir, hverir tveggju hit sydra á strond Senegambíu, og

Digitized by Google

og Bissagótar á eyunum frammundan henni.

Á og nálægt strond Senegambiu eiga Enskir, Frakkar og Portúgísar landeignir, kaupstún og kastala.

1. Enskir eiga eyuna Búlam; hún er 10 ferh. mílr at stærd og telst ámedal Bísagos-eya, — og Sti. Jakobs-ey (St. James), er liggr í Gambiu mynni. — Á hádum heim eru varnar-virki.

2. Frakkar eiga Senegals-ey í mynni samnefndrar ár; har er kaupstadr og litill kastali, er Sti. Lodvík (St. Louis) kallast — og ey há, er Góre heitir og liggr skamt fyri sunnan Grænahofda; hún er lítil, hálend, klettótt og ófrjósom, en liggr vel vid kaupverslun og er í hví tilliti ardsom. Par er samnefndr stadr, og kastali sá, er Sti. Mikael heitir.

3. Portúgísar eiga kaupstad á meginlandi, er Kakaó (Cachao) kallast; hann stendr vid ána Sti. Dómingó, er kémr til sjáfar midsvegar milli Gambiu og Ríó-Grande. Par er heimili mylendu-stjóra nokkurs (Gouverneurs) og 15000 innbúa.

Í Senegambiu er, sem af afstodunni má ráda, ofurhiti mikill, og hat hafa heir menn,

Digitized by Google

er þar hafa komit af Nordr-löndum, sagt, at svo sé jardvegrinn og sandrinn heitr mikin horra dags á sumrum, at nýir skór hafi brunnit samdægris af fótum þeim. Þar skiptist ár í tvo missiri: þerritíd og regntíd eda sumar og vetr, álíkt og hvervetna í löndum þeim, er liggja í milli hverfihringanna á heimskringlunni; hin fyrri er 9 mánudi, en hin sídari 3. Þar og vídar í tilgreindum löndum er þeim, er þar búa, sumarit til jafnmikillrar eda meiri ánaudar fyri hita sakir, sem oss er vetr fyri kulda sakir. Þar blæs tídum brennheitr vindr, (Harmattan), og sellibyljir af sudaustri (Tornados) med ógurligum þrumum og eldingum. Vídast er land þetta forkunnar frjósamt og einkar audugt af kostuligum gædum. Þadan flytja kaupmenn: kókosnytur, gúmmí, mastr, íbenholt, kampeski- og mahógnitré, vidarull, indígó, pipar, hrísgrjón, sykrreyr, maníok, alóe, o. s. frv. Þar elnast og hit nafntogada bóabad-tré (Adansonia) ásamt margbreyttum og ágætum vídi. Þar er fíll margr, apar og apinjur, og furdu-miklir höggormar. Þar finst einnig gull mikit í ám og námum og eyr. Manntalit í fyrrtédum löndum er engum ljóst, en at líkindum rædr, at þat sé allmikit. Auk Blökkumanna eda Negra, er frá sndverdu

Digitized by Google

hafa byggt land þetta, hafast þar einnig Móra ar, Mórlendingar eda Bedúinar vid, og eru þeir afkomendr Arabiumanna, er á 7du öld tóku sér bólfestu á Blálands nórdr-jadri og sídan tvístrudust vídsvegar um þessa heimsálfu; þeir liggja vid tjeld, idka sjárrækt, kaupverslun, og eru múhamedanskir at trú; þeir eru menn velsidadir og karlmannligir, en dekkri á hörundit enn kynmenn þeirra og ollir því sól-bruninn. Sérilagi eru þar konur allfrídligar, en einkum þykir feitleiki og digurd þeirra einhvor hinn mesti fridleika-auki í því landi. Prestar Móra kallast Marbúttar; þeir eru vandlætingasamir trúmenn, en jafnframt fáfródir og undirförulir, skinhelgir ag ségjarnir refar, er med hýsum hrellum og lævísi afla sér valds og myndugleika med landsmönnum sínum. Allmikill fjöldi Blökkumanna, er búa í Senegambiulandi, hafa tekit múhamedanska trú, er Móra og einkanliga Marbúttar hafa kent þeim; en þessi átrúnadr er mjög blandadr med hjátrú, heimugligri fetisch-dýrkun og heidindómi. Hverki eru þar kyrkjur né musteri; en fólkit kémr saman á vídavángi og í skuggann um undir vidarlimi og bídst fyri þrisvar á degi hverjum. At líkindum lætr, at hjá svo fáfródum og ósídudum þjódum, sem Blökku-

Digitized by Google

menn eru, séu margskonar hættir, hleypidómar og bábiljur algángs, er hýsa því, hve mjög barnaligr og blendinn átrúnadr og fákænska ollat géti manuræ nuleysis og andligs volædis.

VI. Efri-Ginea (Overguinea) edr hin eiginliga Ginea (det egentlige Guinea).

Svo kölludu Portúgísar, er fyrstir allra heirra farmanna, er menn hafa sannar sögur um, komu sjóleidis til þessa hluta Afríku, strond þá, er áin Ríó-Grande eda Mikla markar takmörk hit nyrdra, en hofdi sá, er López-Gonsalvó kallast, at sunnanverdu. Strond þessi er 420 mílr at leingd, en 130 at breidd frá sjóar-máli til Kongs-fjallgards, er skilr Gíneu hit nyrdra og Súdan edr hit eiginliga Blökkumannaland. Strond þessi er nær hverr vetna láglend í grend vid hafit, en þá frá því dregr, hækkar hún smámsaman til fyrrnefndr fjallgardr tekr vid; hann og nálæg hérud eru Evrópumönnum ókunn, en sannfródir þykjast þeir af gullsandi þeim, er finst á eyrum elfanna, er undan honum falla, at har sé gull afar-mikit í jordu. Hit vestra í landi þessu eru fjöll, er Ljóna fjöll kallast (Sierra Leona)

Digitized by Google

og sammensudr hósdi. Þótt jardvegrinn í landi þessu sé á ýmsum stodum sendinn og mýrlendr, er þar engu at sídr einkar frjófsamt og fjolbreyttum gædum búit. Ár eru þar margar og lækir, er falla úr nordri til sjávar; heirra merkastar eru: Sierru-Leónu eda Mitombó-fljót, þat fellr vestast; þá Mesúrado-fljót; þá Volta (Rio Volta); þá Formoso-fljót eda Benin, er ýmsir géta til at vera munni mynni Niger-fljótsins eda Svartár annar miklu, sem fyrr er gétit. Um allar þessar ár má eitt segja, at Evrópumenn hafa at eins kannat ósa heirra og mjóan jadar lands þessa.

Menn skipta strond þessari í 5 parta, eda strandir, og er hetta um þær at segja:

A. Sierru-Leónu-strondin, eda Ljóna-fjalla-strondin *).

Hún ligge vestast og í milli hósda þess, er Verga kallast, og Mesúradó-fljótsins. Allr þorri innbúa hennar eru Blakkumenn, er greinast í ýmsa kynþætti; heir merkustu eru: Rallóar, er búa vid ána Núnez; Lantúnar, Bagóar, (hraustir menn og vel-limadir);

*) Þetta örnefni gaf portúgísskr farmadr, Petr frá Sintru, er þar kom vid land 1461, fyrir þessum þyri þá sök, at honum þóttu reidar-þrumurnar, er hann heyrdi þadan, líkjast ljóns-öskri.

Digitized by Google

Mandingóar, hafa heim er nokkut hjartara enn kynnsonnum heirra, og eru heir háir verti og réttvaxnir, smáeygir og skeggjadir frá únga aldri. Annars er hat sidr med flestum Blokkumanna hjódum, at úngir menn raka sig og láta fyrst skegg vaxa há hat tekr at grána; hykir hat há hyggindi einkunn. Timmaniar búa vid Sierru-Leónu á og eru heir einlægir og gódhjartadir. Bullamar, heir búa vid mynni rédrar ár, og eru vaskir menn og vel vaxnir. Súsiar, heir eru upplands-búar, ófrinligir og mjog ágerpiligir. Fúliar, heir byggja upplendit og eru likir kynnsonnum sinum á Senegambíulandi.

Á strond hessari lét félag nokkurt á Englandi 1793 taka upp nýlendu og kalladi hana: Sierru-Leónu (Sierra Leona). Hat var markbakki hess hvorttveggja: at fida og menta Blokkumenn, og at hamla og aftaka mannsmanna-sölu. Á hmsan hátt og optsinnis hefir nýlenda hessi sætt árásum og ránum illkvittinna nábúa-hofdingja; en hún hefir hvervetna reist sig vid aptr og búit æ betr um sig. Par eru 10,000 innbúar af innlendsku og útlendsku kyni. Enskir flytja hadan: gullsand, fílabein og gúmmi. Par er stadr, er Fritún

Digitized by Google

(Freetown) kallast; hann er allsáligr og gjörr sem stadir í Evrópu. Par er 1 kyrkja, spítali og fordabúr allmikit. Par hefir nýlendustjórninn atsetu.

B. Pipar-strøndin (Peber- eller Malaghetta-Kysten).

Svo hafa Hollendingar fyrstir manna kallat þenna hluta Gíneu-strandar fyri þá sök, at þar vex pipar sá, er Gíneu-pipar (Malaghetta) eda Paradísar-korn kallast. Land þetta liggr fyrir austan hit sídstetalda, og í milli Mesúradóa-fljóts og Pálmavidar-høfda (Cap das Palmas). Allmargir og margbreyttir ættbálkar Blökkumanna byggja strønd þessa bædi vid sæ og hit efra; en Evrópumenn hekkja þá ógjörla, med því þeir hverki hafa þar gjora látit kaupstadi né eiga til rida kaup vid þá. Svo er sagt, at Nordmenn hafi á 14 øld komit þar vid land og gjört kauptún, er þeir kolludu: Litla Dieppe, á ey nokkurri í mynni ár þeirrar, er Tabó heitir.

Tanna- edr Filabeins-strøndin (Tand- eller Elfenbeens-Kysten).

Hún liggr austar og imillum Pálmavidar-høfda og Þrídránga-høfda (Cap tres Puntas).

Digitized by Google

Gíneu-farar deila strond þessari í 3 hluti; kalla þeir Illmennis-strond frá fyrrtédum hafda til Andresar-ár, þá Góðmennis-strand og Issinia-ríki austast. Innbúum Illmennis-strandar lýsa þeir med öllum þeim lýtum og vommum, sem at eins eiga heima hjá grimmustu villimönnum, er hverki halda tryggd né loforð, eru svikulir og þjófgefnir, afar-fégjarnir og mannætur; en nokkut mun ofaukit í þessari lýsingu. Innbúar Góðmennis-strandar edr þeir svokölludu Kvakvair (Quaquaer) eru þarámóti mannblendnari og góðfengari, þótt ustufúsir og á Gineustrondum manna best fallnir til at nema góda sidu og handidnir; þeir vefa blárondótta dúka, er vída flytjast, og ídka kaupskap og margskonar handverk, en hverventa skal sonrinn stunda þat, er fadirinn lagdi á gjorfa hond. Þeir sverfa tannir sínar uppmjóar, láta neglurnar vaxa lángar mjog og hrifa hár sitt med mikilli ástundan og leyngja þat med lausa hári, flétta þat, bera í þat olíu og raudan farfa og gjora af því sveip mikinn um hofudit, er líkist kofra eda skinnhúfu. Issiniar búa austar á strond þessari; þeir eru morgum Blökkumanna kynkvíslum fremri at kunnáttu og góðlátari; en ei at sídr stelvísir og ágjarnir, grunsemisfullir og slæknir. Þeir trúa á eina æðstu veru, en eru

Digitized by Google

þó hjátrúarfullir mjög. Mökkurskonar konúngr rædr þar ríki, en vald hans er harla lítit. Jöfnuðar eru hardstjúrnir hermenn, og bera jafnan sverd og skildi.

Auk þessligra hluta, er kaupmenn flytja frá þessum hluta Gineu-strandar, eru filabein eda filatennir, er vega hálfa þridju vætt, og salt.

D. Gullstrøndin (Guld-Kysten).

Svo hafa Evrópumenn kallat midhluta Gineu-lands, er liggr ímillum Þrídránga-hafda og Voltu, fyri þá sök, at þeir fundu þar gull mikit, er nú á dögum þykir gánga til þurdar. Á þessari strønd hafa ýmsar þjódir, at rádi og med fulltingi konúnga sinna í Evrópu, látit taka upp nýlendur og gjora kaupstadi, er nú skal telja:

a. Englis-menn eiga stad þann, er Kap Korsó d: Krosshafdi (eda Cap Coast) heitir; hann stendr á sámnefndum hafda í ríki því, er Fetú kallast. Þar er sjáligr og sterkr kastali, og virki, er Philipsturn heitir. Þar sitr enskr nýlenduþjóri. Auk þessa eiga Enskir þar ei allsá minni kaupstún og smá-virki.

b. Hollendingar eiga nýlendu og kaupstad í fyrnefndu ríki, er Elmina (eda St. George della Mina) kallast; þat er all-

Digitized by Google

mikill og fjölmennur ſtadr; hann ver kaſtali er Konrádsborg heitir. Þar eiga Hollendingar ſkeiri kauptún. Þenna ſtad tóku Hollendingar frá Portúgiſum med ſvikum.

c. Frakkar eiga ſtad hann, er Franſkavirki (Fort Français) heitir, og liggr hann í riki því, er Fida kallaſt.

d. Danir eiga þar, auk nokkurra kauptúna, fimm ſmákaſtala: 1. Kriſtjánsborg, hún ſtendr á ſtrondinni fyri auſtan Kap Korſó og í landsálfu þeirri, er Akra eda Akkra heitir; ſkamt þadan er ſkans, er Próſſteinn (Prövesteen) kallaſt. Tveim milum auſtar er 2. Augúſtuborg; þá 3. Fridarborg (Fredensborg), 8 míl. fyrir auſtan Kriſtjánsborg og vid allmikinn ſtad, er Mingó kallaſt; þá 4. Kóngsſteinn (Kongenssteen) hann ſtendr á ey nokkurri í Voltu-mynni — og auſtar 5. Printzſteinn (Prindsenssteen), hann er yngſtr þeirra kaſtala, er dönskonúngr á í þeſsari heimsálfu. Allir eru þeir af Donum gjörvir, nema Kriſtjánsborg; hana hafa Portúgiſar bygt og er hún ramgjör og vel búin at varnarvopnum og vatnsforda, er menn vardveita í múr-hvelfingum undir jardvegi, ſem vidaſt er ſidr í þeſsari heimsálfu. Í kaſtölum þeſsum eru höfdingjar ſettir til varnar og yfirſóknar,

Digitized by Google

er Kommandantar kallaſt, og heſir hverr þeirra ſvrit vopnadra hermanna undir ſér. Í grend vid kaſtalana eru þorp, ſem þeir Blokkumenn byggja, er þiggja trauſt af Nýlendumonnum og eru bandamenn þeirra, þá ófridr er í landi.

e. Portúgiſar eiga þar kaſtala, er Gluegue (Gluegueh) heitir.

Blokkumenn á Gullſtrond eru kynmonnum ſinum líkir at hátiſemi og útliti, en þó morgum þeſſara kynkvíſla gódſengari og gáfadri, ef þeir væru ei of tregir til at ſemja ſig at háttum ſidadra manna, er af ódrum lendum haſa þar komit og dvalit. Þeir greinaſt í allmarga þjód-ſlokka og eru þeir annattveggja einvaldalauſir edr þeir haſa tekit konúnga yfir ſig, er ýmiſt ráda ſt til ríkis at erfdum eda koſning og vaſa í voldum, ſem beſt líkar. Medal þeſſara þjóda eru Aſsiantar ríkaſtir; land þeirra liggr nordr af Þrídránga-hofda og er mikit ummáls og þykkbýlt. Þeir eru ſtyrjaldarſamir gg vopn-djarfir og haſa opt, einkum nú á ſeinni tídum, elt grátt ſilfr vid ena enſku Nýlendumenn á ſtrond þeſſari.

E. Mansmanna- edr Prælaſtrandin (Slave-Kysten)

Hún liggr fyri botni flóa nokkurs, ſem ſkerſt inní landit og kéndr er vid Biafara, og í

Digitized by Google

milli Volta eda Páls-hofda og Bentins-fljóts eda Rauda-hofda. Hún tekr, álíkt og fyrr-greindar strandir, nafn af varníngi þeim, er mest flytst af hadan, nl. mans-mönnum. Á vestr-takmörkum þessarar strandar kémr Volta (Rio-Volta o: hin hoppandi) til sjáfar; hún er mikil og vex árliga um sömu mundir (í September og Október) og flædir þá yfir og frjófgar nærliggjandi landsálfur. Þar er hún fellr út, er hóp afar-mikit og í því 100 smá-eyar, allar skógivaxnar. Ymsar Blekkumanna kynkvíslir byggja þessa strönd, t. d.: Aunóar, Krepear, Akrair, Agrafstr, Ardrair og Fida-hir. Þeir sídstnefndu bera af öllum Negrum á Gineu-strönd, at skynsemd, næmi, sídgædum, at-orku og starfsemi, vidfeldni og kurteysi í ávarpi og vidrædum; þeir idka jardyrkju, sjárrækt, kaupverslun og vefnad; halda sig betr og vanda fremr atbúnat og ambod enn adrir Blekku-menn. Þeir blóta margskonar afgudi; medal þeirra óskadnæmar slaungur eda hoggormá; heim gjora þeir og helga smá-hof og setja þar goda og hofgydjur til forráda.

Afsét vid henna hluta Gineu-strandar eru 4 allvoldug Blekkumanna riki, nl.:

a. Dahóma-riki (Dahomei); þat liggr nordr af Mans-manna-strönd lánga leid

á land upp og er 4000 ferh. mílr at vídáttu; þat er frjóſſamt land og ſjálbygt. Fyrir því rædr konúngr ſvo grimmr, at hvergi ſegja menn ſé verri þranni í heimi. Hann ſitr í hofudborginni, er Abómei kallaſt; hún er mikil en lítt ſjálig; í henni eru 24000 innbúar, og kóngsgardr, er ei ber ſtórum af annarra býlum at ödru enu því, at hann er þakinn hit ytra og prýddr at innanverdu med hjarna-ſkálum hertekinna ſjandmanna. Í þeſſu landi er og ſtadr, er Savi kallaſt; þar er hof mikit og er í því ſlánga, ſem Deboy heitir, er landsmenn blóta; þar er goda einum (er Houdanou kallaſt), og 4 meyum hjónuſta ſeingin at blótum. Dahómar eru taldir medal enna meſt óſidudu og hundvillu, ſáfródaſtu og grimmuſtu Blökkumanna-þjóda; þeir eru ſtyrjaldarſamir og hardſengir í orruſtum, rammir heidingjar og hinir meſtu blótvargar. Þeir mæla túngu þá, er Askira eda hin ardraiſka-túnga kallaſt og ſögd er adal-mæliſka á þeſſum ſtrøndum. Konúngar þeirra eru med ollu ſjálfrádir um gjardir ſínar og leika ſér at maunddrápum og piníngum, ſem tabli.

b. Beninaland (Benin); þat ligger fyri auſtan ſídſt-talit ríki og Mans-manna ſtrønd, nær er ſjó framm og er allvídlendt ríki.

Digitized by Google

Þat er Evrópumonnum hit óheilnæmasta land í heimi. Um land þetta renna 3 vatnsföll mikil; kallast hit vestasta Benin; þat fellr til sjáfar á takmörkum lands þessa og Mansmanna-strandar. Austar fellr Formósó eda Fagra-á og austast Kalabar. Af ráfum þessara fljóta, er nálægjast hvi meirr sem lengra dregr á land upp, ráda menn, at þau séu kvíslar edr affallar úr Níger-fljóti, sem fyrr er frá-sagt. Milli þeirra liggr þríhyrnt land allmikit, — álíkt og í milli Níl-ár höfud-ósa á Egyptalandi. — Landit er frjósamt, þyckbýlt, fjölment og audugt. Fyri þessu riki rædr voldugr hardstjóri og er hann talinn ámedal hinna ríkustu Blökkumanna höfdingja. Innbúar landsins, er Beninar kallast, eru fákunnandi mjög og fáfródir, en þó gódlyndir, ordheldnir, vingjarnligir og allhvatligir. Þeir eru rammir heidingjar og blóta menn til árs og fridar. Vid þá hafa Evrópumenn lítil skipti, og er þeim því háttsemi þeirra og ástand harla blöskt. Þadan flytjast mannsmenn, leóparda-húdir, benins-pipar, jaspis, akóristeinar og nokkurskonar bómullar-vefnadr, er landsmenn sjálfir vinna. Í þessu riki er Benin höfudstadr; hann stendr skamt frá vidkendu fljóti, og er hann allmikill ummáls og fjölmennr.

Digitized by Google

Fyri austan Benina-strønd eda land, tekr strandlendi þat vid, er Biafara kallaſt; er þat ſá hluti Mans-manna-stranda, er liggr í ſudr og nær alt til López-hofda ſudr. Land þetta er Evrópumonnum þvínær at eins nafnkunnugt; en líkligt virdiſt, at innbúar þeſs ſéu áþekkir Beninum og at hagr heirra og háttſemi ſé med líku móti.

c. Ajóa-land (Ajoernes Land) liggr í nordauſtr frá Dahóma-ríki og vita menn ógjorla hve lángt þat nær á land upp. Ajóar byggja fjolſkrúdugt land og eru mektugir, ſtyrjaldarſamir og gódir riddarar. Þar er vald konúngs hæpit; því þá heim mislíka atgjordir hans, bjóda þeir honum til veiſlu og láta konur hans heingja hann.

d. Mahia-land (Mahiernes Land) liggr í nordveſtr frá Dahóma-ríki. Innbúar þeſs eru ei at ódru kunnir vordnir enn lángvinnum ſtyrjoldum vid Dahóma, hvorjum þeir munu nú ſkattſkyldir vera.

Um all þeſsi lond, ſem nu eru talin á og í grend vid Efri-Gíneu-strønd, má þat ſegja, at þar er afar-mikill hiti og óheilnæmt loptslag ollum útlendíngum, er þar ná ſjaldan hærri enn fimtugs-aldri; en þeſsu olla fremr ſeikiliga vídlendar markir eda ſkógar, ſtodvostu og veiſur, enn ſólar-hitinn. Vid ſæ er hitinn

Digitized by Google

nokkut minni og óstodugri enn á upplendunum, en þó er þar sóttnæmara. Þar eru at eins tvær árstíðir, hita- og regnatíð, og segja menn at nú á dögum séu þær ei svo takmarkadar sem fyrrum. Mestan hluta árs blæs þar vindr af vestri, nema um jóla og miðsvetrar skeið, þá blæs hinn svokalladi Hamattan-vindr (d: þurrvindi) af austri og er honum samfara mistr svo mikit, at vel má svo á sól stara um hádegi, sem á tungl at aptni, skrælnar þá alt og hörundit skorpnar og verðr sem hreistr. — Allir innfæddir innbúar þessa hluta Afriku eru Blökkumenn eda Negrar at kyni, og greinast í afar-margar kynkvíslir og þjóðir, er ómist hafa tekit konúnga yfir sig, og gefit þeim misjafnt veldi, eda leidt fristjórn í lög sín á medal. Þeir mæla morg og margbreytin túngumál; medal þeirra má sérlagi telja: Aminaifku, Kripriftu og Akraifku eda Akkarifku. Atrúnadi þeirra er svo varit: Allir Blökkumenn meina at ein æðsta vera sé til, er á akkarifku kallast Jóngmo (Jongmaa), og í henni sé upphaf allrar sképnu, daudra hluta og lifandi. Eigi eru þeir fulltrúa um, hvert þessi gud stýri náttúrunnar kroptum og mannanna sidaligu athofnum, en trúa, at honum séu afarmargar yfirnáttúruligar verur (nokkurskonar undir-gudir eda englar) undirgefnar, er Fetisar *) kallast, hverjum hann hafi á hendr

*) Einn Fetis eda þvílíkr gud kallast á akkarifku jong. Ordit Fetis meina menn sé komit af

falit at stýra alheimi og ráda fyri forlögum mannligs kyns. Sjaldan ákalla Negrar hennar ædsta gud, nema þá heim er heipt í hug og þeir ei géta hefnt sín, segja þeir med upplyptum augum til himins: "Jongmo straffi þig!" eda þá elding ridr yfir og upp-dregr óvedr: "Jongmo ba" o: kémr. Yfir höfud gjora Blökkumenn sér hverki blídligar hugmindir um gudi sína né dýrka þá af kjærleika til þeirra, heldr af ótta, og færa þeim fórnir, til vægdar sér og hlífdar fyri þeirra eydanda veldi. Þótt eigi álíti þeir himin-tünglin, né adra skapada hluti gudi at vera, veita þeir þó tünglinu nokkurskonar dýrkun med saung, dansi, hljódfæraslætti og ölteiti um nætr, einkum þá tüngl er fullt, og meina, at þat þessvegna skíni svo fagurt. Í ondverdu (segja þeir) skóp Jongmo fyrst svarta menn og sídan hvíta. Hann frammbar þá tvær gáfur, misjafnar at stærd, og lá skýla yfir báðum, og sagdi enum svortu mönnum at kjósa, fyrr, med því þeir vóru honum sérlagi ástfólgnir. Þeir völdu strax stærri gáfuna og fundu at eins þá hluti, er heyrdu til Fetis-dýrkunar og lífsins uppeldis. Undir hinni skýlunni láu huldar bækur og uppskretta til alls er hvítir menn hafa umframm Blökkumenn. Eigi vfunda Negrar hina af þessu happi og vona at þeir verdi þeim jafn-snjallir ádsidan.

---

portúgísísku ordi: Fedes, (fides o: trú), og — þýdir ei alleina þvílíkar gudligar verur — heldr og einnin þá dýrkun, sem þeim er á hendur hátt veitt í Afríku.

Digitized by Google

Af vísu trúa Blökkumenn, at líf sé til eptir þetta; en hvert láun og straff útbítist þar samkvæmt verkunum í þessu lífi, láta þeir sér lítt hugleikit vera; en fullvíst eru þeir um þat, at sá maðr, er lifat hafði í velgengni og ástlíti og at lyktum fékk heiðarliga greftran, muni njóta fullsælu og allskonar fagnaðar í öðru lífi; en sá þarámóti, er fór þess á mis, hversu ráðvandr hann verit hafði, mundi þess varhluta verða; kosta þeir því kapps um at gjöra útfarir framliðinna svo virðuligar og dýrfeldar, sem fáung eru til, þar eptir því fari um ástand hins grefstraða. Ei þykjast Blökkumenn skyldir at liðsinna öðrum, hverki hvítum mönnum né svörtum, enn sínum eigin landsmönnum; þó halda þeir heit sín, hverjum sem þeir gésa, manna best og eru hjálplátir við þá, er gjöra vel til þeirra. Annars er grimd, hefndargyrni, drykkjuskapr, lesti, hryllilig hjátrú og hindurvitni og ránglig hjódrækni þeir lestir, er einkanliga tálma framförum þessara þjóða til menningar og siðferðis-bóta; en brádar mundu kristniboðarar þar fá hug á heim unnit, ef Evrópumenn hefðu meiri hug á andligum heillum þeirra, enn ardi þeim og auðlegð, er þar falla í skaut.

VII. Eyarnar.

A. Grænhöfða-eyar (De capoverdiske eller de grönne Forbjergs Öer).

Svo kalla menn 10 eyar, er liggja í hinum atlantiska útsæ í vestr frá Grænhöfða eða

vestasta útskaga á Afriku. Þar eru alls ásamt 78 mílr at ferhyrningsmáli og fjöllóttar mjög. Þar er vatnsskortr illr andkanni og opt ber þat við, at eigi rignir þar í 3 og 4 ár samfleytt. Innbúar eya þessara eru hérumbil 36000 at tölu; þeir eru blendingar af Portúgísum og Blökkumönnum komnir, og kristnir á kathólska vísu. Eyar þessar liggja undir Portúgals ríki og er þar settr jarl til yfirsóknar. Jakobs-ey (St. Jago) er þessara eylanda mest; hún er 24 ferh. mílr at víddáttu; þar eru 16000 innbúar. Merkustu staðir þar eru Portó Praya, þar sitr jarlinn, — og Ribeira Grande (hin mikla) 2. Nikulásar-ey (St. Nicolo); hún er þeirra frjósömust. 3. Fúegó; á henni er fjall, er gýs eldi. 4. Brava. 5. Majó. 6. Bónaviста. 7. Sale. 8. Sti. Lúcía. Sti. Vincent, og 10. Sti. Antóníusar-ey (St. Antonio). — Eyar þessar fundu portúgísiskir farmenn 1456 og tóku þar síðan bólfestu.

B. Gineu-eyar (de guineiske Öer).

Eyar þessar eru 4 at tölu og liggja hær hver sudr af annari í Biafara-, eda hinum Gíneiska-flóa og vestr undan Biafára-strönd. Á þeim eru 21000 innbúar og eru þeir allir

Digitized by Google

kathólskir at trú. Nordast og næst strondinni, er í sudr veit, liggr 1. Fernando del Pó; þá 2. Printsins-ey, og þá 3. Thómásar-ey (St. Thomas); hún liggr einmidt undir midjardarbaugnum og er 7 ferhyrnings mílr at stærd. Á henni eru fjöll afar-há og eru þau hvervetna snæ-þakin hit efra. Þar eru 15000 innbúar og stadr sá, er Sti. Thómás kallast. Sydst liggr ey sú, er 4. Annabón d: Gott-ár, heitir. Hún ásamt þeim 2 fyrstnefndu hafa verit eign Spánverja sídan 1778; þó er þar portúgísiskt vardhalds-lid og jarlar; en Thómásar-ey liggr undir Portúgals-riki. Portúgísar fundu eyar þessar á tímabilinu milli 1472 og 1795.

C. Sudr-Afríka.

Svo kallast sá hluti þessarar heims-álfu, er liggr fyri sunnan midjardar-hring, og greinist hann í 5 pörta, nl. 1. Vestr-strond, 2. Sudr-strond, 3. Austr-strand, 4. Upplendi Sudr-Afriku — og 5. Eyar þær, er

Digitized by Google

er liggja í hafunum fyrir austan og vestan hennan hluta heimsálfunnar.

I. Vestr-strøndin (Vestkysten).

Hún deilist aptr í tvo hluti; kallast hinn nyrdri Nedri-Ginea, og hinn syðri Dræfa- eda Eydi-strønd.

a. Nedri-Ginea eda Kongó-riki (Nedre Guinea eller Kongo).

Hún liggr í milli Lópes-hafda og Svarts hafda (Cap Negro). Vid Efri-Gíneu er hún áfast hit nyrdra, en at austanverdu vid óknnut upplønd; fyri sunnan hana liggr Kaffaland og Dræfa-strønd. Merkasta á í þessu landi er Zaira eda Kongó ódru nafni. Sumir géta til þat sé Svart-á hin mikla (Nigeren), er þar komi til sjáfar. Paradauki eru þar margar ár skip-lægar. Aqvilúnda og Saxia eru tvo stóduvotn mikil. Fyrrum var Nedri-Ginea øll eitt konúngs-riki, en nú er hún greind í 4 riki og rædr konúngr fyri hverju þeirra; en allir meiga þeir meirr eda minna hlýda bodi og banni Portúgísa, er fundu land þetta 1494, bygdu þar borgir og bæi, og rúmum 80 árum seinna unnu þat med herskildi og lúgudu

Digitized by Google

landsmenn til kristni; en konúngarnir holdu ei áleingis áhján og yfirdrottnun hessara útlendinga, kostudu aptr trúnni og skértu mjog riki Portúgísa; hó er hat enn allmikit. Fyrrtíd riki heita: Lóangó, Kakongó, Kongó og Angóla. Nordast hessara er:

1. Lóangó-riki; fyri hvi rædr sjálfráder konúngr, er Máni kallast. Undir riki hans liggja einnin lond hau er Hamba og Angoy heita. I hessu riki er samnefnd hofudborg og konúngs-heimili, er einnig kallast Búali.

2. Kakongó (Cacongo) liggr sunnar, en hó fyri nordan Zaira; har er Kingela hofudstadr, og Malimba, har er hofn gód, er Evrópumenn ástundum leggja inn á.

3. Kóngsrikit Kongó liggr sunnar á strondinni milli fljótanna Zaira og Angóla, og er allvídlendt, ni. nærhæfis 5000 ferh. mil. Innbúar hess eru hérumbil 1½ millión at tolu, og eru heir bædi kristnir at kalla og heidingjar eda fetisa-dyrkendr. Konúngr heirra er sjálfrádr hardstjóri, en hó skattskyldr og undirgefinn Portúgísum. Par er hofudborg, er Sti. Salvador heitir; hún liggr 50 milur frá sjorumáli vid á skiplæga, er Lebúnda heitir. Par

Digitized by Google

sitr konúngr til skipta og í Pemba, er liggr nokkut sunnar í landinu. Í syrrtédri borg eru 40,000 innbúar, ásamt vardhalds-liði Portúgísa, kyrkjur og múnklífi.

4. Angóla (Ngola) liggr fyri sunnan hit síðsttalda riki og er nær 1500 ferh. mílr at vídáttu. Par er höfudborg, er Lóanda Sti. Paóló heitir; þar sitr portúgísiskr jarl og erkibiskup; þar er dómkyrkja og forkunnar góð höfn og 1800 innb.

Frammundan stadnum liggr ey, er Karimba kallast. Umhverfis hana fiska Portúgísar nokkurskonar kudúnga, er kallast Zimbi og eru þeir brúkadir, álíkt og Kauris í Efri Gineu, í stad myntads skot-silfur eda smá-skillinga.

Auk þessara 4 kóngsríkja, sem nú eru talin, eru þar 3 minni riki, nl.:

5. Matamba þar, liggr fyrir austan Angólu-riki og nær hvergi til sjávar. Merkasti býr í þessu landi er Sti. Maria de Matamba. Allr þorri landsmanna er af Skaggakyni og mjög ósídadr.

6. Benguela liggr vid sæ í sudr af Angólu-riki; þar er samnefndr höfudstadr (kendr vid Sti. Philippus), er Portúgísar hafa gjora látit; þar sitr jarl þeirra; en innfædde konúngr lands þessa hefir atsetu í stad þeim,

Digitized by Google

er Tamba heitir, og er veldi hans litit. Sydst er land þat er:

7. Jagó eda Skagga-Kakonda heitir. Innbúgr þessa lands eru mannætur og óaldar lýdr, er Evrópumenn engi vidskipti hafa vid átt.

b. Öræfa-strondin (den öde Kyst).

Hún nær frá sídst-nefndu landi til Kaplands sudr, og er hún svo kollut at menn meina at hún sé óbygd og audn ein; en þar hafa Evrópumenn aldrei vid land komit og er þat því ei sannfregnat, hvert svo er edr ei.

At í Nedri-Gineu, sem í ollum heimlöndum á heimskringlunni, er liggja svo nálægt midhveli hennar, sé hiti mikill og sólarbruni, má af líkum ráda; en fremr kjæla þar þó tídir hafvindar og regnskúrir ofr-hitann, enn á Gineu strondum enum nyrdri edr á upplöndum Afríku, er liggja undir sama himin-vegi. Ár deilast þar, sem í ödrum hvarfbauga-löndum, í tvo missiri; hurrvidra-tíd (sumar) og votvidra-tíd (vetr) og blása jafnan sudlægir stadaldurs-vindar á hinum, en nordlægir á þessum helmingi árs. Land þetta er vídast frjóssamt og margskonar kostuligum gædum búit; þar er málmr mikill og gódr, margkynjut dýr, bædi tamin og vill og mikil gnægd korns og annars jardar-gróda. Landsmenn kunna margskonar handverk, en eru litt á vegi tíl fullgervis í neinu. Konur yrkja þar, (sem annarstadar medal Blökkumanna-þjóda)

Digitized by Google

akra, með því karlfólki þykir það starf sér ei sœma. Innbúar lands þessa eru Negrar, er greinast í jafnmarga þjóðflokka, sem ríkin eru; þeirra fiolmennastir og ríkastir eru Kongóar, þá Lóangóar, þá Angólar, þá Dongóar, þá Matambar og Benguelir. Allir mæla þeir máltíðskur nokkrar, sem meir eða minna eru líkar og skyldar hinni Kóngóisku aðalstungu. Þeir eru innbyrðis mjög áhekkir at áfjándum og háttsemi, en ólíkir at áliti Blökkumönnum í Efri-Gíneu, en þó viðlíka at sér um flesta hluti. Þeir hafa nokkurn þnefil af ymsri kunnáttu og manna-siðum, en eru þó sem kynmenn þeirra harla sáfróðir og hjátrúarfullir. Þeir trúa, at tvær séu til æðstar verur, onnr góð og alls góðs upphaf, en onnr vonskufull og ills ollandi; þá fyrri kalla þeir Zambi, ena síðari Zambia-ebi. Þeir blóta kliðlig skurðgoð, af tré gjerð (Fetisser), er þeir kalla Mokissos og trúa, at þau séu erindisrekar og fulltrúar Zambis til at gjöra hans vilja á jörðunni. Þeim eru prestar, er Gangas nefnast, settir til hjónustu og eru þeir jafnframt slœgir tsframenn og einustu lœknarar í landinu; þeir fœra goðum þessum fórnir með nýi hverju og halda blótveitslur at því búnu. Höfðingjar Nedri-Gíneu-búa setja log, ákveða skatta og dœma um mál undirsáta sinna eptir eigin hóknan; því hverki eru þar skrifuð log í landi né þecking á bókstöfum. Þeir telja at eins til tíu og byrja þá at nýu: tíu og einn, tíu og tveir, o. s. frv.

Digitized by Google

II. Sudr-strøndin eda Kapland.

Svo kalla menn hinn syðsta hluta Afriku og tekr hann nafn af höfda þeim, er hinn portúgísiski siglinga-madr, Barthólómeus Diaz, fyrstr allra farmanna, fann 1493, og kalladi Storma-höfda (Cabo dos todos tormentos) af lángvinnu hvassviðri, er hann hrepti þar og sem neyddi hann til aptr at hverfa. En þá Jóhannes konúngr 2ar vard þessa vís, breytti hann nafninu og kalladi höfda þenna: Góðrar-vonar-höfda (Cabo de buena Esperanza), því þá gjordist hann vongódr um, at þar sudr-horn Afriku væri fundit, mundu menn brádla finna skipaleid til Asiu. Vard og þat er hann vænti, því 1497 sigldi hinn nafnfrægi farmadr, Vasco de Gama, fyrí höfdann og létti ei fyrr enn hann tók land vid Asiu. En med því at Portúgísum þótti land þetta ógirniligt til ábúdar og innbúar þess, nl. Hottentottar, villidýrum verri vidr-eignar, komu þeir þar at eins vid land til at fá sér ferskt vatn og adrar hressingar, en festu þar aldrei fót. Slíkt hit sama gjordu Hollendingar, eptir at þeir höfu skipaferdir til Austr-álfu, úns skipslæknir nokkr, Jan van Ribeck at nafni, á heimferd sinni frá Austindium til Hollands, kannadi 1650

Digitized by Google

ſtrendina í grend við Vonar-höfda og þótti hún allbyggilig. Fyri hans umtolur og áeggjan ſendu Hollendingar hann þángat 1652 med 4 ſkipum; keypti hann þar allmikinn landspart við glingri og glæſiligu verkſmiði, og gjordi þar fyrſt varnarvirki og ſidan kaupſtad. Fluttu þá þegar allmargir þángat af ymſum Evrópu-lönd-um og fundu þar nøga atvinnu. Blómgadiſt þá brádum nýlenda þeſſi og jókſt árliga at fjolmenni og vidáttu, þartil nær alt hit eigin-liga Hottentottaland giordiſt útlendra Nýlendu-manna eign. Land þetta er nú hérumbil 5500 ferhyrn. milur at vidáttu og er þat á 3 vegu umflotit af megin-haſi, en fyri nordan þat liggr Kaffaland og landsbygdir þeirra ſvokall-udu frjálſu Hottentotta. Vída er land þetta fjallótt; í gégnum-þat alt til Vonar-höfda ſudr gengr fjallgardr, er Snæfjöll kallaſt og eru þau áſaſt við Lúpata fjöll; þau eru 6000 fóta at hæd. Annar fjallgardr liggr þar í auſtr og veſtr, er Niewveld heitir. Morg eru þar og rennandi vötn, en engin mikil vext-um. Medal þeirra telja menn Fils-á, er fellr í veſtr og Gull-á, er í ſudr rennr, merkaſtar.

Ur veſtri hverſa inní landit 3 fjörd- nl.: Helenu- eda Elenar-fjördr nordaſt; þá

Digitized by Google

Saldana-fjørdr og þá Toblu-fjørdr syðst; en fyri austan Vænar-høfda sjálfst Falski eda Fats-fjørdr inn, þá Katrinu-fjørdr, þá Fiskfjørdr, þá Skeljar- eda Fagri-fjørdr og Svarthøfda-fjørdr austast. Þeir eru allir skammir, en allbreidir, og eru í þeim hafnir gódar og skipalegur.

Landit er deilt í 5 Nýlendu-umdæmi eda fylki (Distrikter), er kallast Kaps-, eda Høfda-Nýlenda, Stellenbúsk, Drakensteinn, Zwellendamm og Graf-Reynetta.

Kaps-Nýlenda er hinn minsta at stærd, en þó merkust og fjolmennust. Þar stendr Kapstadr vid Tobluſjørd og nedan undir 3 hædum, er kallast Tobluberg, Djøflaberg og Ljónaberg. Þar sitr høfdingi sá (Gouverneur), sem þar er settr til yfirsóknar. Þar er høfn og skipalega mikil; koma á hana hérumbil 1000 kaupskip á ári hverju. Stadr þessi er allmikill og skipuliga gjørr; eru þar strœti bein og allbreid. At sunnanverdu vid fjørdinn stendr ramgjørr kastali, er Ribeck lét fyrst gjøra, og má þadan verja innsigling á høfnina. Í Kapstad eru 18000 innb. medal heirra eru 12000 Hottentottar og mans-meinn eda þrælar.

Skamt þadan er þorp mikit, er Konstan-

Digitized by Google

zia heitir; þar er vínyrkja ágæt; þaðan flytst hit hnossgæta. Konstantziu-vín.

Stellenbúss-umdæmi liggr nordar á Vestr-strondinni og er allmikit land; en í austr frá Kaps-fylki liggr Drakensteinn, þá Zwellendamm er austar og á strondinni, er veit í háfsudr, og Graf-Reynetta fyri nordan og austan hann. Petta umdæmi skeyttu Hollendingar sídst vid landeign sína (1790) og er þat all-vídlendt. Í sérhverju þessara umdæma ern samanfndir smástadir ódrum merkari, og hafa í þeim atsetu hofdingjar þeir og valdsmenn, sem settir eru til forráda í hverju þeirra fyri sig, en allir eru þeir jarlinum í Kapstad undirgefnir.

Kapland er fagurt, heilnæmt, frjófsamt og allkostuligum gædum búit. Þar blæs á sumrum, einkum á sudr strondinni, þrávindi (Monsun), er optsinnis hamlar gródri og ollir óhægindа. Á vetrum eru vindar nordvestlægir; er þar þá nokkut kaldt, og eigi sjaldsén snjór á fjallatindunum í nánd vid Kapstad. Landit er vída vel yrkt; sénadr er þar mikill og notagódr og vínyrkjan ágjæt; en vístrinn til alls þessa fluttu Níhlendumenn frá Evrópu. Peir kéndu Hottentottum at velta jord til korns og at rækta fénað sinn, og leiddu marga med gódsemi og lempni frá drúgafullri ómensku og fákænsku á þjódrænliga atvinnu-vegi og til

Digitized by Google

stöblendnis við sig. Innbúar lands þessa eru hérumbil 100,000 at tölu og eru þeir greindir í þrjá höfudflokka nl. a. Afkomendur Evrópumanna, er tóku þar bólfestu, og stadfestist þar, sérlagi Hollendinga, Þjódverska og Frakka; en allmjog hefir tala þeirra aukist, síðan Enskir urdu eignarmenn landsins. b. Mansmenn edr ánaudugt fólk, er Nýlendumenn keyptu verdi frá Gineu-ströndum, eyunni Madagaskar og ýmsum Asiu löndum, og eru þeir at því skapi margbreyttir at áfýndum, háttum og skapferli. Þeir eru ófrjáls vinnuhjú, en búa þar við betri kosti enn á ödrum löndum; þeir ala börn í ánaud. c. Hottentottar edr hinir sönnverdu liga innbúar þessa Afriku sudr-hluta. Þeir kalla sig Kú-Kúp (Khu-Khup) og eru þeir at hörunds-lit og andlits-lögun öllum Afríku þjódum ólíkir, nema nábúum sínum, Kafflenda ingum, er menn meina þeim nákomna at ætt og uppruna. Þeir eru á únga aldri gulir sem kopar, en verda af sólbruna og idugligum fitu- og sót-makstri æ blakkari med aldrinum og lokk þeirnær svartir á höfundit; hár þeirra er hrokkit, bikssvart og afar flókit, því aldrei greida þeir sér, en bera sídægris í þat nokkurskonar feiti og hárpúdr. Augabrýr eru þeim all-lítt vaxnar og skeggit reita þeir af sér þegar á únga aldri og eru þeir því skegglausir alla æfi. Andlitit er litit um sig, en midhluti þess skjagar mjog framm, álíkt og á öpum, og er breidt yfir kinnbein, en afar-mjótt yfir munn og höku, sem væru þeir kinnfiska-sognir af meguð; er,

Digitized by Google

þó kroppinn þrifligr og vodvamikill. Þeir eru flatnefjadir mjog og nasasleftir, munnstórir, en þó ei vara-þyckvir (sem Blokkumenn), eygdir mjog og kvikeygir. Tennir þeirra eru smáar, og skjallhvitar, og ávalt lýsir augnaráð þeirra og vidmót heilbrigdi, áhyggjuleysi og þversinni, er eiga heima hjá villi-þjódum. Hottentottar eru medalmenn vexti, þrekligir og vel limadir, handlitlir og smáfættir mjog, mjúkir og manna fóthvataftir. Þeir ná fleftir háum aldri og verda sjaldan kvilladir. Hvat vidvíkr skapsmunum Hottentotta, þá eru þeir manna drundaligaftir og ókátaftir, og svo óvidkvæmir, at þeim bregdr sjaldan, svo sjá megi á þeim. Þeir eru hæglyndir og hreckja-lausir, þjónustuviljugir og einkar gestrisnir, og hafa at visu óþyrisynju fengit óhródr af þeim, er fyrst kyntust vid þá, fyrir ýmislig þjódlýti, er seinni sagnaskrifarar ei vid-kannast. Hottentottar lifa af saudfjárrækt og þýraveidum; um akr-yrkju skeyta þeir litt, utan þeir sem eru Evrópumonnum hádir. Þeir skiptast í 3 flokka, nl. hina svokolludu tomdu Hottentotta, er búa í þorpum og í grend vid Nýlendumenn og eru þeim undirgefnir. 2. hina frín Hottentotta, er eigi hafa ennþá gjorst þegnar þeirra, en halda sig med hjardir sínar allslángt á landi upp; medal þeirra eru 4 ætt-flokkar nafngreindir nl. Namakar, er byggja nordvestr hluta landsins; Gónakar, þeir búa hit nordeystra og eru flestum Hottentottum hreinlátari og nokkut sidadri; — Damakar, þeir ery blendingar af Hottentottum og Kaff-

Digitized by Google

um — og Kabobikar o. s. frv. Arliga fækkar þessi höfudflokkr Hottentotta af atvinnuskorti, þar þeir mega undan-hörfa fyri Nhlendumönnum til hrjóstugra landsplátsa og í nágrenni vid þá svo-nefndu, 3. Búskhottentotta eda Búskamenn; þeir eru illsengir klækismenn, er liggja í skógum og filsnum á nórdr-landamæri Kaplands og lifa ei á ödru enn rupli og ránum. Nhlendu-jarl gjörir optsinnis út lid á móti þeim, þá þeir gjörast um of nærgaungulir Nhlendumönnum. Hottentottar, svo kvennfólk sem karlfólk, ganga hvínær hvervetna naktir, nema þá rigningum fylgir kul venju framar, bera þeir þá heklur eda skinnstakka, en ávalt nokkurskonar svuntu-bleidu af skinni fyri blygdan. Vopn þeirra eru hagliga gjör og lýsa þau hagleiks-náttúru og lagvirkni; þeir hafa atgeira, 6 föta lánga, boga og pílur, járnyddar og í eitri herdtar, og spjót, er þeir skjóta svo fimliga, at þeir aldrei missa þess, er þeir munda. Hottentottar eru eins og allar ósidadar og hálfvillar þjódir, ýfirvættis fásródir og jafnframt því hjátrúarfullir og audtrúa. Hugmyndir þeirra um eina ædstu veru eru óljósar og vísladar; þeir segja sat of-ætlun fyri sig og litla gétu-bót í því, at leggjast djúpt í umþeinkingu þeirra hluta, er sinn daufi skilningr ei fái gripit, þar svo margt, er þeir géti augum litit, sé sér óskiljanligt og einkar kynligt. Ei eru þeir heldr veruligir fetisa-dýrkendr; því hverki hafa menn ordit varir vid neinskonar góda-þjónustu eda blót, né skurdgod eda ölturu,

Digitized by Google

hof eda godapresta. Ar þeir halði, at annat líf sé eptir þetta, ráða menn af því, at heim stendr ógn af draugum og grátbæna alla anda eda, áðr þeir eru jardsettir, um at gánga ei aptr fyrir áskoran toframanna *). Ecki brutust Hollendingar fyri, at kristni væri, svo nokkru skipti, bodud á Kaplandi, en síðan Enskir brutust þar til ríkis, hafa þeir allkostgæfliga látit boda þar rétta trú — og gengr þat tregt, því hverki eru Hottentottar skilnings-gódir né námfúsir. Þeir friu Hottentottar hafa aldrei tekit konúng yfir sig, en hverr ættflokkr eda kynkvísl hefir sinn forkólf og er hans vald lítit, en gengr þó í erfdir. Þeir halda þing og er þar skorit úr ollum málum med atgvædum. Í hverjum þeim, er hafa traust af Euskum, hefir einn af Hottentottum kosinn forstjóri umráð, og er embættisteikn hans spanskr reyr med kopparhún og brjóstskjoldr af sama málmi.

Árit 1795 unnu Enskir Kapstad med her-

*) Af vísu eru sídir og hættir Hottentotta í mörgu hjárænuligir og afbrugdnir háttsemi annarra þjóda; en annathvert er þat, at þeir á seinni tídum hafa lagt nidr hmsa landsvenju, eda þeir, sem á fyrri dögum ritudu um þá, hafa ofaukit sögu sína, t. d. um yfirdoggvan brúdhjóna at tilkjörnum sídamanni og annat þvílíkt, þar þeir, er nú eiga allmikil mök vid þá, hafa ei þess varit ordit og fortaka, at þat þídgángist medal þeirra, nema máské at eins leyniliga, at ei verdi þeir lengr athlæi útlendinga.

Digitized by Google

skildi, en afsoludu sér hann aptr Hollendingum 1802 í Amiens-sridarsamningi. Á styrjoldin á ný hóst milli þessara þjóda, kostudu Enskir gjorsamliga eign sinni á landit 1805 og hafa þeir sidan á ymsan hátt bætt hat. Sérilagi eru nýlendur þessar einkar gagnsamar austindiafórum, er þar, nærhæfis á midri leid, géta áð um hrid, bætt reida sinn, og aflat sér vatnsforda og ymissra hressinga eptir langa útivist. Herlid Enskra í þessu landi er 6000 at tolu — og er jarlinn æðstr hersforingi.

III. Austr-strøndin (Östkysten).

Þat er sá jadar Afriku, er í austr og suðaustr veit, og liggr ímillum Kaplands austrtakmarka og Ajan eda Asjan, sem ádr er gétit. Strønd þessi er 300 mílr at lengd, en breidd hennar er misjofn og vídast ókunn. Á henni hafa Portúgisar, er fyrstir komu þar vid land, eignat sér lønd, tekit upp nýlendur og bygt stadi, kastala og kauptún, og eru því Evrópumanna fródastir um hana; en þeir hafa frá ondverdu, álíkt og ljósfælnir mángarar, dulist þessa fródleiks, at ei skyldu adrir med hnýsni sinni og þar komu heim afnám vinna.

Strønd þessi skiptist í 4 høfud-parta eda strandir, sem kendar eru vid Lagóa, Sófala, Mósambík, og Zangebar.

Digitized by Google

A. Natal-land eda Lagóa-strond (Kysten Natal eller Lagoa).

Hún liggr imilli Kaplands eda Fiskaár ennar miklu, er fellr á austr-landamæri teds lands og sjardar þess, er Lagóa (Rahia da Logoa o: Hóps-sjórdr) kallast.

Vestr-hluta þessarar strandar kalla menn sérlagi Kaffaland hit austlæga; en sumir kalla svo alla strondina frá Kaplandi til Zambese-árósa, er rennr á nordr-takmörkum Sofala- eda Senu-strandar, med því at allr þorri innbúa hennar er af Kaffa kyni.

1. Hit austlæga Kaffaland (eptir hinni fyrri landa atgreining) er sagurt og frjósamt; en þar er vídast órhefni og ill landtaka; hafa því engir þar komit sjóleidis frá Evrópu. Austar er:

2. Natal-land eda Jólaland, er Vasco de Gama fann á sjálfan jóladaginn 1498 og kendi þat vid hátídina. Þar eru forkunnar gódir landskostir og vedrasæld, þó er þat strjálbygt og illa skipat. Þar í sjallbygdunum í grend búa þrjár þjódir og eru þær allar náskomnar Kaffum at kyni, nl. Tambúkkar, þeir eru bjartari ílits enn adrir Kaffar, kunna at steypa málma og eru hardsmúnir í orrustum, Hambónar og Makosar; þeir eru flestum Kaffa-þjódum gódlyndari og meinlausari. Hin eiginliga:

3. Lagóa-strond liggr austast og tekr

hún nafn af fyrrnefndum firði, sem er 10 mil. at lengd, en 5 at breidd, og eru í honum allgódar skipalegur. Þessi strond er lágkend, og óheilnæm öllum útlendingum; fluttu hvi Portugísar þadan eptir fárra ára dvol lengra nordr á megin-strendina. Innbúar þessarar strandar eru mjog blakkir á hörundit, sterkir og velslimadir, gódlyndir og greidasamir, gladlyndir og einkar gestrisnir. Þeir kunna allvel at járnsmidi og lifa af fiski-afla og dýra-veidum. Hvört þeir hafa nokkura trú eda enga, er óljóst, þar þeir hverki hafa skurdgod, blóthof né hofpresta. Þeir kalla sólina, hinn stóra, og tunglit hinn litla Kaptein (hundingja), en blóta hó hverugt.

B. Senaland eda Sófalaland (Kysten Sena eller Sofala).

Svo kölludu Portugísar fyrstir strendina í milli fyrrnefnds Lagóa-fjardar eda Heilagsanda-ár, er í hann rennr, og fljóts þess er Zambese-á kallast. Líkur þykjast hmsir lærdir menn til þess finna, at Phönicíumenn hafi þar í árdaga komit, og at þat sé land þat, er í Ritningunni kallast Ophir, hvadan Salómon Júda-konungr, lét hérumbil 1000 árum fyri Krists-burd sækja gull og margskonar ágætan varning. Á midöldum komu Arabar þar og

Digitized by Google

áttu kaup við strandar-búa þessa, kostudu kappsum at brjóta þá til Múhameds trúar og gáfu heim fyrstir þjódnafnit: Kaffar o: (Ekafir, þ. e. vantrúadir). Undverdliga á 16 öld stæmdu Portúgisar Araba af landi, og hafa þeir sídan einir setit at verslunar-ardi á strond þessari. Land þetta er vídast frjóssamt, en ei er þat heilnæmt adkomumonnum. Þar finst gull mikit, járn og margskonar gædi. Alment skipta menn strond þessari í 3 hofudpartá nl.:

a. Riki þau, er kallast: Inhambane, Sabia og Manika.

Hit fyrsta, ásamt riki því er Biri heitir, liggr syðst eda nærst Lagóa-firdi. Nordar liggr Sabia-riki, er tekr nafn af á, er þar kemr til sjávar; — en Manika eda Manissa liggr fyri vestan hit síðst-talda og nær hvergi til hafs.

Vid ána Inhambane og á hofda þeim, er Corientes kallast (í Inhambane-riki) eiga Portúgisar kastala og kauptún, og er hit sídara hin syðsta landeign þeirra á Afriku austr strond. At ödru leiti eru riki þessi Evrópumonnum ókunn.

b. Sofala-riki liggr fyri nordan síðst-nefnd lond, og er bædi slétt og sjallótt, en hvervetna gott og frjóssamt. Þadan flyzt margt kostuligr varningr, gull mikit og fíla-bein, járn,

Digitized by Google

ambra, hrísgrjón, o. s. frv. Þar er staðr, er Sófala heitir og stendr hann við mynni samnefndrar ár. Portúgísar eiga hann og hafa þeir þar gjöra látit stetkann kastala og mikinn. Þeir eiga þar enn fleiri kaupstún og virki.

Fyri riki þessu ræðr konúngr og er titill hans: Quiteva. Hann er Portúgísum háðr og skattskyldr. Innbúar þessa ríkis eða Sófalar eru afkomendur Kaffa og Arabíumanna, er þar bjuggu fordum, og má enn finna medal þeirra eptirstöðvar eða leifar af átrúnaði, túngumáli og háttum annar síðar nefndu þjóðar. Þeir binda lín-dúkum eða silkiflæðum um sig miðja, bera túrban á höfði og sax við hlið, en ganga berir at öðru leiti. Þeir vefa bóm-ullar vefnat og kunna ei allsáar handiðnir.

c. Kóngsríkit Mónómótapa liggr fyri nordan Sófala-riki og nær all-langt á land upp; þar liggr hat báðumegin við Lúpata-fjallgarð (Spina Mundi o: Heims-hrygg) og er meir enn 7000 ferhyrnings mile. Heiti þess er nafnbót konúngsins, er þar sitr at riki, hvorn sumir kalla keisara, og er þat greint í 12 smá-riki og eru fylkis-kóngar settir til umráða í hverju þeirra, er hlýða bodi og banni þjóð-konúngs, en sjálfr er hann Portúgísum háðr

Digitized by Google

og þiggr lið af þeim til at halda vörð um sig. Landit er frjóssamt og margskonar gæðum búit í jörð og á; þar er hiti mikill, en engi vanheilsindi. Innbúar þess eru Blökkumenn at kyni og afkomendur Portúgísa, er þar hafa í 3 aldir fullar hafst bólfestu og mikit riki. Blökkumenn þessir trúa á eina æðstu veru og blóta ecki skurdgoð, en eru þó fullir hindurvitna og heidingligrar hjátrúar. Merkustu stadir eru: Zimbaóe, er stendr vid Zambese lánga leid frá sæ; þar sitr konúngr, — og Masapia, þar er gull-verslun mest í landinu og Svörtu-brædra klaustr.

Á fjalli, er Fúra heitir, og skamt frá tédum stad, standa enn töptir mikils og ramligs kastala eda steinbyggíngar. Á múrveggjunum stendr útheggvit letr, er engi, sem þar hefir komit, hefir gétat lesit. Menn meina at þetta sé menjar Phœnicíumanna.

Þann hluta þessa ríkis, er nær at sæ framm, eda sjálfa strondina kalla Portúgísar Sena. Hún er 500 ferh. mil. at stærd og eru Portúgísar þar einir um lands-stjórn og land-kosti, en þó færa þeir árliga hjódkonúngi gáfur í þokkabót. Þar eiga þeir þrjá stadi, nl.: Sena, vid Zambese-fljót sunnanverdt, og all-langt frá sæ; þar er kastali og heimili nhlendustjóra; Tete eda San Jagó (Sti. Jakob) og Quilimane, bádir standa

Digitized by Google

þeir við téda á og eru umgirðir með varnar-virkjum.

C. Mósambik-strond (Kysten Mosambique).

Hún liggr í milli Zambese-fljóts og Delgadó-hofda og er 140 milur at lengd. Hún er lág, flét og víða votlend við sæ, en fjöllótt hit efra. Þar eru landskostir gódir og margr kvikfénadr. Sydsti hluti þessarar strandar kallast — a. Makúaland, þat er allmikit umáls. Innbúar þess (Makúar) hykja gódir til mansals, þar þeir þóla betr elju og sjóferda-þrautir, og eru hvatligri og gladlyndari enn adrir Negrar; en þeir eru jafnframt grimmir mjog og fordast návistir mannsmanna af ödru lyni. Kónga þeirra kallast Maurúsa. Nordar er lítit kóngsriki, er b. Angoxa heitir. Þar búa afkomendur Arabíumanna og eru þeir múhamedanskir at trú. Nordar tekr hin eiginliga c. Mósambik-strond vid og tekr hún nafn af ey nokkurri, er liggr ½ milu undan meginlandi, og samnefndum stad, er Portúgísar hafa þar gjöra látit og ankit svo mjog, at hann er kalladr höfudstadr allra fasteigna þeirra á austr-strond Afríku. Í Mósambik er biskupsstóll, 5 kyrkjur, 2 múnklífi, og atsetr jarls (Gouverneurs) þess, sem settr er til forráda

yfir tédum eignum. Þar eru 12000 innbúar, og eru 10,000 Arabar og Negrar, ágæt hofn og skipalega í sundinu milli meginlands og eyunnar, og mikill kaupskapr einkum við kaupmenn frá Malabar-strond og Góa, sérlagi við Gebra eda Pársa (elddyrkendur). Þrennr er varningr þar mestr: gull-korn eda sandr, sílatannir og mansmenn; af þeim síðst nefndu hafa menn árliga flutt frá Mósambik 15 til 16 þúsundir til ýmsra landa! Portúgísar komu þar við land á fyrstu indía-ferd sinni 1498 og fundu þar fyrir Arabíumenn, er ráku kaupskap í Austindíum. Þeim leizt vel á afstodu og skipalegu við eyuna og þótti þar hagkvæmr áfángastadr á langferdum þessum. Þeir komu þar seinna med vel-búit lid og tóku eyuna med herskildi, en Arabar og Kaffar máttu, þótt þeir hefdu ógrynni lids, frá-hverfa og láta land og ríki. Í nordvestr frá Mósambik-strond liggr mikit land, er d. Mongallo-ríki kallast; þat nær langt á land upp, en hvergi til sjáfar. Þar qva vera gull mikit. Fyri austan þat og við sæ heitir, e. Qvirimbu-strond. Við hana er ørdefni hvervetna. Framundan henni liggja eyar margar í rod og eru sundin mjó og grunn imilli þeirra og meginlands. Þær kallast Qvirimbu-eyar, og eru þær

Digitized by Google

forkunnar fagrar, gagnaudugar og vedrasælar. Peirra syðst og mest er Qvirimba; þá Oiba, hún er svo innðæl at menn segja þar sé jardneskt Paradis. Þá Geitiey (Ilha das Cabras), þá Fumbó, þá Matenó, þá Melinda, skamt frá Delgado-höfða. Á Eyum þessum hafa Portúgísar tekit upp nýlendur.

D. Zankebar-strönd (Kysten Zanquebar).

Hún liggr fyri nordan síðst-nefndt land og nær alt til Ajan-lands eda árinnar Magadaské nordr. Land þetta er 200 milur at lengd og at landslagi og gæðum áþekt fyrr-töldum ströndum, nl. lágt við sæ og skógi vaxit, en sjallótt þá frá sæ dregr. Þar eru víða hafnleysur og grunnsævi fyri landi og sár gódar landtökur fyri stórskip. Strönd þessi greinist í 11 riki og hafa þar bædi Portúgísar og Arabíumenn ædstu umráð.

a. Qvilóa-eda Kilóa-riki, þat liggr syðst, og er litit at vidáttu, en fagurt og einkar ávaxtarsamt. Innbúar þess eru ættmenn Arabíu-þjóðar, trúa á Múhamed, brúka austr-lendskt klædasmid og eiga kaup mikil við nágranna sína. Kóngr þeirra eda Skeik var fyrrum ríkr höfdingi, en villi-þjódir nl. Skaggar og Zimbar, er flakka um óræfin fyri vestan strönd þessa,

Digitized by Google

lomudu veldi hans. Nú er hann undir kónge Portúgisa, er árit 1507 unnu höfudborg ríkis þessa og gjordu þar sterkan kastala. Hún heitir Quíloa og er hún gjor á austrlanda visu; eru þar steinhús flatþakin; hún stendr á fagurri og samnefndri ey í vidkéndum firdi. Þar var mansal mest á þessari strond.

b. Kóbras-eyar, 3 at tolu, liggja í rod fram undan strondinni. Sydst er Mousfia, þá Zankebar og Pomba nordast. Þær eru allar fagrar og gagnaudugar, einast þar sikr reyr vel og margskonar ávextir. Eyamenn eru arabiskir at kyni, halda vid sidi og trú lángfedga sinna, og reka kaupskap vída á Afriku austr strond og Madagaskar á veiga litlum reyrbátum. Þar hafa 3 Seikar manna forrád og eru þeir til þess kjornir af Imaminum í Maskat á Arabíulandi.

c. Kóngsríkit Melinda; þat liggr fyri nordan Quíloaríki og er eigi allmikit, en forkunnar frjóssamt og audugt af kostuligum ávöxtum og kryddjurtum. Landsmenn eru blendíngar, af Arabíumönnum og Kossum eda Negrum komnir, og eru þeir allir dokkmóraudir á hörundit, múhamedanskir at trú og stridgjarnir. Þar rædr ríki strángr konúngr og stjórnsamr og er þat þar sidr, at hann sjálfr med eigin

Digitized by Google

hendi hádstrykir afbrotamenn þá er honum þykir þeir þess umkomnir fyrir ættgofgis sakir. Þar er merkiligr kaupstadr, er Melinda heitir; þar eru háreist steinhús og flatþakin, audmenn miklir og ardsom kaupverslun, einkum vid Asíumenn. Þenna stad eiga Portúgísar. Sunnar á strondinni og á nest nokkru stendr sjáligr stadr, er Mombasa heitir; þat er hofudstadr í samnefndu smáríki, og er eign Imansins í Oman. Tvær atrennur hafa Portúgísar gjort at vinna stad þenna, en afstada hans og hardfengi stadarmanna hafa fordat honum.

d. Í vestr frá þessu riki hefst frídjód nokkr vid, er Mosekejbar kallast; hún er ósidut mjog, grimm og snerrin og lisir at eins af saudfé sínu.

e. Eyar 2 liggja nordar og skamt undan landi, er Lamó og Pata heita; þær eru ávaxtarsamar og gagnaudgar. Eyamenn eru arabiskir at kyni og rædr þar smákóngr hverri. Á hinni fyrr-nefndu er einn samnefndr stadr, en á Pata eru 3, nl. Ambasa, Sió eda Sion, og Pata, þar hafa Portúgísar litin kastala.

f. Nordar er Abagualand, þar sem farmenn kalla Eyastrond; þat liggr undir midjardar-himinvegi og er sendit, hrjóstugt og strjálbýlt.

g. Á landi upp búa Marakattar, þeir eru dokkleitir mjog, vel-limadir og karl-

Digitized by Google

mannligir, en afar-grimmir og fákunnandi og hinir verstu stigamenn.

h. Kóngsríkin Júbo og Ambaza liggja nordar á strøndinni; þar er fíll margr og margskonar skógdýr, gullkorn og fílabein. Þar rædr konúngr riki og er hann Portúgísum hádr, er þar eiga kauptún og ískyldur. Þar er Júbó merkastr kaupstadr. Nordar er frierikit:

i. Brava, eda Sjó-brædra-riki; þat hófu fordum 7 brædur, er flukku úr Arabíu fyri ofriki yfirbodara sinna — og eru 12 Skakar edr øldúngar settir því til forstodu. Landit er forkunnar frjósamt og audugt af ymsum varníngi. Þar er stadr, er Brava heitir; hann er vel bygdr og umgirdtr med múrvegg. Þar er gód hofn og allmikil sigling. 1508 herjudu Portúgísar á riki þetta, unnu þar hérvirki og kúgudu landsmenn til skatta-lúkníngar.

k. Á landi upp búa Matskidar; þeir eru múhamedanískir at trú og háttsemi, vópndjarfir og víg-fúsir og mektugir. Konúngar þeirra qva vera sømu ættar og Habessiníu kóngar.

l. Magadaskó-eda Magadoxo-riki; þat liggr nordast á austr-strønd Sudr-Afriku og tekr þat nafn af allmiklu vatnsfalli, er skilr lønd hit nyrdra, og hleypr á nálæg hérud og frjófgar þau. Land þetta er einkar gott matland og fjølskrúdugt af margbreyttum gædum í jørd og á; þar er fíll afarmargr, gull mikit og silfr, og margkynjadr fénadr. Innbúar þess eru arabískir at kyni, en þeir eru ættlerar og flestum kynmønnum sínum fáfródo-

Digitized by Google

ari, og síðr at sér at lagvirkni og framkvæmdum. Trú þeirra er meingut heidindómi; dýrka þeir bædi Múhamed og blóta god. Annars eru Magadaskóar hæglyndir og vingjarnligir, gódsengir og gestrisnir, en hardsengir eru þeir í orrustum og miklir bogmenn. Þar er allmikill og vel hýsdr kaupstadr, er Magadoskó heitir, vid hafvik, er tédr fljót fellr í; þar eru steinhús há og flatþakin, skygd hit ytra og margvísliga rendótt. Þar sitr konúngr landsmanna og hefir hann ótakmarkat veldi.

IV. Upplönd Sudr-Afriku.
(Det Indre Syd-Africa).

Svo viljum vér kalla hinn vídlenda geim þessarar heims-álfu, er liggr í millum Austr- og Vestr-stranda, Súdans og Kaplands. Upplönd þessi eru Evrópumönnum enn gjörsamliga ókunn, því eigi er þar greitt atgaungu, ergrimmlundadar villiþjódir byggja og vegir eru skipadir svo morgum og margsháttudum torsærum, sem þar. — Hit nyrdra liggja Mánafjöll, hit eystra Lúpata-fjöll eda Heimshriggr, og at vestanverdu Kóngó-fjallgardr, og meina þat sumir menn, at allir séu þessir feikiliga miklu fjallgardar ásastir. At í þessum hluta Afriku sé sólarbruni mikill, lætr at líkindum af afstödu hans og sjarlægd frá

ſtrondum og kælandi ſævindum; en þeſs er þó at gjæta, at þar mun ſjallagolan tempra ofrhitan. At frá ſjallgördum þeſsum, ſem bædi eru háir og vída snæþaknir, falli ár og lækir, er vokva láglendit og jafnframt veita mönnum og málleyſingi nægar vatns-byrgdir, haſa menn fyri ſannindi, og at þar ſéu geyſimikil markland eda ſkógar og í þeim ógrynni margkynjadra dýra, frinna og ófrinna, þykir ſanna tilgátur þeirra, er meina, at upplendi þetta ſé hverki svarta-lauſir brunaſandar (ſem Sahara) né vatnslauſar audnir og ſræſi, heldr allvel byggiligt og hmſum landskoſtum búit; því víſt er þat, at þjódir þær, er þar haſaſt vid, eru margmennar og at þær at meſtu lifa af ſjárrækt og haſi mikin kvikfénad.

Hit ſudeyſtra og nálægt Lúpata-fjallum er afar-mikit ſtoduvatn, er Maravi eda Zambre kalladt; þat er hit meſta vatn í þeſsari heimsálfu. Í því er ſalt vatn og eyar afar-margar; — á þeim og umhverfis vatnit er fagurt og gódir landskoſtir. Innbúar þeſsara landa eru Blökkumenn eda Negrar at kyni og greinaſt í 3 höfud-flokka, nl. Skagga, Galla og Kaffa.

1. Skaggar (Schaggaer).

Sjálfir kalla þeir ſig, eins og Gallar, Agag eda Agagi. Af þeim fóru fyrſt ſögur á 16 öld;

Digitized by Google

komu þeir þá, men vita ei hvaðan, framm í suðr-strǽhluta Afríku og herjuðu þar og rændu með grimd og ofsa. Í Eystri-Gíneu mætti hersöfningi þeirra, Zimbó at nafni, mótstöðu af Portúgísum. Leitaði hann þá undan til Austr-strandar og rænti hvervetna fé, en skeytti ei um lönd. At honum látnum, tvístruðust Skaggar og brutu undir sig ríki og lönd víðsvegar, t. d. Mitamba og ýmsar láðsálfur í Eystri-Gíneu, og byggja nú sérílagi löndin ímilli Svarthafða og Mánafjalla og sýni vestan landsfjöinn Maravi. Skaggar eru allra Blökkumanna ófríniligastir áſýndum, djarfastir, grimmastir og blóðgirugastir; þeir eru miklir vexti og hraustir og manna illiligastir; þeir brenna sér skrámur í andlit með glóandi járni og ramhvolfa augunum, at þeir verði þess ógurligri; þeir ganga næstum naktir hvervetna og smyrja sig svo opt, sem þeir fá færi, með manna-feiti og mála maga sinn rauðan og hvítan. Fæðsla þeirra og matarœði eru samkvœm ruslaskap þeirra og ósiðum; engin fœða þykir þeim svo hnossgœt sem mannakjöt, eru því allir hernumnir menn hafðir til snœðings, en ei konur, þeim er þarámóti slátrat og offrat á hátíðum, at blótveislum og erfisdrykkjum stórhöfðingja. Verði einn svo sjúkr, at hann ekki eigi aptrbata-von, kyrkja kunningjar hans hann, eða kasta honum út á víðiváng fyri glepsandi villidýr og þykjast þeir þá gjöra líknarverk á honum. Dauðir eru þar grafnir sitjandi og með hverjum ekta-manni eru tvœr af konum hans kvikfettar.

Digitized by Google

Skaggar skeyta lítt um akr-yrkju og sjárrækt, nema þá rán og dýraveidar ekki heppnast til hlýtar. Þeir trúa ódaudligleika sálarinnar, en ekki á neinn æðsta guddóm; þeir blóta god og færa heim mannoffr. Tvennir eru prestar har, nl. Gangas, þeir eru offr-prestar og slátrunarmenn offr-dýra og manna — og Sinegbillir, þeir eru tóframenn og fjandafælur. Medal enna merkustu Skaggarikja telja menn Anzikó, nordr af Kóngo-riki, Funsjenó og Pombó.

2. Gallar (Gallaer).

Þeir byggja eda flakka um nordr- og nordaustr hluta tédra upplanda, einkum fyri sunnan Habessiníuland og eru þeir Skoggum áþekkir í morgu; þykir því líkligt at þeir séu hvaritveggju frá sömu áttbogum og af samlikum ættstofni komnir. Gallar búa vid Marávi-vatn austanverdt og eru þeir hár kalladir Zimbar eda Músimbar, en kóngr heirra Lúbó. Galla-þjód er afar-fjolmenn og heste mikil lond undir, er engi útlendingr þórir at at nálægjast, svo er hún ómannblendin og ill vidr-eignar, og jafnframt einhvor hin grimmasta og blódgirugasta hirdingja-þjód í þessari heimsálfu. Gallar bjuggu fyrrum vestar í Afriku midsvædi, en hafa smámsaman med ógurligri grimd og hardydgi rudt sér til rúms nordaustr eptir uns þeir nádu Habessiníu sudvestr-takmörkum og Nílár-upptökum; herjudu þeir þá á land þetta, brendu og brældu, eyddu og drápu

Digitized by Google

alt hat fyri heim vard, og bruku at lyktum undir sig vidlendar sveitir og hérud. Í ondverdu vóru peir greindir í 3 mikla herflokka og vóru 7 kynkvíslir í hvorjum; en nú á dögum skipta menn peim í tvo hofudflokka nl. hina Vestlægu eda Bóra-Galla, er sérlagi hafa um langar hridir elt grátt silfr vid Habesiniumenn, og hina Austlægu eda Bertúma-Galla, er ánstar byggja. Annars bera menn kensl á 20 kynkvíslir pessarar óaldar-pjódar, og er hin voldugsta kynkvísl sögd peirra grimmust og linkindalausust. Fyri hverjum 7 kynkvíslum rædr kosinn konúngr. Medal peirra er einnig nokkurskonar adalsætt, og gjorast peir medlimir hennar, er med hreistiverkum og vígum hafa sér ordstírs aflat, pó nær engi peirri tign úngri enn fertugr, nema hann géti sannat, at hann hafi med eigin hendi lagt svo marga at velli, sem ár vanta á tédan aldr. Gallar eru medalmenn vexti, léttir, mjúkir og fimir. Peir vefja nautsgörnum um hofud sér, at peir verdi pví ægiligri, og um sig midja í beltisstad, og smyrja sig tídum med gráda. Peir eru ljósari á hörund enn Blokkumenn og hafa svart slikjuhár. Sjaldgjæf eru vopn hjá peim af járni gjör; peir bera pví tré-stángir, sem eru brendar í endan, og ledr-skildi; en fiflsligt áræði, og ógurligt ofsi og herfiligt heróp í atrennunni bæta hat upp, er vopnin ábresta, svo peim vinst opt sigr á peim, sem betr eru búnir. Atrúnadr peirra er litt kunnr; en hat er víst, at peir blóta Fetisa, túngl, stjornur, steina og tré hat,

Digitized by Google

er Wanzei kallast; undir því heya þeir þing sín og af limi þess flétta þeir konúngum sínum kórónur og kransa. Þá friðr er í landi, er alt góð stjórnsemi medal þeirra. Flestar Galla-kynkvíslir iðka at eins sjárrækt og eru á sífeldu reiki; en þær, er nú búa í og nálægt Habessiníulandi, hafa numit akr-yrkju og hrossaeldi, hafa þeir nú riddaralið mikit, og eru þess geigvænligri og verri viðr-eignar. Siðir þeirra eru einkar einfaldir og hjákátligir, t. d. Þá madr festir sér konu, geingr hann framm fyri foreldra brúdarinnar og heldr á grasi í hægri, en mykjuskán í vinstri hendi og spyr: at hann skuli henni veita mat og drikk æfi-lángt og sæmiliga útför — og er þá hjóna vixlan á enda. — Gallar eru rammheidnir, en eru at því Skeggum betri, at þeir hverki eta menn né færa godum sínum mannfórnir.

3. Kaffar (Kaffer).

Þeir byggja sudr-horn Afriku eda þann hlutu hennar, er Svarthöfdi at vestanverdu og Lúabó-höfdi vid Zambeses-fljóts mynni á Austr-strondinni, eptir þrádbeinni stefnu, marka takmörk, og kalla menn hann allan med einu nafni: Kaffaland. Hit vestra og mittlands liggja Skaggalönd fyri nordan þat, en at austanverdu Mósambik-strönd. Þat er á þrjá vegu umflotit og er sjóleidinn þar med landi framm 700 milur milli fyrrtéðra höfda; þat er nærhæfis 300 milur at lengd, en nokkut meira at breidd — og hérumbil 70,000 ferhyrn. mil.

Digitized by Google

at vidáttu. (Sudr-hluta þessa lands, er fyrrum kalladist sérilagi Hottentottaland, en nú heitir Kaplaud eda Hvsdaland, er áðr lýst). At Kaplandi edr sudr-strondinni og austrjadrinum undanteknum, er Kaffaland gjörsamliga ókunnugt Evrópumonnum; því bædi er þat, at ei hafa landkonnunar-menn þar verit og áfrædisligar eru frásøgur landsmanna, eins og sjálfir þeir, um henna vidlenda geim; en þat hafa menn fyri satt, at nær hverveina sé mikit afl hita i landi þessu, landslagit margbreytt, sumstadar afar-vidlendar slétrur, geysimiklir skógar og frjóssom og fogur hérud, — sumstadar eydisandar, fyrnindi og fjoll, medal þeirra Lúpata- eda Mána-fjoll hit nyðra — og at þar vokvi landit allmorg vatns oll, er falla i vestr, sudr og austr til sjáfar. Innbúar lands þessa eda hinir svokolludu Kaffar, eru taldir ámedal Blokkumanna-þjóda, en eru þó i morgu tilliti þeim ólikir, því hverki eru þeir svo blakkir á hørundit, flatnefjadir, nasaflestir, varaþykkir, frammyntir, né svo ullar- og hrokkin-hærdir, sem hinir eiginligu Negrar. Kaffar eru þaradauki stærri, betr vaxnir, hreknari og hølugri enn flestir Negra-kynþættir; þeir eru og gáfadri, betr skapi farnir og hafa meiri sidsemdar tilfinning. Þeir mæla einnig frábrugdna túngu og kjamsa eda smjatsa mjog til ordanna svo varla má greina stafa-hljóð, þó þeir tala. I tilliti til tregleika, óþrifnadar, óhóssemis, hátta og lifnadarmáta eru þeir ápekk-

Digitized by Google

ir flestum Blökkumönnum, en eru þó ýfir höfud betr at sér og lagvirkari, hó mikils sé þeim á-vant. Allr er fatnadr þeirra af dýra-skinnum og hibýlin af limi gjör og lauf. Allmargir kynflokkar Kaffa yrkja jörd og leita sér upp-heldis á hann hátt; en fleiri eru þeir, er láta sér nægja med hina einfaldari atvinnu-vegi: kvikfjárrækt og dýraveidar; sumir lifa at eins af veidum og ránum, adrir hafa tekit fram-förum til menningar og numit ýmsar hand-idnir og íþróttir — og hjá flestum þeirra er þat audsundit, at fremr skortir þá fœri og fræd-ara, enn gáfur og námfýsi, einkum þá, þeir sjá at gagn fylgir gjördrk tilraun. Ymsir hafa kynflokkar Kaffa tekit konúnga yfir sig og gefit þeim misjafnt vald; adrir hafa at eins nokk-urskonar oddvita, er skéra úr málum og hafa litil umrád, og allmargir hlýda bodi og banni Enskra í Kaplandi og Portúgísa, á Austr-strönd. Hvat ádr er sagt um átrúnat Negra yfir-höfud, á og at mestu leiti heima hjá flest-um þjód-flokkum Kaffa; þó eru þeir ei svo fullir hjátrúar og hindurvitna sem þeir. Medal kynflokka edr smáþjóda þeirra, er Kyffum eru nákomnar, má þessa telja. 1. Hit vestra búa: a. Zimbebar nordast og í riki því, er Mata-man kallast; þeir eru sátækir hirdingjar. Sunn-ar búa, b. Namakar, þeir eru náhúar Hott-entotta og þeim sérlagi náskyldir, þó stærri vexti, hraustari, skynugri, þrifnari og hibýla-prudari. Austar byggja c. Betjuanar (eda Betsúanar) vídlendt ríki; því rædr einvalds-

Digitized by Google

höfdingi nokkr, og er þar betri stjórnsemi og skipan enn vidast medal Kaffa-þjóda. Innbúar þess hafa uppheldi af kvikfé og dýraveidum, en hafa mestu óbeit á fiskætum. Hibýli heirra og fiárhús eru snotrari en annarstadar á Sudr-Afriku og gjora þau konur einar, sem öll onnur bústorf, því svo er þar sem þvínær hvervetna med villum og hálf-villum þjódum í þessari heimsálfu, at karlfólk at eins stundar vig og veidar. Betskúanar eru manna snotrastir at limalagi, en litlir vexti og dökkmóraudir á hörund. Eigi eru heir freidsamari enn adrir Kaffar. Sá er sidr medal heirra at heir skéra mágála af fallnum fiandmönnum, bera þá heim á atgeirum sínum sem sigr-merki og snæda þá at aptni med miklum mannfagnudi. Höfudstadr heirra kallast Kampampan. Fyrrum var þat stadr, er Litakú hét, er hann nú brotinn og gjöreyddr af náburum heirra. Betskúanir eru greindir í 9 kynflokka. Hit sydra búa: d. Hottentottar, (sem ádr er sagt). Medal enna fríu teljast þar: Kainúkar, Hantúmakar, Kóranar og Heussakar eda Geissakar, allir igrend vid nordrtakmörk Kaplands; heir sídstnefndu eru sagdir mannblendnir, skynugir og starfsamir. Austrhluta Kaffalands byggja, auk allmargra minni kynkvísla, Makossar, í Biri, Inhambane, Sabia, Manika, Sófala og Mónómatapa-riki. Þar eru og tvö konungs-riki, fyri vestan sídstalin lönd, nl. Sikaka, þar er ógrynni sílf-

Digitized by Google

nrs — og Búrúa eda Törva, nokkut sumnar; hat er sjárland gott. — Pótt allar séu pjódir pessar af sama ættstofni komnar, mismuna pær pó innbyrdis at útliti, háttum lifnadarmáta og kynsylgju; en mest eru Hottentottar frábrugdnir sleztum heirra.

V. Eyarnar (Öerne).

Eylond pau er liggja undir sama himinvegi og Sudr-Afrika, eru bædi í meginhöfum fyri vestan hana og austan.

a. Í hinum Atlantiska úrsæ liggja:

1. Elenar-ey (St. Helena); hún liggr einstök mjog í reginhafi, 320 víkur sjófar í vestr frá Svarta-höfda og 400 víkur undan Brasiliu-ríkis ströndum; hún er 5½ ferh. mil. at vídáttu, hálend mjog og hædótt. Þvínær umhverfis ey pessa eru þverhnýpt klettar eda studlaberg og má par því at eins á einum stad stórskipum lenda. Hædsti hnjúkr par kallast Dionu-bjarg eda sjalí (Dianebjærget) og er hat 2700 fóta frá sjófar-hed. Par eru dalir margir og fjallaklofar, vída tæpir vegir, snidgotur og sneidingar, er gángandi menn og ridandi at eins géta um-farit, en hvergi má par vognum aka. Einasti stadr á ey pessari er Jakobs-stadr (Jamestown); hann stendr

Digitized by Google

við botn viðkendr vogs (Jamesbay) og í mynni Jakobsdals, er blasir mót norðri. Djúpt gil klýfir staðnum í tvo parta og eru tvær brýr yfir. Þar er eitt stræti með steinhúsa og trjáreðum báðumegin, kyrkja og varnar-virki, og í dalnum skamt þaðan, hermanna herbergi, spítali og forða-búr mikil. 600 fótum hærra, enn staðr þessi, stendr kastali, er ver skipalegunna; hángat gengr einn króksótr einstigr.

Ey þessa fundu Portúgísar 1502 og kölluðu hana eptir degi þeim er þeir komu þar við land, en skeyttu ei um hana, þar heimr þótti hún snauð og hrjóstug. Seinna (1600) eignuðu Hollendingar sér eyuna og tóku þar bólfestu, en Enskir stæmdu þá á brott 1673 og hefir hún síðan verit eign þeirra eða sérílagi hins mikla enska Indía-kaupverslunar-félags í Lundúnaborg, er lætr austindía-fer sín taka þar vatn og vistir til ferðarinnar. Einkanliga hefir ey þessi orðit nafnkunn af Napóleon keisara, er þar sat í varðhaldi frá Octóber-mánuði 1815 til 5ta Maí 1821. Hann andaðist á lystisloti, er Láng i skógr (Longwood) kallast og liggr hann grefstraðr í sorkunnar fögru dalverpi, er margskonar litfagrar og ilmsætar jurtir skreyta. Á leiði þessa nafntogaða mikilmennis liggr slétt og einföld marmara-hella og framyfir þat hánga greinir weggja tára- eða grát-pila, sem þar eru gróðrsettir ásamt innðælum blómstrum, er Eyarmenn vandliga rækta

til minningar um; at þeir unnu þessum góðu fánga og gesti mikit og hrygðust mjog við burtför hans.

Á ey þessari er allmikill hiti, en þó tempraði hann af hafgolunni; þar er heilnæmt loptslag og ákjósanlig vedrasæld. Rigningar eru þar ofsjaldgjæfar, bæði fyri menn, dýr og gróðrku, — og þvínær aldrei er þar skrugguvedr. Eyarmenn leggja fremr stund á kvikfjárrækt enn akryrkju, því ei má þar plógi við koma fyri brattlendis sakir. Þeir eru 3140, auk 2000um varnarliðs, at tölu, og flestir enskir at ætt og uppruna. Þar er jarl settr til forráða og er hann jafnframt hersforingi landvarnarliðsins.

2. Uppstigningar-ey (Ascension eller Himmelfartsöen); hana fundu Portúgísar á uppstigningardagim 1501, og gáfu henni því þetta heiti. Hún liggr í nord-vestr frá Elenar-ey og er 6 mil. ummáls; hún er fáskrúðug af öðru enn skjaldpöddum, er þar veiðast sæum. Um löngu hríðir komu farmenn því at eins þar við land at afla sér skjaldpadda, uns Enskir 1816 tóldu hana med sínum eignum, og gjördu þar virki, er Cockburn heitir. Mörg eru þar ummerki, er votta at henni sé, álíkt og Elenar-ey, af jarðeldaumbrotum af hafi skotit.

3. Hresingar-eyar (Tristan d'Acunha); þær eru þrjár og liggja þær í suð-vestr

frá Vonarhöfda. Farmadr nokkr, Lambert at nafni, frá Nordr-Ameriku, lagdi hær undir sig 1811, en nú hafa Enskir tekit þar bólfestu.

b. I hinu Indianska meginhafi liggja:

1. Hinar Komórriskueyar; þær eru 4 og liggja hær nordarliga í sundi því, er skilr eylandit Madagaskar og austr-strendina og almennt kallast Mosambiks-Kanall. Þær eru gódar og gagnaudgar og innbúar þeirra (sem eru 20,000 at tolu) gódlyndir og vidfeldnir; þeir eru Arabar og Blokkumenn at kyni. Þar sitr at riki höfdingi, er hefir súltans (soldáns) nafnbót. Vid eyar þessar koma tídum austindía-farar at fá vatn og vistir. Þeirra merkust er Hinzúau eda Anjúan, er sumir kalla Jóhannuseyi; hún er 18 milur ummáls, fogr, frjóssem, vedrasæl og harla heilnæm; þar er höfudstadr og konúngs heimili, er Dómóni kallast, tvær milur frá gódri höfn, er fyrr-nefndir farmenn optast leggja inn á. Hinar þrjár heita Komórra eda Angazia; hún liggr næst meginlandi. Móhilla og Majótta, bádar skamt frá Jóhannuey. Herskátt er mjog í eyum þessum og fer heim því heldr hnignandi at manntali og velmegan.

Digitized by Google

2. Madagaskar (er landsmenn kalla Madekasse ɔ: Mána-ey) liggr 75 mílur, þar er skémst er milli landa, í austr undan Sudr-Afriku og er hit mesta eyland í grend vid þessa heimsálfu. Þat er 225 mílur at lengd, 60 at breidd og 10,500 ferh. mílur at vídáttu. Lángsetis eptir eyunni midri gengr fjallgardr mikill, er Raudufjöll kallast, í nordr og sudr milli landsenda, hvorra hinn sydri kallast Sti. Mariu-höfdi, en hinn nyrdri Ambró. Í fjallgardi þessum eru 2 hnúkar hærstir, nl. Vigagóra á nordr-eyunni og Bóstimeni í sydri hluta hennar; annars er fjallgardr þessi óvída hár, en hvervetna skógivaxinn og audugr af margskonar ágætum málmi. Undan honum renna ár margar og lækir í allar áttir til sjáfar, svo hvergi er þar vatns- né vatnsvokvunar skortr. Þar eru og sioduvotn ei allfá, medal þeirra má sérílagi telja Antsianaxa-sjó; í honum er mikill fiöldi krókodila. Allvída skérast þar firdir inní landit; þeirra merkastr er Antúgils-eda Mánga-fjördr, hann er 14 mil. at lengd og enhver hinn hagkvæmasti til hafna og skipalegu í heimi.

Þeir menn (einkanligast Frakkar), er á seinni tídum hafa kannat ey þessa, sérílagi austrstrendina, segja svo frá, at hún sé greind í 12

Digitized by Google

lond edr riki, og sé hvort heitra frjálst og frítt fyrir annars yfirdrottnan. Í riki því, er Betsimenaland kallast og nærhæfis liggr á austr-strond midri, er hinn mesti og fjölmennasti stadr á eylandi þessu, er Andovúrante heitir; þar eru 10 000 vígra manna hervetna í námundi, þá til þarf at taka. Innbúar þessa lands, (sem einnig kallast Raudaland) eda Raudlendingar, eru gódlyndastir og mannblendnastir allra eyarmanna. Sudr-horn landsins kallast Antaxima eda Sudr manna land; þar stendr Dáphins-kastali (Fort Dauphin), er Frakkar gjordu 1642, og sídan yfirgáfu. Antaximir eru manna verstir vidr eignar á ey þessari, þjófgefnir og illyndir klækismenn. Þeim er at þessu líkr ódalar-lýdr nokkr, er byggir nordvestr-strondina, og kallast Sekelavar eda Maratir, þeir eru hinir grimmustu sjóræningjar, og gjöra þar þeir koma, ón verstu nidingsverk, einkum á hinum Komórriskr eyum.

Ei þykjast þeir menn, er at eins hafa kannat nokkurn, en ei allmikin, hluta eylands þessa, nógsamliga hrósat sá fegurd þess og frjósemi, land-kostum og margbreyttu gædum; hiti er þar at vísu mikill þrídjúng árs, en hafgolan temprar hann dagliga — og jafnan er þar vorblída og hvínær hervetna heilnæmt lopts lag. Jardvegrinn er þar svo gódr, at hvít

Digitized by Google

landsmenn yrki hann lǫdurmannliga og kunni ei rétta medferd, ber hann þó hundradfaldan ávǫxt. Eyarmenn, er sjálfir kalla sig Madegassa, eru af ymsum kynstofnum komnir og er því mismunr mikill á hǫrundslit heirra og vaxtarlagi. Strandamenn eru ljósmóraudir á hǫrund og kallast þeir hvítir, en upplendingar eru svartir mjǫg á húd og hár; þeir vóru þar fyrir, þá hinir svǫkludu hvítu menn komu á 16 sld sndverdri þar og hneptu þá frá sæ til sjallbygda upp. Hvorirtveggju ásamt eru hérumbil 4 miliónir at tolu, og meina menn þá afkomendur Arbiumanna, er smámsaman hafa þángat fluzt, og Malaja. Hinir bjartleitari eda Arabar greinast í þrjá hǫfudflokka, a. Kynkvísl afkomenda Jminu, Múhameds módur (Zafke-Ramini); þat er hin gǫfugasta kynkvísl í landinu; þar til heyra Róhandianaro: furstar og landshǫfdingjar, og bastardar heirra, er Anakandrianar heita; þessir tveir kynflokkar hafa einkaleyfi til at slátra kvikfénadi. b. Abrahams afsprengi (Zafke-Ibrahim); þessi flokkr hefir kyn sitt at rekja til Gydinga og margkynjadra sjóræningja; þeir dýrka hverki Múhamed né kalla hann spámann, heldr Róa, Abraham, Móses og David; þeir umskéra sig, gefa bornum sínum hebresk nǫfn, halda Sabbatsdaginn helgann og færa dýrafórnir. Peir byggja ey vid eystri strǫndina, er Rósi-Ibrahim eda Mariu-ey kallast og strǫndina gagnvart henni. Peir eru vingjarnligir og gestrisnir. c. Kennara-kynkvísl

Digitized by Google

(Zaffe-Kassinambu). Hún sluttist þángat seinna enn hinar og kvad hún sig senda frá Mekka til a: fræda landsmenn sína og vidhalda medal þeirra Múhameds átrúnadi. Hún hefir og þeskonar storf á hendi, en er lítils metin.

Magagaskarar eru ýfir-hofud vidfeldnir og meinlausir, þá ei er á þeirra hluta gjort; en ódælir og styrjaldarsamir, þá illu er ok skipta, og manna slægastir; andlit þeirra er allvel lag at og vidmótit djarfligt. Þeir eru sæmiliga gáfadir, en manna tregastir til at læra þat er krefr umþeinkingar; þeir eru flestum hálf-villum þjódum fremri at hagleik á allskonar málma og kunna vel at vefnadi og litunarkonst, en samlikir þeim at sáfrædi og ymsum ósidum. Sumir kynflokkar eyarmanna rækja Múhameds átrúnad, en mjog er sú trú blendin ordin. Mestr þorri þeirra er heidinn, en trúir þó at einn gud sé til ædstr, er Skanhar kallast og og at hann skapat hafi alt hit góda, — og annar honum gagnstædr, er alls hafi ills ollat. Paradauki dýrka þeir marga miuni-háttar gudi, engla og anda og færa þeim fórnir. Sá er sidr med Madegosum, at menn optsinnis sverjast í fóstbrædralag og verdr þat med þessum hætti: þeir vekja sér blód á vinstra brjósti og láta blæda í bita af eingiferi, vixla bitunum, láta í munn sér og svelgja sídan; at því búnu skjóta þeir sýstum í sjórar hofud-áttir til at fæla illar vættur, drekka saman af einum bikar saltri meingat vatn og nefna svo öll god í vitni og sverja þann eid: at hvor skal annars gagn

Digitized by Google

óg gledi stunda, sem bródur síns — og heim skuli dryckr hefsi at eitri verda og ólifsjan, er eidrofi verdr. — Madegaſsar gerva dauda med mikilli vidhofn og gjora kofa yfir leidinu; í grofina leggja heir ymiskonar matvæli, tóbakspúng, leirskál, reykelsis-ker, lendadúk og belti og setja hofudin af slátrudum og offrudum dýrum á stángir umhverfis kofann. Í flestum ríkjunum á Madagaskar er stórmennis-stjórn í lög leidd; en sumstadar hafa hofdingjar manna-forrád, er konúngar kallast, og er hvervetna veldi heirra litit og tignin ómerkilig.

Portúgalverskr farmadr, Lórenz Almeida at nafni, fann eyland hetta 1506 og var hat um hrid kent vid hann og kallat Lórenz-ey. Arit 1642 komu Frakkar har vid land og ætludu at leggja hat undir sig; heir gjordu har fyrnefndan kastala og tóku upp nýlendu, en heim vard har eigi lengi vært, hví eyarskeggjar fengu brádla grun um fyriætlun heirra og gjordu heim geig, svo Frakkar máttu frá hverfa. Eins fórst Enskum, er bygdu har virki, er kallat var Franshere.

3. Hinar maskarensku eyar. Pær liggja í enum indianiska útsæ, í austr frá Madagaskar, og eru 3 at tolu. Pær fá portúgalverskr farmadr, Maskarenhas at nafni; á austr-for sinni 1502, en kom har vid land 3 árum seinna og eru pær sídan vid hann kendar. Pær eru allar hálendar og allvída fjallóttar, og hafa jardeldar heim af hafi skotit;

Digitized by Google

þó eru þær síðan Frakkar tóku þar bólfestu, ordnar gagnaudugar og arðsamar; flytst þaðan margskonar ágjætr varníngr, sérlagi kryddjurtir og austr-landa ávextir, einkanliga ógrynni Kaffe-bauna. — Hiti er þar mikill, en tíðir sævindar og rigníngar tempra hann svo, at vel er hann bæriligr, og loptslagit heilnæmt.

a. Búrbon (Bourbon); hún var í undverðu kölluð Maskarenhas, og seinna, þá Frakkar 1654 vóru ordnir þar landfastir, Búrbons-ey (Ile de Bourbon); en þá hin mikla stjórnar-bilting hófst og hin forna kónga-ætt var af landi rekin, kölludu þeir hana Einingar-ey, og seinna ýmist Bónaparte-s- eda Napóleóns-ey. Hún er 112 ferh. mil. at stærð, og þvínær kringlótt. Á henni nordanverðri er kaupstadr, er Sti. Denis heitir; þar sitr nýlendustjóri (Gouverneur), er Frakkar hafa þar settan til yfirsóknar. Eyarmenn eru nær 90,000 at tölu. 25 milur í nordaustr þaðan liggr.

b. Móriz-ey (Moriz), er Portúgísar kölludu, þá þeir fundu hana, Cirne, en Frakkar, (eptir at þeir höfðu unnit hana undan Hollendíngum 1721, er hana höfðu átt um hríð og kallat Móriz-ey), kéndu hana við fedrland sitt og hétu Frakklands-ey (Ile de France).

Digitized by Google

1814 vard hún Enskra eign og kalla þeir hana því nafni, er Hollendingar gáfu henni. Ey þessi er 55 ferh. mílur, en eyarlýdrinn er 92000 at tölu. Vestan-framm á henni er kaupstadr, er Lodvíks-hofn heitir; þar sitr enskr nýlendustjóri. 75 mílur í austr þadan liggr Ródríks-ey (Rodrigo, Rodriguez); hún er lítt bygd, en þó byggilig. Hana og eyarnar: Diegó Garzia og Slaungus-ey, eiga Enskir. Á þeim er skjaldpaddu-veidi mikil og skélfisks-tekja. Í hafsum fyrir sunnan Moritz-ey liggja margar eydi-eyar; medal þeirra teljast: Jóhann af Lissabon, Marinos, Amsterdammr, Sti. Páll og Kergú-elens-ey.

4. Admirantes (eda Admiralitets s: Herskipa-ráds) eyar; þær eru 12 í einum klasa í austr frá Zankebars-strond og eru þær allar óbygdar; þó telja Pórtúgalverjar þær med eignum sínum. Kybella er þeirra nafnkendust.

5. Seskella eda Mahe-eyar; þær liggja í nordaustr frá fyrr-töldum eydi-eyum og eru 24 at tölu, en at eins eru 3 bygdar; þeirra mest er Mahe; hún er öll skógi-vaxin og audug mjög af margskonar ávoxtum; þar elvast einhver hinn besti efni-vidr til skipa;

Digitized by Google

þar er og skjaldpaddu-veidi mikil og svo mikil mergd allskonar fugla, at óvída finst þvílík í heimi. Pálma- (eda Pálmavidar) ey gengr henni nærst at stærd og landskostum; hún er öll, stranda imilli, skógi-vaxin; þar elnast vídr sá, er ber hinar nafnkunnu maldiviska Kokos-nytar.

Frakkar tóku upp nýlendu á Mahe 1770, gjordu þar skans, settu þar sveit vígra manna til landvarnar og drógu mikin ard af gódvídi, er þar vex, og gardyrkju; en enskir sviptu þá sídan eyum þessum og eru þær nú heirra eign.

IV. Ameríka eda Vestr-Álfa heims (America).

Þessi heimsálfa liggr á þeim helmingi jarðar-hnattarins, edr heimskringlunnar, sem er frá hverfr eda frá sudr þeim, sem hér at undan hefir lýst verit, og eru innbúar þessara hálfhnatta hverir annarra andfætingar eda þeir snúa iljum saman. — Heimsálfa þessi er kollut hinn Nýi heimr og ber þat til þess, at hún fyrst fyri rúmum 330 árum vard Evrópumönnum kunn og af þeim skipuliga numin og kannut. At vísu sanna þat fornsögur vorar, at ýmsir Islendingar hafi þar vid land komit í fyrnsku, gefit löndum nafn og dvalit þar svo árum skipti; en med því at þeir hvervetna vóru of fáliadir til at reisa rönd vid ótrúrri þjód og illri vidr-eignar, er þar bjó, stadfestust þeir þar eigi, né tóku þar upp nýlendur, heldr sneru

Digitized by Google

aptr til ættjardar sinnar, og léttu sér nægja gæði hennar og búsæld. Madr er nefndr Kristópher Cólumbus, hann var genúiskr at kyni og adalborinn, en lítt fjár-eigandi; hann hafdi frá barnæsku stundat hau vísindi, er siglingamennum henta, og verit lengi í förum og var ordinn reyndr at drengskap og dugnadi, þá hann bar þá tilgátu fram fyrir ýmsa vitra menn, at ei mundi hinn vestlægi helmingr hnattarins haf eitt og at lönd mundu liggja í hafinum milli Evrópu og Afriku vestr-strauda og Asíu. Fáir gjördu gódan róm at máli hans og enu færri vóru þeir, er vildu hannum lid veita til at fara í lauda-leitir vestr um haf, uns Spánar-konúngr Ferdinant hinn kathólski og Ísabella drottning létu skipast vid þrábœnir hans og fengu honum 4 skip og áhafnar-lid. Cólumbus lét í haf hann 3 Aug. 1492 frá Palos-höfn í Andalúsíu og sigldi alla leid í vestr þar til hann þann 12 Octob. sama ár sá fagra ey fyri stafni. Hann gekk þar á land med sveipauda sverdi og skraut-búnu lidi, eignadi eyuna Spánar-konúngi, og kalladi hana: Hinn heil. Frelsara (St, Salvador), til minníngar um fengit frelsi úr lífshættu og löngri glœfara-ferd. Því nær allir eyar-múgrinn var þar samankominn,

Digitized by Google

er Spánverjar tóku land og stardi á mślundu þessa, og vóru hvoritveggju nær jafn-efasamir um, hvort menn væri eda dý, er nú sáust í fyrsta sinn. Eyarmenn vóru raudleitir sem eyr á hörundit, gengu allsendis berir, vóru hvervetna hár-lausir, nema á hofdi, vel-limadir, en mjog var flokkr þessi í hegdan sinni líkr skjarri fjárhjörd á afrétt. Þadan sigldi Kólumbus í útsudr og fann eyland mikit, er villiþjódin, er þar bygdi, nefndi Kúba, en þá Spánverjar ei höfdust finna þar svo mikit gull, sem heim lék hugr á, lögdu þeir þadan frá landi, styrdu eptir vísbending eyarmanna í austr og fundu, þann 6ta Decemb., eyland þat, er þeir kölludu Hayti, en Kolúmbus hét Hispaniólu, og sem nú á dögum nefnist Sti. Dómingó. Þar lét hann gjöra varnar-virki og lét þar eptir lid og vistir, en fór sjálfr heim til Spánar. Árit eptir (1493) fór hann aptr í landaleit og fann allmargar eyar og á þeim grimmar villi-þjódir og mannætur. Í þridja sinni fór hann 1496 vestr um haf og fann þá strönd meginlands Vest-álfunnar, þar er nú kallast Paria og Kúmana. Um sömu mundir, sem Kólumbus, var sá madr uppi, er Amerigo (Emmerik) Vespucci hét; hann var fæddr í Flórenz á Wallandi og var stórættadr, vitr madr og sigl-

Digitized by Google

ingamaðr mikill; hann fór fiórum sinnum vestr um haf og kannaði meginland eunar nýfundnu heimsálfu og varð fyrstr til at rita bók um ferðir sínar og land þetta, er menn á þeim dögum gátu til at vera mundi nokkr hluti Austr-indianna eða Asiu. En með því at vísindamenn um hríð at eins báru kensl á hinn svokallaða nýa heim af téðri ferðabók, kölluðu þeir hann rángliga eptir ritháfundi bókarinnar: Terra America d: Amerigosland eða Emmeriksland, ístaðinn fyrir at kénna hann við hinn fyrsta landnámsmann og kalla hann: Cólúmbia. Upp frá þessu hófst landnám Spánverja og annarra þióða víðsvegar í Ameriku, sem síðar skal sagt verða.

Ameríka er engri annari heimsálfu lík at lögun; hún er eiginliga tvö afar-mikil meginlönd, er seykiliga mikill fiörðr eða flói aðskilr at austanverðu, en íbjúgt eið samteingir hit vestra. Eið þetta er 90 mílr at lengd, en 12 at breidd, þar þat er mjóst. Hún er öllumegin umflotin af megin-höfum; hit eystra af hinum atlantiska útsæ, og at sunnanverðu við hitabeginn, af hinu ethiópiska hafi; fyri vestan hana er hit kyrra haf eða Suðr-hafit; en at norðanverðu eru endimerkur hennar ókannaðar sakir

Digitized by Google

ofureflis-kulda, jokla, ísa og snjóa; þó geta menn til, at Jshafit mikla marki hennt þar takmørk, og gjora enskir farmenn nú á dögum tilraun til at stanza skipaleid syri nordan hana til Asíu og Kyrra-hafs. Á þann bóginn nær Amerika nærhæfis til 80 mælistigs nordlægrar breiddar, en í sudr til 56 mælistigs sudlægrar breiddar. Hún liggr imillum 15 og 175 mælistigs vestlægrar lengdar, og er hérumbil 800,000 ferhyrnings-milur at vídáttu, og 2040 milur eda 408 þingmannaleidar at lengd.

Fjallgardr nokkr feykiliga hár og langr, gengr frá sudr-horni heimsálfu þessarar og langsetis med vestr-strondinni í nordr og nord-vestr um Sudr-Ameriku, syrtéda eid og Nordr-Ameriku; greinist hann þar í allmarga minni og lægri fjallgarda, er ganga í ymsar áttir. Fiallgardr þessi kallast Antis-fjöll eda Kopar-fjöll (Cordilleras de los Andes, e: Koparfjalla-runa); þau eru hærst vid midjardarlínu, og í landsálfu þeirri, er Quitó kallast; þar er fjall þat, er Zimbórassó (Tschimborasso) heitir; þat er 19,960 fóta at hæd frá sjóarmáli; þat meina menn sé hit hædsta fjall á heimskringlunni. Í grend vid þat eru 12 hnúkar, sem eru frá 14 til 18 þúsund fóta at hæd, og hálendi mikit, sem er

Digitized by Google

20 ferh. milr at vídáttu; á hvi stendr borgin Qvitó. Koparfjoll eru eiginliga hrir fjalla hryggir, er liggja jafnsídis og er sá heirra hædstr, er í midit stendr. Vídast eru toppar fjalla þessara snæhaktir vetr og sumar. Ut frá fjallum þessum ganga fjallgardar miklir um Brasiliuland; heirra merkust eru Kiqvitófjoll, er skilja lond þau, sem liggja vid hjód-árnar Maranon og La Plata. Fjollin í Meriko eru einnin ásost vid Antis-fjallgard og eru þau 16,000 fóta frá sjóarhæd; þar eru og hálendar fjalla-sléttur. I Nordr-Ameriku eru fjallgardarnir lægri, fegri og grosugri; medal heirra telja menn hin Apalakisku, hin blá u og hin Allegánisku fjoll, er sídar skal géta.

Pat lætr at likindum, at í landi hvi, sem liggr undir ollum simm himinvegum, sé marga breyttr jardvegr, ymislig vedrátta og margkyn jadr jardar-ágódi; vída er þar sendinn jardvegr, en hó eru þar hvergi sandaudnir né brunasandar; segja menn at þat beri til þess, at þar sé votvidrasamara og rigni helmingi meira enn í álfumens forna heims. Þar er einnin meira af kuldaá vetrum; hafa menn þat fyri satt, at í Nordr-Ameriku sé jafnmikill kuldi og í heim stodum Evrópu, er liggi 15° (mælisligum) eda 45 hingmannaleidum nordar. Þessu meina menn, at

þat olli, at mikill hluti landsins er enn ó-yrktr, at seykiliga vidlendir eydiskógar og markland eru þar vida og at jøklar og ísar hit nyrdra kæli mjog loptit. Med því at sudr-helminge jardarhnattarins er kaldari enn hinn nyrdri, er þessi mismunr þar því meiri og merkjanligri. Þá yfir alt er litit, er vedráttufarit í þessum hluta heims mjog breytiligt og misjafnt, og veldr því optsinnis óheilnæmis og kránkleika, er verdr bædi innlendum, en þó helst útlendum, at bana. Hinn svokallada gula kalda (gule Feber), sem sérilagi á heima í þessari heims-álfu, er skjæd drepsótt og gjorir ástundum mikit mannfall í þeim londum, hvar hitinn er mestr. Í þeim landsálfum og ríkjum, er liggja milli hvarfbauganna alt til 28 mælistigs, er rigninga-tíd frá Júní-mánudi til Septembers. Ogurligir sellibiljir og stormhvidur gjora þar tídum mikit tjón, einkum á og nálægt hinum vestr-indisku eyum.

Af sjóar-hofum þeim, er liggja umhverfis heimsálfu þessa, hverfa allvída hafsbotnar miklir og stór-firdir inn í meginlandit; medal þeirra eru þessir merkastir: 1. Baffinsbotn (Baffinsbugt); hann gengr í nordr inn milli Grænlands og tekr nafn af enskum stýrimanni, Baffin at nafni, er þar kannadi strandir og sjókeid

Digitized by Google

1616. Nokkut austar enn í miðjum botni þessum liggr ey, er Jakobsey (James) heitir. Sundit ímilli hennar og austr-strandarinnar eda Grænlands kallast Dàvids-sund (Stratdavis eda Davisstræde), en fyrir vestan eyuna er Baffins-sund. 2. Hudsonar-botn hverfr í vestr og sudvestr inn í meginlandit og er 14,000 ferhyrn. mílr. Umhverfis botna þessa liggja snaud lond og snæ-fjellótt mjog og liggja þar ísar mikinn hluta árs bædi á lá og landi. Af sidsttèdum hafsbotni gengr fjordr í sudr, er Jakobsfjordr (Jamesbugt) kallast, en þrjú eru mynni botns þessa, er inn má sigla frá Baffins-botni, og eru þau kend vid Hudson, Kumbraland og Forbisher. Hof þessi sudr til móts vid Grænlands sudr-horn kallast sérilagi Skrælingjahaf. 3. Hinn mexikanski botn (Den mexicanske Bugt) gengr inn frá austri og skiptir því-nær heimsálfu þessari í tvo hluti. Í honum liggja eylond morg, stór og smá, er menn sérilagi kalla Vest-indiur. Sá hluti botns þessa, er liggr fyri nordan eya-klasa þann, er Antillur heita, kallast hit Karaibiska haf. Í því er straumr mikill eda fall, er gengr úr botninum í nord-austr út til Nýa-Fundlands og kallast alment Golfstraumr. Straumr þessi, segja menn

Digitized by Google

komi af idugligum snúningi jardar um hjara sinn og údum austan-vindum, er bera vatnit upp í bominn, svo hann belgist upp, en hat fellr út aptr um Bahamasund med hardri rás í fyrrtéda átt. Rost þessi eda sjáfarfall er ýmist 20 eda 30 milr at breidd og fellr 4 milr á einni klukkustundu, har sem hún er strídust, en verpr því lygnari sem lengra dregr nordr eptir. Vatnit í henni er hvervetna bláleitt og volgara enn í grend vid hana. 4. Kaliforniu-fjordr (Bugten ved Californien; Mare vermeio); hann gengr inn af Kyrra-haf í nordr inn í landit og er hann 300 milr at lengd. Fyri vestan hann er meginskaginn, Kalifornia.

Medal enna merkustu skaga eda útnessa í Ameriku telja menn: a) Is-hofda (Is-Cap) nordastan á vestr-strondinni, þá b) Printz Wales-hofda, vid Berings-sund; og har sem Ameríka gengr lengst í vestr; þá c) Mendozin-hofda (Cap Mendocin); þá d) Sti. Lúcasar-hofda (Cap St. Lucas) á sudr-horni Kaliforniu; þá e) Hvithofda (Cap Blanco) í Sudr-Ameriku, har sem hún gengr leggst í vestr; f) Frówards-hofda (Cap Froward), svo kallast sudr-oddi meginlandsins, en g) Horn eda Horn-hofdi (Cap Horn) hit sydsta nes á heims-álfunni edr á Eldlandi. A

austr-strondinni eru 3 merkastir, nl. h) Roqva-hofdi (Cap Roque) í Brasiliulandi, i) Sabel-hofdi (Cap Sable) á sudr-strond Flóridu, og k) Karlshofdi (Cap Charles) í Labradór.

Auk Davids-sunds, Baffins-sunds og Hudsonar-sunds, hvorra ádr er getit, eru fleiri sjáfar-sund, um that svid, er kallast Forbishers-sund fyri nordan Hudsonar-sund, og imilli eya í mynni Hudsonar-botns, og Kumbralands-sund nokkut nordar. Frá Baffinsbotni hit vestra gengr sund til Nordr-hjara-hafs, er farmadrinn Parry hefir nýliga fundit og kallast Lankastersund. Paradauki er Berings- eda Cooks-sundit, er skilr Ameriku og Asiu. Hit Magelhanska sund, er skilr sydsta hluta Sudr-Ameriku eda Patagóniu og Eldlandit; that er 110 mílr at lengd í austr og vestr, og krókótt mjog; thar er skipaleidin skiput morgum torsærum. Igegnum sund thetta sigldi fyrstr allra landaleitunar-farmanna hinn nafntogadi Magellan 1520 og fann thá jafnframt fyrstr skipaleid thangat í vestr, er Evrópu-menn hofdu skommu ádr lengst komist í austr. Fálkalands-sund skilr tvær eyar, er kallast Fálkaland og liggja austr undan Patagóniu. Fogru-Eyar-sund (Belle Isle Strædi) er imilli Nya-Fundlands og Labradórs.

Digitized by Google

Með því at atdragandinn er víða feykiliga langr og loptslagit er þar miklu votviðrasamara enn í þeim heimsálfum, er áfastar liggja á hinu gagnstæða hnattarhveli, þá eru þar og vatnsfoll og fljót miklu meiri og stórkostligri; heirra merkust eru: 1. Missisippi; þat er geysimikil fljóta, er fellr úr Skjaldpaddu-vatni og rennr í suðr 400 mílr vegar, uns hún kémr til sjáfar í hinn Mexikanska-botn. Í henni er fors mikill, sem kendr er við Sti Antónius. Bakkar hennar eru hmist snaudir og sandar einir, og sumstadar gróðrstrikir og skógivaxnir. Í hana renna 2 ár miklar, heitir onnr Missúri, en onnr Ohió. Missúri kémr úr nordvestri og eru upptök hennar í fjallgarði þeim, er Stein-fjoll kallast, 1 mílu frá á nokkurri, er Kólúmbia kallast og fellr í hit Kyrra-haf. Missúri er 240 mílr at lengd og verðr af 3 kvíslum, sem kendar eru við Jeffersón, Galatín og Maddison. Ohió fellr úr nordaustri og er 200 mílr at lengd; hún er bugðótt mjog, einkar fogr og lángtum lygnari enn hinar fyrr-toldu. 2. Sti Lórenzfljótit; þat fellr úr landsjónum miklum í norðaustr út í víðkéndan fjord af hinu atlantiska-hafi og er 154 mílr at lengd. 70 mílr frá ós þess, sem er afar breiðr, géta hin stærstu

Digitized by Google

herskip lagt upp eptir því. Í Sudr-Ameriku eru 3 hjód-ár merkastar og falla þær allar í hinn atlantiska útsæ; nordast rennr 3. Orinóko; hún fellr undan Gvianu-fjollum, ágegnum landsjó þann, er Parima kallast, er bugdótt mjog og 340 mílr at lengd. Sunnar og í somu átt fellr hit mesta sljót á heimskringlunni; það kallast 4. Maranons eda Amazónsfljót (Skjaldmeyar-á); það fellr úr vatni nokkru í Kopar-fjollum, er Lauriz-hóa heitir, og rennr fyrst med hardri rás og smá-forsum, uns það nær einkar vídlendum og skógivoxnum slettum, þá verdr það lygnt og geysi-breydt. Í það renna 3 stór-ár, nl. Madeira, sem er 390 mílr at lengd, Ukayale og Svart-á (Rio Negro). Ímillum ennar sídstnefndu ár og Orinókó gengr affalli, er Kasikviari heitir. Vid ármót Madeiru verdr Maranon-fljót 1 mila at breidd, sídan 3 og 4, og at lyktum vid sæ 15 mílr. 5. Plata-fljótit eda Plstu-á (Silfr-fljót; Rio de la Plata) verdr af 2 stór-ám, er Parana og Paraqvai kallast og sem falla undan Kikvitós-fjollum, og rennr þat í sudr-átt alla leid til sjáfar.

Stórlagi í Nordr-Ameriku eru landsjóir margir og feykiliga miklir; þeir merkustu eru þessir: a) Efri-sjór (Övresöen), hann er

Digitized by Google

allra vatna mestr í þessari heimsálfu (1800 ferh. mílr) og jafnframt hinn stærsti ferskvatnssjór í heimi. Í honum eru eyar margar, og eru bæði þar og stroudirnar umhverfis hann mjög hrjóstugar; hann er svo ókyrr, þá hvasst er, sem úthaf væri. Í hann renna 40 ár, en úr honum at eins ein móda, er Sti Maria kallast og fellr í sudr í b) Húróna-vatn, hvers vestri hluti kallast Miskigans-vatn; hau bæði ásamt eru 1520 ferh. mílr at stærd. Ur Húróna-sjó fellr affalli mikill í sudr, sem kendr er vid Sti Clair; hann rennr í d) Eriú-vatn (Eriesöen), er liggr í austr og vestr og er 600 ferh. mílr. Ur eystri enda þess rennr mikit fljót, er Niagara heitir, í nordr og fellr í vatn þat er e) Ontarió kallast (580 ferh. m.). Ur austrenda þess fellr Lórentz-fljótit, sem fyrr er getit. Í Niagara er samnefndr fórs; þar steypist fljótit nidr af 23 fadma háu og 200 fadma breidu bjargi, med þvílíkum dunum, at í logni má heyra 4 mílr á brott, en skymsli, er uppstigr af forsinum, má gjörla sjá 6 mílr hadan. Fors þessi er talinn medal náttúrunnar furduverka. Landsálfurnar fyrir sunnan þessi ut tolda 5 miklu vatn eru vídast fagrar og frjósamar; en fyri nordan hau er landit fjöllótt og óbyggilegt. Þau

og affallarnir millí heitra ásamt Lórenzá at-
skiljа hinar rysku og reyna nordr-amerikansku
fólanda jardeiguir í þessari heimsálfu. Á tíð-
um stór-vötnum hafa nefnd ríki allmorg herskip
og þar á medal línuskip. Í nordvestr frá
Eyri-sjó er vatn mikit, er Winnipek (eda
Winnipeg) kallast; þat er 60 mílr at leingd og
40 at breidd; úr því renna ár miklar í Hud-
sonarbotn; en í þat rennr á mikil úr vestri, er
fellr úr vatni því, er Assiniböls-sjór heitir.
Í nordvestr frá Winnipeks-sjó er vatn þat, er
Prælavatn (Slavesöe) heitir; úr því fellr
Makenzíá, er tekr nafn af frægum landkönn-
unar-manni, sem árit 1789 kannadi nokkurn
hluta nordr-strandar heimsálfu þessarar; áin
fellr í nordr út í Nordr-hjara eda Ís-haf.
Í Sudr-Ameriku er feykiliga djúpt vatn, er
Titikaka heitir; þat er 48 mílr ummáls, og
Parima-vatn; í þat og úr því rennr fljód-
áin Orinóko.

Í þessari heimsálfu er stein- og málma-
ríkit allvaudugt; gull og silfr finst þar (álíkt
og í hinum forna heimi), sérlagi í hinu heita
jardarbelti, og meta menn hennan ágóda árliga
vid 43 miliónir spanskra Speciudala. Þar
finst og umvörpum allskonar ó-ekta málmar, en
menn færa sér þá óvída svo vel í nyt sem í

Digitized by Google

Evrópu. Í Brasilíulandi er demant mikill og margkynjadir gimsteinar. Vaxtarríkit er í Ameriku einkar fjölskrúdugt, því aldrei skortir þar frjófgandi vokva, og hvergi eru í heimi markland svo mikil né skógartré svo stórkostlig sem þar; en hverki eru hinir sinu ávextir né krydd-jurtir svo frjófar þar né góðar, sem í hinum heims-álfunum; hverki elnast þar hinn fagri pálma-vidr, né Austr-Indía daunsætu og dyrligu vextir og jurtir; ei heldr þrífst þar vín-vidr til rída nema á einstaka stad, né óranziur; alla þessum vanþrifum sérlagi ofstíd vedrabrigdi; en þarámóti eru þar hmiskonar vextir, er þar eiga heima, og sem ordnir eru med Evrópu-mönnum annathvort sannar eda innbyrladar naudsynja-vörur, t. d. jard-epli (kartöflur), mais, tóbak, kakaó, kínabörkr, mahógni-vidr, lifunar-tré o. s. frv. og hafa þeir því flutt þá austr um haf og gróðrsett í Evrópu, og tímgast þeir þar allvel. Í Ameriku hafa Evrópu-menn plantat sikr-reyr og kaffe-vid og fleiri vexti frá hinum forna heimi. Þar er og ofurgnægd vidar-úllar, hrísgrjóna, blásteins, engifers o. s. frv. Dýra-ríkit er þar at vísu allaudugt; en öll eru þar heimalin dýr minni vexti og óáitligri enn í hinum heimsálfunum, og þau sem þángat hafa flutt verit, hafa bráð-

Digitized by Google

um úrkynjast, ef ei at vexti og vænleik, þá at styrkleik og fjöri. Þar er eingin dýra-tegund, er komi til jafns við hina stórkostligu og iturligu dýra kyn-þætti, er tingast í hinum fornu heimi; þarámóti eru þar morg seinfær og þúnglif dýr, t. d. maurbjörn, tapir-dýrit, armadill-dýrit og mikill fjöldi höggorma og slánga. Medal gagnsömustu dýra í Ameriku telja menn Lama- og Vigogne-dýrit.

Með því at flest riki í Ameriku eru nýlendur frá Nordr-álfu heims, þá eiga þau sérlagi kaup við þær þjóðir, sem heim eru náskyldar at ætt og uppruna; þó er kaupverslunin á Brasilíulandi, Hayti og í þeim nýlendum, er á síðst-liðnum árum eru horfnar undan riki Spánar-konungs, ordin miklu friari enn ádr, og þau nordr-amerikanisku firiki reka nú kaup-skap vídsvegar um allan heim. Ameriku kaup-eyri býta menn fyrir Evrópu- og Asiu-varning, þó eikanliga fyri vefnad og verksmidi austan úr tédum heimsálfum, þar verkstadir og smidjur eru enn því færri og ófjölhæfari í Ameriku, sem akr-yrkjan þarf þar meiri mannhjálpar og atorku.

Medal þjóða þeirra, er byggja þessa heims-álfu, telja menn 1. þá eiginligu Amerikana, edr þjóðir þær er þar höfdust vid, þá Evrópumenn fundu hana; manntal þessara

Digitized by Google

þjóða fer ár eptir ár þverrandi; ollir því grimd og manndráp atkomumanna, með þeim kominn margskonar kránkleiki og af þeim numnir lestir, er spilla andligum og líkamligum þrótt og atgjorfi. Þær eru at líkindum í suðverðu komnar frá Asíu, og at vísu eru þær ei ólíkar þjóðflokkum þeim, er byggja þann hluta heimar, er næst ligger Ameriku, eða norðaustr-hornit. Almennast eru þær móraudar á hörundit, en því dekkri er litr þeirsi, sem nær dregr miðjarðarlinu, en hvergi verðr hann þó at fullu svartr. Þjóðir þær, sem norðast búa, nl. Eskimóar og Grænlendingar (Skrælingjar), eru áþekkir innbúum norðr-hjara-landa í Evrópu og Asíu. 2. Evrópumenn, er þar hafa bólfestu tekit, og þeir sem af þeim eru komnir, og Kreólar kallast. 3. Blökkumenn eða Negrar, er Evrópumenn hafa þángat flutt í ánauð, og 4. Mannblendingar, sem komnir eru af fyrr-nefndum þrem þjóðum; þeir greinast í 3 kynflokka, er kallast Múlattar (Mulatter), þeir eru komnir af Evrópumönnum og Negrum; Mestizar (Mestizer) af Evrópumönnum og Amerikumönnum og Zambóar (Zambos), þeir eru afsprengi Negra og Amerikana.

Þeir suðverðligu Amerikanar eru deildir í allmarga kynflokka og mæla þeir því margar

Digitized by Google

túngr eda mallíkar, er menn meina at séu 500 at tolu; en tvo segja sumir séu hofud-túngu-málin, er oll hin séu náskyld og af hverjum hau séu leidd, nl. hin tólúkíska eda mexikanska túnga og hit apalakíska eda karaibíska mál. Í nýlendunum mæla landsmenn jafn-margar og samlikar túngr og forfedr heirra eda þjódir þær, er þángat hafa fluzt. Sérlagi fjolgar tala þeirra, er mæla ensku, at því skapi sem Fríerikin í Nordr-Ameríka auka veldi sitt.

Þeir á-medal enna sudverdligu innbúa Ameríku, sem eru á sífeldu reiki og eigi hafa enn þá varpat sér undir drottnun Evrópumanns, eru allir fetis-dýrkendur; en allmargir af þeim, er hafast vid í þeim londum og ríkjum, er atkomu-þjódir hafa undir sig brotit, hafa hneigst til kristinnar trúar og eru nú kristnir at kalla. Í sydri hluta þessarar heims-álfu er pápiska edr hinn kathólski átrúnadr, en í þeim nyrdri hinn protestantiski kristindómr, almennastr medal kristinna manna.

Evrópumenn, er fluttu búferlum vestr í heim, létu sér umhugat vera, at mentir þær, íþróttir og hand-idnir, er um lánga æfi hofdu blómgast í frænda-haga, yrdu þeim samfara til nýlendrinna búsílada; þeir stofnudu þær allmargar

Digitized by Google

vísinda-stiptanir og skóla; er vóru eptirmindir heirra, er fundust í hinum stóda heimi. Í fyrrtéðum Frí-ríkjum og hinum spönsku Nýlendum má telja allmarga vísinda- og íþrótta-menn. Þeir frju Indíanar eru sáfróðir mjög um flesta hluti og hafa at eins tok á at tilbúa vopn sín og verkfæri, er þeir bruka til uppeldis sér, nl. dýraveiða og fiskisánga. Fremri heim at kunnáttu og handidnum vóru þeir Amerikanar, er bygdu þau tvö lönd: Mexikó og Perú, hvor bædi vóru reglúliga nidr-skipud og voldug riki, þá Evrópumenn komu þar og fóru þau forni velsæmd; þó vóru innbúar hvorratveggju þessara ríkja med allri órýndir og þektu hvorki bókstaft né stafagjörd; at eins brúkudu Mexikanar nokkurskonar minda- eda bilæta-skrift, og fáar hafa menn forn-menjar hjá þeim fundit. Hvorig þessara þjóda bar kénsl á stjörnu-fræði né tímatal.

Þær kynkvíslir hinna sudverdligu Ameríkumanna, sem ekki eru enn þá atkomumönnum hádir, taka þá menn til Kasíka (Casiqver) eda höfdingja yfir sig, er þeir ádr á hinsan hátt hafa reynt at hugrekki og þoli. Nýlendurnar í þessari heimsálfu eru hádar einvaldum heima í Evrópu, undir hvörra riki þær liggja og hafa ástundum fætt afarkostum af heim; hafa því

sumar gengit undan heim og stiptat frí sama bands-ríki, sem síðar skal sagt verða.

Ameríka greinist í tvo hluti; kallast hinn nyrðri: Norðr-Ameríka (Nordamerica) og hinn syðri: Suðr-Ameríka (Sydamerica).

I. Norðr-Ameríka.

Hún skiptist aptr í 6 parta, nl. A. Lönd in við Baffinsbotn; B. Löndin við Húdsonar-botn; C. Upplendit; D. Norðvestr-strendin; E. Kanada, ásamt hinum öðrum ensku Nýlendum; F. Fríríkjaveldi; G. Mexikó og hinar spánverzku Nýlendr. Þessi hluti heimsálfunnar er 320,000 ferhyrnings mílr at víðáttu, en íbúar hans eru 20 milliónir at tölu.

A. Löndin við Baffins-botn.

Þat eru strandirnar fyrir austan og vestan hafsbotn henna. Hin eystri er sá hluti Grænlands, sem nú er bygðr, eðr vestr-strönd þess; frá henni er áðr sagt. *) Strendin fyri vestan

*) Sjá þessarar Landaskipunar-fræðis síðara parts fyrstu deild, bls. 308 til 320.

Digitized by Google

botninn er kaldari, snauðari og strjál-bygðari enn Grœnland. Innbúar hennar eru Eskimóar eða Skrælingar og eru þeir kynmenn Grœnlendinga og þeim líkir at háttum og skapnaði.

B. Löndin við Hudsonar-botn.

Þau eru þrjú, og kallast Labradór, Nýa Wales og Printz-Wilhjálms-land.

1. Labradór; það er feykiliga viðlendr skagi, umflotinn á þrjá vegu, nl. af Hudsonar-botni eða Jakóbsfirði at vestan, Hudsonar-sundi at nordan, hinum atlantiska útsæ at austan og af Lórents-firði á sudaustanverðu. Strandlina við síðst-nefndann fjörð kalladi portúgalverskr farmaðr, Caspar Cortereal at nafni, (er fyrstr nám þar land 1500 eða 1501) Labrabór eða Labóradór, með því honum þótti þar vænligt til jarðyrkju; en síðan gáfu menn öllu landinu nafn þetta, jafnvel þótt minstr hluti þess samsvari nafninu; því víðast er það ófrjósamt og snauðt og annattveggja mjög strjál-bygt eða auðt. Fjöll eru þar mikil og hrjóstug, mýrlendi víða, flóar og flár; á einstaka stað eru lágir furu- og birki-skógar; mittlands gengr fjallgarðr í nordr og sudr, er Brenningar-fjöll kallast. Enskir eigna sér land þetta og kalla það Nýu-Britanniu eða Nýa-Brez

land; vestr-strond þess kalla þeir hit austr-læga meginland (Eastmain). Labradór er 21,000 ferhyrn. mílr at vídáttu. Hinir suðverðligu innbúar þess eru Eskimóar og Indíanar og eru hvorirtveggju ásamt hérumbil 15,000 at tölu. Eskimóar eða Skrælingar hafast við í grend við sæ og veiða seli og hvali sér til uppheldis. Indíanar byggja upplandit og leggja stund á hreindýra-rækt og dýra-veidar. Þjóðir þessar eru svarnir óvinir og fjandskapast hverr vetna, þá færi er. Eskimóar eru manna minstir vexti, en menn hekkja á heimsbygdinni; þeir eru 4 fóta háir, flatleitir, vara-þykkir og slíkjus hærðir; en mjúkir eru þeir og laghendir, áhyggjulausir, gladværir og viðræðisgóðir. Enskt verslunar-samband nokkurt (Hudsonsbugt-Compagniet) á strílagi kaup við Labradórs innbúa og hefir þar allmorg kauptún. Þaðan flytst grávara mikil og safali. Á Austr-strönd inni hafa hinir mærisku brædur tekit upp 3 nýlendr, og kosta þeir kapps um at kénna landsmönnum kristna trú. Fram-undan tédri strönd liggja eyar margar og eru þær á vorum umkringdar af hafísum er hángat rekr undan Grænlands jadri.

2. Nýa-Wales (Nye-Wales) eða strandir við Húdsonar-botn vestanverðan, er menn

Digitized by Google

einnig kalla hit vestlæga meginland (Westmain). Þat er at landslagi, vedrahättum og ödru Labradór áþekt, þó eru í sydri hluta þess meiri og betri skógar enn í sidsnefndu landi. Þeim megin falla vötn mikil í botnin, en hvergi eru þau skipfær sakir forsa og stridleiks; þeirra merkust er Nelsonar-á og Kurkill; hit sidara deilir landinu í tvo hluti og kallast sá, er liggr fyri nordan þat: Nýa-Nordr-Wales, en fyri sunnan þat, heitir: Nýa-Sudr-Wales. Land þetta er hérumbil 15,000 ferhyrn. mílr; þat fundu tveir enskir farmenn Thómás Button og Nelson (1612 og 1613) og kendu þat vid furstadæmit Wales á Englandi. Þar eru kauptún ei allfá og varnarvirki, er hit fyrrnefnda Hudsonar-hafs kaupverslunar-samband hefir þar gjöra látit; þeirra nafnkunnast er Jórvíkr-virki (Fort York), þat stendr á ey í Nelsonar-ár mynni. Ur kaupstödum þessum eru gjördir menn ut at kaupa grávöru og safala at landsmönnum og er sú verslun allvardsom. Innbúar lands þessa eru af samlikum kynstofni komnir og Labradórs-menn og þeim líkir at háttum og skapnadi.

3. Printz-Wilhjálms-land; svo kallast afar-vídlendt svædi, er liggr fyri nordan Hudsonar-hafs botn og fyri vestan Baffins-hafs botn, og nær

Digitized by Google

akt til hafs nordr. Þat er hit kaldasta og snauðasta land í heimi. Á einstaka stað hafast Skrælingjar þar við, og lifa á dýraveiðum og fiskiafla.

C. Upplönd, eða lönd hinna fríu Indiana. (De indre Lande.)

Svo kallast miðbyk eða miðhluti heimsálfunnar, er liggr í millum strand-landanna hit eystra og vestra og nær frá Friðrikja landsálfunum hit syðra til Ísa eða Norðr-hjara-hafs norðr; þat er feykiliga viðlendr geimr, hvers stærð er óskunn, þar hvergi eru þar takmörk merkuð, né landit mælt. Hit nyrðra hallar landinu lánga leið frá Miðpúnkts-fjöllum til hafs norðr; þar eru skógar miklir og fagrir; í heim gánga sjálfala hjarðir miklar, úr-uxar, hirtir, hreindýr, bísur, hérar, úlfar og birnir. Fyri sunnan tédan fjalla-klasa er landit þvínær hvervetna frjóssamt og loptskagit er þar blíðara enn þar á austr-strøndinni, er liggr undir sama himinvegi, eða jafn-norðarliga. Í þessu landi eru og hin svokölluðu grýttu og hin glansandi fjöll. Tvær eru þar ár merkastar: Mackenzi-fljót og Koparnámu-á. Vötn eru þar einnig mörg og mikil, t. d. Winnipek-vatn, Þrælasjór o. s. frv. Át eins sáar kynkvíslir Indiana leggja stund á akr-yrkju; þar-

Digitized by Google

ámóti eru dýra-veidar þeirra almennaſta idn og atvinna. Sjaldan hefir hvor kynflokkr færri né fleiri enn 1000 vigra manna, en árliga ſærkar manntalit í landi þeſſu og ollir því bólufótt, brennuvins-drykkja og manntjón í styrjoldum og ſtridum, er Indianar eiga í bædi innbyrdis og vid adrar þjódir. Þeir eru þrekvaxnir og breidleitir, innеygdir og hafa jarpt ſlikjuhár, en hvínær ekkert ſkegg; þeir eru hraustir og mannamjúkaſtir, þola vel vos og elju og eru hardfengir í orruſtum; þeir eru lagkænir til margskonar handidna og ſmída, en einkar tornæmir og tregir til at frædaſt og mjog ſkilningslauſir. Svo þola þeir hinar grimmuſtu pinſlir hardmannliga, at líkara er tilſtinningarleyſi enn mannligri hordku, er þeir ſýna, einkum þá þeir verda herteknir og mega ſæta af fjandmonnum ſinum herſileguſtu pintinga; medal þeirra má hér ſérílagi géta þeirrar ſidvenju medal Indiana, at þeir rifa ſvord af hofdum fánga ſinna; vid alt þvílikt bregdr þeim eigi né kémr kvein af munni. Indianar vinna klædnat af vidarull, hampi og ſidri og fleſtir líkjaſt þeir at því villiþjódum í Auſtr- og Sudr-álfu heims, at þeir tatóvera ſig. Þeir eru heidingjar og fullir hjátrúar og villu; þó hafa þeir fleſtir nokkurskonar hugmind um eina ædſtu veru, er þeir

Digitized by Google

kalla hinn mikla anda, og um góda og vonda undir-gudi, er eigi hátt í athöfnum heirra og forlögum. Prestar heirra eru jafnframt læknarar og spámenn. Konum heirra og kvennfólki er öll strit-vinna ætlud og allar hús-annir. Innbúar lands þessa deilast eptir afstödu ættbaga heirra í Nordr-Indiana og Sudr-Indiana; heir fyrri greinast í hmsa kynflokka, sem kendir eru vid: Kopar, Héra, Bísur, Nathana, o. s. frv. Medal Sudr-Indiana eru kynkvíslir hæst, er Zipivear (Tschipivæer), Nadhvíslar, Mísúriar og Knistenóar kallast, taldar merkastar. Allar lifa þær hirdingja-lífi.

D. Nordvestr-strondin (Nordvestkystlandene).

Svo kalla menn strondina, er í vestr veit, allt frá nordustu trúarbodara-stad Spánverja, er Sti Franciscushöfn kallast, og til Jshafsda nordr. Hún var Evrópumönnum ókunn uns Cook og Vancouver kannudu hana og lýstu legun hennar og bygdum. Hún er hvínær hvervetna fjallótt mjög og gengr einlægr fjallgardr strandlengis ei allskamma leid frá sæ; at eins landit milli fjalls og fjöru er kannat af atkomumönnum og er hat, einkum hit fyrra, vídast

frjóffamt og skógivaxit, en hit nyrdra er þat hrjóstugt, kalt og gródalitit, og nordast sujó og ísum þakit. Strond þessi er vogskorin mjog og hverfa þar sirdir miklir inn í hana. Þar koma og ár margar til sjáfar; þeirra merkust er Kólúmbía, sem ádr er nefnd. Þeir innfæddu landsmenn á strond þessari eru bædi Indíanar og Eskimóar eda Skrælingar at kyni; hinir fyrnefndu hafa lífs-uppheldi af dýra-veidum; en þeir sídari af fiskiafla og búa þeir hit nyrdra vid lika kosti og Grænlendingar. Á strond þessari hafa hrjár voldugar þjódir tekit upp nýlendur og gjora látit kauptún, nl. Rússar hit nyrdra, Enskir hit sydra, og hin nordr-amerikanisku Fríriki vid Kólúmbíu-mynni, og hefir þar allar þar til dregit næg grávara og safali, er þær hadan flytja austr um haf til Kínaríkis og selja þar med ærnum ardi. Nordarliga á strondinni gengr skagi mikill 36 mílr í vestr, er Alaska (Alaschka) kallast og vestr af skagatánganum íbjug eya-rod, er Refa-eyar heita, en hafit fyri nordan þær og hann: Kamskatku-haf. At sunnanverdu vid skagan liggr ey allmikil, er Kódjak heitir; á henni er rússiskt kauptún og mikil grávöru-verslun. Rússar hafa um hrid eignat sér nordr-hluta strandar þessarar, en 1822 lagdi keisari þeirra hann á

Digitized by Google

ísglugan hátt undir veldi sitt og lét þar marka eignum sínum takmerk og bannadi öllum ödrum enn Rússum at eiga þar kaup vid strandamenn. Verslunar-félag nokkurt hefir þar gjora látit kaupstún og sett þar nýlendu-stjóra til yfirsóknar; hann hefir atsetr sitt í stad þeim, er Nýa-Arkangelsk heitir. Strendinni frá 60° til 45° hafa Enskir skipt í 5 hluti og kallast hinn nordasti: Nýa-Nordsólk, þá Nýa-Kornvallis, þá Nýa-Hansfra, þá Nýa-Georgia og Nýa-Albion sydst. Þær sídstnefndu landsálfr skilr á Kólumbia. Fram undan strond þessari liggja eyar margar; þeirra vídlendastar eru tvær og kallast hin sydri Vancouver; á henni er enskt kaupstún, er Notkasund heitir; en hin nyrdri: Sjarlottu-ey (Dronning Charlottes Öe).

E. Hin bretzka Nordr-Amerika edr hinar ensku Nýlendur í Nordr-Ameriku (Brittisk Nordamerika).

Þau lond, er svo kallast, liggja ímilli Hudsonarbotns-landa (hit nyrdra) og enna nordr-amerikanisku Fylkja (hit sydra); at austanverdu markar útsær þeim takmerk, en upplond eda landsbygdir Indiana hit vestra; þau eru 14,000 mílr at ferhyrnings-máli. Lond þessi

Digitized by Google

eru greind í 7 jarlsdæmi (Gouvernementer), nefnil.:

a. Nýa-Fundland eda Nýfundna land (á ensku: Newfoundland; á frønsku: Terre neuve d: Nýa-land) er ey mikil, þvínær þríhyrnt at lögun, er liggr austr undan mynni Lórentz-fjardar og er 1650 ferhyrn. mílr at stærd; á henni eru 70,000 innb. Hvort Íslendingar hafi þar í forneld vid land komit, verdr ei gleggliga af sögum sannat, en víst er þat, at fenevingr nokkr, Cabot at nafni, fann þat 1497, og hinn fyrrnefndi Cortereal kannadi nokkurn hluta þess hrem eda fjórum árum seinna. Enskir eignudu sér þat 1583 og tóku þar bólfestu 1608. Á ey þessari eru hrjóstug fjöll og snæhakin, flóar og forædi; vedrátta er þar óblíd og stormvindar tídir og vetr í níu mánudi; er hún því nær hvervetna lítt byggilig og mjög óvída skógi-vaxin. Strandirnar eru vogskornar og strjál-bygdar, en upplendit óbygt og ókannat. Dýraveidi er þar ardsom, og fiski-afli svo mikill umhverfis hana, at hvergi er þvílíkr í heimi. Í sudaustr frá eynni er fiski-mid mikit (den store Banke), 135 mílr at lengd og 45 at breidd; þar fiska Enskir, Frakkar og Amerikanar; Enskir halda þar 4 til 5 hundrud skipum til fiskiveiða og 20,000

manna; afli þeirra er árliga nærhæfis 170,000 Skippund skreidar. Auk allmargra fiski-vera og fiski-hafna umhverfis á eyunni, eru þar tveir kaupstadir merkastir: Placencia og Sti Jóns-stadr, þar hefir jarlinn atsetu og 12,000 innbúar. Undir jarlsdæmi þetta liggr ey sú, er Antikosti heitir, og þær 7 svokallaudu Magdalenus-eyar, er allar liggja í mynni Lórentz-ár. Frakkar eiga þar og 2 smá eyar, er Sti Pierre og Miqvelon heita.

b. Sti Jóns-jarlsdæmi er ey nokkr, sem bædi er kend vid Sti Jón og Printz Edvard; hún liggr í Lórentsfirdi, skamt frá nordr-strond Nýa-Skotlands. Hún er 100 ferh. mílr. Þar eru 8000 innbúar. Merkasti stadr á eyunni er Sjarlottutún (Charlottetown); þar sitr jarlinn.

c. Jarlsdæmit Nýa-Skotland; svo kalla menn vogskorin og nesjóttan skoga, er Lórentzfjordr hit nyrdra og Fúndyfjordr at sunnanverdu gjora þvínær vidskila vid megin-landit, svo at eins mjótt eid er í-milli þeirra. Land þetta er 653 ferh. mílr at stærd, en inn-búar þess eru 110,000 at tolu. Þar er höfud-stadr, er Halifax heitir; í honum hefir lands-höfdinginn eda jarlinn atsetu. Þar er gód höfn fyri 1000 skip, verslun mikil og skipabygging.

Digitized by Google

Við Fundyfjörd er staðr sá, er Munapólis (Munnustaðr) kallaſt; þar er ágæt höfn.

d. Jarlsdæmit: Nýa Brúnsvík; þat liggr fyri nordan hit síðſtnefnda og við Lórentz-fjörd sunnanverðan; þat er 1350 ferhyrn. mílr at víðáttu, en landslýðrinn er 60,000 at tölu. Merkaſtr staðr þar er Fridriksvirki. Bæði síðſtnefnd lönd vóru til 1713 eign Frakka, er kölludu þau ásamt: Akadíu. Þar er veðráttufar blíðara enn í Kanada, jarðvegrinn víða ſendinn og óvíða yrkt nema í grend við hin rennandi vötn. Skógr er þar mikill og nægar fiſki- og dýra-veiðar.

e. Jarlsdæmit: Bretons-höfði (Cap Breton) er ey nokkr, 112 ferhyrn. mílr at ſtærð, (með 3000 innbúum), ſem liggr imilli Nýa-Skotlands og Nýa-Fundlands. Á henni eru ſteinkola-námr miklar og einkar ardſamt útrœði og fiſki-hafnir margar. Þar eru tveir ſtaðir; heitir annar Sídney, þar ſitr eyarjarl, og Lúdvíksborg, þar er allgóð höfn.

Sá hluti Ameríku, er Kanada (Canada*) kallaſt, er allvíðlendt ríki og liggr þat imilli

*) Spánverjar komu fyrſtir allra aðkomumanna þar við land og með því þeim þótti þat ſnauðt og ſtrjálbygt, kölludu þeir þat: Capo de nada eða Einkis-höfða; af þeſſu orði er: Canada komit.

Digitized by Google

Labradórs og stórvatnanna, (hafa einnig kallast Kanadu-vötn), sem áðr er getit, hit syðra markar Lórentz- eda Lafrantz-á því takmörk; þat er hérumbil 10,000 ferhyrn. mílr at vídáttu, en innbúar þess eru 500,000 at tölu. Af eins syðri hluti lands þessa, einkum við Lafrants-á er yrktr, hinn er fjallóttr mjög og lítt fallinn til akr-yrkju. Vetr er þar langr (nl. frá October til Maii) og kaldr mjög svo kvikasilfrit frýs, og liggr þó landit undir sama himinvegi og Frankaríki. Hvervetna er þar heilnæmt loptslag, nema á sumrum við fyrrtéð stór-vötn; þar geysar þá tídum banvæn kóluveiki. Víða er þar fagurt og grasugt sléttlendi; en hvergi er þat yrkt sem skyldi; þar eru og geysi-miklir skógar og fjöldi þadan árliga ógrynni viðar, eikar, furu, greni og s. frv. Land þetta greinist í tvö jarlsdæmi, nl.

1. Nedri Kanada eda Qvebeks-jarlsdæmi, þat liggr austar edr nær sæ; þar eru 335,000 innbúar og eru þeir (sem at líkindum lætr, þar þat lá til 1763 undir Frakka-veldi) flestir franskir at kyni, mæla franska tungu, dýrka Gud á kathólska vísu og halda við sídu og setninga forfedra sinna; en lítt mentadir eru þeir og færri eru þeir, er kunna at lesa edr skrifa. Þar er höfudstadr, er Qve-

bekkr (Qvebek) kallast; hann stendr á nyrdri bakka Lafrants-ár og er allmikill og vel húsadr og rammliga viggirdtr; þar er atsetr landshöfdingjans, eins kathólsks og eins reformerads biskups, og 20,000 innb. Þar er kaupverslun mikil og höfn svo stór, at þar mega liggja 100 linuskip í senn. Á ey í tedri þjódá stendr allmerkr kaupstadr, er Montreal heitir; þar er ógrynni grávöru samankomit, og 16000 innb.

g. Efri Kanada eda Jórvíkr-jarlsdæmi liggr vestar og takmarkast at vestan- og sunnanverdu af fyrrnefndum vötnum og ósunum tvíllum þeirra. Auk enna innverdligu Amerikana, er hafast vid í báðum þessum jarlsdæmum, búa í þessu nærhæfis 135,000 nýlendumenn, sem eru enskir, skotskir og írskir at kyni og eru þeir at sér um flesta hluti enn hinir fronsku nýbúar og halda vid trú forfedra sinna, nl. hina reformerudu. Þar er stadr sá, er Jórvík (York) kallast, merkastr og heimili landshöfdingjans; hann stendr vid Ontarió-vatn. Niagara vid samnefnda á er enn lítill kaupstadr, en enskt árliga.

Í Kanada búa 5 innlendar kynkvíslir; þeirra fjölmennastir og nafnkunnastir eru Jrókesar og Móhavrar; þær hafa gjört handamannskap sín á-medal til samdeginligrar landvarnar og hafa allmikit lid og er einn kosinn

Digitized by Google

foringi allra. Þær kunna at akr-yrkju, vefnadi og hafa kénslu-skóla. Húrónar (er vatnit tekr nafn af) eru þeirra best mentadir, en tala þeirra fækkar þvínær árliga. Optsinnis elta þjódflokkar þessir grátt silfr vid atkomumenn og vérda því Enskir at verja meiri kostnadi til varnar sér enn sem svarar ágódanum af landinu; þó sjá þeir snúd sinn í at eiga þat, þar kaupeyrir sá, er þadan flytst, er heim einkar þarfr, t. d. margskonar vidr, grávara og matvæli.

F. Fríríkin í Nordr-Ameríku.
(Den nordamerikanske Fristat.)

Fyrir austan sambands-ríki þetta er hit atlantiska úthaf, en fyri nordan þat liggja landeignir Enskra: Nýa-Skotland, Nýa-Brúnsvík og Kanada, efri og nedri, og eru þar landamerki gjör frá Skóga-vatni alt til hafs austr. Í sudr nær þat til hins mexikanska hafs-botns og Mexikó-ríkis, og skilr þar á sú, er Raudá heitir, löndin, en í vestr ná landeignir þess alla leid til Kyrra-hafs. Þat er 112,000 ferhyrn. mílr at vidáttu. Í löndum þessum er margbreytt jardvegr og landslag, sem nærri má géta, og fjöll mikil; medal þeirra má sérlagi telja hin Apalakíska fjöll (sem kénd eru vid indiánskann þjód-flokk) edr hinn alleganíska fjallgard, er landsmenn almennt kalla hinn: Enda-

Digitized by Google

lausa; hann gengr frá Lafrants-ár-mynni úr land-nordri í útsudr alt til hins mexikanska hafsbotns og er yfir 350 mílr at lengd; at dragandinn er lángr bædi at austan- og vestan verdu. Hann er eiginliga þrír fjallhriggir, er liggja samsída, og hvørn sumstadar fagrir dalir, sumstadar djúp gil, atskilja, en út frá þeim gánga hálsar og múlar á bádar sídur. Undan fjallgardi þessum falla 28 ár í austr, en 40 í vestr. Hærstr er hann í Nha-Hampskíra, og kallast hann þar Hvítbjorg; þar er fjall þat, er Vasington kallast, hædst (ml. 6225 fóta). Fjallbygd þessi er frá 30 til 40 mílr at breidd og er hún skógi-vaxin mjog, en strandlendit fyrir austan hana er hit nyrdra ei allmikit, en breidkar því meir sem sudr eptir dregr, og er vídast frá 20 til 30 mílr at breidd. Þar eru enn, þótt Evrópumenn hafi þar allengi búit og kostat kapps um at yrkja jordina, á ýmsum stodum óyrkt landspláts, eydiskógar og flóar. Landit fyri vestan tédan fjallgard til fjódárinnar: Missisippi er hátt, hædótt og margbreytt, en nær hvervetna gott og frjóssamt og allvída skógi-vaxit; þó er þar at eins velt jordu til korns vid fljótin, en árliga flytja bændr af austr-strondinni þángat og mun því brádum betr skipast. Auk þeirra fljóta, sem ádr eru

Digitized by Google

talin í Nordr-Ameriku og annatweggja falla ígégnum riki þetta eda á takmerkum þess, nl. Missisippi, Missúri, Lafrants-á, Óhió o. s. frv., koma þar þessar 6 ár merkastar til sjáfar, nl. 1. Konnektikút, er fellr undan fyrrtédum Hvítbjorgum og rennr í fjordinn, eda sundit vid Lánga-Eyland; 2. Húdsonar-á, hún fellr sunnar í sæ vid Nýu-Jórvík; 3. Delavare, hún rennr í vidkendan fjord; 4. Susqvehanna, hún fellr í Chesapeak-fjord; í sama fjord og vid Vasington felle 5. Pótómak og 6. Savanna vid samenefndan stad. Auk þeirra þriggja hér nefndu sjarda er Massakúsets-fjordr.

Menn skipta Fríriki þessu í tvo hofudhluti, er kallast hin fornu og nýu riki; þau greinast aptr í minni riki eda sýlki; þau deilast á ný í greifadæmi (Countys).

a. Hin fornu (eldri) riki.

1. Nýi-Hampskiri (Nye-Hampshire) liggr medal enna nordustu sýlkja, nær at eins litt til sjáfar hit sydra, og er 441 ferhyrn. míl at stærd. Í landi þessu eru skógar miklir, lítil akryrkja og vída strjál bygd, og vetrar-riki; þar er hofudstadr er Concord kallast, og

Digitized by Google

kaupstadr, er Portsmót (Portsmouth) heitir; þar er ypparlig hofn, mikil kaupskapr og 7000 innbúar.

2. Massakúsets-fylki (Massachusetts) liggr sunnar, nær til sjáfar hit eystra og er 400 ferhyrn. milr at stærd. Á nesi vid sæ stendr hofudstadrinn og jafnframt mikill og fésterkr kaupstadr, er Boston heitir; þar eru 43,000 innbúar, er reka kaupskap nær hvervetna um heim og eru nafntogadir skipasmidir, (Bostons-skip eru allra skipa best legud til gánga, og mest vondud), og gód hofn, er 1800 kaupfor heimsækja á ári hverju, og margskonar handidna-verkstadir og smidjur. Í þessum stad er afbragdsmadrinn Franklin fæddr, og þar hófust fyrst sleitr og samveldis-þing gégn Enskum 1773. 2½ milu í nordaustr þadan stendr Salem; þar er mikil kaupverslun, en stutta leid í sudvestr stendr Kambryggja (Cambridge), þar er háskóli. Eyar tvær, er liggja skamt undan landi og kallast: Nantücket og Mortu-Vingárdr, heyra til þessa fylkis.

3. Róda-Eyland (Rhode-Island) liggr fyrir sunnan hit sídst-talda og vid sjó hit sydra; þat er 73 ferhyrn. milr at stærd, og minst allra þessara fri-landa, en vel yrkt, flatlendt og gagnaudugt. Inni þat hverfr fjórdr úr sudri

Digitized by Google

og liggja þar eyar fagrar og heilnæmar; á einni þeirra, er heitir sem fylkit, stendr höfudstadr þess, er Nýaport (Newport l. Njúport o: Nýa-hofn) kallast; þar er sigling mikil og kaupverslun. Á meginlandi stendr kaupstadr, er Prövidence heitir, hann er einhver hinn fegursti bær í þessu riki; þar er háskóli og 18,000 innbúar.

4. Konnektikúts-fylki (Connecticut) liggr at vestanverdu vid sídst-nefnt fylki, fyri sunnan Massakúsets-land og vid Lánga-Eylands-sund hit sydra; hat er 217 ferh. mílr at vídáttu, frjóssamt og gagnaudugt land. Innbúar þess eru manna sídlátastir, hiblaprúdir, og hneigdir til sundurgérdar og skarts, en jafnframt tregir til vinnu. Þar eru 3 kaupstadir, er Nýahafn (Newhaven), Hartford og Nýa-Lundún heita.

Þessi 4 nú talin fylki kölludust fyrrum einu nafni: Nýa-England. Sokum þess at í þessum svokallada hlyta ens nordr-amerikaniska sambandsríkis eru heit sumur, tímgast þar allvel mais, og er afli þessarar korntegundar einhver hinn drjúgasti atvinnu-vegr landsmanna. Þótt hann sé hinn fjölbýttasti og öfrjóssamasti partr ríkisins, er hann engu at síðr hinn fjölmennasti og þéttbygdasti. Þadan flytjast sérlagi: matvæli, vidr og járn o. s. frv.

5. Nýa-Jórvík (Nye-York) liggr fyri vestan Konnektikúts- Massakúsets- og Vermonts-fylki og er í lögun álíkt þríhyrningi,

Digitized by Google

hvors sudr-horn nær til sjáfar, en at nordan-verdu marka Lafrants-á, Ontarió- og Erju-vatn því takmörk. Fylki þetta er 2167 ferh. mílr at stærd, mittlands sjellótt mjog, og er nær hvergi svo vel yrkt sem fyrr-talin lönd. Um þat sellr Hudsonar-á í sudr; á ey nokkurri í mynni þess stendr Nýa-Jórvík (Nye-York), þat er mikill og einkar vel húsadr stadr og hinn mesti og audugasti kaupstadr í ríkinu; þar eru 120,000 innbúar, ágæt hofn, háskóli, lærdóms-lista-félag, yfir 20 prentsmidjur og margskonar verkstadir. Þar vid téda á, er hún verdr svo mikil, at fleyta má stórskipum, og í einkar heilnæmri landsbygd stendr kaupstadr sá, er Albany heitir; þar eru 12,000 innbúar, flestir hjód-verskir og hollendskir at kyni. Undir þetta fylki liggr Lánga-Eyland (Long-Island), þat er vogskorin ey, er liggr í austr og vestr og er 44 míle at ferhyrnings-máli.

6. Nýa-Jersey (Nye-Jersey) liggr á strondinni fyri sunnan sídst-talit fylki, og nær alt sudr til Delavare-fjardar; sudr-horn þess kallast Mai-höfdi. Þetta fylki er 317 ferhyrn. mílr at stærd, vel yrkt og gagnaudugt. Þar er Tronton höfudstadr, er stendr vid á, er fyrrnefndr fjördr og fylkit tekr nafn af, — og Perth-Amboy, þar er einhver hin bezta

Digitized by Google

hafn í Vestr-álfu heims. Fylkis-búar eru starfsamir þrifamenn, vell-audugr og gestrisnir.

7. Pennsylvania (Penns-skóglendi) liggr fyri vestan þau tvo síðst-nefnd fylki, er ferhyrnt og nær nordvestr-hornit til Erjuvatns; þetta fylki 2167 ferhyrn. mílr. at vidáttu og sjellótt, en þó vidast vel fallit til akr-yrkju. Þat tekr nafn af Vilhjálmi Penn, titringsmanni (Qvæker), er fékk þat og Delavare-fylki af Karli ödrum, Engla-konúngi, til endr-gjalds fyri skuld, er hann átti hjá ríkinu, en seldi þau síðan á vald stjórnar-ráði nokkru, er hann sjálfr hafði tilskipat. Pennsylvaniu-menn eru af hmsum þjódum komnir, en flestir eru þó kynmenn þódskra; þeir skorudu tídla fram úr ödrum atkomu-mönnum at starfsemi og handidnum, mentum og mannsómi; eru þar því margskonar verkstadir og smidjur, og vísinda-stiptanir fleiri enn í ödrum þessara smá-ríkja; þeir hafa og yrkt landit med svo átraudri kostgæfni og atorku, at hvar Penn 1768 fann eydiskóga, heidar, flóa og flár, þar eru nú grosug engi, blomligt haglendi og frjófsom akr-lönd. Vedráttu er þar óstodug mjog og eigi heilnæm, vetr kaldr og heit sumur; hin gula kalda er þar optsinnis mannskjæd. Höfudstadrinn í þessu fylki heitir Philadelphia (d: Bródr-kjærleiki);

hann stendr í ófegru og lítt heilnæmu landi plátsi vid ána Delavare og 26 mílr frá sjó; þó er þar mikil sigling, því téd á er svo djúp at hin stærstu herskip géta siglt upp eptir henni alt til bæarins. Borg þessi er sú önnur mesta og fjölmennasta í Frílanda-ríki og jafnframt einhver hin fegursta borg í heimi; í henni eru stræti breid og þráds-bein, 28 kyrkjur fyri margskonar trúmenn, 52 prentsmidjur, myntstedji, þjóðskóli, 2 bókasafn mikil og fjölbreyttar stiptanir til mentunar og fulltingis þurfamönnum, og fram handidnum og verkkænsku. Þar var til sídstu aldamóta hád alsherjar-þing (General-Congressen). Borgarlýdrinn er 108,000 at tölu og er allr fimtúngr hans þjódverskr at kyni. Mitt lands er Harrisborg (Harrisburgh) vid Susqvehana; þar hafa stjórnar-rádherrar þessa fylkis atsetu. Hit vestra í landinu stendr Pittsborg (Pittsburgh) vid Ohió; þar eru margskonar málma-smidjur, steinkola-námr í grend vid, og stórkostligir skógar, er þar því skipabygging mikil og fara menn á þeim nidr téd stjót, 520 mílr vegar, til Nýa-Oleans og til hins mexikanska hafs-botns.

8. Delavare-fylki (Delaware) tekr nafn af fyrr-tédri á og liggr vid samnefndan fjord vestanverdan og er at nordan áfast vid

Digitized by Google

síðst-talit fylki; það er 80 ferhyrn. mílr at stærð, vel yrkt og gagnaudugt, en ei er þar holt loptslag. Þar er höfudstaðr, er Dover heitir, og góðr kaupstaðr, er Nýi-Kastali (Newcastle l. Njúkéstel) kallast.

9. Mariuland (Maryland) liggr fyrt sunnan og vestan síðst-nefnt fylki og báðumegin fyrrtéðs Chesapeaksfjarðar, er hverfr í útnorðr inn í landit og er víkóttr mjög, fyri norðan liggr Pennsylvania; það er 524 mílr at ferhyrnings-máli, vel yrkt og kornland gott. Á dögum Karls hins fyrsta Englands-konúngs kéndi Baltimóri lávarðr landit við Mariu drottníng hans. Þar er hinn þriðji mesti staðr í Frílanda-ríki, er Baltimóre heitir; hann stendr við fyrrtéðan fjörð vestanverðan; þar er afar-mikill kaupskapr og höfn svo góð, at varla mun betri finnast í þeim hluta héims, og 63000 innb. Sunnar við sama fjörð er Annapólis (Önnustaðr), það er höfudstaðr í þessu landi. Þar er og Belfast, allgóðr kaupstaðr. Innbúar þessa fylkis eru flestir kathólskir at trú; þeir iðka sérlagi akr-yrkju, kvikfjár-rækt og tóbaks-tilreiðslu.

10. Virginia (Virginien d: Meyjarland) liggr fyri sunnan síðst-talit fylki og Pennsylvaniu og nær frá hafi hit eystra til Ohió-

Digitized by Google

fjöts vestr; hat er 3255 ferhyrnings mílr at vidáttu, en strjálbygt vída; hó er har á flestum stodum frjóssamr jardvegr. Par og í heim fylkjum, er sunnar liggja, er hvínær at eins hinum blokku mansmonnum haldit til vinnu, bædi á akri og engi, en hinir hvítu nýlendumenn neyta ávaxtanna í áhyggjulausu sælifi og skeyta lítt um mentir og vísindi; at eins heir ríku láta sér nægja med at setja syni sína í skóla í nordrfylkjunum. Í hessu landi er forædi mikit er hin hræðiliga flá (Dismal Swamp), sjálfgjord brú eda steinbogi (Rockbrigde) yfir 300 fota djúpt gil, hún er 135 ál. at lengd, — og feykiliga mikill og merkr hellir, sem kendr er vid Maddison. Enskr riddari, Valtari Raleigr at nafni, nam har fyrstr atkomu-manna land 1521 og kendi hat vid Elizabet, mey-kóng á Englandi, henni til heidurs og minningar. Par er hofudstadr, er Richmond heitir; hann stendr vid Jakobs-á (Jamesfloden), er ásamt fleirum skiplægum ám rennr um landit til sjófar austr; í stad hessum eru 15,000 innb. Nær sjó stendr Vilhjálmsborg (Williamsburgh), har er kaupverslun mikil; hadan og nær hvervetna frá hessu landi flyzt ógrynni tóbaks vidsvegar um heim. Vid mynni Chesapeaksfjardar sunnanverdt er Hinriks-hofdi í hessu fylki,

Digitized by Google

en Karls-höfdi gagnvart honum á sudr-horni Marilands.

Lítil landeign, er Kólumbía kallast og er hérumbil 4 mílr at serhyrnings-máli, liggr á landamæri Virginiu og Marilands, þó svo at meiri hluti hennar er innan Marilands takmarka og bádumegin vid ána Pótovmak. Hana keypti alsherjar-stjórnar-rád Fri-rikja (Generalcongressen) at fyrrtédum fylkjum 1790 og lét, eptir fyrisogn hins vidfræga Washingtons, gjora þar borg mikla, er vera skyldi höfudborg í Frilanda-veldi og bera nafn hessa ógleymanliga fodurlands-elskara. Þat valdi þar borgar-stædi nærhæfis midsvegar milli landshorna ríkisins í því skini, at því yrdu hægari stjórnar umsvif á báda vegu. Borg þessi stendr þar vid ána, Pótovmak, austanverda, er lítil á, er Tiber (Tifur) heitir og rennr í gegnum stadinn, fellr í hana. Grundvöllr borgarinnar er 2 milur ummáls, en ei er hann allr enn húsum settr. Í borginni eru breid og þrádbein stræti og öll er hún vanduð sem best. Medal allmargra stórbygginga ber ein af öllum ödrum at stærd og vegligleik, er Capitolium (Hofgardr) heitir; þat er 70 málfadma at lengd og 25 at breidd og stendr hærra enn annr bæar-hús; þat var bygt á allra Fri-rikjanna kostnad; þar

Digitized by Google

hefir alsherjar-þingit hád verit síðan 1800, þá Forsetinn ásamt því sluttist hángat frá Philadelphíu, og sitr hann þar nú í vegligum hofgardi. Upp syrrtéda á má á stórskipum sara til bæarins, er þar því skipa-koma tíð og kaupversiun allmikil. Þar er og skipa-bygging mikil og herthahús. Þann 24 Augústi 1814 herjudu Enskir á borg þessa, brendu og bræddu, og tóku mikit herfáng, einkum hervopn bæarmanna; en nú er sá skadi at mestu bættr. Borgarlýdrinn er 14,000 at tolu, og fjolgar hann mjog á ári hverju. Skamt frá Vasington er kaupstadr sá, er Alexandría heitir; þar er verslun mikil og 8000 innb., og Gyrgistún (Georgtown); þar er einnig mikill kaupskapr.

11. Nordr-Karólína (Nord-Carolina) liggr syri sunnan Virginíu og skilja þar lond þessi þrádbein landamerki. Frakkar, er tóku þar bólfesti 1560—64, gáfu landi þessu nafn eptir kóngi sínum Karli. Þat er vída slétt og frjóssamt, en sendit vid sæ, og sumstadar myrótt. Þar er hofudstadr, er Raleigr (Raleigh) heitir, mikill kaupstadr, er Vilmingtún kallast, og Nýa-Bern, er Sveitzar bygt hafa.

12. Sudr-Karólína (Syd-Carolina) liggr syri sunnan síðastatalit sylki og er 1374 ferh. mílr. Þar er mikill og vel húsadr kaupstadr,

Digitized by Google

er Karlstún (Charlestown) kallast; þar er ógrynni varnings samankomit frá ollum hinum fudlægu fylkjum, — og 25,000 innb. Petta land er þurrlendara og heilnæmara enn hit fyrrnefnda.

13. Georgía (Georgien d: Gyrgisland) liggr fyri sunnan og vestan Sudr-Karólinu og á milli hafs og Misisippi. Land þetta er 3400 ferhyrn. mílr at vidáttu, en at eins er sjórdi partr þess bygdr. Par hafa sérlagi Pjódverskir og Skottar numit land og tekit bólfestu. Hit vestra hafast ýmsar Indíana kynkvíslir vid, nl. Krekar eda Krikar (þeir búa mittlands og eru greindir í efri og nedri Kreka), Ísikasavar, Kattavar, vestar, og Simónólar í grend vid sudr-landamærin. Á nordr-takmörkum landsins kémr Savanna til sjáfar, en at sunnanverdu skilr Mariu-á þat og Flóridu. Vid fyrrtéda á stendr samnefndr kaupstadr; en hofudstadrinn í þessu landi heitir Milledgevilla. Land þetta er heitit eptir Georg (Gyrgir) ódrum, Englakonúngi.

b. Hin nýu (yngri) ríki.

14. Vermonts-fylki (Vermont) liggr á milli Nýu-Jórvíkr- og Nýa-Hampskíra-fylkis, en fyri nordan þat er Nedri-Kanada og Massa-

Digitized by Google

kúsets-sylki fyri sunnan. Því deila fjöll þau, er Grænu-fjöll heita, (því þau eru hverveina skógi-vaxin) í tvo jafnstóra parta. Þat er 414 serhyrn. mílr og víða gagnaudugt. Þar er höfudstadr, er Montpellier heitir, og kaupstadr, er Bennington kallaſt.

15. Kentúcky-fylki (Kentucky) liggr fyri vestan Virginíu og nær til Missisippi í vestr; þat lá fyrrum undir síðst-talit ríki, en 1792 gjördist þat ríki útaf fyri sig og gekk í félagsskap med hinum. Þat er 1860 serhyrn. at stærd og víða frjóſsamt einkum í grend vid Ohió, er fellr á nordr-takmörkum þess í Missisippi. Þar er höfudstadr, er Frakkafurda (Frankfurt) heitir; hann stendr vid ána Kentúcky, (hún fellr í Ohió), og er vel húsadr. Vid sömu á stendr Lexington, þar er kaupverslun mikil og margskonar smídjur. Í þessu sylki finnast víða í jördu kynligar fornmenjar, t. d. stórkóstligar beinagrindir af ferfættum dýrum, hvorra líkar ei nú eru í heimi, fornmanna legstadir og fl.

16. Tennesse-fylki (Tennessee) liggr vestr af Nordr-Karólínu (til hvorrar þat fyrrum heyrdi) alt til Missisippi og ímillum síðst-tedds sylkis og Georgíu og eru þar á báda vegu þrádbein landamerki. Þat tekr nafn af sam-

Digitized by Google

nefndri á, (er renne í Kentúcky) og er 1880 ferhyrn. mílr at stærð; hat varð ríki útaf fyri sig og gjörði bandamannaskap við hin 1796. Pat er fagurt land og gagnauðugt. Par er höfuðstaðr, er Murfrisborg (Murfreesborough) heitir, og kaupstaðirnir: Nasvilla og Knoxvilla.

17. Ohió eða Fogru-ár-fylki (Ohio) liggr fyri nordan Kentúcky-fylki og fyri vestan Virginiu; hat er 1820 ferh. mílr og svo skógi vaxit, at menn mega fella markir til brauta og akra. Par er höfuðstaðr, er Columbus heitir, og kaupstaðr við Ohió, er Cincinnati nefnist; har er skipaferð mikil á ánni og arðsom kaupverslun.

Loviſiana (Lodvíksland) er afarmikit land, er liggr fyri vestan 3 síðst-talin fylki, Georgiu og Floridu og skilr þar Miſsiſippí löndin. Pat fann spánverskr farmaðr, Fernando de Sóló at nafni, árit 1541. Menn hafa skipt því í 2 hluti og kallat hinn nyrðri: Efri og hinn syðri: Nedri-Loviſiana; nú eru þeir greindir í fleiri fríriki og liggja hau öll undir hit nordr-amerikaniska sambands-veldi. Sérlagi kalla menn nú suðr-hluta þess:

18. Loviſiana eða Lodvíksland (fyrr. Nýa-Oleans), hat liggr fyri vestan Georgiu og

Digitized by Google

Flóridu, hit syðra við hinn mexikanska botn og þar báðumegin við Missisippi; það er 2370 ferhyrn. mílr at stærð, og víðast frjóssamt og gagnauðugt; en með því þar er flatneskja mikil og hallinn víðast lítill, er það agasamt mjög og eru þar því slíki grasin og vatsveitingar-rennr. Þar er höfuðstaðr, er Nýa-Orleans heitir; hann stendr við Missisippi austanverðt og 20 mílur frá sæ; þar er ærinn kaupskapr og sigling mikil bæði frá hinum mexikanska hafsbotni og á fljótunum frá nálægum og fjarlægum landsálfum, og mun þessi staðr bráðum verða einhvor hinn mesti kaupstaðr í Vestr-heimi. Þar eru 28,000 innb. og eru þeir flestir franskir at kyni; lætr það einnin at líkindum, því Frakkar tóku þar upp nýlendr 1684 og áttu land þetta til 1762. Þá afsöludu þeir sér það til Spánar-konungs, en fengu það aptr 1800. Þrem árum seinna seldi Napoleon keisari það Frílanda-ríki.

19. Maine-fylki (Maine) liggr ímilli Hampskíra og Nýu-Brúnsvíkr og nær það lengst í norðr allra þessara smá-ríkja; innbúar þess hafa því við áþekka kosti at búa og verfángsbúar þeirra fyrir austan og vestan; þar er höfuðstaðr, er kallast Portland.

20. Missisippi-fylki (Missisippi) liggr fyri nordan Loviſiunu og er 4186 ferh.

Digitized by Google

milr. Þar er höfudstadr, er Monticello kallast. Medal allmargra Indiana-kynkvísla, er hafast vid í þessu fylki, eru Kickasaver og Koktavar merkastir. Í milli þessa fylkis og Georgiu liggr:

21. Alabama-fylki (Alabama); þar er Kahawba (Cahawba) höfudstadr.

22. Illinaland (Illinois) liggr fyri vestan Ohió-fylki eda í túngunni milli Missisippi- og Ohió-fljóta; þat er gagnaudugt land, en lítt yrkt. Þángat flytjast franskir nýlendumenn frá Kanudu. Þar er höfudstadr, er Vandalia nefnist.

23. Indiana liggr fyri nordan Ohió-fylki og Illinaland; þat er 1600 ferh. milr, allvída gagnaudugt, en þó strjál-bygt. Þángat flytjast árliga enskir nýbúar. Þar er Kórydon höfudstadr, og kaupstadr, er Vincennes heitir.

24. Missúri-fylki (Missuri) liggr fyri vestan Missisippi og bádumegin vid samnefnda á. Þar er stadr sá, er Jefferson heitir, merkastr; hann stendr þar er Ohió og Missisippi koma saman, en Lodvíksstadr (St. Louis) skamt frá armóti Missúri og Missisippi.

Nú er stuttliga frá þeim ríkjum sagt, sem á skipuligan hátt hafa fríríkis-stjórn í lög leidt og jafnframt gjort bandamannskap sín á medal;

Digitized by Google

þau eru einnig talin í þeirri röð, sem þau eru vorðin limir sambandsins; en nokkur eru þau lönd, er ei má þat um-segja og sem enn at eins hylla veldi þess og eru því háð; þau eru 6, nl.

a. Land þat, er Norðvestr (eða Útnorðr) kallast; þat liggr norðast við fyrnefnd Kanadu-vötn vestanverð. Þar er virkisstaðr, er Hovard heitir. Sunnar og ímilli Miskigan- eða Illins-esa-vatns og Húróna-vatns liggr:

b. Miskiganland (Michigan); þar er kaupstaðr, er Detroit heitir; hann stendr við ósinn ímilli Húróna-vatns og Erjuvatns.

c. Missúraland (Missouri) liggr fyri vestan Missúri-fylki; þat byggir Indíana kyn-kvísl nokkr, er Missúrar nefnast; þeir kalla at sönnu land þetta eign sína og eru frjálsir fyr-uræðis útlendinga, en hafa þó hylt Frikirkja-veldi.

d. Flórida (Florida) liggr ímilli Georgíu og hins mexikanska botns, og er hérumbil 2400 ferhyrn. mílr at víðáttu; hún greiníst í tvo hluti og kallast hinn vestri: Vestr-Flórida, og hinn eystri: Austr-Flórida; hún er skagi mikill, er gengr í suðr út í fyrr-nefnd-an botn. Spánskr farmaðr, Sebastiano Gábotto fann land þetta 1497, en Ponce le Leon eignaði þat Spánar-konúngi 1512 á pálmadag, er á spánska túngu kallast: pasqua florida; af því

er nafnit komit; en sumir meina at hat sé dregit af grænku eda litfegurd landsins. Par eru vida fjöll, forædi og skógar, en þó er hat gagnaudugt allvida og vel fallit til akr-yrkju, ef af alúd væri stundud. Spánar-konúngr afsaladi sér hat algjörliga 1821 Sambands-ríkjunum, og mun hví brádum sjá mega, at har hafa ordit hefdugja-skiptt. I Vestr-Flóridu er kaupstadr, er Pensakóla heitir, en í Austr-Flóridu stadr sá, er Sti Augustin kallast, hann stendr vid hinn atlantiska útsæ. Nordar og skamt undan landi liggr ey, er Amelia heitir; har eru hafnir gódar (eins og vida í hessu landi) og víkinga-bæli. Flóridu-búar eru nærhæfis 20,000 at tolu og eru heir bædi af Spánverjum, Frokkum, Enskum og Grikkjum komnir, er Enskir flutu hángat á seinni helmingi 18 aldar, há heir sátu har at riki, til at asla silkis. Medal enna innlendu innbúa eru Seminólar merkastir.

e. Land hat er Arkansas heitir; hat liggr umhverfis samnefnt fljót, er rennr úr vestri í Missisippi og er nokkr hluti Lovisíunu einar mikla. Par er stadr sá, er Arkopólis heitir.

f. Oregansland, hat liggr vid Kyrra-haf, eda á Vestr-strondinni, har er Enskir fyrr um kolludu Nýa-Albion og toldu til eignar; en

þat skeytist 1814 við jarðeignir Sambands-ríkis. Landit tekr nafn af ánni Kólumbiu, er Orégan heitir eðru nafni. Við hana stendr kaupstaðr, er Astória kallast; þar sitr nýlendu-stjóri.

Þessi 6 lönd, sem nú eru talin, eru enn ei svo fjölmenn, at í þeim verði landsstjórn á sama hátt niðrskipuð og í hinum, og eru þau því ei talin ámeðal enna eiginligu fríríkja; en alþingis-ráðit hefir þar fult forræði og setr þar nýlendustjóra til yfirsóknar, uns þau magnast svo at fjölmenni og fjárafla, at þau megi gjörs ast bandamenn hinna.

Misjafnt og breytiligt er veðráttufar í enu norðr-amerikaniska Sambands-ríki; hit nyrðra er þat allkalt, en hit syðra heitt, þó frjósa þar og einnig ástundum óranziur og vínber til skémda. Fyri vestan hinn Apalakiska fjallgarð er hvervetna miklu hlýrra og hollara loptslag enn á strondinni fyrir austan hann; en at því skapi, sem ekrur aukast og vatni er veitt af mýrum og flóum (sem víða eru), hlýnar þar loptit, styttist vetr og fer strídleiki veðra minkandi. Af oftidum veðrábrigdum (því opt er þar á einum og sama degi norðrs kuldi og afrikanskr hiti) kémr þanvæn landfarsótt eða hin gula kalda, hvor á seinni tídum hefir heldr í vöxt farit.

Í minni hluta landa þessara hafa menn enn velt jörðu til korns, en þar þat gjörist af alnð, er ágódin mikill, einkum í enum vestlægu og miðstikjunum. Þaðan flytst víðr mikill og gódr, hör, hampr, humall, víðarull, tóbak (séri-

Digitized by Google

lagi frá Virginiu og Marilandi) syke, indigó, járn, eyr, bly, saltpetr, salt, marmari, steinkol og Nophta. Par eru og á ymsum stodum málmdámud vein.

Manntalit í riki þessu var 1790 vart 4 milliónir, en nú er þat yfir 10. Innbúar þess greinast í 3 kynflokka, nefnil. Evrópumenn, medal hverra Enskir eru fjolmennastir; Blakkumenn (Negere), sem eru 1½ mill. at tolu og Indianar; af þeim eru vart 400,000 eptir. Árliga flytr fólk þángat frá ymsum ríkjum í Evrópu. Medal allmargra túngumála, er landsmenn mæla, eru engelska og þýdska almennastar.

Hvad allskonar vefnadi, handidnum og smíðum vidvíkr, þá taka landsmenn dagligum framförum í verkkænsku og vandvirkni, sérílagi hafa ullar- og vidarullar-verkstædir nád nafnkunnum algjörleik. Merkastr stadr í þessu tilliti er Philadelphia. Þeir reka kaupskap vídsvegar um alla heimskringluna og fer hann ei vaxandi. Skip þeirra eru hin fegurstu, gánga hrodustu og mest vondud í heimi; af þeim eru árliga 12 til 15 þúsund í förum. Í Philadelphiu er eitt þjódbánki eda alþjódligr féjódr. Merkustu kaupstadir eru: Nya-Jórvík, Boston, Philadelphia, Baltimóre, Karlstún, Portsmót og Salem. At allvída má skipum leggja upp eptir ám og fljótum, greidir mjog vöru-flutningar og verslunar-vidskipti landsmanna; þeir hafa og á ymsum stodum tekit at grafa skipfær síki milli vatna og vatnsfalla og at leggja

Digitized by Google

flýtsarna hjóðvegi yfir fjoll og um vidlendar merkur og skóga.

Eingin er har þjódtrú í lag leidd og allskonar kristnir trúmenn eru har í jafnsaódu og samliku yfirlæti; har eru hérumbil 70 trúar bragda-atgreiningar. Medal heirra eru 5 trúarflokkar sjolmennastir, nl. Congregationalistar, heir eru flestir og eru heir reformeradir at trú og fylgja sérilagi Calvins reglum og trúar-meiningum; heir eru ei svo vandlætingasamir ne reglufastir í tilliti til kyrkju-sida og agg, sem forsedur heirra, og láta at eins ástundum prestastefnur skéra úr kyrkju-málum og kennimannligum málefnum. Peir hafa 25 000 kyrkjur og jafnmarga presta. Presbyterianar (oldunga-trúmenn); heir halda enn vid hina fornu vandlætingasemi og reglugjord, og hykjast eingu kennimannligu valdi hádir, og hafa því hverki biskupa né prófasta, en láta há eldstu presta sjórna kyrkju-málefnum; heir hafa 434 presta, er þjóna 772 sofnudum (Congregationer). Episcópatar; heir eru miklu færri og rækja heir somu kyrkju reglur og Enskir, og hafa biskupa, er veita heim forstodu í andligum efnum. Methódistar; heir búa sérilagi hit sydra og mittlands í ríkinu og eru hérumbil 300,000, og Baptistar (Endur-skirarar); heir búa hit vestra og eru 100 000 at tolu. Í sérhverri grein talinna trúmanna er eitt trúarbodara félag (Missions-Selskab), er senda menn út til heidingja at boda heim kristna trú, og til upplendumanna í

fjarlægum landsálfum, hvar enn er vant kénni manna og eigi er reglulig skipan á komin. Hvor sofnudr velr sér klerka og launar þeim eptir gédhekni sinni; ser því misjafn um velgengni þeirra og velsemd. Mentir, ípróttir og vísindi taka þar allvœnliga framforum og eru þar bædi þjódskólar, skólar og ymiskonar vísinda-stiptanir.

Samkvœmt þeirri reglugjord, er samin var 1787. hafa fyrr-nefnd 24 fri-riki gjort bandas mannskap sín á-medal og eru þau öll ásamt eitt fólksfjórnar félags-riki (demokratisk Foederalstat), ekkert þeirra er ödru undirgéfit, en öll eru þau innbyrdis samteingd. Fyri hinum alþjódligu málefnum ráda medlimir höfuds ráðstefnunnar eda alþingis (General-congressen), er einnig setja lög, og einn forseti (Præsident), er annast, at þau séu haldin. Höfudráðstefnan er greind í two hluti, kallast annar: Ráðherradœmi (Senat), en annar: Fulltrúa-ráð (Repræsentant-Forsamling eda Repræsentanternes Huus). Til hins fyrra sendir hvert riki fjœrna medlimi og hafa þeir þess embœttis at gjœta í 6 ár í senn; en til hins sídara sendir sérhvert riki, fyri hvor 33,000 innbúa, sem í því eru, einn fulltrúa. Þar er og einn hœrsti-réttr og er hann fyri gjörvalt ríkit. Forsetann kjósa kjörmenn í hverju riki og eru þeir jafnmargir ráðherrum og fulltrúum; þessir velja og two menn og skal annar þeirra vera útan-ríkis; er þá fasnat atkvœdum og verdr sá forseti, er í flestum ríkjum og af flestum kosningarmönnum er kjörinn. Forseting er ædst

Digitized by Google

foringi lands- og skipa-lidsins, má gefa sakfeldum líf, kveðja til alþingis, velja sendiboða til annarra ríkja og gjora samninga við konúnga og keisara í ödrum londum, þó svo at tveir þriðju-partar ráðherrana jákvæði framvarp hans. Hann sitr í 6 ár at voldum í senn og má hann, at þeim liðnum, aptr velja, ef svo vill. Eigi má yngri mann velja til þessa embættis enn hálf-fertugann. Í sérhverju ríki útaf fyrir sig er stjórnar-formit þessu líkt; einn er fólksstjóri ædstr og gánga honum ráðherrar og fulltrúar til handa í manna-forrádum og lagasetningum. Í þessu ríki er heiðurs-orða, er Cincinnatus-orða kallast, henni úthýtir forsetinn heim, er á einhvorn hátt hafa verðskuldat alþjódligt virðingar- og þakklætis-merki.

Ríkit heldr óvigan hér, og er hann at eins 10,000, en landvarnarlið þess er yfir húsund þúsunda at tölu. Þat á 11 línu-skip, 9 fregattr og 50 minni herskip.

Styrjaldir og trúarbragda-deilr í Englandi og Skotlandi á 16 og 17 öld ollu, at allmargir fóru af landi brott og leituðu sér kyrkju-fridar og heimilis í Vestr-heimi, einkum á austr-strönd nordr-hluta hans. Margskonar torrek bárust þeim í sundverðu at höndum og lengi áttu þeir í stríði við mikla mædu og úrdugleika (því bædi var yrkja landsins þrauta-mikil og þjódir þær, er þar vóru fyrir, ásæknar og íll-sengar) hlutu þeir því smámsaman stórvægan einka-rétt og nutu vægdar og-linkinda af Englum, unz þeir ordnir vóru audugir at fé og hofðu náð

Digitized by Google

miklum hroska. Nú hótti Enskum kornskéru-tíminn kominn vera og tolludu mjog hmsa-kaupeyri, er þángat fluttist og hreyngdu mjog at kostum heirra. Nýlendumenn, er vanir vóru ordnir vid frelsit, létu illa yfir at stirrast því og kurrudu um hríd, uns heir gjordu samtok sín á-medal og hófu stókk gégn Enskum. Hófst þá lángvint og strángt stríd, er varadi í 10 ár. Medal allmargra fodurlands- og frelsis-elskara, er vordu fóstr-jord sína, eru tveir nafnfrægastir, Franklin og Washington (fædd í Virginiu 23 Febrúari 1733). Fyri rádsnilli heirra og stoduglyndi, vígkænsku og hreysti, og med fulltingi Frakka- og Spánar-konúnga unnu Nýlendumenn at lyktum frægan sigr, og Enskir máttu láta sér lika á rádstefnunni í Versaljum 1783 at játa þau þá sameinudu 13 riki frí af sinni yfirdrottnan.

G. Sá hluti Nordr-Ameriku, er lá undir Spánar-veldi. (Det spanske Nordamerika).

Hann greinist nú í tvo hluti, nl. Mexikó-riki og Gvatimala; og eru þau bædi hrifin undan Spánar-konúngi og gjordust frí-riki (Republiker) 1821.

I. Mexikó-riki (Republiken Mexiko).

Petta riki ligger fyri sunnan og sudvestan landeignir Frílanda-ríkis, en fyri sunnan þat er

Digitized by Google

fyrrteð Gvatimala-riki. Að austan markar því hinn mexikanski hafs-botn takmörk, en Kyrra-haf að vestanverðu; það er yfir 45 000 ferhyrningsmíle að víðáttu og svo háleitt, að það liggr 6 til 8 þúsund fótum hærra enn hafit. Um það gánga Antisfjöll úr landsuðri í útnorðr og skiptast þau hit nyrðra í hjá sér greinir; hæstu hnúkar þeirra í því landi eru Krizaba, 17000 fóta, og Pópókatepetl, 16000 fóta frá sjóar-hæð; þar eru og eldfjöll mörg. Hit eystra er land þetta lágt og er þar allmikill aðdragandinn til fyrr-nefndra fjalla; hit nyrðra eru víða heiðar og óbygðir. Merkustu ár, er þar koma til sjáfar, eru Norths-á eða áin: Bravó; hún kémr úr útnorðri og fellr í hinn mexikanska hafs-botn; hún er hit mesta vatnsfall í þessu riki, og liggja at henni víða einkar fagrar héruð; Kólórado de Kalifornia, hún rennr í Purpura-haf; Sti Jakobs-á, hún rennr í og úr landsjó heim, er Kapala kallast, og fellr í Kyrra-haf, — og Kólórado de Texas, er fellr í hinn mexikanska hafs-botn. Firðir tveir eða flóar gánga inn í landit, nl. hinn Kalifornifki fjörðr eða Purpura-hafit (Mare vermejo) eðr Cortez-hafit, sem áðr er getit, og Kampeskju-flói, er gengr í suðr af hinum mexikanska hafs-botni.

Digitized by Google

Riki þetta greinist nú á þegnum í 15 landsálfr, nl. Gamla-Kalifornia, Nýa-Kalifornia, Nýa-Mexikó, Sónóra, Durangó eda Nýa-Biskaja, Sti Lódvíks-Pótósí, Guadalajara, Zakatekas, Guanaxúato, Valladólid, Mexikó Puebla, Vera-Krúz, Oaxaka og Merída eda Yúkatan.

Í landsálfunni Mexikó stendr höfudborgin í þessu riki, er atkomumenn kalla Mexikó, en hinir ondverdligu landsmenn: Tenochtitlan; hún er bygt á aurmáli ennar fornu borgar, er Cortez braut og brendi 1521 og stendr hún ámilli tveggja vatna allmikilla, er Texúkó og Xochimilkó kallast; hún er 3 mílr ummáls og fernhyrnt, mikil og vondut at allri smíd; þar eru margar stór-byggingar, klaustr og kyrkjur, medal þeirra er dómkyrkjan, er stendr þar er ádr var godahof mikit, hin vegligasta; þar heíir stjórnar-rád ríkisins atsetu og erkibiskup; þar er og háskóli, tóbaks-tilreidslu-stadr, þar eru 7000 til verka settir, og myntstedji; þar hafa menn sídan ondverdliga á 16 ári slegit 6,500 milliónir af gulli og silfri. Borg þessa ver kastali, er Ulloa (St. Juan-d'Ulloa) heitir og stendr hann skamt þadan; í henni eru og 2 vatnsleidingar miklar og merkar.

Digitized by Google

Á vestr-ströndinni stendr kaupstadr, er Akapúlkó (Acapulco) kallast. Par er hofn ágæt.

Í landsálfunni Vera-Krúz, (er sunnar liggr enn Mexikó) er samnefndr og nafnkunnur kaupstadr; hann stendr vid hinn mexikanska hafs-botn, og er allmikill; þadan lagdi árliga hinn svokalladi silfr-flotti í haf. Par er kastali, er Ullóa (St. Juan d'Ulloa) nefnist, og atsetr 16,000 innb. Par tók Cortez land 1518.

Í landsálfunni Púebla er velhúsadr kaupstadr, er Púebla heitir; þar eru 35,000 innbúar. Í indianiska fylkinu nokkru er stadr sá, er Tlaxkalla heitir.

Í landsálfunni Gvadalaxara er samnefndr hofudstadr; þar eru 20000 innbúar og háskóli.

Merída edr Yúkatan kallast skagi nokkr, er gengr út í hinn mexikanska hafs-botn milli Kampeskju-fjardar (hit nyrdra) og Hondúras-flóa (hit sydra) og gagnvardt vestr-landsenda eyunnar Sti Domingó. Á nordr-ströndinni stendr kaupstadr, er Mérída (Merida de Yucatan) heitir, og annar, er Kampéskja (Campeche*) l. Kampezt) kallast.

*) Nafn þetta er samansett af tveim ordum, nl. Cam, slánga eda hoggormr, og peche, er þydir eitt lítit skorkvikindi.

Digitized by Google

Enskir eiga þar nýlendu, er Baliże heitir; þar eru mahógni- og liturar-vidar skógar miklir og ardsamir.

Land þat, er Nýa-Mexikó kallast, liggr austast eda nærst Frílanda-jardeignum og er allmikit at stærd, en óvída gagnaudugt né bygt, nema í grend vid árnar, er um þat renna í landsudr til hafs. Kvikfjárrækt er þar nær einasti atvinnu-vegr landsmanna og nokkr tóbaks-yrkja. Þar er hofudstadr, er Santa-Fé heitir, hann stendr vid fljótit Northe.

Meginskagi sá, er Kalifornia kallast ásamt strøndinni vid Kyrra-haf, er liggr nordr af honum, greinist í tvo hluti og kallast hinn sydri edr sudrhluti skagans: Gamla-Kalifornia, því þar tóku atkomumenn fyrst bólfestu og héldu þat lengi eyu vera, uns þeir fluttust lengra nordr og fundu at skaginn var áfastr meginlandi; kolludu þeir þá nyrdri hlutann: Nýu-Kaliforniu. Hit sydra er skagi þessi sendinn og þurrlendr mjøg, en hit nyrdra frjósamr og heilnæmr; hann er allr 2626 ferhyrn. mílr at vidáttu, en manntalit er þar at eins 9000; Cortez fann hann 1536 og hofdust þar þá, sem enn, Indíanar vid, er kalla sig Muqvis og greinast í allmargar kynkvíslir. Í gomlu-Kaliforniu eru 15 trúarbodara-bæir, medal þeirra er Lóretto nafnkendastr; en í Nýu-

Digitized by Google

Kalifornia einn merkastr, er Sti Franciscus stadr (St. Francisco) kallast, har er gód hofn og kaupskapr. I þessu landi hafa grámunkar tekist kristnihodit á hendr og eru þeir vœgir vid heidingja og kenna þeim akryrkju, vefnad og ymsar handidnir.

b. Fríríkit Gvatimala. (Republiken Guatemala.)

Þat liggr fyri sunnan Mexikóríki og er sá partr midhluta heimsálfu þessarar, har mjóst er landit eda eidit, er samtengir meginlondin. Þat er 15,500 milr at ferhyrnings máli og greinist í 15 landsdlfr edr fylki. Landslydrinn er 2 milliónir at tolu. Loptslagit er heitt og votvidrasamt, en jardvegrinn nær hvervetna einkar frjófsamr; þadan fluzt serlagi Indigó og Kakaó. Antis- eda Kordilleras-fjoll ganga ígegnum landit í nordr og eru í þeim allmargir hnúkar, er ástundum gjósa eldi. Vatn er har mikit, er Nikaragva heitir; þat er 440 ferh. milr at stærd og rennr úr því á í austr í hinn mexikanska hafs-botn; hit vestra er skomm leid til Kyrra-hafs; hafa því audmenn nokkrir tekit sig saman og láta nú grafa sikt úr vatninu vestr til fyrrsteds hafs, svo har megi á skipum fara nefndra meginhafa imilli. Í fríríki þessu

er höfudstadr, er Nýa-Gvatimala heitir; hann stendr 4 mílr frá áurmáli ennar fornu höfudborgar, er Sti Jacobs-Gvatimala hét, og hrundi af jardskjálfta í grunn 1774; þar er háskóli, atsetr erkibiskups og 45,000 innbúa. Vid fyrrtéd vatn stendr kaupstadr, er Granada heitir — og í sudaustr þadan, vid hinn mexíkanska hafsbotn, Carthagó.

Á strondinni vid Hondúras-flóa sunnan verdan býr þjód sú er Mosquitar kallast; þeir hafa verit frelsi sitt fyri Spánverjum, en varpat fér undir vernd Enskra, er einir fá lof at hafa verslunar-vidskipti vid þá, og eiga þeir þar ardsamar nýlendr og ei allfá kauptún, og flytja þadan sérílagi mahogni-vid og litunar-tré.

Sydst hluti þessa ríkis edr þar er eidit er mjóst, kallast Panama eda Daría; þar gánga há gravit-fjöll í út og sudr og má því ei þar síkis-gresti vid-koma.

Í þessum tveim ríkjum skyta mjög í tvo horn um loptslag og vedráttufar; á fjöllum uppi er ávalt bitr kuldi, á hálendinu temprat loptslag og vid sæ ofr-hiti og tíd votvidri; ollir þat óheilnæmis, einkum í grend vid Vera-Krúz, og allvída ennar gulu koldu, sérílagi á austr-strondinni. Þrumur, sellibiljir og jardskjálftar eru þar tídir.

Í Mexíkó-ríki er náttúrunnar audlegd mikil, einkum er málma-ríkit forkunnar audugt; í enu gamla Mexíkó finnast á ári hverju 7000 merkr gulls og 2½ milliún merkr silfurs

Digitized by Google

eda fimm mill. dansk. Spec. Par eru og allskonar adrir málmar. Sérlagi hafa Spánverjar lagt stund á málmagröft, (þó ei til hlýtar), en vanrækt akryrkju; þar eru 500 námr og í þeim hrælka 30 húsund enna ondverdligu landsmanna eda Mexikana. Vaxtarríkit er þar einnig sjaldsénugt, og med því at þar er margbreytt loptslag, timgást þar samlikar og nær jafnmargskonar korntegundir, aldini, jurtir og ávextir, sem í Evrópu, Austrindium og annarstadar í þessari heimsálfu; þadan flýzt því hveiti, hrísgrjón, mais, sykr, vidarull, tóbak, indigó, kakáó, vanilja, engifer, gummi, kópaivbalsam, óranzjur, maniok, agave (af því gjöra menn vín), kampeskja, mahógni, gujak- og jalappesvidr, písang- eda bananasstré, er fædir mikin fjölda fólks og er einhver hinn drjúgasti jardar ávöxtr til mannfædis í heimi, o. s. frv.

Verkstadir og smidjur eru þar enn ei til hlýtar, hverki at fjölda né gædum. Landsmenn eiga kaup vid Evrópumenn og Austrindiabúa, sérlagi í og frá þeim kaupstodum, er standa sinn á hverri strand, nl. Vera-Krúz og Akapúlko. Í hinum fyrrnefnda er markadr mikill medan siglingin yfirstendr úr austrheimi eda Evrópu og menn víxla varningi þessara heimsálfa; koma þá lestir miklar af landi ofan og er þar kaupeyrir í og úr kaupstad á múlum borinn. Fyrrum voru landsmenn skyldir, at eins at eiga kaup vid Spánverja, en nú eru þeir í því tilliti einnig frjálsari vordnir og hafa Frílanda-

Digitized by Google

veldi og Englands konúngr gjort við þá kaupverslunar-sáttmála.

Hin kathólska trú er þar í lögleidd medal allra átkomumanna; til hennar hefir og allmikill hjerri enna ónduerdligu innbúa edr Indiana hneigst, og hafa þeir jafnframt numit ýmiskonar handidnir og mannrænuliga sidi. Oddvitar alls kénnidóms eru 8 biskupar og einn erkibiskup, sem kéndr er vid Mexikó, og sitr í höfudborginni. Klerkar eru þar ei færri enn 14,000. Ibróttir og visindi vóru þar fremr stundud enn í ödrum spánverskum Nýlendum og enn er svo í tveim háskólum, nl. í Mexikó og Guadalajara, og í ei allfáum minni skólum.

Sídan 1821 géck hessi hluti laydeigna Spánar-konúngs fyri vestan haf undan veldi hans og gjordist tvo fríriki (Republiker *). Fyrrum var í Mexikó Vice-kóngr settr til yfirsóknar, (hann skyldi hvervetna vera spánskr Grande eda stórmenni at kyni), en í Guatimala alsherjar-sólkstjóri (Generalcapitain) og vóru þeir badir jarlar Spánarkonúngs og fulltrúar; hverigr þeirra sat lengr á þessum hesdarstóli enn 5 ár í senn.

*) Hersforingi nokkr, Iturbide at nafni, vasadi þar í valdum um hrid, nefndi riki þetta keisaradæmi, tók keisara-nafn og lét sig kalla Augustinus hinn fyrsta; en med þá at einveldi hans var lítt vid alþýdu skap, veltist hann bradliga úr valdum og mátti fara af landi brott.

Digitized by Google

Í Mexikóríki er landsíhdrinn 8 milliónir at tolu; hann er margkynjadr, og fjölbreyttr at hörundslit; har eru bædi hvítir menn og blakkir (frá Afriku), Kreólar og Mestízar (d: afsprengi Evrópumanna og indíanskra kvenna), Þoitos edr indíanskir prælar og hinir sudverdligu landsmenn, Indíanar eda hinir gamlu Mexikanar. Þeir sídstnefndu eru tvenslags, nl. þeir sem sídast hafa og samit sig at háttum nýlendumanna, og hinir, er ei hafa enn ratat hjódgotur til edlis-batnadar og gódra sída; þessir lifa frjálsir og frír í fjallbygdunum og á heidunum hit nyrdra í landinu; þeirra merkastir eru Apakar, er búa vid vestr-landamæri Louisíunu og eru hardsengir í orrustum; þeir lifa af dýra-veidum og ránum; — hinir eru at vísu frjálsir, en þó hádir atkomumsnnum og undirorpnir ýmsri hjónkan og kvodum og fæta opt afarkostum af heim. Enn-þá greinast þeir, sem tilforna, í tvær stettir, kasíka (herra) og bænder, og eru hinir fyrri valdir til dómara og presta, er hafa manna-forrád í þorpum þeirra og á landsbygdinni. Afkomendur þessir enna fornu Mexikana mæla 20 máliskur og eru 2 af þeim hinar almennustu, nl. hin mexikanska eda aztekiska og hin ótómitiska túnga.

II. Sudr-Ameríka (Sydamerica).

Þessi hluti vestr-heims er hérumbil 350,000 ferhyrnings mílur og greinist í 11 hluti, nl. Frí-

Digitized by Google

ríkin: A. Kólumbía, B. Perú, og C. Kilí, D. en sameinudu Fríslond, E. Brasiliu-keisaradæmi, enar F. frønsku, G. ensku og H. hollendsku landeignir (á meginlandi), I. Patagónía, K. Indiana-land og L. Eyarnar.

A. Fríríkit Kólumbía (Republiken Columbia).

Petta ríki liggr vid hinn mexíkanska hafsbotn sunnanverdan eda hit svokallada karaibiska haf og nær alt til Gvianu austr; fyri sunnan pat liggr Brasiliu-ríki og Perú, en at vestanverdu markar hit Kyrra-haf og Gvatimala-ríki hvi takmork. Pat er 63,600 ferhyrnings-mílr at stærd. Hit vestra ganga Andes- eda Kopar-fjöllin um ríki petta og eru par, einkum í landsálfunni Qvitó, einna hærst; at Zimbórasó (sem ádr er gétit og sumir segja sé 21,440 fóta at hæd frá sjávarmáli), undanteknu, eru par 3 fjöll hærst: Pikinga, Kórasson og Túngúraga. Í landsálfu peirri, er Kúndina-marka heitir, deilist fjallgardr pessi í 3 greinir og kallast hin austasta peirra Venezuelu-fjöll; annr gengr vestar at sæ fram par sem heitir Veló-höfdi; hann er hinn nordasti oddi

Digitized by Google

í Sudr-Ameriku. Ei eru eldfjöll fá í þessu riki, og gjósa þau tídum; eitt af þeim spýr nokkurskonar fiska-kyni, er finst í tjörnum í grend vid fjallit; fjall þat, er Tótópaxi heitir, gós opt ógurliga. Um riki þetta renna þrjár þjód-ár og eru þær allar feykiliga miklar: a. Magdalenu-á, hún fellr undan Antis eda Andes-fjöllum 200 mílr vegar, í nordaustr, og rennr í 6 ósum í hit karaibiska haf. Austar kémr b. Orinóká til sjáfar í allmörgum ósum úti í hit atlantiska haf gagnvart Prenningar-ey (Trinidad). Áfalli afarmikill, er Kassiagari eda Kasikviari kallast og Svart-á (Rio Negro) sámtengja fljót þetta og Skjaldmeya-á, og er eylandit, sem á þessa lund er á þrjá vegu umflotit af tédum fljótum, en af hafi at austanverdu, næst eptir Nýa Holland, hin vídlendasta ey í heimi. Bádu megin vid Orinóká er slettlendi mikit (Savanner), sem er hérumbil 14,000 mílr at ferhyrnu máli; yfir þat flædir fljótit, þá rigningar gánga og verdr þá 25 mílr at breidd, en hverveina er þat lygnt mjög. c. Maranon eda Maragnon er hit störkostligasta vatnsfall í heimi; í þat renna 60 ár og eru sumar af þeim á minni enn Wolga og Dunn (Donau), t. d. Júpúra, fyrrnefnd Svart-á og Madeira.

Digitized by Google

Eptir at sídsitid á hefir í Maranon runnit, er þat kallat Amazón-fljót eda Skjaldmeya-á og breidkar úr því svo mjog, at þat fremr líkist allbreidum firdi enn fljóti; þat er nærhæfis 1000 mílr at lengd. Í mynni þess eru eyar tvær, er Kaviana og Jánez heita. Medal allmargra stodu-vatna í riki þessu eru þar tvo merkust: Marakaibó-sjórinn, úr því rennr ós í vidkéndann sjord — og Parima, er Orinóko rennr í og úr; þat meina menn at sé at eins slód af tédri á, þar sem sléttlendit er lægst og hallinn eingi. Ur vestri edr af Kyrra-hafi hverfa firdir tveir inn í landit; heitir annar Panama-fjordr (þar sem eidit er mjóst) og annar Gvajaqvil-fjordr, hann skérst inn skamt fyri sunnan midjardarlinu. Hit eystra gengr Dariu-fjordr af hinum mexikanska hafsbotni í sudr, og austar Marakaibó-fjordr, sem fyrr er nefndr.

Fyrrum greindist þessi hluti landeigna Spánar-konungs í Sudr-Ameriku í þrjú riki (Provindser), er kolluduft: Nýa-Granada, vestast, þat var kallat kongsriki, þá hofdingiadæmit Karakas og Gviana (Guyana) austar; en nú sídan fristjórnin hófst, er hann deildr í 9 fylki (Departementer), er kallast: Orinóko, Venezuela, Súba, Rojakka

Kundinamarka, Kanka, Magdalèna, Qvitó og Panama. - Penna hluta kolludu Spánverjar yfirhofud: Terra-firma, (o: megin-land) en þó sérilagi þá landsálfu, er næst liggr Dariu-eid hit sydra.

Merkustu stadir í þessu riki eru: Bógóta (Sancta-Fe de Bogota), þat er hofudborg í Kólumbiu-riki og hefir þar stjórnar-rád ríkisins atsetr; þar eru 30,000 innb. Fyrrum var borg hessi hofudstadr í Nýu-Granada og stód nær-hæfis mittlands í henni; sat þar þá Vice-kóngr, er í því riki var settr til yfirsóknar. Í sudvestr þadan er stadr sá, er Pópajan kallast, hann stendr í Antis-fjallbygd; þar eru 35,000 innb. Í honum eru smidjur margar og í grend vid hann ardsamar námur. Qvitó er sunnar, og stendr í hlíd eldfjalls þess, er Pikinga heitir, og þvínær undir midjardar-hring; þarinn liggr allra borga hærst í heimi (n. 8772 fótum hærra enn lás-slétta); þar eru kyrkjur margar og audug múnklifi — og 70,000 innbúar. Þadan gengr einlægr þjódvegr yfir feykiliga mikil fjöll og djúpa dali til Kúskó, er Inkar hofdu lagt ádr þángat-komu Spánverja, og er hann eitthvert hit mesta stórvirki. Í útsudr frá Qvitó stendr kaupstadr sá, er Gvajaqvil heitir, vid fyrr-nefndan sjórd; þar eru 10,000 innb. Sydst

Digitized by Google

hit vestra í riki Þesu. er Kúenka; þar eru 30,000 innbúar. Panama er kaupstadr á sømnesfndri eid vestan-verdri; þar eru 12,000 innb. Á strøndinni, sem í hánordr veit, eda vid og skamt frá hinu karaibisku hafi eru þessir stadir: Portóhelló (Fagra-hofn) heitir kaupstadr, er stendr vestast, og á Daríu-eid austan-verdri; þar er hofn gód. Austar stendr Kartagena vid einn af ósum Magdalenu-fljóts; þar er hofn ágæt og 20,000 innbúar. Austar er kaupstadr sá, er Martha heitir, og annar í sudaustr þadan og vid ós, er rennr úr Maracaibó-vatni í vidkéndann sjord vestan-verdan, er Marakaibó kallast. Lánga leid í austr þadan stendr Karakas (Caracas eda Leon de Caracas), þat er mikill kaupstadr og var fyrrum hofudstadr í samnefndu jarlsdæmi; þar eru 40,000 innbúar. Þrjár mílr þadan er hofn stadar þessa, er Gvayra heitir. En austar stendr Kúmana, skamt frá Karlókófirdi, er gengr úr vestri inn milli skaga nokkurs og meginlandsins; þat er hinn eldsti stadr, er Spánverjar hafa gjora látit í þessum hluta heimsálfunnar; þar eru 18,000 innbúar.

Í þeim hluta strandarinnar fyri sunnan Orinókó-fljót, sem nú er skeytt vid Kolumbíuriki og fyrrum kalladist: hit spánska Gviana

(Guyana) er kaupstadr, er Sti Thómasar-stadr (St. Thomas de Guyana) heitir.

Loptslagit í þessu riki er áþekt því sem, er í ödrum löndum, er liggja undir mid-himin-vegi og í grend vid hann; þar greiniſt ár í tvo miſsiri, nefnil. hita- og regna-tíd; hin ſídar-nefnda varir í ſumum landsálfum í fulla 10 mánudi. Vid sæ og hvervetna á laglendinu er mikit afl hita og mjög óholt ollum útlend-ingum. Í fjallbygdunum er loptit temprat og einkar þægiligt; í dalunum í Qvitó-fylki er nær ávalt inndæl vor-blída. Stormvidri og jard-ſkjálftar olla þar optliga mikils jarduſla og ógurliga tjóns á ſjó og landi.

Vídaſt er jardvegr í þeſsu landi einkar frjóſſamr og búinn margbreyttum og fjölnýtum krúda. Medal gæda þeſs má hér telja: gull, ſilfr, platinu, gimſteina, fjölbreyttan og ágætan vid, kakaó, vanilju, kotzenilju, kaffe, dodlur, ſykr, indigó, hrísgrjón, kvaſia, gvajak, tóbak, kínabark og ſ. frv. Mörg eru þar herſilig dýr og ókindur, t. d. alligatóri, titrings-áll, hogg-ormar og hringli-ſtaungr, vampýr og ſkorpiónar.

Innbúar ríkis þeſsa eru 2 mill. 650 þúſund at tölu og eru þeir bædi ſpánſkir at kyni, Kre-ólar, Meſtitzar, Blökkumenn og Indianar, eda afkomendr heirra þjóda, er bygdu veſtr-heim, ádr útlendingar tóku þar bólſeſtu. Þeſsir eru og hvorjum hinna kynnflokkanna ſjölmennari og fleſtir frjálſir forrædis af heirra álfu. Lands-menn leggja einkanliga ſtund á ýmiſkonar jard-yrkju, kvikfjár-rækt og málma-groft, en litt eru

Digitized by Google

þeir enn á veg komnir til vísinda frama og íþrótta, handiðna og hagleiks. Kaupeyrir þeirra flyzt til Evrópu sérílagi frá Karthagena, Sti Martha og Svayra. Við þá eiga Enskir og Hollendingar launkaup, svo stórmiklu nemr. Allr hinn kristni landslýðr er kathólskr at trú, en mestr þorri Indiana heiðinn. Medal hinna síðari er þjóð sú talin, er Góahírar kallast; þeir búa við sæ og hafa 30,000 vígra manna og eru hardsengir og grimmir. Medal ýmsra þjóðflokka, er búa í grend við Orinóko, er þat siðr, at menn dagliga eta 1 pund moldar, er þeir grafa upp þar jörðin er feitust.

Kóngsríkit Nýa-Granada og jarlsdæmit Karakas gjörðu 1811 uppreist gegn Spánarkóngi og gengu undan veldi hans. Hófst þá styrjöld mikil milli hans og nýlendumanna, er varaði í 8 ár, en svo lauk, at þeir fyrir hreysti ötula framkvæmdarsemi og snjallræði foringja sins, hins nafnfræga Bólívars, báru hærri hluta, sameinuðu téð ríki þann 17 Decbr. 1819 og kölluðu bæði ásamt Kólumbíu-ríki. Í því er þjóðstjórn í lög leidd og er henni álíka háttat og í hinu norðr-amerikaníska Fríðlanda-ríki; nokkurskonar alþingis-ráð (Generalcongressen) setr lög, en forsetinn (Præsidenten) annast um at þeim sé hlýðt.

B. Fríríkit Perú (Republiken Peru*).

Þetta ríki liggr fyrir sunnan Kólumbíu-ríki

*) Þá Spánverjar komu þar fyrst við land og höfðu tal af landsmönnum, spurðu þeir: "hvað

Digitized by Google

og á vestr-ströndinni; fyrir austan það er Brasilíuland, en hit sameinuðu Fríríki fyri sunnan. Það er nærhæfis 45,000 mílr at ferhyrningsmáli, en íbúar þess eru 1 mill. 500 þúsund at tolu. Fjallgardrinn mikli eda Ándesfjallgardr gengr í gégnum land þetta úr sudri í nordr og liggr hann sumstadar 16, en sumstadar 6 mílr frá fjöru-máli Kyrrahafs. Vid sæ er landit hvervetna lágt, eigi óvída sendit og agasamt, en þó þess ámedal einkar frjóssamt; það kalla menn Valles. Þá frá sjó dregr, taka gróft undirfjöll (Sierras) vid; en ámedal þeirra liggja forkunnar fagrir og frjóssamir dalir. Allmargar þverár falla úndan tédum fjallgardi í vestr til sjáfar; í honum eru og uppsprettr Maranons-fljóts, er þar kallast Apúrímak; það fellr fyrst nokkra leid í nordr á takmorkum Kólumbíu og Perú-ríkis; þar rennr í það á sú, er Taugúragva heitir, hún skilr téd ríki. Merkustu stöduvatn-eru Titikaka í Arekvipu-fylki, og Laurikocka eda Laurizhóa.

Fríríki þetta greiníst í 7 fylki, er kallast: Líma, Kúskó, Arekvipa, Gvamanga,

---

heitir land yðvart"? Landsmenn skildu þá ei og hugðu þá spurt hafa: "hvorsir erud þér" og svöruðu: peru, er þýðir: "vér erum fiskimenn"! Þetta létu atkomumenn sér nægja og kölludu landit síðan: Perú.

Digitized by Google

Truxtrilló, Gvankavellika og Tarma. Þau taka nafn af merkustu stodum, sem í þeim eru.

Í Lima-fylki, sem er eitthvert hit frjósamasta landspláts í heimi, er höfudborg ríkis þessa, er Lima heitir, hún stendr á einkar fögrum stat, hvínær 2 mílr frá Kyrra-hafi eda hafnarstad hennar, sem Kallaó kallast; þar eru 50,000 innbúar. Þar má sjá hvorttveggja, sundurgerd mikla og skrautmenni, og örbyrgd og arma kynslód. Nordar í ríkinu og skamt frá sæ stendr merkr kaupstadr er Trúgillo heitir; hann lét Pizarró gjöra, umgirda med múrveggjum, og kalla eptir fædingarstad sínum á Spáni. Þar eru 12,000 innbúar. Hafnarstadrinn vid sæ kallast Gvankaló. Í landsudr frá Lima er stadr, er Gvamanga heitir og hvorn Pizarró lét byggja; hann stendr uppi Andes-fjallbygdum; þar eru 26,000 innbúar. Vestar og vid sæ er Gvankavellika, þar er kvikasilfurs-náma mikil. Í landsudr frá Gvamanga og 92 mílr í sömu átt frá Lima er hinn forni höfudstadr ríkis þessa, er hét og heitir Kúskó (Cusco); hann stendr lánga leid frá sæ og í Andes-fjallbygdum; þar eru 32000 innb. Þar sátu fordum konúngar Perúmanna, er Inkar (Incas eda Incaer*) voru kalladir.

*) Inca þýdir, bædi: herra og sólar-son.

Digitized by Google

Hit sydra í ríkinu og í forkunnar fegrum og gagnaudgum dal, er Kvilóa kallast, stendr merkr kaupstadr, er Arekvipa heitir; þar eru 24,000 innb. og ógrynni varnings bædi frá Evrópu og Ameriku samankomit. Tarma kallast lítill stadr og sylki sunnar á strondinni.

Vid sæ er hvervetna hiti mikill í riki þessu og mjog sjaldgæfar rigningar, þó kala sævindar og fjallagolan nokkut ofr-hitann. Í fjallbygdinni er miklu svalara og heilnæmara loptslag; þó má hvergi í þessu landi vetr frá sumri greina af odru enn því, at þá eru regnskúrar tídari, enn á sumrum.

Landkostir eru þar áheckir heim, sem frá er sagt í Kólumbíu-ríki, einkum í Nýu-Granada. Varla má ossogum segja af audlegd lands þessa af gulli og silfri og odrum þorfum málmum, en óvída eru þar skógar til hlýtar. Þetta og þorsti Spánverja í gull og silfr hefir ollat því, at hverki hafa námu-verkin verit stundut syri sakir eldsneytis skorts, né jordin yrkt, sem skyldi. Gagnsamustu dýr í Perú er Lama- og Vigogn-dýrit; á hinum er borit og eru þau einkar þorf í námu-verkunum, en hin fídari bera einkar fína ull; þaradauki á þar sérlagi heima dýrakyn hat, er Vinkunnas heitir.

Innbúar ríkis þessa eru 1 millión og 500 þúsund at tolu og eru þeir af þremr ættstofnum, nl. evrópumonnum og blokkumonnum, er þángat hafa flutzt, og hinum ondverdligu landsbúum, komnir. Þeir sídst-nefndu eru hérumbil

Digitized by Google

400 þúsund og greinast í tvo flokka, nl. hær þjódir, er hvervetna verit hafa ósídadar og hálfvillar, og afkomendr enna fornu eiginligu Perúana, er hörfudu undan ofriki og yfirgángi Spánverja til Andesfjalla, hófu þar riki og tóku höfdingja yfir sig, er Ampureó kallast at nafnbót og hafa kyn sitt at rekja til Inka eda ennar fornu konúnga-ættar í Perú. Konúngar þessir höfdu um lánga æfi rádit þar riki med mildi og velsemd, þá Pizarró, spánskr svína-hirdir, en þó mikill kappi, kom þar fyrst vid land 1526 og nokkrum árum seinna fremr med slægd og svikum enn hreysti vann þat undan heim og eignadi þat Spánar-konúngi; hann sat þar at veldum uns hann var af dögum radinn 1542 og var þá árit eptir settr þar jarl eda Vice-konúngr til yfirsóknar. Ad Perúmenn hafi verit betr at sér um marga hluta enn adrar fornmanna-þjódir í Ameriku, votta bædi fráségr enna fyrstu nýlendumanna, og fornmenjar hær er enn, þó margt sé til grunna gengit, finnast í riki þessu, t. d. þjódvegir yfir háfjöll og fyrnindi, pýramidar, óbelískar, vatnsleidingar, kastalar, múmiur (uppþornud lík) málverk, vöpn, af kopar gjör, málmplátr med ágreiptu og ókunnu letri og mindum, skáldskapr og hljódfæri.

Hin kathólska trú er lögtekin í Perú-riki og hafa þar 4 biskupar og 1 erkibiskup kénnimannligt forrædi. Nokkr hluti assprengis fornmanna hefir tekit kristna trú, einkum þeir, er ei sylgdu löndum sínum til sjallbygdanna og stunit hafa undir þrældóms oki afkomumanna, þá kalla Spánverjar: fideles, en hina, er enn

Digitized by Google

halda við Inka-trú: barbaros; þessir dyrka sólina.

Þá uppreistar stokkadrættir hófust 1811 í enum spönsku ríkjum í Ameriku, tókst jarlinum í Perú um hríð at hamla þeskonar óröa í ríki sínu, og var enn fremr fær um at sefa um stund uphlaupin í Nýa-Granada og Kili-ríki, uns hersöfingi Kilimanna 1821 kom at sunnan með óvigan hér, fór herskildi yfir Perú og stökti vildarmönnum Spánarkonúngs og heim, er untu stjórn hans, úr landi. Géck þá ríkit undan veldi téds konúngs og gjördi freisi sitt þjódræmt.

C. Kili-ríki eda Zile-ríki (Republiken Chile edr Chili).

Svo kalla menn lángt, en ei all-breidt, strandlendi, er Kyrra-haf at vestanverdu, en Andes-fjallgardr hit eystra, marka takmörk. At nordanverdu skilr hat og Perú-ríki hrjóstug strönd, er Atakama heitir, en fyri sunnan hat liggr Patagónia. Téds fjallgardr er þar 18 til 19 þúsund fóta hár og eru í hönnm 20 eldfjöll, er ei allsjaldan gjósa og olla jardskjálfta. Ærit margar hver-ár falla þar til sjáfar um forkunnar fagra og frjóssama dali, er liggja upp í nefnd fjöll. Ríki þetta er 6139 ferh. mílr at stærd auk landsbygda Aráúana, sem er 1918 mílr at ferhyrnings máli, og liggja sydst.

Digitized by Google

Í Kili-riki eru þessir stadir merkastir: Sti Jakob eda Jakobsstadir (St. Jago); þat er höfudborg, er stendr nokkut nordar enn mittlands, á árbökkum í forkunnar fögrum dal, er Kili eda Zile kallast (af hönunt tekr ríkit nafn) og 18 mílr frá sæ edr frá kaupstúni því, er Valparaíso heitir. Þar hefir stjórnarrádit, er hefir mannaforrád í ríkinu, og erkibiskup, atsetr. Borg þessi er vel húsut og audug; innbúar hennar eru 46,000 at tölu. Í Valparaíso er ærinn kaupskapr og afarmikill útlenzkr og innlenzkr varningr samankominn. Sunnar á strondinni stendr annar stadr mestr í þessu ríki, er Conception heitir; hann stendr í dalsmynni vid fagra vík og var fyrrum höfudstadr í Kili. Þar eru 13,000 innbúar. Í sudr þadan stendr kaupstadr sá vid sæ, er Valdivia kallast; þar er hin bezta höfn á Vestr-strond Ameriku.

Sunnar liggr eyaklasa skamt undan landi, er Chonos eda Kudúnga-eyar kallast; þær eru 3000 at tölu, en at eins eru 24 af þeim bygdar; þær eru allar samt 173 ferhyrnmílr at stærd. Þeirra vídlendust og merkust er eyan Kiló eda Zíló, hún er 38 mílr at lengd. Ey þessa vardi spánverskr hersöfingi lengi fyri kóngs-stjórnar fjandmönnum, en mátti þó uppgéfast ondverdliga á umlidnu ári. Á

henni eru frjóssamir dalir og skóglendi mikit. Á eyum þessum er kald vedrátta og stormar mjog tídir. Eyarmenn eru 30,000 at tolu og eru þeir bædi af innfæddum hjódum og Spánverjum komnir; þeir lifa af fiski- og dýra-veidum, saudfjár- og svína-rækt og skógar-hoggi, og lifa hvervetna vid knappa kosti. Nokkud nordar enn undan riki þessu midju liggja eyar tvær litlar, er Fernandis-eyar heita; onnr heitir kallast Tierra og er hún nafnkend ordin af skotskum farmanni, Selkirk at nafni, er 1705 var settr þar á land og dvaldi þar ein-saman um hrid.

Kili-riki er eitthvert hit heilnæmasta og vedrasælasta land í heimi, hafa menn því kallat þat Vestr-álfu Valland. Landit er og einkar gagnaudugt og frjóssamt; þar finst gull mikit í jordu (7 millióna spánskra dala virdi árliga); kvikfé er þar mikit og gagnsamt og villi-hestar; þadan flýzt: korn, vín, tólkr, húdir og margskonar málmar, t. d. gull, silfr og eyr afarmikit.

Hinn kristni landslýdr er 900 þúsund, en hinn heidni eda Indíanar, er ei hafa enn varpat sér undir veldi atkomumanna, 400 at tolu. Hinir játa kathólska trú, sem at líkindum lætr, þar Spánverjar fyrstir allra Evrópumanna fundu land þetta, nokkut seinna enn Perú, og unnu þat undir hersogn lidstjóra þess, er Valdivia hét, 1541 undir konúng sinn; en 1818 gengu landsmenn úr þegnskap vid þenna hofdingja og hófu frí-ríkis-stjórn eins og hin onnr nýlendu-riki hans vestr í heimi. Medal enna indíanisku

Digitized by Google

kynkvísla, er þetta land byggja, er þjóð sú, er Aráканar (Araukaner) kallast, merkust og fjöllmennust; þeir vordu lengi og hraustliga frelsi sitt fyri árásum Spánverja og létu hvergi sigrast, uns þeir gjordu frid vid þá 1775 og héldu öllu sínu. Aráканar eru hraustir menn, mannborligir, vel vaxnir og fridir synum, géstrisnir, stórsinnadir og elska frelsi sitt ofar öllu fremr. Þeir bera ullarfot og búa í timburhúsum. Tungumál þeirra lætr vel og sidir þeirra lýsa meiri mannrænu og mentun enn annarra þjóda, sem komnar eru af fornmönnum Ameriku; þeir hafa nokkurn sneftl af lærdómi, þekkja sólarár, stjornulist, halda tölr og skálda. Þeir blóta einn gud og marga undirgudi, en hafa þó hverki godahof né presta. Fyri riki þessu ráda fjórir fólkstjórar (Tokis) og eru þeir lendir menn eda taka mannaforrád at léni af alþýdunni; en þá ófridi er at gégna, er sá kosinn til hersforingja, sem mest er reyndr at hreysti og vígkænsku. Þeir heja orrustr med fylktu liði og hafa byssur, en kunna þó ei at tilreida púdr.

D. Hin sameinudu eda Bandamannariki í Sudr-Ameriku (De forenede Provindser i Syd-Amerika).

Fri-riki þetta liggr fyrir austan Perú og Kili, og eru þar Andesfjöll skilnadr-veggr milli þeirra, en nær þó at sæ vestr ímilli sídst-nefndra landa. Fyri austan þat er Brasiliu-riki, en

Digitized by Google

Patagóníulandi fyri sunnan, en ímilli þessara landa nær þat til hins atlantiska hafs austr. Þat er hérumbil 68 þúsund ferhyrnings mílr at vídáttu. Hit vestra eru í ríki þessu fjöll mörg og aflídandi hálendi mikit frá Andes-fjallgarði lánga leid austr eptir, taka þá við afar vídlendar grasivaxnar sléttur, er móðurnar hit hit nyrdra falla á, þá rigníngar gánga, en hit sydra eru þær þurrlendar mjög og vídast vatnslausar, og hverki sést á þeim skógr né leiti; eru þar því mannabygdir strjálar og allvída eingar. En þar gánga feykiliga miklar hjardir allskonar kvikfjár sjálfala. Slétt lendi þetta kalla landsmenn: Pampas.

Um land þetta falla ár margar og módur; þeirra merkastar eru: Paragvay og Parana, þær koma báðar frá Brasilíulandi, hin úr hánordri, þessi úr landnordri, og renna saman; fyri sunnan ármótin kallast vatnsfall þetta Parana, og rennr hún í lánga leid í sudr, en beygist at lýktum í austr; þá fellr í þat sjót, er Urúkvai kallast, úr landnordri; úr því kallast þat Silfr-sjó eda Plátu-fljót (Rio de la Plata), þat fellr í hinn atlantiska útsæ og er þar mynni þess 30 mílr at breidd. Allar eru ár þessar miklar, en hvervetna er þó skipaleidin á þeim torsærum skipud fyri sakir eya, hólma, skerja og grynninga. Hit nyrdra

fellr Paragvai á sléttr miklar og verdr þar grunt stöduvatn eda flód, sem er 66 milr at lengd, en 24 at breidd; þat kallast Xarayes eda Oberóba.

Riki þetta samanstendr af 4 löndum, nl. Sudr-Perú, Auster-Kili, Paragvai og Tukuman; og settu Spánverjar þar Vicekonúng edr jarl til forr, da 1776 og kölludu þat Silfr-ár-riki (Vicekongeriget de la Plata) eda Rikit: la-Plata (Plátu-riki); en þá landsmenn hvurfu 1816 undan veldi Spánarkonúngs, skiptu þeir þessum vídlenda geim í 6 fylki eda landsálfr: Buenos-Ayres, Paragvai, Kordóva, Salta, Pótósi, Karkas, La Paz og Kókabámba.

I Buenos-Ayres (o: heilnæmt lopt), er liggr syðst og nær bádumegin vid Silfr-fljót til hafs austr, og er einkar heilnæmt og gagnaudugt land, stendr samnefndr höfudstadr vid Silfrfljótit sunnanverdt og 36 milr frá mynni þess; þar hafdi fyrrum hinn spánski jarl atsetr, en nú er þar heimili stjórnarrádsins, erkibiskups og 62,000 innbúa; þar er kaupskapr mikill. Penna stad lét Mendoza gjora 1535 og kalladi hann: Nostra Sennora de Buenos-Ayres (vor blídvidra drotníng). Vid téda hjódá nordanverda og 24 milum nær mynni hennar stendr

Digitized by Google

viggirdr kaupstadr, er Montevideo heitir; þar er hin bezta hofn í þessu riki, og kaupverslun mikil. Bœarlýdrinn er 15,000 at tolu. Gagnvart Buenos-Ayres á nyrdri sljótsbakkanum stendr litill kaupstadr, er Sakrament (Sagramento) heitir; þar geyma menn gull, silfr, gimsteina og ymiskonar dyrindis-gripi í forda-húrum, sem annan varning.

Í Paragvai-fylki, er liggr nordar og bádumegin vid samnefnt sljót, er hofudstadr, sem Assumptión heitir; hann létu Spánverjar gjora 1535 vid Paragvai-sljót austanverdt, 140 mílr í nordr frá Buenos-Ayres. Þar eru 3000 innbúar.

Í Paragvai-riki finnast hverki málmar né merkar steina-tegundir, en einkar audugt er þar bædi dýra- og varta-ríkit. Í þessu landi, er þá var 40,000 ferhyrnings-mílur at vídáttu, tóku Jesúitar sér bólfestu á 17 old midri til at boda þar kristna trú, og fengu þeir af Spánar-konúngi einkaleyfi til at taka þar upp nýlendu og efla riki hans í þessum hluta heimsálfunnar. Þeir kolludu landit: Kristnibods-land (Terra missionum), skiptu því í 31 kristnibods-umdœmi (doctrinæ) og juku svo veldi sitt, at uggvœnt þótti, hvert þeir fremr þjónudu konúnginum, eda sér sjálfum, og med því at þeir hofdu búit vel um sig, bygt kastala og hofdu óvigann her, urdu þeir bráduum geigvœnligir grannar Spánar og Portúgals landeignum. Einvaldar á Spáni

Digitized by Google

og Portúgal komust á snæfil um áform Jesúíta, létu í sambjørgum her mikinn herja á landit, og at unnum sigri á heim árit 1756, stokkva heim á brott af Paragvai, og 10 árum seinna allum medlimum hessa metnadargjarna og lævísa múnka-sambands úr ríkjum sínum.

Í Salta-fylki, er liggr vestar og nær Andes-fjøllum, er samnefndr stadr, er Sti Jakob (Jago del Estera) heitir. Karkas-fylki liggr báðumegin vid Parana-fljót; har er samnefndr kaupstadr. Í Pótósí-fylki, er liggr fyri nordan Salta, stendr allmikill stadr undir samnefndu fjalli og vid fljótit Pilkomaió, er Pótósi heitir; har eru 100,000 innb. og eru heir margkynjadir mjøg, sem at líkindum lætr, því har eru gull- og silfr-námur svo miklar, at óvída eru nafnkunnari né audugri á heimskringlunni. Þær eru 6 míle ummáls og gégna har 30,000 manna námu-storfum. Þær fundu menn 1545 og grófu har upp svomikit gull og silfr til sídstu aldamóta, at ágódinn vard hérumbil 1437 millión. ríkisd. Árit 1547 var tédr kaupstadr gjørr. Fylki hetta er annars hvervetna hrjóstugt og snaudt mjøg af jardar-ávøxtum.

Málægt nordvestr takmørkum ríkisins er stóduvatn mikit, er Titikaka kallast; um-hverfis hat liggr La-Paz-fylki, og enn nordar:

Digitized by Google

heimskringlunni, liggr austast í Sudr-Ameriku; fyri nordan það er Kolúmbiu-riki og hin franska Gviana, en þau samtengdu fri-riki, sem nú er frásagt, fyri vestan það. Í landsudr, austr og landnodr er það umflotit af hinum atlantiska og ethjópiska útsæ. Það er 132 þúsund mílr at ferhyrnings-máli.

Riki þetta er nær hvervetna hálendt og allvída, einkum midtlands þakit svo myrkum og þéttum skógum, at ei má igégnum þá leid finna hverki á fæti né hesti. Strandlengis gengr fjallgardr nokkr mikill um það, er hin brasilianska Andes-fjoll heita; þau skiptast hit nyrdra í allmargar greinir. Hit vestra eru sumstadar svæsi eda sandfletjur miklar og svo snaudar, at varla sést þar stingandi strá. Í heim hérudum og lands-álfum, er liggja vid og í grend vid sæ, eru landkostir beztir; en það hafa menn fyri satt, at ei sé meiri hluti þessa vidlenda og vedrasæla rikis skipuliga yrktr enn áttatugasti og áttundi partr.

Um riki þetta falla ár margar og fljót; hit nyrdra fellr Maranon eda Skjaldmeya-fljót í austr, sem fyrr segir; í það renna margar stór-ár, t. d. Svartá (Rio Negro), er kémr úr útnordri; Madeira, er rennr 300 mílr úr útsudri, og Tókantin (eda Gran-Para),

Digitized by Google

er fellr úr sudri út í mynni þess; en í hit atlantiska haf fellr Franziskus-á (Rio Francesco) hit nyrdra á strondinni, er í sudaustr veit. Upptök fljótanna: Paragvai, Parana og Urúkvai, eru einnig í þessu landi. Hverki eru markverd stodvatn í landi þessi, né strondin vogskorin eda nesjótt; merkastr er þar fjordr nokkr, breidr og skammr, er Allra-heilagra-fjordr (Bahia de todos los Santos) kallast. Austr-horn landsins heitir Roqva-höfda.

Riki þetta er greint í 12 höfdingjadæmi (Capitanias) og ná þau flest til sjáfar hit eystra; þau og merkustu stadir í þeim heita:

1. Ríó-Janeiró eda Janeiró-árlandsálfa kallast nokkr hluti strandarinnar, er í landsudr veit; þar er höfudborg ríkisins, er Ríó-Janeiró heitir; hún stendr vid allmikla vík, þar samnefnd á kémr til sjáfar, og undir fjallshlíd, og er hún vel húsut og allmikil. Þar hefir keisari kosit sér heimili. Borgina og ármynnit verja virki tvö, er Santa Cruz o: hinn heilagi kross og Lózia heita og kastali sá, er Sti Sebastian kallast. Margar eru þar skrautligar byggingar, vegligar kyrkjur, fögr og þrádbein strœti, ein mikil vatnsleidíng, og stjornuturn, margskonar smidjur og verkstadir, höfn svo god, at varla finst betri í heimi, og

Digitized by Google

kaupskapr afarmikill; þar eru 100,000 innb. medal þeirra eru 40,000 blökkumanna. Skamt frá borginni er lystigardr keisarans, er Sti Karl (St. Carlos) heitir.

2. Para eda Mikla-Para liggr nordaft, en þó fyri sunnan Skjaldmeya-fljót og imilli hafs og Perú-rikis. Þar er höfudstadr, er Belem eda Para heitir, og stendr vid Tókantíns-fljót austanverdt. Fyri nordan Skjaldmeyafljót liggr mikit en litt kannat land, imilli Sudr-Kolumbiu takmarka og hafs, er hin portúgisiska Gviana heitir, og er þat nú skeytt vid fyrrtéd höfdingjadæmi, hvort at visu er hit vidlendasta í Brasiliu-riki, en vida mjög strjálbygt. Sunnar á strondinni, er í nordaustr veit, liggr:

3. Maranhaó, í því er samnefndr höfudstadr, er stendr á ey í hafvik nokkurri, í hverja 3 ár falla. Penna stad gjordu Frakkar 1612. Sá hluti strandlendis þessa, er liggr imilli árinnar Paranaiba og hafs, kallast:

4. Seara eda Siara, þar er samnefndr höfudstadr, vid sjó; þar í grend vid sinst krystall mikill. Sunnar á strondinni, þar sem hún gengr lengst í austr, liggr:

5. Pernambúkó (rángl. kallat Fernambúkó); þat er einkar gagnaudugt og hit fjölbygdasta land í ríkinu; á strondinni, ei alllángt

Digitized by Google

:i sunnan Roqva-hofda, stendr hofudstadr, er
ernambúkó eda Olinda heitir; har er
kit kaupverslun, gód hofn og heimili 32,000
íbúa. Padan flýzt ógrynni brasiliu-vidar-
unnar liggr:

6. Bahía, hat er langt og hit sydra
ótt strandlendi, er Franziskus-á markar tak-
ork hit nyrdra og at nokkru leiti at vestanverdu.
ar er hofudstadr, er Bahía edr Salvator
alvador o: Frelsari) kallast; hann stendr vid
lra-heilagra-fjord austanverdan, og var hofud-
org í Brasiliu-riki alt til 1751; nú er hann
mar stadr mestr í rikinu. Par er kaupskapr
armikill, hofn ágæt, hofgardr og mikill audr
mankominn; har er heimili bjódbiskups og
00,000 íbúa; medal heirra eru at eins
0,000 hvítra manna. Sunnar á strandinni
:: Segúru-hofn (Porto Seguro), har tók
abral, landnámsmadr, fyrst land í Vestr-
eimi. Í hessu landi eru margir dýrligir
ndkostir og marghättadar gnægtir. Fyrir
estan hat liggr:

7. Minas-Geraes eda Minas-
eraes; hat er allmikit og einkar gagnaudugt.
pat nær at eins lítt til sjáfar milli fjóstnefndrar
ands-álfu og Rio-Janeiró. Par er hofudstadr,
r Villa-Rica heitir. Par eru gull-námr

Digitized by Google

nafnkendar. Í þessari landsálfu er við ána Igitonhonha demanta-grafningr mikill og arðsamr, er Mandanga heitir; þar er einu þúsundi blokkumanna til leitar skipat. Vestar og nærhæfis miðlands liggr:

8. Gojaz; þat er víðlendt, gullrikt mjög og fjöllótt; þar er höfudstadr sá, er Villa-Bóa heitir. Vestast í Brasiliu-riki liggr:

9. Matto-Grosso; þat er afarmikit ummáls, fjöllótt, skógivaxit mjög og hinn hálendasti partr Brasiliu; samnefndr fjallgardr gengr eptir því midju og falla þadan nær í allar áttir vötn til hafs. At vestanverdu skilr Madeira nyrdri hluta lands þessa og Sudr-Perú, en Paragvai sudr-hluta þess og Plátu-ár eda Silfr-fljóts Frílondin. Þar er stadr sá, er Villa-Bella (Fagribær) kallast.

Þrjú síðst-talin landshöfdingjadæmi kallast einnig Bergverka-landsálfr, med því í þeim finnast sérlagi bædi málmar flestir og margskonar ódalsteinar, t. d. demantar, ametýstar, krýsólítar, tópasar, og s. frv. Í hinni fyrst-töldu fundu menn fyrst ógrynni gulls 1577, og demanta í sandinum skríngum gullit, rúmum 150 árum seinna; má þar af rada, at ei hafa leitarmenn gleggvir verit að náttúrufródir.

10. Sti Páls-land (St. Paolo) liggr fyri sunnan og vestan Rio-Janeiró og ímilli hafs og Paranafljóts; þar er höfudstadr, er

Digitized by Google

ti Páll (St. Paolo, Pálsstadir) heitir, og
n einnig kallast Piratininqva (Víkinga-bæli),
ed því hinir ondverdligu innbúar stadar þessa,
eir svokolludu Páliştar) vóru illræmdir og
ælir sjóreifarar frá 1684 til 1730. Þar eru
erkar gullnámr og hérumbil 10,000 innbúa.
unnar og vid sæ liggr litit fylki, er

11. Sti Katharina kallast; þat tekr
afn af samnefndri ey, er þar liggr skamt undan
ndi og er 25 mílr at lengd, en 4 at breidd;
ún er forkunnar gagnaudug. Þar stendr höf-
dstadr þessa fylkis, er Antoniusarstadr
eda Villa nostra Senhora do Destero) heitir:
ar er göd höfn, er Punta-Grósa heitir.
Þadan sækja menn mjög á hvala-mid austr í
jaf og er sú veida einkar ardsom. Þat er sídr
med eyamönnum, at þeir láta sér geysa-miklar
neglur vaxa á fingrum, einkum á þumalfingri;
þeir eru annars letingjar og kunna litt at ödru
enn hvala-veidum. Sunnar og jafnframt sydst
í Brasilíu-riki liggr:

12. Rio-Grande (eda Miklu-ár-)
fylki; þar er samnefndr stadr, er einnig kallast
Péturstadir (St. Pedro), vid eins nefnda á.
Þadan flyzt ógrynni húda- og skinna-varnings.
Í þessu fylki er mikit stöduvatn, er Patos
kallast; úr því rennr skipfær ós til hafs.

Digitized by Google

Hit nyrdra í Brasiliu-riki er allmikit af hita, þó tempra tigningar, sem þar eru mjög tídar, ofurhitann. Því lengra sem sudr-eptir dregr, verdr loptit heilnæmara og vedráttan þægiligri.

Öll eru þar náttúruriki einkar sjelfkrúdug í jörd og á, en hingat til hefir landsmenn skortat manndóm og lagkænsku til at hagnýta sér til-hlýtar gædi þeirra, því hverki yrkja þeir jordina sem skyldi og í ýmsum sveitum bera menn ei kénsl á plóg né erjun, ei heldr grefjast þeir med nægu athygli né atorku um audæfi þau, er í jordu liggja og óvída eru þar námugrafir dypri enn 3 og 4 álnir. Gullit grafa þeir bædi af jordu upp og þvæla gullkorn af sandinum, vid ár og í lækjar-farvegum. Járn og eyr hafa menn á seinni tídum fundit þar unnvorpum og þó eru þar at eins fá-ein þvílik námu-verk. Demantana þektu menn ekki gjörla fyrr enn 1750 og vár þeim kastat burt sem sorpi, þá þeir fundust í gull-grosunum. Nú hefir félag nokkurt einka-leyfi at leita þeirra og erú í þess þjónústu 600 blakkra manns-manna; en hógliga sylgir þat fram leitinni, at ei olli ofr-gnægd þeirra þess, at þeir og adrir gimsteinar falli um of í verdi. Medal Brasiliu almennustu gæda má telja: gull, silfr, plátínu, adalsteina, hérumbil 80 ágætar og einkar fagrar vidar-tegundir (þarámedal: Brasiliu- Pernambúk- kampeskju- og mahogni-vid), hrísgrjón, sykr, kaffé, vidar-ull, tóbak, indigó, kakaó, vanilju, pipar, margskonar lækninga-jurtir, manndý,

Digitized by Google

o. s. frv. Á sléttlendinu, (er kallast Campos) gánga geysi-miklar nautpenings-hjardir og villi-uxar sjálfala (sem vida í Plátu-ár-ríkjum) og er hér sem þar optsinnis gjordr mannsofnudr at veida þá; en ei skeyta menn um annat enn húpirnar og láta kroppana eptir liggja, er á sumtum olla óhollustu. Margr er þar og fugl og margkynjadr; villidýr morg: tapirur, dýrit lata, villi-svín, skjaldpaddr, eitradar slaungr og margháttud skorkvikindi.

Landsbýdrum er hérumbil 4 millión, at tolu og er at eins fjórdi partr hans hörunds-hvítr og ættadr frá Evrópu, sérlagi frá Portúgal; annar fjórdi parttinn er indíanisk at kyni, en allr helmingr landsbúa er Blakkumenn og Múlattar, er þar hafa hvervetna lifat vid betri og blídari kjör enn kynmenn þeirra í ödrum Nýlendum Evrópumanna í Vestr-heimi; þeim er þar audsótt at vinna af sér ófrelsi, því tvo daga eru þeir verkfrír í viku. Þeim er sérlagi til starfa haldit á plantunar-ökrum (t. d. sykr-ekrum) og í bergverkunum. Færri eru þeir af fornmanna afkomendum í þessu ríki, er tekit hafa tiluverdum framförum til edlis-bata og menntúngar; flestir lifa þeir, sem adrar villi-þjódir í Sudr-Amerikku, af fiskætum og villi jurtum, því dýra-veidar eru þar miklu torsóktari enn í nyrdri hluta heims-álfunnar, sökum þéttleika skóganna; en engu at síd, hótt ei deili þér hér sem þar um veidina og veida-rétt, eiga þó þjódir þessar í sífeldum stridum innbyrdis og snæda ei allsjaldan fánga sína. Þeir grimm-

Digitized by Google

ustu medal þessara þjóða eru Bótúkadar, þeir hafa lengi elt grátt silfr við Portúgalverja og gjort þeim mikinn skada.

Hin kathólska trú er lögtekin í Brasiliu-riki og eru þar einn erkibiskup og 8 biskupar settir til forrædis kennimannligum málefnum. Munkar boda þar kristna trú medal Indiana, en þeim hefir hingat til ordit litt ágengt. Ei hefir enn hinn illræmdi trúar-vandlætis-dómr (Inquisitionen) verit settr í riki þessu og eigi eru þar fleiri klaustr enn 20.

Nú rædr riki þessu keisari, er Petr hinn fyrsti heitir og tók hann keisara-tign og nafn 1822. Hann er sonr Portúgals konúngs, Jóhannis 6ta, er eptir andlát módur sinnar 1816 gjordist einvalds-konúngr bædi í Portúgal og Brasiliulandi, er árinu ádr (1815) var ordit konúngsriki. Keisara þessum gengr rád nokkurt til handa í ríkisstjórninni og er því veldi hans takmarkat og á hann mjog í vok at verjast fyri fristjórnar-fylgismönnum.

Brasiliuland fann hinn huggrekki og snjallráði farmadr Petr Alvarez Kabral, er 1500 lagdi í haf frá Portúgal og ætladi til Austr-India; þá hann sigldi sudr med Afriku, sleit hann undan vedr og rak hann vestr í haf, hann kom þar at landi, er fyrr segir. Hann eignadi landit höfdingja sínum, Portúgals konúngi; og sigldi at því búnu til Austr-heims. Med því at Portúgisar ei strax fundu þar gull og gimsteina, skeyttu þeir litt um land þetta og sendu þángat at eins sakfelda glæpamenn og

Digitized by Google

Gydinga, sem gródursettu þar sykr-reyr, er þeir fluttu með sér frá Maderu. Á því tímabili þá Spánar-konúngr redi riki í Portúgal og Hollendíngar vordu freist sitt fyrri hønum, unnu þeir Brasilíuland undir sig; en þá Portúgalsar høfdu aptr fengit konúng yfir sig, deildu þeir lengi um eignarrétt landsins vid Hollendínga uns þeir 1661 eptir samníngi vid þá fengu þat at fullu og øllu. Tóku þeir þá uppfrá því at kanna landit og fundu smámsamen því meira gull og sunnur gædi, sem þeir leitudu betr. Þá Frakka-her herjadi á Portúgal 1807, flokk konúngr með hird sinni og miklu lidi úr landi og settist at í Ríó-Janeiró. Nærværa hans í riki þessu vard brádum orsok og upphaf betri stjórnsemis og vænligra framfara í handidnum og mentum; kaupverslunin jókst, kaupeyrir landsmanna vard meiri og betri og øllum þjódum er nú heimilt at eiga kaup vid þá.

Þann hluta heimsálfu þessarar, er liggr milli Orinókó og Skjaldmeyjaár og í milli hafs og Svartaár (Rio Negro) hafa menn frá ondverdu kallat Gviana (Guyana), og eignudu ymsir Evrópu-einvaldar sér sinn hluta lands þessa hvorr; vestr-partr þess lá undir Spánarveldi, en er nú skeytt vid Kólumbíu-riki; sudr-hluti þess var eign Portúgísa, og er þat enn þá, en sameinat Brasilíu-riki, sem fyrr segir. Hin hluta Gviann eiga nú þrír einvaldar evrópu-rikja, nl. Frakkarikis, Hollands og Englands.

Digitized by Google

F. Landeignir Frakka. (Franske Besiddelser.)

Þær liggja milli hinnar portúgisisku og hollendsku Gvianu og skilja þar ár tvær lendur á báða vegu, nesnil. Maróni hit nyrdra og Oyapock hit sydra. Þær eru 3600 mílr at ferhyrnings-máli, en innbúar heirra eru 32,000 at tolu. Vid sæ er land þetta vída slátt og agasamt og hvervetna óheilnæmt; en frjósamt er þat og gagnaudugt. Þá frá sæ dregr tala fjoll vid og eydi-skógar.

Þar er hofudstadr, er Kajenna (Cayenne) kallast; hann stendr á ey í mynni sama nefndrar ár; þar eru sterk varnar-virki, sigling mikil og kaupskapr. Sti Páll (St. Poul) vid Oyapock, Sinamari og Gabriel eru minni kauptún í þessu landi. Frá þessum kaupstodum flyzt: sykr, kaffe, vidar-ull, kakáó, indigó, hrísgrjón, tóbak, pipar, kanel o. s. frv. Frakkar, er einnig kalla land þetta: Jasnadægra Frantz, tóku þar fyrst bólfestu 1635, en hvurfu þadan aptr eptir skamma hrid, sidan Þá Enskir þángat; en 1664 gjordist þat at fullu eign Frakka. Þeir hafa ei til hlýtar né med alúd yrkt og notat sér landit. Þángat, einkum til Kajennu, vóru útlagar reknir, medan stjórnar biltingin mikla stód yfir.

Digitized by Google

G. Landeignir Hollendinga (Hollandske Besiddelser),

edr hin hollenzka Gviana, er einnig kallaðst Súrinam, liggr fyri nordan hina frønsku Gviana og er 520 ferhyrn. mílr at vídáttu; þat er mjøg flatlendt, agasamt og litt heilnæmt, en nær hvervetna forkunnar frjósamt og gagnauðugt land. Um þat rennr í austr fljót, er Súrínam heitir; skamt frá mynni þess og við þat nordanverdt stendr hofudstadr lands þessa, er Paramaribó heitir; hann er vel húsadr og lýsir hvervetna þrifnadi og híbýlaprýdi Hollendinga, er hann hafa gjøra látit. Þar er mikil kaupverslun, hofn gód og heimili jarls, (Gouverneurs), sem þar er settr til yfirsóknar, og 20,000 innb. Mynni fyrrtéds fljóts og jafnframt stadinn verja 3 virki ramlig: Selandía, Þúrmerent og Nýi-Amsterdammr. Savana kallast þorp í þessari nýlendu; þar búa Júdar einir.

Innbúar þessa lands eru 57,000 at tolu og eru þeir af ýmsum Evrópu-þjódum komnir, t. d. Hollendingum, Þjódverskum, (sérílagi hinum mæriska brædrum) Frokkum og Gydingum; er þar þykir einkar sýsiligt at byggja. Þadan flyzt sérílagi: sykr, kaffe, vidar-ull, litunar-tré og jurtir.

Digitized by Google

H. Landeignir Enskra (Engelske Besiddelser).

Þær liggja fyri nordan hinar hollendsku eda Súrinam og eru 410 ferhyrn. mílr at stærd. Þessi hluti Gvíanu lá fyrrum undir Súrinam og var eign Hollendinga, en 1804 ruddu Enskir sér þar til rúms og eignudu sér landit, en fengu þat til fullrar eignar 1814. Þat greinist í 3 hérud eda nýlendur og kallast hin fyrsta Berbice, er liggr báðumegin vidkéndrar ár; þar er samnefndr kaupstadr. Nordar liggr nýlendu-sveit sú, er Demerari kallast báðumegin vid samnefnda á; vid hana stendr kaupstadrinn þat, er Stabrok kallast, og annat, er Túmingóborg heitir. Nordast er nýlenda, sem kénd vid allmikit fljót, er Esseqvebó heitir; hún liggr ímilli þess og Pómarón-ár. Þar eru tveir kaupstadir, heitir annar Middelborg (edr Midborg), vid sídstnefnda á, og annar skamt þadan, er Kykóverall kallast.

Enskir láta blökkumenn yrkja landit af sínu kappi, og med því þar er frjósamari jardvegr enn á eyum þeirra í Vestr-Indium, skipta margir um bústadi og flytjast þadan til meginlands. Landsmenn eru 255,000 at tölu; á medal þeirra eru Blökkumenn svo margir, at 50 eru um hvern hvítann og lifa þeir þar vid betri kosti, enn vídast er sídr til í Vestrheimi,

Digitized by Google

at ei hlaupi heir úr vist og ánaud til skóga upp og gjorist aeigvænligir stigamenn, hvad optsinnis hefir vidborit í Gvianu nýlendum, einkum í nýlendum Hollendinga.

Vestr-hluti allra þessara landeigna, sem nú er frásagt, er skógivaxinn mjog og ókannadr af atkomumonnum; þar hafast Indiana-þjódir vid og eru þær flestar sákunnandi og litt sidadar; konur yrkja þar jord, og rída allvel korfur og mottur, er þær selja Evrópumonnum, en karlar eru jafnan at dýra- og fiski-veidum.

I. Patagónia edr Magelansland (Pathagonien eller Magelhaens-Land; Terra Magellanica).

Land þetta liggr fyri sunnan Plátu-árriki, eda hin sameinudu Frílond í Sudr-Ameriku, og Kili-riki og er hinn sydsti hluti Vestrheims og jafnframt hit sudlægasta meginland á heimskringlunni. Fyrir austan þat er hinn atlantiski útsær, Magelanssund fyri sunnan, en Kyrrahaf at vestanverdu. Þat er hérumbil 22,000 ferhyrn. mílr at vídáttu, og liggr ímilli 36 og 54 mælistigs sudlægr. breiddar. Í landi þessu eru fjoll mikil og hrjóstug; Andes-fjallgardr byrjar þar vid Frówards-höfda og gengr í nordr strandlengis hit vestra; í honum eru eldfjoll ei allfá. Mittlands eru þar vída heidar og graesi mikit

Digitized by Google

og á þeim flár og flóar, en hit eystra, við sæ, er landit sendit mjog og óvída grasugt. Merkustu ár, er þar falla í austr til sjófar, eru: Leuvú, á sudr-landamæri Plátu-ár-ríkja; Kómarónes-á sunnar, og Gallegos syðst. Hverki eru bæir né kaupstadir í þessu landi, því hverki skeyta landsmenn um stadfestu og ei hefir heldr útlendingum eda Spánverjum, er um lánga æst hafa bygt londin fyri nordan þá, tekist at vinna landit né taka þar upp nýlendr; þó hafa þeir talit þat med eignum sínum í Vestr-heimi. Skamt undan vestr-strondinni liggr ey sú, er Madra de Dios eda Prenningar-ey kallast.

Vedrátta er þar mikinn hluta árs hørd, kold og hráslagafull, en sjaldsén heidríkja; þokur eru þar tídar og ofvidri lánggjæf; er því skipaleid í grend við landit afar hættusom og torsókt. Hagar eru þar vída gódir fyri kvikfé, en hverki er þar velt jørd til korns né ræktud til slægna. Í skógunum, (sem eigi eru allmiklir), og á heidum uppi ganga villi-hestar og villi uxar sjálfala og hópum saman. Við sæ eru margkynjadir sjófuglar og í hafunum fyrir austan landit og vestan hvalr mikill og sæ-ljón. Í sjóar-hømrum vex þar skarfakál unnvorpum.

Innbúar lands þessa eda Patagóníar lifa af dýra-veidum og fiski-fángi, búa í skinntjoldum og sefkofum, breyta opt búst0dum og

Digitized by Google

eru rakkir reidmenn. Peir greinaſt í 2 adal-kynkviſlir og kallaſt annr Mólúkkar (Molucher o: hermenn), en annr Púelkar (Puelches o: auſtmenn); hvor þeſſara kynkviſla ſkiptiſt aptr í allmarga kynþætti og hefir hofdingi nokkr (Kazik) mannaforrád í hvorri; þó er riki þeſſara hofdingja litit og oll eru þar vandamál logd undir úrſkurd enna heldri manna medal alþýdunnar á þjódfundum. Patagónius-menn eru miklir vexti og karlmannligir, vel vaxnir og hrauſtir, en hverki eru þeir riſar at vexti né svo ógurligar, ſem fyrrum lék ord á. Peir gjora ſér fatnad af dýra-ſkinnum og eru mjog rubbúngsligir álitum. Mjog er þjód þeſſi fáfród um fleſta hluti og kann litt at ódrum verknadi enn veidum, vígum og vopna-ſmídi; þó hafa þær kynkviſlir, er nordaſt búa eda nærſt Spánverjum, tekit eptir heim ýmislegt, er betr má ſæma, en því lengra ſem ſudr eptir dregr, eru landsmenn villari og ómannblendnari, þó eru þeir hvervetna géſtriſnir og hæglyndir, medan gódu mætir. Peir eru heidingjar og gjora ſér margskonar bernſkuliga imindan um ſkapun allrar ſkepnu og afdrif hennar at lokinni hérvíſt. Patagóníumenn fækka árliga, ollir því bólan og iduglig ſtrid bædi innbyrdis og vid nágrannana.

K. Indianaland (De frie Indianers Land).

Svo kalla menn hérud þau og landspláts, er afkomendr forumanna byggja, og ſem enn eru

Digitized by Google

fri forrædis útlendinga. Þau liggja á strjáll um þennan hluta heimsálfunnar, en þó all-fjærri sjó. Innbúar þeirra eru flestir hirðingjar eða lifa af kvikfjárrækt og veiðum, liggja við tjöld eða í hreisum, og eru optast á reiki með hjarðir sínar. Konur gæta búsmala og búsanna, en karlar eru tíðast at vígum og veiðum. Kazikar kallast höfðingjar þeirra, en mjög eru umráð þeirra af skornum skamti. Þjóðir þessar mæla margbreyttar tungur; þeirra merkastar eru: guaranska, kaltbúrniska, maypúriska og Quiknamál. Mokkr hluti þessara þjóða hefir tekit rétta trú og er kristin at kalla, en miklu fleiri eru þeir, sem enn blóta afguði (Fetischer) og hafa mikla trú á töframönnum (Bogajer) og prestum. Sumar eru þjóðir þessar, mannætur, t. d. Kasibar. Medal þessara þjóða eru þessar kynkvíslir nafnkendastar:

a. í Kólumbíu-ríki:

Karaibar (Caraiberne); þeir búa við Orinókó-fljót. Ótómakar (Otomaker); þeir búa vestar við sömu þjóðá og eru starfsamir, yrkja jörð og hirða fénað með meiri greind enn flestir aðrir kynmenn þeirra. Þeir eru moldar- eða jarðætur. Arravakar (Arrawaker), þeir hafast við í Gvíanu. Guaránóar (Guaraunos) búa í þeim hluta Gvíanu, er kend var við Spán, og á eyjunum í Orinókó-mynni; þeir

Digitized by Google

eru líkir Otómokum at háttum og einkar friðsamir. Omagáir eda Omegáir, þeir byggja upplendi Guianu, í grend vid Nordr-landamæri Brasilíu-ríkis og umhverfis vatn mikit, er Parúma kallast. Þeir eru nokkut skynugri og betr at sér enn þeir sem nú eru taldir, og búa í stad, er þeir sjálfir hafa bygt. Vid vatn þetta og á eyunum í því eru kalk-klettar miklir, og er svo álengdar á þá at líta í sólskini, sem á gull og silfr sæi. Af líkindum lætr, at þetta hafi verit tilefni ýmisligra skroksagna, er einn af fylgdarmönnum Pizarro's, Franz Orellano at nafni, bar fyrstr manna til Nordr-álfu um land nokkurt um þat leyti í Sudr-Ameriku, í hverju væri svomikit gull, silfr og adalsteinar, sem bjerg, grjót og sandr í ödrum löndum. Þessu trúdu margir í þá daga og kölludu landit: Gulland (El-Dorado), en fundu þat þó aldri sídan.

b. Í Plátu-ár-ríkjum búa Abipónar (Abiponerne) vid Paranu-fljót. Nokkr hluti þeirra hefir tekit kristna trú.

c. Í Brasilíu-ríki búa Tópinambar; þeir eru fjölmennir mjög og greinast í 70 kynkvíslir; sumar af þeim eru frjálsar forrædis Evrópumanna, en sumar eru þeim hádar, hafa tekit skírn og hafast vid í kristnibods-hérudum um (Missionerne); þessi þjód er hin villasta og styrjaldarsamasta allra Indíana í þessum hluta heims-álfunnar. Auk þeirra eru þar og Tapúiar og Topinaqvar.

Digitized by Google

L. Eyarnar.

Medal eyanna, er liggja í hafinum umhverfis Sudr-Ameriku, er fyrst at telja:

1. Gallapagos-eyar, þær liggja vestr undan Quitó-fylki, í Kyrrahafi og undir miðjarðarlínu. Þær eru nærhæfis 200 at tölu og óbygdar. Á þeim er ógrynni af skjaldpöddum; kalla þær því sumir Skjaldpaddu-eyar. Þær eru eign Spánskra. Sunnar í Kyrrahafi, framundan Mið-Kili og skamt fyrir vestan Fernandez-eyar, sem fyrr eru nefndar, liggr eyðiey, er Mafsa-Fuero heitir, og fyrir nordan hana tvær óbygdar eyar, er Felix og Ambróse kallast.

2. Eldlandit (Ildlandet, Terra del Fuego) er afar-mikil ey, er liggr fyrir sunnan Sudr-Ameriku og er 1522 ferhyrningsmílr at vídáttu. Hana og meginlandit skilr sund lángt og krókótt, sem kendt er við hinn nafnfrægda siglingamann, er fyrstr (1520) fann þar skipaleid, og kallast Magellans-sund; í því er mestann hluta árs storma-samt mjög og leidin skiput torfærum. Eyland þetta er talit medal enna snauðustu, ófrjósamustu og illvidrasamustu landa í heimi; þar eru fjöll há og grastóarlaus, jöklar og snæfi; þokur eru þar afar-tídar og fjaldgjæft hlýtt og heidskírt vedr. Gróðr er

Digitized by Google

þar litill og landkostir mjog fáir; at eins hit eystra er þar lágr skógr og hrisland, en hvervetna ver hac mikil gnægd enna svokolludu skyrbjúgs-jurta. Þar er mikill fjoldi sæljóna, sækálfa, rosm-hvala og margkynjadra hræfugla og sæ-fugla einkum pingvina. Innbúar eylands þessa eru einhvor hin vesælasta, sárôdasta og ógerpiligasta þjód í heimi; þeir kallast Pescerear (Pescheræer) og hafa þeir fengit þat nafn af samlikum samstofum, er Evrópumenn, er þar komu fyrst vid land, heyrdu þá klifa á, en ey þessa kalladi fyrrtédr Magellan Eldland fyri þá sok, at þá hann sigldi gégnum sundit, sá hann hvervetna elda mikla á landi, er eyarmenn kyndtu til at verja sig kulda. Pescerear lifa mest af fisk-ætum og skélfiski, sjálfdaudum fugli og sel, því sjaldan tekst þeim at veida þá lifandi. Þeir eru litlir vexti og bervisaligir, óþrifnir mjog og einkar ófrýniligir og einhvorir hinir aumustu vanskorúngar mannligs kyns.

Fyri austan Eldland liggr ey, er Statenland (Staatenland) kallast; þau skilr sund, er La Maire heitir; og sunr fyri sunnan þat, er L'Hermite kallast; á henni sunnanverdri er sydsti oddi Sudr-Ameriku, er Horn heitir. Bádar eru eyar þessar áfreckar Eldlandi at

Digitized by Google

landslagi, andkönnum og illvidrum; á þeim hafast Peskerear við.

3. Fálklands-eyar (Falklands-Öerne), er Frakkar og Spánverjar sérilagi kalla Malúinur, liggja austr-undan Magellans-sundi eda landsenda Sudr-Ameriku. Auk allmargra smá-eya eru þar tvo allmikil eylond, er sund hat, er Fálklands-sund eda Karls-sund kallast, sitr. Allar eru eyar þessar 157 serhhrn. milr at vídáttu og mjog likar Eldlandi; þó eru þær nokkud byggiligri og audugri af því, er til manneldis þarf, og ei svo illvidra samar. Á þeirri höfud-eyanna, er austar liggr, tóku Spánverjar upp nýlendu og kölludu hana Soledads-höfn (Port-Soledad) og Enskir adra á enni vestri, er þeir hétu Egmonts-höfn (Port-Egmont); hvorirtveggju hafa þeir látit nýbýli þessi í eydi. Ymsir farmenn hafa fyrstir þókst fundit hafa eyar þessar og gefit þeim ymislig nöfn; medal þeirra Havkin, enskr at kyni, er kalladi adra þeirra: Meyarland, til hédurs vid Ellizif, meykonung á Englandi; en flestir eru þó samdóma um, at Ameriko Vespuzzi hafi þær fyrstr fundit 1502.

4. Orlovs-eyar (eda Mani-Tonalin) liggja sudr-undan Eldlandi og eru því áþekkar at landslagi og ödru. Innbúar þeirra eru

Digitized by Google

kynnenn Eldlendinga og heim hverki fremri at mannrænu, áshyndum, né hagsældum. Á einni heirra er snirtiligt kauptún, er Kristinói heitir. Eyar hessar fann rússiskr farmadr, Krusenstern at nafni 1804 og kendi hær vid Orlov, greifa á Rússalandi.

5. Nýa-Sudr-Georgia liggr í sudaustr frá Fálklands-eyum; hat er sker mikit, snæhakit vetr og sumar; har vaxa at eins tvennslags grasa-tegundir. Vid hat sunnanverdt liggr ey sú, er Copers-ey kallast.

6. Sandvikr-land (Sandvichland) kalla menn 5 gródskulausar og isum haktar eyar, er liggja í sudaustr frá sídst-nefndu eylandi og hérumbil undir 60 mælistig sudl. breiddar. Pær fann Cook 1775. Sydsta eyan kallast Sudr-Thule.

7. Nýa-Sudr-Shetland liggr sydst allra landa, er menn sundit hafa á heimskringlunni, undir 62 mælistig og í sudvestr frá Horni. Pat fann enskr hvalfángari, Vilhjálmr Smith at nafni, 1819.

Digitized by Google

III. Veſtindiur eda Mid-Ameríka. (Vestindien.)

Svo kalla menn eyar þær allar og eylond, er liggja í hinum merikaniſka hafsbotni og fram undan edr auſtr af mynni hans, og ímilli þeirra ſtefnu-takmarka, er Flóridu-ſkagi hit nyrdra, en Orinóko-fljóts mynni hit ſydra þykja benda til, eda ímilli ens 10 og 28 mæliſtiga nordl. breiddar. Eyar þeſsar eru svo margar, at varla má tala á-koma; ſumar eru afar-miklar og fjolbygdar, en ſumar, svo ſmáar sem hólmar og ſker, og óbygdar; ſumar liggja á ſtrjáli edr einſtakar, aptr adrar ſtokkum saman og í nágrenni; ſumum hafa jardeldar af hafi ſkotit, en þeinær allar eru þær hálendar og margar af þeim fjallóttar mjog og brattar vid ſæ. Allar eru þær áſamt hérumbil 5000 mílr at ferhyrnings-máli. Á þeim er mikit afl ſólar og optſinnis ofr-hiti, þó kæla ſævindar hann tídum. Rigníngar eru þar miklar í Auguſti og Septemb. mánudum, hinn hluta árs er optaſt heidrikt og næturnar einkar fagrar; en á þeim er kulit svo napurt og óheilnæmt, at útlendíngum dregr til heilſu þreſts og bana, nema þeir gjaldi varhuga vid. Ofviðri og felli-bilir eru þar ei óſjaldgæfir og olla miklu tjóns á log og landi. Fleſtar eru eyar

Digitized by Google

Þessar forkunnar gagnaudugar; hefir því flest-
um Evrópu-þjódum þótt fýsiligt at eiga hátt
í eign þeirra og gædum, en opt hafa þær ordit
málbroddr strída og illdeilda. Varla er sá stadr
í heimi, er fleiri kaupfor árliga heimsæki, enn
eyar þessar, og hverki hafa hinir afrikanisku
mansmenn aumligar stunit undir hrælkun og
hardyndgi fégjarnra ríkismanna. Merkustu og
almennustu gædi eya þessara eru: kaffe, sykr,
vidarull og indigó; haradauki: tóbak, kakaó,
engifer, saasaparilla, kasia, bananas, maniok,
yams og margskonar ágætr vidr. Frá sudverdu
hafa menn þar sérílagi lagt stund á sykr-yrkju
og dregit þar af hvervetna afar-mikin ard og
byrgt um lánga æfi Evrópu þjódir at þessu
leiti; eru þær því einnig af sumum kalladar
Sykr-eyar. Á seinni tídum hafa menn gródr-
sett þar sykr-reyr frá ey þeirri í Sudaustr-
hofum, er Othaheiti kallast, og hefir hann þar svo
vel gésist, at fullum þridjúngi er ágódinn meiri
enn ádr. En med því yrkju-kostnadrinn er afar-
mikill og ýmsar þjódir á meginlondum taka nú
at idka sykr-asian, þykir uggvænt, hvert jard-
eignir á eyum þessum verdi á ókominni tíd
hvílikt keppi-keefli sem hingat til. Medal enna
serfættu dýra, sem þar eru fá, er hit svo-kall-
ada Moskus-svín hit merkasta; en margkynjadir

Digitized by Google

eru þar fuglar, t. d. papagóar, kolibris, flamingóar, fregat-fuglar, albatrossar. Þar er og skjaldpadda afar-mörg.

Innbúar eya þessara eru hérumbil 2 mill. og 500,000 at tölu; medal þeirra eru 400,000 Evrópumanna og 200,000 litblendinga eda móleitra manna; en hinir eru blokkumenn at kyni, þeir lifa flestir í ánaud og þrælka á ekrum enna hvitu lánar-drottna; sumir hafa og hlaupit úr þrældómi þessum og flúit til fjalla upp, og hafast þar vid flokkum saman; þeir verja hraustliga frelsi sitt og kallast: Maronnegrar. Þjód sú, er í ondverdu bygdi eyar þessar, edr hinir svokölludu Karaibar (Caraiber) eru þar mjog fáir vordnir; þeir eru bædi dökkmóraudir og svartir á hörund. Evrópumenn, sem bornir eru og barnfæddir á eyum þessum, kallast yfir höfud Kreólar (Creoler); en Litkada eda Litblendinga (de Farvede) kalla menn þá, sem komnir eru af Evrópumönnum og blokkum konum, og greinast þeir í þrennar kynslódir, er nefnast: Múlattar, Qvarterónar og Qvinterónar. Afkvæmi blokkumanns og múlattinnu kallast Zambó, og barn þat er amerikaniskr kona og evrópumadr eiga saman, Mestiz, en Terceron þat barn, er madr af Evrópu ættadr og kona af Mestíza kyni, géta. Afkomu-

Digitized by Google

menn mæla túngur þeirra þjóða, er þeir eru afkomnir. Margir tala þar og túngu hér, er Kreólska kallast; hún er sambland ýmsra túngumála og mjog margbreytt. Kristindómr er þar einnig með ýmsum hætti, bæði kathólskr, lútherskr og reformeradr og margskonar trúmanna-greinir. Færri eru þeir af Blökkumönnum, er tekit hafa rétta trú, þótt þeim hafi hún bodin verit sérlagi af Heruhúttingum; þeir halda flestir enn við átrúnad forfedra sinna og eru fetis-dyrkendur. Hverki gefa eyarmenn til rida gaum at vísindum né íþróttum, og fáar eru þar stiptanir, er til mentunar mida; senda því ríkismenn börn sín til uppfrædslu í Evrópu, og ei koma þar adrar ritgjördar út á prenti enn fréttablöd.

Ymiskonar eru eignarmenn eylanda þessara, nl. Enskir, Spanskir, Frakkar, Hollendingar, Danir, Svíar og frítt Blökkumenn.

Vestindíur greinast í þrjá höfud-hluti: I. Bahama-eyar, II. enar svokölludu Antillur, og III. Bermúdas-eyar.

I. Bahama-eyar,

er einnig kallast enar Lúkaiska eyar, liggja í

Digitized by Google

austr og sudaustr frá Floridu-meginstaga og heitir sundit milli hans og heirra Bahama-sund. Þar eru 200 (sumir segja 700) at tolu, en flestar eru þær litlar, og margar at eins sker og hólmar. Þær sudlægu liggja undir hinum heita himinvegi og geysa á heim optsinnis gæigvæn ligir stormar. Þær eru allar áfamt 257 mil at ferhyrn. máli og teljast med eignum Englendinga, er þar hafa jarl (Gouverneur) settan til yfirsóknar. Þar er hollara lopt og hægiligri vedrátta enn á Antillum. Merkustu gædi eya þessara eru: kaffe, sykr, vidar-ull, indigó, mahógni-vidr, litunar-tré o. s. frv. Eyamenn eru 11,000 at tolu, en at eins eru 2000 af heim hvitir á hörund. Þeir idka jardyrkju, fiski-afla og skipa-smidi og tilreida ærit salt.

Medal eyanna eru 3 nafnkendastar, nl. Próvidenze, hún er 8 ferhyrn. mil at stærd; þar er hofudstadr, er Nassá (Nassau) heitir; í honum sitr eya-jarl; Bahama, hún er tvofalt stærri og óbygd, og Gvanahani (eda St. Salvador; á ensku Cat-Island). Menn hafa lengi haft fyri sannindi, at ey þessi verit hafi hin fyrsta, er Kólumbús fann í Vestr-heimi; en nú leika á því tvimæli.

Digitized by Google

II. Antillur (Antillerne *).

Þær eru tvennar, nl. enar miklu og enar litlu Antillur. Þær fyrri eru 4 eylond allmikil, er: Kúba, Hayti, Jamaika og Portó-Ríkó.

A. Kúba; þat er hin vidlendasta ey í Vestindium, liggr í austr og vestr, og heitir hinn vestri landsendi hennar Antoniusar-höfdi, en hinn eystri Wayzi; í millum þeirra gengr hár og einlægr fjallgardr eptir henni midri. Strandirnar eru hvervetna lágar og umhverfis þær liggja smáeyar, sker og hólmar. Hún er 2300 ferhyrn. mílr at vídáttu, og liggr undir Spánar-veldi, og er hún einkar ardsamr og merkr eigindómr. Spánarkonungr hefir gefit henni nafnbót og kallat: "ávalt trú". Vedráttu er þar áþekk því sem í ödrum löndum, er liggja milli hvarfbauga og nær hvergi er svo heilnæmt loptslag í Vestindium. Eyarlýdrinn er 520,000 at tölu og er allr helfingr hans ánandug kynslód Blökkumanna. Jardar-ágódi er þar sérílagi: kaffe, sykr, indigó og tóbak, vidar-

*) Menn meina at einhver enna fyrstu vestur-fara hafi kallat eyar þessar: Ante-insulæ (Ant-iles) or forseyar, fyri þá sök, at þær liggja framundan edá frammi fyri meginlandi og urdu fyrst fyri þeim, er þeir komu at austan.

Digitized by Google

ull, uxa-hudir; þar má finna gull nökkut í silfr, en lakliga er þeirra leitat. Ey þessi eitt jarlsdæmi, sem kent er vid Havanna (Generalcapitainskabet Havanna). All-vestarliga á nordr-strøndinni og hvinær gagnvart Flóridu sudr-horni stendr høfudborgin, er Havanna (at nafnbót: "hin hvervetna trúasta") heitir, hún er mikil, ramliga umgirdt, vel og skipuliga háfit; þar sitr landshøfdinginn (Generalcapitainen); þar er háskóli, herrhahús mikit, spitali, tóbaks-tilreidslu-verkstadir nafnkunnir, og høfn svo rúmgód, at 1000 stórskip géta legit þar, en svo er mynni heninar mjótt, at ei mega fleiri enn eitt í senn inn-leggja. Borg þessi er høfud-kaupstadr Spánverja í Vestrheimi; þar eru 36,000 (adrir segja 70,000) innbúar. Austar á eyunni stendr kaupstadr, er Villa de Principe heitir; hann gengr høfudborginni nærst at stærd, fjølmenni og audlegd; þar eru 30,000 innb. Enn austar og á sudr-strøndinni stendr hinn forni høfudstadr, er Sti Jago eda Jakob (St. Jago de Cuba) heitir; þar eru 20,000 innb. Kólúmbus fann eyland þetta 1492 og kalladi hat: Juanna.

B. Hayti, sem einnin kallast Sti Dómingó og Hispanióla, liggr fyri austan Kúba og er annat eyland mest at vídáttu í Vestindium.

Digitized by Google

Asamt eyunum, er liggja umhverfis, er þat 1400 mílr at ferhyrn. máli, fjallótt mjog, vogskorit og nesjótt, forkunnar frjóffamt og gagnaudugt. Merkuftu landgædi og kaupeyrir, sem þadan flýzt, er: fykr, kaffe, vidar-ull, indigó, kakaó og skinna-vara. Inni vestr-enda eyunnar (er liggr í austr og vestr) hverfr allbreidr fjørdr, sem kendr er vid eyuna Gonave, er í honum liggr. Vid fjørd þenna stendr høfudstadrinn, er Port-Republicain (Fríríkis-hafn, fyrrum Port au Prince) kallaft; þar er heimili forsetans, er hefir ædstu umrád á eyunni, og 12,000 innb. — og gód hafn og allmikil kaupverflun. Á nordr-strondinni er merkr kaupftadr, er Kap (Cap d: Høfdi, eda Cap François d: Frakka-høfdi) heitir. Þar fat Hinrik keifari hinn fyrfti. Stadarmenn eru 15,000 at tolu. Auftarliga á fudr-strondinni ftendr kaupftadr, er Sti Domingó heitir; til hans lét Kólumbus leggja grundvøll og gaf honum nafn fødur fins; hann er því hinn eldfti ftadr, er Evrópumenn hafa gjora látit í Vestr-heimi. Þar er gód hafn og mikill kaupfkapr. Í dómkyrkjunni láu bein Kólumbusar virdugliga grefstud til 1796, vórn þau þá flutt til Havanna. Stadar-múgrinn er 10,000 at tolu.

Í grend vid eyland þetta liggja 4 eyar,

Digitized by Google

er Samana, Saóna, Góuave og Tor
túga heita. Hin síðstnefnda var á 17 öl
illræmt víkinga-bæli, þá sjó-reifarar, er Bú
anierar kölluðust, herjuðu í Vestindía-hafum

Kólumbus fann eyland þetta 1492 og skeyti
þat þegar við landeignir Spánar-konúngs; hann
kallaði þat: Espannóla o: ena spænsku ey; o
því nafni leiddu menn annat, þó rángliga, nl. Hi
spanióla o: litla Spán. Hann tók þar upp nýj
lendu, er var 1387 ferh. mílr at víðáttu. 1647 varð
vestr-hluti eyunnar eign Frakka-konúngs, svo nú
varð hún beggja þessara einvalda eignðóms; en þó
alls-herjar-ráðit í Frankarríki gjörði þjóðkunnugt frels
Blökkumanna, gjörðu þeir þegar uppreist og dráp
alla hvíta nýlendumenn. Blökkumanna forsöngvi
Désalínis at nafni, tók keisara-nafn 1804 og lét
sig kalla Jakob hinn fyrsta; en tveim árum seinna
var hann af dögum ráðinn. Nú hóf blökkumaðr sá
er Christoph hét, flokk mikin hjá nyrðra í vest
parti eyunnar, lét sig úthrópa til keisara, og kalla
Hinrik hinn fyrsta; hann samdi sig mjög at hátt
um Frakka og fylgði þeirra dæmi um þat tímabil í
stjórnar-niðurskipun og herbúnaði. Um sama mund
ir sliptaði múlatti uokkr, Petion at nafni, frá rík
hit syðra í vestr-partinum og lagaði stjórnarformið
eptir Frílanda-ríki í Norðr-Ameríku. Ríki þessi bár
ust hvívetna banaspjótum eptir, uns upphlaup mikl
í hinu nyrðra firti Hinrik keisara landi og lífi 1820
og höfðingi sá, er Boyer heitir, og orðinn var
forseti í hinu syðra, at Petioni látnum (1818), sam
einaði þau og at því búnu fór herskildi yfir eystri hlut
eyunnar, er þángat til verit hafði eign Spánverja,
og lagði hann undir sig; gjörðist þá gjörvöll eyan
eitt frí-ríki (1821), og er þar allt, er viðkémr lýð
stjórn og landsrétti, eins hagat og háttat og í enu
Norðr-Amerískaníska Frílanda-ríki, at því undan
teknu, at forsetinn (nú hinn fyrrtéði Boyer) hefir
meiri umráð og sitr til banadægurs at völdum. Þar

Digitized by Google

er hin katholska trú í lög leidd, og allir Blökkumenn leystir úr ánaud. Herlid ríkis þessa er 50,000 vígra manna, en eyarskyrinn 700,000 at tolu.

C. Jamaika (Jamaica), hún liggr sudr undan eystri hluta Kúbu og er allra eya, er Enskir eiga í Vestindium, merkust og vidlendust, nl. 268 ferhyrn. mílr at stærd. Lángsetis eptir henni midri gengr hár og brattr fjallgardr í austr og vestr, en hin Blá-fjöll kallast; í þeim eru gil djúp og klofar. Strandirnar eru allumegin frjóssamar mjog og flatlendar, einkum at sunnanverdu, en hvervetna er þar óholt loptslag. Svo er þrídjúngr eyar þessarar vel yrkt, at óvída mun betr, og draga Enskir afarmikin ard bædi af landgædum hennar og launkaupum þeim, er þeir eiga þadan vid ýmsa eya- og meginlands-búa. Milli hennar og Englands eru 400 kaupskip í förum. Innbúar eylands þessa eru 360,000 at tolu og eru þeir flestir somu trúar og Englendingar. Þat er greint í 3 umdæmi, er kallast: Surry, Medalsex (Middelsex) og Kornvall, en einn er þar nýlendu-stjóri (Gouverneur) settr til yfirsóknar.

Á sudr-ströndinni stendr höfudstadr eyar þessarar, er Sti Jakob (St. Jago de la Vega) eda Spánar-tún (Spanish-Town) heitir. Þar er heimili nýlendustjórans og 5000 innb. Austar er kaupstadr, er Kingston (Kóngs-

Digitized by Google

steinn) kallast, þar er ágæt og viggirdt höfn o 16,000 innb. Austast stendr Port-Roya (Kóngshöfn), þar er sterkr kastali.

Ey þessa fann Kólumbus 1494 og kalladi hana: St. Jago eda Jakobs-ey; en innbúar hennar hétu hana Yaimaca eda Lækjaland. Son hans Diego var þar fyrstr jarl eda nýlendustjóri. 1654 unnu Enskir eyuna undan Spánarveldi og gáfu henni heiti þat, er hún hefir haldit sídan, eins og þeir henni í eigu sinni alt til þessa dags.

D. Portó-ríkó (eda Puerto Rico) liggr fyrir austan Hayti eda Sti Dómingó, og er hún 182 mílr at ferhyrn. máli; hún er hin minsta medal enna-miklu Antilla, en þeim lík at landslagi og landkostum. Eptir henni midri gengr fjallgardr í austr og vestr, en strandirnar báðu megin eru flatlendar og einkar gagnaudugar; þadan flýzt sérílagi kaffe og tóbak; skógar eru þar miklir og ærit kvikfé og villidýr. Rigningasamt er þar og hiti mikill; þó temprar austanþrávindi ofurhitann. Ásamt þeim af hinum svokölludu Jómfrúar-eyum, er liggja undir Spánarveldi, er hún eitt Landshöfdingjadæmi (Generalcapitainskab). Á henni nordan-verdri stendr viggirdr höfudstadr, er Sti Juan (Jóhannes) á Portó-Ríkó kallast; þar sitr höfdingi sá (Generalcapitain), er þar hefir manna-forrád; þar eru 8000 (adrir segja 30,000) innbúar.

Digitized by Google

Kólumbus fann ey þessa 1493, en 1510 tóku Spánverjar þar bólfestu og hafa þeir síðan búit á eign sinni. Mjog jókst tala þeirra, þá Frakkar flúðu af Hayti fyri Blökkumönnum.

Hinar litlu Antillur (De smaa Antiller) eðr enar Karaibisku-eyar liggja í bug frá austr-enda síðstnefndrar eyar til Trinidad suðr og svo vestr með norðr-strönd Suðr-Ameriku; þær eiga Enskir, Frakkar, Spánskir, Hollendingar, Danir og Sviar. Menn skipta þeim almennt í 3 flokka, nl. Jómfrúar-eyar, Forvindis-eyar (Öerne for Vinden; á spönsku: Islas barlovento, á ensku: Leewards-Islands) eða eyar þær, er liggja hver suðr af annari milli Porto-ríkó og Trinidad, — og Andvindis-eyar (Öerne under Vinden; á spönsku: Islas sottovento, á ensku: Windwards-Islands) eða eyar þær, er liggja suðr með fyrrtéðri strönd. Þó kémr ei allum Evrópu-þjóða farmönnum saman um hvorjar eyar svo skuli heita; því Enskir kalla at eins Barbados, er austast liggr allra Antilla, forvindis-ey.

Jómfrúar-eyar eða hinar virginsku eyar liggja fyrir austan Portó-ríkó og eru 60 at tölu. Þær eru deildar milli Dana, Englendinga og Spánskra:

a. Danir eiga þrjár, nefnil.

1. Thómasar-ey (St. Thomas), hún liggr þessara norðust, og er 2 ferh. m. at stærð.

Digitized by Google

Eyarmenn eru at eins 5800 at tolu og eru ámedal þeirra 5000 blakkumanna. Á henni eru 74 plantazjur eda sykr-ekrur. Þar er litill kaupstadr, er Sti Thómás heitir; hann er at eins eitt stræti; þar er mikil kaupverslun og ágæt hofn, sem ollum þjódum er heimilt at heimsækja — og 2100 innb. Eyan er fjallótt og vida grýtt. Sunnar liggr

2. Sti Croix (les: Kroa) eda Cruz (Kross-ey), hún er 5 milr at ferhyrningsmáli, einkar frjófsom og forkunnar vel ræktud. Hana byggja 4000 Evrópumanna, einkum Enskra og Danskra, og 28,000 Blakkumanna; þeir mæla hvorirtveggju sérilagi ensku og kreólsku. Á henni eru 350 plantazjur. Þadan flytr ógrynni af sykri og rommi bædi til Danmerkr og enna Amerikanisku Frílanda. Þar er hofudstadr þessara landeigna Dana-konungs, er Kristjánsstadr heitir; þat er allvel húsadr og snotr bær; þar er heimili nýlendu-stjóra (Gouverneurs) og stjórnar-ráds (Regjeringsraads), sem konungr hefir sett á eyum þessum til yfirsóknar; kaupskapr er þar mikill og allgód hofn, hana ver festing, er Kristjánsvørn (Christiansværn) kallast. Kaupstadar-lýdrinn er 5000 at tolu. Á ey þessari er og kauptún þat, er Fridriksstadr heitir. Fyri sudaustan Thómasar-ey liggr litil ey, sem er henni lik at landslagi og landgædum og jafnmikil at stærd; hún heitir:

3. Sti Jan eda Jean (Sjan); á henni eru 300 hvítra manna, en 2200 blakkra; þar

Digitized by Google

er lítill staðr, er Fridardalr (Friedensthal) heitir; þar búa hernhúttiskir kristnibodarar.

Skamt frá Sti Croix liggr eydisey, er Krabba-ey kallast; hún er byggilig og allnýt og tekr nafn af stórvexnum krabbum, er þar finnast unnvörpum. Hana þykjast Danir, Enskir og Spánverjar eiga allir jafnframt og hafa þeir ei enn samist á þat, hvorjir þeirra skyldu eignast hana og nota med fullum rétti.

Á dögum Fridriks hins þridja, Dana-konúngs, tók danskr farmadr, Eirikr at nafni, bólfestu á Thómasar-ey; hann andadist 1666 og var þar greftradr. Nokkru sekuna eignudi Enskir sér eyuna og tóku þar upp nýlendu, en 1672 afsíód konúngr þeirra, Karl hinn annar, hana Donum. 1773 seldu Frakkar hinu vestindiska verslunar-félagi Sti. Croix, en 1697 legdu Danir Sti Jan undir veldi sitt.

b. Enskir eiga medal Jómfrúar-eya þrjár, nl. Virgin-Gorda (eda Spanish-Town), Tortóla, sem er 5 ferh. mílr og hefir 11,000 innbúa, og eydisey, er Anegada heitir.

c. Spánverjar eiga þar tvær eyar, heitir annr Slánga-ey, en annr Pasvage.

Hinar svokolludu Forvindis- og Andvindis-eyar, medal enna smáu Antilla, eru eign fimm þjóda í Evrópu.

Enskir eiga:

1. Angvilla (Snake-Island, d: Snáka-ey), hún liggr nordust; og adra í sudaustr þadan, er Barbúda heitir; þær eru bádar ásamt 6 ferh. mílr, en innbúar þeirra eru 2100 at tolu. Ena sídari á ætt-leggr sá á Englandi,

Digitized by Google

er Codrington heitir. Í suðvestr frá henni liggr: 2. Sti Christoph eda Sti Kitts; sú ey er 3 ferh. mílr, fjöllótt og einkar vel yrkt; þar eru 32,000 innb.; á fjalli, er Brennusteinsfjall kallast, stendr varnarvirki. Sudr af henni liggja 2 smá-eyar, heitir hinn nyrdri: 3. Nevis, á henni eru 16,000 innb. og kaupstadr, er Karlstún (Charlestown) kallast; en hin syðri: 4. Montserat, þar eru 11,000 innb. Fyrir austan þessar eyar liggr 5. Antigua, hún er 5 ferh. mílr, en eyar-lýdrinn er 41,000 at tölu. Þar er kaupstadr, er Jónstún (Johnstown) heitir; þar sitr nýlendustjóri, sem settr er yfir 5 sídsttaldar eyar. Alls-langt þadan í sudr liggr: 6. Dóminika (Dominique), hún er 14 ferh. mílr at stærd og fjöllótt mjög. Kólumbus fann ey þessa á sunnudegi, (dominica d: dies) og kalladi hana því svo. Þar eru 27,000 innb. og kaupstadr, er Rosseau heitir. Nálægt eyunni hádu Enskir og Frakkar sjóorrustu mikla 1782, og hafdu Enskir sigr. Í sudaustr þadan liggr: 7. Lucia (St. Lucie), hún er $10\frac{1}{2}$ ferh. mila, allfrjófsom, en óheilnæm. Hana afsöludu Frakkar sér 1814. Þar eru 25,000 innbúa, kaupstadr, er Kastries-höfn (Port-Castries) heitir; þar er höfn svo göd, at 50 línu-skip mega þar ligga óhult fyri stormum af öllum áttum. Sunnar er: 8. Sti Vincent, hún er $6\frac{1}{2}$ ferh. mila, hálend og gagnaudug, en eyarmenn eru 30,000 at tölu. Medal þeirra hafast þar enn vid svartir og mó-raudleitir Karaíbar; hinir fyrri eru afsprengi Blökkumanna og tédrar forn-þjódar. Þar er

Digitized by Google

kaupstadr, er Kingston heitir. Jaustr hadan liggr 9. Barbados, sem ádr er nefnd; hún er 10 ferh. mílr at stærd, einkar frjófsom og hin heilnæmasta ey í Vestindium. Par eru 78,000 innbúa — og umgirdtr kaupstadr, er Brigde-Town (Brúartún) heitir. Jsudr frá Sti Vincent liggr: 10. Grenada, hún er 8½ ferh. mila at stærd og fjollótt. Á henni og 3 smáeyum, er liggja í grend vid, einkum fyri nordan, hana og kallast: Grenadillur, er manntalit 35,000. Par er kaffeyrkja mikil — og viggirdtr kaupstadr, er Georgstún (George-Town; Girgistún) heitir; har er ágæt hofn. Jsudaustr hadan liggr: 11. Tóbaksey (Tabago), hún er 6 ferh. mílr; har er kaupstadr, er Skardaborg (Scarborough) heitir. Eyar-lýdrinn er 18,000 at tolu. Pá Cólumbus kom par vid land, budu Eyarmenn honum pípu, af hvorri peir reyktu jurt nokkura, er peir kolludu: Kohiba, en sídan vard alkend med odru nafni. Milli Tóbaks-eyar og meginlands liggr allmikit eyland, er: 12. Trínidad eda Prenníngar-ey heitir; hún liggr sydst allra Antilla og skamt fram undan ósum Orinókó-fljóts; hún er 78 mílr at ferhyrníngsmáli, og einhvor hin fegursta og frjófsamasta ey í Vestr-heimi; har eru fjoll morg, yndisligir dalir og fagurt slétt-lendi og margskonar ágætar landsnytjar, en ei er par heilnæm vedrátta. Eyarmenn eru 38,000 at tolu. Spánskatún (Spanish-Town eda Puerto de Espanna, Spánska-hofn) er par merkastr kaupstadr.

Digitized by Google

Frakkar eiga:

1. Gadelúp (Guadeloupe), hún er 31 ferh. míla at stærð og liggr fyri nordan Dóminíku, sem ádr er nefnd. Sund nokkurt mjótt skiptir henni í tvo hluti, og kallast hinn eystri: Mikla- eda Háa-land (Grand-Terre), en hinn vestri: Lágaland (Basse-Terre). Á báðum eru fjöll ei alllítil, og á sídar nefndri ey er hit svokallada Brennusteins-fjall, af því leggr hverveta dimm svæla í loft upp. Eyarbúar eru 88,000 at tölu. Á vestri eyunni er höfudstadr, er Base-Terre heitir, þar sitr jarl eda nýlendustjóri (Gouverneur); en á enni eystri: Point-á-Pierre. Undir Gadelúps jarlsdæmi liggja einnig 3 smá-eyar, er liggja í grend vid Gadelúp; heitir hin nordasta: 2. Desirade (hin eptiræskta); 3. Maria-Galante og í millum þessara: 4. Hinar Helgu-eyar (Saintes). Enn fremr: 5. Martiník (Martinique), er liggr fyri sunnan Dóminíku, og er hit merkasta og gagnaudugasta eyland, er Frakkar eiga í þessum höfum; hún er 17 ferh. míle at stærð, vogskorin mjög og nesjótt. Mitt lands eru há strókafjöll, skógi-vaxin, er skipta eyunni í tvo hluti; kallast hinn eystri: Cabes Terre, hinn vestri edr vestr-strondin: Basse-Terre, en nordr-horn hennar Mókúba (Mocouba); þadan flýzt ágætt tóbak. Hit vestra á eyunni stendr kaupstadr, er Sti Peturs-stadr (St. Pierre) kallast; hat er einhvor hinn skrautligasti og fjölmennasti stadr í Vestindíum; þar er kaupskapr mikill, höfn góð, sterk varnar-

Digitized by Google

virki og heimili 30,000 innbúa. Eyar-lýdrinn er 70,000 at tölu, og er at eins hinn 9di parte hvítir menn. Par eru og enn nokkrar leifar af Karaiba-þjód. Þadan flýtr: kaffe, sykr, bómull, tóbak og litunar-tré.

Hollendingar eiga:

1. Sti Martin (Marteins-ey), hún liggr fyri sunnan Angvilla og er 4 ferh. mílr at stærd; þar eru 4100 innb. Þadan flýtr ógrynni vidar-ullar, sykurs og sæsalts. Í háfudþadan liggr: 2. Sti Evstaz (Eustatia; Evstachiusar-ey); hat er lítil ey og einkar hallkvæm til launverslunar. Par eru 2200 innb. Nokkut nordar er enn minni ey, er Saba kallast. Fyrir þeim ollum þrem rædr eitn nýlendustjóri. Fram undan nordr-strönd Sudr-Ameríka liggr ey, er Kúrassaó heitir; hún er 8 ferh. m. og hin merkasta af landeignum Hollendinga í Vestindía-höfum; Eyarmenn eru 7400 at tölu; þeir eiga mjög launkaup vid meginlendinga. Par er kaupstadr og heimili nýlendustjóra, er Vilhjálmsstadr heitir, og frihöfn, er Barbara kallast. Í grend vid þetta eyland liggja 3 eyar minni, er Arúba, Aves og Bonaire heita.

Spánverjar eiga ey þá, er Margarita (Perla, Perlu-ey) kallast; hún liggr ei lángt undan meginlandi og í nordr frá Kúmana; hún er 16 ferh. mílr at stærd og gagnaudúg mjög; einkum drógu menn þar fyrrum afar-mikin ard af perlu-fángi, er eyan tekr nafn af. Eyarlýdrinn er 17,000 at tölu. Par er höfudstadr, er Assúmption (eda Assomtion) heitir; þar

Digitized by Google

sitr nýlendustjóri (Gouverneur), sem sette ei til mannaforráda bædi á ey þessari og ödrum minni eyum, er liggja í grend vid hana.

Sviar eiga at eins eina ey medal Antilla, er Sti Barthelemi heitir; hún liggr skamt frá Marteins-ey og Angvillu í sudaustr; þar eru margar landsnytjar og heilnæmt lopts lag. Eyarbúar eru 6000 at tölu. Gústavia er har merkastr stadr; hann tekr nafn af Gústaf konúngi hinum þridja, er keypti ey þessa af Frokkum 1784; þar er frihöfn, er Carenage heitir.

Eldfjallagarðr. Tvær bygdu þjódir hinar vestindisku eyar, þá Evrópumenn komu þar og lögdu þær undir veldi konúnga sinna; önnur bygdi hinar miklu Antillur og var hún fridsom og gódlynd, kunni at jardyrkju og afladi sér mais-korns og vidar-ullar, vöf dúka, er hún hafdi sér til klædnadar, og likadi þá vel, hafdi hugmind, þó heidin væri, um einn guddóm ædstann, er hún blótadi, og um sída-lögmál, en brátt vard hún yfirstigin af ágengum og hardhjortudum atkomumönnum, er ei hættu fyrri at rydja sér til rúms, enn hún var aldauda og á brott flúin. Önnur þessara þjóda bygdi hinar litlu Antillur og kalladist Karalbar (Caribber); þeir vóru, sem enn, ófridadir, grimmir, hardsnúnir og hraustir, og ósóktu hvervetna fyrr-téda þjód med vígum og ránum; þeir vordu og lengi knáliga frelsi sitt fyrir ónum vígkænu Evrópumönnum, og flúdu heldr til meginlands, enn at þýdast þá eda varpa sér undir veldi þeirra. Enn hafast nokkrir vid í fjallbygdunum á Sti Vincent og Martínik og gjora þráliga herhlaup nidr í bygdina en mjög gengr nú til þurdar tala þeirra hvervetna.

Digitized by Google

III. Bermúdas eda Sommers-eyar.

Svo kalla menn eya-klasa mikinn, er liggr 130 mile sjáfar í há-vestr undan Karólínu-sýlkis ströndum í Nordr-Ameriku, og telja hann sumir til Vestindía. Þær eru 350 at tolu, en flestar eru þær óbygdar og grastóarlaus sker; allar eru þær ásamt 108 serhyrn. milr at stærd, en manntalit á heim átta, sem bygdar eru, er hér umbil 11,000, og er sinn helmingrinn af hverjum, hvitum og blokkum mönnum. Medal landgæda telja menn: óranzjur, hor, hamp, tóbak, vidarull og korn, þó ei til hlýtar; ennig elnast þar raudr cedrus-vidr, sem er einkar gódr til skipasmída, og oliu-vidr; en hvervetna er þar, sem vidast í Vestindium, skortr á uppsprettu eda rennandi vatni. Eyamenn eru starfsamir og leggja álúd á akr-yrkju, skipa-smídi, fiski-veidar og lerepta-vefnad. Þar er temprat lopts-lag, hlýtt og heilnæmt, en tíd eru þar ofvidri, er olla mikils tjóns. Enskir eiga eyar þessar og hafa heir þar settan jarl eda nýlendustjóra ásamt fulltrúa-rádi til yfirsóknar; hann sitr í stad heim, er Sti Georg (Girgisstadr) heitir, og stendr á samnefndri ey. Þessara eya mest er Bermúdas.

Eyar þessar fann spánskr farmadr, Juan (Jóhann) Bermudas at nafni, 1503 (edr 1522) og vóru þær sídan vid hann kendar. 1609 fann enskr sigl-ingamadr, Georg Sommer eda Summer at nafni, þær á-nýj (af hverjum þær einnig tóku nafn) og lag-festi hann þær Englands konúngi med gognum og gædum.

Digitized by Google

V. Australia edr Sudr-heimr (Australien).

Svo kalla menn eylond þau og eyar, er liggja í Kyrra- edr Sudr-hafi imillum Asíu-eya og Ameriku vestr-stranda (edr imilli 30° nordl. br. og 50° sudl. br. og frá 120° til 250° lengd). Þessi fimtúngr eda fimta álfa heims-kringlunnar kallast einnig Sudindiur eda Polynesia (Eyaheimr eda Eya-álfa) og er, at öllum eyum samtoldum, er þar til liggja, hérumbil 180,000 milr at ferhyrnings-máli. Um tolu innbúa þessarar heimsálfu hafa menn eigi sannar sögr, því mikill hluti hinna stóru eylanda er enn ókannadr; þó géta menn til, at vart muni þar fullar 2 milliónir. Mannkynit er þar af tveim þjódedr hofud-ættum, nl. af Blokkum-mönnum og Malajum, komit. Kynmenn enna fyrri byggja Nýa-Holland, Nýu-Gineu og Nýu-Kaledóníu; þeir eru biksvartir á hár og hörund

og hrokkinhærdir mjog, framnyntir og vara-þykkir, mosulbeinir og armleggjamjóir, og eru mannrænulitlir villimenn og mannætur. Ett-ingjar hinna sídar-nefndu eru innbúar Félags-eya, Vinsemdar-eya, Marqvesas- og Sandviks-eya og Nya-Sælands; þeir eru at vexti og yfirlitum ápekkir Evrópumonnum og ei til muna dekkri á horundit enn Spánverjar eda Vallend-ingar; þeir eru gódlyndir og kunna at akr-yrkju, blóta afgudi (Fetischer) og hafa nokkurs-konar stjórnar-form og lagasetninga. Á hinum stærri eylondum eru fjallgardar háir og langir, en á hinum minni hnúkar og einstok fjoll. Hit hærsta fjall í þessari heimsálfu er Egmonts-fjall (Mount Egmont) á Sandviks-eyum. Vida liggja rif, þakin kóral, og grunnsævi frá landi út; er þar því skipaleid hættusom og torsótt, og til eru þar smáeyar og hólmar, er ei samanstanda af odru enn skélhúsum kóral-kvikinda. Í Ástralíu er þvínær hvervetna þægi-lig vedrátta og temprat loptslag, því heldr sem sunnar er; en hit nyrdra eda bádumegin vid Midjardar-hring er ofrhiti, sem annars-stadar í grend vid midbyk jardar.

Menn skipta þessari heimsálfu í tvo hofud-parta, nl. I. Meginlandit (Australlandet) edr Nya-Holland, og II. Eya-klasana.

Digitized by Google

I. Nýa-Holland (Australlandet: Sudr-heima-land).

Þessa ferliga miklu ey má með sanni kal meginland í þessari heims-álfu; hana kallat landsmenn Ulimaroa, og Portúgisar, er fyrst fundu hana: Miklu-Java, en Hollendinga er þar komu við land 1615, gáfu henni þa nafn, er hún hefir síðan haldit. Land þett liggr í sudr frá Java, imilli 10 og 40ta mæli stigs sudl. br., og 70 mílr í sudr fra Krydd eyum. Þat er 150,000 (Frakkar segja 138,000) ferhyrn. mílr at vídáttu. Evrópumenn hafa at eins kannat strandir lands þessa, og eru þar margbreyttar, bædi fagrar og sléttar, og brattar mjog og bjorgóttar, en því nær alt midlendit er fjallótt, og heim ókunnugt. Fjallgardr nokkr, er hin Bláu-fjöll kallast, gengr í sudr og nordr, 5 mílur fyri vestan Nýlendur Enskra á austr-strondinni. Þau eru ei allhá, en svo brött og klettótt, at óvída eru þau geng; þó hafa Enskir gjort veg yfir þau á einum stad og kannat sveitirnar á fjallabaki.

Firdir miklir hverfa inn í landit allumegin; þeirra mestr er Karpentaria-botn, sem gengr 120 mílr inn úr nordri; hann er 80 mil. at breidd. Í honum liggr Buskings-ey. Ur austri gengr fjordr sá, er kallast Jacksonar-

Digitized by Google

hofn, 15 milr inn og annar sunnar, er Bótani-fjordr heitir. Ur sudri skéraft tveir: Jósephinu-fjordr, 18 milr og Napoleons-botn (er Enskir kalla Spencers-hugt) vestar, 40 milr inn i landit, en ur sudvestri Geógraphs-fjordr. Inn i Vestr-strandina hverfr Sharks-botn eda Háfs-botn (Haifiskbugten) 50 milr vegar. I honum eru 2 hafnir merkar: Freycinetts- og Hamelins-hofn.

Nordasti oddi lands thessa kallast: Jórvikr-hofdi (Cap York), en hin sydsti Wilsonar-hofdi-(Cap Wilson). A austr-strondinni eru tvo útnes, er Sandi-hofdi (Cap Sandy) og Lókonts-hofdi (Cap Lookont) heita, en á vestr-strondinni Múrats-hofdi (Cap Murat). At sunnan-verdu á landinu er einnin: Nordymbralands-hofdi (Cap Northumberland), en sudvestr-horn thess kallast Kondorzets-hofdi (Cap Condorcet).

Ei hafa menn enn fundit stórkostlig fljót i landi thessu; ár eru thar likari mjóum fjordum enn fljótum, thvi bædi eru thær svo lygnar, at vel má thar upp eptir theim 10 til 15 milr á skipum fara; en thá taka upptok heitra vid eda lækir einir, er falla af fjollum ofan. Hafa thvi sumir menn gétit til, at midbyk eyar thessarar sé annathvert thurrlendt mjog, edr at thar sé landsjór mikill, er fljótin renni i. Hit mesta fljót i thessu landi er: Havkesborgar-á; that fellr ástundum á landit bádumegin, og gjorir nýlendumonnum mikinn skada; i that rennr fljót, er Grówá (Growe) heitir. Tédu fljóti

gengr Georgs-á nærst at vatnsmegni og lengd; hún rennr í Bótani-fjørd. Auk þessara koma þar, þeim mimi, ár til sjáfar, nl. Kóks-á, Paramatta, Hunter, Endeavour (eda Forsjónar-á) og Svana-fljót edr Alftá.

Sá hluti lands þessa, er Evrópumenn hafa kannat, edr jadar þess sllu-megin, er greindr í 10 lønd, hvørra hér skal géta:

1. Nýa-Sudr-Wales (Nye-Syd-Wales).

